Hæstaréttardómar 1985 - 1. bindi

Útgáfa 3.1 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af dómasafni Hæstaréttar. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af dómum Hæstaréttar án endurgjalds. Hæstiréttur Íslands stendur ekki fyrir útgáfu þessa skjals né komið að henni með öðrum hætti en lýst er hér að neðan.

Sérstakar þakkir fær Bókasafn Hafnarfjarðar fyrir að gefa flest bindanna til skönnunar og Óli Gneisti Sóleyjarson fyrir sín framlög til verkefnisins. Fjárhagslegir styrktaraðilar fá einnig þakkir fyrir fjárframlög sín.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

Takmörkun ábyrgðar
Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

Höfundaréttur
Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta dómar ekki verndar höfundalaga. Skrifstofa Hæstaréttar hefur tjáð höfundi skjalsins að Hæstiréttur hyggst ekki gera neinar athugasemdir vegna birtingar þessara rafrænu eintakanna í heilu lagi, en hefur hins vegar ekki útilokað að annað efni en dómar gæti notið verndar höfundalaga. Ef ætlunin er að nýta aðra hluta skjalsins en dómana sjálfa er mælt með því að viðkomandi hafi samband við Hæstarétt eftir því sem við á.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

Ábendingar
Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Athugasemdir um þessa útgáfu
Minniháttar gallar á bls. 96, 180, 243, 523 og 684 á prenteintaki.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

HÆSTARÉTTARDÓMAR 1985

Efnisskrá til bráðabirgða

1. hefti

Bls.

Aðild 128, 419, 613, 671
Alifuglar 196
Alþjóðlegur einkamálaréttur 599
Andmælaréttur í stjórnsýslu 625
Aukabiðdagagjald 431
Áfengislög 286
Áfrýjun 613, 671
Áfrýjunarfrestur 89
Áfrýjunarstefna 606
Ákæru vísað frá héraðsdómi 183
Bann við hundahaldi 47
Bifreiðar:
a) einkamál 444, 665
b) opinber mál 110, 251, 292, 365, 476, 542, 560
Bifreiðaskráning 49
Brenna 266
Brot gegn lögum um dýravernd 196
Brot gegn umferðarlögum 110, 251, 292, 365, 476, 542, 560
Brottflutningur bifreiðar 116
Brottnám húss af leigulóð 519
Búskipti 322
Byggingarleyfi 463
Dómsátt úr gildi felld 518
Dómstólar 411
Dráttarvextir 394
Dýravernd 196
Eignarnám 225
Farmflutningar 431, 563
Fasteign 218
Fasteignakaup 3, 368, 374, 580, 671
Fjárdráttur 187, 692
Fjárnám 49, 59, 346, 354
Fjársvik 692
Frávísun:
a) frá héraðsdómi 3, 142, 608

Bls.
b) frá Hæstarétti 2, 89, 128, 334, 411, 588, 606, 671, 790
c) frávísunardómur úr gildi felldur 479
Frestur 91, 234
Fyrning 331
Gallar 81, 374, 580
Gildi löggerninga 92
Hafning máls 1, 314, 320
Hald á munum 231, 310
Heilbrigðisreglugerð 116
Heimvísun 18, 38, 350, 422, 604
Hjón 322
Hlutafélög 613
Hótanir 542
Hylming 150
Höfundaréttur 331, 528
Innsetningargerð 225
Ítrekun 110
Jarðalög 791
Kaup og sala 54, 247
Kaupgjald 315
Kærumál:
1) Alþjóðlegur einkamálaréttur 599
2) Ákæra 350
3) Dómsátt úr gildi felld 518
4) Fjárnám 346
5) Frávísun:
a) frá héraðsdómi 142
b) frá Hæstarétti 2, 790
c) frávísunardómur úr gildi felldur 350, 479
6) Gæsluvarðhald 27, 185, 216, 341, 344, 352, 429, 516
7) Hafning máls 320
8) Hald á munum 231, 310
9) Heimvísun 38, 350
10) Kærufrestur 788
11) Ómerking 38, 422
12) Samaðild 422
13) Skipti 320, 599
14) Útivist í skiptarétti 320
15) Þinglýsing 113
16) Þóknun meðdómsmanna 426
Laun vegna vinnslustöðvunar í fiskvinnslustöð 30
Launagreiðslur vegna slyss 43
Lausafjárkaup 54, 81, 247
Leigusamningur 519

Bls.
Líkamsárás 137, 608
Lóðarúthlutun 463
Lögbann 128, 179
Manndráp 646
Málamyndagerningur 92
Málsástæður 580
Málskostnaður 1, 179, 314, 643
Miski 665
Nafnnúmer 513
Nauðgun, tilraun 300
Nauðungaruppboð 295
Nytjastuldur 150
Ógildi kaupsamnings 218
Ógilding kaupsamnings 791
Ólögmæt nauðung 150
Ómaksbætur 234
Ómerking 18, 38, 183, 422, 604, 671
Ómerkingar- og frávísunarkröfu hrundið 791
Rán 150
Réttarfarsneitun 331
Riftun 54, 218, 247
Samaðild 422
Sameign 295
Samkeppnishömlur 625
Samningar 92
Sératkvæði 21, 30, 59, 92, 128, 150, 235, 266, 286, 300, 310, 331, 368, ... 431, 444, 479, 519, 613, 625, 634, 643, 665, 671, 692, 791
Sjálfræðissvipting 411
Sjómannalög 43, 315
Sjóveð 43, 315
Skaðabótamál, skaðabætur 59, 81, 116, 137, 235, 354, 374, 444, ... 528, 539, 563, 580, 587, 634, 665, 671
Skattar 573
Skilorð 300, 608
Skipti 320, 322, 599
Skjalafals 394, 542
Skuldabréf 419
Skuldamál 354, 513
Slysatrygging skv. lögum nr. 25/1977 75
Sýkna 235, 286, 444, 587, 634
Tékkar 394
Tilraun 300
Tollagabrot 692
Umboðsmennska 539

Bls.
Umferðarlög 444
Uppboð 21, 49, 573
Uppboðsafsal 643
Uppboðsheimild 21
Útivist í héraði 247, 320, 539
Útivistardómur 1, 21, 224, 225, 475, 563, 691
Vátrygging 75
Verksamningur 59
Verktrygging 128, 179
Vextir 513
Vinnulaun 30
Vinnusamningur 30, 43, 315
Vinnuslys 587
Þinglýsing 49, 113
Þjófnaður 150, 622
Ölvun við akstur 110, 292, 365, 476, 542, 560

Hæstaréttardómar.

Útgefandi: Hæstiréttur.

LXVI. árgangur. 1. hefti. 1985

Mánudaginn 7. janúar 1985.

Nr. 232/1984. **Guðjón Styrkársson**
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Guðjón Styrkársson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 8. janúar 1985.

Nr. 64/1984. **Vendor h/f**
gegn
Kjarna h/f

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Er mál þetta var tekið fyrir á dómþingi í gær, krafðist áfrýjandi þess, að það yrði fellt niður.

Stefndi samþykkti niðurfellingu málsins, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Stefndi hefur látið sækja dómþing fimm sinnum. Er rétt, að áfrýjandi greiði honum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 4.400,00 krónur

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, Vendor h/f, greiði stefnda, Kjarna h/f 4.400,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 8. janúar 1985.

Nr. 253/1984. **Guðrún Bárðardóttir**
gegn
Jóhönnu Tryggvadóttur

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Með bréfi 18. september 1984 til skiptaráðandans í Hafnarfirði krafðist sóknaraðili þess, að bú varnaraðilja yrði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli árangurslausrar fjárnámsgerðar, sem fram hefði farið 11. september s.á. Valgarður Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði, ritaði lögmanni sóknaraðilja svohljóðandi bréf 5. október 1984:

„Skiptaréttur Hafnarfjarðar hefur móttekið kröfu yðar um gjaldþrotaskiptameðferð á búi Jóhönnu Tryggvadóttur, Kirkjuvegi 4, Hafnarfirði. Með vísan til c-liðs 1. mgr. 13. gr. laga nr. 6, 1978 er kröfunni vísað frá, þar sem fógetagerðin gefur ekki ótvíræða vísbendingu um eignir skuldara."

Hinn 12. nóvember 1984 sendi sóknaraðili skiptaráðandanum svohljóðandi símskeyti:

„Kæri til Hæstaréttar frávísun úr skiptarétti á málinu Guðrún Bárðardóttir gegn Jóhönnu Tryggvadóttur."

Skjöl málsins bárust Hæstarétti 19. desember 1984.

Hvorugur málsaðilja hefur sent Hæstarétti kröfur eða greinargerð.

Sóknaraðili hefur ekki krafist úrskurðar skiptaráðanda um kröfu sína um gjaldþrotaskipti á búi varnaraðilja, og skiptaráðandi hefur ekki kveðið upp úrskurð um hana, sbr. 1. mgr. 19. gr. laga nr. 6/1978. Lagaheimild brestur til kæru máls þessa, sbr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Ber þegar af þeirri ástæðu að vísa málinu frá Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 8. janúar 1985.

Nr. 40/1983. **Einar Gunnarsson og**
Matthildur Sigurðardóttir
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Sigurði Björgvinssyni og
Sigríði Þórðardóttur
(Gestur Jónson hrl.)

Fasteignakaup. Kröfu vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 10. febrúar 1983.

Dómkröfur eru þessar:

„*I.* Áfrýjendur gera sameiginlega í máli þessu, sem aðalkröfur, eftirfarandi dómkröfur.

A. Að báðum stefndu verði gert að þola með aðfararhæfum dómi riftun á kaupsamningi aðila dags. 25. september 1980, þar sem áfrýjendur skuldbundu sig til að selja stefndu og stefndu til að kaupa af áfrýjendum 4ra til 5 herbergja íbúð á 3ju hæð merktri A í húsinu nr. 8 við Breiðvang í Hafnarfirði, ásamt öllu er eigninni fylgir og fylgja ber, svo sem nánar greinir í kaupsamningi.

B. Að báðum stefndu verði gert skylt með aðfararhæfum dómi (sbr. 12. gr. laga um aðför nr. 19/1887), að rýma áðurgreinda íbúð ásamt tilheyrandi á sinn kostnað og áfrýjendum að skaðlausu eigi síðar en 1. febrúar 1985 að viðlögðum greiðslum in solidum úr hendi stefndu á dagsektum til áfrýjenda kr. 500,00 fyrir hvern dag frá og með 1. febrúar 1985 til þess dags, er stefndu hafa rýmt húsnæðið og skilað því réttilega til áfrýjenda.

C. Að báðum stefndu verði gert skylt með aðfararhæfum dómi að aflýsa úr veðmálabókum Hafnarfjarðar eftirgreindum þinglýsingum vegna ofangreindrar fasteignar, þ.e. 3 A, Breiðvangi 8, Hafnarfirði, þinglýsingu ofangreinds kaupsamnings frá 31.12. 1981, þinglýsingu á veðskuldabréfi til Lífeyrissjóðs verslunarmanna upphafl. að höfuðstól kr. 59.000,00 frá 12.10. 1980, þinglýsingu á veðskuldabréfi til Byggingarsjóðs ríkisins upphafl. að höfuðstól kr. 22.000,00 frá 5.5. 1981 og þinglýsingu á veðskuldabréfi til Sparisjóðs Hafnarfjarðar upphafl. að höfuðstól kr. 40.000,00 frá 17.7. 1971, öllu ofangreindu að viðlögðum dagsektum, þannig að stefndu verði gert að greiða in solidum til áfrýjenda kr. 300,00 fyrir hvern dag frá og með 15. janúar 1985 til þess dags, er ofangreindar aflýsingar hafa farið réttilega fram, þannig að af ofangreindri fasteign verði aflýst þessum veðböndum og kvöðum vegna áðurgreindra þinglýsinga.

D. Að báðum stefndu verði gert að greiða in solidum til áfrýjenda húsaleigu eða endurgjald fyrir afnot umræddrar eignar fyrir þann tíma, er stefndu hafa haft til umráða áðurgreinda íbúð með tilh., þannig: fyrir tímabilið 1. desember 1980 til 1. apríl 1982 sam-

tals kr. 30.000,00 og síðan til viðbótar kr. 2.000,00 fyrir hvern mánuð — að viðbættri lögboðinni vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði miðað við grunnupphæð kr. 2.000,00 miðað við gildandi stig vísitölunnar 2,678 pr. 1. janúar 1982, auk almennra innlánsvaxta, þannig af kr. 30.000,00 frá 1. mars 1982 til greiðsludags og sömu vaxta af áfallinni skuld vegna húsaleigu hvers mánaðar ásamt vísitöluálagi ofangreindu frá og með 1. hvers mánaðar í fyrsta sinn 1. apríl 1982 og síðan 1. hvers mánaðar meðan stefndu hafa afnot eignarinnar til þess dags, er íbúðinni ásamt tilheyrandi hefur verið skilað til áfrýjenda og greiðist ofangreindir vextir til greiðsludags.

Í uppgjöri þessu skuldbinda áfrýjendur sig til þess með sama hætti að endurgreiða stefndu í formi skuldajafnaðar fasteignagjöld þau, er stefndu hafa greitt á umræddum tíma vegna eignarinnar, svo og viðhalds- og rekstrarkostnað í samræmi við ver.jur og l. 44/1979, þ.e. tillög til sameiginlegs viðhalds eða endurbóta á umræddri húseign eða lóð fjölbýlishússins og kostnað við hússtjórn o.s.frv.“

Framhald þessa kröfuliðs hefur að geyma upplýsingar um hæð vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði frá 1. janúar 1982 og verðbótahækkanir samkvæmt henni auk útreikninga á mánaðarlegri húsaleigu hvers vísitölutímabils. Miðað við rýmingu íbúðarinnar 1. febr. 1985, sbr. B lið hér að ofan, telst húsaleiguskuldin samkvæmt útreikningunum nema kr. 180.780,00. Af skuldinni er krafist innlánsvaxta, eins og hún er talin hafa verið á hverjum tíma. Ekki þykja efni til að greina hér frá þessum útreikningum í einstökum atriðum.

„*E.* Að báðum stefndu verði gert að greiða in solidum til áfrýjenda kostnað þeirra, þ.e. áfrýjenda, vegna greiðslu sölulauna til Kjöreignar s.f. kr. 8.900,00 sem komi til frádráttar endurgreiðslu áfrýjenda til stefndu sbr. *G.* lið aðalkröfu.

F. Að báðum stefndu verði gert að greiða in solidum til áfrýjenda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., að mati virðulegs Hæstaréttar, í héraði og fyrir Hæstarétti Íslands.

G. Samhliða kröfugerð áfrýjenda á hendur stefndu hér í aðalkröfu sbr. lið *A.-F.* hér að ofan, skuldbinda áfrýjendur sig til að endurgreiða stefndu innborganir stefndu skv. áðurgreindum kaupsamningi, að fenginni formlegri riftun ofangreindri með dómi og

efndum stefndu á skyldum sínum, sbr. ofangr. kröfugerðir, enda áskilja áfrýjendur sér að beita skuldajöfnuði við uppgjör aðila málsins, ef þörf krefur. Við endurgreiðslu skuldbinda áfrýjendur sig til að greiða stefndu almenna sparisjóðsinnlánsvexti af endurgreiddu fé frá greiðsludegi stefndu til þess dags, er uppgjör fer fram. Frá fyrstu innborgun stefndu við undirskrift ofangreinds kaupsamnings dragast kr. 8.900,00 sbr. *E.* lið hér að ofan. Endurgreiðslur áfrýjenda til stefndu eru þannig útfærðar miðað við eftirgreindar fjárhæðir og dagsetningar innborgunar af hálfu stefndu.

1.	29. 9.	1980..	Kr.	31.100,00	(40.000,00 ./. 8.900,00)
2.	20.10.	1980..	Kr.	110.000,00	
3.	20.12.	1980..	Kr.	5.000,00	
4.	20. 2.	1981..	Kr.	25.000,00	
5.	21. 4.	1981..	Kr.	30.000,00	
6.	15. 5.	1981..	Kr.	20.000,00	
7.	22. 5.	1981..	Kr.	30.000,00	
8.	23. 7.	1981..	Kr.	25.000,00	
	Samtals		Kr.	276.100,00	

Með sama hætti skuldbinda áfrýjendur sig til að endurgreiða til stefndu greiðslur stefndu vegna afborgana af áhvílandi veðskuldum sbr. lið 10-12 í margnefndum kaupsamningi.

Ársvextir vegna ofangreindra fjárhæða eru sömu og í lið *D.* hér að ofan frá 25.9. 1980 35% ársvextir til 1.6. 1981, en f.þ.d. 34% ársvextir til 1.11. 1982, en f.þ.d. 42% ársvextir til 21.9. 1983, en f.þ.d. 35% ársvextir til 21.10. 1983, en f.þ.d. 32% ársvextir til 21.11. 1983, en f.þ.d. 27% ársvextir til 21.12. 1983, en f.þ.d. 21,5% ársvextir til 21.1. 1984, en f.þ.d. 15% ársvextir til 11.8. 1984, en frá þeim degi 17% ársvextir til greiðsludags.

II. Varakröfur.

Áfrýjendur gera sameiginlega til vara eftirgreindar dómkröfur í máli þessu.

Að báðum stefndu verði gert in solidum að greiða til áfrýjenda skuld að fjárhæð kr. 144.000,00 auk vaxta með eftirgreindum hætti:

20% ársvöxtum af kr. 87.000,00 frá 1. desember 1980 til 1. febrúar 1982, 18% ársvöxtum af kr. 17.000,00 frá 1. desember 1980 til 1. febrúar 1982, en hæstu lögleyfðu dráttarvöxtum á hverjum tíma fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af krónum 128.541,80 frá 1. febrúar 1982 til greiðsludags þannig: 4,5% drv. fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1. febrúar 1982 til 1. nóvember 1982, en 5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. október 1983, en 4,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en 4% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. desember 1983, en 3,25% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 21. jan. 1984, en 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til 1. september 1984, en 2,75% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags, svo og 34% ársvöxtum af kr. 40.000,00 frá 20. september 1981 til 11. mars 1982, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. sept. 1983, en 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október 1983, en 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Í framangreindum tilvikum er krafist viðurkenningar á að heimilt sé að reikna vaxtavexti, þ.e.a.s. að áföllnum vöxtum megi bæta við höfuðstól á 12 mánaða fresti frá upphafstíma vaxtakröfu að telja, eða að vöxtum megi bæta við höfuðstól um hver áramót.

Þá verði báðum stefndu gert að greiða in solidum áfrýjendum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., að mati virðulegs Hæstaréttar, í héraði og fyrir Hæstarétti Íslands."

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Byggja verður á því í máli þessu, að kaupendur íbúðarinnar að Breiðvangi 8 í Hafnarfirði, stefndu hér fyrir dómi, hafi boðið fram lögmæta greiðslu, sem eftir kaupsamningi skyldi inna af hendi 20. september 1981. Gátu seljendur, áfrýjendur, því ekki byggt riftunarkröfu á vanefndum á þessum tíma, og það, sem síðar hefur gerst og þessi fasteignaviðskipti varðar, getur heldur ekki leitt til þess að

lögum, að þessi krafa verði tekin til greina. Ber því að staðfesta héraðsdóm að því er varðar aðalkröfu áfrýjenda.

Í varakröfu áfrýjenda er hvorki boðið fram afsal né bætur fyrir hið gallaða gler.

Ljóst er, að hluti varakröfunnar hefur verið efndur með lögmætum hætti, en í málflutningi aðilja hefur ekki verið að því vikið.

Eins og á stendur, þykir rétt að vísa varakröfu áfrýjenda frá héraðsdómi.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Björgvinsson og Sigríður Þórðardóttir, skulu vera sýkn af aðalkröfu þeirri, sem áfrýjendur, Einar Gunnarsson og Matthildur Sigurðardóttir, hafa gert fyrir Hæstarétti.

Varakröfu áfrýjenda er vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. janúar 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. janúar s.l., hafa Einar Gunnarsson, nnr. 1807-1177, og Matthildur Sigurðardóttir, nnr. 6560-8359, bæði til heimilis að Espigerði 4, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 24. febrúar 1982, á hendur Sigurði Björgvinssyni, nnr. 7844-4487, og Sigríði Þórðardóttur, nnr. 7678-5902, báðum til heimilis að Breiðvangi 8, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnenda, sem þeir gera sameiginlega í máli þessu, eru þessar aðallega:

a. Að báðum stefndu verði gert að þola með aðfararhæfum dómi riftun á kaupsamningi aðilja, dags. 25. september 1980, þar sem stefnendur hafi skuldbundið sig til að selja stefndu og stefndu skuldbundið sig til að kaupa af stefnendum 4ra til 5 herbergja íbúð á 3 hæð, merkt A í húsinu nr. 8

við Breiðvang í Hafnarfirði, ásamt öllu, er eigninni fylgir og fylgja ber, svo sem nánar greinir í kaupsamningi.

b. Að báðum stefndu verði gert skylt með aðfararhæfum dómi að rýma áðurgreinda íbúð ásamt tilheyrandi á sinn kostnað að viðlögðum dagsektum til stefnenda, kr. 500,00 fyrir hvern dag frá og með 11. mars 1982 til þess dags, er stefndu hafi rýmt húsnæðið og skilað því til stefnenda.

c. Að báðum stefndu verði gert skylt með aðfararhæfum dómi að aflýsa úr veðmálabókum Hafnarfjarðar eftirgreindum þinglýsingum vegna íbúðarinnar, þ.e. 3 A Breiðvangi 8, Hafnarfirði, þinglýsingu ofangreinds kaupsamnings frá 31. desember 1981, þinglýsingu á veðskuldabréfi til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, að höfuðstól kr. 59.000,00 frá 12. október 1980, þinglýsingu á veðskuldabréfi til Byggingarsjóðs ríkisins að höfuðstól kr. 22.000,00 frá 5. maí 1981 og þinglýsingu á veðskuldabréfi til Sparisjóðs Hafnarfjarðar að höfuðstól kr. 40.000,00 frá 17. júlí 1981, að viðlögðum dagsektum in solidum til stefnenda, kr. 300,00 fyrir hvern dag, frá og með 11. mars 1982 til þess dags, er ofangreindar aflýsingar hafi farið fram, þannig að ofangreind íbúð verði aflétt þessum veðböndum og kvöðum vegna áðurtilgreindra þinglýsinga.

d. Að báðum stefndu verði gert skylt með aðfararhæfum dómi að greiða in solidum stefnendum húsaleigu fyrir þann tíma, er stefndu hafi haft til umráða áðurgreinda íbúð, þannig: Fyrir tímabilið frá 1. desember 1980 til 1. apríl 1982, samtals kr. 30.000,00, svo og kr. 2.000,00 fyrir hvern mánuð að viðbættri vísitölu húsnæðiskostnaðar fyrir íbúðarhúsnæði miðað við grunnupphæð, kr. 2.000,00 miðað við gildandi stig vísitölunnar, kr. 2.678,00 pr. 1. janúar 1982 auk hæstu lögleyfðra dómvaxta, þannig: Af ofangreindum kr. 30.000,00 frá 1. mars 1982 til greiðsludags og sömu vaxta af áfallinni húsaleigu hvers mánaðar frá og með 1. hvers mánaðar, í fyrsta sinn 1. apríl 1982 og síðan 1. hvers mánaðar, meðan stefndu hafi umráð eignarinnar, til þess, er íbúðinni hafi verið skilað til stefnenda, og greiðist vextir til greiðsludags.

e. Að báðum stefndu verði in solidum gert að greiða stefnendum kostnað þeirra vegna greiðslu sölulauna til Kjöreignar s.f., kr. 8.900,00, sem komi til frádráttar endurgreiðslu stefnenda til stefndu, sbr. g. lið aðalkröfu.

f. Að báðum stefndu verði in solidum gert að greiða stefnendum málskostnað að skaðlausu, samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins.

g. Samhliða kröfugerð stefnenda á hendur stefndu í aðalkröfu, sbr. liði a. til f., skuldbindi stefnendur sig til að endurgreiða stefndu innborganir stefndu skv. áðurnefndum kaupsamningi að fenginni formlegri riftun með dómi og efndum stefndu á skyldum sínum, enda áskilji stefnendur sér að beita skuldajöfnuði við uppgjör aðilja málsins. Við endurgreiðslu skuldbindi stefnendur sig til að greiða stefndu almenna sparisjóðsinnlánsvexti

af endurgreiddu fé frá greiðsludegi stefndu til þess er uppgjör fari fram. Frá fyrstu innborgun stefndu við undirskrift kaupsamnings dragist kr. 8.900,00, sbr. e. lið kröfugerðar, svo og kr. 116,90 vegna hluta fasteignargjalda. Endurgreiðslur stefnenda séu þannig miðaðar við eftirgreindar fjárhæðir og innborgunardaga af hálfu stefndu:

1.	25. 9. 1980	Kr.	30.983,10
2.	20.10. 1980	Kr.	110.000,00
3.	20.12. 1980	Kr.	5.000,00
4.	20. 2. 1981	Kr.	25.000,00
5.	21. 4. 1981	Kr.	30.000,00
6.	15. 5. 1981	Kr.	20.000,00
7.	22. 5. 1981	Kr.	30.000,00
8.	23. 7. 1981	Kr.	25.000,00
	Samtals	Kr.	275.983,10

Með sama hætti skuldbindi stefnendur sig til að endurgreiða stefndu greiðslur stefndu vegna afborgana af áhvílandi veðskuldum, sbr. lið 10-12 í kaupsamningi.

Stefnendur gera til vara eftirgreindar dómkröfur:

Að báðum stefndu verði gert að greiða in solidum stefnendum skuld að fjárhæð kr. 144.000,00 með 20% ársvöxtum af kr. 87.000,00 frá 1. desember 1980 til 1. febrúar 1981, 18% ársvöxtum af kr. 17.000,00 frá 1. desember 1980 til 1. febrúar 1982, en með 4,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði af kr. 104.000,00 frá 1. febrúar 1982 til greiðsludags, svo og 37% ársvöxtum af kr. 40.000,00 frá 20. september 1981 til 11. mars 1982, en með hæstu lögleyfðu dómvöxtum af kr. 40.000,00 frá þeim degi til greiðsludags. Auk þess verði báðum stefndu gert að greiða in solidum stefnendum málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins.

Stefndu krefjast alfarið sýknu af öllum kröfum stefnenda. Til vara gera þeir þær kröfur, að riftunarkröfu stefnenda verði hafnað og stefndu einungis dæmdir til þess að greiða kr. 40.000,00 með innlánsvöxtum frá 2. október 1981 til greiðsludags svo og til afhendingar veðskuldabréfa, samtals að fjárhæð kr. 104.000,00, eins og greinir í 13. tl. kaupsamnings aðilja frá 25. september 1980, gegn því að stefnendur gefi út afsal fyrir hinni seldu íbúð.

Sættir hafa verið reyndar án árangurs.

II.

Málavextir eru þeir, að með kaupsamningi milli aðilja málsins, dags. 25.

september 1980, skuldbundu stefnendur sig til að selja stefndu, og stefndu skuldbundu sig til að kaupa af stefnendum 4ra-5 herb. íbúð stefnenda á 3. hæð, merkt A, í húsinu nr. 8 við Breiðvang í Hafnarfirði ásamt öllu, er eigninni fylgir og fylgja ber og nánar er gerð grein fyrir í kaupsamningi. Milligöngu um kaupin annaðist firmað Kjöreign s.f. í Reykjavík, og samningsgerð annaðist Dan V.S. Wiium lögfræðingur. Umsamið kaupverð var alls gkr. 44.500.000,00, eða kr. 445.000,00. Útborgun nam kr. 325.000,00 í 9 liðum á tímabilinu frá 25. september 1980 til 20. september 1981, yfirtaka áhvílandi lána, sbr. lið 10-12 í kaupsamningi, nam ca kr. 16.000,00, og skv. 13. lið nam fjárhæð greiðslna í veðskuldabréfum samtals kr. 104.000,00, annars vegar skv. bréfi útgefnu af stefndu, með veði í hinu selda að fjárhæð ca kr. 17.000,00 til 5 ára með 18% ársvöxtum og hins vegar skv. tveimur veðskuldabréfum samtals að fjárhæð ca kr. 87.000,00 til 4 ára með 20% ársvöxtum með veði í Nýbýlavegi 42 í Kópavogi. Fyrsti gjalddagi veðskuldanna, sbr. 13. gr. kaupsamningsins, var 1. febrúar 1982, en eignin var afhent stefndu þann 1. desember 1980 í samræmi við ákvæði kaupsamningsins. Stefndu greiddu við undirskrift kaupsamnings kr. 40.000,00, þann 20. október 1980 kr. 110.000,00, þann 20. desember 1980 kr. 5.000,00, þann 20. febrúar 1981 kr. 25.000,00, þann 21. apríl 1981 kr. 30.000,00, þann 15. maí 1981 kr. 20.000,00, þann 22. maí 1981 kr. 30.000,00 og þann 23. júlí 1981 kr. 25.000,00, eða samtals kr. 285.000,00. Á sama tíma veittu stefnendur stefndu veðleyfi til að veðsetja eignina fyrir kr. 121.000,00, þ. e. veðsetning 12. október 1980 kr. 59.000,00 til Lífeyrissjóðs verslunarmanna, veðsetning 15. maí 1981 kr. 22.000,00 til Byggingarsjóðs ríkisins og veðsetning 17. júlí 1981 kr. 40.000,00 til Sparisjóðs Hafnarfjarðar.

Stefnendur reisa aðalkröfu sína á því, að þeim sé rétt að rifta umræddum kaupsamningi vegna vanskila stefndu, sem séu það veruleg, að forsendur stefnenda fyrir kaupsamningnum séu brostnar. Stefnendur halda því fram, að þegar kom til greiðslu, sbr. 9. gr. kaupsamningsins, á kr. 40.000,00, sem fara átti fram þann 20. september 1981, hafi stefndu ekki fengist til að standa í skilum og hafi ekki þrátt fyrir margítrekaðar áskoranir fengist til að greiða þá fjárhæð. Þá hafi stefndu borið að afhenda stefnendum veðskuldabréf skv. 13. tl. kaupsamningsins þann 20. september 1981 að fjárhæð kr. 104.000,00, en þau hafi ekki verið afhent enn þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stefnenda. Stefndu hafi þannig greitt skv. kaupsamningi kr. 285.000,00, en veðsett eignina fyrir að höfuðstól kr. 121.000,00, þannig að mismunur á veðsetningu og greiðslum nemi kr. 164.000,00. Gjalddagi veðskuldar, sbr. 13. tl., hafi verið 1. febrúar 1982, sem þannig sé nú eindöguð. Vanskil stefndu skv. kaupsamningi séu því:

Kr. 40.000,00 25. september 1981 auk vaxta og kr. 104.000,00 auk vaxta

frá afhendingardegi 1. desember 1980 til 1. febrúar 1982 og 4,5% dráttarvaxta eftir það, þannig sundurliðað:

1.	Vangreiðsla 25.9. 1981	Kr.	40.000,00
2.	Vextir til dato	Kr.	6.166,00
3.	Vangreiðsla skv. 13. tl.	Kr.	104.000,00
4.	Vextir a. (20%) (87.000,00)	Kr.	20.300,00
	b. (18%) (17.000,00)	Kr.	3.570,00
5.	Dráttarvextir 4,5%	Kr.	4.680,00
	Samtals	Kr.	178.716,00
6.	Áfallin innheimtulaun skv. gjaldskrá L.M.F.Í.	Kr.	10.095,00
	Samtals	Kr.	188.811,00

Af ofangreindu telji stefnendur augljóst, að veruleg vanskil hafi orðið hjá stefndu, og geri því kröfu um formlega riftun í aðalkröfu. Auk þess hafi stefndu ekki fengist til að standa í skilum með eftirgreinda útborgunarliði skv. kaupsamningi: 5. tl. greiddur degi of seint, 6. tl. greiddur tveim dögum of seint, 7. tl., er skyldi greiðast við úthlutun g-láns, en úthlutun hafi farið fram 14. apríl 1981, greiddist ekki fyrr en 15. maí 1981, eða 30 daga í vanskilum, 8. tl. greiddur þremur dögum of seint. Stefnendur hafi og greitt öll fasteignargjöld vegna eignarinnar 1980, gkr. 140.242, og skyldu stefndu skv. ákvæðum kaupsamningsins greiða sinn hluta, þ.e. 1/12 þann 1. desember 1980, kr. 116,90, sem stefndu hafi ekki fengist til að standa skil á enn.

Við gerð kaupsamningsins hafi stefndu sem öðrum kaupendum verið kynnt ástand eignarinnar, þ.m.t. gallar á gleri. Jafnframt hafi verið kynnt, að dómkvaddir hefðu verið matsmenn 21. maí 1980 og 2. júlí 1980 vegna þessa. Annars vegar hafi verið um að ræða galla í sameign og hins vegar í íbúðum húsanna nr. 8 við Breiðvang í Hafnarfirði. Hafi matið síðan farið fram og hafi gallar í íbúð 3 A verið metnir á kr. 5.712,00 og hugsanlega til viðbótar kr. 5.573,00. Ítrekað hafi verið reynt að ná samkomulagi við stefndu varðandi innheimtu þessara bóta hjá Verktækni h.f. Hafi stefnendur viljað reka málið í þágu stefndu og einnig boðið fram greiðslur. Þrátt fyrir ítrekuð tilmæli stefnenda, þ.m.t. í gegnum fasteignasöluna Kjöreign s.f. svo og Þorstein Eggertsson hdl., hafi stefndu eigi fengist til samninga. Stefndu hafi þannig tekið að sér aðild málsins þar sem þau m.a. án samráðs við stefnendur hafi ákveðið á fundi húsfélags Breiðvangs 8 málsókn á hendur Verktækni h.f. og falið Pétri Kjerúlf hdl. að annast málið. Hafi bætur nú að einhverju leyti verið gerðar upp við húsfélagið í samráði við

stefndu, en án samráðs við stefnendur. Bætur frá Verktækni h.f. vegna íbúðar 3 A hafi hins vegar ekki fengist uppgerðar að því er virðist. Stefnendur hafi að fullu staðið í skilum við stefndu skv. kaupsamningi. Stefndu hafi gert stefnendum ómögulegt að sinna kröfugerð vegna galla á glerinu sem skyldi. Stefnendur hafi ekki vanefnt að aflýsa áhvílandi veðskuldum, þar sem í kaupsamningi standi, að það skuli gera eftir nánara samkomulagi við kaupendur, en ekki endilega fyrir afsalsgerð. Stefnendur hafi hins vegar verið búnir að leggja fram alla pappíra til þess að aflýsing mætti fara fram fyrir 20. september. Stefndu haldi því fram, að þeir hafi lagt kr. 40.000,00 inn á sparisjóðsbók og afhent fasteignasölunni þann 2. október, en greiðsla þessi hafi átt að fara fram 20. september 1981. Stefnendur hafi ekki vitað um greiðslu þessa fyrr en við útgáfu stefnu í fyrsta lagi auk þess sem greiðsla teljist ekki boðin fram á réttan hátt með þessu. Skuldabréf, sem afhendast hafi átt 20. september hafi ekki verið tilbúin til afhendingar fyrr en 30. september í fyrsta lagi, þar sem þau séu gefin út þann dag. Símskeyti á dskj. nr. 17, sem sent hafi verið 11. mars, geti ekki talist rétt framboðin greiðsla. Rétt hefði verið að deponera þeirri greiðslu, en skuldareigandi eigi ekki að þurfa að sækja greiðslu. Þá hafi gjalddagi þeirrar skuldar verið 1. febrúar. Auk þess hafi sú fjárhæð verið allt of lág. Riftunarkröfu byggi stefnendur á viðtekinni dómvenju varðandi vanefndir, m.a. með vísan í grundvallarreglur, er fram komi í lögum nr. 39/1922, þ.m.t. 28. gr. laganna, sbr. og reglur um verulega vanefnd og brostnar forsendur. Boðið sé fram sundurliðað uppgjör og endurgreiðslur samhliða riftun. Þá sé og vísað m.a. til norsku laga 6-14-6 varðandi rýmingu og ákvæði einkamálalaga nr. 85/1936 um dagsektir, sbr. 193. gr.

Varakrafan sé sett fram af stefnendum, ef svo ólíklega vildi til, að aðalkrafa þeirra yrði ekki tekin til greina. Þar sé um að ræða greiðslu eftirstöðva kaupverðs og m.a. gjaldfellingu veðskuldabréfa, þar eð vanskil þeirra veiti slíka heimild. Vísað sé til almennrar dómvenju, sbr. og 15. gr. laga nr. 29/1885, skv. 1. gr. laga nr. 57/1949, sbr. 17. kafla laga nr. 85/1936.

Stefndu styðja kröfur sínar eftirfarandi rökum: Þær meginskyldur, sem seljendur hafi tekið á sig við kaupsamning, hafi verið að afhenda íbúðina eigi síðar en 1. desember 1980 og gefa út afsal til stefndu fyrir eigninni, þegar heildarútborgun hefði farið fram þann 20. september 1981. Jafnframt hafi seljendur lýst því yfir við kaupsamningsgerðina, að gler íbúðarinnar væri gallað, en yrði bætt. Íbúðin hafi verið afhent stefndu á réttum tíma. Ítrekaðar tilraunir stefndu til þess að fá stefnendur til að standa við gefin loforð um frágang á glerinu hafi hins vegar engan árangur borið. Þrátt fyrir það hafi stefndu staðið í skilum með allar greiðslur skv. kaupsamningnum. Fyrir öllum þessum greiðslum hafi stefndu fengið fyrirvaralausar

kvittanir frá stefnendum, enda hafi greiðslurnar farið fram á nákvæmlega tilgreindum degi með tveimur smávægilegum frávikum. Þann 20. september 1981 hafi átt að ganga frá afsali til stefndu. Hafi þá í alvöru reynt á vilja stefnenda til þess að standa við sinn hluta kaupsamningsins. Stefndu hafi mætt til afsalsgerðar á skrifstofu Kjöreignar með þá fjárhæð, sem greiða hafi átt við afsalið, kr. 40.000,00, og hafi auk þess verið reiðubúin til þess að afhenda skuldabréf fyrir eftirstöðvum. Hafi þau jafnframt krafist þess, að stefnendur með einhverjum hætti stæðu við gefið loforð um úrbætur á gleri, annaðhvort með peningagreiðslu eða með því að setja tryggingu fyrir henni. Stefnendur hafi neitað þessu og neitað að gefa út afsal fyrir eigninni. Hafi fasteignasalinn reynt að ná samkomulagi með aðiljum um frágang þessa máls, en ekki tekist það. Hafi stefnendur sett fram kröfur um, að stefndu greiddu dráttarvexti og innheimtukostnað af greiðslunni, sem fara átti fram við afsal, og gerðu kröfur um greiðslu dráttarvaxta vegna greiðsludráttar nokkurra greiðslna á útborgun. Stefndu hafi tekið það ráð að afhenda fasteignasölunni Kjöreign s.f. skuldabréf þau, sem tryggð hafi verið með veði í íbúð í Kópavogi, samtals að fjárhæð kr. 87.183,82, en skuldabréf þessi hafi átt að vera greiðsla á hluta eftirstöðva kaupverðsins skv. tl. 13 í kaupsamningnum. Jafnframt hafi þau lýst sig fús til þess að undirrita veðskuldabréf að fjárhæð kr. 16.816,18 með veði í hinni seldu íbúð fyrir eftirstöðvunum. Hafi skuldabréfin verið afhent fasteignasölunni þann 30. september 1981. Jafnframt hafi stefndu lagt kr. 40.000,00 inn á bankabók nr. 29154 við Samvinnubanka Íslands h.f. Hafi bankinn verið beðinn að varðveita bókina, en geymslukvittun vegna bókarinnar síðan afhent fasteignasölunni þann 2. október 1981. Hafi fasteignasalinn síðan verið beðinn að tilkynna stefndu (sic), að hann hefði móttekið þessar greiðslur og að þær væru til reiðu gegn því, að stefnendur efndu sínar skuldbindingar skv. kaupsamningnum. Muni fasteignasalinn hafa komið þessu á framfæri við stefnendur. Stefndu hafi nú ítrekað reynt að ná samkomulagi við stefnendur um frágang málsins, en ætíð fengið til baka kröfur um vexti og bætur. Þann 17. febrúar 1982 hafi Jón Oddsson hrl., f.h. stefnenda sent stefndu skeyti, þar sem tilkynnt sé um riftun kaupsamningsins frá 25. september 1980. Lögmaður stefndu hafi mótmælt þessari riftun þegar í stað og óskaði eftir sáttafundi hjá fasteignasölunni Kjöreign sem allra fyrst. Hafi fundur þessi átt að fara fram þann 26. febrúar 1981. Þegar til kom hafi stefnendur neitað að mæta, en lögmaður þeirra, Jón Oddsson, hrl., svo og lögfræðingur fasteignasölunnar, Dan Wiium, hafi mætt á fundinn ásamt stefndu og lögmanni þeirra. Hafi sáttaboði af hálfu stefndu, sem fram kom á þeim fundi, verið hafnað. Stefndu hafi með símskeyti tilkynnt stefnendum, að greitt hefði verið af skuldabréfum á dskj. nr. 36 og 37, um leið og sú greiðsla barst. Hafi sú greiðsla verið boðin stefnendum án

nokkurra skilyrða. Stefnendur hafi þrátt fyrir það ekki fengist til þess að taka við henni frekar en öðrum framboðnum greiðslum.

Því sé haldið fram af hálfu stefndu, að þau hafi á allan hátt haft í frammi tilburði til þess að efna sinn hluta kaupsamningsins. Hins vegar hafi stefnendur vanefnt sinn hluta samningsins. Af þeim ástæðum komi ekki til greina að viðurkenna neinar af stefnukröfum, sem allar séu reistar á því, að um vanefndir hafi verið að ræða af hálfu stefndu. Sérstaklega sé kröfu um riftun mótmælt sem fráleitri. Stefnendur hafi þegar móttekið án fyrirvara meginhluta kaupverðsins og afhent hina seldu eign þannig að forsendur fyrir riftun séu ekki fyrir hendi. Vanefndir stefnenda séu í því fólgnar, að þeir hafi ekki fengist til þess að bæta hið gallaða gler íbúðarinnar eða leggja fram tryggingu um, að það yrði gert. Þeir hafi haft uppi tilburði til að aflétta veðskuldum sem á íbúðinni hvíldu seinna en til stóð skv. samningi. Fráleitt sé að halda því fram, að ákvæði í kaupsamningi um, að aflétta skuli áhvílandi veðskuldum eftir nánara samkomulagi, beri að túlka á þá leið, að það hafi átt að gerast eftir afsalsgerð. Þá hafi stefnendur neitað að gefa út afsal. Því sé mótmælt, að um vanskil hafi verið að ræða skv. tl. 5., 6. og 8. í kaupsamningi, þar sem um eins til þriggja daga greiðsludrátt hafi verið að ræða í hæsta lagi og teljist það ekki vanefnd. Þá sé því mótmælt, að um vanskil hafi verið að ræða skv. 7. lið kaupsamningsins, þar sem ákvæði sé í kaupsamningi á þá leið, að kaupendur skuli greiða 7. lið eigi síðar en 15. maí 1981. Stefnendur hafi ekki gefið út veðleyfi fyrr en 14. maí 1981, þannig að stefndu hafi ekki getað fengið lánið fyrir þann tíma, en þeir hafi hins vegar fengið lánið og greitt það til stefnenda þegar í stað er veðleyfið lá fyrir. Þá hafi Dan Wiium, lögfræðingur fasteignasölunnar, borið það fyrir dómi, að hann minnist þess ekki, að það hafi verið útskýrt fyrir aðiljum, að túlka bæri þetta ákvæði öðruvísi en skv. orðanna hljóðan. Stefndu hafi aldrei tekið glermálið úr höndum stefnenda. Mál hafi verið höfðað vegna sameignarinnar, en stefndu hafi aldrei gert kröfur á hendur stefnendum vegna sameignar. Þá hafi stefndu aldrei fengið lögmætt framsal frá stefnendum um málshöfun og aldrei hafi verið gerð tilraun af hálfu stefnenda að innheimta bætur hjá Verktækni. Stefnendur hafi báðir borið fyrir dómi að hafa vitað um sparisjóðsbók þá, sem 40.000,00 kr. greiðslan var lögð inn á og afhent var fasteignasölunni Kjöreign s.f. þann 2. október 1981. Hafi þeir farið á fasteignasöluna og fengið upplýsingar um bókina þar þann 5. október. Þá hafi stefnendum verið kunnugt um deponeringu á dskj. nr. 43, en stefnendum hafi verið tilkynnt það með bréfi, að stefndu myndu deponera þessari greiðslu, og sé því ekki mótmælt, að stefnendur hafi fengið þetta bréf.

III.

Þau ákvæði, sem seljendum bar að fullnægja skv. kaupsamningi og hér skipta máli, eru:

1. Aflétta áhvílandi veðskuldum eftir nánara samkomulagi. Ekkert samkomulag liggur fyrir í málinu varðandi þetta atriði, og verður því að líta svo á, að seljendum hafi borið að aflétta veðskuldunum í síðasta lagi, er afsal skyldi gefið út. Samkvæmt framlögðum gögnum var veðskuldum ekki aflétt fyrr en 24. september, og er veðbókarvottorð dagsett 28. s.m.

2. Í kaupsamningnum er svohljóðandi ákvæði: „Gler íbúðarinnar er gallað en verður bætt og hefur það verið kynnt kaupendum." Samkvæmt gögnum málsins og framburði aðilja fyrir dómi þykir upplýst, að seljendur höfðu ekki gert reka að því að standa við þennan lið samningsins. Það liggur fyrir, að seljendur töldu sig eiga bótarétt á fyrirtækið Verktækni h.f. vegna glersins, en ekki liggur fyrir, að þeir hafi reynt að innheimta þær bætur með raunhæfum aðgerðum. Þá liggur fyrir, að rétturinn til bótakröfu á hendur Verktækni h.f. hefur ekki verið framseldur til kaupenda. Samkvæmt framburði aðilja fyrir dómi munu seljendur hafa boðið kaupendum að greiða u.þ.b. kr. 7.300,00 auk framsals á bótarétti að frádregnum dráttarvöxtum, sem seljendur töldu sig eiga hjá kaupendum vegna vanskila á greiðslum skv. 5., 6., 7. og 8. tl. kaupsamningsins, svo og vegna vanefnda á greiðslu skv. 9. gr. samningsins að fjárhæð kr. 40.000,00. Stefndu hafa ekki viljað fallast á þetta.

Upplýst er, að greiðslur vegna 5., 6. og 8. tl. kaupsamningsins drógust um 1-3 daga, og gáfu seljendur stefndu fyrirvaralausar kvittanir við greiðslu þeirra og eiga því þegar af þeim sökum ekki rétt til dráttarvaxta vegna þessa. Þá var greiðsla skv. 7. tl. innt af hendi þ. 15. maí 1981, en skv. kaupsamningi átti hún að greiðast við úthlutun láns frá Byggingarsjóði ríkisins og ekki síðar en 15. maí. Það er upplýst í málinu, að veðleyfi frá stefnendum var undirritað 13. maí og verður ekki séð, að stefndu hafi getað leyst út lánið fyrir þann tíma, enda er ósannað, að dráttur á útgáfu veðleyfis stafi af atvikum, sem stefndu bera ábyrgð á. Þar sem greiðslan var innt af hendi innan þess frests, sem ákveðinn er í kaupsamningi, þykja stefnendur ekki eiga kröfu til dráttarvaxta af henni. Stefnendur þykja því þegar af þeim sökum ekki hafa boðið fram fullnægjandi bætur á göllum í gleri. Þar sem annað er ekki tekið fram í kaupsamningnum, verður að líta svo á, að þessu ákvæði kaupsamningsins skyldi fullnægt fyrir útgáfudag afsals. Stefnendur höfðu því samkvæmt framansögðu ekki staðið að fullu við sinn hluta kaupsamningsins, þegar lokagreiðsla átti að fara fram og afsal skyldi gefið út.

3. Stefnendur skyldu gefa út afsal, þegar heildarútborgun hefði farið fram 20. september 1981. Stefnendur hafa neitað að gefa út afsal vegna

vanskila stefndu á greiðslum skv. 9. gr. kaupsamningsins svo og skv. 13. gr. hans.

Skyldur kaupenda skv. kaupsamningi, sem hér skipta máli, eru þessar: Samkvæmt 9. tl. kaupsamningsins áttu stefndu að greiða stefnendum kr. 40.000,00 þann 20. september, og skv. 13. tl. áttu þeir jafnframt að afhenda stefnendum tvö veðskuldabréf með veði í Nýbýlavegi 42, Kópavogi, og veðskuldabréf, útg. af kaupendum, fyrir eftirstöðvunum.

Í málinu hafa verið lögð fram ljósrit af veðskuldabréfunum, sem tryggð eru með veði í Nýbýlavegi 42, og eru þau undirrituð 30. september, og er því ljóst, að stefndu voru ekki tilbúin að standa við sinn hluta kaupsamningsins þann 20. september. Það er hins vegar upplýst, eins og greinir hér að framan, að stefnendur voru heldur ekki tilbúnir að efna sinn hluta samningsins þann dag.

Það er upplýst, að stefndu lögðu greiðslu skv. 9. tl. kaupsamningsins, kr. 40.000,00, á sparisjóðsbók, sem síðan var lögð í geymslu í Samvinnubankanum og geymslukvittun afhent fasteignasölunni Kjöreign s.f. til varðveislu þann 2. október 1981, en samkomulag var með aðiljum um, að greiðslur færu fram í gegnum fasteignasöluna. Samkvæmt framburði stefnenda fyrir dómi var þeim kunnugt um bók þessa þann 5. október. Þá afhentu stefndu fasteignasölunni veðskuldabréfin, sem eru með veði í Nýbýlavegi 42, til geymslu, og er geymslukvittun dags. 30. september 1981. Þá er viðurkennt af hálfu stefnenda, að þau hafi móttekið bréf lögmanns stefndu á dskj. nr. 11, dags. 1. febrúar 1982, þar sem hann tilkynnir, að stefndu muni deponera greiðslu vegna skuldabréfa með veði í Nýbýlavegi 42 svo og afborgun vegna óútgefins skuldabréfs skv. 13. tl. kaupsamningsins með gjalddaga 1.2. 1981. Þá liggur fyrir fundargerð undirrituð af lögmanni stefnenda, dags. 26. febrúar 1982, þar sem fram kemur, að greiðslu skv. áðurnefndu óútgefnu skuldabréfi hafi verið deponerað og greiðslur skv. skuldabréfi með veði í Nýbýlavegi 42 hafi verið lagðar í banka á nafn seljenda. Í fundargerð þessari kemur ennfremur fram, að stefndu mótmæla riftunarkröfu stefnenda, sem tilkynnt var með símskeyti 17. s.m. Þá sendu stefndu stefnendum símskeyti, dags. 11. mars 1982, þar sem tilkynnt er, að greiðsla vegna skuldabréfanna með veði í Nýbýlavegi 42 ásamt vöxtum og dráttarvöxtum væri til reiðu hjá stefndu og mætti sækja hana þangað.

Þegar framangreind atriði eru höfð í huga, verður að telja, að stefndu hafi verið heimilt að binda lokagreiðslu því skilyrði, að stefnendur stæðu við sínar skyldur skv. kaupsamningi, enda er hér um mjög óverulegan hluta heildarverðsins að ræða. Þá sýndu stefndu augljósan vilja til að standa við sinn hluta samningsins, og var stefnendum kunnugt um það, án verulegs dráttar.

Af öllu framangreindu athuguðu ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnenda í máli þessu.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnendur til að greiða stefndu málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Sigurður Björgvinsson og Sigríður Þórðardóttir, skulu vera sýkn af öllum kröfum stefnenda, Einars Gunnarssonar og Matthildar Sigurðardóttur, í máli þessu.

Stefnendur, Einar Gunnarsson og Matthildur Sigurðardóttir, greiði stefndu, Sigurði Björgvinssyni og Sigríði Þórðardóttur, óskipt kr. 25.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 10. janúar 1985.

Nr. 96/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Jóni Hauki Ólafssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað með stefnu 11. apríl 1984 samkvæmt ósk ákærða Jóns Hauks Ólafssonar. Ágrip barst Hæstarétti 29. ágúst 1984. Málinu er eigi áfrýjað að því er varðar meðákærða í héraði, S, en hann vildi hlíta héraðsdómi. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar að því er varðar ákærða Jón Hauk.

Svo sem í héraðsdómi greinir, var mál þetta höfðað með ákæru 7. september 1983. Málsmeðferð fyrir sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum hófst 26. s.m. Kom ákærði S þá fyrir dóm, og var

honum birt ákæra og verjandi skipaður. Ákærði Jón Haukur kom ekki fyrir dóm í þessu þinghaldi. Málið var síðan sent sýslumanninum í Dalasýslu með ósk um, að ákærða Jóni Hauki yrði „birt ákæran og honum skipaður verjandi", en hann var þá búsettur í Búðardal. Honum var birt ákæra í málinu í sakadómi Dalasýslu 17. janúar 1984. Var þá bókað í þingbók:

„Ákærða er birt ákæran og kynnt önnur framlögð gögn málsins. Jafnframt er gætt ákvæða 2. málsgr. 77. gr. l. nr. 74/1974.

Ákærði óskar eftir að halda uppi vörnum í málinu og óskar eftir að sér verði skipaður verjandi, sem hann kveðst vilja að verði Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Að öðru leyti gerir ákærði ekki athugasemdir við gögn málsins."

Næst var þingað í málinu í sakadómi í ávana- og fíkniefnamálum 29. febrúar. Var þá lagt fram endurrit af framangreindu þinghaldi í sakadómi Dalasýslu og skrifleg vörn fyrir ákærða Jón Hauk. Var málið dómtekið í sama þinghaldi, án þess að ákærði hefði komið fyrir dóminn að nýju.

Ekki sést af framangreindri bókun, að dómari hafi spurt ákærða sjálfstætt um sakarefnið, og ekki viðurkenndi ákærði skýlaust fyrir dómi háttsemi þá, sem hann var sakaður um í ákæruskjali, sbr. 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976. Er þetta slíkur galli á málsmeðferð, að ómerkja verður hinn áfrýjaða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju að því er varðar ákærða Jón Hauk Ólafsson.

Ákveða ber að áfrýjunarkostnaður sakarinnar skuli greiddur úr ríkissjóði svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er ómerktur að því er varðar ákærða Jón Hauk Ólafsson, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju að því er hann varðar.

Áfrýjunarkostnaður sakarinnar skal greiddur úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. mars 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 6. mars, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum í húsakynnum dómsins að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Guðmundi Benediktssyni ftr. við undirritaða votta og þá uppkveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 117-118/1983: Ákæruvaldið gegn S, og Jóni Hauki Ólafssyni.

Málið, sem dómtekið var 29. febrúar sl., er höfðað með ákæru, dags. 7. september sl., á hendur S. . . og Jóni Hauki Ólafssyni, Vesturbergi 78, Reykjavík, fæddum þar í borg 20. febrúar 1948, fyrir að hafa:

„um miðjan desember 1982 keypt um 1465 gr af hassi í Rotterdam og sent það hingað til lands með m.s. Arnarfelli, sem kom til Reykjavíkur 24. s.m., en efnið, sem var ætlað til sölu hér á landi, fannst við leit í farangursafgreiðslu tollgæslunnar og lagði lögreglan hald á það."

Í ákæruskjali er þessi ætlaða háttsemi talin varða við 2. gr., sbr. 5. og 6. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980, sbr. 9. gr. laga nr. 75, 1982, og 2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna nr. 390, 1974.

Í niðurlagi ákæruskjals er þess krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á ofangreindu hassefni samkvæmt 5. mgr. 5. gr. laga nr. 65, 1974 og 2. mgr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

— — —

Dómsorð:

— — —

Ákærði Jón Haukur Ólafsson, fæddur 20. febrúar 1948, sæti fangelsi í 3 mánuði. Refsivist hans til frádráttar komi 4 daga gæsluvarðhaldsvist.

Upptæk til eyðingar dæmast þau 1465 gr af hassi, sem lögreglan lagði hald á í málinu.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað, þar af greiði . . . ákærði Jón Haukur 5.000,00 kr. til skipaðs verjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hrl.

Mánudaginn 14. janúar 1985.

Nr. 57/1983. **Róbert Sverrisson**
gegn
Sigríði Einarsdóttur

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Róbert Sverrisson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Þriðjudaginn 15. janúar 1985.

Nr. 196/1982. **Guðjón Ómar Hauksson**
(Jón G. Briem, hdl.)
gegn
Jóni Gunnari Zoëga
(Brynjólfur Kjartansson, hrl.)

Uppboð. Uppboðsheimild. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Magnús Þ. Torfason og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1982. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað um framgang uppboðs á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík. Þá krefst hann „málskostnaðar úr hendi stefnda."

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur að niðurstöðu til og að áfrýjandi verði dæmdur til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda, að fallið væri frá þeirri málsástæðu, að gjaldfelling handhafaveðskuldabréfanna, sem málið snýst um, hafi verið óheimil, vegna þess að hann hefði ekki fengið tilkynningar um greiðslustað í tæka tíð.

Því var einnig lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að ekki væri tölulegur ágreiningur í málinu né ágreiningur um aðild.

Ekki verður ráðið með vissu af óskilríkum bókunum í uppboðsbók, að slíkir annmarkar hafi verið á meðferð uppboðsmálsins, að ómerkja eigi málsmeðferðina sjálfkrafa.

Eins og málið hefur verið lagt fyrir Hæstarétt, þarf ekki að taka sérstaklega til athugunar, hvort áfrýjandi hafi dregið um skör fram að hafa uppi mótmæli sín við því, að kröfur stefnda væru í gjalddaga fallnar, en þau hafði hann fyrst uppi á hinu síðara söluþingi, sem fram fór að kröfu hans 9. júní 1982. Var þá löngu liðinn sá frestur, sem bjóðendur á fyrra uppboði voru bundnir við boð sín samkvæmt uppboðsskilmálum.

Ekki verður á það fallist með áfrýjanda, að nauðsynlegt hafi verið að skírskota í veðskuldabréfunum til 39. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 til þess, að uppboðskrafa stefnda nái fram að ganga.

Veðskuldabréfin eru ekki afborganabréf, heldur er skuld samkvæmt hverju bréfi öll gjaldkræf á ákveðnum gjalddaga. Ákvæðið í bréfunum sjálfum um heimild til gjaldfellingar og nauðungarsölu, ef ekki sé staðið í skilum með greiðslur afborgana og vaxta, væri þýðingarlaust, ef skuldin yrði ekki gjaldkræf við greiðslufall vaxta. Gjaldfelling veðskuldabréfanna var því heimil, og ber samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar að staðfesta þá ákvörðun uppboðshaldara að halda hið umbeðna annað og síðara uppboð á eigninni Háholti 22 í Keflavík.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hið umbeðna annað og síðara nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík, eign áfrýjanda, Guðjóns Ómars Haukssonar, skal fara fram.

Áfrýjandi greiði stefnda, Jóni Gunnari Zoëga, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða úrskurði, fór stefndi þess á leit með bréfi til bæjarfógetans í Keflavík 1. desember 1981, að fasteignin nr. 22 við Háholt þar í bæ yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar skuld samkvæmt meðfylgjandi sex veðskuldabréfum, útgefnum 1. júlí 1978 af áfrýjanda, samtals að fjárhæð 55.868,80 krónur, tryggðum með 4. veðrétti í nefndri eign. Málið var tekið fyrir í uppboðsrétti Keflavíkur 26. febrúar 1982. Þá lagði uppboðshaldari m.a. fram áðurnefnda uppboðsbeiðni og veðskuldabréfin og enn fremur uppboðsbeiðni frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt ljósriti af skuldabréfi. Síðan er bókað í þingbók: „Af hálfu uppboðsbeiðanda er mættur Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl. v/Tryggingastofnunar ríkisins. Af hálfu uppboðsþola mætir enginn. Samkomulag var um að fresta uppboði þessu til 26.3.'82 kl. 14.00"

Samkvæmt því, sem nú er rakið, var ekki sótt þing af hálfu stefnda (uppboðsbeiðanda í héraði), þegar málið var tekið fyrir í fyrsta sinn í uppboðsréttinum og forföllum ekki lýst. Var málatilbúnaður stefnda af þessum sökum ónýtur, og bar uppboðshaldara að fella málið niður að því er hann varðaði samkvæmt 4. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 118 og 223. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936. Af hálfu Tryggingastofnunar ríkisins var á þessu dómþingi, eins og fyrr greinir, lögð fram uppboðsbeiðni ásamt ljósriti af veðskuldabréfi. Samkvæmt 6. gr. uppboðslaga skal veðskuldabréfið fylgja uppboðsbeiðni, þegar uppboðs er beiðst með heimild í veðskuldabréfi. Ljósrit veðskuldabréfs var því ekki gild uppboðsheimild, sem krefjast mætti uppboðs eftir á grundvelli uppboðsundirbúnings þess, er fram hafði farið að kröfu stefnda. Bar uppboðshaldara því að fella uppboðsmálið niður.

Með vísan til þessa teljum við, að ómerkja beri meðferð uppboðsmálsins í héraði og hinn áfrýjaða úrskurð og synja um framgang uppboðsins.

Við teljum eftir atvikum rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Þar sem þessi niðurstaða hefur ekki hlotið samþykki meiri hluta dómenda Hæstaréttar í þessu máli, ber okkur samkvæmt 53. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973 að greiða atkvæði um efni máls.

Með skírskotun til þess, sem segir í forsendum fyrir atkvæði meiri hluta dómenda, erum við samþykkir niðurstöðu þess.

Úrskurður uppboðsréttar Keflavíkur 10. september 1982.

Í máli þessu, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 24. þ.m., gerir gerðarbeiðandi, Jón Gunnar Zoëga hdl., Garðarstræti 3, Reykjavík, þá réttarkröfu, að fram fari nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík, þinglýstri eign gerðarþola, Guðjóns Ómars Haukssonar, samkvæmt 6 veðskuldabréfum, útgefnum 1. júlí 1978, til lúkningar á veðskuldum samkvæmt bréfunum að fjárhæð kr. 55.868,80 auk vaxta, dráttarvaxta, innheimtuþóknunar og útlagðs kostnaðar. Þá gerir gerðarbeiðandi einnig kröfu um málskostnað úr hendi gerðarþola. Gerðarþoli hefur krafist þess, að synjað verði um framgang uppboðs á Háholti 22 í Keflavík. Hann gerir ekki kröfu um málskostnað.

Með uppboðsbeiðni, dagsettri 1. desember 1981, krafðist Jón Gunnar Zoëga hdl. þess, að fasteignin Háholt 22 í Keflavík yrði seld á nauðungaruppboði til lúkningar á veðskuld samkvæmt 6 veðbréfum, útgefnum 1. júlí 1978. Uppboðsbeiðandi kvað skuld þessa vera samkvæmt 6 veðskuldabréfum, sem öll væru útgefin til handhafa 1. júlí 1978. 5 bréfanna væru að fjárhæð kr. 10.000,00 hvert og 1 að fjárhæð kr. 5.868,80 og öll væru bréfin tryggð með 4. veðrétti í fasteigninni Háholti 22. Bréfin átti að greiða með gjalddögum 1.9.1981, 1.9.1982, 1.3.1983, 1.9.1984, 1.9.1985 og 1.9.1986. Af skuldinni átti að greiða sömu ársvexti og greiddir eru af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir eru á hverjum tíma ákveðnir af Seðlabanka Íslands, og skyldu vextirnir greiðast af öllum bréfunum árlega 1. september ár hvert, í fyrsta skipti 1. september 1981. Uppboðsbeiðandi kvað afborgun og greiðslur vaxta, sem áttu að fara fram 1. september 1981, ekki hafa verið inntar af hendi þrátt fyrir eftirgangsmuni og væru því öll bréfin fallin í gjalddaga samkvæmt ákvæðum í þeim sjálfum.

Uppboðsauglýsing var útgefin 21. desember 1981 og mál þetta þingfest

í uppboðsrétti Keflavíkur 26. febrúar 1982 og því þá frestað til fyrirtektar á reglulegu uppboðsþingi 26. mars 1982. Í því þingi var farið fram á sölu á eigninni, og var ákveðin sala á eigninni 28. apríl 1982, kl. 13.30. Fór fram fyrri sala á eigninni þann dag, og var þá hæstbjóðandi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl. v/Sparisjóðsins í Keflavík með kr. 100.000,00. Á uppboðsþingi þessu var farið fram á annað og síðasta uppboð á eigninni, og var ákveðið, að það skyldi fara fram fimmtudaginn 9. júní sl. Með bréfi, dagsettu 9. júní 1982, mótmælti Jón G. Briem hdl. f.h. gerðarþola, Guðjóns Ómars Haukssonar, að uppboð færi fram á eigninni. Var þá ákveðið, að skila skyldi greinargerðum í málinu og gagnaöflun færi fram, og var það tekið fyrir í uppboðsrétti Keflavíkur 15. júní sl., og skilaði þá gerðarþoli greinargerð í málinu. Var málinu síðan frestað til greinargerðar af hálfu gerðarbeiðanda til 28. júní sl., en þá var málinu frestað að beiðni gerðarbeiðanda. Næst var ákveðið þinghald í málinu 18. ágúst sl., en því þá frestað að beiðni gerðarþola. Málið var síðan tekið fyrir 24. þ.m., og var þá lögð fram greinargerð í málinu af hálfu gerðarbeiðanda, og einnig var tekin aðiljaskýrsla af gerðarþola málsins. Að því loknu fór fram munnlegur málflutningur.

Uppboðshaldari hefur ítrekað leitað sátta í málinu án árangurs.

Í réttarhaldi því, er fram fór 24. þ.m., skýrði gerðarþoli, Guðjón Ómar Hauksson, svo frá, að hann hefði ekki fengið tilkynningu um greiðslustað framangreindra veðskuldabréfa, en hins vegar hefði hann hringt í þann aðilja, er hann taldi eiganda bréfanna, þ.e.a.s. Hauk Helgason, og fengið hjá honum þær upplýsingar, að bréfin væru til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Haukur hefði síðan hringt í hann, að hann minnir seinni partinn í október eða í byrjun nóvember, og sagt, að bréfin væru nú hjá honum, þ.e.a.s. Hauki, og hafi hann þá beðið um nokkurra daga frest og fengið hann og Haukur hafi sagt honum að koma á skrifstofu Hauks og greiða þar, en það næsta, sem skeði í málinu, hafi verið það, að mætti (sic) hafi fengið bréf frá Jóni Gunnari Zoëga hdl., þar sem hann var krafinn um greiðslu á öllum bréfunum og þau gjaldfelld. Hann kvaðst ekki löngu eftir að hann fékk bréf þetta hafa farið á skrifstofu Jóns Gunnars Zoëga og boðið fram greiðslu á því, sem hann taldi vera gjaldfallið, en þá verið sagt, að hann yrði að greiða öll bréfin upp.

Í réttarhaldi þessu upplýsti lögmaður gerðarbeiðanda, Jón Ingólfsson hdl., að Haukur Helgason hefði verið eigandi bréfanna og hann hefði tekið þau úr Landsbanka Íslands, þar sem þau voru til innheimtu, upp úr miðjum september 1981 og sagt gerðarþola, að hann gæti liðið honum það að greiða ekki fyrr en um miðjan október. Lögmaðurinn upplýsti jafnframt, að það hefði ekki verið fyrr en í febrúar 1982 sem gerðarþoli hafi boðið fram greiðslu á einu bréfinu og vöxtum hinna bréfanna.

Málsástæður gerðarþola eru þær, að samkvæmt dómafordæmdi eigi að tilkynna uppboðsþola á sannanlegan hátt, hvar handhafaskuldabréf séu, þegar krafist er greiðslu. Síðan hafi hann 15 daga frest til greiðslu. Gerðarþoli kannast ekki við að hafa fengið neinar slíkar tilkynningar. Verði talið, að einhverjar innheimtuaðgerðir gerðarbeiðanda jafngildi tilkynningu um verustað skuldabréfanna, er því mótmælt, að heimilt sé að gjaldfella þau öll.

Gerðarþoli bendir einnig á, að samkvæmt heimild í 39. gr. laga nr. 95/1947 um lögræði, sem gildi um skuldabréf almennt, megi taka fram í skuldabréfum, að öll skuldin sé gjaldkræf, „ef vanskil verða á greiðslu vaxta eða afborgana." Þá megi bjóða veðið upp án dóms. Í þeim skuldabréfum, sem hér er fjallað um, sé ekki vísað til þessarar lagagreinar. Hins vegar sé ákvæði í þeim, að sé ekki staðið við „greiðslu afborgana og vaxta," sé hún öll í gjalddaga fallin án fyrirvara. Gerðarþoli telur, að sá orðalagsmunur, sem þarna komi fram, þýði í raun, að ekki sé heimilt að gjaldfella skuldabréfin, ef aðeins verði vanskil á greiðslum vaxta. Jafnframt bendir gerðarþoli á, að skuldabréfin eru samin af manni á vegum kröfuhafa, þannig að vafaákvæði beri að túlka honum í óhag.

Gerðarþoli viðurkennir vanskil á afborgun og vöxtum á einu skuldabréfa í máli þessu, þ.e. bréfi nr. 3, en þar sem uppboðsbeiðnin nái til allra skuldabréfanna, verði að mótmæla framgangi uppboðsins í heild.

Málsástæður gerðarbeiðanda eru þær, að gjalddagi á greiðslu á afborgunum og vöxtum á veðskuldabréfunum hafi verið 1. september sl. Þá sé ákvæði í öllum bréfunum um það, að verði vanskil á greiðslum afborgana og vaxta á þeim, þá sé öll skuldin í gjalddaga fallin. Þá sé ljóst, að veðskuldabréfin séu öll útbúin á þann hátt sem veðskuldabréf eru almennt gerð og fullnægi öllum þeim kröfum, sem hægt er að gera til veðskuldabréfa. Gerðarbeiðandi heldur því fram, að vanskil séu fyrir hendi og gerðarþoli hafi ekkert gert til að bjóða fram greiðslu og sé því ekki með nokkrum rökum hægt að mótmæla gjaldfellingu bréfanna.

Gerðarþoli hefur í þinghaldi viðurkennt að hafa fengið vitneskju um, að bréf þau, er hér um ræðir, væru til innheimtu í Landsbanka Íslands í Reykjavík. Hann hafi fengið gjaldfrest hjá eiganda bréfanna, og þykir rétt að byggja á því, að sá gjaldfrestur hafi verið veittur til 17. október sl. Allan þennan tíma vissi gerðarþoli, hvar bréfin voru til innheimtu, samkvæmt hans eigin framburði. Leggja verður til grundvallar, að gerðarbeiðanda hafi verið heimilt að gjaldfella bréfin með bréfi sínu, dags. 30.nóvember 1981, þar sem gerðarþoli hafði þá ekki innt af hendi þær greiðslur, sem honum bar, og hafði eigi deponerað fyrir greiðslunni, hvorki fyrir né eftir þann tíma. Verður því fyrri málsástæða gerðarþola eigi tekin til greina.

Varðandi þá málsástæðu uppboðsþola, að ekki sé vitnað til 39. gr. lög-

ræðislaga nr. 95/1947 í veðbréfum uppboðsbeiðanda, telur rétturinn, að veðsali hafi með undirritun á framangreind veðskuldabréf gengist undir þá skilmála, er framangreind lagagrein fjallar um, og telur engu máli skipta, hvort talað er um „afborganir og vexti" eða um „afborganir eða vexti." Það er því niðurstaða réttarins, að framangreind krafa gerðarbeiðanda um það, að annað og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22 í Keflavík nái fram að ganga, er tekin til greina, og skal annað og síðasta uppboð fara fram til lúkningar greiðslu á framangreindum 6 veðskuldabréfum auk vaxta og kostnaðar.

Samkvæmt framangreindri niðurstöðu ber gerðarþola að greiða gerðarbeiðanda málskostnað, sem að mati réttarins þykir hæfilegur 4.000,00.

Úrskurð þennan kvað upp Jón Eysteinsson bæjarfógeti.

Úrskurðarorð:

Annað og síðasta nauðungaruppboð á fasteigninni Háholti 22, Keflavík, eign gerðarþola, Guðjóns Ómars Haukssonar, skal fara fram til lúkningar öllum kröfum gerðarbeiðanda, Jóns Gunnars Zoëga, í máli þessu föstudaginn 8. október 1982 kl. 14.00.

Gerðarþoli, Guðjón Ómar Hauksson, greiði gerðarbeiðanda, Jóni Gunnari Zoëga, kr. 4.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 15. janúar 1985.

Nr. 3/1985. **Ákæruvaldið**

gegn

Kristínu Gísladóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 10. janúar 1985, sem barst Hæstarétti 11. s.m., og krafðist þess aðallega, að

úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Til vara krefst hann þess, að gæsluvarðhaldsvistin verði ákveðin styttri en í hinum kærða úrskurði. Í báðum tilvikum krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð með vísan til forsendna hans. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 9. janúar 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 9. janúar, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 115, Reykjavík, af Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

Málsatvik.

Fimmtudaginn 3. þessa mánaðar kom flugleiðis hingað til lands frá Amsterdam Halldór Lárus Pétursson, f. 6.3.1958, til heimilis að Meistaravöllum 17 hér í borg, eftir fárra daga dvöl ytra. Samkvæmt athugunum lögreglu var þetta fimmta Hollandsför Halldórs þessa á undanförnum 10 mánuðum, en ekki vitað til, að hann hafi aflað neinna tekna árin 1983 eða 1984. Fíkniefnaleit á nefndum Halldóri og í farangri hans bar ekki árangur. Lögregla hefur eftir þessa heimkomu gefið mjög nánar gætur Halldóri þessum og fleiri grunuðum.

Þann 5. þessa mánaðar fannst á Tollpóststofu bréf, póstlagt í Amsterdam 3. þessa mánaðar, stílað á Halldór Lárus Pétursson. Bréfið var opnað að undangengnum úrskurði hér við embætti, og reyndust í því 8.3 gr af ætluðu amfetamíndufti, en á korti í nefndu bréfi auk þess fingraför margnefnds Halldórs.

Laugardaginn 5. þessa mánaðar hélt flugleiðis til Amsterdam Hilmar Ragnarsson, f. 14.8.1962, til heimilis að Yrsufelli 5 hér í borg, að mati lögreglu á vegum Halldórs Lárusar, enda staðreynt, að föstudaginn 4. þessa mánaðar keypti Kristín Gísladóttir, f. 2.5.1963, sambýliskona Halldórs Lárusar, umræddan flugmiða á nafn Hilmars Ragnarssonar. Hilmar þessi kom flugleiðis hingað til lands í gærkveldi og reyndist þá hafa falið innvortis ætlað amfetamínduft. Hefur hann skilað niður af sér liðlega 103 gr af slíku, en jafnframt lýst, að á nokkru meiru sé von.

Hilmar Ragnarsson hefur hjá lögreglu og hér fyrir dómi skýrt svo frá,

að hann hafi haldið utan að undirlagi Halldórs Lárusar í því skyni að sækja og flytja hingað til lands fíkniefni í eigu Halldórs þessa, en Kristín Gísladóttir áðurnefnd hafi vitað um þessa ráðagerð og m.a. greitt fyrir flugfarmiða Hilmars.

Í dag var handtekin Sigríður Brynja Pétursdóttir, systir Halldórs Lárusar, og reyndist hafa í sínum fórum liðlega 8 gr af ætluðu amfetamíndufti. Sigríður þessi hefur hjá lögreglu skýrt svo frá, að Halldór Lárus hafi þann 3. þessa mánaðar póstlagt til hennar frá Amsterdam um 10 gr af slíku dufti samkvæmt fyrra samkomulagi. Sigríður þessi var og í för með áðurnefndri Kristínu Gísladóttur, er þær komu flugleiðis hingað til lands frá Amsterdam þann 28. ágúst sl.

Kristín Gísladóttir reyndist þá hafa leynt innvortis um 100 gr af amfetamíndufti, sem fannst og var haldlagt. Kristín þessi hefur nú fyrir dómi staðfest kaup sín sl. föstudag á flugfarmiða fyrir Hilmar Ragnarsson, en talið endurgreiðslu á peningaláni frá honum.

Þá kvaðst Kristín Gísladóttir við handtöku á Flugleiðahóteli hér í borg í gærkveldi hafa verið að bíða komu Hilmars Ragnarssonar og Halldór Lárus þar einnig verið viðstaddur, enda hann og Hilmar þessi kunnugir. Kristín Gísladóttir hefur alfarið neitað að eiga hlut að neins konar fíkniefnamisferli tengdu áðurnefndum nýlegum utanferðum Halldórs Lárusar og Hilmars Ragnarssonar. Halldór Lárus hefur og fyrir dómi neitað öllum slíkum sökum en ekki skýrt tíðar utanferðir, vinnu eða tekjuöflun.

Af hálfu lögregluyfirvalda er fram sett krafa um allt að 30 daga gæsluvarðhaldi Kristínar Gísladóttur í þágu rannsóknar máls þessa.

Réttargæslumaður hefur mótmælt þessari kröfugerð sem óþarfri, en auk þess sérstaklega mótmælt tímalengd kröfunnar.

Niðurstöður.

Verið er að rannsaka ætluð brot gegn lögum nr. 65, 1974 og reglugerð nr. 390, 1974.

Kristín Gísladóttir er í því sambandi grunuð um háttsemi, sem varðað gæti hana fangelsisrefsingu.

Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 ekki til fyrirstöðu, að hér verði beitt gæsluvarðhaldi.

Ætla verður, að rannsókn máls sé enn á frumstigi og mörg atriði ókönnuð.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir í þágu rannsóknar rétt að verða við fram kominni kröfu lögregluyfirvalda og gera Kristínu Gísladóttur, f. 2.5.1963, að sæta gæsluvarðhaldi frá kl. 19.05 í dag að telja og allt að jafnlengd þriðjudaginn 29 þessa mánaðar.

Úrskurðarorð:

Kristín Gísladóttir, f. 2.5.1963, til heimilis að Meistaravöllum 17 hér í borg, skal sæta gæsluvarðhaldi frá 9. janúar 1985, kl. 19.05 að telja, og allt að jafnlengd þriðjudaginn 29. janúar 1985.

Miðvikudaginn 16. janúar 1985.

Nr. 68/1983. **Fiskvinnslan h/f**
(Barði Friðriksson hrl.)
gegn
Fríðu Sigurðardóttur
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Vinnulaun. Lög nr. 19/1979. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. mars 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann gerir aðallega kröfu um, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefndu, en til vara er krafist lækkunar á stefnukröfunni í kr. 1.573,89. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í hinum áfrýjaða dómi kemur fram, að á þeim tíma, er hér skiptir máli, hafi fiskvinnslustöð áfrýjanda unnið hráefni frá tveimur togurum, Gullbergi NS 11, sem áfrýjandi gerði út og átti sjálfur, og Gullveri NS 12, sem gerður var út af eigandanum, Gullbergi h/f, en lagði afla sinn upp hjá áfrýjanda. Af gögnum málsins má sjá, að Gullver NS 12 lagði síðast fyrir vinnslustöðvunina upp afla sinn hjá áfrýjanda 8. júlí 1980. Í málinu er bréf stjórnar Gullbergs h/f um þessi viðskipti, og segir þar m.a.:

„Sumarið 1980 komst Fiskvinnslan hf. í mikla skuld við fyrirtækið og jókst hún er leið á sumarið. Í júlímánuði var svo komið, að Fiskvinnslan hf. gat ekki lengur greitt fyrir afla skipsins, og neyddumst við því af þeim þeim sökum til að hætta viðskiptum við fyrirtækið. Þess var þó vænst, að stöðvun þessi á viðskiptum yrði aðeins tímabundin, eða þar til Fiskvinnslan hf. gæti á ný staðið í skilum við fyrirtækið og grynnkað á skuldum, sem þá höfðu safnast upp. Var Fiskvinnslunni hf. tilkynnt þetta nokkuð fyrir miðjan júlímánuð."

Þegar hér var komið og fyrir lá, að hlé yrði á fiskviðskiptum við Gullberg h/f, má telja, að fyrirsjáanlegur hafi verið hráefnisskortur hjá áfrýjanda. Eru sjónarmið hans að þessu leyti nánar rakin í héraðsdómi. Af gögnum máls verður ráðið, að ekki hafi verið rekstrargrundvöllur í fiskiðjuverinu einungis með afla eigin togara, enda hafði verið um svo langvarandi taprekstur að ræða að fyrirtækið var í peningaþrotum og lánafyrirgreiðsla stöðvuð. Ber því að fallast á það með áfrýjanda, að honum hafi verið heimilt að taka stefndu af launaskrá án slita á ráðningarsamningi skv. 3. gr. laga nr. 19/1979, á meðan unnið væri að því að skapa fiskiðjuverinu möguleika til þess að afla hráefnis. Þykja bæði orðalag greinarinnar og 3. greinar laga nr. 16/1958 ásamt aðdraganda að setningu þeirra styðja þessa niðurstöðu, en lagaákvæðum þessum virðist m.a. ætlað að taka tillit til þess óstöðugleika, sem oft er í íslenskum sjávarútvegi og atvinnurekendur sjálfir fá ekki við ráðið.

Samkvæmt þessu ber að sýkna áfrýjanda af kröfum stefndu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Fiskvinnslan h/f, skal vera sýkn af kröfum stefndu, Fríðu Sigurðardóttur.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði

Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Þegar fyrir lá, að hlé yrði á fiskviðskiptum við Gullberg h/f, ákvað áfrýjandi að láta skip sitt b/v Gullberg einnig um sinn hætta

að leggja upp afla sinn til vinnslu í fiskiðjuveri áfrýjanda. Var skipið þess í stað látið sigla með afla til sölu á markaði í Englandi auk þess sem einu sinni var landað nokkrum afla á Eskifirði.

Áfrýjandi sagði ekki upp ráðningarsamningi stefndu til fullnaðarslita, sbr. 1. gr. laga nr. 19/1979, en greiddi henni ekki laun frá 28. júlí 1980, uns vinnsla hófst að nýju í fiskiðjuveri hans. Í 3. gr. nefndra laga er atvinnurekendum veitt heimild til þess í nánar greindum tilvikum að fella niður launagreiðslur til launþega án bóta. Um fiskiðjuver segir þar sérstaklega, að til þessa hafi þau heimild, ef hráefni er ekki fyrir hendi. Þegar gætt er afdráttarlausra orða ákvæðis þessa og höfð í huga forsaga og aðdragandi að setningu laga nr. 16/1958, sem lög nr. 19/1979 leystu af hólmi, þykir áfrýjanda hafa verið heimilt að fella niður launagreiðslur til stefndu. Samkvæmt þessu er ég samþykkur atkvæði meiri hluta dómenda um að dæma beri áfrýjanda sýknu af kröfum stefndu í málinu svo og úrlausn þeirra um málskostnað.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. janúar 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 7. júní 1982.

Stefnandi málsins er Fríða Sigurðardóttir, Garðarsvegi 26, Seyðisfirði, með nafnnúmeri 3170-1111.

Stefndi er Fiskvinnslan h/f, Seyðisfirði, með nafnnúmeri 2342-8792.

Samkomulag er með aðiljum að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt heimild 81. gr. laga nr. 85/1936.

Dómkröfur stefnanda eru nú þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða henni kr. 4.089,31 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 7. júní 1982 og með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara krefst stefndi lækkunar á kröfum stefnanda.

Sáttaumleitanir dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Stefndi rekur fiskvinnslustöð á Seyðisfirði. Með bréfi, dagsettu 18. júlí 1980, tilkynnti stefndi stefnanda, sem þá hafði starfað sem verkakona hjá stefnda samfleytt í meir en tvö ár eftirfarandi:

„Þar sem fyrirsjáanleg er vinnslustöðvun hjá fyrirtæki voru frá og með mánudeginum 28. júlí n.k. munum vér skv. heimild í 3. grein laga nr. 16/1958 taka yður af launaskrá frá og með 28. júlí n.k.

Vér vonum að sjálfsögðu að ástæður þær sem gera ráðstöfun þessa nauðsynlega verði ekki lengi fyrir hendi og vinnsla geti hafist að nýju hið allra fyrsta."

Aðrar verkakonur í fiskvinnslustöð stefnda fengu sams konar bréf.

Þegar stefndi ritaði ofangreint bréf til stefnanda höfðu lög nr. 16/1958 verið felld úr gildi, en lög nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla leyst þau af hólmi.

Tilvitnun stefnda í lög nr. 16/1958 í ofangreindu bréfi mun því hafa verið gerð af misskilningi. Ákvæði 3. greinar beggja laganna eru að mestu samhljóða. Ekki er um það deilt í málinu, að leggja beri til grundvallar í máli þessu 3. gr. laga nr. 19/1979, en 1. mgr. þeirrar greinar hljóðar svo:

„Nú fellur niður atvinna hjá atvinnurekanda, svo sem vegna þess að hráefni er ekki fyrir hendi hjá fiskiðjuveri, upp- og útskipunarvinna er ekki fyrir hendi hjá skipaafgreiðslu, fyrirtæki verður fyrir ófyrirsjáanlegu áfalli, svo sem vegna bruna eða skiptapa, og verður atvinnurekanda þá eigi gert að greiða bætur til launþega sinna, þó að vinna þeirra nemi eigi 130 klukkustundum á mánuði, enda missa launþegar þá eigi uppsagnarrétt sinn, meðan slíkt ástand varir."

Formaður Verkamannafélagsins Fram á Seyðisfirði ritaði stefnda bréf, dagsett 22. júlí 1980. Í bréfinu er því haldið fram, að uppsögn stefnanda og samstarfsfólks hennar stangist á við lög og sé einnig brot á 12. grein kjarasamnings, „og gerir því Verkamannafélagið Fram þá kröfu til yðar, að þér dragið umræddar uppsagnir nú þegar til baka og endurráðið allt það starfsfólk, sem vann hjá fyrirtæki yðar, þegar þér senduð umrædd bréf og greiðið því laun fyrir þá daga, sem það kann að hafa tapað vinnu, vegna ólögmætrar uppsagnar yðar."

Stefndi ritaði Verkamannafélaginu Fram bréf, sem dagsett er 30. júlí 1980. Þar segir m.a.:

„Ástæðan fyrir því, að uppsögnum er beitt, er að fáanlegt hráefni er orðið svo dýrt að ekki borgar sig að vinna það miðað við núverandi verðlag, en sú staðreynd að skipin eru látin sigla með aflann, er neyðarúrræði, sem grípa hefur orðið til nú um tíma. Sýnist varla þurfa að leggja áherslu á, að ekki hefði starfsfólk í frystihúsi voru verið betur sett þótt skipunum hefði einnig verið lagt. Sú aðferð sem fyrirtæki vort viðhafði þ.e. að segja kauptryggingarsamningi upp með löglegum fyrirvara er að vorum dómi **mun hagstæðara fyrir starfsfólkið en einhliða- eða samningsákvörðun um**

að senda það í sumarfrí þ.e. þessi aðferð veldur því að þeir sem atvinnulausir verða geta þegar í stað átt rétt á atvinnuleysisbótum.

Það viljum vér einnig leggja áherslu á að vinnu hjá fyrirtækinu verður að sjálfsögðu framhaldið þegar er skilyrði skapast og hér er ekki um að ræða nein endanleg ráðningaslit."

II.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að 3. gr. laga nr. 19/1979 eigi ekki við um uppsögn stefnanda. Stefnda hafi verið óheimilt að bera fyrir sig nefnda lagagrein, þar sem vinnslustöðvun hafi stafað af rekstrarörðugleikum og fjármagnsskorti hjá stefnda og ennfremur að þetta ástand hafi alls ekki verið ófyrirsjáanlegt, en nefnd lagagrein byggi á svonefndum „Force Majeure" sjónarmiðum, þ.e. að um ófyrirsjáanlega vinnslustöðvun sé að ræða, svo sem vegna skiptapa, bruna eða fyrir ófyrirsjáanlegan hráefnisskort. Stefnandi byggi því kröfu sína á 1. mgr. 1. gr.laga nr. 19/1979, en þar kveði svo á:

„Nú hefur verkafólk unnið eitt ár samfellt hjá aðilum, sem fást við atvinnurekstur innan sömu starfsgreinar, og ber því þá eins mánaðar uppsagnarfrestur frá störfum, enda hafi uppsögn hjá fyrri atvinnurekendum borið að með löglegum hætti."

Þá er af hálfu stefnanda einnig byggt á gr. 12.2. í kjarasamningi milli Verkamannasambands Íslands annars vegar og Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasambands Samvinnufélaganna hins vegar, en sú grein er efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. laga nr. 19/1979.

Stefnandi hafi því átt rétt á mánaðaruppsagnarfresti miðað við mánaðamót, sbr. 6. mgr. 1. gr.laga nr. 19/1979 og gr. 12.3. í áðurgreindum kjarasamningi. Samkvæmt dómvenju hafi stefnandi því átt rétt til launa tímabilið 27.7. 1980 til 1.9. 1980, enda verði að telja hina fyrirvaralausu uppsögn ólögmæta.

Af hálfu stefnanda er á það lögð áhersla, að mál þetta snúist fyrst og fremst um það, hvort atvinnurekanda, stefnda í máli þessu, hafi verið heimilt að bera fyrir sig 3. gr. laga nr. 19/1979, þegar atvinnurekandinn framkallaði sjálfur hráefnisskort með því að láta skipin, sem hráefnisins öfluðu, landa aflanum á öðrum vinnslustöðvum og þá aðallega erlendis, þar sem hagstæðara verð hafi fengist fyrir aflann með þeim hætti. Þannig hafi stefndi einmitt farið að. Á þeim tíma, sem hér skipti máli, hafi stefndi fengið hráefni til frystihúss síns frá tveimur togurum Gullbergi NS 11, sem var eign stefnda, og Gullveri NS 12, sem Gullberg h/f var eigandi að, en eigendur hlutabréfa í Gullbergi h/f og Fiskvinnslunni h/f séu mikið til hinir sömu. Engar bilanir hafi verið á skipum þessum á þeim tíma, sem hér skipti máli, og bæði skipin hafi verið gerð út áfram, en afla sínum hafi þau aðal-

lega landað erlendis. Komi þetta ljóslega fram í vottorði Fiskifélags Íslands á dómskjali nr. 40, en samkvæmt því hafi afli og aflaverðmæti togaranna tímabilið 30. júlí til 15. september 1980 verið sem hér segir:

Gullberg NS 11:	Lestir	Verðmæti afla
30. júlí í Hull	134,3	70.183.000
21. ágúst í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar	66,7	16.533.000
4. september í Hull	131,6	81.805.000
Gullver NS 12:		
31. júlí í Færeyjum	159,9	45.097.000
11. ágúst í Hraðfrystihúsi Eskifjarðar	27,3	6.483.000
29. ágúst í Hull	122,9	68.310.000

Því er þannig haldið fram af hálfu stefnanda, að hægt hefði verið að halda uppi rekstri í fiskiðju stefnda, ef stefndi hefði látið ofangreind skip landa afla sínum hjá Fiskvinnslunni á Seyðisfirði. Til uppsagna starfsfólks hefði þá ekki þurft að koma.

Þá kveður stefnandi sig ekki hafa verið á kauptryggingarsamningi og hugleiðingar stefnda um kauptryggingarsamninga eigi því ekki við. Hér sé því aðeins um að ræða túlkun á 3. gr. laga nr. 19/1979 um heimild atvinnurekanda til að senda starfsfólk sitt heim, þegar hráefnisskortur sé tilbúinn af völdum atvinnurekandans, og rétt starfsfólks til launa, þegar venjulegs uppsagnarfrests sé ekki gætt.

Þá er á það bent af hálfu stefnanda, að stefnda hafi verið í lófa lagið að ákveða sumarfrí starfsmanna á nefndu tímabili, ef hann hefði gert það a.m.k. mánuði fyrir töku þess, sbr. 5. gr. laga um orlof nr. 87/1981. Þetta hafi aðrir atvinnurekendur á Seyðisfirði gert sumarið 1980, sbr. aðiljaskýrslu stefnda á dómskjali nr. 27. Stefndi geti hins vegar ekki eftir á ákveðið, að orlof sé tekið á tíma, sem þegar er liðinn, til að losa sig undan greiðsluskyldu launa. Slíka einhliða ákvörðun vinnuveitanda heimili lögin ekki. Frádrætti vegnar orlofs sé því alfarið vísað á bug.

Stefnandi kveðst ekki hafa sótt um atvinnuleysisbætur á umræddu tímabili, vegna þess að eiginmaður hennar hafi haft svo háar tekjur, að útilokað hafi verið, að hún fengi atvinnuleysisbætur, sbr. g lið 16. gr. laga nr. 57/1973 um atvinnuleysistryggingasjóð.

III.

Af hálfu stefnda er á það bent, að ágreiningslaust sé, að fiskvinnnsla

hafi legið niðri hjá stefnda á tímabilinu 28.7. til og með 14.9. 1980. Hafi starfsfólki, þar á meðal stefnanda, verið gert viðvart um fyrirsjáanlega vinnslustöðvun með bréflegri uppsögn kauptryggingarsamnings hvers og eins með 10 daga fyrirvara í stað 7 daga fyrirvara, sbr. 6. tölulið 4. gr. kjarasamningsins á dómskjali nr. 28, en þar segi:

„Heimilt er að segja kauptryggingu verkafólks upp með viku fyrirvara, ef fyrirsjáanleg er vinnslustöðvun. Eftir að vinnsla hefst á ný nýtur verkafólk áunninna réttinda."

Stefnda hafi verið heimilt samkvæmt 3. gr. laga nr. 19/1979 að taka stefndanda og annað starfsfólk út af launaskrá vegna fyrirsjáanlegs hráefnisskorts. Allan fyrri hluta árs 1980 hafi hagur fiskvinnslunnar farið versnandi, einkum í frystingu. Fyrri hluta júnímánaðar hafi öll frystihús á Austurlandi haldið sameiginlegan fund á Egilsstöðum með þingmönnum kjördæmisins. Hafi fundarmenn verið samdóma um, að tap í frystingu væri 10-15% og veiði á togurum frá Austfjörðum 5-7%. Stöðvun væri því óumflýjanleg strax í júlí eða ágúst, ef ekki fengjust úrbætur. Stuttu síðar hafi svo þrjú frystihús á svæðinu einhliða tilkynnt ákvörðun sína um, hvenær starfsfólk þeirra skyldi taka sumarfrí, en eitt, stefndi í máli þessu, hafi sagt upp kauptryggingarsamningi. Hafi stefndi talið það hagstæðara fyrir starfsfólk, þar eð fólkið kæmist þá strax á atvinnuleysistryggingar. Stefndi hafi á þessum tíma unnið hráefni frá tveimur togurum, Gullbergi NS 11, sem stefndi hafi sjálfur átt og gert út, og Gullveri NS 12, sem gerður hafi verið út af eigandanum, Gullbergi h/f, en Gullberg h/f hafi að sjálfsögðu haft sérstaka stjórn og sérstakt bókhald og verið algerlega óháð stefnda, enda þótt sumir hluthafar hafi verið hinir sömu í báðum félögunum. Í byrjun júlí hafi útgerð Gullbergs h/f ákveðið að leggja skipi sínu í þorskveiðibanni, en stefndi hafi haldið sínu skipi úti til seinni hluta júlímánaðar á svonefndu „skrapi" við lítinn árangur, lítinn afla og lélegan til vinnslu. Er svo var komið, að meira en helming hráefnis vantaði miðað við venjulegan rekstur, hafi verið ógerlegt að halda áfram fiskvinnslu, enda hafi viðskiptabanki stefnda þá tilkynnt, að hann fjármagnaði ekki lengur taprekstur við þessi skilyrði og myndi ekki lána fyrir vinnulaunum eða öðru, á meðan þetta ástand stæði. Útgerð Gullbergs h/f hafi þá ákveðið, að togarinn Gullver skyldi veiða til sölu erlendis. Stefndi hafi þá ákveðið einnig að veiða til sölu erlendis, á meðan þetta ástand stæði, þ.e. hráefnisskortur og synjun á fjármagnsfyrirgreiðslu viðskiptabanka, enda hafi verið ógerningur að halda uppi vinnslu við þessar aðstæður. Til þess að reka frystihús stefnda með eðlilegum afköstum þurfi um 25 tonn af fiski á dag, en hráefnið, sem Gullberg NS 11, aflaði, hafi aðeins verið rúm 326 tonn yfir tímabilið 27.7. til 14.9. 1980. Hráefni þetta hefði því aðeins dugað til að halda uppi fullri vinnslu í 13 daga af þeim sjö vikum, sem vinnsla lá niðri.

Af háflu stefnda er lögð á það áhersla, að í 3. gr. laga nr. 19/1979 sé ekki að finna neinar takmarkanir á því, hvað vinnslustöðvun geti varað lengi, þannig að starfsfólk sé án launa með heimild í nefndri grein. Það tímabil hljóti því að ráðast af því einu, hvenær nægjanlegt hráefni sé fyrir hendi, svo að vinnsla geti hafist á ný. Þessi skilningur á ákvæðinu hafi komið fram í umræðum á Alþingi við setningu laga nr. 16/1958.

Af hálfu stefnda er bent á, að það væri nokkuð kaldhæðnislegt, ef refsa ætti stefnda fyrir að haga lokun þannig, að starfsmennirnir gætu komist á atvinnuleysistryggingar í stað þess að loka í mánuð vegna sumarleyfa, eins og stefnda hafi verið í lófa lagið að gera, en mörg önnur fyrirtæki hafi gert það við þær aðstæður, sem hér var um að ræða.

Þá er af hálfu stefnda vísað til þess fordæmis, sem fram komi í dómi Félagsdóms, sem kveðinn var upp í málinu nr. 2/1981 þann 15. júlí 1981, en þar hafi málsatvikum hagað mjög á sömu lund og í máli því, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt framansögðu telur stefndi, að sýkna beri hann af kröfum stefnanda.

Til stuðnings varakröfu stefnda er því haldið fram af hálfu stefnda, að bótakrafa stefnanda eigi einungis að miðast við dagvinnukaup, en ekki bónus. Þá liggi fyrir, að stefnandi hafi ekki tekið sér annað orlof en það, sem leiddi af stöðvun fiskvinnslunnar. Virðist því liggja beint við að líta svo á, að stefnandi hafi þegar hinn 4. ágúst 1980 byrjað orlofstökuna. Stefnandi hafi verið fastur starfsmaður stefnda og hafði starfað allt undanfarandi ár. Hún hafi því átt lögum samkvæmt rétt á fjögurra vikna orlofi og greiðslu orlofslauna, kr. 648,40 a viku, eða samtals kr. 2.737,60. Þessa fjárhæð eigi að draga frá.

IV.

Í bréfi stefnda frá 30. júlí 1980 er viðurkennt, að ástæðan fyrir því, að uppsögnum var beitt, hafi verið, að fáanlegt hráefni hafi verið orðið svo dýrt, að ekki borgaði sig að vinna það. Stefndi ákvað því vinnslustöðvun og lét skip sitt selja afla sinn erlendis. Hitt skipið, sem landað hafði afla sínum hjá stefnda, hlaut eftir vinnslustöðvunina að selja afla sinn annars staðar.

Fallast ber því á með stefnanda, að ástæðan fyrir vinnslustöðvun stefnda hafi verið með þeim hætti, að stefnda hafi verið óheimilt að beita ákvæðum 3. gr. laga nr. 19/1979 gagnvart stefnanda. Verður sýknukrafa stefnda því ekki tekin til greina. Í því sambandi skal tekið fram, að áðurgreindur dómur Félagsdóms þykir ekki hafa þýðingu í þessu máli.

Krafa stefnanda er byggð á meðaltalslaunum stefnanda samkvæmt launaseðlum á dómskjali nr. 25. Launin skiptast í laun og bónus, samtals kr.

4.888,50 auk orlofs kr. 407,20 eða samtals kr. 5.295,70. Frá þessari fjárhæð dregur stefnandi kr. 1.206,39, sem eru vinnulaun, sem stefnandi vann sér inn á tímabilinu. Kemur þá út fjárhæðin kr. 4.089,31, sem stefnandi krefur stefnda nú um. Þessum útreikningi hefur stefndi ekki hnekkt, og verður hann lagður til grundvallar.

Stefnda var í lófa lagið að senda stefnanda í sumarfrí, svo sem aðrir fiskverkendur gerðu á þessum tíma. Það gerði stefndi ekki. Fallast ber á með stefnanda, að stefndi geti ekki eftir á ákveðið, að stefnandi skyldi teljast vera í sumarleyfi á því tímabili, sem hér um ræðir. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.089,31 með vöxtum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir þessum úrslitum ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er ákveðst kr. 5.000,00.

Dómsorð:

Stefndi, Fiskvinnslan h/f, greiði stefnanda, Fríðu Sigurðardóttur kr. 4.089,31 með 46% ársvöxtum frá 1. september 1980 til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 11. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa og með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 5.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 16. janúar 1985.

Nr. 248/1984. **Sigrún Ólafsdóttir**
gegn
Guðbjörgu Ólafsdóttur
Ragnari Þórðarsyni
Rut Ólafsdóttur
Sigrúnu Magnúsdóttur Holt og
Sigurði Ólafssyni

Kærumál. Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Björgvin Bjarnason bæjarfógeti kvað upp hinn kærða úrskurð.

Sóknaraðili hefur með vísun til 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 kært til Hæstaréttar úrskurð uppboðsréttar Akraness, sem upp var kveðinn 22. október 1984 og lögmanni sóknaraðilja var kunngerður 9. nóvember. Kæran er dagsett 20. nóvember sl. Skjöl málsins bárust Hæstarétti 14. desember sl. Sóknaraðili gerir þessar kröfur:

„1. Að hinum kærða úrskurði verði hrundið á þann veg að hæstbjóðandi í fasteignina Skagabraut 26, Akranesi verði leystur frá boði sínu vegna vanefnda á greiðslu uppboðsandvirðis, en til vara að hæstbjóðanda verði gert að greiða sameigendum fasteignarinnar vanskilavexti ofan á uppboðsandvirði eignarinnar eftir því sem það féll í gjalddaga samkvæmt skilmálum þeim er giltu við uppboðið.

2. Að rekstarskuldir, sem hvíla á eigninni, skuli greiddar af uppboðsbeiðanda, Sigrúnu Magnúsdóttur f.h. dánarbús Páls Jóhannssonar og Kristínar Lúðvíksdóttur. 3. Að umbj.m. verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður.

Til vara er þess krafist að málinu verði á ný vísað til uppboðsréttar Akraness, meðferð málsins og úrskurður frá 8. október 1984 (sic) verði ómerktur og uppboðshaldara verði gert að taka málið upp að nýju til löglegrar meðferðar og úrskurðar."

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borist kröfur né greinargerðir nema frá Sigrúnu Magnúsdóttur Holt. Hún krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar og kærumálskostnaðar.

Hinn 25. janúar 1984 krafðist Guðmundur Markússon hæstaréttarlögmaður þess fyrir hönd dánarbúa hjónanna Páls Jóhannssonar og Kristínar Lúðvíksdóttur, að fasteignin Skagabraut 26 á Akranesi yrði seld á uppboði til slita á sameign. Samkvæmt gögnum máls er skiptum nú lokið á dánarbúunum, og hefur einkadóttir Kristínar, varnaraðilinn Sigrún Magnúsdóttir Holt, fengið í arf eignarhluta dánarbúanna, sem er ⅔ hlutar eignarinnar. Eigendur ⅓ hluta eru aðrir aðiljar málsins, Sigrún Ólafsdóttir, Sigurður Ólafsson, Ruth Ólafsdóttir, Guðbjörg Ólafsdóttir og Ragnar Þórðarson.

Uppboð fór fram 25. apríl 1984. Annað uppboð fór fram 23. maí. Ekki verður séð af skjölum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, hver var aðdragandi þess, að efnt var til þessa uppboðs, en það atriði er eigi ágreiningsefni hér fyrir dómi. Á uppboðinu

í maí gerði umboðsmaður Sigrúnar Magnúdóttur Holt hæsta boðið, og kemur fram í málsskjölum, að það boð hafi verið samþykkt 6. júní. Uppboðshaldari samdi síðan frumvarp að úthlutunargerð, sem sent var uppboðsaðiljum í ábyrgðarbréfum 25. september. Sagði þar, að skila bæri athugasemdum eigi síðar en 11. október, en þá yrði þingað í uppboðsrétti um málið. Af frumvarpinu verður ráðið, að Sigrún Magnúsdóttir Holt hafi þá staðið skil á uppboðsandvirðinu. Í greinargerð lögmanns hennar hér fyrir dómi kemur fram, að uppboðsafsal hafi enn ekki verið gefið út.

Áður en dómþingið var haldið 11. október 1984, sendi Gísli Gíslason héraðsdómslögmaður, umboðsmaður sóknaraðilja, uppboðsrétti Akraness bréf fyrir sóknaraðilja hönd. Er það dagsett 27. september. Þar segir m.a.:

„Vegna sölu ofangreindrar fasteignar á nauðungaruppboði þann 23. maí síðast liðinn og frumvarps yðar, herra bæjarfógeti, að úthlutunargerð á uppboðsandvirði fasteignarinnar þá hefur umbj.m. Sigrún Ólafsdóttir, sem er ein uppboðsþolenda, falið mér að gera eftirfarandi athugasemdir við frumvarp yðar og jafnframt að mótmæla því:

Í *fyrsta lagi* vill umbj.m. að hæstbjóðandi í eignina verði leystur frá boði sínu vegna vanefnda hans á að greiða uppboðsandvirðið samkvæmt þeim skilmálum sem frammi lágu þegar uppboð eignarinnar fór fram.

Verði ekki fallist á þetta krefst umbj. þess til vara að uppboðskaupanda verði gert að greiða vanskilavexti . . .

Þá mótmælir umbj.m. því sérstaklega að rekstrarskuldir, sem eru með lögveði í eigninni, verði dregnar frá andvirði hússins . . .“

Kröfur sóknaraðilja voru að málflutningi loknum teknar til úrskurðar á þinginu 11. október, og síðan var kveðinn upp úrskurður sá, sem hér er til umfjöllunar.

Með hinum kærða úrskurði hefur uppboðshaldari vísað aðalkröfu sóknaraðilja um „riftun“ og varakröfu hans um „vanskilavexti“ frá uppboðsréttinum. Þó að réttara hefði verið að formi til að hafna kröfunum, sætir úrlausnin kæru eftir b lið 1. tl. og 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973.

Í úrskurðinum kemur ekki glögglega fram, að uppboð á Skagabraut 26 fór fram til sameignarslita. Ekki eru tilgreind eignarhlutföll

eða nöfn allra eigenda, sem jafnframt eru málsaðiljar. Allir mundu þeir verða bundnir af úrskurði um aðalkröfu sóknaraðilja, eins og í úrskurðinum er tekið fram, en ekki verður séð, að uppboðsahaldari hafi, eins og honum bar, gefið þeim öllum kost á að tjá sig um kröfuna. Í úrskurðarorði er ekki vikið sérstaklega að úrlausninni um þetta atriði. Ekki verður séð, hvenær og hvernig varnaraðilinn Sigrún Magnúsdóttir Holt greiddi uppboðsandvirðið.

Af þessum ástæðum verður ekki hjá því komist að ómerkja hinn kærða úrskurð og þá einnig þau atriði hans, sem varða frumvarpið til úthlutunargerðar, þó að úrlausn uppboðshaldara um það sæti áfrýjun eftir d lið 4. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973, en úrlausnin verður að þessu leyti aðeins virk, ef áður hefur verið skorið úr um, hvort aðalkrafa sóknaraðilja verður tekin til greina. Jafnframt verður að ómerkja meðferð uppboðsréttarmálsins frá og með þinghaldi 11. október 1984.

Það athugast, að í bréfi lögmanns sóknaraðilja 27. september eru settar fram kröfur, sem sumar varða uppboðssölu Skagabrautar 26, en aðrar úthlutun uppboðsandvirðis. Var rétt að úrskurða kröfurnar í tvennu lagi.

Rétt þykir, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði uppboðsréttarúrskurður og meðferð málsins í uppboðsrétti Akraness frá og með þinghaldi 11. október 1984 er ómerk, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Akraness 22. október 1984.

Í uppboðsdómi Akraness hinn 23. maí sl. var húseignin Skagabraut 26 hér í bæ seld á opinberu nauðungaruppboði að kröfu eins sameigenda hennar, Sigrúnar Magnúsdóttur.

Hæstbjóðandi varð uppboðsbeiðandi og varnaraðili máls þessa, og var boð hennar kr. 630.000,00 samþykkt.

Frumvarp að úthlutunargerð liggur frammi í réttinum. Það var sent uppboðsþolum í ábyrgðarbréfi 25. september sl.

Engar athugasemdir hafa komið fram við frumvarpið utan athugsemdir

Sigrúnar Ólafsdóttur, sem er ein uppboðsþola og sækjandi máls þessa. Hún krefst þess aðallega, að kaupunum verði rift vegna vanefnda uppboðskaupanda að greiða uppboðsandvirðið í samræmi við þá skilmála, sem fyrir lágu, er húseignin var seld. Til vara krefst hún þess, að uppboðskaupanda verði gert að greiða vanskilavexti af kaupverðinu, eftir því sem það féll í gjalddaga, til þess dags, er það var greitt, og tekið verði tillit til þess við úthlutun uppboðsandvirðisins. Til þrautavara krefst hún þess, að rekstrarskuldir búsins verði einungis til frádráttar eignarhluta uppboðsbeiðanda. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar.

Sóknaraðili styður kröfur sínar aðallega og til vara við 1. mgr. 35. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949. Til þrautavara reisir sóknaraðili kröfur sínar á því, að óeðlilegt verði að telja, að henni beri að greiða rekstrargjöld hússins, þar sem hún hafi ekki haft vörslu þess.

Uppboðsbeiðandi, varnaraðili máls þessa, hefur mótmælt kröfum sóknaraðilja, aðallega, til vara og þrautavara og krefst þess, að úthlutun fari fram í samræmi við frumvarpið. Loks krefst varnaraðili málskostnaðar.

Niðurstaða.

Þegar aðalkrafa sækjanda er virt, er óhjákvæmilegt að úrskurðarorð bindi ekki sameigendur sækjanda og aðra uppboðsþolendur, en þar eð ekkert er fram komið, að þeir mótmæli frumvarpinu, ber að vísa aðalkröfu sækjanda frá dómi án kröfu, sbr. 46. gr. eml. nr. 85/1936 og sbr. 4. gr. uppboðsl. nr. 57/1949.

Hvað varakröfu sækjanda áhrærir er þess að gæta, að það heyrir ekki undir uppboðsdóm að dæma um vanefndabætur verði uppboðskaupandi vís að því að standa ekki við uppboðsskilmála þá, sem honum hafa verð settir, sbr. 3. mgr. 35. gr. uppboðslaga.

Varðandi þrautavarakröfu sækjanda liggur fyrir í málinu, að d/b Kristínar Lúðvíksdóttur var tekið til einkaskipta og einkaskiptum lauk 18. janúar 1983.

Eftir þann tíma var eignin sett í einkasölu. Einkasala náði ekki fram að ganga, m.a. fyrir ósamþykki sækjanda máls þessa. Telja verður, að húseignin Skagabraut 26 hafi verið í vörslu sameigenda allra, þegar einkaskiptum var lokið, en þar eð sækjandi hefur ekki gert neinn reka að því að upplýsa upphæð eða tegund þeirra gjalda, sem stofnaðist fyrir þann tíma, þykir ekki fært að taka kröfu hans til þrautavara til greina.

Eins og mál þetta er vaxið, þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Því úrskurðast:

Úthlutun fari fram í samræmi við frumvarp þetta.

Þriðjudaginn 22. janúar 1985.

Nr. 12/1983. **Önundur Björnsson**
(Egill Sigurgeirsson hrl.)
gegn
Firði h/f
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Vinnusamningur. Sjómannalög. Launagreiðslur vegna slyss. Sjóveð.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 14. janúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 22. desember 1982. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 21.220,92 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. september 1981 til 21. apríl 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá krefst hann og, að viðurkennt verði, að hann eigi sjóveðrétt í b/v Erlingi, GK 6, til tryggingar dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Samkvæmt 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963 átti skipverji, sem varð óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, meðan á ráðningartíma stóð, rétt til kaups svo lengi sem hann var óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði, ef um var að ræða stýrimann, vélstjóra, bryta eða loftskeytamann, eða einn mánuð, ef skipverji gegndi annarri stöðu á skipi, og þó aldrei fleiri daga en hann hafði verið í þjónustu útgerðarmanns. Fólst í ákvæði þessu að skipverji átti rétt til launa vegna veikinda eða slysa allan hinn tiltekna tíma og það eins, þó að ráðningu hans væri slitið fyrir lok hans samkvæmt ákvæðum í skiprúmssamningi eða fyrir uppsögn. Var þetta og skýrum stöfum tekið fram í athugasemdum við nefnda 18. gr., er frumvarpið var lagt fram á Alþingi. Átti ákvæðið því jöfnum höndum við þá skipverja, sem ráðnir voru

tímabundinni ráðingu, og þá, sem ráðnir voru ótímabundið.

Með 1. gr. laga nr. 49/1980 var umræddu ákvæði 18. greinar sjómannalaga breytt í nokkrum atriðum til að auka rétt skipverja frá því sem verið hafði. Segir nú í ákvæði þessu, að skipverji, sem veikist eða slasast, skuli „eigi missa neins í af launum sínum í hverju sem þau eru greidd", meðan hann er óvinnufær. Er sá réttur til launa þó takmarkaður við tvo mánuði. Af hinum tilvitnuðu orðum leiðir, að sjómenn á fiskiskipum, sem veikjast eða slasast, meðan á ráðningartíma stendur, skulu halda í tvo mánuði eigi aðeins kauptryggingu, heldur og þeim aflahlut, ef því er að skipta, sem þeim hefði borið, ef þeir hefðu áfram gegnt þeirri stöðu, sem þeir höfðu á skipinu. Skiptir þá ekki máli fremur en verið hafði þótt vist veiks eða slasaðs skipverja á skipi hafi átt að ljúka fyrir lok þessa tíma samkvæmt ákvæðum ráðningassamings eða fyrir uppsögn. Er í þessu sambandi sérstaklega fram að taka, að sú takmörkun, sem fólst í niðurlagi 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963, tekur nú aðeins til þeirra, sem óvinnufærir verða vegna veikinda, en ekki þeirra, sem fyrir slysum verða.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefnda til að greiða áfrýjanda þá fjárhæð, sem hann krefur um í málinu, en um hana er enginn tölulegur ágreiningur eða um vaxtakröfuna. Þá verður stefndi og dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 22.000,00 krónur.

Samkvæmt 2. tl. 216. gr. siglingalaga nr. 66/1963 á áfrýjandi sjóveðrétt í b/v Erlingi, GK 5, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dómsorð:

Stefndi, Fjörður h/f, greiði áfrýjanda, Önundi Björnssyni, 21.220,92 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. september 1981 til 21. apríl 1982, en með dómvöxtum (hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma) frá þeim degi til greiðsludags, og samtals 22.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi á sjóveðrétt í b/v Erlingi, GK 6, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 15. júlí 1982.

Mál þetta, sem var dómtekið 24. júní sl., var þingfest á aukadómþingi Gullbringusýslu 21. apríl 1982. Af hálfu stefnda var án undanfarandi stefnubirtingar mætt við þingfestinguna.

Stefnandi er Önundur Björnsson guðfræðingur, nnr. 9900-5793, Vesturgötu 27, Reykjavík.

Stefndi er Fjörður h/f, nnr. 2361-8834, Garði, Gullbringusýslu.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 21.220,92 auk 37% ársvaxta frá 1.9. 1981 til 21.4. 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands svo og að viðurkenndur verði sjóveðréttur í b/v Erlingi, GK-6, fyrir öllum tildæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða honum málskostnað samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en málskostnaður verði felldur niður, tapi stefndi málinu.

Stefnandi var ráðinn sem háseti til einnar veiðiferðar á b/v Erling, GK-6, sem er skuttogari af minni gerð í eigu stefnda. Var stefnandi lögskráður hinn 23. júní 1981. Hinn 1. júlí s.á. varð stefnandi fyrir slysi við vinnu sína um borð í skipinu. Skipið kom til hafnar hinn 3 júlí, og var stefnandi þá afskráður. Stefnandi var óvinnufær til 18. ágúst, þ.e. í 46 daga. Telur hann sig eiga rétt til svonefndra staðgengilslauna þann tíma, en b/v Erlingur, GK-6, fór þá í fjórar veiðiferðir. Stefndi greiddi stefnanda kauptryggingu þennan tíma. Stefnukrafan er mismunur á hlut og kauptryggingu þann tíma, sem stefnandi var óvinnufær vegna slyssins, og er sundurliðuð þannig:

Hásetahlutur í veiðiferðum 4.7.-17.8.	kr. 28.985,56
Orlof	— 2.414,50
	kr. 31.400,06
÷ greitt með uppgjöri stefnda 26.8. 1981	— 10.179,14
	kr. 21.220,92

Stefnandi styður kröfu sína til launa í slysaforföllum við 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 49, 1980 og 28. gr. kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna.

Stefndi byggir sýknukröfu sýna á eftirfarandi:

1. Að stefnda beri engin skylda, m.a. með vísan til 3. mgr. 18. gr. sjó-

mannalaga, til að greiða stefnanda forfallakaup (slysakaup) þar sem hann hafi verið lausráðinn, þ.e. aðeins ráðinn til einnar veiðiferðar.

2. Að stefnandi hafi þegar fengið greitt það forfallakaup, sem hann hafi átt mestan rétt á að fá, þ.e. kauptryggingu, og geti þar af leiðandi ekki krafist frekari greiðslna.

Réttur skipverja til forfallakaups í tiltekinn tíma vegna sjúkdóms eða meiðsla sem hann verður fyrir, meðan á ráðningartíma stendur, styðst við 3. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67, 1963. Rétturinn sætir takmörkun vegna eftirfarandi ákvæðis í greinargerð um 10. gr. lagafrumvarpsins, sem breytti 18. gr. eldri sjómannalaga, nr. 41, 1930:". . . Hér er lagt til, að í nýrri málsgr. (sem verður 3. málsgr.) komi sú almenna regla, að þegar fastráðinn skipverji forfallast vegna sjúkdóms eða meiðsla, eigi hann rétt til launa tiltekinn tíma. . .". Með lögum nr. 49, 1980 var 18. gr. sjómannalaga breytt í ýmsum atriðum. Af orðum laganna eða greinargerð með þeim verður þó ekki ráðið, að niður sé felld sú takmörkun á rétti til forfallakaups, staðgengilslauna, að hans njóti aðeins fastráðnir skipverjar. Niðurfelling takmörkunarinnar verður heldur ekki leidd af eftirfarandi athugasemd við lagafrumvarpið: „Frumvarp þetta er flutt í samræmi við fyrirheit til sjómanna um aukin félagsleg réttindi. Meginmarkmið frumvarpsins er annars vegar að auka rétt sjómanna til greiðslu launa í veikinda- og slysatilfellum til samræmis við aukin réttindi landverkafólks á þessu sviði, sbr. 4., 5. og 6. gr. laga nr. 19 frá 1979. Hins vegar að tryggja sjómönnum réttmætar kaupgreiðslur eftir að afskráning hefur farið fram en á þessu hefur orðið nokkur misbrestur."

Í 28. gr. kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna er vísað til sjómannalaga um réttindi og skyldur í slysa- og veikindatilvikum skipverja.

Óumdeilt er í málinu, að stefnandi var lausráðinn í þjónustu stefnda, er hann slasaðist, þ.e. sem háseti b/v Erlings, GK-6, í einni veiðiferð.

Samkvæmt því, er að framan greinir, verða úrslit máls þessa þau, að sýkna ber stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Rétt þykir eftir atvikum, að hvor aðili beri kostnað sinn af rekstri málsins.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Hallur Stefánsson, settur sýslumaður.

Dómsorð:

Stefndi, Fjörður h/f, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Önundar Björnssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 23. janúar 1985.

Nr. 197/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Höskuldi Skagfjörð Sigurðssyni
(Brandur Brynjólfsson hrl.)

Bann við hundahaldi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónson, Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson.

Ríkissaksóknari hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. ágúst 1984. Málinu er áfrýjað að ósk ákærða og einnig af hálfu ákæruvalds til þyngingar.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 22. nóvember 1984.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkursvæðis um, að ákærði hafi sótt um leyfi til að halda á heimili sínu hund þann, sem ákært er fyrir í máli þessu, og verði umsóknin afgreidd 22. janúar 1985.

Samþykkt nr. 385/1984 um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur hefur nú leyst reglugerð nr. 61/1924 af hólmi. Samkvæmt 1. gr. hinnar nýju reglugerðar er hundahald bannað í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, en samkvæmt 2. gr. hennar er borgarstjórn heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem þar búa, leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæminu með ákveðnum skilyrðum. Hvorki refsinæmi verknaðar né refsingu hefur verið breytt sökunaut til hags með hinni nýju reglugerð, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Síðari undanþága, þótt veitt yrði, breytir ekki refsinæmi verknaðar þess, sem hér er ákært fyrir.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms, sbr. nú 1. gr. og 7. gr. fyrrnefndrar reglugerðar nr. 385/1984, ber að staðfesta hann, en greiðslufrest sektar ber að telja frá birtingu dóms þessa.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar svo sem í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur, en greiðslufrestur sektar skal vera 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Höskuldur Skagfjörð Sigurðsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Brands Brynjólfssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 13. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Birgi Þormar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 65/1984: Ákæruvaldið gegn Höskuldi Skagfjörð Sigurðssyni, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali dagsettu 28. október 1983, gegn ákærða, Höskuldi Skagfjörð Sigurðssyni leikara, Hverfisgötu 23 í Reykjavík, fæddum 11. febrúar 1917 í Hofsgerði í Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu, ,,fyrir að hafa, eftir dómsátt, sem gerð var við ákærða í sakadómi Reykjavíkur 20. október 1982, fyrir hundahald í Reykjavík, haldið hund þar áfram, án þess að hafa til þess leyfi.

Telst brot hans varða við 1. gr., sbr. 2. gr. reglugjörðar um hundahald í Reykjavík nr. 61, 1924 og 65. gr., sbr. 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2, 1930 með áorðnum breytingum, sbr. 1. og 7. gr. laga um hundahald og varnir gegn sullaveiki nr. 7, 1953, sbr. 10. gr. laga um breyting á almennum hegningarlögum nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 34, 1980, og um breyting á sektarmörkum nokkurra laga nr. 75, 1982.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði ekki sætt refsingum, sem hér skipta máli, að því undanskildu, að hinn 20. október 1982 gekkst hann í sakadómi Reykjavíkur undir greiðslu 5.000 króna sektar fyrir brot gegn 65. grein lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2, 1930 um hundahald og varnir gegn sullaveiki.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 21. desember 1982 sáu lögreglumenn, er voru á eftirlitsferð við Lindargötu, lausan hunda á gangi. Hljóp hann að húsi nr. 23 við Hverfisgötu. Er lögreglumenn komu þangað, hittu þeir ákærða. Hann kvaðst eiga hundinn.

Ákærði gaf skýrslu um mál þetta hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 21. janúar 1983. Hann kvaðst hafa haldið hundinn sl. tvö ár. Ekki kvaðst hann hafa hug á að losa sig við hundinn þrátt fyrir bann gegn hundahaldi.

Lögreglan í Reykjavík hafði afskipti af hundi ákærða hinn 9. mars og 15. júlí 1983. Í bæði skiptin voru teknar skýrslur af ákærða, og lýsti hann því þá yfir, að hann hefði ekki hug á að losa sig við hundinn.

Ákærði hefur fyrir dómi viðurkennt, að efni ákærunnar sé rétt. Með játningu hans, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um atferli það, sem honum er gefið að sök í ákæruskjali og þar er rétt heimfært til refsiákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 6.500 króna sekt, er renni til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði greiði 6.500 króna sekt til ríkissjóðs inna 4 vikna frá uppkvaðningu dómsins, en sæti ella varðhaldi í 8 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Mánudaginn 28. janúar 1985.

Nr. 13/1984 **Bjarni Snorrason**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Ingvari Helgasyni h/f og
(Ingi Ingimundarson hrl.)
Bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar h/f
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Fjárnám. Uppboð. Þinglýsing. Bifreiðaskráning.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. janúar 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s.m. Hann krefst þess, að synjað verði kröfum um, að hið umbeðna nauðungaruppboð á bifreiðinni G 2380 nái fram að ganga og að fjárnám í bifreiðinni, gerð 14. júlí 1983 og 18. júlí 1983, verði úr gildi felld. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytisins 22. febrúar 1984.

Stefndi Ingvar Helgason h/f gerir þær dómkröfur, að staðfest verði fjárnámsgerð í fógetarétti Hafnarfjarðar frá 18. júlí 1983 í bifreiðinni G 2380, að staðfestur verði úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar, uppkveðinn 2. desember 1983, og að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Bifreiðaverkstæði Árna Gíslasonar h/f krefst þess, að úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar frá 2. desember 1983 verði staðfestur og þar með fjárnámsgerð frá 14. júlí 1983. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Bú Valgeirs Ásgeirssonar var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar 30. nóvember 1983. Hefur áfrýjandi stefnt þrotabúinu fyrir Hæstarétt til að gæta réttar síns í málinu. Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, en þingsókn af hans hálfu fyrir Hæstarétti féll niður, án þess að kröfur væru gerðar af hans hendi.

Með afsali 7. maí 1983 afsalaði Valgeir Ásgeirsson áfrýjanda bifreiðinni G 2380, og var Valgeir þá skráður eigandi bifreiðarinnar í ökutækjaskrá. Var bifreiðin enn skráð eign seljanda, Valgeirs Ásgeirssonar, er hin áfrýjuðu fjárnám voru gerð í bifreiðinni. Var þar um að ræða fjárnám 14. júlí 1983 að kröfu „Bílaleigu Á.G." fyrir 13.925,00 krónum samkvæmt aðfararhæfri áskorunarstefnu á hendur nefndum Valgeiri auk vaxta og kostnaðar og fjárnám 18. júlí 1983 að kröfu Ingvars Helgasonar, heildverslunar, fyrir 7.634,00 krónum, einnig á hendur Valgeiri samkvæmt aðfarahæfri áskorunarstefnu, auk vaxta og kostnaðar.

Eigi er ágreiningur um aðild stefndu í máli þessu.

Eigi kemur fram, að réttargæslustefndi hafi haft uppi neinar kröfur út af bifreiðakaupum þeim, sem í málinu greinir. Stendur 58. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 eigi í vegi fyrir því, að dæmt sé

um gildi hinna áfrýjuðu fjárnáma, eins og málið hefur verið lagt fyrir Hæstarétt.

Fallast ber á það með héraðsdómi, að skýra eigi ákvæði 43. gr. og 2. málsgr. 29. gr., sbr. 46. gr. þinglýsingalaga svo, að eignarréttur áfrýjanda, sem ekki var skráður í ökutækjaskrá, verði að þoka fyrir þinglýstum dómveðum samkvæmt hinum áfrýjuðu fjárnámsgerðum.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að staðfesta hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir og hinn áfrýjaða úrskurð uppboðsréttar.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður. Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda Jóhanns H. Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Það athugast, að þess er eigi getið í hinum afrýjuðu fjárnámsgerðum, með hvaða heimild Einar Baldvin Stefánsson kom fram fyrir hönd Valgeirs Ágeirssonar.

Dómsorð:

Hinar áfrýjuðu fjárnámsgerðir eru staðfestar.

Hinn áfrýjaði úrskurður uppboðsréttar á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Allur gjafsóknarkostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Bjarna Snorrasonar, Jóhanns H. Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Úrskurður uppboðsréttar Hafnarfjarðar 2. desember 1983.

Ár 1983, föstudaginn 2. desember, er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður í uppboðsréttarmálinu nr. 889/1983: Ingvar Helgason, heildverslun, og Bílaleiga Á.G. gegn Valgeiri Ásgeirssyni og til meðalgöngu Bjarni Snorrason í uppboðsrétti Hafnarfjarðar.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi hinn 4. nóvember 1983.

Uppboðsbeiðendur máls þessa eru Jón Þóroddsson hdl., Klapparstíg 26,

Reykjavík, f.h. Ingvars Helgasonar, heildverslunar, og dr. Gunnlaugur Þórðarson, hrl., Suðurlandsbraut 20, Reykjavík, f.h. Bílaleigu Á.G.

Uppboðsþoli er Valgeir Ásgeirsson, Langholtsvegi 143, Reykjavík, áður Álfaskeiði 92, Hafnarfirði.

Uppboðsbeiðendur gera þær réttarkröfur, að bifreiðin G-2380, Chevrolet Camaro, árgerð 1976, verði seld á nauðungaruppboði á grundvelli fjárnáma frá 14. og 18. júlí 1983, sem þinglýst var 20. júlí og 2. ágúst 1983. Uppboðsbeiðendur gera jafnframt kröfu um málskostnað í þessum þætti málsins.

Af hálfu uppboðsþola hefur ekki verið sótt þing í máli þessu, og hafa engar kröfur komið fram af hans hálfu.

Af hálfu meðalgönguaðilja, Bjarna Snorrasonar, Urðarbraut 20, Blönduósi, en með aðsetur að Leifsgötu 23, Reykjavík, hefur Steingrímur Þormóðsson hdl., Lágmúla 5, Reykjavík, gert þær kröfur í máli þessu, að umbeðið uppboð skuli ekki ná fram að ganga og að honum verði dæmdur hæfilegur málskostnaður úr hendi uppboðsbeiðenda.

Samkvæmt ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins var umrædd bifreið skráð þar eign uppboðsþola, Valgeirs Ásgeirssonar, hinn 27. janúar 1983. Meðalgönguaðili byggir varnir sínar á því, að hann hafi verið orðinn eigandi bifreiðarinnar, er fjárnámin voru gerð. Lagt hefur verið fram í málinu afsal dags. 7. maí 1983, þar sem uppboðsþoli afsalar bifreiðinni til meðalgönguaðilja.

Álit réttarins.

Það virðist alfarið á ábyrgð meðalgönguaðilja, að dráttur varð á, að hann umskráði bifreiðina á sitt nafn, sbr. 14. gr. laga nr. 40/1968. Uppboðsþoli var skráður eigandi bifreiðarinnar, er umrædd fjárnám voru gerð, og er enn. Fjárnámum uppboðsbeiðenda var þinglýst athugsemdalaust. Meðalgönguaðilja var nauðsynlegt að láta skrá eignarrétt sinn að bifreiðinni í ökutækjaskrá Bifreiðaeftirlits ríkisins til þess að tryggja sig fyrir fullnustugerðum skuldheimtumanna uppboðsþola í bifreiðinni. Að þessu leyti kemur skrásetning í stað þinglýsingar, þegar t.d. um fasteign er að ræða. Mótmæli gegn framgangi uppboðsins eru því ekki tekin til greina með vísan til 2. og 3. mgr. 43. gr., sbr. 2. mgr. 29. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978, og 14. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Hin umbeðna uppboðsgerð skal því fara fram á kostnað uppboðsþola, en ábyrgð uppboðsbeiðenda, enda hefur uppboðsheimildum þeirra ekki verið skotið til æðra dóms, sbr. 7. gr. laga um nauðungaruppboð 57/1949.

Enginn tölulegur ágreiningur er um kröfur uppboðsbeiðenda.

Málskostnaður fellur niður.

Hlöðver Kjartansson, aðalfulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan, og hefur uppkvaðningin dregist vegna anna hans við önnur embættisverk.

Úrskurðarorð:

Hin umbeðna uppboðsgerð skal fara fram á kostnað uppboðsþola en ábyrgð uppboðsbeiðenda.

Málskostnaður fellur niður.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 14. júlí 1983.

Ár 1983, fimmtudaginn 14. júlí, er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 92 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Oliverssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: Bílaleiga Á.G. gegn Valgeiri Ásgeirssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Árni Einarsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 13.925,00 með 5% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 31. mars 1983 til greiðsludags, kr. 35,00 í stimpilkostnað, kr. 620,00 v/gerðarbeiðni, kr. 3.602,00 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Einar Baldvin Stefánsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjárnáms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni G-2380, Chevrolet Camaro, árgerð 1976. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Hafnarfjarðar 18. júlí 1983.

Árið 1983, mánudaginn 18. júlí, er fógetaréttur Hafnarfjarðar settur að Álfaskeiði 92 og haldinn með undirrituðum vottum af Bergi Óliverssyni fulltrúa. Fyrir er tekið fógetamálið: Ingvar Helgason, heildverslun, gegn Valgeiri Ásgeirssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Jón Þóroddsson hdl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 7.634,00 með 5% vöxtum á mánuði eða brot úr mánuði frá 3. febrúar 1983 til greiðsludags, kr. 620,00 v/gerðarbeiðni, kr. 3.255,00 í málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ, kostnað við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli, sem býr hér, er ekki viðstaddur. Fyrir hann mætir Einar Baldvin Stefánsson.

Mætti kveðst aðspurður ekki greiða kröfu gerðarbeiðanda. Fógeti áminnir mætta um sannsögli og skorar á hann að benda á eignir til fjáráms.

Að kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsir fógeti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, bifreiðinni G-2380, Chevrolet Camaro, árgerð 1976. Fallið er frá virðingu.

Fógeti gætir leiðbeiningarskyldu sinnar gagnvart mætta, sem er ólöglærður, og brýnir m.a. fyrir honum að tilkynna gerðarþola fjárnámið og að ekki megi ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er fari í bága við gerð þessa, að viðlagðri ábyrgð að lögum.

Upplesið, staðfest. Gerðinni lokið.

Miðvikudaginn 30.janúar 1985.

Nr. 78/1983. **Hrafn Björnsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Jóhannesi Jenssyni
(Hákon Árnason hrl.)

Lausafé. Kaup og sala. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 12. apríl 1983, að

fengnu áfrýjunarleyfi 16. mars 1983 samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur svo og meðferð málsins frá og með dómþingi 4. nóvember 1982 og að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju. Til vara krefst hann sýknu af öllum kröfum stefnda. Þá krefst hann í báðum tilvikum málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi styður aðalkröfu sína um ómerkingu og heimvísun þeim rökum, að hvorki hann né lögmaður hans hafi haft neina vitneskju um þinghald það, sem háð var 4. nóvember 1982, þegar málið var dómtekið í héraði. Hvorugur þeirra hafi komist til þinghalds þess, er haldið var 28. október, þar sem ófært hafi verið með öllu til Ísafjarðar þann dag. Lögmanni áfrýjanda hafi tekist að ná símasambandi við dómara málsins og tilkynnt honum forföll, en ekkert hafi verið rætt um, hvenær málið skyldi taka fyrir að nýju.

Í hinum áfrýjaða dómi greinir frá því, að lögmaður áfrýjanda hafi náð sambandi við dómarann í þinghaldi 28. október 1982 og hafi dómarinn tilkynnt honum um frestun málsins til 4. nóvember, kl. 15.00. Í þinghaldinu 28. október er bókað í þingbók: „Mættur er í réttinum f.h. stefnanda Arnar G. Hinriksson hdl. og lýsir því yfir að vegna samgöngu- og fjarskiptaörðugleika telji hann eðlilegt að málinu sé frestað um viku. Dómari getur þess að hann hafi nú í þinghaldinu náð sambandi við lögmann stefnda og tilkynnt honum um frestunina. Dómari frestar því málinu til 4. nóv. n.k. kl. 15.00."

Undir bókun þessa rita lögmaður stefnda og dómari auk tveggja þingvotta.

Samkvæmt framanritaðri bókun dómara í þingbók, sem ekki hefur verið hnekkt, verður að leggja til grundvallar, að lögmanni áfrýjanda hafi verið tilkynnt um væntanlega fyrirtekt málsins hinn 4. nóvember 1982, kl. 15.00. Verður krafa áfrýjanda um ómerkingu hins áfrýjaða dóms og heimvísun málsins því ekki tekin til greina.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að telja, að stefnda hafi verið heimilt hinn 14. júní 1982 að rifta kaupsamningi þeim, er aðiljar gerðu 2. apríl 1982. Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um, að áfrýjandi greiði stefnda 35.000,00 krónur með

vöxtum eins og í dóminum greinir, þó þannig, að upphafstími vaxta miðist við 14. júní 1982.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 16.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Viðurkennt er, að stefnda, Jóhannesi Jenssyni, hafi verið heimilt að rifta framangreindum kaupsamningi hinn 14. júní 1982.

Áfrýjandi, Hrafn Björnsson, greiði stefnda 35.000,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 14. júní 1982 til 16. s.m., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 16.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Ísafjarðarsýslu 25. nóvember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. nóv. s.l., höfðaði Jóhannes Jensson, 5082-3741, Eyrargötu 5, Flateyri, gegn Hrafni Björnssyni, 4296-9524, Sólvöllum, Flateyri með stefnu, birtri hinn 16. júní s.l.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að kaupsamningi, dags. 2.4. 1982, milli Flugfisks, Flateyri, sem er einkafyrirtæki stefnda, og stefnanda verði rift með dómi og að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 35.000,00 auk dómvaxta af kr. 6.000 frá 26.3. 1982 til 2.4. 1982, af kr. 12.500 frá þeim degi til 5.6. 1982 og af kr. 35.000 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Jafnframt krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

II.

Málavextir eru þeir, að 2. apríl 1982, gerðu stefnandi og stefndi með sér skriflegan kaupsamning um, að stefndi seldi stefnanda 1 stk. fiskibát af gerðinni Flugfiskur 2200. Kaupverð, sem var kr. 60.500, átti að greiðast þannig:

Hinn 26. mars 6.000,00 kr.
Hinn 2. apríl 6.500,00 kr.
Eftirstöðvar 48.000 áttu að greiðast með kr. 2.500 á viku, og skyldu greiðslurnar vera vaxtalausar.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að munnlegt samkomulag hafi verið um það, að báturinn skyldi afhentur í umsömdu ásigkomulagi í lok apríl. Stefnda hafi síðan verið veittur frestur fram í maí til afhendingarinnar.

Stefndi hafi síðan tilkynnt stefnanda með bréfi, dags. 10.6. 1982, að báturinn yrði ekki afhentur að svo stöddu. Stefnda hafi verið kunnugt um það, að stefnandi hygðist nota bátinn á siglingahátíð á Ísafirði 25.-27. júní 1982. Forsendur kaupanna hafi því verið brostnar. Brostnar forsendur og afhendingardráttur veiti því stefnanda rétt til riftunar. Með bréfi, dags. 14. júní 1982, var stefnda tilkynnt um riftun á kaupsamningnum og jafnframt krafist endurgreiðslu á innborguðu fé samkvæmt kaupsamningnum. Stefnandi byggir kröfu sína á 21. gr. l. 39/1922 um lausafjárkaup og rétt stefnanda til endurgreiðslu og skaðabóta skv. almennum reglum kröfu- og samningaréttarins.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að ekkert hafi verið samið um afhendingartíma bátsins, og mótmælir hann staðhæfingu stefnanda um afhendingartíma og því, að honum hafi verið kunnugt um að nota ætti bátinn á umræddri siglingahátíð. Stefnandi hafi starfað hjá stefnda við að steypa báta úr trefjaplasti. Stefnandi hafi gefið sig út sem sérfræðing við slíka vinnu. Hins vegar hafi vinna hans reynst stórgölluð samkvæmt mælingum Siglingamálastofnunar ríkisins, sbr. dómskjal nr. 8, á bátum þeim, er stefnandi hafi séð um að steypa, og eigi stefndi rétt á bótum úr hendi stefnanda vegna þess tjóns, sem hann hafi orðið fyrir af þessum sökum. Stefndi mótmælir vaxtakröfu stefnanda, bæði upphafstíma og vaxtafæti, sem eigi sé í samræmi við lagavenju né lög nr. 56/1979.

IV.

Mál þetta var þingfest 24. júní 1982 og þá frestað til 2. sept. s.l. til framlagningar greinargerðar af hálfu stefnda. Í því þinghaldi lagði stefndi fram greinargerð sína, máli var síðan frestað óákveðið til frekari gagnaöflunar. Með skeyti 20. okt. 1982 var aðiljum boðað, að málið yrði tekið fyrir 28. okt., kl. 15. Þann dag var ófært til Ísafjarðar og lélegt símasamband við Reykjavík, þar sem lögmaður stefnda býr. Lögmaður stefnanda lýsti því yfir í því þinghaldi, að hann féllist á frest í málinu til 4. nóv., kl. 15.00, vegna samgönguerfiðleika. Lögmaður stefnda náði símasambandi við

dómarann í því þinghaldi, og var honum tilkynnt um frestunina. Í þinghaldi 4. nóv. var ekki mætt af hálfu stefnda og málið því dómtekið að kröfu stefnanda.

V.

Álit dómsins.

Ekki er ágreiningur um það í máli þessu, að stefnandi hafi greitt stefnda kr. 35.000,00 vegna kaupa á umræddum fiskibát. Ósannað er, hvenær afhenda skyldi stefnanda bátinn skv. kaupsamningi þeim, er stefndi og stefnandi undirskrifuðu 2. apríl 1982. Með bréfi, dags. 10. júní 1982, tilkynnti stefndi hins vegar, að bátur sá, er stefnandi ætti í pöntun hjá stefnda skv. áðurnefndum samningi, yrði ekki afhentur né lokið við hann. Stefndi greinir þá ástæðu fyrir synjun á afhendingu, að vinna stefnanda við steypun á bátnum hjá stefnda hafi reynst stórgölluð samkvæmt áður tilvitnuðu bréfi Siglingamálstofnunar ríkisins og því afhendist báturinn ekki fyrr en mál þeirra séu útkljáð. Verður við það að miða í máli þessu, eins og það liggur hér fyrir, að með þessari synjun stefnda um afhendingu bátsins hafi komið til þær forsendur, sem heimili stefnanda að rifta kaupin við stefnda, þar sem stefndi hefur eigi sýnt fram á, að honum hafi verið heimilt að synja um afhendingu bátsins. Verður því krafa stefnanda um, að dæmt verði, að kaupsamningi aðiljanna sé rift, tekin til greina. Ber því að dæma stefnda til að endurgreiða stefnanda allt það fé, sem stefnandi hefur greitt stefnda skv. kaupsamningi þeirra frá 2. apríl 1982.

Upphafsdag vaxta ber að miða við það hvenær stefndi gat hagnýtt sér fé stefnanda, sem verður að teljast fra þeim tíma, er hann tók við greiðslum vegna umrædds kaupsamnings.

Samkvæmt 1. gr. l. nr. 56/1979 er heimilt að dæma dómvexti frá birtingartíma stefndu, og verður við það að miða í máli þessu, en hæstu innlánsvextir dæmast af innborguðu fé fram að þeim tíma. Miðað við þessi málsúrslit ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málflutningslaun, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 6.000,00.

Guðmundur Sigurjónsson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kaupum á fiskibát af gerðinni Flugfiskur 2200 samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 2. apríl 1982, milli stefnanda, Jóhannesar Jenssonar, og stefnda, Hrafns Björnssonar, er riftað. Stefndi greiði stefnanda kr. 35.000 með 37% ársvöxtum af kr. 6.000 frá 26. mars 1982 til 2. apríl 1982, en af kr. 12.500 til 5. júní 1982, en af kr. 35.000

frá þeim degi til 16. júní 1982, en með dómvöxtum af 35.000 frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda kr. 6.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 30. janúar 1985.

Nr. 222/1982. **Guðmundur Ragnarsson**
(Jón G. Briem hrl.)
gegn
Húsfélögunum Mávabraut 3, 5, 7, 9 og 11 í Keflavík
(Garðar Garðarsson hrl.)

Verksamningur. Skaðabætur. Fjárnám. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. nóvember 1982 skv. heimild í 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. s.m.

Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði dæmt að greiða honum 31.243,38 krónur auk 4,5% dráttarvaxta frá 1. okt. 1979 til 1. júní 1980, en 4,75% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er þess krafist, að stefndu verði dæmdir til að greiða áfrýjanda sömu fjárhæð, en með 27% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. desember s.á, en 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til 13. febrúar 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til þrautavara er krafist greiðslu á lægri fjárhæð að mati dómsins auk vaxta. Þá krefst áfrýjandi þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum í gagnsök í héraði og að fellt verði úr gildi fjárnám, er gert var í húseign hans að Norðurgarði 1, Keflavík, hinn 7. september 1982, á grundvelli hins áfrýjaða dóms. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti upplýsti lögmaður stefndu að fasteignirnar nr. 3,5,7,9 og 11 við Mávabraut í Keflavík væru tvö raðhús og þrjú fjölbýlishús með fimm húsfélögum. Engin athugasemd er gerð af hálfu stefndu út af varnaraðildinni.

Í verksamningi málsaðilja frá 18. júní 1979 hefur áfrýjandi áskilið sér rétt til aukaþóknunar í samræmi við verðhækkanir, að undanskildu endurgjaldi fyrir malbik og undirlag, er hann seldi á föstu verði, 7.400.000 gkr. Samkvæmt þessum áskilnaði hefur áfrýjandi krafið stefndu um 620.647 gkr. vegna verðhækkana á samningstíma. Í kröfugerð sinni reiknar áfrýjandi með 12,7% meðaltalshækkun á tiltekna kostnaðarliði í vísitölu byggingarhluta fjölbýlishúsa skv. riti Rannsóknastofnunar byggingariðnaðarins, útg. í október 1979 í Reykjavík.

Nægilega er í ljós leitt og að nokkru viðurkennt af stefndu í gögnum máls, að kostnaðarhækkanir urðu á verktímanum.

Með þetta í huga þykir áfrýjandi eiga rétt til nokkurrar aukagreiðslu úr hendi stefndu vegna verðhækkana á samningstímanum. Ákveðst hún 4.000,00 krónur, enda þykir fullvíst, að með því sé ekki hallað á stefndu.

Svo sem fram kemur í matsgerð hinna dómkvöddu manna svo og í héraðsdóminum, var verki áfrýjanda í þágu stefndu stórlega áfátt. Ber áfrýjandi sem verktaki skaðabótaskyldu gagnvart stefndu vegna þessara galla.

Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum samdómendum, hefur metið þessar bætur á 50.970,00 krónur. Með hliðsjón af mati hinna dómkvöddu manna þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu, sem ekki hafa gagnáfrýjað málinu, þá fjárhæð. Hefur þá verið tekið tillit til þeirra verðbóta, sem áfrýjandi telst eiga rétt á samkvæmt framansögðu. Ber því að staðfesta niðurstöður héraðsdómsins. Þá ber og að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 19.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Framangreind fjárnámsgerð er staðfest.

Áfrýjandi, Guðmundur Ragnarsson, greiði stefndu, Húsfélögunum Mávabraut 3-5-7-9 og 11, 19.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Í aðalkröfu sinni í gagnsök í héraði kröfðust stefndu fébóta úr hendi áfrýjanda vegna galla á verki hans ásamt vöxtum af bótafjárhæð frá 26. október 1981. Samkvæmt því og þar sem stefndu eru dæmdar fébætur úr hendi áfrýjanda með hæstaréttardómi þessum, en áðurgreind dráttarvaxtakrafa stefndu hefur engum sérstökum andmælum sætt, teljum við, að dæma beri áfrýjanda til að greiða stefndu vexti af hinni dæmdu bótafjárhæð frá 26. október 1981. Að öðru leyti erum við samþykkir dómsatkvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 8. júní 1982.

I.

Mál þetta, sem var dómtekið 11. maí sl., hefur stefnandi, Guðmundur Ragnarsson, Norðurgarði 1, Keflavík, (vegna Hellugerðarinnar Hafnargötu 7, Keflavík), höfðað með stefnu, birtri 13. febrúar 1981, á hendur Húsfélaginu Mávabraut 3-5-7-9-11, Keflavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 31.243,38 auk 4,5% dráttarvaxta frá 1. október 1979 til 1. júní 1980, en 4,75% dráttarvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara er krafist greiðslu á sömu fjárhæð með 27% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. desember s.á., en 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980 og 35% ársvöxtum frá þeim degi til birtingardags stefnu, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar. Til þrautavara er krafist greiðslu á lægri fjárhæð að mati dómsins auk vaxta og málskostnaðar.

Stefndi krefst sýknu af öllum dómkröfum stefnanda, en til vara veru-

legrar lækkunar. Þá krefst hann greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Með stefnu, útgefinni 1. desember 1981, höfðar Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl., nnr. 9320-1027, Hafnargötu 31, Keflavík, fyrir hönd húsfélags fjölbýlishúsanna Mávabraut 3-11, Keflavík, mál hér fyrir dóminum gegn Guðmundi Ragnarssyni verktaka, nnr. 3099-4647, Norðurgarði 1, Keflavík, vegna einkafyrirtækis hans, Hellugerðarinnar, Hafnargötu 7, Keflavík. Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 340.000,00 og matskostnað kr. 22.838,00, með 34% ársvöxtum frá 26. október 1981 til 16. desember s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Til vara er krafist afsláttar, kr. 101.934,00 með 27% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 16. desember s.á., en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá er krafist matskostnaðar, kr. 22.838,00 og vaxta af henni (sic) eins og í aðalkröfu.

Krafist er greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnda samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Þess er krafist, að málið verði sameinað framangreindu bæjarþingsmáli og rekið sem gagnsök í því máli. Krafist er skuldajafnaðar við hugsanlega dómsniðurstöðu í því máli, en sjálfstæðs dóms um þá fjárhæð, sem fram yfir kann að verða dæmd.

Gagnstefndi gerir þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum gagnstefnanda, en til vara, að þær verði lækkaðar verulega að mati dómsins. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnstefnanda samkvæmt lágmarks gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

II.

Aðalstefnandi, sem er slökkviliðsmaður, en starfrækir jafnframt sem einkafyrirtæki sitt Hellugerðina, Hafnargötu 7, Keflavík, og aðalstefndi gerðu hinn 18. júní 1979 verksamning um, að aðalstefnandi skyldi gera og ganga frá bifreiðastæði o.fl. (umferðareyjar, gangstéttir, niðurföll, kantsteinar) á stórri lóð, sem afmarkast á þrjá vegu af rað- og fjölbýlishúsum nr. 3,5,7,9, og 11 við Mávabraut, Keflavík.

Við samningsgerð lágu fyrir uppdrættir Kjartans Rafnssonar tæknifræðings, er sýndu langsnið og þversnið niðurfallalagna og grunnmynd plans og niðurfallalagna. Einnig var lagður til grundvallar tillöguuppdráttur aðalstefnda um breytingu á umferðareyjum og um gangstéttar og fleira, sem kemur ekki fram á uppdráttum Kjartans Rafnssonar. Jafnhliða samningsgerð var gerð verklýsing um malbikun á bílastæðum, hellulögn, steyptar umferðareyjar og stéttar og niðurfallslagnir.

Heildarverð samkvæmt verksamningnum var gkr. 14.562.900, og skyldu

gkr. 5.000.000 greiðast við undirritun samnings, gkr. 4.000.000 18. júlí 1979 og eftirstöðvar við lok verksins. Í samningnum eru að auki eftirfarandi ákvæði: „Verð er miðað við verðlag eins og það er þegar samningur er undirritaður. Verði um verðhækkanir að ræða áður en verki lýkur, áskilur verktaki sér rétt til aukaþóknunar í samræmi við það. Að undanskildu malbiki og undirlagi, sem er verðfast." „Dagsektir skulu vera 0,25% af heildarverði eða kr. 36.407,00 á dag sé verkinu ekki lokið fyrir 1. sept. 1979."

Aðalstefndi greiddi inn á verkið sem hér segir:

1.	Við undirritun verksamnings	gkr.	5.000.000
2.	Hinn 2.7.1979	—	300.000
3.	-"- 5.7.-"-	—	100.000
4.	-"- 6.7.-"-	—	300.000
5.	-"- 27.7.-"-	—	4.000.000
6.	-"- 8.10.-"-	—	980.000
7.	-"- 24.10.-"-	—	75.000
8.	-"- 24.10.-"-	—	394.034
	Samtals	gkr.	11.149.034

Aðalstefnandi sundurliðar dómkröfu sína þannig:

1.	Ógreiddar eftirstöðvar samkvæmt verksamningi ..	gkr.	3.413.866
2.	Verðhækkanir á samningstíma	—	620.647
3.	Að frádregnum dagsektum, 25 × gkr. 36.407 ...	—	910.175
	Samtals	gkr.	3.124.338

Um 1. Fjárhæð eftirstöðva samkvæmt verksamningi sætir ekki andmælum af hálfu stefnda að öðru leyti en því, að þar sem aðalstefnandi hafi ekki skilað verkinu í umsömdu ástandi, beri honum ekki fullt endurgjald. Hún er studd fullnægjandi gögnum, og ber að taka þennan kröfulið til greina.

Um 2. Með hliðsjón af hinum skamma tíma, sem ætlaður var til að ljúka verkinu og hvernig greiðslum aðalstefnda skyldi háttað svo og vegna skorts á ákveðnum viðmiðunum til útreiknings, þykir bera að sýkna aðalstefnda af þessum kröfulið.

Um 3. Dómkrafa aðalstefnanda er á því reist, að til frádráttar komi dagsektir í 25 daga. Verkinu hafi verið skilað 1. október 1979. Þá hafi reyndar verið eftir að ljúka við steinsteyptar eyjar. Rafveita Keflavíkur hafi fyrst átt að setja niður ljósastaura í eyjarnar, en það hafi dregist, þannig

að ekki hafi verið unnt að ljúka verkþættinum fyrr en 15. október. Þessi dráttur sé á ábyrgð verkkaupa (aðalstefnda) eða manna, sem hann beri ábyrgð á. Þá hafi farmannaverkfall valdið því, að frárennslisrör komu ekki á réttum tíma, og verkið tafist í 5 daga af þeim sökum, en samkvæmt munnlegu samkomulagi við Guðmund Margeirsson, sem verið hafi í fyrirsvari fyrir aðalstefnda, skyldi farmannaverkfall verða á áhættu aðalstefnda, ef það hindraði efnisútvegun.

Af hálfu aðalstefnda er á því byggt, að verkinu sé enn ólokið og dagsektir því enn áfallandi, og jafnframt bent á, að samkvæmt eigin frásögn hafi stefnandi ekki lokið verkinu fyrr en 15. október 1979 (dagsektir þá gkr. 1.638.320) og að samkvæmt úttekt Kjartans Rafnssonar hafi því ekki verið lokið hinn 15. nóvember s.á. (dagsektir þá gkr. 2.730.530).

Guðmundur Margeirsson, sem á þeim tíma er um ræðir í málinu var fulltrúi húsfélagsins Mávabrautar 7-9 í stjórn Húsfélagsins Mávabrautar 3,5,7,9 og 11 kvaðst, hér fyrir dómi, hafa vitað að eitthvað stóð á að rörefni í lagnir væri fáanlegt.

Samkvæmt framlögðu vottorði rafveitustjóra Rafveitu Keflavíkur voru umræddir ljósastólpar settir upp hinn 10. október 1979.

Í framlagðri skýrslu Kjartans Rafnssonar tæknifræðings, dags. 10. nóvember 1979, gerir hann grein fyrir ýmsum atriðum, sem hann telur athugaverð við framkvæmd og frágang umræddra verks.

Það er álit dómsins, að ekki verði talið, að verkinu sé enn ólokið og dagsektir því enn áfallandi, þótt það sé ekki gallalaust, eins og síðar mun frá greint. Fallist er á röksemdir aðalstefnanda fyrir því, að á lyktum verksins hafi orðið töf í 25 daga sem hann beri ábyrgð á, og ber því að draga gkr. 910.175 frá þeirri fjárhæð, sem honum er að öðru leyti tildæmd í aðalsök.

III.

Hinn 10. apríl 1981 voru verkfræðingarnir Gunnar Scheving Thorsteinsson og Stanley Pálsson dómkvaddir til að „skoða og meta bifreiðastæði, umferðareyjar, gangstéttir, niðurföll og kantsteina á lóð fjölbýlishúsanna Mávabraut 3-11, Keflavík með tilliti til teikninga, verklýsingar og verksamninga."

Matsgerð, dagsett 26. október 1981, er svohljóðandi:

„. . .

2. *SAMANBURÐUR Á ÁÆTLUÐU ÁSTANDI SAMKVÆMT HÖNNUN — VERKSAMNINGI OG RAUNVERULEGU ÁSTANDI*

2.1. *Almennt*

Hönnun verksins annaðist Kjartan Rafnsson tæknifræðingur, Hafnargötu 32, Keflavík.

Svo virðist sem verktaki hafi ekki fengið nema eina teikningu í hendur frá hönnuði — nánar tiltekið teikn. nr. 01 — Grunnmynd plans og niðurfallslagna — í mælikvarða 1:100 dags. október 1978 (dómskjal nr. 1).

Af þeirri teikningu verður ekki ráðið hvernig ganga átti frá malbiksköntum meðfram raðhúsunum og húsunum nr. 9-11 né heldur hvernig gangbrautirnar meðfram húsunum áttu að vera eða hvernig þær áttu að tengjast tröppum húsanna nr. 9-11 og portum raðhúsanna. Við nánari athugun á teikningu Kjartans Rafnssonar kemur ennfremur eftirfarandi í ljós:

a) Við hús nr. 9-11 eru tröppur ekki rétt teiknaðar og kótar á þeim ekki réttir.

b) Við húsin 9-11 er steyptur veggur út frá húsunum. Hönnuður gerir ekki ráð fyrir því, að gangandi vegfarendur geti komist leiðar sinnar á gangbrautinni án þess að kræki fyrir þennan vegg og fara út á malbikið.

Í rauninni má því segja að ekki sé hægt að vinna þetta verk af neinni skynsemi nema afstaða verði tekin til allra þessara óvissuþátta og þeir samræmdir hönnun plansins.

Verktaki leggur hins vegar fyrir útlitsteikningu af planinu (sjá dómskjal nr. 4) en þar kemur m.a. fram að meðfram húsunum nr. 9-11 og raðhúsunum skuli vera steyptar stéttir og gangstéttarhellur svo og að steyptu umferðareyjarnar skuli hafa annað útlit en gert var ráð fyrir á teikningu Kjartans Rafnssonar, en það sem *ekki* var gert var það að samræma halla og hæðarlegu á malbiki, kantsteinum, gangstéttum og tröppum.

Verktaki framkvæmir því verk sem í mörgum atriðum liggur ekkert fyrir um hvernig skuli endanlega vera.

Niðurstaðan verður svo plan sem er ekki í samræmi við nein samningsgögn né heldur unnið með vönduðum og faglegum hætti.

Gróft dæmi um vinnusvik og fúsk er frárennslislögnin í planinu. Teikningar af lögninni eru ótvíræðar og í fullu samræmi við reglugerðir og venjur. Verktakinn fer hins vegar ekkert eftir teikningunum og leggur lagnir sem eru algerlega forkastanlegar og stangast á við reglugerðir og vönduð vinnubrögð. Sem dæmi má nefna að lagnir eru:

a) Ekki á réttu dýpi.

b) Ekki með réttum halla.

c) Ekki úr fyrirskipuðu efni.

d) Ekki af réttum stærðum.
e) Ekki með hreinsibrunn eins og sýnt er á teikningum.

Á meðfylgjandi teikningu merkt „AS BUILT" er yfirborð plansins sýnt eins og það var í júlí 1981.

2.2. *Gæði verksins*

2.2.1. *Fylling undir malbik*

Fylling undir malbik var ekki hluti af verki verktaka.

2.2.2. *Lagnir í jörð og niðurföll*

a) Lagnaefni er 110 mm plast í stað 150 eða 200 mm steins.
b) Lagnadýpi er um 450 mm í stað 700-12000 mm.
c) Halli lagna er nánast enginn í stað 15‰.
d) Brunnur Ö 600 í suðvestur-horni fannst ekki.
e) Niðurföll í malbiki að sunnan eru allt of neðarlega miðað við malbik í kring.
f) Niðurföll við raðhús eru of djúp miðað við steypu í kring.

Sjá meðfylgjandi myndir nr. 1-4.

2.2.3. *Jöfnunarlag undir malbik*

Undir malbik á að vera mulin grús — 5 cm að þykkt samkv. verklýsingu 1. gr. Leitað var að þessari grús á fimm stöðum og fannst hún ekki.

Eins og kemur fram á „AS BUILT" teikningunni af planinu hefur jöfnun plansins ekki verið í neinu samræmi við teikningu hönnuðar. Planið er allt að 20 cm of hátt en hvergi of lágt. Verktaki átti samkvæmt verklýsingu ekki að þurfa að lækka planið heldur átti hann aðeins að aka mulinni grús í það. Það breytir þó engu um þá skyldu verktakans að skila plani í samræmi við teikningar og bar honum því skilyrðislaust að vekja athygli verkkaupa á þessu.

Sjá meðfylgjandi myndir nr. 5-14.

2.2.4. *Malbik*

Í malbikinu eru holur út við götu og í suðvesturhorni. Samskeyti malbiks við götu eru slæm. Að sunnan vantar í malbikið og er það bætt með steypu.

Skil milli færa í malbiki eru slæm.

Teknir voru þrisvar sinnum þrír borkjarnar og voru þeir rannsakaðir hjá Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarins. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru þær að asfaltinnihaldið er innan leyfilegra

marka, kornkúrfan er sæmileg en holrýmið reyndist vera á bilinu 2,4% til 7,2%.

Almennt er reynt að halda holrýmdinni innan við 3%, en það að holrýmdin er hér svo mikil sem raun ber vitni, bendir til þess að malbikið sé annaðhvort lagt út of kalt eða illa þjappað nema þá hvort tveggja sé.

Í rigningu situr vatn í nokkrum allstórum pollum á planinu.

Sjá meðfylgjandi myndir nr. 5-14.

2.2.5. *Steyptar umferðareyjar*

Útlit, lega og halli eyjanna er hvorki í samræmi við verkteikningu Kjartans Rafnssonar né útlitsteikningu verktaka. Þykkt eyjanna er nærri lagi (14-16 cm í stað 15 cm). Áferð eyjanna er fullnægjandi.

Sjá meðfylgjandi myndir nr. 15-21.

2.2.6. *Kantsteinar*

Kantsteinarnir eru steyptir á staðnum á þann hátt að utan við malbik er slegið upp borðum og kantsteinarnir síðan steyptir að þessum borðum og sandfyllingunni undir gangstéttarhellunum.

Þetta er afar óheppileg aðferð við að búa til kantsteina enda sést árangurinn líka á meðfylgjandi myndum nr. 22-40.

Ekkert er sagt um járnbendingar kantsteins í verklýsingu. Þrátt fyrir það verður að telja það ófagleg vinnubrögð að setja engin langjárn og/eða niðurrekna teina í kantsteininn samtímis því að þversnið hans er stórleg skert.

2.2.7. *Steyptar stéttar og frágangur við raðhús*

Útlit og lega steyptu stéttanna og allur frágangur við raðhúsin er í ósamræmi við útlitsteikningu verktaka (dómskjal nr. 4) eins og sést ef útlitsteikningin er borin saman við meðfyljandi teikningu merkt „AS BUILT". Það sem helst ber á milli er eftirfarandi:

a) Á útlitsteikningu verktaka eru sýndar fjórar steyptar ræmur með hellulögn á milli við húsin nr. 9-11, en þess í stað eru steyptar tvær breiðari ræmur.

b) Á útlitsteikningu verktaka er sýnd steypa í innkeyrslur raðhúsanna alveg út að malbiki og hellulögn milli steypuhlutanna frá útidyrum raðhúsanna að malbiki. Í raun er þetta framkvæmt þannig að innkeyrslurnar eru steyptar svo og meginhluti gangbrauta framan við raðhúsin en við hlið steyptu innkeyrslnanna er svo eins metra breið hellulögn og síðan möl.

Sjá ennfremur meðfylgjandi myndir nr. 15-39.

2.2.8. *Hellulögn*

Hellulögn er ekki í samræmi við útlitsteikningu verktaka eins og fram kom í grein 2.2.7. hér á undan. Að öðru leyti skal getið eftirfarandi:

a) Í gangstétt við hús nr. 9-11 eru tveir stórhættulegir stallar.
b) Stórhættulegur hæðarmunur er í uppstigum útitrappna við hús nr. 9-11.
c) Hellur eru víða veðraðar, ljótar og brotnar.
d) Frágangur á hellum upp við hús er handahófskenndur. (Ýmist hellur eða steypa).
e) Sandur sá sem notaður er undir hellulögn var rannsakaður af Rannsóknastofnun byggingariðnaðarins og reyndist 19,9% af sandinum fara í gegnum sigti með möskvastærð 0,074mm. Það er því alveg öruggt að efnið er frosthættulegt og því ónothæft sem fyllingarefni hér.
Sjá meðfylgjandi myndir nr. 15-39.

3. *ÚRBÆTUR OG KOSTNAÐUR*

Í fyrsta lagi má segja að eini möguleikinn á því að fá þarna plan með tilheyrandi kantsteinum, gangstéttum o.fl. sem er í samræmi við vönduð og fagleg vinnubrögð, er sá að láta fjarlægja allt sem gert hefur verið að undanskildum steyptum innkeyrslum eða eyjum ásamt malbiki 5 m beggja megin við miðeyju og gangstéttum raðhúsanna — láta hanna verkið að nýju og sjá svo til þess að verkið verði unnið í samræmi við þá hönnun.

Nauðsynlegt væri við þessar aðstæður að hanna planið að nýju þar sem núverandi hæðir 5 m frá miðeyju eru alls ekki þær sem sýndar eru á teikningu hönnuðar, og teljum við því rétt að verktaki greiði þessa endurhönnun.

Kostnaður við þetta telst okkur vera kr. 345.000,- á verðlagi 26. október 1981.

Í öðru lagi má líta á málið út frá öðrum sjónarhóli sem sé að meta hvað hefði verið eðlilegt að verkkaupi hefði fengið mikinn afslátt frá tilboði verktaka fyrir það hvað allt verkið er miklu verra en til stóð. Að sjálfsögðu verður slíkt mat mjög misjafnt fyrir hina mismunandi eignaraðilja, en það er tilfinning okkar að slíkur afsláttur hefði í heild sinni átt að vera 70%".

Matsgerðinni fylgdi einnig svofelld kostnaðaráætlun lagfæringa miðað við verðlag 26. október 1981:

„a) *Gallað verk fjarlægt*

Atlas 1602	: 40 klst á 213,70 kr/klst. 1.235	=	10.577,-
Verkamenn	:100 klst. á 50 kr/klst.	=	5.000,-
Gröfumenn	: 40 " á 80 " " 1.235	=	3.952,-
	: 10 " á 120 " " 1.235	=	1.382,-
Vörubílar	: 80 " á 212,45 " "	=	16.996,-
Loftpressa	: 20 " á 120 " " 1.235	=	2.964,-
Pressumenn	: 40 " á 60 " " 1.235	=	2.964,-

b) *Lagervinna*

Ø 150 ST	: 44 m á 250 kr/m	=	11.000,-
Ø 200 ST	: 70 m á 350 kr/m	=	24.000,-
Hreinsibrunnur	: 1 stk á 5.000 kr/stk.	=	5.000,-

c) *Malbik o.fl.*

Jöfnunarlag	: 1340 m² á 32 kr/m²	=	42.880,-
Malbik	: 1340 " á 85 " "	=	113.900,-

d) *Kantsteinar*	: 75 m á 50 kr/m	=	3.750,-
e) *Hellulögn*	: 362 m² á 190 kr/m²	=	68.780,-
f) *Steypubitar*	: Heild	=	4.000,-
g) *Niðurföll í innkeyrslu*	: Heild	=	1.000,-
h) *Hönnun og útboð*	: Heild	=	15.000,-
i) *Eftirlit*	: Heild	=	8.000,-
j) *Ýmislegt*	: Heild	=	3.555,-
		Samtals	345.000,-"

Matsmennirnir hafa hér fyrir dómi staðfest matið og gefið skýringar á einstökum atriðum þess. Þá hafa gefið skýrslur þeir Guðmundur Margeirsson og Ingólfur Matthíasson vegna gagnstefnanda, gagnstefndi og Kjartan Rafnsson tæknifræðingur.

Dómendur ásamt gagnstefnda og lögmönnum aðilja athuguðu vettvang hinn 12. mars sl.. Um þá athugun var eftirfarandi bókað:

„. . . Grafið hafði verið niður á frárennslislögn á þeim stað, þar sem brunnur átti að vera skv. uppdrætti, dskj. nr. 4 (31).

Brunnur er þar ekki, en hinsvegar hreinsistútur úr 15 sm plasti og náði upp undir yfirborð. Aðalstefnandi var viðstaddur.

Lögnin reyndist vera úr 6" plasti og mældust 70 sm frá malbiksyfirborði niður á lögn. Rennslisbotn lagnarinnar er því 85 sm undir yfirborði eða í kóta 12,15. Samkvæmt uppdráttum, dskj. nr. 3 og 4, á botnkóti á þessum stað að vera 11,67. Mismunur því 48 sm.

Þykkt malbiks á þessum sama stað reyndist við mælingu vera 6-9 sm."

Af framburðum aðilja og vitna verður getið eftirfarandi atriða:

Matsmaðurinn Stanley Pálsson kvað grundvöll fullyrðinga í liðum a) - d) í kafla 2.1. í matsgjörð hafa verið þann, að litið hafi verið niður í niðurfallabrunna og þá séðir stútar, sem ganga út í lögnina frá brunnunum, en hins vegar hafi ekki verið grafið niður á lagnirnar. Varðandi kafla 2.2.3. í matsgjörð kvaðst hann ekki vilja fullyrða, hvort það væri kostur eða galli, að mulin grús hefði ekki fundist. Varðandi kafla 2.2.4. kvað hann eðlilegt, að gæði malbiks yrði minna vegna kólnunar, þar sem það væri notað utan Reykjavíkur. Varðandi það, að þversnið kantsteina væri stórlega skert, kvað hann miðað við standardþversnið, eins og kantsteinar séu steyptir hjá Reykjavíkurborg. Hins vegar hefði þversniðið verið nægilegt, ef steypt hefði verið að borðum beggja vegna. Varðandi kafla 2.2.8. lið a) kvað hann stallana vera 11 sm og þar með augljóslega hættulegar slysagildrur á gangbraut. Hann kvað kantsteina vera mjög misjafnlega háa frá malbiki að gangstétt, sbr. ljósmyndir nr. 22 og 23 með matsgjörð svo og uppdrátt „AS BUILT".

Kjartan Rafnsson kvað ekki hafa verið gert ráð fyrir gangstéttum, er hann gerði uppdrætti, dskj. nr. 30 og 31. Þegar síðar hafi verið tekin ákvörðun um gangstéttalögn, mundi nauðsynleg endurskoðun hæðarlegu plansins hafa leitt til lækkunar þess, allavega við gangstéttarbrún og væntanlega einnig til breyttra halla. Hann kvað „kóta" á tröppum, sbr. uppdrátt, hafa verið mælda af sér og ritaða sem upplýsing en ekki sem útgangspunkta fyrir hæðarafsetningar á plani. Í því efni hefði verið eðlilegra að miða við hæðarpunktakerfi bæjarins. Þá kvaðst hann ekki hafa verið ráðgjafar- eða eftirlitsaðili með verkinu, eftir að hönnunarvinnu hans lauk, og ekki minnast þess að hafa gefið leyfi til breytinga frá því, sem ráð hefði verið fyrir gert eða umsamið, enda ekki haft umboð til slíks. Þá skýrði hann frá því, að hann hefði boðið gangstefnda aðstoð við mælingavinnuna, en því hafi ekki verið tekið.

Gagnstefndi, sem er slökkviliðsmaður að aðalstarfi, skýrði svo frá, að er hann mældi út hæðir plansins, hefði hann gengið út frá því sem vísu, að hæðarpunktar á uppdrætti Kjartans Rafnssonar væru réttir, en „sums

staðar verið full háir", vegna þess hve burðarlag hafi verið þunnt. Sem jöfnunarlag undir malbik hafi hann notað toppefni, sem venjulega sé notað á Suðurnesjum, og hafi hann átt við slíkt efni með „mulinni grús". Hann kvað samkomulag hafa orðið um að gera þær breytingar, sem greinir í liðum 2.2.7. a) og b) í matsgjörð. Hann kvað stalla í gangstétt við fjölbýlishúsin Mávabraut 7-11 (Mávabraut 3-5 eru raðhús — innskot dómara) hafa orðið óhjákvæmilega vegna hæðar plansins og mismunandi hæða á inngöngum húsanna.

Guðmundur Margeirsson skýrði svo frá, að eftir gerð verksamnings við gagnstefnda hefði orðið samkomulag um að breyta lögun umferðareyja, en minntist ekki samkomulags um aðrar breytingar. Hann kvað ekki hafa verið ætlun aðilja, að gagnstefndi skipti um jarðveg. Hann kvaðst ekki kannast við, að kantsteinn hefði brotnað vegna þess að snjóruðningstæki hefði verið ekið á hann. Hann kvaðst ekki minnast þess, að gagnstefndi hefði talað um, að gagnstéttarlögn yrði erfiðleikum háð eða að hún yrði öðruvísi en gert var ráð fyrir í verksamningi. Hins vegar hafi hann borið fyrir sig vandkvæði eftir lagningu gangstéttarinnar. Hann staðfesti, að gagnstefnandi hefði tekið á sig fimm daga töf vegna dráttar á að fá rör vegna verkfalls. Þá skýrði hann frá því, að Kjartan Rafnsson hefði boðið almennt ráðgjöf vegna plansins, en það hefði ekki verið notfært fyrr en í lokin, þegar allt var komið í óefni.

Ingólfur Matthíasson kvaðst aðallega hafa haft eftirlit með verkinu að því er laut að raðhúsunum. Hann kvaðst hafa verið ánægður með þá breytingu, að aðeins steyptur gangstígur var hafður framan við raðhúsin í stað steypu og hellna.

Aðalkröfu sína um skaðabætur byggir gagnstefnandi á því, að gagnstefndi hafi valdið honum tjóni með slíkum vanefndum og vanrækslu á framkvæmd hins umsamda verks, er komi fram í þeim stórfelldu göllum, sem á því séu. Verkið sé ekki í samræmi við þau gögn, sem átti að vinna það eftir, og heldur ekki unnið með vönduðum vinnubrögðum eða fagmannlegum hætti að áliti matsmanna. Fjárhæð aðalkröfu byggist á mati matsmanna á því, hvað kosta muni að fjarlægja verk stefnda og láta vinna það upp á nýtt, svo fullnægjandi sé. Frá niðurstöðutölu matsmanna, kr. 345.000,00, dragist kr. 5.000,00 vegna hreinsibrunns, sem gagnstefndi upplýsti, að væri til staðar.

Varakrafa gagnstefnanda um afslátt byggist á sömu málsástæðum og aðalkrafa og er sett fram, líti dómurinn svo á, að verk gagnstefnda komi gagnstefnanda að einhverjum notum þrátt fyrir ágalla þess. Afsláttarkrafan er miðuð við það álit matsmanna, að hæfilegur afsláttur sé 70% af tilboðsfjárhæðinni eða kr. 101.934,00.

Gagnstefndi byggir kröfur sínar einkum á eftirfarandi:

1. Samkvæmt samkomulagi við Kjartan Rafnsson séu lagnir úr 110 mm plasti. Þær séu einnig á réttu dýpi og vatnshalli sé nægur.

2. Með orðunum „mulin grús" sé samkvæmt venju á Suðurnesjum átt við það efni, sem gagnstefndi notaði, en til vara er á því byggt, að efnið sé a.m.k. jafngott og „mulin grús".

3. Samskeyti eða útlit á malbiki séu ekki verri en búast megi við. Taka verði tillit til þess tíma, sem liðið hafi frá lagningu malbiks til skoðunargerðar. Sé malbikið lagt út of kalt, sé um að ræða óleysanlegt vandamál í Keflavík og víðar, þar sem eini afgreiðslustaður malbiks í þessum landshluta sé í Reykjavík.

4. Umferðareyjum, stéttum og öðrum frágangi við raðhús hafi verið breytt með samkomulagi aðilja. Járnbindingu vanti í umferðareyjar, án þess það sé galli í sjálfu sér.

5. Því er mótmælt, að kantsteinar séu gallaðir, enda steyptir á þann hátt sem venja hafi verið á þeim tíma. Líkur bendi til, að snjóruðningstæki á vegum gagnstefnanda hafi brotið kantinn á einum stað.

6. Því er mótmælt, að stallar á gangstétt séu á einhvern hátt hættulegir, svo og að sandur undir hellum þoli ekki frost, enda hafi ekki orðið vart frostlyftingar eða frostskemmda undanfarna 3 vetur.

7. Mismunur á hæð kantsteins er skýrður á ýmsa vegu. Ekki hafi átt að vera neinn hæðarmismunur á plani og þeim hluta gangstéttar, sem liggur þvert fyrir enda þess. Galli sé í útboðsgögnum. Gagnstefndi hafi orðið að laga hæð gangstéttar að plani og tröppum hússins og síðan látið kantsteininn fylgja hæð gangstéttarinnar.

8. Sé um galla að ræða, sem leiða megi af breyttri hæðarlegu, sé það á ábyrgð og áhættu gagnstefnanda. Til að koma planinu í þá hæð, sem teikningar kröfðust, hefði þurft að moka miklum jarðvegi úr því og verkið við það orðið margfalt dýrara.

Af hálfu gagnstefnda er sérstaklega mótmælt sem rangri og ósannaðri tölulegri niðurstöðu matsmanna, sem varakrafa gagnstefnanda er reist á.

Niðurstaða dómsins í gagnsök er á því reist, að í meginatriðum sé matsgjörð rétt varðandi lýsingu þess, sem ábótavant er við verk gagnstefnda. Þó er álit dómenda, að umfjöllun og rannsókn málsins fyrir dómi hafi leitt til eftirfarandi frávika frá fullyrðingum og forsendum niðurstaðna matsgjörðar:

1. Ekki verður fullyrt, að lagnir og niðurföll séu úr röngu efni. Líta verður svo á, að með því að taka á sig töf við útvegun plaströra hafi gagnstefnandi samþykkt notkun þeirra. Þá er flutningsgeta plaströra mun meiri en steinröra með sömu vídd. Ekki hefur verið fyllilega í ljós leitt, að vatnshalli sé of lítill, en sé lögnin lögð með þeim halla, er teikning Kjartans Rafnssonar sýnir, þá er botndýpi hennar fjarst brunni 38 sm frá yfirborði,

sem teljast veður óhæft. Lögn lá of grunnt á athugunarstað dómsins, en þó ekki nærri eins grunnt og matsmenn ályktuðu.

2. Að vísu er „mulin grús" ekki finnanleg undir malbiki en ekki verður fullyrt, að efni það, sem notað var í jöfnunarlag, sé verra.

3. Nokkur skýring hefur verið gefin á því hvers vegna malbik hafi verið lagt út of kalt.

4. Aðiljar málsins gerðu samkomulag um breytta lögun umferðareyja frá því, sem greinir í samningsgögnum.

5. Samkomulag varð með aðiljum málsins um breytt fyrirkomulag steyptra stétta og annars frágangs við raðhús frá því, sem samningsgögn gerðu ráð fyrir.

Af framangreindu og með hliðsjón af óhæfilegri sóun verðmæta, sem af mundi hljótast, fellst dómurinn ekki á aðalniðurstöðu matsmanna varðandi úrbætur og kostnað við þær, enda kemur verk gagnstefnda að notum í meginatriðum. Sem grundvöllur bótaákvörðunar vegna einstakra verkhluta verður matið og kostnaðaráætlun matsmanna trauðla notuð.

Ljóst er, að gagnstefnandi hefur beðið tjón vegna óvandaðra og ófaglegra vinnubragða gagnstefnda við umrætt verk, og þykir bera að dæma gagnstefnda til að bæta gagnstefnanda það fébótum, sem ákvarða verður að álitum, eins og mál þetta er vaxið og þá á grundvelli afsláttar af samningsfjárhæð vegna verksins, þ.e. gkr. 14.562.900.

Niðurstaða gagnsakar verður sú, að dæma ber gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda 35% afslátt af samningsfjárhæðinni, eða kr. 50.970,00 ásamt vöxtum, eins og krafist er í varakröfu gagnstefnanda.

IV.

Samkvæmt því, er að framan greinir, og með því að fallist er á skuldajafnaðarkröfu gagnstefnanda ber að dæma gagnstefnda til að greiða gagnstefnanda kr. 25.933,00 ásamt 27% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 2. desember 1981 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum málsúrslitum og með hliðsjón af málsatvikum þykir rétt að dæma gagnsstefnda til að greiða gagnstefnanda matskostnað kr. 22.838,00 en að öðru leyti ber hvor aðili sinn kostnað af málinu.

Dóm þennan kvað upp Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari ásamt meðdómendunum Birni Árnasyni og Magnúsi Guðmannssyni bæjarverkfræðingum.

Nokkur dráttur á dómsuppsögu, sem stafar af embættisönnum dómsformanns, kemur ekki mjög að sök vegna þess að málflutningur var hljóðritaður.

Dómsorð:

Gagnstefndi, Guðmundur Ragnarsson, greiði gagnstefnanda, Húsfélaginu Mávabraut 3-11, Keflavík, kr. 25.933,00 ásamt 27% ársvöxtum frá 1. október 1979 til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 2. desember 1981 og dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnstefndi greiði gagnstefnanda kr. 22.828,00 vegna matskostnaðar, en að öðru leyti fellur málskostnaður niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaréttar Keflavíkur 7. september 1982.

Ár 1982, þriðjudaginn 7. sept., var fógetaréttur Keflavíkur settur að Norðurgarði 1 og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Símoni Ólasyni með undirrituðum vottum. Fyrir var tekið fógetaréttarmálið nr. 429/1982: Húsfélagið Mávabraut 3-11 gegn Guðmundi Ragnarssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl. og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2, birtan dóm bæjarþ. Keflavíkur og Njarðvíkur og krefst fjárnáms til tryggingar skuldinni kr., 25.955,00 auk 27% ársvaxta frá 1.10.'79-1.12. s.á., 31% ársv. frá þ.d.-1.6. '80, 35% ársv. frá þ.d.-1.6.'81, 34% ársv. frá þ.d.-2.12.'81 og dómvaxta frá þ.d. til greiðsludags, kr. 22.828,- í matskostnað, kr. 319,- fyrir fjárnámsbeiðni og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur.

Gjörðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans Þorvaldur Ragnarsson, laganemi og skoraði fógeti á hann að greiða umkrafða skuld, en hann kveðst ekki greiða.

Skoraði fógeti á mætta að benda á eignir gjörðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir honum að skýra rétt frá, og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mættur bendir á eftirtalda húseign til fjárnáms: Norðurgarð 1 í Keflavík.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í framangreindri fasteign til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Fógeti tók að sér að tilkynna gjörðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gjörð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Miðvikudaginn 30. janúar 1985.

Nr. 234/1982. **Erna Guðjónsdóttir persónulega og f.h. ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Herdísar Eiríksdóttur og Guðjón Ingi Eiríksson**
(Othar Örn Petersen hrl.)
gegn
Samábyrgð Íslands á fiskiskipum
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Vátrygging. Slysatrygging samkv. lögum nr. 25/1977.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. nóvember 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, útgefnu 10. nóvember 1982.

Áfrýjendur krefjast þess, að stefnda verði gert að greiða áfrýjendum 10.660,00 krónur auk 22% ársvaxta frá 13. júní 1979 til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvaxta frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags „og málskostnaðar."

Til vara krefjast þeir greiðslu á 5.420,00 krónum með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags „og málskostnaðar."

Þess er krafist í báðum tilvikum, að kveðið verði á um það í dómi, að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 13. júní 1980 og síðan á sama degi árlega, svo

ekki leiki vafi á því, að í orðinu „ársvextir" felist, að um vaxtavexti sé að ræða.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjendur verði dæmdir in solidum til þess að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Slys það, sem mál þetta er sprottið af, varð hinn 30. apríl 1979. Þá giltu ákvæði auglýsingar nr. 425/1978 um fjárhæðir vátryggingarbóta. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 7. júní 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 26. maí sl., höfðaði Othar Örn Petersen hrl., Klapparstíg 40, Reykjavík, f.h. Ernu Guðjónsdóttur, áður til heimilis að Bakkastíg 5, Eskifirði, en nú til heimilis að Skaftahlíð 7, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 12. ágúst 1981, gegn Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, Lágmúla 9, Reykjavík. Samgönguráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs er stefnt til réttargæslu, en engar kröfur gerðar á hendur þeim.

Undir rekstri málsins var með samþykki lögmanns stefnda aðild stefnanda breytt þannig að börn stefnanda, Anna Herdís Eiríksdóttir og Guðjón Ingi Eiríksson, bæði til heimilis að Skaftahlíð 7, Reykjavík, gerast stefnendur með móður sinni, og eru stefnendur því nú Erna Guðjónsdóttir persónulega og fyrir hönd ófjárráða dóttur sinnar, Önnu Herdísar Eiríksdóttur, og Guðjón Ingi Eiríksson.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu á kr. 10.660,00 auk 22% ársvaxta frá 13. júní 1979 til 1. september 1979, 27% ársvaxta frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvaxta frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvaxta frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar skv. ákvörðun dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Til vara er krafist greiðslu á kr. 5.420,00 með 19% ársvöxtum frá 30. apríl 1979 til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum

frá þeim degi til 1. september 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar (sic) skv. ákvörðun dómsins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með leyfum, dags. 6. júní 1980 og 23. mars 1982, var stefnandanum Ernu Guðjónsdóttur veitt gjafsókn hér fyrir réttinum.

Við munnlegan málflutning var fyrir hönd stefnendanna Önnu Herdísar Eiríksdóttur og Guðjóns Inga Eiríkssonar gerð bein krafa um málskostnað.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnenda, en gerir ekki kröfu um málskostnað.

Með sakaukastefnu, þingfestri 5. mars 1982, var samgönguráðherra f.h. samgönguráðuneytisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs sakaukastefnt inn í mál þetta. Með dómi, uppkveðnum 23. apríl sl., var kröfum stefnanda á hendur sakaukastefndu vísað frá dómi.

Málavextir.

Í máli þessu er deilt um fjárhæð dánarbóta til stefnenda eftir Eirík Bjarnason, eiginmann stefnandans Ernu Guðjónsdóttur og föður stefnendanna Önnu Herdísar og Guðjóns Inga, sem fórst með m.b. Hrönn SH-149, 30. apríl 1979. Áhöfn bátsins, og þar með Eiríkur Bjarnason, var tryggð skv. lögum nr. 25/1977. Samkvæmt lögum þessum skal greiða dánarbætur til nánustu vandamanna (erfingja), og var upphæðin ákveðin gkr. 2.000.000. Í lok 1. gr. laganna er svofellt ákvæði: „Nú verður breyting á vikukaupi í almennri verkamannavinnu og skal ráðherra þá innan 6 mánaða breyta upphæðum bóta samkvæmt bráðabirgðaákvæði þessu í samræmi við það.“ Með auglýsingu nr. 425/1978, dags. 23. nóv. 1978, voru ákveðnar hækkanir miðaðar við hækkanir verkamannakaups, og voru hækkunardagar tilteknir. Síðasti hækkunardagur skv. þessari auglýsingu var 1. sept. 1978, og var fjárhæð dánarbóta þann dag ákveðin gkr. 4.027.000. Með auglýsingu nr. 286/1979, dags. 22. júní 1979, voru ákveðnar hækkanir frá og með breytingu vikukaups eins og segir í auglýsingunni. Voru hækkunardagarnir 1. des. 1979 í gkr. 4.276.000, 1. mars 1979 í gkr. 4.569.000 og 1. júní 1979 í gkr. 5.093.000.

Með bréfi til skiptaráðandans í Suður-Múlasýslu, dags. 13. júní 1979, sendi stefndi greiðslu á dánarbótum eftir Eirík Bjarnason, og var fjárhæðin miðuð við fjárhæð þá, sem ráðherra ákvað með auglýsingu nr. 425/1978, að gilti frá 1. september 1978.

Stefnendur telja fjárhæð þessa of lága og telja, að stefnda beri að greiða þá fjárhæð, sem samkvæmt auglýsingu nr. 286/1979 gilti á greiðsludegi bótanna, og er aðalkrafa stefnenda við það miðuð. Til vara krefjast stefn-

endur þess, að stefndi greiði þá fjárhæð sem í gildi var samkvæmt sömu auglýsingu á slysdegi.

Málsástæður.

Af hálfu stefnenda er því haldið fram, að ljóst sé, að með lögum nr. 108/1972 hafi verið stefnt að því að tryggja hag sjómanna og fjölskyldna þeirra. Ef ekki hefði komið til mikil verðbólga, hefði verið óþarft að breyta bráðabirgðaákvæði laga nr. 108/1972, en sökum óðaverðbólgu hafi lög nr. 25/1977 verið sett. Eitt aðalefni laganna sé, að hækka skyldi bæturnar miðað við hækkanir á verkamannakaupi á hverjum tíma. Löggjafinn hafi haft í huga að tryggja eins og kostur var verðgildi þeirra dánarbóta, sem hann ákvað með lögum nr. 25/1977. Þetta komi bersýnilega fram í lögunum. Þetta sé enn skýrara með hliðsjón af þeim bráðabirgðaákvæðum, sem giltu áður skv. lögum nr. 108/1972, sbr. lög nr. 66/1963. Hver og einn geti reiknað hækkanir bóta. En það sé ljóst, að í því talnaflóði, sem hér er, hafi verið ákveðið, að ráðherra birti þær tölur, sem giltu á hverjum tíma. Auglýsing ráðherra sé því nánast eingöngu til þess, að allir aðiljar hafi fjárhæðir til að miða við og að ekki sé deilt um útreikningsaðferðir. Löggjafinn hafi verið búinn að ákveða, með hvaða hætti bætur hækkuðu, en auglýsing ráðherra hafi einungis verið staðfesting þar á, þ.e. krónutölu. Í lögum nr. 25/1977 sé sú verklagsregla lögð á ráðherra að ákvarða fjárhæðir innan sex mánaða frá breytingu. Þarna sé ljóst, að tvær breytingar geti hafa átt sér stað, án þess að ráðherra hafi ákvarðað bætur. Þetta sé enn ein staðfestingin á því, að hækkanir skuli gilda frá kauphækkunardögum, en ekki frá auglýsingu ráðherra. Það komi skýrt fram í þessari reglu, að ef birting auglýsingar hefði átt að gilda sem hækkunardagur, hefðu reglurnar verið aðrar um auglýsinguna, þ.e. skylt hefði verið að birta hækkun strax.

Í vátryggingarskírteini, dskj. 3, sé fjárhæðar ekki getið, heldur vísað til laganna og sé þetta enn ein vísbending um það, að vátryggjandi hafi gengið að því sem vísu, að bætur breyttust á tímabilinu, og hafi fjárhæðir þess vegna getað breyst til lækkunar. Þegar á allt sé litið, verði ekki annað séð en löggjafinn hafi þegar við setningu laga nr. 25/1977 ákveðið hækkun bóta, en auglýsing ráðherra aðeins verið staðfesting á fjárhæðum. Auglýsingin hafi ekki gilt afturvirkt, þar sem lögin hafi þegar verið búin að ákvarða bætur, þó fjárhæð væri ekki tilgreind, þar sem slíkt hafi verið ómögulegt. Jafnframt er því haldið fram, að hægt sé að ákveða fjárhæðir afturvirkt í auglýsingu og þá sérstaklega með tilliti til þess, að lögin hafi ákveðið, að bætur skuli breytast á ákveðnum tímum, og vátryggjandi hafi þekkt þessi lög, sbr. dskj. 3.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnda hafi aðeins borið að greiða þá dánarbótafjárhæð, sem í gildi var á slysdegi 30. apríl 1979, skv.

þeirri auglýsingu, sem síðast hafði birst um þetta efni, þ.e. auglýsingu nr. 425/1978, gkr. 4.027.000. Síðar birtar auglýsingar breyti hér engu. Þessa fjárhæð hafi stefndi greitt til skiptaráðandans í Suður-Múlasýslu og hafi þar með fullnægt skyldu sinni til greiðslu dánarbótanna. Sérstaklega er mótmælt aðalkröfu stefnanda um fjárhæð, sem skv. auglýsingu nr. 286/1979 miðaðist við hækkun vikukaups 1. júní 1979.

Nýmælið, sem lögfest var með lögum nr. 25/1977, hafi verið, að í stað þess, að þær bótafjárhæðir, sem vátrygging útgerðarmanns yrði að miðast við, væru fastákveðnar í lögum og héldust óbreyttar óháð verðlagsþróun, nema lagabreyting kæmi til, þá hafi ráðherra verið gert að endurskoða þessar fjárhæðir til hækkunar eða lækkunar, ef breytingar yrðu á vikukaupi í almennri verkamannavinnu. Skyldi ráðherra gera þetta innan sex mánaða. Þrátt fyrir þessa embættisskyldu ráðherra verði breytingar ekki sjálfkrafa, heldur þurfi ákvörðun og auglýsing ráðherra til að koma. Eftir hverja slíka breytingu liggi fyrir ný bótamörk, sem trygging útgerðarmanns verði að ná, til þess að hann sé undanþeginn frekari ábyrgð skv. 2. mgr. 205. gr. siglingalaga. Fyrir því skorti alla stoð í nefndum lagagreinum, enda í ósamræmi við meginreglur laga, að auglýsing ráðherra um breytingu á bótafjárhæðum hafi afturvirk áhrif. Slík auglýsing sé eðli málsins samkvæmt fyrst og fremst tilkynning til útgerðarmanna um, að þeir verði að breyta keyptri tryggingu sinni, vilji þeir vera undanþegnir frekari ábyrgð. Teldist það óeðlilegt og óviðunandi með öllu, ef útgerðarmenn þyrftu að sæta því, að ráðherra gæti með auglýsingu hækkað mörk lágmarks bótafjárhæða aftur í tímann með þeim afleiðingum, að þeir yrðu sjálfir að greiða mun á áður auglýstum bótum og eftirá auglýstum bótum, því eigi sé unnt í löggjöf að gefa sér, að menn geti tryggt sig fyrir slíkum óvissum breytingum. Vátryggjandi taki að sér að greiða tilteknar bætur, sem skv. vátryggingarskilmálum kunni að vera samið um, að muni hækka í samræmi við lög nr. 25/1977, þ.e. skv. sérstakri auglýsingu ráðherrans. Það styðjist hvorki við nefnd lög, meginreglur laga né vátryggingarskilmála í því tilfelli, sem hér sé til umræðu, að breytingar bótafjárhæðar skuli gilda aftur í tímann. Af samanburði við lög þau, sem lög nr. 25/1977 leystu af hólmi, sé og sýnt, að markmið laganna hafi fyrst og fremst verið að tryggja það, að bótafjárhæðir yrðu reglulega færðar til samræmis við breytingar á kauplagi, án þess að til þyrfti lagabreytingu. Í lögum nr. 25/1977 segi hins vegar hvergi, að auglýstar breytingar skuli gilda frá sama degi og kaupbreytingar áttu sér stað og verði ekki talið, að þær öðlist gildi fyrr en frá og með birtingardegi auglýsingar.

Álit dómsins.

Aðild stefnenda að bótum skv. dskj. 3 er viðurkennd.

Þrátt fyrir tilgang laga nr. 25/1977 verður síðasta málsgrein 1. gr. laganna ekki túlkuð á þann veg, að bótafjárhæðir laganna breytist sjálfkrafa við breytingu á vikukaupi í almennri verkamannavinnu, heldur er það ráðherra, sem skal breyta bótafjárhæðum. Þrátt fyrir skýlaus fyrirmæli laganna um, að bótafjárhæðum skuli breytt innan sex mánaða, hafði ráðherra ekki breytt upphæðum dánarbóta frá því, sem greindi í auglýsingu nr. 424/1978, þegar stefndi greiddi dánarbætur eftir Eirík Bjarnason 13. júní 1979. Var stefnda því rétt að greiða þá fjárhæð, sem hann greiddi, þ.e. fjárhæðina sem í auglýsingu nr. 424/1978 greindi, að gilti frá 1. september 1978. Það breytir ekki þessari niðurstöðu, að með auglýsingu nr. 286/1979, dags. 22. júní 1979, ákvað ráðherra breytingar á fjárhæðum dánarbótanna frá og með 1. des. 1978, 1. mars 1979 og 1. júní 1979, og í auglýsingunni segir, að fjárhæðirnar séu framfærðar frá og með breytingu vikukaups, þegar af þeirri ástæðu, að skv. 7. gr. laga nr. 64/1943 verður óbirtum fyrirmælum ekki beitt.

Niðurstaða málsins verður því sú, að sýkna ber stefnda af kröfum stefnenda í máli þessu. Þar sem stefndi hefur ekki krafist málskostnaðar, skulu aðiljar bera hver sinn kostnað af málinu.

Stefnandinn Erna Guðjónsdóttir hefur gjafsókn í máli þessu, og greiðir ríkissjóður því kostnað hennar af málinu, þar með talin málssóknarlaun lögmanns hennar, Othars Arnar Petersen hrl., sem teljast hæfileg kr. 5.750,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, skal vera sýkn af kröfum stefnenda, Ernu Guðjónsdóttur persónulega og fyrir hönd ófjárráða dóttur hennar, Önnu Herdísar Eiríksdóttur, og Guðjóns Inga Eiríkssonar. Hver aðili beri sinn kostnað af málinu. Málskostnaður stefnandans Ernu Guðjónsdóttur, þar með talin málssóknarlaun lögmanns hennar, Othars Arnar Petersen hrl., kr. 5.750,00, greiðist úr ríkissjóði.

Föstudaginn 1. febrúar 1985.

Nr. 71/1983. **Ólafur Baldursson**
(Haraldur Blöndal hrl.)
gegn
Þorsteini Sigurðssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Lausafjárkaup. Skaðabætur. Gallar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til **Hæstaréttar með stefnu 25. mars** 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. s.m. Hann krefst aðallega sýknu af öllum dómkröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara gerir áfrýjandi þá kröfu, að stefnda verði dæmd mun lægri fjárhæð en í héraði og að málskostnaður falli niður fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt endurrit bókunar, sem gerð var á bæjarþingi Reykjavíkur 28. janúar sl., en þá gáfu skýrslur til afnota í máli þessu áfrýjandinn og Erling Sigurlaugsson bifvélavirkjameistari.

Áfrýjandi tók fram, að stefnda hefði verið ljóst, þegar stefndi keypti bifreiðina R 22549 af áfrýjanda 14. apríl 1981, að hún hefði verið notuð til leiguaksturs í rúmlega 2 ár og ekið rúmlega 100.000 km. Þá kvað áfrýjandi það hafa komið fram við kaupin, að „það var nýlega búið að gera lítilsháttar við vélina að ofanverðu". Taldi hann, að skipt hefði verið um rokkerarma hjá Erling Sigurlaugssyni. Ekki sagðist áfrýjandi hafa orðið var við aukahljóð í bílvélinni, áður en selt var. Hann ítrekaði, að hann teldi óvíst, að vélarhlutar þeir, sem matsmenn skoðuðu, væru úr R 22549.

Erling Sigurlaugsson kvaðst hafa framkvæmt viðgerðir á R 22549. Hann taldi, að slit það sem matsmenn lýsa eins og rakið er í héraðsdómi hefði komið fram í fleiri vélum af sömu gerð og var í R 22549.

Hér fyrir dómi hefur áfrýjandi, eins og hann gerði fyrir héraðsdómi, haldið því fram, að ekki sé fram komið, að vél R 22549 hafi, þegar stefndi keypti bifreiðina, verið meira slitin eða að öðru leyti í því ástandi, að það hefði átt að koma stefnda á óvart. Ekki verður í þessu sambandi á það fallist með áfrýjanda, að óvíst sé, að þeir vélarhlutar, sem matsmönnum voru sýndir, hafi verið úr vél þessarar bifreiðar. Ekki verður heldur á það fallist, að hugsanleg notkun bifreiðarinnar milli afhendingar og þess tíma, er stefndi kveðst hafa orðið galla var, skipti hér máli. Verður um þetta hvort tveggja að byggja á matsgerð og svörum matsmanna fyrir dómi.

Af skýrslum beggja málsaðilja verður ráðið, að þeir hafi, þegar þeir sömdu um bifreiðarkaupin, rætt um viðhald bifreiðar, meðan áfrýjandi átti hana. Sönnun brestur þó fyrir því, að áfrýjandi hafi ábyrgst, að tilteknir vélarhlutar, aðrir en rokkerarmar, hafi verið nýviðgerðir eða nýlega endurnýjaðir.

Byggja verður á því áliti dómkvaddra matsmanna og sérfróðra meðdómenda, að bílvélin hafi verið haldin verulegum göllum, þegar hún var seld, og að stefndi (kaupandi) hafi ekki mátt gera sér grein fyrir því við þá skoðun, sem hann framkvæmdi. Þykir því verða að staðfesta hinn áfrýjaða dóm skv. 42. gr., 2. mgr., kaupalaga nr. 39/1922.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Áfrýjandi, Ólafur Baldursson, greiði stefnda, Þorsteini Sigurðssyni, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. október 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 12. október 1982, er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Þorsteini Sigurðssyni, nnr. 9755-6091, Bræðraborgarstíg 10, Reykjavík, gegn Ólafi Baldurssyni bifreiðastjóra, nnr. 6743-4870, Rjúpufelli 27, Reykjavík, með stefnu, birtri 20. apríl 1982.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 29.594,70 með 39% ársvöxtum frá 2. september 1981 til stefnubirtingar, en síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, svo og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., þ.m.t. matskostnaður samkvæmt framlögðum reikningum.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og tildæmdur málskostnaður að mati dómsins, en til vara, að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að stefndi beri bótaábyrgð gagnvart sér vegna þess, að bifreiðin R-22549, sem stefnandi keypti af stefnda, hafi ekki verið þeim kostum búin, sem áskilið hafi verið, er kaupin fóru fram.

Af hálfu stefnanda er málsatvikum þannig lýst, að með afsali, dags. 14. apríl 1981, hafi stefnandi keypt af stefnda bifreiðina R-22549, sem var af gerðinni Rover 3500, árgerð 1978. Við kaupin hafi það komið fram af hálfu stefnda, að efri hluti vélarinnar í bifreiðinni hafði verið upptekin og sjálfskipting væri í góðu lagi. Einnig hafi það komið fram hjá stefnda, að knastás væri í góðu lagi. Í ágúst 1981 hafi farið að bera á göllum í sjálfskiptingu, og tók þá stefnandi sjálfskiptinguna og vélina úr bifreiðinni og höfðu þá bönd, diskar og öxull reynst vera ónýt. Hafi stefnandi skipt um þetta ásamt öllum þéttingum. Þar sem vélin hafi verið komin úr, hugðist stefnandi þá einnig skipta um legur í henni, en þá hafi komið í ljós, að tveir höfuðlegubakkar hafi verið lausir og blokkin sprungin á þremur stöðum út úr boltagötum. Hafi þá vélin öll verið tekin í sundur og hafi þá fleiri gallar komið í ljós, þ. á m. reyndist knastás ónýtur svo og ýmislegt fleira. Hafi stefnandi kvartað undan þessu við stefnda, en hann hafi neitað allri þátttöku í viðgerðarkostnaði. Því hafi verið dómkvaddir matsmenn til að skoða hina meintu galla. Í matsgjörð þeirra komi fram, að knastás væri mjög slitinn og vélarblokk sprungin við höfuðlegusæti út frá festibolta á höfuðlegum nr. 2 og nr. 3, og höfðu legubakkar snúist á í höfuðlegu nr. 2. Einnig hafi verið sprunga í höfuðleguklafa nr. 4. Við matsskoðun upplýstist, að vélin hefði ekki verið tekin upp, nema rokkerarmar höfðu verið teknir af vélinni og skipt um nokkra þeirra. Hafi matsmenn metið viðgerðarkostnað samtals kr. 29.594,70.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að hann hafi keypt bifreiðina í tilteknu ástandi, þ.e. efri hluti vélarinnar hefði verið upptekinn, sjálfskipting hefði verið stillt og knastás væri í góðu lagi. Hér hafi verið um áskilda kosti að ræða, sem þegar til kom reyndust eigi vera fyrir hendi. Ber stefndi bóta-

ábyrgð, þegar slíkt bregst, eins og hér hafi átt sér stað. Er vísað í þessu efni til 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að stefnandi hafi við kaupin kynnt sér ástand bifreiðarinnar R-22549 og standi í afsali, að hann hafi sætt sig við það. Þegar sú yfirlýsing sé metin, sé rétt að hafa í huga, að stefnandi sé kunnugur bifreiðum, enda reki hann bifreiðaverkstæði, þótt ekki hafi hann iðnréttindi. Mátti hann því vel geta gert sér grein fyrir ástandi bifreiðarinnar, en rétt sé að geta þess ennfremur, að stefndi sé leigubifreiðastjóri og hafði notað bifreiðina til atvinnu sinnar og hafi stefnanda verið þetta kunnugt.

Sýknukrafan er ennfremur á því byggð, að ósannað sé, að hlutir þeir, er sýndir voru matsmönnum, er mat fór fram, hafi verið úr R-22549, en bifreiðin hafi verið til viðgerðar á verkstæði stefnanda og búið hafi verið að rífa vélina í sundur. Ef talið verði, að vélarhlutarnir séu úr vélinni, sé því haldið fram, að slit þeirra sé ekki meira en eðlilegt sé miðað við bifreið, sem ekið hafi verið eins og bifreiðinni R-22549, (sic) og því jafnframt haldið fram, að ekki sé hægt að rekja það til atvika, er stefndi beri ábyrgð á, þótt bolti í höfuðleguklossa hafi losnað. Því sé mótmælt, að stefndi hafi gefið yfirlýsingar um ástand vélarinnar og sjálfskiptingarinnar, er stangist á við niðurstöðu matsins.

Þá sé ennfremur bent á, að verð bifreiðarinnar hafi verið í samræmi við mikinn akstur hennar.

III.

Stefnandi málsins, Þorsteinn Sigurðsson, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og gefið skýrslu svo og matsmennirnir Bent Jörgensen og Sigurgestur Guðjónsson. Stefndi, Ólafur Baldursson, hefur hvorki gefið skýrslu fyrir dómi né lagt fram aðiljaskýrslu sína í málinu.

Stefnandi, Þorsteinn Sigurðsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði lítið fengist við vélaviðgerðir og hefði ekki fagmenntun til þess. Er hann keypti bifreiðina R-22549 hefði verið talað um, að efri hluti vélarinnar væri upptekin, þ.e. átt hefði verið við ventla og undirlyftur. Kvaðst stefnandi hafa spurt sérstaklega um knastás vélarinnar og hefði stefndi sagt, að hann væri í góðu lagi, en knastásinn hefði svo reynst vera ónýtur. Þá hefði verið tekið fram, að sjálfskipting væri yfirfarin og stillt. Varðandi skoðun sína á vél bifreiðarnar við kaupin kvaðst stefnandi hafa gangsett bifreiðina og hlustað á gang vélarinnar, en ekki orðið var við neitt óeðlilegt. Stefnandi sagði, að við kaupin hefði komið fram, að búið væri að aka bifreiðinni 113.000 km, og sig minnti, að það hefði staðið á söluspjaldinu, sem var í bifreiðinni.

Stefnandi kvaðst ekki hafa orðið var við neitt óvenjulegt varðandi

vinnslu vélar og gang og ekki orðið var við neina breytingu á ástandi vélarinnar. Það eina, sem stefnandi kvaðst hafa orðið var við, var, að smurþrýstingur hafi verið lágur allan tímann. Stefnandi kvaðst ekki hafa gert sér ljóst ástand vélarinnar og ekki merkt neitt óvenjulegt á gangi hennar. Stefnandi kvaðst hafa ekið bifreiðinni á að giska 2000 til 3000 km, áður en hann tók vélina úr. Stefnandi tók fram, að hraðamælir hafi verið óvirkur frá því að hann keypti bifreiðina og km-staða því óbreytt, er matsmenn framkvæmdu skoðun sína.

Varðandi galla í sjálfskiptingu tók stefnandi fram, að þeir hefðu fljótlega komið fram og lýst sér þannig, að skiptingin hafi hlaupið á milli gíra. Stefnandi kvaðst ekki hafa kvartað við stefnda út af sjálfskiptingunni áður en vél bifreiðarinnar var tekin í sundur, og kvaðst í fyrstu hafa verið sáttur við það að gera við sjálfskiptinguna fyrir eigin reikning.

Vitnin Bent Jörgensen og Sigurgestur Guðjónsson, sem hafa skoðað og metið til peningaverðs galla á vél bifreiðarinnar R-22549, hafa komið fyrir dóm og staðfest matsgjörð sína.

Vitnið Bent Jörgensen skýrði frá því fyrir dómi, að ekki hefði þurft að heyrast mikið í vélinni þrátt fyrir ásigkomulag hennar. Vitnið taldi þá vélarhluti, sem matsmenn skoðuðu á skoðunarstað, óefað vera úr vél bifreiðarinnar. Vitnið upplýsti, að þegar vél sé tekin upp, þá sé hún tekin í sundur og skipt um slitfleti. Varðandi vél bifreiðarinnar R-22549 þá hafi legur verið ónýtar, sveifarás mjög mikið slitinn, ekkert hafi verið átt við þessa hluti, hvorki stimpla né annað, en átt hafi verið við rokkerarma í sambandi við ventlana í efri hluta vélarinnar. Vitnið kvað það hafa komið sér mjög á óvart, hve vélin var mikið slitin, hún hafi verið gersamlega útkeyrð, undirlyftur, ventlar og stýringar, allt gjörsamlega útslitið. Vitnið kvað það ekki hafa komið fram á matsstað, hve mikið vélin var keyrð, en ástand hennar hafi verið óvenjulega slæmt miðað við 113.000 km akstur.

Vitnið Sigurgestur Guðjónsson taldi ekki líklegt, að ástand vélarinnar hafi átt að heyrast á gangi hennar eða vinnslu, og það þurfi ekki að vera merkjanlegt á gangi vélar, þótt aðalbolti sé laus. Varðandi þá vélarhluti, sem matsmenn skoðuðu á matsstað, kvaðst vitnið hafa talið, að þeir væru úr vélinni, enda hefði því ekki verið mótmælt á staðnum, að svo væri. Vitnið kvað það ekki hafa komi fram, hve mikið væri búið að aka bifreiðinni. Vitnið kvaðst telja ástand vélarinnar óvenjulega slæmt miðað við 113.000 km akstur, hún væri mikið slitin og illa farin.

Í matsgjörð hinna dómkvöddu matsmanna, sem lögð hefur verið fram í málinu segir svo um vél og sjálfskiptingu bifreiðarinnar R-22549:

„Við skoðun á vélinni kom í ljós eftirfarandi:

1) Knastás (undirlyftuás) mjög slitinn (ónýtur).

2) Undirlyftur, rokkerarmar, rokkerarmásar, ventlar og ventilstýringar. Endurnýja þarf alla þessa hluti.
3) Vélarblokk sprungin við höfuðlegusæti út frá festibolta á höfuðlegum no.2 og no.3 og höfðu legubakkar snúist í á höfuðlegu no. 2, einnig var sprunga í höfuðleguklafa no. 4.

Matsmenn telja að gera megi við vélarblokkina svo hún verði nothæf ásamt leguklossanum. Kostnaður við að gera við vélina teljum við vera eftirfarandi:

Efni:	Knastás	kr.	3.715.00
	Undirlyftur 16 stk.	—	1.700.00
	Rokkerarmar 16 stk.		
	Rokkerarmaöxlar 2 stk.	—	2.800.00
	Ventlar 16 stk.	—	978.00
	Ventilstýringar 8 stk.	—	360.00
	Höfuðlegur	—	298.00
	Stimpilstangarlegur	—	140.00
	1 sett stimpilhringir	—	410.00
	1 tímakeðja	—	180.00
	Pakkningasett	—	608.00
	Tímahjól	—	103.00
	Rennd ventilsæti 16 sæti kr. 18 pr. sæti	—	288.00
	Olíusía	—	22.00
	Kveikjuás ásamt öxli	—	220.00
	Viðgerð á vélarblokk, suða ca	—	1.800.00
	Viðgerð á vélarblokk, fræsa höfuðlegur ca	—	1.500.00
		kr.	15.122.00
Vinna:	Vinna v/upptekningu á vél ásamt að taka úr og setja í bifreiðina		
	Vinna 75 klst. á kr. 110	kr.	8.250.00
	Hreinsun og fleira	—	300.00
	Trygging	—	120.00
		kr.	8.670.00
	Efni samtals kr.	kr.	15.122.00
	Vinna samtals	—	8.670.00
		kr.	23.792.00

Beiðst er að matsmenn segi til um orsök gallanna í vélinni og láti í ljós álit á því hvort viðkomandi vél hafi verið tekin upp eins og fyrr er lýst.

Um það vilja matsmenn segja eftirfarandi:

Bolti hefur losnað í einum höfuðleguklossanum og mátti sjá það á boltanum, það gæti verið frumorsök fyrir skemmdum á blokkinni. Varðandi aðra hluti sem slitnir eru verður ekki séð nein sérstök ástæða fyrir ástandi þeirra, heldur aðeins um mikið slit að ræða. Við matsskoðun upplýstist að mótorinn hafði ekki verið tekinn upp nema rokkerarmar höfðu verið teknir af vélinni og skipt um nokkra þeirra.

Matsmenn báru saman númer á vélarblokk og skoðunarvottorði og sýndi það að vélin, sem skoðuð var, var úr bifreiðinni R-22549.

Búið var að gera við sjálfskiptingu úr bifreiðinni og var hún á staðnum, sýndir voru hlutir sem að sögn hafði verið skipt um sem voru samkvæmt framlögðum nótum og öðrum upplýsingum. Var efni og vinna til viðgerðar á sjálfskiptingunni eftirfarandi:

Efni samtals	kr. 2.398.70
Vinna 23 tímar 148.00	— 3.404.00
	Kr. 5.802.70“

Í yfirlýsingu vitnisins Gunnars Berg Gunnarssonar, sölumanns á Aðal-Bílasölunni, dags. 27. ágúst 1981, sem lögð hefur verið fram í máli þessu, kemur fram, að við kaup á bifreiðinni R-22549 í apríl 1981 hafi komið fram af hálfu seljanda, Ólafs Baldurssonar, að efri hluti vélar bifreiðarinnar væri nýupptekinn og sjálfskiptingin yfirfarin og stillt.

Greint vitni, sem mun vera búsett á Akureyri, kom ekki fyrir dóm í málinu.

Dómendur og lögmenn aðilja skoðuðu vél og vélarhluta bifreiðarinnar R-22549, sem til staðar voru að Hringbraut 119, Reykjavík. Þar á staðnum upplýsti stefnandi, að hann hefði selt bifreiðina og með annarri vél, sem hann hefði keypt í hana.

IV.

Svo sem fram er komið og rakið hefur verið, er í máli þessu deilt um bótaábyrgð stefnda vegna þeirra galla, sem fram komu í sjálfskiptingu og vél bifreiðarinnar R-22549, sem stefnandi keypti af stefnda með afsali, dagsettu 14. apríl 1981.

Af hálfu stefnanda er á því byggt, að bifreiðin hafi verið keypt með áskildum kostum að því er varðar vél og sjálfskiptingu, sem ekki hafi reynst vera fyrir hendi, auk þess sem vélin hafi reynst vera með ýmsum fleiri göll-

um, er matsskoðun hafi leitt í ljós. Er stefnukrafan byggð á viðgerðarkostnaði sjálfskiptingar og vélar samkvæmt mati dómkvaddra manna að því er vélina varðar.

Bifreið sú, er hér um ræðir, er af gerðinni Rover 3500 árgerð 1978 og var notuð í leigubifreiðaakstri af hálfu stefnda.

Fram er komið, að er kaupin fóru fram, hafi stefnandi talið, að búið væri að aka bifreiðinni 113.354 km.

Upplýst er, að vél bifreiðarinnar hafi ekki verið tekin upp, en rokkerarmar höfðu verið teknir af vélinni og skipt um nokkra þeirra.

Samkvæmt samdóma áliti beggja matsmanna og hinna sérfróðu meðdómenda var ástand vélarinnar úr bifreiðinni R-22549 mjög slæmt og vélin óeðlilega mikið slitin miðað við líðlega 113.000 km akstur, og var hún nánast útkeyrð. Báðir matsmennirnir lýstu þeirri skoðun sinni, að slíkt ástand vélar þurfi ekki að heyrast á gangi hennar, og er það einnig álit hinna sérfróðu meðdómenda. Eigi verður talið, að stefnandi hafi mátt gera sér grein fyrir ástandi vélarinnar að þessu leyti, er hann skoðaði bifreiðina og gangsetti, þá er kaupin fóru fram, enda gat slík almenn skoðun eigi leitt í ljós þá galla, sem á vélinni reyndust vera. Verður því að líta svo á að með hinni slitnu vél hafi bifreiðin R-22549 verið haldin leyndum galla og ekki þeim kostum búin, er stefnandi mátti ætla, að hún hefði, er hann keypti bifreiðina, og beri stefndi af þeim sökum bótaábyrgð gagnvart stefnanda, enda beri að skýra vafaatriði í þessu sambandi stefnda í óhag, sem eigi gaf aðiljaskýrslu í málinu þrátt fyrir áskilnað þar um.

Ekkert hefur komið fram í málinu, sem bendir til þess, að söluverð bifreiðarinnar hafi verið óeðlilega lágt, og verður því við það miðað, að söluverðið hafi verið nálægt almennu markaðsverði.

Ekki þykir skipta máli varðandi bótaábyrgð stefnda í þessu sambandi, þótt hann hafi endurselt téða bifreið, enda liggur ekki fyrir, að sú endursala hafi dregið út tjóni hans.

Að því er bótakröfu vegna sjálfskiptingar varðar, þá er fram komið, að stefnandi gerði stefnda ekki viðvart um það, er galla varð vart í sjálfskiptingu bifreiðarinnar, og gerði við hana án þess að gefa stefnda kost á því að athuga téða galla. Þá hefur stefnandi lýst því yfir fyrir dómi, að hann hafi í upphafi ekki ætlað að setja fram kröfu á hendur stefnda vegna þessa. Að þessu virtu þykja ekki efni til að taka til greina kröfu stefnanda um bætur vegna galla í umræddri sjálfskiptingu, sbr. 52. gr. laga um lausafjárkaup nr. 39/1922.

Til grundvallar bótum vegna þeirra galla, sem á vél bifreiðarinnar reyndust vera, þykir mega leggja mat hinna dómkvöddu matsmanna, enda hefur því mati ekki verið hnekkt. Taka ber fjárhæð matsgerðar að þessu leyti til greina með fullri krónutölu, enda er ekki gert ráð fyrir endurbygg-

ingu vélarinnar með mati þessu, heldur er um að ræða viðgerð á þeim ágöllum, sem lýst er í matsgjörð og sem ollu því, að vélin var í því slæma ástandi, sem lýst hefur verið. Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda kr. 23.792,00 auk vaxta í samræmi við kröfugerð stefnanda, en þó þannig, að tildæmd fjárhæð skal bera 34% ársvexti frá 2. september 1981 til stefnubirtingardags, 20. apríl 1982, en 39% ársvexti frá þeim degi til dómsuppsögudags, 22. október 1982, en síðan hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 8.000,00.

Dóm þennan kváðu upp Eggert Óskarsson borgardómari, formaður dómsins, og meðdómendurnir Finnbogi Eyjólfsson og Jan Jansen bifvélavirkjameistarar.

Dómsorð:

Stefndi, Ólafur Baldursson, greiði stefnanda, Þorsteini Sigurðssyni, kr. 23.792,00 með 34% ársvöxtum frá 2. september 1981 til 20. apríl 1982, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 22. október 1982 og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 8.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1985.

Nr. 247/1982. **Nýborg h/f**
(Tómas Gunnarsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Áfrýjunarfrestur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1982. Hann krefst þess, að synjað verði um framgang hinnar áfrýjuðu lögtaksgerðar og honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, ,,að lögtak verði staðfest fyrir kr. 449.005,- með áfallandi dráttarvöxtum frá 30.9. 1983 eins og þá beri að reikna á hverjum tíma samkvæmt reglum 112. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt og 43. gr. laga nr. 73/1980 um tekjustofna sveitarfélaga, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961 um Seðlabanka Íslands.“ Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Aðiljar hafa tjáð sig sérstaklega um formhlið málsins.

Hin áfrýjaða lögtaksgerð fór fram 27. september 1982. Áfrýjunarstefna var gefin út 23. desember s.á., án þess áfrýjunarleyfis væri aflað. Var áfrýjunarfrestur þá liðinn skv. 11. gr. laga nr. 29/1885, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa málinu sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað sjálfkrafa frá Hæstarétti.

Áfrýjandi, Nýborg h/f, greiði stefnda, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 1. febrúar 1985.

Nr. 242/1984. **Pétur Einarsson**

gegn

Kristjóni Benediktssyni

Frestur.

Úrskurður Hæstaréttar.

Mál þetta úrskurða hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1983. Var það mál þingfest 3. október 1983, en frestað þrisvar sinnum, uns aðiljar lýstu yfir, er það var tekið fyrir í febrúar 1984, að það væri tilbúið til munnlegs málflutnings. Er það mál skyldi munnlega flutt 13. nóvember 1984, sótti enginn dómþing af hálfu áfrýjanda. Greindi hæstaréttarlögmaður sá, sem með málið hafði farið fyrir áfrýjanda og tilkynnt hafði verið um málflutninginn, þó frá því, að hann hefði látið áfrýjanda vita um boðaðan málflutningsdag. Var málið að svo búnu fellt niður, svo sem fyrir er mælt í 39. gr. laga nr. 75/1973, og áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að kröfu hans.

Áfrýjandi áfrýjaði málinu að nýju með stefnu 6. desember 1984 með skírskotun til 36. gr. áðurgreindra laga. Er málið var þingfest í dag, krafðist hann þess, að því yrði frestað til marsmánaðar, en af hálfu stefnda var mótmælt, að umbeðinn frestur yrði veittur, og þess krafist, að málinu yrði frestað til munnlegs málflutnings.

Áfrýjandi hefur ekki greint neinar haldbærar ástæður fyrir því, að honum sé þörf sérstaks frests til að búa þetta mál til munnlegs flutnings, eins og til hagaði um áfrýjun þess og áður er rakið. Átti honum að vera í lófa lagið að leggja fram ágrip dómsgerða og greinargerð sína þegar við þingfestingu máls þessa. En þar sem enn hafa ekki verið lagðar fram dómsgerðir í málinu, en stefndi þó krafist, að lagður verði á það efnisdómur, þykir verða að veita hinn umbeðna fest.

Á l y k t a r o r ð:

Máli þessu er frestað til fyrsta reglulegs þingdags í mars.

Þriðjudaginn 5. febrúar 1985.

Nr. 167/1982. **Ólafur Jónsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Sigurbirni Eiríkssyni
og gagnsök
(Ingi Ingimundarson hrl.)

Samningar. Gildi löggerninga. Málamyndagerningur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstréttar með stefnu 24. ágúst 1982. Hann krefst aðallega, að svonefndur kaupsamningur um jörðina Oddhól í Rangárvallahreppi milli aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda og svonefnt afsal fyrir jörðinni, hvort tveggja dagsett í ágúst 1975, verði ógilt með dómi, en til vara, að greindum gerningum verði rift með dómi og miðist réttaráhrif riftunarinnar við dagsetningu gerninganna. Hann krefst og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 9. september 1982. Hann krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Samkvæmt kaupsamningi málsaðilja, dags. í ágúst 1975, þeim er dómkröfur aðaláfrýjanda taka til, taldist hann selja gagnáfrýjanda jörðina Oddhól ásamt húsum og öðrum mannvirkjum fyrir 9.000.000 gkr. Er gagnáfrýjandi í 2. gr. kaupsamningsins sagður eiga að gera aðaláfrýjanda skil á kaupverði þessu með því að:

1. Yfirtaka skuldir, sem hvíldu á jörðinni, eins og þær væru taldar í veðbókarvottorði, dags. 30. júní 1975 ..... kr. 5.991.607

2. Kvitta allar lausaskuldir aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda vegna fjár, sem gagnáfrýjandi hefði lagt út fyrir hann og teldist nema ásamt vöxtum	kr.	3.008.393
Alls	kr.	9.000.000

Enginn ágreiningur er um það, að á þeim tíma, er umræddur samningur var gerður var aðaláfrýjandi skuldugur gagnáfrýjanda um mikið fé vegna ýmissa fjárframlaga gagnáfrýjanda í hans þágu, þar á meðal greiðslu skulda er á aðaláfrýjanda hvíldu. Hvorugur aðilja virðist þó hafa haft yfirsýn yfir skuldir aðaláfrýjanda við gagnáfrýjanda á þessum tíma og engin könnun fór fram á þeirri skuldastöðu þegar kaupsamningurinn var gerður. Var fjárhæðin 3.008.393 krónur, sbr. 2. tl. hér að framan, einungis reikningslegur mismunur á hinu tilgreinda kaupverði, 9.000.000 krónum, og samtölu veðskulda, er hvíldu á jörðinni samkvæmt áðurgreindu veðbókarvottorði, 5.991.607 krónum. Nefnd fjárhæð veitti þó að sínu leyti enga vissu um fjárhæð þeirra veðskulda, sem í hlut gagnáfrýjanda kæmi að greiða, þar sem þar voru taldar með allar óaflýstar veðskuldir án tillits til þess, hvort eða að hve miklu leyti þær kynnu þegar að hafa verið greiddar og þá af hverjum. Þess er þó að geta, að í umræddri 2. gr. kaupsamningsins sagði, að af þessum áhvílandi skuldum hefði gagnáfrýjandi „þegar leyst til sín meginhlutann, auk áfallinna vaxta og kostnaðar." Einnig er þess getandi, að samkvæmt viðurkenningu gagnáfrýjanda í málflutningi voru margnefndar veðskuldir oftaldar í kaupsamningnum um 822.000 gkr. vegna misreiknings. Þetta telur hann þó hafa haft þá þýðingu eina, að ella hefðu hinar kvittuðu lausaskuldir verið taldar að sama marki hærri.

Í 3. gr. kaupsamningsins var kveðið á um það, að með honum hefðu aðiljar „gert upp viðskipti sín frá undanförnum árum að fullu og hvorugur (sic) fjárkröfur á hendur hinum, enda standi réttur annarra ekki í vegi fyrir því að samningur þessi komist til framkvæmda." Var um það atriði sérstaklega vísað til kaupréttar Rangárvallahrepps. Loks var það tekið fram í samningnum, að aðaláfrýjandi áskildi sér rétt til að „búa á jörðinni eða hluta hennar ævilangt, þrátt fyrir sölu þessa, og með þann bústofn, sem hann hefur

á jörðinni á hverjum tíma fyrir sig og fjölskyldu sína, allt eftir nánara samkomulagi" við gagnáfrýjanda.

Undir kaupsamninginn rituðu aðaláfrýjandi og eiginkona hans nöfn sín, en gagnáfrýjandi ekki. Einnig undirrituðu þau afsal til gagnáfrýjanda fyrir jörðinni. Tók hann hin undirrituðu skjöl, sem samin höfðu verið af lögmanni hans, síðan til sín, án þess að aðaláfrýjandi fengi af þeim eintak. Stóð við svo búið, uns aðaláfrýjandi hófst handa um að hnekkja samningsgerð þessari, að því er virðist í árslok 1978, og bjó aðaláfrýjandi áfram á jörðinni, svo sem verið hafði.

II.

Í máli þessu reisir aðaláfrýjandi kröfur sínar á því fyrst og fremst að hinn svonefndi kaupsamingur málsaðilja og afsal aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda fyrir jörðinni Oddhóli hafi verið málamyndagerningar, sem ekki hafi átt að stofna eignarrétt fyrir gagnáfrýjanda, heldur hafi tilætlun aðilja verið sú ein með löggerningum þessum, að gagnáfrýjandi fengi tryggingu í jörðinni fyrir skuldum aðaláfrýjanda við hann. Hafi löggerningar þessi verið gerðir af frumkvæði gagnáfrýjanda af því sérstaka tilefni, að fyrir dyrum stóð ferðalag aðaláfrýjanda til útlanda. Hafi ætlun aðilja verið sú að ganga síðar frá fyllri skuldaskilum og þá eftir atvikum með því, að aðaláfrýjandi veitti gagnáfrýjanda tryggingu með veðsetningu fyrir skuldunum, eins og þær kynnu að reynast vera. Jafnframt heldur aðaláfrýjandi því fram, að umrædda löggerninga beri að meta ógilda samkvæmt ákvæðum 30. gr. og 32. gr. laga nr. 7/1936 og 7. gr. laga nr. 58/1960. Ef ekki verði á framangreint fallist, heldur hann því fram, að sér sé heimilt að rifta löggerningum þessum vegna vanefnda gagnáfrýjanda á því að greiða veðskuldir, sem í kaupsamningnum segi, að hann taki að sér að greiða.

Gagnáfrýjandi reisir sýknukröfu sína á því, að um fullkomna og gilda eignayfirfærslugerninga hafi verið að ræða, sem ekki hafi verið sýnt fram á, að hann hafi vanefnt af sinni hálfu.

III.

Svonefndur kaupsamningur aðilja um jörðina Oddhól svo og afsal aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda fyrir jörðinni, sem gefið var í tengslum við þann kaupsamning, voru óvenjulegir og sérstæðir lög-

gerningar að gerð og framkvæmd. Kaupverð jarðarinnar var sagt vera 9.000.000 gkr., en skyldi eingöngu greiðast með því að gagnáfrýjandi tæki annars vegar að sér að greiða veðskuldir, sem á jörðinni hvíldu, og hins vegar gæfi hann aðaláfrýjanda eftir allar skuldir hans við sig. Veðskuldir þær, sem um var að ræða, voru í samningnum sagðar nema 5.991.607 gkr., en hinar eftirgefnu skuldir 3.008.393 gkr., svo sem fyrr er greint. Augljóst er þó og óumdeilt, að hvorug sú tala var rétt. Stafar það af því, að fjárhæð hinna ógreiddu veðskulda var þannig fundin, eins og fyrr er sagt, að ekkert lá fyrir í raun og veru um það, hverju næmu þær ógreiddu veðskuldir sem í hlut gagnáfrýjanda mundi koma að greiða. Á sama hátt hafði tilgreining þeirrar skuldafjárhæðar, sem gagnáfrýjandi var talinn gefa aðaláfrýjanda eftir, enga stoð í neins konar könnun á hinum margháttuðu undanfarandi skuldagreiðslum gagnáfrýjanda fyrir aðaláfrýjanda og skuldastöðu aðaláfrýjanda gagnvart honum á samningsdegi. Var skuldafjárhæðin, sem gagnáfrýjandi taldist gefa aðaláfrýjanda eftir, einungis reikningsleg tala, fundin með því að draga frá hinu tilgreinda kaupverði samtölu veðskuldanna samkvæmt áðurgreindu veðbókarvottorði, sem sjálft veitti þó enga vissu um raunverulegar áhvílandi veðskuldir, svo sem fyrr var sagt.

Eftir undirskrift kaupsamningsins fékk aðaláfrýjandi ekki í hendur eintak af samningnum undirritað af gagnáfrýjanda eða nein gögn því til sönnunar, að gagnáfrýjandi gæfi honum eftir skuldir hans eða tæki að sér greiðslu veðskulda, sem aðaláfrýjandi ábyrgðist persónulega. Þá gerði gagnáfrýjandi og ekkert til að halda kaupi sínu til laga, fyrr en aðaláfrýjandi hófst handa um að bera brigður á lögmæti eignarafsals síns fyrir jörðinni. Þannig lét hann ekki fyrir þann tíma þinglýsa afsalinu sem eignarheimild og hófst ekki handa um að kanna, hvort sveitarstjórn félli frá forkaupsrétti sínum samkvæmt lögum nr. 40/1948, en síðar jarðalögum nr. 65/1976, eða gerði aðrar lögmæltar ráðstafanir samkvæmt hinum síðargreindu lögum til að tryggja eignarrétt sinn að jörðinni. Ekki lét hann heldur aðaláfrýjanda í té byggingarbréf fyrir jörðinni sem ábúanda með lífstíðarábúð, svo sem í kaupsamningnum sagði. Hélt aðaláfrýjandi áfram búskap sínum sem jarðareigandi eins og ekkert hefði í skorist. Ekki taldi gagnáfrýjandi heldur jörðina til eigna sinna á skattskýrslum sínum á þessum tíma. Mælir allt þetta gegn því, að sjálfur

hafi hann litið svo á, að hann hafi orðið eigandi jarðarinnar fyrir samningsgerð þá, sem hér var um að tefla.

Enn var það, að í máli, er aðaláfrýjandi höfðaði 1980 til ógildingar á tveimur veðbréfum til tryggingar víxlum, sem hann var skuldari að, tók gagnáfrýjandi til varna sem eigandi víxlanna og rétthafi samkvæmt tryggingarbréfunum. Voru víxlarnir þó frá þeim tíma, að ætla verður, að skuldaeftirgjöf gagnáfrýjanda samkvæmt kaupsamningnum hefði átt að taka til þeirra.

Þegar allt það er virt, sem að framan er rakið, þykja sterkar líkur leiddar að því, sem aðaláfrýjandi heldur fram, að hinn svonefndi kaupsamningur aðilja og afsal aðaláfrýjanda hafi ekki verið ætluð til að yfirfæra eignarrétt aðaláfrýjanda að jörðinni til gagnáfrýjanda, án þess að frekara þyrfti til að koma.

Málflutning aðaláfrýjanda verður á hinn bóginn að skilja sem viðurkenningu hans á því, að enda þótt margnefndur kaupsamningur og afsal hafi verið gerð til málamynda sem eiginlegir afsalsgerningar, hafi það þó verið tilætlun aðilja, að gagnáfrýjandi öðlaðist með þeim tryggingarréttindi í jörðinni fyrir kröfum sínum á hendur aðaláfrýjanda vegna fjárframlaga í hans þágu eftir því sem kaupsamningurinn greindi, en að undangengnum nánari skuldaskilum.

Ósannað er, að framangreindir löggerningar hafi orðið til með þeim atvikum, að þeir verði taldir hafa verið óskuldbindandi fyrir aðaláfrýjanda frá öndverðu samkvæmt ákvæðum 30. gr. og 32. gr. laga nr. 7/1936 eða 7. gr. laga nr. 58/1960 sem tryggingagerningar í raun, en færðir í búning eignarafsalsgerninga, eins og aðaláfrýjandi sjálfur viðurkennir, að þeir hafi verið, svo sem áður er sagt. Hann hefur eigi heldur fært fullnægjandi rök að því, að hann megi rifta löggerningum þessum vegna vanefnda gagnáfrýjanda og teljast laus frá þeim skyldum, sem með þeim voru á hann lagðar að sjálfs hans sögn. Hefur hann og hvorki, svo að séð verði, goldið gagnáfrýjanda þær skuldir, sem ætlunin var að tryggja, né heldur bundið dómkröfur sínar neinum takmörkunum varðandi greiðslu þeirra skulda.

Samkvæmt framansögðu þykir ekki unnt að taka til greina kröfur aðaláfrýjanda í máli þessu, svo sem hann hefur lagt það fyrir dómstóla. Verður hinn áfrýjaði dómur því staðfestur að niðurstöðu til, en eftir atvikum þykir mega láta málskostnað fyrir Hæstarétti falla niður.

Það athugast, að ekki er skráð í þingbók, svo að séð verði af dómsgerðum, að aðaláfrýjandi hafi við munnlegan málflutning í héraði gert þá varakröfu, að einungis afsalið til gagnáfrýjanda yrði dæmt ógilt eða rift, svo sem hermt er í hinum áfrýjaða dómi. Er sú dómkrafa eigi heldur höfð uppi fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Með þessum forsendum er ég samþykkur dómsorðinu í dómsatkvæði hæstaréttardómaranna Magnúsar Þ. Torfasonar og Björns Sveinbjörnssonar.

Af hálfu aðaláfrýjanda hefur ekki verið sýnt fram á, að hið umsamda kaupverð jarðarinnar, 9.000.000 gkr., hafi verið undir markaðsverði í ágúst 1975, hvað þá bersýnilega ósanngjarnt. Í þessu sambandi ber og að hafa það í huga, að í kaupsamningi og afsali áskildi aðaláfrýjandi sér ábúðarrétt á jörðinni ævilangt með þann bústofn, sem hann þyrfti á hverjum tíma fyrir sig og fjölskyldu sína.

Þá liggur fyrir í málinu yfirlýsing gagnáfrýjanda, dagsett 22. mars 1982, þar sem hann skuldbindur sig til að greiða aðaláfrýjanda 822.000 gkr. „ásamt verðbótum sem svari til vísitölu byggingarkostnaðar frá samningsdegi afsals til greiðsludags," vegna þess að eftirstöðvar áhvílandi lána hafi af misskilningi verið ofreiknaðar sem þeirri fjárhæð nemi.

Þótt gagnáfrýjandi hafi ekki þinglýst heimildarbréfum sínum og eigi talið jörðina fram til skatts fyrstu árin eftir kaupin, er það að mínum dómi eigi fullnægjandi sönnun þess, að hér hafi verið um málamyndagerninga að ræða.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms tel ég, að beri að staðfesta hann.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Aðiljar máls þessa eru sammála um, að þeir hafi um árabil átt

saman ýmiss konar viðskipti og að aðaláfrýjandinn, Ólafur Jónsson, hafi skuldað gagnáfrýjanda, Sigurbirni Eiríkssyni, fé árið 1975. Þeir eru einnig sammála um, að skjöl þau, sem Ólafur undirritaði í ágúst 1975 og um er deilt í málinu, hafi staðið í sambandi við þessi viðskipti.

Skjölin lagði aðaláfrýjandi fyrir Hæstarétt í ljósriti, án undirritunar gagnáfrýjanda. Þau eru þannig:

„Við undirritaðir, Ólafur Jónsson, Oddhól, hér nefndur seljandi og Sigurbjörn Eiríksson, Stóra Hofi, hér nefndur kaupandi, gerum með okkur svofelldan

kaupsamning:

1. gr.

Seljandi selur kaupanda eignarjörð sína, Oddhól í Rangárvallahreppi, ásamt húsum öllum og mannvirkjum, sem á jörðinni eru, gögnum og gæðum, sem jörðinni tilheyra að engu undanskildu, og í því ástandi sem kaupandi þekkir og sættir sig við.

2. gr.

Umsamið kaupverð jarðarinnar er kr. 9.000.000,00 — níu milljónir — sem kaupandi greiðir þannig, að hann yfirtekur áhvílandi skuldir á jörðinni skv. veðbókarvottorði dags. 30. júní 1975, sem að nafnverði eru kr. 5.991.607,00. Af þessum áhvílandi skuldum hefur kaupandi þegar leyst til sín meginhlutann, auk áfallinna vaxta og kostnaðar. Þá kvittast út með samningi þessum allar lausaskuldir seljanda við kaupanda, og eru samningsaðilar sammála um, að þær, ásamt vöxtum af fé því, sem kaupandi hefur lagt út, nemi samtals kr. 3.008.393,00. Miðast kaupverðið því við útborgun kr. 9.000.000,00.

3. gr.

Með samningi þessum hafa seljandi og kaupandi gert upp viðskipti sín frá undanförnum árum að fullu, og hvorugur fjárkröfur á hendur hinum, enda standi réttur annarra ekki í vegi fyrir því, að samningur þessi komist til framkvæmda, sbr. t.d. 5. gr. hér á eftir.

4. gr.

Seljandi, Ólafur Jónsson, áskilur sér rétt til þess að búa á jörðinni

eða hluta hennar æfilangt, þrátt fyrir sölu þessa, og með þann bústofn, sem hann hefur á jörðinni á hverjum tíma fyrir sig og fjölskyldu sína, allt eftir nánara samkomulagi við kaupanda.

5. gr.

Aðiljum er kunnugt um kauprétt Rangárvallahrepps.

6. gr.

Af samningi þessum eru gerð tvö samhljóða eintök, sitt handa hvorum samningsaðila.

7. gr.

Rísi máli út af samningi þessum má reka það fyrir aukadómþingi Rangárvallahrepps án milligöngu sáttamanna.

Til staðfestu rita nöfn sín hér undir seljandi og kona hans svo og kaupandi, í votta viðurvist.

Gjört _____ ágúst 1975

Ólafur Jónsson

Borghildur K. Skarphéðinsdóttir

samþykk sem eiginkona.

Vottar:

Magnús Leópoldsson

Björk Valsdóttir.“

„Afsal.

Ég undirritaður, Ólafur Jónsson, Oddhóli, Rangárvallasýslu, sel hér með og afsala Sigurbirni Eiríkssyni, Stóra Hofi eignarjörð minni Oddhóli í Rangárvallahreppi, ásamt húsum og mannvirkjum, gögnum og gæðum, sem jörðinni fylgja og fylgja ber.

Ég áskil mér þó ábúðarrétt á jörðinni æfilangt og að hafa á henni þann bústofn, sem ég þarf á hverjum tíma fyrir mig og fjölskyldu mína.

Áhvílandi veðskuldir er kaupanda kunnugt um, og hefur hann tekið að sér að greiða þær.

Fasteignamat jarðarinnar er kr. 2.080.000.00.

Þar sem kaupandinn, Sigurbjörn Eiríksson, hefur staðið mér að

fullu skil á kaupverði jarðarinnar, lýsi ég hann réttan og löglegan eiganda hennar.

Rísi mál út af sölu þessari má reka það fyrir aukadómþingi Rangárvallasýslu án milligöngu sáttamanna.

Til staðfestu er nafn mitt undirritað í votta viðurvist.

Gjört _____ ágúst 1975

Ólafur Jónsson
Ólafur Jónsson

Borghildur K. Skarphéðinsdóttir
Samþykk sem eiginkona.

Vottar:
Magnús Leópoldsson
Björk Valsdóttir."

Gagnáfrýjandi kveðst hafa undirritað frumrit kaupsamningsins á árinu 1980 og hefur lagt fram ljósrit hans með undirskrift sinni. Óþarft er að taka afstöðu til þess, hvort og hvenær gagnáfrýjandi hafi skuldbundið sig, og verður fjallað um hin umdeildu skjöl á þeirri forsendu, að þau séu kaupsamningur og afsal.

Aðiljar deila um, hvort kaupverð það, sem tilgreint er í kaupsamningnum, hafi verið sannvirði jarðarinnar. Fasteignamat hennar var tilgreint í hinu umdeilda afsali. Óvíst er, hve miklar veðskuldir hvíldu á jörðinni, þegar aðaláfrýjandi undirritaði kaupsamninginn, þar sem veðbókarvottorðið, sem til er vitnað, sýndi upphaflegar skuldir, en afborganir eru óvissar. Er þó ljóst, að búið var að greiða skuldirnar að hluta, eins og ráða má af texta samningsins, en ekki er fram komið, hvað aðiljar höfðu greitt hvor um sig. Þá verður að telja eftir gögnum málsins og flutningi, að talan 3.008.393 krónur, sem nefnd er í 2. gr. samningsins, sé ekki fundin eftir bókhaldi eða skjölum aðilja, heldur aðeins sem mismunur þeirra tveggja talna, sem fyrr í greininni eru tilgreindar.

Aðiljar máls þessa eru báðir vanir viðskiptum. Viðskipti þeirra sín í milli, sem hér skipta máli, voru þó verulega frábrugðin því, sem almennt tíðkast. Þannig verður ekki séð, að uppgjör þeirra hafi verið byggt á bókhaldi, og fram er komið, að ekki skyldi halda af-

sali Oddhóls til laga með tíðkanlegum hætti. Líkur eru fyrir því, að rétt sé sú skýrsla aðaláfrýjanda, að hér hafi verið um málamyndagerninga að ræða, sem ekki hafi átt að hafa gildi eftir orðum sínum. Skýringar hans á því, hvers vegna skjölin voru undirrituð, eru þó ófullnægjandi, og verður ekki talið fram komið, að þau hafi ekkert gildi átt að hafa. Af kröfugerð hans og öðru, sem af hans hálfu er fram komið, verður þó ekki ljóslega ráðið neitt um þetta atriði.

Þegar það er virt, sem fram er komið um aðdraganda þess, að hin umdeildu skjöl voru undirrituð, en aðaláfrýjandi undirritaði þau, án þess að fyrir lægi, hve mikið hann skuldaði gagnáfrýjanda, verður að telja, að gagnáfrýjandi geti vegna 32. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga ekki borið þau fyrir sig gagnvart aðaláfrýjanda. Ber því að okkar áliti að taka til greina aðalkröfu aðaláfrýjanda um ógildingu hins umdeilda kaupsamnings og afsals. Að þeirri niðurstöðu fenginni eru ekki efni til að fjalla um röksemdir aðilja að öðru leyti eða málsatvik. Eftir þessum málalokum ætti að dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda 50.000,00 krónur samtals í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Rangárvallasýslu 27. júlí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 25. júní sl., hefur Ólafur Jónsson bóndi, Oddhóli, Rangárvallahreppi, höfðað fyrir aukadómþinginu gegn Sigurbirni Eiríkssyni, Álfsnesi, Kjalarneshreppi, með stefnu, birtri 2. apríl 1981, til ógildingar á svonefndum kaupsamningi og svonefndu afsali, hvorttveggja dags. ágúst 1975. Til vara er þess krafist, að téðum kaupsamningi og téðu afsali sé rift með dómi. Við munnlegan málflutning var sett fram sú krafa, að eingöngu téð afsal yrði ógilt með dómi eða til vara rift með dómi. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu, þó eigi lægri en skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. og aukatekjulögum. Við munnlegan málflutning var sett fram krafa um, að ef málið tapaðist, félli málskostnaður niður.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda dæmt að greiða honum málskostnað að skaðlausu að mati dómara. Sættir voru reyndar í máli þessu, en eigi bar sú viðleitni árangur.

II.

Málavextir.

Allt frá árinu 1966 telur stefnandi, Ólafur Jónsson, að hann hafi átt í

miklum fjárhagserfiðleikum, og telur stefndi reyndar, að svo hafi verið fyrr. Hafði stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, þá ásamt fleirum aðstoðað stefnanda með fjárframlögum. Til tryggingar fengu þeir sameiginlega umboð til að selja og/eða veðsetja jörðina Oddhól, bústofn og vélar. Gilti heimild þessi í tvö ár og var þinglesin. Stefnandi kveður, að á árinu 1966 hafi þeir m.a. tekið allan bústofn og vélar og tæki jarðarinnar og selt til að fá greiðslu á fjárframlögum sínum.

Þessu mótmælti stefndi Sigurbjörn Eiríksson af sinni hálfu en kvaðst hins vegar vita að stefnandi hefði hætt að búa um tíma og þá fargað bústofni sínum. En ekkert hefði hann þá greitt sér upp í skuldir.

Hinn 18. júlí 1973 gerðu aðiljar síðan með sér leigusamning, sbr. dskj. nr. 13, sem stefndi kvaðst í þinghaldi 27. maí 1981 aldrei hafa séð fyrr og ekki kannast við efnislega, en staðfesti, að undirskrift sín og konu sinnar væri á skjalinu.

Á þessum árum hafði stefndi o.fl. haft beit fyrir hross á jörðinni og stundum heyjað hluta af túnum, og þá m.a. fyrir stefnanda. Á móti kveðst stefnandi hafa orðið að hirða hross stefnda, sem voru á jörðinni, en þau hafi stundum verið yfir 100 talsins. Að sögn vitnisins Alberts Jónssonar heyjaði Sigurbjörn bæði fyrir sjálfan sig og allan heyskap Ólafs fram til 1977, en eftir það heyjaði Sigurbjörn ekki á Oddhóli, heldur einungis Ólafur. Fram til þess tíma skaffaði Sigurbjörn öll þau tæki og allan mannskap, sem til heyskaparins þurfti. Á þeim tíma átti Ólafur engin heyskaparverkfæri. Tún fyrir austan heimreiðar var heyjað fyrir Olaf, en vestan heimreiðar fyrir Sigurbjörn. Heymagn Ólafs var u.þ.b. 6-7 þúsund baggar, sem fylltu hlöðu Ólafs. Fram til ársins 1976 hefði Sigurbjörn beitt 40-50 hrossum á land Oddhóls, en þeim var þó gegnt frá Stóra-Hofi. Eftir það voru aldrei hross á Oddhóli að vetrarlagi. Starf Ólafs var að gefa hrossunum hey.

Jafnframt því, að stefnandi undirritaði fyrrnefndan leigusamning, undirritaði hann yfirlýsingu, dags. 18. júlí 1973, sbr. dskj. nr. 14, þar sem hann viðurkennir að skulda stefnda vissar kröfur og myndi hann ekki bera fyrir sig fyrningu á þeim. Á árinu 1975 berst í tal, að stefnandi og kona hans ætli í ferðalag til útlanda. Kveður stefnandi, að stefndi hafi þá talið nauðsynlegt, að gengið yrði frá einhverjum tryggingum, og hefði hann nefnt í þessu sambandi pro forma afsal til sín, sem tryggði hagsmuni sína, ef stefnandi félli frá í ferðinni. Tók stefnandi vel í þetta. Stefndi kveður hins vegar, að stefnandi hafi komið að máli við sig og viljað koma málum á hreint, áður en farið væri í fyrrnefnt ferðalag, og að hann fengi afsal fyrir jörðinni gegn því að kvitta út allar skuldir stefnanda við sig. Varð þá úr að aðiljar fóru á fund Inga Ingimundarsonar hrl., og gekk hann frá kaupsamningi og afsali til stefnda. Staðfesti lögmaðurinn það hér fyrir dómi,

að báðir aðiljar hefðu komið á skrifstofu sína til samningsgerðar þessarar.

Síðan er það að sögn stefnanda um sumarið 1975, einhvern tímann í ágúst, að stefndi kemur að Oddhóli seinni part dags og hefur meðferðis tvö skjöl, vélrituð og tilbúin og bað um að þau yrðu undirrituð. Hirti stefnandi ekki um að lesa þessi skjöl, en undirritaði þau, en taldi vera um að ræða einhvers konar málamyndakaupsamning og afsal. Tölur þær, sem í skjölunum greinir, hefðu ekki verið ræddar, og kvaðst stefnandi hér fyrir dómi ekki hafa vitað, hvernig skuldastöðu aðilja var háttað, er undirritun fór fram. Rétt þykir í þessu sambandi að taka upp 2. og 3. gr. kaupsamnings orðrétt:

„Umsamið kaupverð jarðarinnar er kr. 9.000.000.- níu milljónir sem kaupandi greiðir þannig að hann yfirtekur áhvílandi skuldir á jörðinni skv. veðbókarvottorði dags. 30. júní 1975, sem að nafnverði eru kr. 5.991.607.-. Af þessum áhvílandi skuldum hefur kaupandi þegar leyst til sín meginhluta ann auk áfallinna vaxta og kostnaðar. Þá kvittast út með samningi þessum allar lausaskuldir seljanda við kaupanda og eru samningsaðilar sammála um, að þær ásamt vöxtum af fé því, sem kaupandi hefur lagt út, nemi samtals kr. 3.008.393.-. Miðast kaupverðið því við útborgun kr. 9.000.000.- **Með samningi þessum hafa seljandi og kaupandi gert upp viðskipti sín frá undanförnum árum að fullu og á hvorugur fjárkröfur á hendur hinum,** enda standi réttur annarra ekki í vegi fyrir því, að samningur þessi komist til framkvæmda."

Kona stefnanda vildi ekki undirrita gerninga þessa í fyrstu, en kvaðst **stefnandi hafa hvatt hana til þess og hún þá undirritað að lokum. Kvaðst** hún hér fyrir dómi hafa skrifað undir, er eiginmaður hennar, stefnandi, hefði fullvissað hana um, að um málamyndagerninga væri að ræða. Kveðst hún hafa skrifað undir skjöl þessi inni í stofu í Oddhól og kvaðst minnast þess, að skjölin hafi verið í gluggakistunni en stefndi hafi haldið yfir meginmálið, er hún skrifaði undir. Stefndi hefur mótmælt þessu sem algerum tilbúningi. Að sögn stefnda lásu bæði stefnandi og kona hans samninginn og afsalið, áður en þau undirrituðu þau, sem var á stofuborðinu í innri stofunni á Oddhóli. Allt hafi farið fram í vinsemd og enginn asi verið á hlutunum. Með í för þessari voru Magnús Leópoldsson og kona hans, Björk Valsdóttir, og undirrituðu þau skjöl þessi sem vottar.

Aðspurt kveðst vitnið Magnús Leópoldsson hafa vitað, að til stæði, að Ólafur Jónsson seldi Sigurbirni Eiríkssyni jörðina Oddhól, áður en til undirritunar kom. Hafi Ólafur Jónsson sjálfur sagt sér það og verið ánægður með þá ráðstöfun. Kveðst vitnið hafa við samningsgerð þessa að Oddhóli hafa setið í sófa ásamt konu sinni inni í stofu og hafi skjöl þessi ekki verið á sófaborði því, sem fyrir framan sófann var, heldur á öðru borði þar rétt hjá. Vitnið segir, að þessir samningar hafi verið til umræðu á staðnum,

en minnist þess þó ekki, hver samningsatriði það hafi verið og minnist þess ekki, að rætt hafi verið um fjárhæðir. Kveður vitnið, að þau hjón Ólafur og Borghildur Skarphéðinsdóttir hafi virst ánægð með það, að þetta væri frágengið, og þeim hafi verið fullkunnugt um það, hvað um væri að ræða, að verið væri að ganga frá sölu jarðarinnar til Sigurbjörns. Kveðst vitnið hafa skrifað undir kaupsamninginn, þegar Ólafur og Borghildur hafi verið búin að skrifa undir, en man ekki hvort þeirra skrifaði undir fyrst eða hvort skjalið var fyrr undirritað. Vitnið telur, að Sigurbjörn hafi ekki undirritað skjölin á staðnum, og segir, að það hafi ekki komið sér á óvart, þótt hann skrifaði ekki undir. Vitnið kveðst hafa verið starfsmaður Lækjarmóts á árunum 1974-1976, en áður unnið hjá stefnda í að giska 5 ár.

Vitnið Björk Valsdóttir segir, að það hafi vitað, hvað þessir samningar voru og að allir viðstaddir hafi vitað um það, hvers efnis samningar þessir voru. Kveðst vitnið hafa séð, er Ólafur og Borghildur skrifuðu undir, og skrifað síðan undir sem vottur, er þau höfðu skrifað undir. Vitnið segir, að Borghildur hafi ekki sýnt neina tregðu varðandi undirskrift þessara skjala og þetta hafi gengið fyrir sig með eðlilegum hætti. Vitnið telur, að annað borð hafi verið innar í stofunni og þar hafi aðiljar undirritað skjölin, en vitnið telur, að það hafi skrifað undir skjölin við sófaborðið, þar sem það sat. Vitnið telur sig ekki minnast þess, að skjölin hafi verið rædd efnislega. Kveðst vitnið og ekki minnast þess, að einstök efnisatriði þessara samninga hafi verið rædd. Vitnið kveðst hafa unnið í Klúbbnum við skrifstofustörf, lítillega, fyrst 1975, síðan frá árunum 1976-1979. Vitnið upplýsti, að það væri vinur stefnda og hafi þekkt hann frá því árið 1969 og sé góður vinur hans enn.

Að sögn stefnanda tók stefndi síðan öll skjöl þessi með sér og fékk hann, stefnandi, engin afrit. Hefði stefndi ekki undirritað skjölin sjálfur, og fannst honum ekkert athugavert við það. Hefði hann síðan ekki séð þessi skjöl fyrr en lögmaður hans hefði sýnt honum ljósrit af þeim, en það var um áramótin 1978-1979, að hann minnir. Að sögn stefnda var vegna eindreginna tilmæla stefnanda það samkomulag milli aðilja, að jörðin mætti vera áfram á hans nafni og að samningarnir yrðu geymdir sem trúnaðarmál hjá lögfræðingnum, sem stefndi féllst á. Hefur lögmaðurinn síðan geymt bæði eintökin þar til seint á árinu 1978, að bréf barst frá lögmanni stefnanda, sem krefst þess, að sér sé sendur samningurinn, sem var gert (ljósrit).

Þá kom í ljós, að stefndi hafði ekki undirritað kaupsamninginn. Kveður stefndi, að það hafi alltaf verið ætlun sín að undirrita, en svo hafi það gleymst og hafi hann fengið lögmanninum samningana og hafi hann átt að geyma þá sem trúnaðarmál fyrst um sinn. Þegar svo löngu seinna hafði komið fram krafa frá stefnanda um að fá eintak af samningunum, hefði hann, stefndi, steingleymt því, að hann hafði ekki undirritað, og fékk lög-

maður Ólafs ljósrit af samningunum þannig. Úr því sem komið var, taldi stefndi ekki skipta máli, þó enn drægist að undirrita, og undirritaði hann ekki fyrr en nokkru síðar í viðurvist lögmanns síns, sem vottaði það. Hins vegar vill stefndi taka fram, að aldrei hafi staðið á honum að standa við allt það, sem í samningi þessum greinir.

Að sögn stefnanda gerðist síðan ekkert markvert í þessum málum í nokkurn tíma. Stefndi mun hafa greitt eitthvað af skuldum vegna jarðarinnar, en um það væri sér, stefnanda, nánar ókunnugt. Sjálfur hefði stefnandi allan þennan tíma staðið skil á sköttum og skyldum og greitt margar veðskuldir, sem á jörðinni hvíldu. Þá hefði hann annast allan kostnað vegna viðhalds jarðarinnar, bæði á landi, húsum og öðrum mannvirkjum, og varið til þess tugum milljóna króna. Það hafi síðan ekki verið fyrr en á ofanverðu ári 1978, að hann taldi sig fá einhverjar grunsemdir um, að Sigurbjörn kynni að ætla að halda fram eignarétti sínum að jörðinni í skjóli þessara málamyndagerninga. Það var þegar dýpka átti skurð, sem liggur milli Odda og Oddhóls, en hann neitaði. Var þá farið til Sigurbjarnar og fengið leyfi hans og dýpkun framkvæmd. Um þetta leyti kom Sigurbjörn til hans að Oddhóli, og var þá þetta skurðarmál rætt. Féllu Sigurbirni þá orð mjög á þann veg, að grunur hans styrktist. Leitaði hann skömmu síðar lögmannsaðstoðar í máli þessu.

Síðan skeður það næst í máli þessu, að lögmaður Ólafs sendir stefnda bréf, dags. 5. des. 1978, sbr. dskj. nr. 6, sem fyrr er nefnt. Er í bréfi þessu tilkynnt, að kaupsamningi og afsali varðandi Oddhól sé rift og farið fram á, að sú riftun sé samþykkt skriflega, og greindar þær ástæður, sem riftunin byggist á. Bréfi þessu svarar stefndi með bréfi til stefnanda 15. des. 1978, sbr. dskj. nr. 7. Er þar mótmælt fyrrnefndri riftunaryfirlýsingu. Í framhaldi af þessu lét Ólafur svo þinglýsa yfirlýsingu, dags. 16. maí 1979, sbr. dskj. nr. 8, þar sem riftunaryfirlýsing er ítrekuð. Næst gerist það í máli þessu, að stefndi sendir hreppsnefnd Rangárvallahrepps bréf 24.02. 1981, þar sem þess er beiðst, að hreppsnefndin hafni forkaupsrétti vegna kaupa hans á jörðinni Oddhóli í Rangárvallahreppi. 20. mars 1981 sendir síðan lögmaður stefnanda hreppsnefnd Rangárvallahrepps bréf, þar sem þess er krafist, að hreppsnefndin vísi erindi stefnda frá sér. Hreppsnefnd Rangárvallahrepps tók mál þetta síðan fyrir á fundi 24. mars 1981 og samþykkti þá svofellda ályktun: „Þar sem fyrir liggur að ágreiningur er milli samningsaðila um gildi samningsins og að því máli hafi verið vísað til dómstóla vísar hreppsnefndin forkaupsréttarmálinu frá."

Mál þetta er síðan þingfest 10. apríl 1981. Ekki þykir rétt að rekja málavexti frekar hér, en verður það gert jafnóðum og ástæða þykir til, þegar fjallað er um málsástæður aðila.

III.

Málsástæður og lagarök.

1. Stefnandi.

Helstu lagarök stefnukrafna eru reglur samningaréttarins um stofnun samninga og ógildi löggerninga, sbr. m.a. 30. gr. og 32. gr. laga nr. 7/1936 og 7. gr. laga nr. 58/1968 (sic). Í aðalkröfu er því haldið fram, að samningar hafi ekki stofnast, en hafi samningar stofnast, þá sé gerningurinn ógildur og/eða ógildanlegur. Í varakröfu er því haldið fram, að gerningarnir séu riftanlegir vegna forsendubrests vegna atvika að tilurð gerninganna og að lokum vegna grófra vanefnda. Þá er því haldið fram, að gerningarnir séu ógildir (fallnir niður) eða riftanlegir vegna vangeymslu stefnda. Varðandi það, að samningur hafi ekki stofnast, hafi það aldrei verið vilji eða ætlan aðilja, að dskj. nr. 3 og 4, þ.e. kaupsamningurinn og afsalið, hefðu gildi eftir efni sínu, heldur var um bráðabirgðaráðstöfun að ræða til tryggingar skuldum stefnanda við stefnda. Stefndi undirritaði ekki samningana fyrr en löngu seinna. Slík undirritun tilkomin löngu síðar hefur verið án vitundar stefnanda. Undirskrift stefnanda á skjölin ber að skoða fyrst um sinn sem loforð, en slíkt loforð falli niður, ef samþykki liggur ekki fljótlega fyrir og með vitund loforðsgjafa. Þetta er vegna eðlis þessa tiltekna loforðs, sem inniheldur verulegar gagnkvæmar skuldbindingar og skyldur loforðsmóttakanda. Þetta loforð er afturkallað í síðasta lagi með dskj. nr. 6, en þá hafði stefndi ekki áritað samþykki sitt. Síðara samþykki er því óskuldbindandi. Varðandi það, að samningurinn og afsalið sé ógilt (ógildanlegt), er vísað til 30. gr. og 32. gr. sml. nr. 7/1936 og 7. gr. laga nr. 58/1958 (sic). Stefndi notfærir sér bágindi stefnanda og fákænsku í fjármálum til að fá hann á fölskum forsendum til að árita kaupsamning og afsal. Leigusamningurinn á dskj. nr. 13 og yfirlýsing á dskj. nr. 14 eru lagðar fram til að sýna yfirgang stefnda í garð stefnanda. Fjárhæðir í kaupsamningi eru tilbúningur og út í bláinn. Stefndi komið að Oddhóli með gerninga þessa og tvo votta, en stefnandi og maki hans undirritað í þeirri trú, að um væri að tefla pro forma gerninga og að stefndi hefði ekki ásælst jörðina, þetta væri eingöngu gert til tryggingar. Stefndi hefur viljað halda þessum gerningum leyndum og fékk stefnanda ekki eintök við samningsgerðina þrátt fyrir ákvæði 6. gr. kaupsamnings.

Varðandi riftun er bent á, að riftunarástæður séu margar, og þar á meðal m.a. má vísa til þess, er þegar er nefnt. Þá má telja um sjálfstæða riftunarkröfu vanefndir stefnda (sic). Skv. kaupsamningi og afsali tekur stefndi að sér greiðslur allra áhvílandi veðskulda. Stefndi hefur ekki staðið við þetta heit. Jörðin hefur verið á nauðungaruppboðum eftir ágúst 1975, og hefur stefnandi greitt sjálfur ýmsar áhvílandi veðskuldir. Þá hefur stefndi ekki greitt opinber gjöld vegna jarðarinnar frá ágúst 1975. Stefndi hefur

ekkert sinnt jörðinni og engu fé varið til venjulegs viðhalds girðinga eða mannvirkja. Stefnandi hefur jafnan greitt opinberu gjöldin og varið tugum milljóna króna gamalla til viðhalds, endurbóta og ræktunar. Þá er bent á, að stefndi leitaði ekki afstöðu sveitarstjórnar til forkaupsréttarins, fyrr en löngu eftir að samningar voru gerðir.
Stefndi hefur ekki leitað þinglýsingar skjalanna og ekki mótmælt hinu þinglýsta dskj. nr. 8 (yfirlýsing stefnanda).

Stefndi hefur ekki greitt lögbundin stimpilgjöld af samningunum. Stefndi komið fram í aukadómþingsmálinu nr. 29/1980, sbr. dskj. nr. 11 og 12, eins og hver annar veðhafi í eign annars manns.

2. Stefndi.

Stefndi mótmælir því eindregið, að um málamyndagerninga sé að ræða. Stefnandi verði að sanna það gegn mótmælum stefnda, að svo hafi verið samið, og það hafi hann ekki gert. Vísað er til framburðar vitnanna Magnúsar Leópoldssonar og Bjarkar Valsdóttur, sem fyrr hefur verið rakinn. Varðandi það, að dskj. 3 og 3 (sic), þ.e. kaupsamningur og afsal, hafi ekki verið undirritað af stefnda, kveður lögmaður stefnda, að sér hafi verið falið að ganga frá kaupsamningi og afsali og hafi báðir aðiljar komið saman til sín í þeim erindum. Þegar skjölin voru tilbúin, fékk stefndi þau í hendur til að fara með þau austur að Oddhóli til undirskriftar. Stefndi afhenti honum síðan skjölin í umslagi, og kom lögmaðurinn þeim þegar til geymslu í bankahólfi sínu, þar sem svo hefði verið um talað milli hans og samningsaðilja, að hann geymdi samningana sem trúnaðarmál fyrst um sinn. Þegar síðan kom krafa frá umboðsmanni stefnanda um að fá eintak, sendi lögmaðurinn honum ljósrit án þess að aðgæta undirskriftir. Sigurbjörn, stefndi, undirritaði síðan kaupsamninginn í september 1980 að lögmanninum viðstöddum, sbr. dskj. nr. 16.

Rök umboðsmanns stefnanda fyrir því, að samningar hafi ekki stofnast, standast ekki. Á það er bent, að afsalið er það skjal, sem endanlega gildir. Það er undirritað af stefndanda og konu hans í votta viðurvist og fullnægir þeim skilyrðum að vera lögmætur eignayfirfærslugerningur. Engin laganauðsyn sé, að kaupandi undirriti það. Ljóst sé, að engin laganauðsyn sé á gerð kaupsamnings á undan afsali fyrir fasteign, þótt oft sé það hagkvæmt sökum greiðsluákvæða. Í umræddu tilviki, þar sem kaupverð var að fullu greitt, hafði kaupsamningurinn fyrst og fremst gildi til að staðfesta fjárhagslegt uppgjör milli aðiljanna, sbr. t.d. 3. gr. hans.

Stefnandi hefur ekkert tjón beðið við drátt á undirritun af hálfu stefnda. Eignarréttur til handa stefnda fyrir jörðinni stofnaðist við undirritun stefnanda á afsal með þeim skilmálum, sem í kaupsamningi og afsali greinir.

Ástæðum lögmanns stefnanda fyrir kröfu um ógildingu samninga er alfarið vísað á bug sem röngum, ósönnuðum og að engu hafandi. Fráleitt sé að tala um, að stefnandi sé fákænn í fjármálum, því sennilega hafi fáir bændur hér í hreppi staðið í eins miklum fjármálasumsvifum um ævina. Verð jarðarinnar, eins og hún var 1975 með lélegum húsakosti, mun hafa verið eðlilegt gangverð. Ekki síst, sé miðað við útborgun og þá skilmála, að stefnandi býr á jörðinni ævilangt og afnot stefnda af henni aðeins þau, sem stefnandi samþykkir skv. 4. gr. kaupsamnings og 2. gr. afsals.

Varðandi riftunarkröfu stefnanda er bent á, að stefnandi lýsti einhliða yfir riftun með bréfi, dags. 5. des. 1978, eða u.þ.b. 3 árum og 4 mánuðum eftir undirritun afsals. Þeirri kröfu hafi verið vísað á bug með bréfi stefnda 15. des. s.á., sbr. dskj. nr. 7, og hafi því verið mótmælt hinu þinglýsta skjali (dskj. nr. 8), því það sé einungis ítrekun á bréfi 5. des. 1978. Rétt sé, að jörðin hafi verið auglýst á nauðungaruppboðum, en það hafi að sjálfsögðu verið mál kaupanda og olli seljanda engu tjóni. Mótmælt er, að stefnandi hafi greitt opinber gjöld af jörðinni eftir ágúst 1975, og þá vísað í vitnaframburð Jóns Gauta Jónssonar og Jóns Þorgilssonar, fyrr en þá eftir riftunaryfirlýsingu sína. Í vitnaframburði þeirra kom fram, að stefnandi vísaði oftast á stefnda til greiðslu fasteignagjalda af jörðinni Oddhóli. Ekki sé ljóst, hvernig eftirlit stefndi hefði átt að hafa á jörðinni, og veðsetningar stefnanda séu réttarbrot gagnvart stefnda og ólögmætar.

Höfðun aukadómþingsmálsins nr. 29/1980 hafi verið samningsbrot og hafi þá verið auðsætt, að ekki yrði dæmt um gildi kaupgerninga aðiljanna, enda taldi lögmaðurinn þá ekki ástæðu til að leggja þá fram. Næg rök önnur voru til staðar, sem dugðu til sýknu.

Fram hefur komið, að mistök voru við samlagningu talna á veðbókarvottorði, er afsal og kaupsamningur voru gerð. Gerð hefur verið grein af hálfu stefnda fyrir þessum mistökum og boðin fram greiðsla á mismun að uppfylltum vissum skilyrðum, sbr. dskj. nr. 59. Lögmaður stefnanda hefur hins vegar bent á, að þetta sýndi einungis enn betur, að fjárhæðir þær, sem nefndar væru í greindum samningum, væru tilbúningur og gerðar út í loftið.

IV.

Niðurstaða dómsins.

Þegar stefnandi og maki hans undirrituðu afsal og kaupsamning um jörðina Oddhól í ágúst 1975, verður að telja, að komist hafi á bindandi samningar milli aðilja og eigninni hafi verið afsalað til kaupanda, stefnda í máli þessu. Undirritun þessi fór fram í votta viðurvist, og hafa vottarnir borið um það, að allir hafi gert sér fulla grein fyrir því, hvað um var að vera, þ.e. sölu jarðarinnar Oddhóls. Ekki er hægt að fallast á þá kröfu stefn-

anda, að um málamyndagerning hafi verið að ræða, engar fullnægjandi sannanir hafi verið færðar fyrir því né svo verulegar líkur, að hægt væri að fallast á það gegn mótmælum stefnda. Ekki verður talið, að stefnandi geti byggt á því, að stefndi undirritaði ekki kaupsamning fyrr en löngu eftir undirritun stefnanda og eftir að riftunarkrafa kom fram af hálfu stefnanda. Stefnandi hafi með undirritun sinni gert bindandi kaupsamning og afsal af sinni hálfu. Stefnandi hefur talið skjölin ógild eða ógildanleg og í því sambandi vísað til 30. og 32. gr. samningalaga nr. 7/1936 og 7. gr. okurlaga nr. 58/1968 (sic). Dómari máls þessa getur ekki fallist á, að tilvitnuð lagaákvæði eigi við í umræddu máli, stefnanda hefur ekki tekist að sýna fram á slíka fákænsku sína eða bágindi, að það réttlæti beitingu greindra lagaákvæða. Einnig hefur stefnandi vísað til þess, að fjárhæðir í kaupsamningi væru út í bláinn og tilbúningur einn án þess að sýna fram á það með nægjanlegum rökum, að svo sé. Stefnandi hefur til vara krafist riftunar á greindum samningum vegna vanefnda stefnda og þá einkum vitnað til þess, að stefndi hafi ekki greitt áhvílandi veðskuldir, opinber gjöld og í engu sinnt viðhaldi o.fl. Skv. framkomnum gögnum í máli þessu sem og vitnaskýrslum þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á svo verulegar vanefndir stefnda í máli þessu, að þær réttlæti riftun samninga.

Niðurstaða dómsins verður því sú, að stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, skuli vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ólafs Jónssonar, í máli þessu.

Eftir atvikum málsins þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Stefndi, Sigurbjörn Eiríksson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ólafs Jónssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 6. febrúar 1985.

Nr. 229/1984. **Ákæruvaldið**
(ríkissaksóknari)
gegn
Gunnari Inga Árnasyni
(Páll A. Pálsson, hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. maí 1984, en ákærði vildi una dóminum.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærða verði þyngd og tími ökuleyfissviptingar lengdur.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 16. janúar 1985.

Lögreglumenn stöðvuðu ákærða á svonefndum Upphéraðsvegi skammt sunnan við Gunnlaugsstaði í Suður-Múlasýslu kl. 14.15 laugardaginn 30. júlí 1983. Þegar ákærði kom fyrir sakadóm Sauðárkróks 5. apríl 1984, skýrði hann svo frá, að hann hefði drukkið eitthvað af áfengi kvöldið áður en lögreglumennirnir stöðvuðu hann, en ekki fundið til neinna áfengisáhrifa um morguninn, áður en hann hóf aksturinn. Ákærði rengdi ekki niðurstöðu hraðamælingar lögreglumannanna, þótt hann teldi sig ekki hafa ekið jafn hratt og mælingin sýndi. Hann véfengdi ekki, að alkóhólmagn í blóði sínu hefði verið 0,80‰.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, sætti ákærði 2.000,00 króna sekt með dómsátt í sakadómi Sauðárkróks hinn 9. júlí 1982 og ökuleyfissviptingu í 3 mánuði frá sama degi að telja fyrir ölvun við akstur. Þykir refsing ákærða samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða

ökuréttindum ævilangt frá birtingu héraðsdóms 14. maí 1984 að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Ingi Árnason, sæti varðhaldi 15 daga. Hann er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 14. maí 1984.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 9. apríl 1984.

Ár 1984, mánudaginn 9. apríl, var í sakadómi Sauðárkróks, sem haldinn var í skrifstofu dómsins að Víðigrund 5 af Hilmari Baldurssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 186/1983: Ákæruvaldið gegn Gunnari Inga Árnasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. apríl sl., er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 22. mars 1984 „Á hendur Gunnari Inga Árnasyni, Aðalgötu 10, Sauðárkróki fæddum þar í bæ 21. nóvember 1960, fyrir að aka, laugardaginn 30. júlí 1983 undir áhrifum áfengis bifreiðinni K-1197 frá Egilsstöðum áleiðis í Atlavík í Hallormsstaðarskógi, aka með 100 kílómetra hraða á klukkustund á upphéraðsvegi skammt sunnan Gunnlaugsstaða í Vallahreppi, en þar hafði lögreglan afskipti af akstri hans.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3.mgr. 25. gr. og 2. mgr. 50. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar".

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1982 1/5 í A-Skaftafellssýslu: Sátt, 300 kr. sekt f. brot g. 21. gr. áfl.
1982 9/7 á Sauðárkróki: Sátt, 2.000 kr. sekt f. brot g. 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umfl. og 1. mgr. 24. gr. áfl. Sviptur ökuleyfi í 3 mán. frá 9/7 1982.

Málavextir eru þessir:

Laugardaginn 30. júlí 1983 voru lögreglumenn frá vegalögregludeild lögreglunnar í Reykjavík við ratsjármælingar á upphéraðsvegi í S-Múlasýslu. Mældu þeir þar hraða bifreiðarinnar K-1197 skammt sunnan við Gunnlaugsstaði í Vallahreppi. Reyndist hraðinn vera 100 km miðað við klukkustund. Ökumaðurinn, ákærði í máli þessu, var vegna áfengisþefs, færður fyrir varðstjóra á lögreglustöðinni á Egilsstöðum og honum tekið blóð til alkóhólgreiningar.

Ákærði viðurkennir að hafa neytt áfengis og fundið til talsverðra áfengisáhrifa aðfaranótt laugardagsins 30. júlí. Rengir hann ekki heldur niðurstöðu ratsjármælingar umrætt sinn.

Niðurstöður.

Með framburði kærða og öðrum gögnum málsins, þar á meðal niðurstöðu alkóhólgreiningar í blóði, sem sýndi alkóhólmagn í blóði kærða vera 0,80‰, telst sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem í ákæru greinir og varðar við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 50 gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Samkvæmt sakavottorði ákærða var honum með sátt, gerðri á Sauðárkróki 9/7 1982, gert að greiða 2.000 kr. sekt og sviptur ökuleyfi í 3 mánuði fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin sekt kr. 12.000 í ríkissjóð, er greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en afplánist ella með 15 daga varðhaldi.

Samkvæmt 71. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 hefur sáttin frá 9. júlí 1982 ítrekunaráhrif á það brot ákærða, sem hér er til meðferðar. Ber því að svipta ákærða ökuleyfi í 14 mánuði frá dómsbirtingu að telja.

Ennfemur er ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Gunnar Ingi Árnason, greiði sekt kr. 12.000 í ríkissjóð, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá dómsbirtingu að telja.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá birtingu dóm þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. febrúar 1985.

Nr. 16/1985. **Jón Valgeir Björgvinsson**
gegn
Þinglýsingardómaranum í Kópavogi

Kærumál. Synjun þinglýsingar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur með kæru 22. janúar 1985, sem barst Hæstarétti 1. febrúar s.á., kært synjun þinglýsingardómara í Kópavogi 14. janúar s.á. um þinglýsingu afsals Kristjönu Halldórsdóttur og Ólafs Petersen til sóknaraðilja, dagsetts 21. desember 1984, fyrir þriggja herbergja íbúð á 2. hæð til hægri í austurenda hússins nr. 49 við Álfhólsveg í Kópavogi ásamt sérgeymslu í kjallara, bílskúr og tilheyrandi leigulóðarréttindum. Sóknaraðili krefst þess, að synjun þinglýsingardómara verði hrundið og að lagt verði fyrir hann að þinglýsa afsalinu. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Mál þetta sætir kæru til Hæstaréttar samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 39/1978. Þinglýsingardómarinn, Guðgeir Eyjólfsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur sent Hæstarétti greinargerð sína fyrir synjuninni, dagsetta 29. janúar. Segir þar svo:

„Málavextir eru þeir, að hinn 8. janúar 1985 var móttekið til þinglýsingar hjá þinglýsingardómara í Kópavogi nefnt afsal Kristjönu Halldórsdóttur og Ólafs Petersen á 3ja herbergja íbúð á 2. hæð til hægri í húsinu nr. 49 við Álfhólsveg til Jóns Valgeirs Björgvinssonar. Skjalið var skráð í þinglýsingadagbók og merkt nr. 109/85.

Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga um fjölbýlishús nr. 59/1976 er það skilyrði þinglýsingar eignaryfirfærslu fjölbýlishúss eða hluta þess að skiptayfirlýsing liggi fyrir, sem skylt er að gera um öll fjölbýlishús skv. lögunum. Eigendur umræddrar fasteignar Álfhólsvegar 49 komu sér saman um skiptingu hennar með eignarskiptasamningi dagsettum 18. maí 1978, í alls 4 íbúðir. Eignarskiptasamningi þessum var þinglýst 19. maí 1978.

Á árinu 1984 var þinglýst tveimur yfirlýsingum varðandi Álfhóls-

veg 49. Er önnur varðandi íbúð á 1. hæð t.v., en samkvæmt yfirlýsingunni skiptir eigandi hennar íbúðinni í tvo hluta, jarðhæð sem telst 6,05% allrar eignarinnar og 3ja herbergja íbúð á 1. hæð sem telst 18,75% allrar fasteignarinnar. Yfirlýsingu þessari var þinglýst 25. apríl 1984.

Hin yfirlýsingin er varðandi íbúð á 2. hæð t.h., sem á sama hátt er skipt í tvo hluta af eigendum hennar Kristjönu Halldórsdóttur og Ólafi Petersen, þ.e. kjallaraíbúð, sem telst 12,32% af allri eigninni og 3ja herbergja íbúð á 2. hæð sem telst 17,58% af allri eigninni þ.e. þess hluta sem nefnt afsal er fyrir. Yfirlýsingunni var þinglýst 1. mars 1984. Báðar yfirlýsingarnar voru áritaðar af byggingafulltrúa Kópavogs. Í fasteignabók var við þinglýsingu þeirra beggja skráð athugasemd um að ekki væri um eignarskiptasamning að ræða.

Þinglýst hefur verið kaupsamningum um alla þessa fjóra hluta. Afsali fyrir kjallaraíbúð, hluta 2. hæð t.h. var þinglýst 19. september 1984.

Það er álit þinglýsingardómarans að allir sameigendur að fjölbýlishúsi skuli vera aðilar að gerð skiptayfirlýsingar skv. II. kafla l. nr. 59/1976 og því þurfi atbeina þeirra allra til breytinga á skiptayfirlýsingunni. Fyrrnefndur eignarskiptasamningur frá 18. maí 1978 fullnægir þessum kröfum. Yfirlýsingarnar frá 1984 eru aðeins undirritaðar af eigendum einstakra eignarhluta og geta því ekki talist breyta eignarskiptasamningnum frá 1978.

Niðurstaðan er að ekki séu til staðar skilyrði til þinglýsingar eignayfirfærslu einstakra eignarhluta í fasteigninni Álfhólsvegur 49, nema samkvæmt lýsingu í eignarskiptasamningi dagsettum 18. maí 1978. Nefnt afsal varðar eignarhluta, sem ekki er í samræmi við eignarskiptasamninginn frá 1978. Þinglýsingardómari telur því að óheimilt sé skv. 2. mgr. 3. gr. l. nr. 59/1976 að þinglýsa afsali þessu og vísaði því frá. Þinglýsingarbeiðanda var tilkynnt um synjunina skv. 5. mgr. 7. gr. þingl. nr. 39/1978."

Eignarskiptasamningurinn 18. maí 1978 er svohljóðandi:

„Við undirritaðir sameigendur húseignarinnar nr. 49 við Álfhólsveg í Kópavogi höfum komið okkur saman um eftirfarandi skiptingu eignarinnar samkvæmt útreikningum Gunngeirs Péturssonar byggingafulltrúa frá því í september 1974.

Húseignin er kjallari og 2 hæðir með alls 4 íbúðum og tilheyrandi leigulóðarréttindum.

Lárus Ingólfsson er eigandi að íbúð á 1. hæð til vinstri. Eignarhluti hans telst vera 24,8% af húsinu.

Birgir Úlfsson var eigandi að íbúð á 1. hæð til hægri. Eignarhluti hans telst vera 23,5% af húsinu.

Laufey Jónsdóttir er eigandi að íbúð á 2. hæð til vinstri. Eignarhluti hennar telst vera 21,8% af húsinu.

Benedikt Sigurðsson er eigandi að íbúð á 2. hæð til hægri. Eignarhluti hans telst vera 29,9% af húsinu.

Eignarhlutum þessum fylgir hlutfallslegur réttur í húseigninni í s.s. göngum, barnavagnageymslu, sorpgeymslu og leigulóðarréttindum."

Af framlögðum veðbókarvottorðum sést, að Kristjana Halldórsdóttir og Ólafur Petersen eignuðust íbúð Benedikts Sigurðssonar, 29,9% húseignarinnar, 30. nóvember 1982. Með yfirlýsingu 22. febrúar 1984, sem þinglýst var 1. mars s.á., skiptu þau eignarhluta sínum í tvær íbúðir, aðra í kjallara hússins, og taldist hún vera 12,32% allrar húseignarinnar, en hina á 2. hæð til hægri, og taldist hún vera 17,58% húseignarinnar. Í máli þessu er um að ræða afsal fyrir síðartöldu íbúðinni. Yfirlýsing þessi felur í sér breytingu á því ákvæði eignarskiptasamningsins um húseignina, að þar séu alls 4 íbúðir. Sameigendur Kristjönu og Ólafs að húseigninni hafa ekki samþykkt þessa breytingu, að því er séð verður. Var þinglýsingardómara því rétt að synja um þinglýsingu afsals þess, er mál þetta fjallar um, samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 59/1976, sbr. 2. mgr. 7. gr. og 1. mgr. 24. gr. þinglýsingalaga nr. 39/1978. Ber því að staðfesta hina kærðu úrlausn þinglýsingardómarans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Hin kærða úrlausn þinglýsingardómarans í Kópavogi á að vera óröskuð.

Þriðjudaginn 12. febrúar 1985.

Nr. 193/1983. **Akraneskaupstaður**
(Guðmundur Markússon hrl.)
gegn
Helga Péturssyni
og gagnsök
(Páll Arnór Pálsson hrl.)

Heilbrigðisreglugerð. Brottflutningur bifreiðar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 7. október 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973, útgefnu 5. s.m. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjaði málinu með stefnu 24. október 1983, krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi greiði sér „kr. 20.000,00 ásamt 35% ársv. frá 01.07.1980 til 01.06.1981, 34% ársv. frá þ.d. til 01.02.1982, 39% ársv. frá þ.d. til 01.11.1982, 47% ársv. frá þ.d. til 21.09.1983, 39% ársv. frá þ.d. til 21.10.1983, 36% ársv. frá þ.d. til 21.11.1983, 32% ársv. frá þ.d. til 21.12.1983, 25% ársv. frá þ.d. til 21.01.1984, 19% ársv. frá þ.d. til 13.08.1984, 24% ársv. frá þ.d. til 27.08.1984, 25% ársv. frá þ.d. til 18.09.1984, 25,5% ársv. frá þ.d. til 11.10.1984, 26% ársv. frá þ.d. til 25.10.1984, 27,5% ársv. frá þ.d. til 01.02.1985, 34% ársv. frá þ.d. til dómsuppsögu og síðan dómvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Til vara krefst gagnáfrýjandi þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjanda verði gert að greiða málskostnað í Hæstarétti.“

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 13.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Akraneskaupstaður, greiði gagnáfrýjanda, Helga Péturssyni, 13.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 3. júní 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí sl. eftir munnlegan flutning málsins, var höfðað með stefnu, útgefinni 25. janúar 1982 og birtri 1. febrúar 1982, af Helga Péturssyni, þá til heimilis Einigrund 1, Akranesi, en nú til heimilis Sóleyjargötu 6, Akranesi, gegn Magnúsi Oddssyni bæjarstjóra f.h. Akranes kaupstaðar til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 20.000,00 ásamt 35% ársvöxtum frá 1. júlí 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 1. febrúar 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda eru gerðar þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af dómkröfum stefnanda og hann verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Sáttatilraunir í málinu urðu árangurslausar.

II.

Málavextir.

Stefnandi máls þessa, Helgi Pétursson rafsuðumaður, f. 13/7 1957, kvaðst hafa keypt bifreiðina Y-8377 á bílasölunni Spyrnan í Reykjavík af Ægi Kópssyni í Kópavogi, líklega 5. maí 1979, á gkr. 2.100.000, nýkr. 21.000,00. Samkvæmt ljósriti af lögregluskýrslu, dags. 30. apríl 1979, sem lögð hefir verið fram í dóminum, af árekstri þann dag var stefnandi þá talinn eigandi bifreiðarinnar. Samkvæmt skráningarskírteini Bifreiðaeftirlits ríkisins var bifreiðin af tegundinni Pontiac Firebird, árgerð 1970, innflutt notuð.

Þegar stefnandi keypti bifreiðina, var í henni ónýt sjálfskipting og ólagfærðar skemmdir á vinstri hlið hennar, á hurð og bretti.

Stefnandi lét lagfæra skemmdir þessar og notaði bifreiðina síðan í Reykjavík í nokkra mánuði, en hann var þá þar búsettur. Þá lenti bifreiðin þar í smátjóni og varð nokkur skemmd á framstykki. Seint á árinu 1979

kvaðst stefnandi hafa fengið áminningu frá lögreglu um, að bifreiðin væri óskoðuð. Skömmu síðar voru númerin tekin af bifreiðinni af starfsmönnum Bifreiðaþjónustunnar við Skemmuveg í Reykjavík, og taldi stefnandi, að númerin hefðu verið lögð inn á bifreiðaeftirlitið í Kópavogi. Eftir þetta var bifreiðin númerslaus, og fékk hún aldrei E-númer og var aldrei umskráð á nafn stefnanda, enda var hann með bifreiðina í dræsti, er hann flutti til Akraness um áramótin 1979 til 1980. Á Akranesi kvaðst stefnandi ásamt félögum sínum Hlyni Eggertssyni, Kristjáni Jónssyni og Björgvini Sigurðssyni hafa lagfært framstykkið og bremsukerfi bifreiðarinnar. Þar var vélin tekin úr bifreiðinni og vélarhúsið hreinsað og málað, og var bifreiðin þá tilbúin til undirbúnings undir sprautun. Fór stefnandi þá með bifreiðina til Björgvins Sigurðssonar, Laugarbraut 9, í bílskúr hans, en Björgvin hefur sprautað marga bíla í gegnum árin. Stefnandi telur þetta hafa verið í apríllok eða byrjun maí 1980. Eftir um það bil 10 daga var bifreiðin sett út á götuna og á bílastæði handan götunnar. Var það vegna þess, að liturinn, sem sprautað var með, reyndist ekki réttur. Þegar stefnandi hafði keypt réttan lit og kom á Laugarbrautina, var bifreiðin horfin. Sama dag var stefnanda skýrt frá því, að bifreiðin væri hjá áhaldahúsi bæjarins við Ægisbraut. Kveðst stefnandi þá strax hafa farið á vettvang, og sá hann þá bifreið sína á lóð bak við næsta hús við áhaldahúsið. Stefnandi lýsti ástandi bifreiðarinnar þannig: Rúðurnar voru allar brotnar, þakið hafði verið beygt niður að sætum, öll dekkin ásamt felgum höfðu verið tekin undan bifreiðinni, og höfðu steyptir kantsteinar verið settir undir hana, mælaborðið var brotið og mælar teknir úr því, stýrið var brotið af og hulstrið utan af stýristúpu. Bretti, hurðir og raunar allan hringinn hafði verið beyglað og skemmt. Stefnandi kvaðst þá hafa strax leitað til Jóns Sveinssonar hdl. og hefði lögmaðurinn skrifað til bæjarins um mál þetta og óskað eftir, að bætur yrðu greiddar. Stefnandi taldi, að þetta hefði átt sér stað í maí-júní 1980.

Stefnandi hefir haldið því fram fyrir dóminum, að hann hafi aldrei fengið tilmæli um að færa bifreiðina af bílastæðinu við Laugarbraut, en á þessum tíma var hann við vinnu utanbæjar, í Grundartanga, og kom aðeins til Akraness um helgar. Þá kvaðst hann ekki hafa vitað, hvenær bifreiðin var fjarlægð.

Stefnandi kvaðst hafa beðið lögreglu um, að mál þetta yrði rannsakað nánar, en eigi hafi það verið gert.

Stefnandi sagðist hafa mætt a.m.k. þrisvar sinnum hjá bæjarritara eða bæjarstjóra til þess að fá kröfu sína greidda og hafi hann boðið að gera út um málið með kr. 18.000,00 auk vaxta, en án árangurs. Bótakröfu sína hafi hann fundið þannig, að gangverð á svona bifreið hafi verið 45-50.000, en hann hafi dregið frá kr. 10.000,00 vegna vélarinnar og svo ætlaða vinnu

vegna ísetningu vélarinnar og lökkunar og annars frágangs á bifreiðinni.

Þá skýrði stefnandi frá því, að haustið 1980 hefði hann selt vélina úr bifreiðinni Svavari Heimi Guðjónssyni úr Hafnarfirði á kr. 7.000,00. Fékk hann einnig bílhræið, sem var afhent með leyfi bæjarritara. Þegar innheimtutilraunir stefnanda reyndust árangurslausar, leitaði hann til lögmanns, sem sendi bæjarstjóra Akraneskaupstaðar kröfubréf 23. október 1981, en síðan var mál þetta höfðað, svo sem fyrr greinir.

III.

Framangreind málavaxtalýsing er að mestu samkvæmt frásögn stefnanda fyrir dóminum. Hér verða nú rakin önnur gögn málsins, skýrslur starfsmanna stefnda, Akraneskaupstaðar, vætti vitna og skjöl, er lögð hafa verið fram í málinu.

Fyrst verður þó skýrt að nokkru frá efni bréfs eða greinargerðar, dags. 24. mars 1981, frá stefnanda til Magnúsar Oddssonar bæjarstjóra, en greinargerðin virðist samin og send að ósk hans. Í bréfinu fullyrðir stefnandi, að honum hafi hvorki verið gert aðvart fyrir eða eftir að bifreiðin var fjarlægð af bílastæðinu. Stefnandi kvaðst hafa farið til bæjartæknifræðings, sem benti á garðyrkjuráðunaut bæjarins. Kannaðist hann strax við málið, og sagðist hann hafa furðað sig á því, að bifreið þessi skyldi hafa verið fjarlægð, þar sem hann taldi, að töluverð verðmæti lægju í bifreiðinni. En hann hafi fjarlægt bifreiðina að skipun lögreglu. Stefnandi skýrði síðan frá því, að hann hafi haft tal af ráðamönnum bæjarins að ráði lögfræðinga til að reyna að ná samkomulagi um greiðslur bóta vegna skemmda á bifreiðinni. Talaði hann oftar en einu sinni við bæjarritara, sem tók honum vel og taldi, að málið gæti fengið fljóta afgreiðslu. Stefnandi kvaðst hafa farið fram á það við bæjarritara, að hann útnefndi mann til að meta skemmdir á bifreiðinni, en hann hafi þá sagt stefnanda að fá menn til þess og síðan væri stefnanda frjálst að ráðstafa bifreiðinni. Síðan talaði stefnandi við bæjarstjóra. Í bréfi stefnanda er eftirfarandi sundurliðuð kostnaðaráætlun vegna tjóns á bifreiðinni:

Beyglur og skemmdir á boddíi	kr.	25.000,00
Rúður samkvæmt verði í nóv. '80	kr.	10.800,00
Kaup á felgum	kr.	1.940,00
Kaup á dekkjum	kr.	1.400,00
Kaup á mælaborði og mælum	kr.	4.500,00
Kaup á ýmsu í innréttingu	kr.	4.000,00
	kr.	47.640,00

Stefnandi sagði að lokum í bréfi sínu, að hann hefði athugað í nóvember

1980 verð á slíkri bifreið og hafi það þá verið 50-60 þúsund krónur.

Samkvæmt dagbók bæjarstjóra á Akranesi, Magnúsar Oddssonar, sem hann hefir staðfest fyrir dóminum, talaði stefnandi við hann 3. febrúar 1981. Skýrði stefnandi þá frá málavöxtum og vildi fá í bætur fyrir bifreiðina, kr. 15-20.000,00. Hafði bæjarstjóri því eigi vitað um mál þetta áður. Ræddi bæjarstjóri við Oddgeir Þór Árnason garðyrkjuráðunaut daginn eftir, sem skýrði frá atvikum málsins og að bifreiðin hafi verið fjarlægð. En daginn eftir að það var gert talaði stefnandi við Oddgeir, sem sagði honum, að hann gæti tekið bifreiðina strax og komið henni í geymslu. Þá var bifreiðin óskemmd að áliti Oddgeirs, en Helga var tjáð, að ekki væri hægt að taka á henni neina ábyrgð.

Vitnið Stefán Bjarnason yfirlögregluþjónn, Krókatúni 12, Akranesi, f. 18.01. 1917, staðfesti fyrir dóminum yfirlýsingu, sem lögð var fram í dóminum varðandi mál þetta. Þar segir: Samkvæmt dagbók lögreglunnar á Akranesi: Ár 1980, miðvikudaginn 14. nóv. hringdi Reynir Kristinsson bæjartæknifræðingur og bað um, að gerður yrði listi yfir númerslausa bíla sem stæðu á götum bæjarins. Sama dag fól vitnið Pétri Jóhannssyni lögregluþjóni að kanna málið, og var bæjartæknifræðingi afhentur þessi listi daginn eftir. Vitnið minntist þess, að á þessum lista var númerslaus bifreið, er lagt var gengt Laugarbraut 15 og var sögð eign Helga Péturssonar, Skagabraut 4, Akranesi. Bifreið þessi hafði staðið þarna í nokkrar vikur, er könnun þessi var gerð, og ítrekaðar kvartanir höfðu borist út af stöðu hennar. Vitnið kvaðst hafa beðið lögreglumenn á vaktinni að koma skilaboðum til Helga Péturssonar um að fjarlægja bifreiðina, en sagðist ekki hafa sent honum bréf. En Helgi sinnti þessu ekki.

Vitnið sagðist hafa séð bifreið Helga á bílastæðinu og hefði hún litið tiltölulega vel út. Þann 18. júní 1980 kvaðst vitnið hafa skrifað í dagbók lögreglunnar eftirfarandi: Kl. 13:10 hringdi Helga Sigurbjörnsdóttir, Laugarbraut 15 og kvaðst vilja endurnýja kvörtun sína út af númerslausum bíl Helga Péturssonar, sem stæði enn gengt húsi sínu.

Vitnið taldi, að flestar ef ekki allar bifreiðar skráðar á fyrrnefndan lista hefðu verið fluttar af götum bæjarins fyrir 17. júní það ár, en hins vegar muni hafa dregist fram í júlílok að fjarlægja bíl Helga Péturssonar. Vitnið sagði, að Helgi hefði óskað eftir rannsókn á töku bílsins, og kvaðst vitnið þá hafa sagt honum, að þessi bíll hefði verið tekinn af sömu ástæðu og aðrir bílar vegna kvartana. Vitnið upplýsti, að auglýst væri á vorin af hálfu bæjaryfirvalda að fjarlægja slíka bíla af götum bæjarins fyrir ákveðinn tíma að viðlögðum flutningi á ábyrgð eigenda. Er það tilkynning um lóðahreinsun á Akranesi, dags. 21. maí 1980, frá heilbrigðisnefnd Akraness, og var tilkynning þessi í „Bæjarblaðinu" á Akranesi 27. maí 1980. Í tilkynningunni segir m.a. og hér skiptir máli (sic):

„Samkvæmt 2. og 5. kafla heilbrigðisreglugerðar frá 8. febrúar 1972 er lóðareigendum skylt að halda lóðum sínum hreinum og þrifalegum. Umráðamenn lóða eru hér með áminntir um að flytja nú þegar brott af lóðum sínum allt, sem veldur óþrifnaði og óprýði og hafa lokið því fyrir 8. júní n.k.

Eigendum og umráðamönnum gamalla ónothæfra, númerslausra bifreiða er sérstaklega bent á að fjarlægja þær fyrir 8. júní n.k.

Að þessum fresti liðnum verða lóðir skoðaðar og þar sem hreinsunar er ábótavant verður hún framkvæmd á kostnað og ábyrgð húseiganda, án frekari viðvörunar."

Af hálfu stefnda í málinu, Akraneskaupstaðar, gaf skýrslu fyrir dóminum Oddgeir Þór Árnason garðyrkjustjóri, f. 18.09.1943. Hann upplýsti, að það væri venja, að tæknideild Akraneskaupstaðar sæi um allar verklegar framkvæmdir og væri í starfi hans innifalin umsjón með allri hreinsun í bænum, þ. á m. hreinsun á lóðum svo og að fjarlægja bílhræ og aðra **númerslausa bíla af lóðum og götum í bænum og í samráði við lögreglu.** Hann kvaðst fá lista um bíla, sem fjarlægja þyrfti eða munnlegar tilkynningu frá lögreglu. En lögreglan væri venjulega búin að tilkynna eigendum eða umráðamönnum bifreiða um, að bílarnir verði fjarlægðir, og það væri föst venja að gera það ekki, án þes að eigendum væri fyrirfram tilkynnt það. Ef hægt er að draga bílinn, er það gert með tækjum bæjarins, en annars er fenginn bílkrani. Bílarnir eru yfirleitt og hafa undanfarin ár verið fluttir á lóð áhaldahúss bæjarins við Ægisbraut, og kvað Oddgeir bílhræin, sem oftast er um að ræða, þar alfarið vera á ábyrgð eigenda.

Oddgeir kvaðst sérstaklega muna eftir flutningi á bifreið Helga Péturssonar, stefnanda máls þessa. Þá hafi hreinsunartíminn að mestu verið búinn og jafnvel kominn júlímánuður. Oddgeir kvaðst hafa hitt Viðar Stefánsson lögreglumann fyrir utan lögreglustöðina og beðið hann um, að bifreiðin yrði fjarlægð samdægurs af bílastæðinu við Laugarbraut vegna ítrekaðra kvartana. Þennan sama dag fór Oddgeir á bílaverkstæðið Brautina og sendi verkstæðið starfsmann sinn með kranabíl, og var bíllinn tekinn í viðurvist og með aðstoð Oddgeirs frá Laugarbrautinni að lóð áhaldahússins, og var bíllinn settur á lóðina bak við næsta hús austan við áhaldahúsið. Þarna var opið svæði og ógirt, og vissi verkstjóri bæjarins í áhaldahúsinu um flutning bílanna.

Oddgeir kvað umræddan bíl hafa verið vélarlausan, en á dekkjum og hafi verið greinilegt, að verið var að vinna hann upp til sprautunar.

Oddgeir gerði engan reka að því að tilkynna Helga Péturssyni um flutning bílsins, en hann staðhæfði, að hann hefði hitt Helga, daginn eftir að bíllinn var fluttur, fyrir utan Kirkjubraut 2 hér í bæ. Oddgeir kvaðast hafa ítrekað, áminnt og ráðlagt Helga að taka bílinn samstundis, því hætta væri

á, að hann yrði fyrir skemmdum þarna á svæðinu, og kvaðst þá hafa haft í huga, að bílar, sem þarna hefðu verið geymdir, yrðu fyrir skemmdum.

Oddgeir sá umræddan bíl nokkrum vikum síðar að því er hann taldi, og var þá búið að taka dekkin undan bílnum, en rúður ekki verið brotnar né þak beyglað.

Stefnandi hefir viðurkennt fyrir dóminum, að hann hafi hitt Oddgeir við Kirkjubraut 2 sama daginn og hann skoðaði bíl sinn við áhaldahúsið. Hinsvegar hafi hann ekki vitað, hvenær bíllinn var fjarlægður.

Vitnið Guðsteinn Oddsson, f. 19/4 1958, sem var starfsmaður bílaverkstæðisins Brautar, kvaðst hafa flutt umræddan bíl Helga Péturssonar á kranabíl og taldi, að það hefði verið síðasti bíllinn, er fluttur var það árið. Vitnið sá bílinn við áhaldahúsið einum til tveimur mánuðum síðar, og voru þá rúður brotnar og hann beyglaður og nánast flak eitt. Vitnið kvaðst vera bifvélavirki og hefði hann áður skoðað bíl Helga gaumgæfilega og hafi hann þá verið í mjög góðu ástandi. Vitnið hafði áhuga á að kaupa bílinn og taldi verð hans hafa verið án sprautunar kr. 35.000,00 eða á líku verði og bíll, Camaro, er vitnið keypti og var af bílasölu metinn á sama verð án sprautunar.

Vitnið Sigríður Helga Sigurbjörnsdóttir, f. 3/10 1933, átti heima að Laugarbraut 15 árið 1980. Vitnið sagði, að númerslaus bíll hefði verið á bílastæði beint á móti húsinu og hafi hann blasað við utan stofugluggans, og fannst vitninu hann vera þarna til óprýði og lýta og einnig hafi hann tekið stæði frá bílum, sem voru oft margir þarna, einkum við jarðarfarir, og einnig væri slökkvistöðin við hliðina á bílastæðinu. Vitnið kvaðst því hafa kvartað undan þessu við lögregluna tvisvar sinnum og er það hringdi í seinna skiptið, hafi bifreiðin verið búin að vera þarna alllengi, en var þá tekin fljótlega.

Vitnið Björgvin Vignir Sigurðsson kranamaður, Laugarbraut 9, f. 21.03. 1949, kvaðst allri vinnu hafa lokið undir lakk (sic), og búið var að sprauta eina umferð af lakki, er því var hætt þar sem litur reyndist ekki réttur. Var bíllinn þá færður út á bílastæði til þess að koma öðrum bíl að í bílskúrnum.

Vitnið taldi Helga Pétursson hafa vitað, að bíllinn var færður á bílastæðið. Og um það bil viku eftir að bíllinn var færður, kom Helgi og spurði hvort hann væri kominn inn í skúrinn. Vitnið sá bílinn á Ægisbraut fljótlega eftir að hann var fluttur. Var þá framrúða brotin og dekk farin undan að framan. Vitnið segir bílinn hafa verið í mjög góðu ásigkomulagi, áður en hann var fluttur af bílastæðinu, að undanskildum þessum atriðum:

Lakkvinnu var ólokið svo og frágangi á krómi og klæðningu. Vél var ekki í, þar sem hún var tekin úr vegna málunar í vélarhúsi, sem var lokið. Framstykki vantaði, en var í pöntun að sögn Helga.

Vitnið gat ekki giskað á verðmæti bílsins, eftir að hann var fullgerður undir lökkun.

Vitnið Guðleifur Hlynur Eggertsson vélvirki, f. 18.02. 1956, kveðst hafa vitað vel um bíleign Helga Péturssonar og verið til ráðgjafar um endurbætur á bifreið hans, sem var sportbíll, frekar sjaldgæf tegund. Búið var að gera við öll tjón, er voru á bílnum, og hafi það verið mikill útlagður kostnaður fyrir utan ómælda vinnu, svo sem nýtt bremsukerfi, nýir demparar að aftan, púst kerfi endurnýjað og sjálfskipting. Nýleg dekk af Maxima gerð voru undir bílnum. Eftir að bíllinn hafði verið lakkaður, hefði mátt selja hann á háu gangverði í júní-júlí 1980, eða á kr. 50-60.000,00.

Vitnið kvaðst hafa séð bílinn um tveimur vikum eftir að hann var fluttur að Ægisbraut, og var þá bíllinn flak eitt, rúður brotnar og mælaborð og hann beyglaður.

Vitnið Kristján Jónsson vélvirki, f. 23.11. 1961, kvaðst hafa unnið mikið við bíl Hélga Péturssonar, tók úr honum vélina og vann við að hreinsa og mála vélarhúsið með Helga. Vitnið taldi, að bíllinn hefði selst á toppgangverði að lokinni sprautun og hefði gengið á allt að kr. 50.000,00.

Vitnið Hinrik Haraldsson rakarameistari, f. 25.11. 1944, kvaðst stunda bílasölu í tómstundum sínum. Vitnið fékk til skráningar og sölumeðferðar bíl Helga Péturssonar, Y-8377, árið 1980. Vitnið sá aldrei bílinn, en skráði hann samkvæmt upplýsingum Helga, sem ætlaði að koma með hann eftir sprautun. Vitnið hafði eigi gögn um lýsingu og skráningu á bínum. Vitnið kvaðst verðleggja bíla eftir ákvörðun eiganda, skrám bílasala í Reykjavík o.fl. gögnum.

Vitnið mundi ekki, hvaða verð hann setti á bílinn, en kvaðst álíta, að verðið hafi verið 40-50.000,00 miðað við, að þetta var sportbíll, og á þeim tíma voru ameríkskir bílar í góðu verði og eftirsóttir.

IV.

Stefnandi byggir bótakröfu sína á því, að bifreið hans hafi verið flutt af almennu bílastæði, þar sem hún var væntanlega í vörslu viðgerðarmanns, án þess að tilkynna það vörslumanni eða eiganda. Stefnandi hafi eigi fengið tilkynningu um fyrirhugaðan brottflutning og eigi heldur eftir að flutningurinn hafði farið fram. Varsla stefnda eða geymsla hafi og verið óforsvaranleg, þar sem bifreiðin var sett á opið svæði og ógirt með þeim afleiðingum, að bifreiðin var stórskemmd og teknir úr henni munir og hún ónýt og nánast flak eitt og verðlaus. Byggist bótaábyrgðin á almennum skaðabótareglum og reglum um húsbóndaábyrgð. Einnig ber að líta svo á, að hér eigi við Kaupabálkur Jónsbókar, 16. kapituli um ábyrgð á leigufénaði.

Það er upplýst í málinu, að bifreiðin er flutt að tilhlutan starfsmanns

stefnda, Akraneskaupstaðar. Það er einnig óumdeilt, að bifreiðin er flutt á umráðasvæði Akraneskaupstaðar, og hlaut hann því að bera ábyrgð á vörslu bílsins. Það er og upplýst í málinu, að aldrei var neinn vafi á því, hver átti bifreiðina, og var því unnt að tilkynna eiganda um fyrirhugaðan brottflutning. Í hinni almennu auglýsingu um lóðahreinsun frá heilbrigðisnefnd Akraness, sem greint hefir verið frá, er talað um lóðir og ónothæfar gamlar bifreiðar, sem valdi óþrifnaði og óprýði. Auglýsingin virðist því naumast eiga við bifreið stefnanda, sem var, eins og fram kemur í málinu, á almennu bílastæði og leit tiltölulega vel út, greinilega í meðferð í sprautun og því ekki til óþrifnaðar eða óprýði. Og þó að líta mætti svo á, að hin almenna auglýsing um lóðahreinsun heimilaði flutning bifreiðarinnar, var varðveisla og geymsla bifreiðarinnar með þeim hætti, að stefndi hafi með því valdið stefnanda fjárhagstjóni, sem honum beri að bæta. Og gildi þá einu, þó að stefnandi hafi vitað fljótlega um flutning bifreiðarinnar, sem er þó ósannað, því að hann mátti treysta því, að varsla bifreiðarinnar væri örugg og geymsla hennar því á ábyrgð stefnda, Akraneskaupstaðar. Bótafjárhæð, kr. 20.000,00, auk vaxta sé innan sanngjarnra marka og í hóf stillt. Eigi fór fram skoðun eða mat dómkvaddra manna á tjóninu, sem ráðagerðir virðast þó hafa verið um. Var það m.a. af því, að stefnandi hafði ástæðu til að ætla á tímabili, að hann fengi greiddar bætur, og var því bílhræið afhent með vélinni sem fyrr greinir. Allmörg vitni hafa lýst ástandi bifreiðarinnar bæði fyrir og eftir tjónið. Telja verður upplýst sú staðhæfing stefnanda, sem styðst við vætti vitna, að bifreiðin hafi verið ónýt á vörslusvæði stefnda. Vitnið Björgvin V. Sigurðsson hefir lýst því, að bifreiðin hafi verið í mjög góðu ásigkomulagi, aðeins var eftir að ljúka lökkun og ganga frá nokkrum öðrum atriðum, er hún var flutt af bílastæðinu. Vitnin Kristján Jónsson og Guðleifur Hlynur Eggertsson töldu verð bílsins sprautaðs og fullbúins allt að 50-60.000 krónum. Hinrik Haraldsson bílasali áleit verðið 40-50.000,00. Vitnið Guðsteinn Oddsson taldi verðið án sprautunar vera um kr. 35.000,00. Af þessum og öðrum gögnum málsins megi ljóst vera, að fjárhæð bótakröfu stefnanda er raunhæf og eðlileg, þó að sönnunargögn séu eigi svo traust sem verið hefði, ef skoðunar- og matsgerð hefði fram farið.

Af hálfu stefnda hefir málavaxtalýsingu stefnanda verið mótmælt í verulegum atriðum rangri (sic), og byggir hann sýknukröfu sína á því, að stefndi eigi enga sök á því, að bifreiðin hafi verið skemmd, ef um skemmdir hafi verið að ræða, jafnframt því að heimilt hafi verið að færa bifreiðina af götum bæjarins með þeim hætti sem gert var. Stefnanda hafi ítrekað verið tjáð af lögregluyfirvöldum, að til stæði að fjarlægja bifreið hans, og stefnandi hafi fengið frekari frest en aðrir, sem svipað var ástatt um, en aðhafðist samt ekkert í málinu. Þetta mun hafa staðið í um tvo mánuði. Tilefnið

var, að verið var að hreinsa Akraneskaupstað á þessum tíma af bifreiðum, tækjum og hlutum, sem voru í óhirðu í bænum, líklega í tilefni af 17. júní hátíðarhöldum. Bifreiðin hafi verið til mikillar óprýði, þar sem hún stóð við Laugarbraut á almennu bílastæði númerslaus. Bifreiðin hafi því verið heimilislaus þarna (sic) og ekki í vörslu. Bifreiðin var því fjarlægð, þar sem hún stóð, og færð á lóð áhaldahúss bæjarins. Um þetta var stefnandi látinn vita daginn eftir samkvæmt frásögn Oddgeirs Þórs Árnasonar, sem gefur skýrslu um málsatvik sem opinber starfsmaður. Var þá bifreiðin enn ekki skemmd að því er ætla má, og gerði stefnandi engan reka að því að taka bifreið sína, þó að honum væri bent á hættu á skemmdum. Og vætti vitna og frásögn Oddgeirs Þórs fyrir dóminum bendi til þess, að bifreiðin hafi eigi orðið fyrir skemmdum, fyrr en alllöngu eftir að hún var flutt. Verður því að telja, að bifreiðin hafi eftir þetta verið alfarið á ábyrgð stefnanda, þar sem ekkert tjón var orðið, er hann vissi um flutninginn. Þá beri á það að líta, að heimild starfsmanna stefnda til að fjarlægja bifreiðina sé ótvíræð í heilbrigðisreglugerð frá 8. febrúar 1972. Beri stefndi því af þeirri ástæðu enga ábyrgð á hugsanlegu tjóni stefnanda. Af hálfu stefnda hefir verið á það bent, að stefnandi hafi eigi í málinu lagt fram nein gögn um eignaraðild að bifreiðinni, t.d. afsal, og eigi heldur gögn um sölu eða ráðstöfun á flakinu. Bar stefnanda þó skylda til að tilkynna um eigandaskipti á bifreið samkvæmt umferðarlögum. Sýni þetta hvað ótraustur málatilbúnaður stefnanda er og eigi að leiða til sýknu ásamt öðrum málsástæðum.

Þá hefir dómkröfum stefnanda verið mótmælt sem of háum og órökstuddum, bæði áætlun hans um verð bifreiðarinnar og fjárhæð tjónsins. Engin matsgerð dómkvaddra manna hafi farið fram um meint tjón. Stefnandi afhenti eða seldi, sem fyrr greinir, bifreiðina eða flakið með vélinni án þess að gera nánari grein fyrir verðmæti þess, sem kynni að vera meira en fram hefir komið. Engin örugg sönnunargögn hafi komið fram í málinu um verðmæti bifreiðarinnar eða fjárhæð tjónsins. Athuga beri, að bifreiðin var af árgerð 1970, en eigi 1972, einsog stefnandi taldi, og hefir þetta áhrif á verðáætlun. Vitnisburðir nokkurra kunningja stefnanda, sem fyrir liggja í málinu um verð bifreiðarinnar, séu mjög óákveðnir og ótraustir og verði að meta með varúð. Fjárhæð bótakröfu stefnanda er því mótmælt af hálfu stefnda sem ósannaðri og beri því að sýkna stefnda alfarið af kröfum stefnanda í málinu.

V.

Af gögnum máls þessa má ráða, að lögreglumönnum svo og starfsmönnum stefnda, Akraneskaupstaðar, var kunnugt um, að stefnandi var eigandi að bifreið þeirri, sem um ræðir í máli þessu. En eigi verður talið

sannað gegn neitun stefnanda, að honum hafi verið kunnugt um fyrirhugaðan flutning bifreiðarinnar af bílastæðinu. Það þykir þó eigi skipta máli, þar sem líta verður svo á, að í hinni almennu tilkynningu heilbrigðisnefndar Akraness um lóðahreinsun á Akranesi, sem að framan er getið, felist heimild til brottflutnings bifreiðarinnar samkvæmt heilbrigðisreglugerð frá 8. febrúar 1972. Heilbrigðisnefnd starfar í umboði og á ábyrgð stefnda, Akraneskaupstaðar. Þó að umrædd bifreið virðist hafa litið vel út og verið á almennu bílastæði, ber á það að líta, að kært hafði verið um veru bifreiðarinnar þar, og hafa verður í huga nauðsyn þess að halda bænum hreinum og þrifalegum. Þegar litið er til þess og atvika málsins að öðru leyti, verður bótakrafa stefnanda eigi byggð á því, að bifreiðin hafi verið fjarlægð af bílastæðinu með ólögmætum hætti. Bifreiðin var flutt af starfsmanni stefnda með hjálp bílkrana og sett á opið svæði og ógirt, á lóð stefnda við Ægisbraut. Ljóst er, að starfsmaðurinn gerði sér grein fyrir nokkru verðmæti bifreiðarinnar, þar sem greinilegt hafi verið, að verið væri að vinna hana undir sprautun. Þá er upplýst, að hann taldi hættu á, að bifreiðin yrði þarna fyrir skemmdum, þar sem hann kvaðst daginn eftir hafa áminnt og ráðlagt stefnanda að taka bifreiðina strax til að koma í veg fyrir það, því bílar sem þar hefðu verið geymdir, hafi orðið fyrir skemmdum. Verður því að líta svo á, að geymsla bifreiðarinnar og varsla af hálfu stefnda hafi verið með ólögmætum hætti. Og eigi verður um deilt í málinu, að stefndi, Akraneskaupstaður, ber í þessu efni ábyrgð á störfum starfsmanna sinna, og eigi ber að líta svo á, að hin almenna auglýsing heilbrigðisnefndar veiti neina heimild til að valda eigendum bifreiða þessara, sem fjarlægðar eru, fjárhagstjóni, þar sem flutningurinn er á ábyrgð eigenda. Og eðlilegt virðist vera, að Akraneskaupstaður varðveiti bifreiðar þær, sem fluttar eru, í öruggri geymslu og gefi eigendum færi á að hirða eignir sínar gegn kostnaði við flutning og vörslu eignanna. Af hálfu stefnda hefir því **verið haldið fram, að stefnanda hafi daginn eftir flutninginn verið tilkynnt** um hann og skorað hafi verið á stefnanda að taka bifreiðina og ætla megi, að þá hafi hún verið óskemnd. Og eftir þann tíma hafi hún því verið á geymslusvæði stefnda á ábyrgð stefnanda. En á þann skilning stefnda verður þó eigi fallist. Nokkur óvissa er um, hvað stefnanda og starfsmanni stefnda fór á milli í umrætt sinn, og telja verður, að starfsmaður stefnda hafi eigi, eins og á stóð, getað firrt stefnda ábyrgð á þeirri skyldu, að varsla bifreiðarinnar væri með öruggum hætti. Verður því að telja, að stefndi beri fébótaábyrgð á því tjóni, er stefnandi sannanlega varð fyrir vegna skemmda á bifreiðinni. Nokkur óvissa er um, hvernær skemmdir urðu á bifreið stefnanda og hvað miklar. Stefnandi lét hjá líða að fá dómkvadda menn til að skoða og meta skemmdir á bifreiðinni. Eru sönnunargögn um þau atriði eigi eins góð sem annars hefðu getað verið. Eigi þykir það þó

eiga, eins og atvikum er háttað, að leiða til sýknu í málinu. Telja verður sönnuð staðhæfing stefnanda um (sic) að skemmdir og tjón á bifreiðinni hafi orðið, er hún var í vörslu stefnda, enda hefir hún stuðning í vætti vitna, sem að framan er rakið. Þegar litið er til lýsingar vitna á ástandi bifreiðarinnar og meints verðmætis hennar fullbúinnar og jafnframt haft í huga tilboð stefnanda til stefnda um greiðslu tjónbóta og önnur atvik í málinu, þykir mega ákveða tjón stefnda kr. 12.000,00.

Niðurstaða málsins verður því sú, að dæma ber stefnda, Akraneskaupstað, til að greiða stefnanda kr. 12.000,00 með 35% ársvöxtum frá 1. júlí 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1982, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður ákveðst kr. 9.800,00.

Dóm þennan kvað upp Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjargógeta.

Dómsorð:

Stefndi, Akraneskaupstaður, greiði stefnanda, Helga Péturssyni, kr. 12.000,00 með 35% ársvöxtum frá 1. júlí 1980 til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar 1982, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 9.800,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. febrúar 1985.

Nr. 146/1983. **Þrotabú Byggingafélagsins Reynis h/f**
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)
gegn
Almennum Tryggingum h/f
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og
Félagsstofnun stúdenta
(Jón St. Gunnlaugsson hrl.)

Lögbann. Verktrygging. Aðild. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. ágúst 1983. Hann gerir þær dómkröfur, ,,að lögbann fógetaréttar Reykjavíkur við því að Almennar Tryggingar h/f greiði Félagsstofnun stúdenta við svo búið og þar til viðhlítandi gögn liggja fyrir kröfur þær er stofnunin gerir um greiðslu tryggingarfjár vegna tveggja verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja-Garðs samkvæmt úrskurði dags. 21. desember 1982, verði staðfest".

Hann krefst þess og ,,að viðurkennt verði með dómi að Almennum Tryggingum h/f sé eigi heimilt gagnvart áfrýjanda að greiða Félagsstofnun stúdenta fébótakröfu stofnunarinnar að fjárhæð kr. 400.000,00 vegna verktrygginga samkvæmt sömu verksamningum á grundvelli þeirra gagna er fyrir lágu hjá Almennum Tryggingum h.f. er lögbanns var beðist."

Enn fremur er krafist málskostnaðar úr hendi Almennra Trygginga h/f í héraði og fyrir Hæstarétti.

Þá kveður áfrýjandi áfrýjun málsins einnig beint gegn Félagsstofnun stúdenta í því skyni, að málsúrslit í Hæstarétti verði einnig bindandi fyrir hana, en hann gerir ekki sérgreindar kröfur á hendur stofnuninni.

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Af hálfu Félagsstofnunar stúdenta eru gerðar þær dómkröfur, að kröfum áfrýjanda á hendur henni verði vísað frá Hæstarétti og að „meðstefndi Almennar Tryggingar h/f verði sýknaðar af kröfum áfrýjanda".

Bú Byggingafélagsins Reynis h/f var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði 25. apríl 1984. Hefur þrotabúið tekið við aðild málsins fyrir Hæstarétti, sbr. 3. mgr. 53. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 14. gr. laga nr. 28/1981 og 58. gr. laga nr. 75/1973.

I.

Aðild Félagsstofnunar stúdenta að málinu.

Svo sem í héraðsdómi greinir, skoraði stefndi, Almennar Tryggingar h/f, hinn 6. mars 1983 á Félagsstofnun stúdenta að veita sér allan þann styrk í málinu, sem stofnuninni væri frekast mögulegur samkvæmt 52. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 50. gr. sömu laga. Segir síðan í héraðsdómi, að Félagsstofnun stúdenta hafi orðið við áskorun þessari og krefjist þess, að fallist verði á kröfur stefnanda (á að vera stefnda), Almennra Trygginga h/f, um synjun á staðfestingu lögbannsins. Að öðru leyti séu ekki gerðar kröfur af hálfu Félagsstofnunar stúdenta og ekki séu gerðar kröfur á hendur stofnuninni í málinu af hálfu aðilja.

Samkvæmt 52. gr. l. 85/1936 getur aðili einkamáls tilkynnt þriðja manni um mál og skorað á hann að veita sér styrk. Þann styrk má veita utan réttar, svo sem með aðstoð við gagnaöflun eða annað, sem þriðji maður kann að eiga auðveldara með en málsaðili, eða með því að gerast málsaðili samkvæmt heimild í 50. gr. sömu laga. Í áskorun stefnda frá 6. mars 1983 vísaði hann einmitt til 50. gr. laganna um meðalgöngu. Félagsstofnun stúdenta hefur ekki gerst aðili máls þessa samkvæmt heimild í 50. gr. laga nr. 85/1936, hvorki með stefnu né bókun í þingbók samkv. ákvæði 1. mgr. 104. gr. l. 85/1936, en þriðji maður verður ekki sjálfkrafa aðili dómsmáls, sem aðrir eiga í, þó að hann fái áskorun frá málsaðilja samkvæmt 52. gr. margnefndra laga og hefji einhver afskipti af því eða mæti á dómþingi.

Félagsstofnun stúdenta er því ekki aðili máls þessa. Getur hún því ekki gert kröfur, og eigi verða heldur gerðar kröfur á hendur henni. Ber því að vísa frá héraðsdómi kröfum hennar á hendur

málsaðiljum, svo og vísa frá Hæstarétti áfrýjun málsins að því er Félagsstofnun stúdenta varðar.

II.

Héraðsdómur er upp kveðinn 12. júlí 1983. Viðstaddur dómsuppsögu var málflutningsumboðsmaður stefnanda í héraði og gerðarhafa, Byggingafélagsins Reynis h/f. Áfrýjunarstefna í málinu var út gefin 3. ágúst 1983. Var lögbannið þá niður fallið samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 23. gr. laga um kyrrsetningu og lögbann nr. 18/1949, sbr. 27. gr. sömu laga. Verður kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbannsins því ex officio vísað frá Hæstarétti.

III.

Það er á valdi og áhættu stefnda, Almennra Trygginga h/f, hvort hann greiðir Félagsstofnun stúdenta meira fé en honum kann að vera skylt samkvæmt verktryggingu sinni og getur framkrafið áfrýjanda um samkvæmt samningi þeirra á milli um verktrygginguna, rétt skýrðum og fylltum eftir þeim réttarreglum, sem um hann gilda. Brast lagaskilyrði til þess samkvæmt 26. gr. laga nr. 18/1949, að Byggingafélagið Reynir h/f fengi lagt lögbann við því, að stefndi innti af hendi greiðslu þess fjár til Félagsstofnunar stúdenta, sem hann var sjálfur reiðubúinn til að greiða, og eigi eru skilyrði til þess að veita áfrýjanda dómgildinu fyrir kröfum sínum að öðru leyti.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta niðurstöðu hans um sýknu stefnda af kröfu áfrýjanda um viðurkenningu á því, að stefnda sé eigi heimilt að greiða Félagsstofnun stúdenta kröfu stofnunarinnar að fjárhæð 400.000,00 krónur vegna verktrygginga samkvæmt verksamningum um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs á grundvelli gagna þeirra, sem lágu fyrir, er lögbanns var beiðst.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til þess að greiða stefnda, Almennum Tryggingum h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en hann þykir hæfilega ákveðinn samtals 90.000,00 krónur.

Það athugast, að í lögbannsúrskurðinum, sem upp var kveðinn 21. desember 1982, án forsendna skv. 2. mgr., sbr. 3. mgr. 190. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 40. gr. laga 28/1981, er eigi skilgreint sérstaklega, að hverju lögbannsgerðin beinist.

Dómsorð:

Kröfum Félagsstofnunar stúdenta á hendur málsaðiljum er vísað frá héraðsdómi.

Áfrýjun þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f á hendur Félagsstofnun stúdenta er vísað frá Hæstarétti.

Kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbanns frá 22. desember 1982 er vísað frá Hæstarétti.

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, skal vera sýkn af kröfum áfrýjanda um viðurkenningu á því, að stefnda sé eigi heimilt að greiða Félagsstofnun stúdenta kröfur stofnunarinnar að fjárhæð 400.000,00 krónur vegna verktrygginga samkvæmt verksamningum um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs á grundvelli gagna þeirra, sem lágu fyrir, er lögbanns var beiðst.

Áfrýjandi greiði stefnda, Almennum Tryggingum h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000,00 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda að undanskildum I. kafla þess um málsaðild Félagsstofnunar stúdenta svo og dómsorðinu. Í stað þess, er segir í I. kafla atkvæðisins tek ég fram:

Undir rekstri málsins í héraði skoraði stefndi, Almennar Tryggingar h/f á Félagsstofnun stúdenta með skírskotun til heimildar í 52. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 50. gr. sömu laga, að veita sér styrk í málinu. Varð hún við þeirri áskorun með því að láta mæta á dómþingum, leggja fram í dómi skriflegar kröfur um, að hrundið yrði kröfu áfrýjanda um staðfestingu lögbanns ásamt rökstuðningi fyrir þeirri kröfu sinni svo og með því síðar að leggja fram nokkur skjalagögn og reifa sjónarmið sín Almennum Tryggingum h/f til styrktar við munnlegan flutning máls.

Félagsstofnun stúdenta hafði ótvíræðra hagsmuna að gæta af því, að krafa áfrýjanda um staðfestingu lögbanns næði ekki fram að ganga, og dómur þannig felldur, að ekki yrði raskað rétti hennar

til fjárheimtu úr hendi Almennra Trygginga h/f, sbr. 50. gr. laga nr. 85/1936. Tel ég, að með því að leggja fram á dómþingi skriflegar kröfur sínar án mótmæla aðilja og með samþykki dómarans hafi Félagsstofnunin nægilega gengið inn í málið Almennum Tryggingum h/f til styrktar og hagsmunum sínum til verndar, sbr. og 2. mgr. 88. gr. laga nr. 85/1936. Er því ekki ástæða til að vísa meðalgöngusök hennar sjálfkrafa frá héraðsdómi fyrir þá sök, að hún gekk ekki inn í málið með sérstakri stefnu á hendur málsaðiljum, eða ekki var skýrlega skráð í þingbók, að hún hygðist láta málið til sín taka.

Áfrýjandi hefur stefnt Félagsstofnuninni fyrir Hæstarétt í því skyni, að dómur Hæstaréttar „verði bindandi úrslit sakarefnis þess, sem skotið er nú til réttarins, milli áfrýjanda og Félagsstofnunar stúdenta," eins og í stefnunni segir. Hann hefur þó engar dómkröfur gert á hendur henni, og hún hefur engar dómkröfur gert sér til handa, en tekið undir kröfur stefnda, Almennra Trygginga h/f. Var henni þetta heimilt, þar sem henni var stefnt fyrir Hæstarétt, svo sem sagt var, en ekki eru efni til að ljúka sérstöku dómsorði á þennan þátt málsins.

Dómsorð tel ég að ætti að vera þannig:

Kröfu áfrýjanda, Þrotabús Byggingafélagsins Reynis h/f, um staðfestingu á framangreindri lögbannsgerð er vísað frá Hæstarétti.

Stefndi, Almennar Tryggingar h/f, á að vera sýkn af öðrum kröfum áfrýjanda í málinu.

Áfrýjandi greiði stefnda, Almennum Tryggingum h/f, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 90.000,00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. júní sl., hefur Byggingafélagið Reynir h.f., Bolholti 6, Reykjavík, 7312-7025, höfðað á bæjarþingi 13. janúar 1983 á hendur Almennum Tryggingum h.f., Síðumúla 39, Reykjavík, 0267-3363, til staðfestingar á lögbanni.

Með verksamningum, dags. 12. mars og 16. júní 1982, tók stefnandi að sér 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja stúdentagarðsins fyrir Félagsstofnun stúdenta. Verksamningarnir byggðust á útboði. Í verksamningunum er kveðið svo á, að stefnandi skyldi afhenda verkkaupa verktryggingu frá Almennum Tryggingum h.f., samtals að fjárhæð kr. 400.000,00.

Þann 8. mars og 16. júní 1982 gaf stefndi út verktryggingu til Félags-

stofnunar stúdenta, þar sem hann ábyrgðist stofnuninni greiðslu á samtals kr. 400.000,00 til tryggingar fyrir því, að Byggingafélagið Reynir h.f. innti af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki.

Stefnandi vanefndi verksamningana og tilkynnti Félagsstofnun stúdenta með bréfi 2. nóvember 1982, að hann gæti ekki lengur haldið áfram verki sínu. Þann 3. nóvember 1982 krafðist Félagstofnun stúdenta greiðslu tryggingarfjárins úr hendi stefnda. Bréfi þessu fylgdu lauslegar greinargerðir um forsendur kröfunnar, en nákvæmara uppgjör á verk- og greiðslustöðu, sem væntanlega yrði unnið í samráði við stefnanda, var boðað síðar, ef fram á það yrði farið, ásamt uppgjöri eða nánara mati á tjóni stofnunarinnar. Í fylgigögnum kom fram, að tjónið var talið nema verulega miklu meiru en fjárhæð tryggingarfjárins. Þann 3. desember 1982 samþykkti stefnandi úttekt Félagsstofnunar á verkstöðu með fyrirvara varðandi verðákvörðun einstakra þátta, og þann 7. desember var af hálfu Félagsstofnunar gengið frá uppgjöri, þar sem fram kemur, að tjón Félagsstofnunar vegna vanefnda stefnanda sé samtals kr. 513.506,00, þegar tryggingarfé að upphæð kr. 400.000,00 hefði verið greitt. Þá var leigutap á Nýja Garði veturinn 1982-1983 áætlað kr. 488.000,00.

Þann 14. desember 1982 ritaði stefnandi stefnda bréf, þar sem þeirri skoðun var lýst, að bótakröfur verkkaupa ættu ekki við gild rök að styðjast og væru ekki á neinn hátt réttmætar. Áskildi stefnandi sér rétt til þess að krefjast lögbanns við greiðslu tryggingarfjárins, og þann 15. desember 1982 ritaði stefnandi yfirborgarfógetanum í Reykjavík bréf, þar sem þess var krafist, að lögbann yrði lagt við því, að Almennar Tryggingar h.f., greiddu Félagsstofnun stúdenta — við svo búið og þar til viðhlítandi gögn lægju fyrir um meint fjártjón — kröfur þær, er stofnunin gerði um greiðslu tryggingarfjárins vegna verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs.

Af hálfu gerðarþola, stefnda í máli þessu, var þess krafist, að synjað yrði um framgang lögbannsins, og því lýst yfir, að félagið væri reiðubúið til að inna greiðslu af hendi þegar í stað. Þann 21. desember 1982 var kveðinn upp svolátandi úrskurður í fógetadómi Reykjavíkur: „Umbeðin lögbannsgerð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 15.000,00 kr. tryggingu er gild verði metin". Þann 22. desember 1982 lagði fógeti „lögbann, á ábyrgð gerðarbeiðanda, við því að Almennar Tryggingar h.f. greiði Félagsstofnun stúdenta, við svo búið og þar til viðhlítandi gögn liggja fyrir um meint fjártjón, kröfur þær er stofnunin gerir um greiðslu tryggingarfjár vegna verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs". Hafði þá verið lögð fram 15.000,00 króna lögbannstrygging af hálfu gerðarbeiðanda.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að lögbannið verði staðfest og að viður-

kennt verði með dómi, að Almennum Tryggingum h.f. sé eigi heimilt gagnvart stefnanda að greiða Félagsstofnun stúdenta fébótakröfur hennar að fjárhæð kr. 400.000,00 vegna verktryggingar samkvæmt tveimur verksamningum um endurbætur á Nýja Garði á grundvelli þeirra gagna, er fyrir lágu hjá Almennum Tryggingum, er ofangreinds lögbanns var beiðst. Krafist er málskostnaðar úr hendi Almennra Trygginga h.f. vegna máls þessa og undangengins lögbanns samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Dómkröfur stefnda eru þessar:

1. Að stefndi verði algjörlega sýknaður af kröfum stefnanda, þ.e. að synjað verði um staðfestingu á lögbanninu.
2. Að stefndandi verði dæmdur til að greiða stefnda miskabætur að fjárhæð kr. 15.000,00.
3. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands.

Þann 6. mars 1983 skoraði stefndi á Félagsstofnun stúdenta að veita sér allan þann styrk í málinu, sem stofnuninni væri frekast mögulegur, samkvæmt 52. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 50. gr. sömu laga. Félagsstofnun stúdenta hefur orðið við áskorun þessari og krefst þess, að fallist verði á kröfur stefnanda (sic), Almennra Trygginga h.f., um synjun á staðfestingu lögbannsins. Að öðru leyti eru ekki gerðar kröfur af hálfu Félagsstofnunar, og ekki eru gerðar kröfur á hendur stofnuninni í málinu af hálfu aðilja.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að stefnda hafi borið gagnvart stefnanda að krefjast þess, að verkkaupi styddi fébótakröfur sínar fullnægjandi rökum, þ.m.t. áliti hlutlausra aðilja, ef ástæða sé til að draga réttmæti kröfugerðar verkkaupa í efa. Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að kröfur Félagsstofnunar séu allt of háar og eins að krafist sé greiðslu á þáttum, sem ekki séu tryggðir með verktryggingunni, t.d. með dagssektum og févíti; lögmætar fébætur á hendur byggingafélaginu geti samkvæmt þessu eigi numið hærri fjárhæð en svari til inneignar verktaka hjá verkkaupa vegna nefndra verka; tryggingafélaginu beri því að synja um greiðslu við svo búið og krefjast þess, að verkkaupi leggi fram gögn frá hlutlausum aðiljum, er séu fallin til að varpa ljósi á meint tjón hans. Ennfremur hefur því verið hreyft af hálfu stefnanda, að sá möguleiki sé fyrir hendi, að tryggingafélagið bjóði verkkaupa greiðslu á þeim fébótum, er sérfræðingar þess áætli réttar.

Af stefnda hálfu hefur vilji til greiðslu tryggingarfjárins verið ítrekaður og bótakrafan verið rökstudd með því að lögbannið sé fallið til að valda félaginu álitsspjöllum, sem það kunni að verða fyrir, þegar það spyrst, að það greiði ekki réttmætar tryggingarbætur.

Af hálfu Félagsstofnunar stúdenta hefur komið fram í málinu, að synja hefði átt um framgang lögbannsins samkvæmt 5. tl. 193. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 223. gr. sömu laga og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 18/1949. Þá er því haldið fram, að með ábyrgðaryfirlýsingunum hafi stofnast beint réttarsamband milli stefnda og Félagsstofnunar stúdenta, þannig að það sé algjörlega málefni vátryggingafélagsins og verkkaupa, hvort félagið greiðir verkkaupa ábyrgðarfé; stefnandi geti á hinn bóginn ekki komið í veg fyrir, að verkkaupi sæki fé í hendur félagsins; stefnanda sé engin nauðsyn lögbanns til að gæta hagsmuna sinna, enda sé lögbann við tegundargreiðslu ósérgreinds fjár óheimilt, auk þess sem það hljóti að standa staðfestingu lögbannsins í vegi, að stefnandi beindi lögbannskröfu sinni ekki gegn Félagsstofnun stúdenta, sem þó átti hagsmuni þá, sem lögbannskrafan beindist að.

Fram hefur komið, að fógeti tilkynnti lögmanni Félagsstofnunar stúdenta um lögbannskröfuna og stað og stund þinghalds, en lögmaðurinn hefur lýst því yfir í málinu, að hann hafi ekki haft umboð til að taka við tilkynningunni fyrir hönd stofnunarinnar.

Af hálfu stefnanda hefur bótakröfu stefnda aðallega verið mótmælt á þeim grundvelli, að ekki hafi verið gagnstefnt, auk þess sem ósannað sé, að bótaskilyrði séu fyrir hendi.

Í útboðslýsingu segir, að verkkaupa skuli heimilt að taka út tryggingarfé án samþykkis verktaka og nota andvirðið til lagfæringa á göllum á verkinu, sem fram kunni að koma á verktímanum. Í verksamningunum er svohljóðandi ákvæði: „Verkkaupa er heimilt að krefjast fjárins að einhverju eða öllu leyti án samþykkis verktaka og nota andvirðið til lagfæringar á göllum er fram kunna að koma á verkinu eða til greiðslu á kostnaði eða tjóni sem verkkaupi hefur orðið fyrir vegna vanefnda verktaka".

Í verktryggingunni frá 8. mars 1982 segir, að verkkaupi geti krafist greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti án undangengins úrskurðar, verði það nauðsynlegt vegna vanefnda verktakans við framkvæmd verksamnings, og í síðari verktryggingunni segir, að verkkaupi geti krafið tryggingafélagið um greiðslu tryggingarfjárins að einhverju eða öllu leyti, verði það nauðsynlegt vegna vanefnda verktaka. Í samningi stefnanda og Félagsstofnunar stúdenta, dags. 21. september 1982, segir svo: „Komi í ljós þegar gengið verður frá uppgjöri við lok verksins, að Byggingafélagið Reynir h.f. hafi fengið greitt fyrir verkið umfram það sem því ber samkvæmt tilboði þessu, að meðreiknuðum hugsanlegum dagsektum, mun Félagsstofnun stúdenta taka mismuninn af tryggingarfé vegna verksins án frekari viðvarana."

Í byrjun desember s.l., virðist Félagsstofnun stúdenta hafa látið trygg-

ingafélaginu í té nákvæmar og sundurliðaðar greinargerðir um tjón sitt, byggðar á úttekt, sem samþykkt var af verktaka einungis með nokkrum athugasemdum viðvíkjandi verðlagningu.

Í 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936 er mælt svo fyrir, að dómar og úrskurðir skuli vera svo glöggir og skýrir sem kostur er á. Ekki má skírskota til sannana eða atvika er síðar kunna að koma fram, nema að því leyti sem málsúrslit eiga að velta á eiði eða drengskaparheiti. Ákvæði þetta tekur til málsmeðferðar fyrir fógetarétti samkvæmt 223. gr. sömu laga. Krafa stefnanda fyrir fógetadóminum var um lögbann, „við svo búið og þar til viðhlítandi gögn liggja fyrir um fjártjón". Kröfugerð þessi var með þeim hætti, að úrskurður varð ekki á henni byggður vegna nefndra lagaákvæða, þannig að fógeta var rétt að vísa kröfugerð þessari frá fógetadóminum eða öllu fremur að synja um framgang lögbannsins. Þegar af þessari ástæðu þykir verða að hafna kröfu stefnanda um staðfestingu lögbannsins. Annar liður kröfugerðar stefnanda virðist í raun vera sama efnis og staðfestingarkrafan, og þykja þá ekki efni til að vísa þeirri kröfu frá ex officio. Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir bera að hrinda öllum kröfum stefnanda í málinu. Ekki þykja vera skilyrði til að fallast á kröfu stefnda um miskabætur, en hins vegar þykir stefndi eiga kröfu á málskostnaði úr hendi stefnanda, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 40.000,00.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h.f., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Byggingafélagsins Reynis h.f., í málinu. Framangreint lögbann er fellt úr gildi.

Stefnandi greiði stefnda kr. 40.000,00 í málskostnað.

Miðvikudaginn 13. febrúar 1985.

Nr. 91/1983. **Axel Sævar Blomsterberg**
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)
gegn
Maríu Láru Atladóttur
(Svala Thorlacius hrl.)

Líkamsárás. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s.m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti. Því var lýst yfir, að aðaláfrýjandi gerði ekki varakröfu um lækkun bóta.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 4. júlí 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 7. júní s.á. Hún krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða henni 20.459,00 krónur með 37% ársvöxtum af 10.000,00 krónum frá 28. mars 1982 til 1. maí 1982, en af 20.459,00 krónum frá þeim degi til stefnubirtingardags, en með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum) frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hún málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fallast má á það með héraðsdómara, að nægilega sé sannað, að aðaláfrýjandi hafi veitt gagnáfrýjanda áverka þá, sem hún krefst bóta fyrir.

Aðaláfrýjandi verður samkvæmt þessu dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda þá fjárhæð, sem hún gerir kröfu til, 20.459,00 krónur, með vöxtum eins og segir í dómsorði auk 20.000,00 króna í málskostnað, samtals fyrir báðum dómum.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Axel Sævar Blomsterberg, greiði gagnáfrýjanda, Maríu Láru Atladóttur, 20.459,00 krónur með 37% ársvöxtum af 10.000,00 krónum frá 28. mars 1982 til 1. maí s.á.,

en af 20.459,00 krónum frá þeim degi til 23. ágúst s.á., og með dómvöxtum af þeirri fjárhæð frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda 20.000,00 krónur samtals í málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Kjósarsýslu 7. desember 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. desember 1982, hefur María Lára Atladóttir húsmóðir, nnr. 6414-5878, Hnjúkaseli 8, Reykjavík, (lögm. Björgvin Þorsteinsson hdl.) höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 2. ágúst 1982, á hendur Axeli Sævari Blomsterberg, nnr. 0892-3582, Hamarsteig 4, Mosfellssveit, Kjósarsýslu, (lögm. Þorsteinn Eggertsson hdl.) til heimtu skaða- og miskabóta að fjárhæð kr. 20.459 með 37% ársvöxtum af kr. 10.000 frá 28. mars 1982 til 1. maí 1982, en af kr. 20.459 frá þeim degi til stefnubirtingardags, en hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum (dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979) frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Af hálfu stefnda er þess krafist aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati réttarins, en til vara, að stefnukröfur verði verulega lækkaðar og málskostnaður látinn niður falla.

II.

Að kvöldi laugardagsins 27. mars 1982 var árshátíð sportbátaeigendafélagsins Snarfara haldin að Síðumúla 11, Reykjavík. Meðal gesta voru aðiljar þessa máls. Allnokkru eftir að borðhaldi var lokið, yfirgáfu stefnandi og eiginmaður hennar árshátíðina og héldu á danshúsið Broadway. Eftir miðnættið, að því er virðist klukkan að ganga tvö, upphófust miklar ryskingar og fjöldaslagsmál á árshátíðinni í Síðumúla 11, og tók stefndi Axel þátt í þeim, sem að því er virðist einn upphafsmanna þeirra. Svo hagar til í Síðumúla 11, að danssalur er á efri hæð, þannig að frá útidyrum er gengið upp U-laga stiga, þ.e. stiga með miðpalli, en er upp er komið, tekur við anddyri með fatageymslum og fl., áður en gengið er inn í danssal. Hófust slagsmálin í danssal eða anddyri uppi og bárust þaðan niður stigann og út.

Um eða laust fyrir kl. 2 komu stefnandi og maður hennar aftur af Broadway ásamt þriðja manni, sem var ofurölvi og kemur hér ekki frekar við

sögu, og hugðust hefja að nýju þátttöku í árshátíðinni. Meginorrustan var þá yfirstaðin, en enn voru nokkrar róstur og þóf manna á milli, bæði utandyra og í stiganum. Hefur stefnandi lýst atvikum svo, að hún hafi gengið upp stigann á undan manni sínum, sem dvaldist lítið eitt við dyrnar.

„Þegar við erum að koma þarna þá sjáum við að það eru einhver læti, þar var manni haldið upp við gluggann, ég man ekki hvað það voru margir sem héldu honum, og annar liggur á gólfinu, þ.e. á stigapallinum." Hún kveðst hafa lotið niður að manninum til þess að athuga ástand hans, en þá hafi hún fengið þungt högg ofan á höfuðið til hliðar, að hún telur þannig, að maðurinn hafi sparkað, þegar hún laut yfir hann. Við höggið hafi tennur hennar skollið saman og kvarnast úr þeim. Hún hélt þá áfram upp og kveðst strax hafa gert sér grein fyrir tannbrotinu. Samkvæmt vottorði Hrafns G. Johnsen tannlæknis kom stefnandi á stofu hans mánudaginn 29. mars, og í vottorðinu segir, að áverki hafi orsakað brot á tveim tönnum og sprungu í einni og í síðara vottorði segir, að komið hafi í ljós við nánari athugun, að fjórða tönnin var brotin. Framlagður reikningur tannlæknisins til stefnanda vegna rótfyllingar, röntgenmynda og smíði í apríl 1982 er að fjárhæð kr. 10.459,00, og er þar komin fjárhæð skaðabótakröfu stefnanda.

Ekki kveðst stefnandi hafa hlotið aðra ytri áverka en tannbrotið og ekki varanleg lýti að öðru leyti en því, að betri sé heil tönn en vel viðgerð. Lítilsháttar eymslum kvaðst hún hafa fundið fyrir á höfðinu fyrst á eftir og taldi sig hafa fundið fyrir einhverjum höfuðverk öðru hverju fyrstu dagana á eftir. Miskabótakrafan sé þó fremur vegna þeirra þjáninga, sem tannviðgerðum, þ. á m. rótfyllingu, hafi verið samfara og við mótun kröfunnar hafi auk þess verið tekið tillit til tímatafar og óhjákvæmilegs kostnaðar, er af ferðum til tannlæknis hafi leitt, svo og hugarangurs, sem svona leiðindamálum sé samfara.

III.

Stefndi Axel Sævar hefur alfarið neitað því að hafa veitt stefnanda umræddan áverka. Hann kveðst hafa verið nokkuð ölvaður, en muna þó vel eftir atvikum. Hann kveðst aldrei hafa farið af fótunum í umræddum slagsmálum og aldrei hafa legið í gólfinu, hvorki á þessum stigapalli né annarsstaðar. Hann kvað annan mann, Eric Kinchin, hafa krafið sig um bætur vegna áverka. Hann kvaðst hafa verið þess fullviss, að hann hefði ekki slegið Eric, og því synjað um bótagreiðslu, enda hafi við eftirgrennslan komið í ljós, að það var bróðir stefnda, Jón, sem barði Eric. Samt hafi Eric engar bætur fengið, því Jón hafi barið Eric fyrst og Eric fallið frá bótakröfu, þegar það kom fram.

Fram hefur verið lögð vettvangsskýrsla lögreglunnar í Reykjavík, undirrit-

uð af Arinbirni Sigurgeirssyni, lögregluþjóni nr. 134. Þar kemur fram, að lögreglu var tilkynnt um slagsmál að Síðumúla 11. Kl. 02.15 komu lögregluþjónar á staðinn. Í vettvangsskýrslunni segir svo:

„Á staðnum kom í ljós að töluvert mun hafa verið búið að ganga á áður en við komum á staðinn. Fyrir utan voru tveir menn, blóðugir í framan, kváðust þeir vera bræður og þekkti ég deili á öðrum þeirra. Inni í húsinu höfðum við tal af nokkrum aðilum.

Erik Kinchin, Sólheimum 23, Rvík, s. 37811, símstöðvarstjóri á Keflavíkurflugvelli. Erik (sic) var með töluverðan skurð á vinstri augabrún. Skurðinn kvaðst hann hafa fengið frá öðrum hvorum bróðurnum sem áður er getið. Erik er fæddur 12.12.'43. Hann var fluttur á slysadeild og skilinn þar eftir til aðgerðar.

María Lára Atladóttir, Hnjúkaseli 8, Rvík, s. 78806, f. 5.9.'44, nnr. 6414-5878. María Lára kvaðst hafa verið að koma upp stigann frá útidyrunum og upp að stigapallinum. Þá hafi komið á móti henni maður í lopapeysu, hann hafi sparkað í áttina til hennar og hitt hana í andlit og hafi kvarnast úr tönn í neðri góm og sé hún þegar farin að finna fyrir þessu. María Lára kvaðst mundu gera kröfur á mann þennan sem framdi verknað þennan.

Oddur Guðmundsson, Birkigrund 49, Kópavogi, s. 43681, vs. 26212, sýndi hvar vesti hans var rifið og sagði það vera eftir umræddda bræður. Einnig var Oddur með nokkurn skurð á löngutöng hægri handar, þeim megin sem að lófanum sneri.

Gardínur, strimlagluggatjöld, sem voru fyrir glugga í stigagangi, voru tætt og var það einnig sagt vera af völdum bræðranna.

Á meðan á þessu stóð kom Axel Sævar Blomsterberg upp stigann og fékk sér sæti í salnum, var nú töluvert rólegri en áður. Hann hvorki neitaði eða játaði sakargiftum. Hann var færður í lögreglubifreið og fyrir flokksstjóra á aðalstöð og síðan í fangageymslu. Axel sagði á lögreglustöðinni að honum þætti það í meira lagi ótrúlegt að hann hefði slegið Erik, þeir væru nánast vinir.

Hinn bróðirinn er Jón Blomsterberg, ekki vitað um heimilisfang,átti áður heima í Hæðargarði. Grunur leikur á að hann hafi slegið Erik. Axel var í lopapeysu, rifinni, þannig að lýsing Maríu Láru á við hann."

Arinbjörn Sigurgeirsson, áður lögreglumaður nr. 134, nú rannsóknarlögreglumaður, kom fyrir dóminn. Hann kvað slagsmál hafa verið búin, þegar þeir komu.

Varðandi þann mismun, sem er á atvikalýsingu stefnanda Maríu Láru annars vegar í vettvangsskýrslu lögreglu, þar sem eftir henni er haft, að í hana hafi verið sparkað af manni, sem kom niður stigann, og hins vegar framburði hennar við rannsóknardeild lögreglu hinn 31.3.1982, svo og fyrir dómi við aðalflutning máls þessa, þar sem hún bar, að í hana hafi verið sparkað af liggj-

andi manni, þá taldi lögreglumaðurinn Arinbjörn ólíklegt annað en frásögn Maríu Láru á vettvangi hefði verið í samræmi við það, sem skráð er í vettvangskýrslunni. Hann gat þess, að mikill hiti hefði verið í fólki og skýrslutaka á staðnum erfið.

Fyrir dóminum bar María Lára, að maðurinn, sem veitti henni áverka, hafi verið í flegnu prjónavesti, þunnu, en ekki í lopapeysu. Varðandi það atriði svaraði lögreglumaðurinn því til, að lýsing Maríu Láru á klæðnaði mannsins hefði verið í samræmi við klæðnað Axels Sævars.

Vitnið Hrafnhildur Baldvinsdóttir, f. 31.8.1942, til heimilis að Háaleitisbraut 153, bar fyrir dóminum, að um tvöleytið, þegar dansleiknum var að ljúka, hefði hún komið á stigaskörina uppi og séð, að það hafi verið áflog og læti niðri á stigapallinum. Það hafi legið maður í gólfinu á stigapallinum. Þá hafi stefnandi María Lára komið upp stigann og lotið niður að manninum. Síðan hafi hún hlaupið upp efri hluta stigans upp á skörina, þar sem vitnið stóð, rétt vitninu veskið sitt og sagt: „hann sparkaði í mig, viltu halda á veskinu fyrir mig", og síðan farið inn á snyrtingu, sem er til hliðar við anddyrið. Vitnið kvaðst hvorki hafa séð stefnanda né stefnda fyrr en þetta kvöld. Hún sagði, að það hefði verið það skuggsýnt í stiganum, hún sagðist ekki vera þess fullviss, að það hefði verið stefndi, sem lá á stigapallinum, en fullyrti þó, að þetta hefði verið ungur maður, ljóshærður. Hún bætti við: „Ég held að þetta hafi örugglega verið hann." Hún fullyrti, að það hefðu verið fleiri manns á stigapallinum og róstusamt, þegar stefnandi kom upp stigann og laut niður að manninum.

Í framlögðu utanréttarvottorði Marion Elísabetar Arinbjarnardóttur, nnr. 6479-2083, sem var fylgdarkona Jóns Blomsterberg á umræddri árshátíð, segir hún m.a., að hún hafi fylgst vel með umræddum slagsmálum, en aldrei séð, að Axel lægi í gólfinu, og aldrei séð neina konu koma nálægt þessum slagsmálum, nema hvað tvær framreiðslustúlkur hafi einu sinni reynt að stilla til friðar.

IV.

Álit réttarins.

Framburður stefnanda Maríu Láru um, að stefndi hafi veitt henni umræddan áverka, er eindregið studdur framburði vitnisins Hrafnhildar Baldvinsdóttur. Skýrsla lögreglumanns þess, er kom á vettvang, rétt eftir að slagsmálum lauk, sýnir, að þá þegar bárust öll bönd að stefnda um, að hann hefði valdið áverka stefnanda. Það þykir því nægilega í ljós leitt, að stefndi hafi veitt stefnanda áverkann. Á hinn bóginn benda umræddir framburðir til þess, að það hafi verið óviljaverk. Stefndi hafi legið óvígur á stigapallinum og sýnt þau eðlilegu og jafnvel ósjálfráðu viðbrögð að bægja frá sér yfirvofandi áreitni eða árás, er hann fann einhvern nálgast sig úr hófi fram.

Upplýst er með framburði stefnanda sjálfrar svo og með framburði vitnisins Hrafnhildar Baldvinsdóttur, að þegar stefnandi kom á staðinn, gat henni ekki dulist, að slagsmál höfðu verið og að ryskingar hafi enn staðið yfir á stigapallinum, þegar stefnandi kom þar. Telja verður, að það hafi verið mjög óvarlegt af stefnanda að hætta sér upp stigann, eins og á stóð, og enn óvarlegra að fara að skipta sér af föllnum róstusegg.

Á grundvelli sakarmats þykir því hæfilegt, að stefnandi beri ¼ hluta af tjóni sínu sjálf, en framlögðum reikningi frá tannlækni hefur ekki verið hnekkt og miskabótakröfu stefnanda þykir í hóf stillt.

Samkvæmt framansögðu verður stefnufjárhæð tekin til greina með kr. 15.344,25.

Málskostnaður ákveðst kr. 9.000,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Axel Sævar Blomsterberg, greiði stefnanda, Maríu Láru Atladóttur, kr. 15.344,25 með 37% vöxtum af kr. 7.500 frá 28. mars 1982 til 1. maí sama ár, en af kr. 15.344,25 frá þeim degi til 23. ágúst sama ár en með 39% ársvöxtum af kr. 15.344,25 frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 7. desember 1982, en með dómvöxtum skv. l. nr 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 9.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. febrúar 1985.

Nr. 21/1985. **Ólöf Maack Jónsdóttir**
gegn
Bjarka Baldurssyni

Kærumál. Máli vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmssson.

Sóknaraðili kærði frávísunardóm bæjarþings Hafnarfjarðar frá

16. nóvember 1984 hinn 4. desember og lét þess getið, að hann hefði fengið vitneskju um dóminn 22. nóvember. Kært var með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 7. febrúar. Kröfur sóknaraðilja eru:

„*að* frávísunardóminum verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómarann að gefa aðilum kost á að afla þeirra sönnunargagna, er hann telur á vanta án frávísunar málsins en til vara að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið.

að Ólöfu verði tildæmdur hæfilegur kærumálskostnaður . . .“

Varnaraðili krefst þess, að kröfum sóknaraðilja verði hafnað, og þess, að honum verði tildæmdur kærumálskostnaður.

Lögmaður sóknaraðilja, Þórólfur Kristján Beck hrl., segir í kæru sinni m.a.:

„Frávísunardómurinn byggist á því áliti héraðsdómara að málið er talið vanreifað af þeirri ástæðu að formlegs mats samkvæmt X. kafla eml. nr. 85/1936 hafi eigi verið aflað af hálfu sóknaraðila. Kærandi telur hins vegar að málsaðilar hafi að meginstefnu til sjálfir forræði á hvaða gagna þeir afli í einkamáli og beri halla af sönnunarskorti, ef sönnun brestur. Er og rétt að benda á að héraðsdómari hafnaði ítrekuðum tilmælum um að hann framkvæmdi sjálfur vettvangskoðun á hinu umdeilda teppi, svo sem ætla verður að skylt hafi verið að réttarfarslögum. Kærandi telur að dómvenja standi til þess í slíku tilviki að mál sé endurupptekið að frumkvæði dómara og aðila gefinn kostur á með sérstökum úrskurði að afla tiltekins gagns og að máli, sem þannig er vaxið, sé eigi vísað frá dómi . . .“

Í greinargerð lögmanns varnaraðilja, Jóns Magnússonar hdl., segir m.a., að sóknaraðili hafi ekki sinnt ábendingum dómara um að afla matsgerðar og sé eðlilegt að staðfesta frávísunardóminn, þar sem sóknaraðili hafi ekki aflað nauðsynlegra gagna, sem henni hafi verið í lófa lagið að gera.

Héraðsdómarinn hefur sent Hæstarétti athugasemdir með heimild í 27. gr. laga nr. 75/1973. Segir þar, að hann hafi ekki orðið við tilmælum um að skoða sjálfur hin umdeildu teppi og ekki talið ástæðu til að kveðja til sérfróða meðdómendur. Þá tekur dómarinn fram, að bæði hafi skort matsgerð og önnur viðhlítandi sönnunargögn.

Ekki eru efni til að hnekkja hinum kærða frávísunardómi. Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 16. nóvember 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 1. nóvember 1984, hefur Ólöf Maack Jónsdóttir, 6874-8313, tannsmiður, Laufvangi 10, Hafnarfirði höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri hinn 21. mars 1984, gegn Bjarka Þ. Baldurssyni, 1173-9547, rafvirkja, Breiðvangi 22, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda fébætur að upphæð kr. 30.792,00 ásamt 32% ársvöxtum frá 1. nóvember 1983 til 20. sama mánaðar, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til 20. desember sama ár, en 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, en 15% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags, 21. mars 1984, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Til vara, að stefnanda verði tildæmdur afsláttur að upphæð kr. 30.792,00 eða lægri upphæð að mati dómsins ásamt sömu vöxtum og í aðalkröfu greinir.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. að skaðlausu að mati dómsins, og hefur stefnandi lagt fram málskostnaðarreikning að fjárhæð kr. 16.024,00.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

II.

Með kaupsamningi, dags. 16. ágúst 1983, keypti stefnandi Ólöf af stefnda Bjarka 3ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsinu að Laufvangi 10 í Norðurbæ í Hafnarfirði. Húsið var byggt 1969-1970. Stefndi Bjarki hafði átt íbúðina og búið í henni í 3 ár. Gólfteppi á stofu voru um 7 ára gömul ullarteppi með áföstum gúmmíbotni. Stefnandi taldi íbúðina hafa litið vel út og veitti ekki athygli neinu athugaverðu við teppin eða fann neina ólykt í íbúðinni, þegar hún skoðaði hana fyrir kaupin. Hún fékk íbúðina afhenta 15. október 1983, sama dag og stefndi flutti út. Fór hún þá að gera íbúðina í stand. Fékk stefnandi, sem er einstæð móðir með 3 börn, það yngsta var á öðru árinu, kunningja sinn eða frænda til þess að

hjálpa sér við að mála. Þegar hún var að handmála neðstu röndina með gólfi í stofu, veitti hún athygli lykt úr teppinu. Fór hún að kanna þetta betur og fann meiri lykt. Reif hún nú teppið upp í einu horninu. Gaus þá upp ólykt og blettur sást á teppisbotninum og á steingólfinu undir teppinu.

Stefnandi frétti, að stefndi hefði haldið hund.

Nágranni upplýsti, að hann hefði einn daginn farið út á svalir til að hengja upp á snúrur. Þá hefði hann fundið lykt og litið niður. Hefði hann þá séð hundaskít um allar svalir hjá Bjarka. Tvær nágrannakonur upplýstu, að hundurinn hefði verið einn í íbúðinni allan daginn, meðan húsráðendur voru í vinnu.

Hringdi nú stefnandi til stefnda og kvartaði við hann og einnig við sölumanninn á fasteignasölunni.

Hinn 20. október, 5 dögum eftir að stefnandi tók við íbúðinni, fékk hún teppahreinsunarmenn til þess að koma og hreinsa teppin. Þrátt fyrir þessar hreinsunaraðgerðir fann stefnandi ennþá lykt úr teppinu. Reif hún nú teppin af. Rúllaði hún þeim upp og fór með þau niður í kjallarann í sameigninni. Þar hafa þau síðan verið meðeigendum til lítillar ánægju. Stefnandi klippti bút af teppinu. Fór með hann á fasteignasöluna og lét sölumanninn þefa af honum þar, úr því að hann fékkst ekki til þess að koma þrátt fyrir ítrekaðar beiðnir. Hann fann ólykt. Ekki vildi hann við vitnaleiðslu tilgreina líklega ólyktarorsök, nema þá helst að svona lykt gæti stafað af teppahreinsunarefnum.

Stefnandi keypti nú ný teppi á stofuna, 36,94 m² á kr. 768 hvern fermetra. Ákomin kostuðu þau kr. 29.892,90. Reikningurinn er dagsettur 31. október, eða hálfum mánuði eftir að stefnandi tók við íbúðinni. Hreinsunarmaðurinn hafði tekið kr. 900,00. Er þá komin stefnukrafan, kr. 30.792,00.

III.

Stefnda Bjarka hefur sagst efnislega svo frá, að hann hafi um jólin eða áramótin, áður en hann seldi, eignast tíkarhvolp, nýlega fæddan. Venjulegan hvolp, ekki kjölturakka. Tíkin óx og reyndist þrifin. Gerði þarfir sínar úti á svölum og var höfð rifa á svalahurðinni, þegar þau hjónin voru ekki heima. Eitthvað virðist þó hafa brugðið útaf eins og gengur, því stefndi mundi eftir, að tíkin hefði í eitt skipti létt af sér þvagi inni, en þá við dyrnar fram á stigaganginn, en hreint ekki í neinu horni og þaðan af síður við vegg. Hann fann aldrei neina ólykt í íbúðinni, hvorki fyrir né eftir þann atburð, er tíkin gaut í september. Það hið sama bar heimilisvinur og frændi stefnda, hann fann aldrei neina ólykt. Tók hann fram, að eiginkona stefnda væri mikil myndarhúsfreyja og heimilið allt í sniðum. Þetta sama hafa tvær húsmæður, er vel þekktu til á heimili stefnda, tekið fram í utanréttarvottorðum, en mikill fjöldi þeirra hefur verið lagður fram í máli þessu á báða bóga, flest við aðalflutn-

ing. Lögmenn aðilja höfðu þá í þinghaldi þrem vikum fyrr lýst skriflegri gagnaöflun lokið. Öllum mótmælt sem röngum og óstaðfestum, en gott samkomulag lögmanna um, að þau kæmust að í málinu.

Önnur þessara síðasttöldu kvenna, sem hafði verið heimilisvinur í 10 ár, hjálpaði stefnda og konu hans við að hreingera íbúðina vegna flutninganna, þ. á m. ryksugaði hún teppin og varð ekki vör við, að nein ólykt væri úr teppunum eða af þeim við það tækifæri frekar en áður.

Fram kom hjá stefnda, að hann fékk teppahreinsunarmann — þann hinn sama og hreinsaði fyrir stefnanda hinn 20. október — til þess að hreinsa teppin, áður en hann setti íbúðina í sölu um sumarið. Það var ekki vegna þess að ólykt væri úr teppinu, heldur venjuleg hreinlætisráðstöfun, líkt og þegar loft og veggir og aðrir hlutir íbúðar eru gerðir hreinir.

Teppahreinsunarmaðurinn kom fyrir dóminn. Hann mundi ekki sérstaklega eftir lykt, en mundi, að teppin hefðu verið óhrein í fyrra sinnið sem hann hreinsaði þau, eins og teppi verða gjarna, og mundi, að stefnandi hefði ekki verið ánægð, þegar hann fór í seinna sinnið, þó hefði hann fullkomna hreinsivél með vatnsbúnaði og bestu tegund af hreinsiefni, sem hann þvertók fyrir, að ólykt væri af. Hann tók fram, að hann hefði ekki notað sérstakt ilmefni, sem þó væri til og sumir pöntuðu sérstaklega. Hann sagðist oft hreinsa teppi í íbúðum, þar sem hundar væru, sumir þeirra migju um allt, þó fremur við veggi. Fáir svo vanafastir að nota jafnan eitthvert tiltekið horn eingöngu. Hundahland væri hins vegar tiltölulega lyktarlítið og oftast mikils árangurs að vænta með góðum hreinsitækjum. Kettir oft verri. Hann kvaðst ekki vita um neinn aðilja, sem tæki svona teppi af gólfum og hreinsaði þau, taldi slíkt raunar óframkvæmanlegt. Ef hreinsun teppanna á gólfunum bæri ekki viðunandi árangur, þá væri ekki annað til ráða en að skipta um.

Óþarft er að taka fram, að samkvæmt 57. gr. rgj. nr. 803 frá 20. desember 1982, er hundahald bannað í Hafnarfirði, og ekki er fram komið, að stefndi hafi verið kærður fyrir brot á þessu ákvæði.

IV.

Stefnandi styður aðalkröfu sína við 2. mgr. 42. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Stefndi hafi haldið hund og beinlínis séð hann leggja af sér í teppið. Auk þess hafi hundurinn verið einn heima allan daginn. Þetta hafi stefndi átt að upplýsa við söluna. Hann hafi vanrækt upplýsingaskyldu sína sem seljandi og fellt á sig skaðabótaábyrgð. Gallinn, óbætanlegar skemmdir á teppum af völdum hundsins, hafi verið leyndur. Stefndi hafi hulið gallann með því að láta hreinsa teppin fyrir söluna. Þess hafi því ekki verið að vænta, að stefnandi fyndi lykt, er hún skoðaði íbúðina fyrir kaupin, um hásumar og gluggar væntanlega opnir. Íbúðin hafi verið á ábyrgð og áhættu seljanda, stefnda, fram til afhendingar skv. 17. gr. kaupalaga, ef skemmdir af völdum hundsins

teljist að einhverju eða verulegu leyti orðnar eftir skoðun stefnanda og gerð kaupsamnings. Ennfremur stafi þær skemmdir þá af vanrækslu seljanda.

Til grundvallar fjárhæð skaðabótakröfu kveðst stefnandi leggja rauntjón sitt, teppi og efni og vinnu við álagningu teppanna, kr. 29.892,00, að viðbættum kostnaði við teppahreinsun, kr. 900,00 alls kr. 30.792,00.

Varakröfu styður stefnandi við 1. mgr. 42. gr. kaupalaga. Séu skilyrði skaðabótaskyldu ekki talin vera fyrir hendi, þá beri að dæma afslátt. Íbúðin hafi ekki verið þeim kostum búin, sem venjulegt sé um samskonar fasteignir og kaupandi mátti gera ráð fyrir. Hvað fjárhæð afsláttarkröfunnar varðar sé eðlilegt að miða við, hvað kostaði að bæta úr gallanum, sbr. m.a. Hrd. 38: bls. 108. Óeðlilegt sé að lækka þá fjárhæð vegna ávinnings af því að fá ný teppi, þar sem á móti komi óhagræði og vinna, er af gallanum hlaust.

Af hálfu stefnda hefur því eindregið verið mótmælt, að ólykt geti verið leyndur galli. Raunar er af stefnda hálfu málsástæðum þeim, er stefnandi byggir kröfur sínar á, alfarið mótmælt sem ósönnuðum og fjárhæð dómkröfu sem vanreifaðri. Þó hefur það hvorki fyrr né síðar verið orðað í málinu af hálfu stefnda, að vísa ætti málinu frá dómi, hvað þá að frávísunarkrafa hafi verið gerð.

Sérstaka kröfu um lækkun dómkrafna — sú krafa er innifalin í sýknukröfu — hefur stefndi byggt þannig upp að leggja fram vottorð frá nokkrum teppaverslunum um algengt teppaverð, sem hann telur hafa verið í mesta lagi kr. 500 á fermetra af góðum teppum, eins og á íbúðinni voru, og þar sem teppin hafi verið a.m.k. hálfslitin, þá geti tildæmd fjárhæð aldrei orðið hærri en helmingur af kr. 500 × 36,94 = 18.470, eða kr. 9.235,00. Yrði sá höfuðstóll tildæmdur, ætti að fella málskostnað niður vegna öfgafullrar kröfugerðar í stefnu og síðan alla stund fyrir dómi.

V.

Er þá komið að þeim þætti máls þessa, sem hvað sérstæðastur er, beitingu umboðsmanna aðilja á ákvæðum 136.-144. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Stefnandi hefur ekki lagt fram matsgerð dómkvaddra manna, og stefndi hefur ekki krafist frávísunar, heldur einvörðungu sýknu.

Í stefnu er matsgerðar að engu getið sbr. f.-lið 88. gr. l. 85/1936. Áskilnaður um dómkvaðningu matsmanna kemur fyrst fram í greinargerð stefnanda. Er á það hafði verið bent í greinargerð stefnda, að matsgerð skorti, var bókað í þinghaldi hinn 4. september, sem boðað var til sáttaumleitana og til þess að ljúka skriflegri gagnaöflun og ákveða aðalflutning: „Lögmaður stefnanda óskaði eftir fresti til þess að kanna hvort umbjóðandi hans óskar dómkvaðningu (sic) matsmanna úr því að sættir takast ekki. Lögmaður stefnda tekur fram að hann samþykki frestinn og samþykki, ef til dómkvaðningar kemur, að aðeins einn matsmaður verði dómkvaddur og framkvæmi matið."

Lögmaður stefnanda tilkynnti dómaranum símleiðis nokkru eftir þinghaldið hinn 4. september, að umbj. hans teldi sig ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til þess að leggja út fyrir matsgerð, og mundi hann því ekki beiðast dómkvaðningar. Á næsta dómþingi, hinn 4. október, lagði lögmaður stefnanda svo fram skjal, er bar yfirskriftina skoðunargerð og hljóðar svo:

„Að beiðni Friðjóns Arnar Friðjónssonar hdl., fór undirritaður með honum að Laufvangi 10, Hafnarfirði þann 17. september 1984. Tilefnið var að skoða gólfteppi sem verið hafði í stofu og holi í íbúð sem Ólöf Maack Jónsdóttir hafði fest kaup á fyrir ári síðan. Teppin voru geymd upprúlluð í sameign hússins. Við athugun leyndi sér ekki að samkvæmt blettum á undirlagi teppisins, hafði vökvi sigið niður í undirlagið mjög víða. Af megnri stækju sem upp gaus þegar rúllað var út teppastranganum mátti ráða að um hland væri að ræða. Það má álíta að þegar teppið var hreinsað fyrir sölu þá hafi hlandblettir deyfst svo að ekki verði eftir tekið við lauslega skoðun. Því má álíta gallann leyndan. Það má því segja að það hafi verið með öllu óhæft og heilsuspillandi að búa við teppið sem slíkt.

Tilviljum réð því svo að ég sá um lögn á nýja teppinu fyrir um það bil ári síðan og keypt var hjá Pharma í Hafnarfirði. Eru þau af miðlungsgæðum og verði.

Reykjavík, 2. október 1984

Daniel J. Kjartansson, form. Félags teppalagningarmanna."

Að framanlögðu þessu skjali bað lögmaður stefnda bókað:

„Vegna framlagningar skoðunargerðar á dskj. nr. 12 er henni mótmælt, í fyrsta lagi sem málinu óviðkomandi, í öðru lagi vegna þess að skoðunarmaður er vilhallur, í þriðja lagi er skoðunargerðinni mótmælt sem rangri, og í fjórða lagi er bent á það að hún er ómarktæk sem gagn í máli þessu þar sem ekki er gætt ákvæða einkamálalaga um mats- og skoðunargerðir, hvorki hvað varðar tilkvaðningu skoðunarmanns né framkvæmd skoðunargerðar. Þá er því einnig mótmælt að skoðunarmaðurinn, Daníel J. Kjartansson, hafi nokkra þá sérþekkingu sem gerir hann hæfan til þess að skoða, meta og gefa álit á því deilumáli sem um er fjallað í máli þessu."

Lögmaður stefnanda bað nú bókað:

„Fyrir hönd umbj. m. vísa ég alfarið á bug framkomnum mótmælum lögmanns stefnda að því er varðar skoðunargerð Daníels J. Kjartanssonar á dskj. 12. Stefnda og lögmanni hans var gefinn kostur á að vera viðstaddir skoðunina sbr. dskj. nr. 11 (afrit símskeyta). Sérstök áhersla skal á það lögð, að lögmaður stefnanda bauð lögmanni stefnda í símtali er fram fór hinn 17.9. 1984, að fresta skoðunargerðinni ef annar tími en ákveðinn hafði verið hentaði betur lögmanni stefnda og umbjóðanda hans."

Að svo mæltu lýstu lögmennirnir skriflegri gagnaöflun lokið (þeir lögðu

þó síðar fram 9 utanréttarvottorð við aðalflutning).

Ekki er fram komið, að lögmaður stefnanda hafi gert neina tilraun til þess að útvega umbj. sínum gjafsóknarleyfi skv. XI. kafla l. nr. 85/1936.

Formaður Félags teppalagningarmanna, Daníel J. Kjartansson, var meðal þeirra sex vitna, sem auk aðila komu fyrir dóm við aðalflutning. Hann lýsti framangreint vottorð sitt rétt. Hann sá ekki þrætuteppið né fann af því lykt, þegar hann lagði nýja teppið í októberlok 1983, enda var þá búið að fjarlægja gamla teppið. Hann mundi ekki eftir neinum hlandblettum á steingólfinu, sem hann lagði nýja teppið á né kæsingarlykt, taldi mögulegt eða líklegt, að búið hefði verið að hreinsa gólfið. Fram kom, að hann hafði á undan stofuteppinu lagt teppi á annað herbergi eða önnur herbergi í íbúðinni. Þau voru af sömu tegund og nýja teppið, er lagt var á stofuna, en með öðrum lit.

Stefndi telur þarna komna skýringuna á þörf stefnanda fyrir nýtt stofuteppi, það sé miklu smekklegra að hafa teppi í sama stíl á allri íbúðinni og einnig að blanda ekki saman nýju og gömlu. Auk þess sé það mikil og óhófleg bjartsýni að kaupa íbúð með 7 ára gömlum teppum og ætla barni sínu á öðru ári að skríða á þessu, betra sé og raunar ekki annað sæmandi gagnvart barninu en að útvega ný.

VI.

Ítrekaðar tilraunir dómara til þess að fá stefnda til þess að taka þátt í að leysa þetta mál með réttarsátt á sanngirnis- og skynsemisgrundvelli og koma því þannig frá dómi hafa engan árangur borið.

VII.

Álit réttarins.

Í máli þessu standa staðhæfingar annars aðiljans gegn staðhæfingum hins. Hvor aðili um sig hefur lagt fram vottorð og fært fram vitnisburði vina, kunningja eða skyldmenna til þess að styðja mál sitt. Skýrsla teppalagningarmannsins, Daníels J. Kjartanssonar, sem er það vitni, sem helst yrði talið óvilhallt og sérfrótt, er þeim annmarka haldin, að hann var ekki dómkvaddur og naut því ekki þess siðferðilega aðhalds og lagalegu ábyrgðar sem dómkvaðning veitir. Mótmæli stefnda gegn matsgerð dómkvaddra manna hefðu að öllu venjulegu haft sáralitla þýðingu, mótmæli stefnda við þessari skýrslu skipta sköpum fyrir málið. Verra er þó, að hvorki þessi skýrsla né nein önnur gögn í málinu veita viðhlítandi stuðning við ákvörðun fjárhæðar bóta eða afsláttar, ef fallist yrði á greiðsluskyldu, en talið rétt að lækka stefnufjárhæð, svo sem af eftirtöldum ástæðum: Varðandi afslátt, vegna þess að íbúðin hefði við kaupin, að gallanum upplýstum, eigi lækkað í verði sem verði nýrra teppa nam. Varðandi bætur, vegna þess

að bæta hefði mátt úr gallanum með ódýrari hætti eða þá á grundvelli svipaðra sjónarmiða og fram koma í 37. gr. l. 20/1954.

Í lögum nr. 85/1936 eru í 136.-144. grein ákvæði um dómkvaðningu sérfróðra óvilhallra manna til þess að framkvæma mat og skoðun. Með þessum ákvæðum er aðiljum einkamáls opnuð leið til sérstakrar vandaðrar sönnunarfærslu um atriði, sem ella væri torvelt að afla traustra gagna um. Með þessum ákvæðum er ein af grunnreglum réttarfars, andmælareglan, í heiðri höfð, mat dómarans tekur þá fyrst við, þegar svo traustur grundvöllur máls hefur verið lagður sem kostur er og þegar aðiljar hafa fengið tækifæri til að gagnrýna hvor annars sönnunargögn. Þessa grunnreglu réttarfars og ákvæði einkamálalaga um mat og skoðun hefur stefnandi leitast við að sniðganga. Mál þetta er þannig frá stefnanda hendi vanreifað og málatilbúnaður eigi í samræmi við góða dómsmálavenju og réttarfarslög. Ber því að vísa máli þessu frá dómi.

Ekki þykja, eins og í pottinn er búið af stefnda hálfu, efni til þess að dæma honum málskostnað

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 15. febrúar 1985.

Nr. 218/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
William James Scobie
(Jón Oddsson hrl.)
Ingvari Heiðari Þórðarsyni og
(Örn Clausen hrl.)
Griffith David Scobie
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Rán. Ólögmæt nauðung. Þjófnaður. Nytjastuldur. Hilming. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. september 1984 til þyngingar að því er varðar alla hina ákærðu. Málinu er að því er ákærða William James varðar áfrýjað samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974, en ákærði Griffith David Scobie hafði óskað áfrýjunar fyrir sitt leyti. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 3. f.m.

Ákærði William James Scobie.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um ákærulið I, en innbrot það, sem hér um ræðir, framdi ákærði síðla aðfaranætur föstudagsins 17. febrúar 1984, en ekki fimmtudagsnóttina 16. febrúar, svo sem í ákæru segir.

Ákærði William James beitti Örn Reyni Pétursson ofbeldi og ógnaði honum með hlaðinni byssu og neyddi hann þannig til þess að aka með sig á afvikinn stað og afhenda sér þar stjórn bifreiðar sinnar. Þykir þetta atferli varða við 225. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og verður því ákvæði beitt með heimild í 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974, þótt þess sé ekki getið í ákæru, enda var málflytjendum fyrir Hæstarétti gefinn kostur á að flytja málið með það í huga.

Með því að nota bifreiðina í heimildarleysi, eftir að hann hafði náð umráðum hennar, hefur ákærði William James unnið til refsingar samkvæmt 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um ákærulið III að því er varðar ákærða William James. Þykir lokaákvæði 252. gr. almennra hegningarlaga eiga við um brot ákærða.

Ákærði Ingvar Heiðar Þórðarson.

Svo sem í héraðsdómi greinir, sammæltust ákærðu William James og Ingvar Heiðar um peningaránið svo og um töku á bifreið, sem nota átti í sambandi við það. Þeir höfðu rætt um það í einstökum atriðum, með hvaða hætti brotin skyldu framin, og var Ingvari Heiðari því ljóst, að William James hugðist nota hlaðna byssu til

þess að ógna leigubifreiðastjóra og ná þannig umráðum bifreiðarinnar og einnig til þess að ógna starfsmönnm vínbúðarinnar og ræna þá. Ingvar Heiðar liðsinnti William James í verki, svo sem fram kemur í héraðsdómi, og fékk síðan í sinn hlut nokkurn hluta ránsfengsins, eins og fyrirfram var ráðgert. Hefur hann þannig átt þátt í brotum þeim, sem um ræðir í II. og III. ákærulið, og ber samkvæmt 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga að refsa honum samkvæmt sömu ákvæðum og William James, þ.e. 225. gr., 1. mgr. 259. gr. og 252. gr. hegningarlaganna.

Ákærði Griffith David Scobie.

Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði Griffith David hafi brotið gegn 254. gr. almennra hegningarlaga með því að aðstoða William James við varðveislu ránsfengsins og með því að taka við hluta af honum og nota til gjaldeyriskaupa.

Viðurlög.

Með skírskotun til raka héraðsdóms og með hliðsjón af 4. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga svo og 77. gr. sömu laga ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um refsingu ákærða William James og um frádrátt gæsluvarðhalds frá refsingu, en auk þess ber að ákveða að gæsluvarðhaldsvist, sem hann hefur sætt, síðan héraðsdómur gekk, skuli dregin frá refsingunni.

Refsing ákærða Ingvars Heiðars þykir með hliðsjón af atriðum þeim, sem í héraðsdómi greinir, svo og 4. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga og 77. gr. sömu laga hæfilega ákveðin fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhaldsvist hans, eins og ákveðið er í héraðsdómi.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um refsingu ákærða Griffith David Scobie og um frádrátt gæsluvarðhalds, ef til fullnustu refsingar kemur.

Skaðabætur.

Eigi hefur þess verið óskað, að bótakröfur Vesturrastar h/f og Arnar Reynis Péturssonar verði teknar til meðferðar, og koma þær því ekki til úrlausnar í máli þessu, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Af hálfu ákærðu allra hefur þess verið krafist, að bótakröfum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins verði vísað frá dómi. Af hálfu Ingvars Heiðars er til vara krafist sýknu af kröfunum og til þrautavara að hann verði einungis dæmdur til greiðslu vaxta af 66.718,50 krónum frá 17. febrúar til 9. maí 1984 og af 56.718,50 krónum frá þeim degi til 24. maí 1984. Af hálfu Griffith David Scobie er þess krafist til vara, að hann verði sýknaður af kröfunum.

Af hálfu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins er því haldið fram, að í peningatöskum þeim, sem William James rændi, hafi verið 1.470.402,00 krónur í peningum og 368.732,00 krónur í tékkum. Ákærði William James, er taldi peningana, hefur skýrt svo frá, að um hafi verið að ræða rúmlega 1.400.000,00 krónur í peningum og á fjórða hundrað þúsund króna í tékkum. Þykir eigi varhugavert að telja sannað, að ránsfengurinn hafi numið þeirri fjárhæð, sem krafan er miðuð við. Verða frávísunarkröfurnar eigi teknar til greina.

Ákærðu William James og Ingvar Heiðar stóðu sameiginlega að ráninu og bera óskipta ábyrgð á tjóni, er af því hlaust. Þegar litið er til afskipta Griffith David af vörslu og meðferð ránsfengsins, verður hann einnig að teljast ábyrgur fyrir því tjóni. Ber þannig að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærðu verði dæmdir in solidum til þess að greiða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 185.467,50 krónur ásamt vöxtum. Þar sem vaxtafótur er eigi tilgreindur í kröfugerð, verða vextir ákveðnir jafnháir vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, svo sem þeir eru ákveðnir á hverjum tíma í auglýsingum Seðlabanka Íslands, sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961.

Staðfesta ber niðurstöðu héraðsdóms um kröfu þá, sem Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins gerði vegna tjóns á bifreið Pálma Einarssonar.

Málskostnaður o.fl.

Ákvörðun héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna á að vera óröskuð. Um annan sakarkostnað í héraði, þar á meðal saksóknarlaun, 40.000,00 krónur, fari svo, að ákærðu allir greiði 1/6 hluta hans in solidum, en 5/6 hluta greiði ákærðu William James og Ingvar Heiðar óskipt.

Ákærðu verða dæmdir til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, þannig að hver þeirra greiði málsvarnarlaun verjanda síns, en af öðrum kostnaði, þar á meðal saksóknarlaunum í ríkissjóð, greiði ákærðu allir óskipt 1/6 hluta en 5/6 hluta greiði ákærðu William James og Ingvar Heiðar in solidum, allt svo sem nánar greinir í dómsorði.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, voru að tilhlutan verjanda ákærða William James, Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns, yfirheyrð ýmis vitni, sem ekki höfðu neitt um sakarefnið að segja, og skiptu skýrslur þeirra engu máli. Var ósk verjandans um vitnaleiðslu þessa tilefnislaus. Að því leyti sem skýrslur vitna þessara eru skráðar í sakadómsbók virðist vera um að ræða frásögn verjandans á efni skýrslnanna, en ekki bókun á svörum vitna að fyrirsögn dómara, svo sem rétt hefði verið.

Dómsorð:

Ákærði William James Scobie sæti fangelsi 5 ár. Frá refsingunni skal draga gæsluvarðhaldsvist hans síðan 25. febrúar 1984 með fullri dagatölu.

Ákærði Ingvar Heiðar Þórðarson sæti fangelsi 2 ár og 6 mánuði. Frá refsingu skal draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 27. febrúar til 28. mars 1984 með fullri dagatölu.

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða Griffith David Scobie og frádrátt gæsluvarðhalds, ef til fullnustu kemur, eiga að vera óröskuð.

Ákærðu greiði allir in solidum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins 185.647,50 krónur ásamt vöxtum af 252.366,00 krónum frá 17. febrúar til 9. maí 1984, af 242.366,00 krónum frá þeim degi til 24. maí og af 185.647,50 krónum frá þeim degi til greiðsludags, og skulu vextir jafnháir vöxtum af almennum sparisjóðsbókum, eins og þeir eru ákveðnir á hverjum tíma. Ákærðu William James og Ingvar Heiðar greiði sama kröfuhafa in solidum 7.133,00 krónur.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu málsvarnarlauna í héraði

skulu vera óröskuð. Af öðrum sakarkostnaði í héraði, þar á meðal málssóknarlaunum í ríkissjóð, 40.000,00 krónum, greiði ákærðu allir in solidum 1/6 hluta, en ákærðu William James og Ingvar Heiðar in solidum 5/6 hluta.

Ákærði William James Scobie greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur,ákærði Ingvar Heiðar Þórðarson málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 35.000,00 krónur, og ákærði Griffith David málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur. Af öðrum áfrýjunarkostnaði, þar á meðal saksóknarlaunum í ríkissjóð, 40.000,00 krónum, greiði ákærðu allir in solidum 1/6 hluta, en ákærðu William James og Ingvar Heiðar in solidum 5/6 hluta.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda um annað en vexti af skaðabótafé, sem ákærðu er gert að greiða Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Tel ég, að í stað kafla þess, er hefst á orðunum: „Ákærðu William James og Ingvar Heiðar stóðu sameiginlega að ráninu ...“ og endar við næstu greinaskil á orðunum: „...sbr. 13. gr. laga nr. 10/1961“, eigi að koma:

Ákærðu William James og Ingvar Heiðar stóðu sameiginlega að ráninu og bera óskipta ábyrgð á tjóni, er af því hlaust. Þegar litið er til afskipta Griffith David af vörslu og meðferð ránsfengsins verður hann einnig að teljast ábyrgur fyrir því tjóni. Ber þannig að staðfesta niðurstöðu sakadóms um skaðabætur úr hendi ákærðu til Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins vegna þess ránsfjár, sem ekki hefur til skila komið, þó þannig, að í stað dómvaxta, sem ekki var krafist, reiknast af bótafé þessu dráttarvextir samkvæmt IV. kafla 2. tl. b) í auglýsingum Seðlabanka Íslands, birtum 21. janúar, 11. maí, 10. ágúst og 28. desember 1984. Verða ákærðu samkvæmt þessu dæmdir til að greiða óskipt 185.647,50 krónur með 19% árs-

vöxtum af 252.366,00 krónum frá 17. febrúar 1984 til 9. maí s.á., af 242.366,00 krónum frá þeim degi til 24. maí s.á., en af 185.647,50 krónum frá þeim degi til 31. desember 1984, og af þeirri fjárhæð með hæstu innlánsvöxtum af sparireikningum með 12 mánaða uppsagnarfresti frá 1. janúar 1985 til greiðsludags.

Dómsorð meiri hluta dómenda tel ég, að ætti að breytast til samræmis við framanritað, en að öðru leyti er ég samþykkur því.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda að öðru leyti en því, er tekur til sakarmats á þætti ákærða Griffith David Scobie í máli þessu og úrlausninni á skaðabótaábyrgð hans.

Ákærði Griffith David flækist í mál þetta af algerri tilviljun, er hann kemst að því, að sonur hans, ákærði William James Scobie, hafði ratað í þá ógæfu að fremja þá glæpi, sem hér er ákært út af. Ég lít svo á, að aðstoð hans við ákærða William James við varðveislu ránfengsins hafi ekki, eins og á stóð, verið brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, heldur varði það athæfi hans við 112. gr., 2. mgr., nefndra laga. Samkvæmt 3. mgr. sömu lagagreinar var það hins vegar refsilaust vegna skyldleika hans við William James.

Á hinn bóginn var hagnýting Griffith David á hluta af ránsfengnum til gjaldeyriskaupa brot gegn 254. gr. almennra hegningarlaga, enda þótt það sé lagt til grundvallar, að hann hafi gert það í þágu sonar síns William James. Þetta fé hefur þegar verið endurgreitt. Ákærði Griffith David hefur með atferli sínu ekki bakað sér frekari skaðabótaskyldu á því tjóni, er af ráninu hlaust, enda átti hann engan þátt í skipulagningu þess eða framkvæmd.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. júní 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 27. júní, var á dómþingi Sakadóms, sem háð var að Borgartúni 7 í Reykjavík, af sakadómurunum Ármanni Kristinssyni, Jóni A. Ólafssyni og Jóni Erlendssyni, kveðinn upp dómur í máli nr. 412-414/1984: Ákæruvaldið gegn William James Scobie, Ingvari Heiðari Þórðarsyni og Griffith David Scobie, sem tekið var til dóms hinn 23. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 27. mars 1984,

gegn ákærðum, ,,1. William James Scobie, Barmahlíð 35, Reykjavík, fæddum 27. apríl 1962 í Reykjavík, 2. Ingvari Heiðari Þórðarsyni, bankastarfsmanni, Heiðvangi 4, Hafnarfirði, fæddum 9. mars 1964 í Kópavogi, og 3. Griffith David Scobie, heildsala, Barmahlíð 35, Reykjavík, fæddum 5. mars 1926 í New York, Bandaríkjum Norður-Ameríku, fyrir eftirgreind hegningarlagabrot:

I. Þjófnaður.

Ákærða William James Scobie einum er gefið að sök að hafa, fimmtudagsnóttina (sic) 16. febrúar 1984, brotist inn í verslunina Vesturröst, Laugavegi 178, Reykjavík, og stolið þar haglabyssu af gerðinni Winchester Model 1400 MK II og einum pakka af haglaskotum nr. 12 í byssuna.

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II. Rán.

Ákærðu William James Scobie og Ingvari Heiðari Þórðarsyni er gefið að sök að hafa í sameiningu og eftir fyrirfram gerðri áætlun staðið að ráni á leigubifreið föstudagskvöldið 17. febrúar 1984, um kl. 19:30, *ákærði Ingvar Heiðar* með því að aka meðákærða William James í nágrenni við Hótel Sögu í Reykjavík, þar sem hinn síðarnefndi yfirgaf bifreiðina klæddur dulargervi og vopnaður hlaðinni haglabyssu, sem hann hafði sagað framan af, sbr. kafla I hér að framan, *og ákærði William James* með því að taka þar leigubifreiðina R-320, setjast í aftursæti hennar og biðja um akstur að Hótel Loftleiðum, en síðan, eftir að komið var langleiðina að Hótel Loftleiðum, að ráðast að bifreiðarstjóranum, Erni Reyni Péturssyni, Kambsvegi 1, Reykjavík, grípa hann hálstaki og jafnframt beina byssunni að höfði hans og hóta að hleypa af henni og neyða þannig bifreiðarstjórann til að aka veg í áttina að Nauthólsvík, yfirgefa bifreiðina þar og afhenda kveikjuláslykil hennar. Ákærði ók síðan á brott á bifreiðinni svo sem hér á eftir verður nánar rakið.

Framanlýst háttsemi beggja ákærðu telst *aðallega* varða við 252. gr. almennra hegningarlaga, en *til vara* telst atferli ákærða William James varða við 233. gr. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 20, 1956, og atferli ákærða Ingvars Heiðars við sömu refsiákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

III. Rán.

Ákærðu William James Scobie og Ingvari Heiðari Þórðarsyni er gefið að sök að hafa í beinu framhaldi af ráni því, sem greinir í II. kafla hér að framan, í sameiningu og eftir fyrirfram gerðri áætlun staðið að ráni á kr. 1.839.134.-, sem tveir af starfsmönnum áfengisverslunarinnar við

Lindargötu í Reykjavík voru að flytja, laust fyrir kl. 20:00, í næturgeymslu Landsbanka Íslands að Laugavegi 77 í Reykjavík, *ákærði William James* með því að aka, í beinu framhaldi af ránsbroti því, sem greinir í II. kafla hér að framan, rakleiðis að Laugavegi 77 og leggja bifreiðinni á bifreiðastæði bak við húsið og bíða þar fyrrgreindra starfsmanna áfengisverslunarinnar og ráðast síðan að öðrum þeirra, Konráði Konráðssyni, Fannborg 3, Kópavogi, þá er hann bjó sig til að setja peningana, sem komið var fyrir í fjórum þar til gerðum töskum og plastpoka, í næturhólfið, og miða á hann hlaðinni haglabyssunni og hafa uppi hótanir um að hleypa af og því til áréttingar að skjóta einu skoti í bifreið þá, sem mennirnir voru á, og slá síðan til Konráðs með byssunni og jafnframt að hleypa af öðru skoti og neyða Konráð til að láta lausan pokann með peningunum, sem ákærði þá greip með sér og ók á brott á bifreiðinni R-320 sem leið liggur að Brautarholti 2, þar sem ákærði yfirgaf bifreiðina og fór yfir í bifreið sem meðákærði Ingvar Heiðar beið þar með, eftir að hafa sótt einn peningapokann, sem ákærði William James hafði misst, að bankanum. Ákærðu óku síðan út á Kársnes í Kópavogi, þar sem þeir losuðu sig við byssuna og skotfærin, og síðan að Barmahlíð 35, þar sem ákærði William James fór úr bifreiðinni og tók með sér pokann með peningunum. Ákærðu skiptu peningunum á þann veg, að ákærði Ingvar Heiðar fékk í sinn hlut kr. 360.000.-.

Framanlýst atferli beggja ákærðu telst varða við 252. gr. almennra hegningarlaga, en hlutur ákærða Ingvars Heiðars *til vara* við sama refsiákvæði, sbr. 1. mgr. 22. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Hilming.

Ákærða Griffith David Scobie er gefið að sök að hafa, eftir að hafa fengið fulla vitneskju um ránsbrotin þegar við komu sonar hans, ákærða William James, að Barmahlíð 35, sbr. kafla III hér að framan, og eftir að hafa séð verðmæti þau, sem aflað var með ránsbrotinu, í fórum ákærða William James veitt atbeina sinn til að fela peningana á heimili sínu og seinna tekið þátt í því að flytja hlut meðákærða Ingvars Heiðars, sbr. kafla III, til Hafnarfjarðar, og loks hagnýtt sér hluta af peningunum til gjaldeyriskaupa eða allt að kr. 30.000.-.

Með framanlýstu athæfi sínu telst ákærði Griffith David Scobie hafa gerst sekur um hilmingu samkvæmt 1. mgr. 254. gr. almennra hegningarlaga.

V. Dómkröfur.

Þess er krafist, að allir ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málsatvik eru svofelld:

Föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan 07:08, var lögregla kvödd að versluninni Vesturröst, Laugavegi 178 hér í borg. Í ljós kom, að brotist hafði verið inn í verslunina, og saknaði eigandi hennar Winchester-haglabyssu og 25 skota pakka.

Ákærður William James Scobie hefur skýlaust játað, að hann hafi aðfaranótt föstudagsins 17. febrúar 1984 á tímabilinu frá kl. 05:00 til 06:00 brotið rúðu í útihurð verslunarinnar með hamri, sem hann var með í fórum sínum, og heimildarlaust og í auðgunarskyni slegið eign sinni á haglabyssu og einn pakka af haglaskotum.

Með eigin játningu ákærðs William James, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi gerst sekur um brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Af hálfu fyrirtækisins hefur verið krafist skaðabóta fyrir byssuna og vegna skemmda á hurð, samtals að fjárhæð kr. 26.443,55. Ákærður William James hefur samþykkt kröfuna, og verður hann dæmdur til greiðslu hennar.

Föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan 19:50, barst lögreglu vitneskja um, að vopnaður maður hefði með ofbeldi tekið leigubifreiðina R-320 af ökumanni í grennd við Hótel Loftleiðir hér í borg og ekið henni á brott. Bifreiðin fannst klukkan 21:30 um kvöldið mannlaus og óskemmd, á bak við húsið Brautarholt 2. Fingrafara var leitað í bifreiðinni og sporhundur fenginn til að rekja hugsanlega slóð frá henni. Ráðstafanir þessar báru ekki árangur.

Þennan sama föstudag, klukkan 19:56, hringdi húsvörðurinn að Laugavegi 77 hér í borg til lögreglu og skýrði frá því, að vopnað rán hefði verið framið þar fyrir utan. Í ljós kom, að teknar höfðu verið krónur 1.839.134,00 af tveim starfsmönnum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Þeir voru á leið með peninga þessa í næturhólf Landsbanka Íslands, sem þarna er til húsa. Við peningatökuna hafði verið beitt haglabyssu, tvö skot hlaupið úr henni, og fannst eitt tæmt skothylki á gangstéttinni fyrir framan bankann.

Miðvikudaginn 22. febrúar 1984 gaf maður að nafni Edward Jóhannes Westlund sig fram við lögreglu og kvað ákærðan William James Scobie hafa verið að spyrjast fyrir um fjármál vínútsölu Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins við Lindargötu.

Nánar hefur vitnið Edward Jóhannes Westlund gjaldkeri, Túngötu 33, Reykjavík, skýrt svo frá hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að það hafi starfað sem afgreiðslumaður við nefnda áfengisútsölu frá 17. ágúst 1982 til 1. september 1983, en frá þeim tíma verið gjaldkeri við Verslunarbanka Íslands h.f., aðalbanka. Þangað hefði ákærður William James komið í

desembermánuði 1983 og boðið vitninu erlendan bjór af Keflavíkurflugvelli, en ekki varð úr viðskiptum. Þeir vitnið höfðu kynnst nokkuð um borð í m.s. Eddu þá um sumarið.

Ákærður William James kom aftur í bankann til vitnisins um miðjan janúarmánuð 1984. Hóf hann þá að inna vitnið í þaula eftir, hvernig flutningi peninga fyrrnefndrar áfengisútsölu væri háttað. Að ósk ákærðs Williams James skýrði vitnið honum frá því, að eftir uppgjör væri farið með innkomna dagsölu í einum eða tveimur hvítum plastpokum í Landsbanka Íslands að Laugavegi 77. Flutninga þá önnuðust tveir eða fleiri starfsmenn og færu þeir á eigin bifreiðum. Ákærður William James vildi einungis vita, um hversu háa fjárhæð væri að ræða á föstudögum. Þá er vitnið kvað það vera 1.3 til 2 milljónir króna, sagði hann: „Vá, ég hélt að þetta væri svona 80-90 þúsund". Ákærður William James bauðst til þess að greiða 20-30 þúsund krónur fyrir upplýsingarnar, en því hafnaði vitnið. Að sögn vitnisins hafði ákærður William James beinlínis á orði, að hann hygðist reyna að ræna peningum vínverslunarinnar, þegar verið væri að fara með þá í bankann. Hann kvaðst vera mjög fjárvana og ræddi í því sambandi eiturlyfjakaup frá Bandaríkjunum.

Vitnið var í boði fyrrum samstarfsmanns í vínbúðinni og konu hans, þegar það frétti um ránið við Landsbankann að kvöldi sama dags og það var framið. Kvaðst vitninu hafa brugðið heiftarlega, orðið hugsað til samtala þeirra ákærðs Wiliams James og sagt gestgjöfum sínum frá þeim. Vitnin Elísabet Kvaran og Helgi Hallgrímsson, Lokastíg 20 A, Reykjavík, hafa staðfest þennan framburð vitnisins Edwards Jóhannesar.

Rannsóknarlögregla ríkisins ákvað að fylgjast með ferðum ákærðs Williams James, og hófst eftirlitið klukkan 22:00 miðvikudaginn 22. febrúar 1984. Ákærður William James ók tvívegis að húsinu Brautarholti 2 og sást á tali við mann nokkurn, „sem þekktur er af fíkniefnamisferli og hefur komið við sögu hjá RLR vegna þjófnaðarmála". Eftirliti lauk næsta dag á Keflavíkurflugvelli, klukkan um 16:00, þar sem ákærður William James var handtekinn ásamt föður sínum, ákærðum Griffith David Scobie, og bróður, Richard Scobie, en þeir voru þá allir á förum með flugvél til Bandaríkjanna. Þeir feðgar, sem eru bandarískir ríkisborgarar, voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald daginn eftir. Richard Scobie var leystur úr haldi hinn 29. sama mánaðar, ákærður Griffith David hinn 1. mars 1984, en ákærður William James sætir enn gæslu.

Ákærður William James var fyrst yfirheyrður af rannsóknarlögreglu hinn 23. febrúar 1984. Neitaði hann þá öllum sakargiftum og kvaðst hafa verið heima hjá foreldrum sínum og bróður á þeim tíma, sem ránið var framið, og staðfestu þau það. Bandaríkjaförin hefði verið ákveðin með 2-3 daga fyrirvara og í því skyni farin að sitja giftingarveislu skyldmennis. Faðir hans

auk þess verið „að hringja til þess að athuga með atvinnu eða „bisnes" fyrir sjálfan sig." Ákærður William James kvaðst hafa fengið fargjaldið að láni og enga íslenska peninga verið með við brottför, en faðir sinn gefið sér 44 dollara um morguninn og það átt að vera allur eyðslueyrir hans í Bandaríkjunum. Hann neitaði að kannast við gjaldkera, sem ynni í Verslunarbanka Íslands.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu þrem dögum síðar hélt ákærður William James fyrst í stað fram sakleysi sínu og vildi ekki kannast við kynni sín af vitninu Edward Jóhannesi Westlund. Eftir röskra tveggja klukkustunda skýrslutöku snéri hann hins vegar við blaði og viðurkenndi, að hann hefði farið í Verslunarbankann á vit vitnisins Edwards Jóhannesar, sem hann hefði kynnst um borð í m.s. Eddu og vissi, að starfað hefði í vínútsölunni við Lindargötu. Ákærður William James spurðist náið fyrir um flutning á peningum verslunarinnar. Vitnið veitti honum vitneskju um, á hvaða tímum og hvernig fjármunirnir væru fluttir, hvar þeir væru lagðir inn og hversu mikil dagsalan væri á föstudögum. Ákærður William James kvaðst hafa imprað á því, að hann hygðist ræna peningunum frá mönnum þeim, sem flyttu þá í bankann. Einnig sagði hann vitninu, að hann ætlaði að kaupa fíkniefni. Það hafi þó ekki verið sannleikanum samkvæmt, en hins vegar hafi fyrir honum vakað að hjálpa fjölskyldu sinni, unnustu og fjölskyldu hennar, sem átt hafi við fjárhagslega örðugleika að etja.

Ákærður William James kvaðst hafa fastráðið að ræna fé vínverslunarinnar við Lindargötu og tekið þá ákvörðun annaðhvort 1. eða 2. febrúar 1984. Til undirbúnings því hafi hann lagt leið sína í sundlaugarnar í Laugardal og á Landakotsspítala og tekið að ófrjálsu á stöðum þessum stígvél, frakka og loðhúfu. Ekki hefur verið ákært sérstaklega fyrir háttsemi þessa.

Ákærður William James sagðist hafa farið í fatnað þennan föstudaginn 10. febrúar 1984, sett inn á sig púða og á ýmsan annan hátt breytt útliti sínu, enda verið „mjög góður í að dulbúast." Beindi hann síðan för sinni að Laugavegi 77 og fylgdist þar með því, þegar starfsmenn vínbúðarinnar við Lindargötu komu með peningana og settu þá í geymsluhólfið, en þá þekkti hann af lýsingu vitnisins Edwards Jóhannesar.

Við vettvangskönnun þessa varð ákærðum William James ljóst, að „ég gat ekki framkvæmt þetta einn með höndunum einum". Af þeim sökum hafi hann næsta sunnudag skýrt meðákærðum Ingvari Heiðari frá áformum sínum, en þeir höfðu starfað og ferðast saman. Ákærður William James staðhæfði, að meðákærðum Ingvari Heiðari hafi þá þegar litist vel á hugmyndir hans og það styrkt hann í að láta verða úr framkvæmdum. Þeir hafi síðan næstu daga rætt rækilega, hvernig verknaðinn skyldi fremja. Meðal annars kom til tals að „stela bíl eða ræna leigubíl" og láta ökumanninn „í skottið." Meðákærður Ingvar Heiðar hefði spurt, hvort bifreiðar-

stjórinn gæti ekki hrópað og fólk þá heyrt til hans, en að öðru leyti hafði hann engar athugasemdir fram að færa við hugrenningar ákærðs Williams James, sem einnig hafði skýrt honum frá því, að hann „ætlaði að brjótast inn í verslun til þess að stela haglabyssu". Ákærður William James fullyrti, að hann hefði boðið meðákærðum Ingvari Heiðari að velja um, hvort hann tæki að fullu þátt í verknaðinum gegn 50% væntanlegs fengs eða hlyti 20% hans fyrir að sjá þeim fyrir bifreið, úlpu og hönskum, annast akstur, sem og hringja á tilteknum tíma í lögreglu og tilkynna um rán í Breiðholti, í því skyni að koma lögregluliðinu á villigötur. Meðákærður Ingvar Heiðar hafi endanlega gert upp hug sinn á fimmtudeginum og valið síðari kostinn.

Ákærður William James kvaðst síðdegis föstudaginn 17. febrúar 1984 hafa fengið léða járnsög hjá grannkonu sinni, Birnu Jóhannsdóttur, og sagað bæði framan og aftan af haglabyssu þeirri, sem hann hafði slegið eign sinni á í versluninni Vesturröst. Þessu næst hefði hann tekið þrjú skot, pússað þau og byssuna vel og hlaðið „magasínið" tveim skotum, en stungið þriðja skotinu í jakkavasa sinn. Áður hefði hann kippt gikklásnum af, en hann neitaði að hafa reynt virkni byssunnar. Hann sagðist hafa vitneskju sína um byssur úr kvikmyndum, hafa lesið um þær í bókum og átt riffil, þegar hann var í Bandaríkjunum, og notað hann til þess að skjóta í mark. Ákærður William James kvað þá meðákærðan Ingvar Heiðar hafa komið sér saman um, að aðeins eitt skot væri látið í byssuna, enda yrði hún einasta notuð til að skjóta á bifreið starfsmanna vínútsölunnar í því skyni að hræða þá til þess að láta peningapokana af hendi. Þeir ræddu það margsinnis sín á milli, að þess yrði vandlega gætt, að enginn slasaðist. Ákærður William James gat hins vegar engar skýringar á því gefið, hvers vegna hann hlóð byssuna tveim skotum.

Eftir að ákærður William James hafði hlaðið byssuna, tók hann til við að dulbúast, meðal annars til að sýnast eldri en hann raunverulega var. Meðákærður Ingvar Heiðar kom síðan þennan sama föstudag, klukkan um 18:15, með muni þá, sem hann átti að sjá um, og ók ákærðum William James úr Unufelli, þar sem hann bjó hjá unnustu sinni, og vestur á Grandagarð, þar sem hann lauk við dulargervi sitt. Hann límdi á sig yfirvara- og hökuskegg, barta og augabrúnir, bjó til ör á hægri kinn, smurði sig lit, setti á sig gleraugu og púða til að sýnast feitur og kom fyrir bómull við tanngarða sína, sem breytti mjög útliti hans og málrómi.

Af Grandagarði var ekið að Háskólabíói, en þaðan gekk ákærður William James að leigubifreiðastaur við Birkimel. Þar var enga bifreið að fá, og fór hann því að Hótel Sögu og sté inn í vinstra aftursæti leigubifreiðarinnar R-320. Hann kvaðst hafa hagað göngulagi sínu með þeim hætti að sýnast innskeifur og lotinn. Hann bað um akstur að Hótel Loftleiðum. Á leiðinni hafi hann verið að hugsa um að hætta við áform sín, en ekki

átt fyrir ökugjaldinu og „sá þá, að ég þurfti að klára þetta verk." Þegar komið var á móts við Bílaleigu Loftleiða, kvaðst ákærður William James hafa tekið upp haglabyssuna, sem hann hafði hulið í tveimur plastpokum, beint henni að hnakka leigubifreiðarstjórans, gripið aftan í hálsmál hans og hótað að skjóta hann, færi hann ekki að fyrirmælum hans. Ákærður William James staðhæfði, að öryggið hefði verið á byssunni. Jafnframt hafi hann skipað bifreiðarstjóranum að slökkva á talstöð og útvarpi og lagt fyrir hann að aka í átt að Nauthólsvík. Eftir að leigubifreiðarstjórinn hafði ekið skamman spöl, skipaði hann honum að nema staðar, rétta sér lyklana og fara út úr bifreiðinni. Ökumaður hlýddi tafarlaust, hljóp í brott frá bifreiðinni í átt að Hótel Loftleiðum, og sinnti í engu kalli um að koma til baka.

Ákærður William James kvaðst síðan hafa sest við stýri bifreiðarinnar og ekið henni sem leið liggur inn á bifreiðastæði á bak við Landsbanka Íslands að Laugavegi 77, og skilið hana þar eftir í gangi. Hann hafi farið upp tröppur vestanvert við bankann, tekið með sér haglabyssuna, beðið skammt frá biðstöð strætisvagna í um 5-10 mínútur eftir starfsmönnum vínútsölunnar og enn dottið í hug að hætta við fyrirætlanir sínar og hlaupa á brott, en þá verið (sic) hugsað til fjölskyldu sinnar, sem var í fjárþörf.

Ákærður William James kvaðst hafa orðið þess áskynja, að bifreið vínútsölunnar var komin á staðinn og samtímis séð mann með hvítan plastpoka við bankahólfið, sem bjó sig undir að opna það. Hann tók þá plastpokann utan af byssunni, hljóp að manninum og kallaði upp, að hann vildi fá peningana í hendur. Ákærður William James tók fram, að hlaup byssunnar hafi beinst upp í loftið og hann aldrei miðað henni á manninn. Til áréttingar orðum sínum kvaðst ákærður William James hafa snúið sér að bifreiðinni og búið sig undir að hleypa af skoti á hana, en þá komist að raun um, að öryggi var á og skot ekki í skotstöðu. Hann tók öryggið af og setti skot í skotstöðu, en til þess þurfti hann að toga í pinna ofan á byssunni. Hann hleypti síðan umsvifalaust skoti í dekk bifreiðarinnar. Á meðan hafði maðurinn með peningana reynt að hlaupa á brott, hann þá slegið til hans með byssunni, maðurinn borið höndina fyrir sig, byssan lent í handlegg hans og við það hafi skot hlaupið úr henni upp í loftið. Ákærður William James sagðist ekki muna, hvort hann hafi haft fingurna á gikknum eða ekki, þá er hann sló til mannsins. Maðurinn hafi hrasað og misst plastpokann og við það hafi peningatöskurnar oltið úr honum. Ákærður William James kvaðst hafa komið þeim aftur fyrir í plastpokanum að einum undanskildum, sem hann hélt á í hendi sér, en glutrað honum niður, þegar hann var að hlaupa um tröppurnar að bifreiðinni.

Frá bankanum ók ákærður William James leigubifreiðinni að Brautarholti 2 og fór með peningapokana og byssuna yfir í bifreið þá, sem með-

ákærður Ingvar Heiðar hafði fengið að láni og lagt þar skammt frá, svo sem um hafði verið talað. Hann hafði fataskipti, tók af sér gervið og þvoði sér með röku handklæði, sem hann hafði haft með sér. Jafnframt hlóð hann byssuna einu skoti, en engar skýringar gat hann á því gefið, í hvaða skyni það var gjört. Meðákærður Ingvar Heiðar kom skömmu síðar. Hann kvaðst hafa farið niður á Laugaveg „til þess að sjá ránið, " fundið peningapoka, tekið hann og falið við verslun í næstu götu. Þangað fóru þeir félagar og sóttu pokann. Síðan var ekið yst út á Kársnes og byssu og skotfærum sökkt í sæ. Loks var haldið að Barmahlíð 35, þangað sem ákærður William James fór með peningana, en meðákærður Ingvar Heiðar hvarf á braut.

Fljótlega eftir að heim kom, kvaðst ákærður William James hafa sagt föður sínum, meðákærðum Griffith David Scobie, hvað gerst hefði, hann brugðist reiður við, en orðið mjög um og sagt syni sínum að setja peningana í skáp frammi á gangi og fara síðan, því að hann hygðist íhuga málið nánar. Skömmu síðar fór hann í Unufell til unnustu sinnar.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 26. febrúar 1984 staðhæfði ákærður William James, að foreldrar hans hefðu báðir verið við opnun peningapokanna, sem höfðu að geyma rösklega 1.400.000 króna í reiðufé og á 400.000 króna í ávísunum. Hann kvaðst hafa brennt ávísanirnar og skolað þeim niður um salerni, en boðið föður sínum að taka af peningunum, svo sem hann þyrfti. Ákærður William James taldi, að faðir sinn hefði tekið 20.000 krónur og skipt í dollara, en fénu síðan verið komið til geymslu inni í eldhússkáp að Barmahlíð 35.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu tveim dögum síðar taldi ákærður William James hins vegar, að þeir feðgar hefðu verið einir, þá er peningapokarnir voru opnaðir.

Fyrir dómi fullyrti ákærður William James, að hann hefði einn talið peningana daginn eftir töku þeirra. Hann vildi ekki draga í efa fjárhæð þá, sem greind væri í ákæru, þótt hann hefði ekki talið peningana nákvæmlega eða orðið var við, að miði eða uppgjör fylgdi þeim. Ákærður William James kvað föður sinn ekki hafa talið peningana, svo að hann vissi til, en hins vegar hefði hann séð þá, eftir að þeir voru teknir úr pokunum. Ákærður William James kannaðist við, að hann hefði boðið föður sínum að nýta fé að vild, en hann ekki þáð. Hins vegar hafi faðir hans fengið 50.000 krónur til kaupa á gjaldeyri fyrir ákærðan William James, þótt enginn gjaldeyrir hafi í hans hendur komið að undanskildum 40 dollurum.

Ákærður William James staðhæfði, að hann hefði greitt meðákærðum Ingvari Heiðari 360.000 krónur, en hann var að agnúast yfir því að fá ekki meira en 20% af fjárhæðinni, svo sem um var samið, þar sem hann hefði hirt peningapokann í tröppum bankans.

Ákærður William James sagði föður sinn hafa ekið sér að Þrekmiðstöð-

inni í Hafnarfirði, þar sem féð var afhent, en tók fram, að faðir hans hafi ekkert vitað um, að hann væri að gjalda meðákærðum Ingvari Heiðari peninga þessa. Samtímis hafi faðir hans ekið honum niður í fjöru í Hafnarfirði, þar sem hann losaði sig við poka þá, sem peningarnir höfðu verið í.

Dulargervi sitt kvaðst ákærður William James að nokkru hafa klippt í sundur og skolað niður um salerni, en að nokkru varpað í öskutunnu við Laugaveg.

Ákærður Ingvar Heiðar Þórðarson var handtekinn hinn 27. febrúar 1984 og samdægurs úrskurðaður í gæsluvarðhald. Hann sat í gæslu til 28. mars 1984.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu skýrði ákærður Ingvar svo frá sama dag og hann var handtekinn, að kunningi hans, meðákærður William James, hefði beðið sig um að koma með bifreið og frakka í Unufell og engar frekari skýringar viljað gefa, en sagst „greiða vel fyrir þessa útvegun." Ákærður Ingvar Heiðar kvaðst hafa orðið við beiðni vinar síns, en brugðið mjög, er hann sá, að hann hafði dulbúist, fest á sig augabrúnir, yfirvaraskegg og hökutopp, verið með gleraugu og ör á kinn og sett á sig loðhúfu, sem náði niður fyrir eyru. Ákærður Ingvar Heiðar spurði, hvort verið væri að koma sér í eitthvert „vesen", en meðákærður William James fullvissaði hann um, að það, „sem framundan væri, myndi ekki skaða neinn." Ekið var að Háskólabíói, þar sem meðákærður William James bað hann að hringja á lögreglu klukkan 19:30 og segjast vera Jón í Kron í Breiðholti og skýra frá því, að einhverjir strákar væru þar að ógna starfsfólki með hnífi, og aka síðan í Bolholt og vera kominn þangað ekki seinna en klukkan 19:50 „það væri lífs-spursmál." Ákærður Ingvar Heiðar lét hjá líða að hringja, en ók í Bolholtið. Hann hvarf úr bifreiðinni um stund og vafraði um nágrennið. Þegar hann kom aftur sat meðákærður William James í bifreiðinni, og var farinn úr dulargervi sínu. Hann vildi ekki ræða, hvað hann hefði haft fyrir stafni, en bað um akstur í Kópavog. Á leiðinni kvaðst ákærður Ingvar Heiðar hafa orðið var við afsagaða haglabyssu í aftursæti bifreiðarinnar, og brugðið mjög. Meðákærður William James hafði orð á, að hann hefði „rænt annaðhvort Landsbankann eða ríkið". Byssunni var varpað í sjó ásamt kassa með skotum í, en meðákærðum William James ekið heim. Næsta þriðjudag hafi hann komið til ákærðs Ingvars Heiðars og fengið honum í hendur 60.000 krónur. Ákærður Ingvar Heiðar staðfesti framburð sinn fyrir dómi sama dag að öðru leyti en því, að hann kvað meðákærðan William James hafa greitt sér 260.000 krónur.

Við síðari yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi breytti ákærður Ingvar Heiðar framburði sínum á þann veg, að hann varð í öllu verulega samhljóða þeim framburði ákærðs Williams James, sem rakinn hefur verið hér að framan. Ákærður Ingvar Heiðar kvað þá hafa margrætt,

hvernig skyldi í einstökum atriðum staðið bæði að töku leigubifreiðarinnar og peningaráninu. Meðákærður William James hefði fullyrt, að starfsmenn vínútsölunnar kæmu með um þrjár milljónir króna til að leggja inn í bankann eftir lokun á föstudögum og „lítið mál" væri að krækja í peninga þessa. Hann bauð ákærðum Ingvari Heiðari helft fengsins, ynnu þeir saman að jöfnu. Ella hlyti hann 20-25%, og átti hann þá einkum að annast þann akstur, sem á þyrfti að halda, og leggja til bifreið í því skyni, og þann kostinn kaus hann sér. Hann hafi verið í fjárþröng og á förum til Svíþjóðar. Ákærðum Ingvari Heiðari var ljóst, að meðákærður William James hafði ákveðið að ógna leigubifreiðarstjóranum með byssu og setja hann í farangursgeymslu bifreiðarinnar. Því kvaðst ákærður Ingvar Heiðar margoft hafa mótmælt og bent á, að bifreiðarstjórinn gæti „jafnvel kafnað," en á það vildi félagi hans ekki fallast. Þá kom til tals, til hvaða ráða skyldi gripið, ef einhver slasaðist af völdum byssunnar. Meðákærður William James fullyrti, að hann væri alvanur að fara með byssur og því engin hætta á slíku. Hann sagðist aðeins hlaða byssuna einu skoti og hleypa því af í hjólbarða bifreiðar starfsmanna til að leggja áherslu á, að um alvöru væri að ræða.

Ákærður Ingvar Heiðar kvaðst föstudaginn 17. febrúar 1984 hafa fengið bifreið að láni hjá kunningja sínum, Magnúsi Bjarnasyni, og komið í henni klukkan um 18:00 til meðákærðs Williams James í Unufell. Hann hafði þá dulbúist, svo sem ákærður Ingvar Heiðar hefði áður lýst, og auk þess verið með eitthvað í munni sér, sem breytti mæli hans og útliti verulega. Um klukkustund síðar var ekið út á Grandagarð. Áður hafði meðákærður William James hlaðið byssuna, en ákærður Ingvar Heiðar kvaðst ekki hafa „áttað sig á hversu mörgum skotum", og komið henni fyrir í tveim innkaupapokum. Á Grandagarði skipti meðákærður William James um föt að nokkru og fór meðal annars í úlpu, sem ákærður Ingvar Heiðar hafði komið með ásamt hönskum, sem hann hafði fest kaup á í samráði við meðákærðan William James. Frá Grandagarði var ekið að Háskólabíói. Meðákærður William James fór þar úr bifreiðinni klukkan um 19:25. Áður hafði hann ámálgað við ákærðan Ingvar Heiðar, að hann færi í símaklefa við Alþingishúsið, hringdi í lögreglu og segði, að verið væri að fremja rán í verslun í Breiðholti, í því skyni að beina lögreglu á þann stað. Ákærður Ingvar Heiðar fór að símaklefanum, en hringdi ekki. Hann ók síðan nokkuð um, þar til hann lagði bifreiðinni í grennd við Brautarholt 2, svo sem um hafði verið talað. Þaðan hljóp hann niður að Landsbankanum til þess „að reyna að stöðva William í því sem þeir félagar voru þá búnir að ákveða". Um leið og ákærður Ingvar Heiðar fór um sund vestan við bankann, kvaðst hann hafa rekið fótinn í peningatösku og „talið að einhver hafi misst töskuna en setti hana ekki í samband við William eða athæfi

þeirra félaga". Ákærður Ingvar Heiðar taldi ekki við hæfi, að peningarnir lægju þarna í reiðuleysi, hljóp því með töskuna upp í Stórholt og fól ,,í ruslahrúgu eða snjóskafli". Að því búnu fór hann aftur að bifreiðinni. Meðákærður William James var þá kominn þangað og hafði tekið af sér dulargervið. Þeir náðu í peningapokann og óku síðan suður í Kópavog, þar sem byssu og skotfærum var fleygt í sjó. Ákærður Ingvar Heiðar kvaðst hafa farið fram á hærri hlutdeild í ránsfénu en 20%, ,,vegna þess að hann fann peningapokann", og hafi meðákærður William James næsta þriðjudag fengið honum í hendur 360.000 krónur. Ákærður Ingvar Heiðar hefur að fullu endurgreitt þá fjárhæð.

Ákærður Griffith David Scobie skýrði frá því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu hinn 23. febrúar 1984, að för þeirra feðga þá um daginn hafi verið heitið til Bandaríkjanna og þeir þar ætlað að sitja brúðkaup náins ættingja. Hann kvaðst hafa greitt fargjöld fyrir þá alla, að nokkru með víxli. Einnig keypt 1.000 dollara í banka með reiðufé, en þeim gjaldeyri ekki verið skipt þeirra á milli. Hann vissi ekki til þess, að meðákærður William James ætti eða væri með nokkurn gjaldeyri, en hafi svo verið, þá væri aðeins um nokkra dollara að ræða. Hann kvað þennan son sinn hafa verið heima í Barmahlíð föstudaginn 17. febrúar 1984, sennilega frá klukkan 19:00 til 19:30 og fram til klukkan 21:00 til 21:30, en þá hafi unnusta hans komið og sótt hann. Við yfirheyrslu í dómi hinn 24. febrúar 1984 neitaði ákærður Griffith David öllum sakargiftum.

Við skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu fjórum dögum síðar kvað ákærður Griffith David son sinn, meðákærðan William James, hafa skýrt sér frá því að kvöldi föstudagsins 17. sama mánaðar, að hann hefði rænt peningum og notað byssu við ránið. Ákærður Griffith David sagðist hafa skipað honum á brott með féð, þar sem hann vildi ekki ,,hafa neitt svona" í sinni íbúð. Þegar meðákærður William James taldi tormerki á því, sagði hann honum að láta peningana í skáp í anddyri hússins að Barmahlíð 35. Síðar í yfirheyrslunni er eftirfarandi skráð eftir ákærðum Griffith David: ,,Mig minnir að það hafi verið á þriðjudeginum sem William kom og vildi fá peningana. Ég lét hann hafa töskuna með peningapokunum í og tók hann þá peningana úr pokunum og lét mig fá þá. Ég lét peningana ofan í silfurlitaðan kassa, en þetta voru allt fimmhundruðkróna seðlar, lét dagblað ofaná, límdi síðan yfir lokið. Kassann setti ég síðan inn í skáp undir eldhúsborði. William tók allar ávísanir og fór með þær fram í baðherbergi þar sem hann kveikti í þeim og skolaði síðan öskunni niður um klósetið". Ákærður Griffith David sagðist að beiðni meðákærðs William James hafa ekið honum að líkamsræktarstöð í Hafnarfirði og hinkrað þar við eftir honum í um 20 mínútur. Ákærður Griffith David kvaðst hafa ,,tekið af þessum peningum" jafnvirði 1000 Bandaríkjadala og nýtt til gjaldeyris-

kaupa í banka „og kr. 20.000 notaði ég til kaupa á gjaldeyri fyrir William".

Ákærður Griffith David fékk rannsóknarlögreglu samdægurs í hendur 1.645 Bandaríkjadali.

Við yfirheyrslu fyrir dómi hinn 15. júní 1984 kvað ákærður Griffith David rétt vera, að hann hefði aðstoðað son sinn, meðákærðan William James, við að koma peningunum fyrir á heimili þeirra eða sagt honum að fleygja þeim inn í skáp, þar sem þeir hefðu legið í nokkra daga. Ákærður Griffith David neitaði því, að hann hefði vísvitandi flutt hluta af fénu í Hafnarfjörð til meðákærðs Ingvars Heiðars. Síðan er eftirfarandi bókað eftir ákærðum Griffith David á dómþinginu: „Ákærður kveðst hafa tekið við samtals 50.000 krónum íslenskum og keypt fyrir þá fjárhæð dollara, sem ætlaðir voru William James, syni hans. Ekki hafi hann þó látið son sinn fá peningana í hendur, þar sem hann taldi öruggara að hann hefði þá í eigin vörslu, sem og gæti hann betur gert grein fyrir þeim, yrðu þeir handteknir, en William James hafi verið atvinnulaus þá að undanförnu. Skipaður verjandi ákærðs óskar eftir að hann verði spurður um tilgang fararinnar til Bandaríkjanna. Ákærður svarar því til, að það hafi fyrst og fremst verið til að koma William James úr landi og brúðkaupið notað sem skálkaskjól. Ákærður kveðst eiga fjölskyldu í Bandaríkjunum, og William James væri bandarískur ríkisborgari. Ákærður kveðst af viðbrögðum hér hafa talið, að William James fengi þungan dóm og vopnuð lögregla gæti, hvenær sem væri handtekið hann og hann við það hlotið meiðsl og jafnvel dauða. Aðspurður af saksóknara segir ákærður, að William James hafi ekki verið kunnugt um þessar ráðagerðir. Ákærður segist hafa ætlað að skila fénu til réttra aðila, nafnlaust, ef ráðagerðir hans hefðu tekist."

Vitnið Örn Reynir Pétursson leigubifreiðarstjóri, Kambsvegi 1, Reykjavík, kveðst hafa setið í leigubifreiðinni R-320 fyrir framan Hótel Sögu föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan um 19:30, þegar maður nokkur með sérkennilegt göngulag og plastpoka í hendi kom í átt frá Birkimel og settist í aftursæti bifreiðarinnar. Maðurinn var klæddur hálfsíðri úlpu, með prjónahúfu á höfði og bar dökkt yfirvaraskegg og hökutopp. Hann bað um akstur að Hótel Loftleiðum og kvaðst vera að flýta sér. Á móts við Slökkvistöðina hefði maðurinn skyndilega gripið með vinstri handlegg fram fyrir háls vitnisins og það um leið fundið, að eitthvað hart þrýstist að hnakka þess, rétt aftan við hægra eyra. Jafnframt fullyrti maðurinn, að hann væri með hlaðna haglabyssu og hótaði að skjóta vitnið, færi það ekki að fyrirmælum hans. Maðurinn skipaði vitninu að slökkva á útvarpi og talstöð bifreiðarinnar og aka út á afleggjara skammt frá Nauthólsvík. Þar bauð maðurinn vitninu að drepa á vél bifreiðarinnar, fá sér kveikjuláslyklana og fara út úr bifreiðinni. Vitnið sagðist hafa hlýtt, en um leið gripið tækifærið og tekið til fótanna út í myrkrið, áleiðis upp Öskjuhlíðina þar

sem skýlt var af trjágróðri. Maðurinn kallaði eitthvað á eftir vitninu, en það nam ekki orðaskil. Vitnið sá manninn aka á brott í leigubifreiðinni. Það hraðaði sér sem mest það mátti að Hótel Loftleiðum og kom boðum til bifreiðastöðvar sinnar. Vitnið kvaðst hafa tekið drápshótanir mannsins, sem hann margsinnis endurtók, af fyllstu alvöru, dottið í hug, að hann væri andlega sjúkur, og að vitninu hvarflað að kasta sér út úr bifreiðinni á leiðinni, en maðurinn stöðugt haldið byssunni að hnakka þess og sagst vera með fingurna á gikknum.

Vitnið Örn Reynir hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærðs Williams James Scobie að fjárhæð krónur 6.825,00. Hann samþykkti kröfuna og verður dæmdur til að greiða hana.

Vitnið Guðjón Guðjónsson leigubifreiðarstjóri og verkstjóri, Heiðvangi 66, Hafnarfirði, sat í bifreið sinni við Hótel Sögu næst við leigubifreiðina R-320, umræddan föstudag, klukkan um 19:30 til 19:40. Vitnið veitti athygli manni nokkrum, sem kom gangandi í átt frá bensínstöð við Birkimel. Maðurinn var í síðri úlpu, skeggjaður og stakk við í gangi. Hann var með einhvern hlut undir hægri hendi, sem færður var í tvo plastpoka, hvorn á móti öðrum. Maðurinn settist í aftursæti leigubifreiðarinnar R-320 beint fyrir aftan ökumann, og var leigubifreiðinni brátt ekið á brott.

Vitnið Ólafur Pétur Sveinsson leigubifreiðarstjóri, Laufbrekku 21, Kópavogi, sat sama föstudag, rétt fyrir klukkan 20:00, í bifreið sinni á Hlemmtorgi. Vitnið staðhæfði, að það hafi þá séð leigubifreiðinni R-320 ekið ljóslausri austur Hverfisgötu, en örfáum mínútum síðar var spurst fyrir um bifreiðina í talstöð Hreyfils.

Vitnið Olgeir Sigurðsson leigubifreiðarstjóri, Kóngsbakka 12, Reykjavík,ók á sama tíma austur Laugaveg. Á móts við hús nr. 136 við götuna var leigubifreiðinni R-320 ekið vinstra megin fram með bifreið vitnisins og svo nærri, að mjög litlu mátti muna, að árekstur yrði. Leigubifreiðinni var síðan sveigt suður Mjölnisholt, og var hún nær oltin í beygjunni, slíkur var hraði hennar.

Vitnið Hjálmar Axelsson leigubifreiðarstjóri, Flúðaseli 8, Reykjavík, hóf leit að leigubifreiðinni R-320, eftir að það heyrði lýst eftir henni í talstöð bifreiðar sinnar. Vitnið ók um sund við húsið Brautarholt 2, fann bifreiðina þar mannlausa inni í porti og lét þegar vita um fundinn.

Vitnið Konráð Konráðsson afgreiðslumaður, Fannborg 3, Kópavogi, fór föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan um 19:50 til 19:55, ásamt vitninu Pálma Einarssyni með dagsölu vínútsölunnar við Lindargötu, þar sem þeir unnu báðir. Venjan var sú, að tveir starfsmenn flyttu peningana í næturhólf Landsbankans að Laugavegi 77. Þeim var komið fyrir í fjórum læstum töskum, sem stungið var í plastpoka. Í sama mund og vitnið hafði lagt plastpokann frá sér við næturhólfið og bjó sig undir að opna það, kom

maður hlaupandi, stöðvaði í um 3-4 metra fjarlægð og skipaði vitninu að láta peningana lausa. Maðurinn var með málaðan hökutopp og yfirvaraskegg. Hann hélt á einhverjum hlut, sem líktist byssu, en miðaði honum ekki beinlínis á vitnið. Hann skaut þessu næst tafarlaust og án nokkurs hiks í hægra frambretti og hjólbarða bifreiðar þeirra félaga. Vitnið sá hann ekki hreyfa við nokkrum takka ofan á byssunni,áður en hann skaut. Vitnið greip plastpokann með vinstri hendi og hljóp tvö eða þrjú skref til austurs. Þá varð það þess vart, að maðurinn hafði reitt byssuna til höggs og bar því hægri hönd fyrir höfuð sér. Engum togum skipti, að byssan skall á hægri framhandlegg vitnisins, framan við olnboga, og samtímis hljóp skot úr byssunni. Vitnið hrasaði við og missti jafnframt tak sitt á plastpokanum. Vitnið komst einhvern veginn á bak við tvær samstæðar súlur, sem þarna eru, og sá þaðan út undan sér að maðurinn tók eina peningatöskuna og setti í plastpokann, en hljóp síðan í vesturátt. Vitninu fannst atburðarrásin öll hafa staðið innan við mínútu.

Vitnið Pálmi Einarsson aðstoðarverslunarstjóri, Dvergabakka 30, Reykjavík, ók með peningana greint sinn í Volkswagen bifreið sinni, R-50393, og nam staðar á gangstéttinni beint framundan næturhólfi bankans. Vitnið sté ekki út úr bifreiðinni, en frá ökumannssæti vinstra megin fylgdist það með félaga sínum Konráði Konráðssyni ganga að næturhólfinu með peningana. Í sömu andrá varð vitnið vart við mann nokkurn, sem var með eitthvað í höndunum. Hann yrti á Konráð, en vitnið heyrði ekki, hvað hann sagði. Maðurinn snéri sér þessu næst mjög snöggt að bifreiðinni, og samtímis sá vitnið glampa og heyrði háværan hvell, eins og skoti væri hleypt af byssu. Vitninu virtist Konráð ætla að taka á rás með pokann, en maðurinn hóf byssuna til höggs og sló til hans, og sá vitnið þá annan blossa og heyrði skothvell á ný. Þessu næst tók vitnið eftir Konráði á handahlaupum (sic) í átt frá manninum, sem þá var eitthvað að bjástra við plastpokann, en skokkaði síðan niður sundið, vestan við bankann. Í ljós kom, að skotið hafði verið í hægra frambretti og hjólbarða bifreiðar vitnisins.

Vitnið Sólveig Steinþórsdóttir sjúkraþjálfanemi, Miðhúsum, Innri-Akraneshreppi, Borgarfjarðarsýslu, átti leið fram með Landsbankanum við Laugaveg 77, Reykjavík, föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan um 19:50. Vitnið veitti athygli feitlögnum og hávöxnum manni, sem stóð við suðvesturhorn bankans. Maðurinn horfði í átt að gatnamótum Laugavegar og Barónsstígs, og hafði vitnið á tilfinningunni, að hann væri að bíða eftir einhverjum, sem væntanlegur væri úr þeirri átt. Maður þessi var með vanga- og yfirskegg. Rauð rák, lík öri, var á hægri kinn hans.

Vitnið Brynjólfur Ólason nemandi, Bugðutanga 15, Mosfellssveit, ók laust fyrir klukkan 20:00 þetta sama kvöld vestur Laugaveg. Vitnið heyrði

skothvell og sá tvo menn við bankann. Annar þeirra var með byssu. Fyrir framan bankann stóð Volkswagen bifreið.

Vitnið Kristinn Ólason bankamaður, Bugðutanga 15, Mosfellssveit, var farþegi í bifreið Brynjólfs bróður síns. Vitnið heyrði greinilegan skothvell og kom auga á mennina, byssuna og bifreiðina. Vitnið hugði, að verið væri að taka kvikmynd og veitti því, sem fram fór, ekki frekari athygli.

Vitnið Sigurður Tómas Magnússon laganemi, Grafarbakka 2, Hrunamannahreppi, Árnessýslu, ók þetta kvöld, klukkan um 19:45, vestur Laugaveg. Rétt áður en vitnið kom að mótum Barónsstígs og Laugavegar, heyrði það hvell, sem það taldi vera skothvell. Þegar vitnið var að aka yfir gatnamótin, festi það sjónir á tvo menn, sem virtust vera í einhverjum stimpingum. Skömmu síðar reið af annað skot, og sá vitnið þá, að annar mannanna var með einhvers konar hólk í höndunum.

Vitnið Edda Snorradóttir skrifstofumaður, Laugavegi 82, Reykjavík, var á heimili sínu, sem er hornhús, skáhalt á móti bankanum. Vitnið heyrði tvo hvelli og sá síðan mann hlaupa niður með bankanum vestanverðum. Hann virtist innskeifur á hlaupunum. Maðurinn var með eitthvert skaft, sem vitnið hugði vera riffil. Vitninu varð að orði við dóttur sína: „Ég held það sé bara bófahasar." Volkswagen bifreið stóð á sama tíma beint fram undan næturhólfi bankans.

Vitnið Jón Sigurðsson bifvélavirki, Stakkholti 3, Reykjavík, var að hreinsa snjó af bifreið sinni við gatnamót Stórholts og Þverholts föstudag þennan, klukkan um 20:15. Vitnið kom þá auga á mann nokkurn með yfirvaraskegg og teiknaðan hökutopp, sem virtist koma úr Brautarholti. Göngulag mannsins var sérkennilegt, hann stakk við, eins og hægri fótur hans væri styttri. Vitninu fannst maðurinn vera í uppnámi. Hann staldraði við, á meðan unglingar gengu yfir Stórholt, en hvarf síðan sjónum vitnisins suður Þverholt.

Vitnið Birna Jóhannsdóttir húsmóðir, Unufelli 22, Reykjavík, staðfesti, að það hefði lánað ákærðum William James járnsög. Vitnið taldi, að þetta hefði átt sér stað miðvikudaginn 15. febrúar 1984 og hann skilað söginni samdægurs.

Vitnið Magnús Bjarnason skrifstofumaður, Heiðvangi 8, Hafnarfirði, staðfesti, að það hefði lánað kunningja sínum, ákærðum Ingvari Heiðari, bifreið sína föstudaginn 17. febrúar 1984, klukkan um 17:00. Hann skilaði bifreiðinni aftur klukkan um 21:30 sama kvöld. Ákærður Ingvar Heiðar bar því við, að hann þyrfti til Keflavíkur á vit kunningja síns, en nánar var ekki um það rætt.

Vitnið Inga Birna Steinarsdóttir bankastarfsmaður, Holtsbúð 52, Garðakaupstað, kvað vin sinn, ákærðan Ingvar Heiðar, hafa fengið því í hendur

36.000 krónur, annaðhvort mánudaginn 20. eða þriðjudaginn 21. febrúar 1984. Daginn eftir keypti vitnið að beiðni hans erlenda mynt, sem var jafnvirði röskra 28.000 íslenskra króna, og þáði mismuninn sem gjöf frá honum. Ákærður Ingvar Heiðar hafði áður imprað á því, að hann væri á förum af landi brott. Hann lét vitninu í té ákveðið heimilisfang í Svíþjóð, en þangað skyldi erlenda fjárhæðin send.

Vitnið Einar Ólafsson, útsölustjóri Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins við Lindargötu, til heimilis að Borgarholtsbraut 51, Kópavogi, kvað reikningsskil dagsölu fara þannig fram, að talið væri úr hverjum kassa fyrir sig og fjárhæðin borin saman við „útsláttartölu" í kassanum. Síðan létu starfsmenn í samvinnu heildarfjárhæð dagsölu í peningum og ávísunum í þar til gerðar bankatöskur og þeim læst. Jafnframt væri í eina töskuna settur miði í þríriti, sem sýndi heildarfjárhæðina. Bankatöskunum væri komið fyrir í ógagnsæjum plastpoka og þær þannig fluttar í Landsbankann við Laugaveg 77. Ekki væri farið með peningana í bankann á ákveðnum tíma dag hvern, slíkt færi meðal annars eftir því, hversu langan tíma talningin tæki, en greint sinn hafði verið farið með féð óvenju snemma. Vitnið kvað fjárhæð þá, sem í töskunum var, vera fengna úr bókhaldi útsölunnar, sem fært væri eftir kassakvittununum, sem og skiptinguna á milli seðla og ávísana. Vitnið vissi ekki, hverjir væru útgefendur þeirra ávísana, sem ekki fengust endurgreiddar.

Vitnið Jón Kjartansson, forstjóri Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, til heimilis að Háteigsvegi 44, Reykjavík, kvað almennar reglur um flutning á fjármunum fyrirtækisins í banka ekki hafa verið í gildi á umræddum tíma. Vitnið hafði þó skipað svo fyrir, að tveir menn hið minnsta önnuðust ætíð flutningana, en að öðru leyti heyrðu þeir til starfssviðs útsölustjóra á hverjum stað.

Við könnun og köfun í Kópavör fannst afsagaða haglabyssan og tíu heil haglaskot. Í ljós kom, að tæmt skothylki var í skotstæði og í „magasíni" eitt heilt skot. Rannsóknarlögregla ríkisins reyndi virkni byssunnar. Meðal annars var henni „slegið í og á tréspjald á grjóti, bæði slegið ofan á kælilista (sem er ofan á hlaupi) og slegið niður þannig að hlaup snéri upp." Skot hljóp ekki úr byssunni við höggin, þótt gikkur væri spenntur. Sagaðir höfðu verið 43 cm framan af hlaupi byssunnar og 21 cm aftan af skefti hennar.

Vitnið Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumaður, Bjarnastaðarvör 3, Álftanesi, fullyrti, að taka þyrfti í gikkinn hverju sinni til að hleypa af skoti úr byssunni. Vitnið taldi útilokað, að skot gæti hlaupið úr henni við högg eða annað hnjask.

Vitnið Högni Einarsson rannsóknarlögreglumaður, Stórateigi 12, Mos-

fellssveit, kvað skot ekki geta hlaupið úr byssunni, án þess að tekið væri í gikkinn, nema því aðeins að hún væri biluð.

Vitnið Hafsteinn Pálsson húsasmiður, Kambaseli 85, Reykjavík, sagðist hafa átt umræddda haglabyssu frá árinu 1978. Vitnið kvað byssuna ekki hafa verið kvika, hún ekki misst úr sér skot, nema tekið væri í gikkinn. Vitnið hafði ekki trú á því, að skot hlypi úr byssunni, þótt hún, hlaðin og uppspennt, yrði fyrir hnjaski, svo sem rekin í líkama manns.

Leit fór fram í húsakynnum ákærðra Williams James og Griffith David Scobie að Barmahlíð 35, fyrst hinn 24., síðan hinn 26. og loks hinn 27. febrúar 1984. Fjármunir Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins fundust þar ekki. Hinn 27. sama mánaðar var tvívegis gerð leit í húsinu Grenimel 27. Við síðari leitina fannst í geymsluherbergi á rishæð vandlega lokaður pappakassi, sveipaður plastpoka og handklæði. Hann reyndist hafa að geyma 950.000 krónur í seðlum.

Vitnið Ásta Guðbjörg Hansen Scobie húsmóðir, Barmahlíð 35, Reykjavík, skýrði frá því, að það hafi fundið mikið magn peningaseðla í kassa inni í eldhússkáp á heimili sínu. Var þetta eftir að eiginmaður vitnisins og sonur, ákærðir Griffith David og William James, voru lagðir af stað til Bandaríkjanna. Vitninu kvaðst hafa orðið mjög um fund þennan (sic) og síðar grunað, að um ránsfé væri að véla. Í huga vitnisins hafi verið að koma peningunum til réttra eigenda og því hafi það án þess að telja þá komið þeim fyrir í pappakassa, límt kassann aftur og fundið honum stað í geymsluherbergi að Grenimel 27, þar sem dóttir þess hafi verið til húsa.

Vitnin Bjarni Jóhann Bogason rannsóknarlögreglumaður, Engihjalla 3, Kópavogi, Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Stórateigi 20, Mosfellssveit, Eggert Norðdahl Bjarnason rannsóknarlögreglumaður, Hverfisgötu 90, Reykjavík, Gísli Pálsson rannsóknarlögreglumaður, Eyjabakka 6, Reykjavík, Guðmundur Guðbergsson lögregluvarðstjóri, Svalbarða 6, Hafnarfirði, Guðmundur Halldór Jónsson rannsóknarlögreglumaður, Fögrukinn 24, Hafnarfirði, Gunnleifur Kjartansson rannsóknarlögreglumaður, Þverbrekku 4, Kópavogi, Hörður Jóhannesson rannsóknarlögreglumaður, Hofteigi 12, Reykjavík, Ívar Pétur Hannesson, lögreglufulltrúi rannsóknarlögreglu, Otrateigi 48, Reykjavík, Njörður Snæhólm, yfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglu, Mánabraut 13, Kópavogi, Ragnar Vignir, aðstoðaryfirlögregluþjónn rannsóknarlögreglu, Giljalandi 4, Reykjavík, Rúdólf Axelsson lögregluvarðstjóri, Hellulandi 11, Reykjavík, Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, Yrsufelli 40, Reykjavík, Steinn Jakob Ólason lögregluþjónn, Hraunbæ 66, Reykjavík, og Svanur Elísson lögregluþjónn, Lundarbrekku 2, Kópavogi, komu fyrir dóm og staðfestu lögreglugögn sín í málinu.

Hannes Pétursson, yfirlæknir geðdeildar Borgarspítala, kannaði andlega heilbrigði ákærðs Williams James. Í skýrslu yfirlæknisins um rannsókn segir meðal annars: „Þrátt fyrir það að William kveðst hafa verið hamingjusamur sem barn, mun hann hafa verið fremur einrænn og átti fáa nána vini. Honum hætti stundum til þess að eyða tímanum í dagdrauma, var strítt í skólanum, áhrifagjarn og stundum dálítið spenntur. Fjölskylda hans mun vera kaþólsk og hann alinn upp við nokkurn aga og hefur alla tíð borið óttablandna virðingu fyrir föður sínum. Í upphafi unglingsára fór að bera á minniháttar atferlistruflunum.

Fjölskylda Williams fluttist oft búferlum vegna atvinnuleitar föðurins og skólaganga Williams í Bandaríkjunum varð slitrótt, og hann náði fremur lélegum námsárangri. Hafði meiri áhuga á fótbolta, mótorhjólum og hnefaleik og dreymdi gjarnan um það að verða leikari, lögreglumaður eða meðlimur í sérsveitum bandaríska landgönguliðsins.

Að skólanámi loknu hefur William stundað nokkra atvinnu, þó stopult. Hefur yfirleitt unnið í veitingahúsum, en eftir komu hingað til lands hefur hann unnið um skamman tíma hjá Eimskip, í Glæsibæ, sem dyravörður í veitingahúsi og í Veitingahöllinni. Hættir oftast vinnu vegna þess að honum hefur leiðst, eða líkar ekki við yfirmann, „labba bara út, en segi aldrei að ég sé hættur". Kveðst lengst hafa verið samfellt við atvinnu í tvö ár. William flutti með fjölskyldu sinni hingað til lands sumarið 1982, en hefur gengið mjög illa að festa hér rætur, meðal annars í atvinnu, „hef aldrei staðið á eigin fótum".

Síðastliðið eitt og hálft ár mun William hafa fundið fyrir vaxandi leiðindum, kvíða og jafnvel þunglyndi. Fjölskylda hans mun hafa átt í verulegum fjárhagsörðugleikum, þar eð viðskipti föðurins gengu ekki eins og til var ætlast. Sömuleiðis mun tilvonandi tengdamóðir hans einnig hafa verið í fjárhagsvanda. Á þessum tíma sótti William tvívegis um það að komast að í lögreglunni í Reykjavík og bauðst einu sinni til þess að vinna fyrir fíkniefnadeild lögreglunnar við „undercover" störf. Trúði jafnvel unnustu sinni fyrir því að hann væri kominn í starf fyrir fíkniefnalögregluna og þóttist fara til vinnu á morgnana, því „allt sem ég heyrði voru peningakvartanir". William mun ætíð hafa reynt að sýnast betri og meiri en hann er, sérstaklega við systkini sín, „alltaf viljað verða eitthvað sérstakt í augum foreldra minna".

Ályktunarorð skýrslunnar eru svofelld: „Að mínu áliti er William James Scobie ekki haldinn formlegri geðveiki, meiriháttar taugaveiklun eða greindarskorti. Hins vegar tel ég, að William sýni merki um vægar persónuleikatruflanir, sem meðal annars hafi komið fram í atferlistruflunum á unglingsárum og síðar rótleysi og lélegri skóla- og atvinnusókn. Ennfremur hefur örlað á skapgerðarbrestum, einkum eftir að William fór að neyta

sterkra áfengra drykkja, og hefur hann tvívegis áður lent í útistöðum við lögin hér á landi. Ef til vill má rekja hluta þessara persónuleikatruflana til lélegra uppeldisskilyrða í bernsku og á unglingsárum.

Svo virðist sem tilfinningalíf Williams sé yfirborðskennt, sjálfmiðað og fremur illa þroskað, og ennfremur að hann hafi átt við talsverða aðlögunarerfiðleika að etja, þannig að meira hafi borið á framangreindum vandamálum eftir komu hans hingað til lands sumarið 1982. Með hliðsjón af þessu er hugsanlegt, að fremur barnalegar og draumórakenndar hvatir kunni að hafa haft áhrif á aðdragandann að því atviki, sem William er kærður fyrir. Þrátt fyrir þetta tel ég, að raunveruleikamat og dómgreind Williams James Scobie sé innan eðlilegra marka og hann teljist því fyllilega sakhæfur."

Vitnið Hannes Pétursson yfirlæknir, Kjarrvegi 2, Reykjavík, staðfesti skýrslu sína fyrir dómi. Vitnið taldi ákærðan William James ekki hættulegan ofbeldismann, en háttsemi sú, sem hann væri sakaður um, yrði ekki rakin til formlegrar geðveiki, enda hafi ekki verið að finna hjá honum geðveiki á því stigi, að það hafi truflað raunveruleikamat hans.

Vitnið Sigurgísli Skúlason sálfræðingur, Álftamýri 34, Reykjavík, lagði sálfræðipróf fyrir ákærðan William James. Ályktun vitnisins, sem það staðfesti fyrir dómi, er þannig: „Samkvæmt þessum niðurstöðum, þá virðist Scobie vera bráðlyndur og hvatvís. Hann þolir illa hömlur, þ.e.a.s. reiðist við minnstu áreitni eða mótlæti. Tengsl eða sambönd við annað fólk eru oft yfirborðsleg. Áhugi á því sem hann tekur sér fyrir hendur getur verið mikill en oftast skammvinnur. Ego styrkur eða persónustyrkur er hár, þ.e.a.s. sjálfsmat er hátt. Þunglyndi og sektarkennd virðast ekki vera fyrir hendi. Engin taugaveiklun.

Samkvæmt niðurstöðum MMPI prófsins telst því Scobie hvorki haldinn taugaveiklun né geðveiki."

Að kröfu Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda ákærðs Williams James, komu fyrir dóm sem vitni Bryndís Margrét Friðþjófsdóttir verslunarmaður, Unufelli 20, Reykjavík, Friðfinnur Friðfinnsson fangavörður, Leitargróf 15, Reykjavík, Guðmundur Ingólfur Gestsson verslunarmaður, Fjölnisvegi 6, Reykjavík, Páll Briem Magnússon húsasmiður, Lundarbrekku 10, Kópavogi, Ragnar Magnús Hauksson fangavörður, Fífuseli 12, Reykjavík, Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, Yrsufelli 40, Reykjavík, Sverrir Wilhelm Bernhöft framkvæmdastjóri, Safamýri 67, Reykjavík, Sæmundur Pálsson lögregluvarðstjóri, Sörlaskjóli 46, Reykjavík, og Þórunn Kristinsdóttir kennari, Stelkshólum 12, Reykjavík. Vitnin lýstu góðum kynnum sínum af ákærðum William James, en vætti þeirra verða ekki rakin frekar, þar sem þau fjalla ekki beinlínis um atvik máls þessa.

Með skýlausri játningu ákærðs Williams James, eigin framburði ákærðs Ingvars Heiðars og með hliðsjón af öðrum þeim gögnum, sem rakin hafa verið hér að framan, verður talið sannað, að þeir hafi sammælst um að svipta, með hótunum og ofríki Örn Reyni Pétursson umráðum leigubifreiðarinnar R-320 greint sinn og nota hana síðan til aksturs í eigin þágu. Varðar háttsemi þeirra við 233. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1956. Eins og ákæru er háttað, verður gætt 1. mgr. 22. gr. hegningarlaga að því er ákærðan Ingvar Heiðar varðar.

Á sama hátt verður og talið, að lögfull sönnun sé fram komin fyrir því, að ákærðir William James og Ingvar Heiðar hafi sammælst um að slá nefndan dag með ofríki og í auðgunarskyni eign sinni á krónur 1.839.134, svo sem að framan er lýst. Varðar þessi háttsemi þeirra við 252. gr. almennra hegningarlaga.

Með eigin játningu ákærðs Griffith David, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að hann hafi aðstoðað við geymslu fyrrnefnds fjár og keypt gjaldeyri fyrir hluta þess, enda þótt honum væri kunnugt um, á hvern hátt peninganna var aflað. Hins vegar verður ekki talið sannað, að hann hafi vísvitandi tekið þátt í að flytja hluta fjárhæðarinnar til Hafnarfjarðar. Brot ákærðs Griffith David varðar við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærður William James var hinn 30. desember 1983 dæmdur til að sæta skilorðsbundnu varðhaldi í 2 mánuði fyrir brot gegn 233. og 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1981. Hann hefur rofið skilorð dómsins, og kemur sakarefnið því að nýju til úrlausnar í máli þessu. Að öðru leyti hefur ákærður William James ekki áður gerst sekur um refsiverða hegðun.

Ákærður William James notaði skotvopn við framningu brots og skaut af ásettu ráði á bifreið, sem maður sat í. Honum var fulljóst, að verulegir fjármunir voru í húfi. Hann hafði vandlega undirbúið verk sitt og fengið annan mann til liðsinnis við sig. Samkvæmt 1., 3. og 6. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga verður höfð hliðsjón af atriðum þessum við ákvörðun refsingar hans. Með vísan til þessa og annarra þeirra atriða, sem rakin hafa verið hér að framan, telst refsing ákærðs Williams James hæfilega ákveðin fangelsi 5 ár. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga frá refsingu þessari gæsluvarðhald hans frá 25. febrúar 1984 með fullri dagatölu.

Samkvæmt sakaskrá ríkisins hefur ákærður Ingvar Heiðar hvorki sætt kærum né refsingu. Hann sammæltist öðrum um töku mikilla fjárverðmæta og vissi, að byssu skyldi nota við framkvæmd verks. Við ákvörðun refsingar hans verður því höfð hliðsjón af 1. og 3. tl. 1. mgr. og 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn verður til þess litið, að hann

hefur ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi og að fullu endurgreitt fjárhagslegan hagnað sinn af brotinu, sbr. 8. tl. 1. mgr. 74. gr. sömu laga. Með vísan til þessa og annarra þeirra atriða, sem rakin hafa verið hér að framan, telst refsing ákærðs Ingvars Heiðars hæfilega ákveðin fangelsi 18 mánuðir. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga ber frá þeirri refsingu að draga gæsluvarðhald hans frá 27. febrúar til 28. mars 1984 með fullri dagatölu.

Samkvæmt sakaskrá íslenska ríkisins hefur ákærður Griffith David ekki áður gerst sekur við refsilög, þannig að áhrif hafi á ákvörðun refsingar hans í máli þessu. Með hliðsjón af því og nánum skyldleika hans og ákærðs Williams James telst refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 6 mánuðir, en af sömu sökum þykir mega ákvarða, að fullnustu refsingar hans skuli fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Komi refsing til framkvæmdar, skal samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga, frá henni draga gæsluvarðhald hans frá 25. febrúar til 1. mars 1984 með fullri dagatölu.

Af hálfu Áfengis- og tóbakseinkasölu ríkisins, Borgartúni 7, Reykjavík, hefur þess verið krafist, að ákærðir verði allir dæmdir til að greiða fyrirtækinu krónur 252.366 ásamt vöxtum frá brotadegi, en af reiðufé komust ekki til skila krónur 179.554, og ávísanir að fjárhæð krónur 72.812 fengust ekki endurgreiddar. Eftir að krafa þessi var borin fram, hefur ákærður Ingvar Heiðar greitt hinn 9. maí 1984 krónur 10.000 og hinn 24. sama mánaðar krónur 56.718,50. Af kröfunni standa því eftir krónur 185.647,50, og verða ákærðir, sem ekki hafa véfengt kröfuna tölulega, dæmdir til að greiða hana með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, af krónum 252.366 frá 17. febrúar til 9. maí 1984, af krónum 242.366 frá þeim degi til 24. maí 1984 og af krónum 185.647,50 frá þeim degi til greiðsludags.

Sama fyrirtæki hefur einnig krafist þess, að ákærðir verði allir dæmdir til að greiða því krónur 7.133 vegna skemmda og afnotamissis bifreiðarinnar R-50393, en fram kom í málinu, að fyrirtækið hafði goldið eigandanum þá fjárhæð. Eins og atvikum málsins er háttað, verður ákærður Griffith David sýknaður af skaðabótakröfu þessari, en ákærðir William James og Ingvar Heiðar dæmdir til að greiða hana in solidum. Vaxta var ekki krafist.

Dæma ber ákærðan William James til að greiða réttargæslu- og málsvarnarlaun Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 60.000, ákærðan Ingvar Heiðar til að greiða réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 40.000, og ákærðan Griffith David til að greiða réttargæslu og málsvarnarlaun Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 18.000.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000, en málið flutti af hálfu ákæruvalds Jónatan Sveinsson saksóknari ríkisins, ber að dæma ákærðan William James til að greiða að 3/6 hlutum, ákærðan Ingvar Heiðar að 2/6 hlutum og ákærðan Griffith David að 1/6 hlut.

Dómsorð:

Ákærður William James Scobie sæti fangelsi 5 ár, en frá þeirri refsingu skal draga gæsluvarðhald hans frá 25. febrúar 1984 með fullri dagatölu.

Ákærður Ingvar Heiðar Þórðarson sæti fangelsi 18 mánuði, en frá þeirri refsingu skal draga gæsluvarðhald hans frá 27. febrúar til 28. mars 1984 með fullri dagatölu.

Ákærður Griffith David Scobie sæti fangelsi 6 mánuði, en fullnustu refsingar skal fresta og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dómsins að telja, haldi hann almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955. Komi refsing til framkvæmdar, skal frá henni draga gæsluvarðhald hans frá 25. febrúar til 1. mars 1984 með fullri dagatölu.

Ákærður William James greiði Vesturröst h.f., Laugavegi 178, Reykjavík, krónur 26.443,55, og Erni Reyni Péturssyni, Kambsvegi 1, Reykjavík, krónur 6.825,00.

Ákærðir allir greiði in solidum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, Borgartúni 7, Reykjavík, krónur 185.647,50, og að auki dómvexti, eins og þeir eru á hverjum tíma, af krónum 252.366,00 frá 17. febrúar 1984 til 9. maí 1984, af krónum 242.366,00 frá þeim degi til 24. maí 1984 og af krónum 185.647,50 frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðir William James og Ingvar Heiðar greiði in solidum Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins krónur 7.133,00.

Ákærður William James greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 60.000,00.

Ákærður Ingvar Heiðar greiði réttargæslu- og málsvarnarlaun Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 40.000,00.

Ákærður Griffith David greiði réttargæslu- og málsvarnar-

laun Kristjáns Stefánssonar héraðsdómslögmanns, skipaðs verjanda síns, krónur 18.000,00.

Allan annan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, krónur 40.000,00, greiði ákærður William James að 3/6 hlutum, ákærður Ingvar Heiðar að 2/6 hlutum og ákærður Griffith David að 1/6 hlut.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. febrúar 1985.

Nr. 155/1983. **Almennar Tryggingar h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Félagsstofnun stúdenta
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Lögbann. Verktrygging. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. ágúst 1983. Upphaflega gerði áfrýjandi þær dómkröfur, að hann yrði sýknaður að svo stöddu og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti 13. þ.m. breytti hann kröfugerð sinni á þá lund, að hann krafðist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að öðru leyti en málskostnaðarákvæðis hans. Þá krafðist hann málskostnaðar í héraði og fyrir hæstarétti.

Breyting þessi á kröfugerð áfrýjanda stafar af dómi Hæstaréttar 12. þ.m. í málinu nr. 146/1983: Þrotabú Byggingafélagsins Reynis h/f gegn Almennum Tryggingum h/f og Félagsstofnun stúdenta.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var í fógetadómi Reykjavíkur hinn 22. desember 1982 lagt lögbann við því, að áfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiddu stefnda, Félagsstofnun stúdenta, við svo búið og þar til viðhlítandi gögn lægju fyrir um meint fjártjón kröfur þær, er stofnunin gerði um greiðslu tryggingarfjár vegna verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs.

Meðan lögbann þetta stóð, var áfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f, að viðlagðri refsingu skv. 29. gr. laga nr. 18/1949 um kyrrsetningu og lögbann óheimilt að greiða Félagsstofnun stúdenta hið umdeilda tryggingarfé. Málshöfðun stefnda, Félagsstofnunar stúdenta, með héraðsdómsstefnu, birtri 6. janúar 1983, á hendur Almennum Tryggingum h/f til greiðslu verktryggingarfjárins var því að ófyrirsynju. Að kröfu áfrýjanda verður héraðsdómur því staðfestur að öðru leyti en því, er málskostnað varðar. Eftir þessum málalokum verður stefndi því dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 80.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að stefndi Félagsstofnun stúdenta, er dæmd til þess að greiða áfrýjanda, Almennum Tryggingum h/f, samtals 80.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 12. júlí 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið 16. júní sl., hefur Félagsstofnun stúdenta, 2308-7081, Stúdentaheimilinu við Hringbraut í Reykjavík, höfðað fyrir dóminum þann 11. janúar 1983 á hendur Almennum Tryggingum h.f., 0267-3363, Síðumúla 39, Reykjavík, til greiðslu ábyrgðarfjár samkvæmt verktryggingu.

Með verksamningnum, dags. 12. mars og 6. júní 1982, tók Byggingafélagið Reynir h.f. að sér að annast 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja

stúdentagarðsins fyrir stefnanda á grundvelli útboðs. Meðal skuldbindinga byggingafélagsins samkvæmt samningum þessum var loforð byggingafélagsins um útvegun verktrygginga frá Almennum Tryggingum h.f. að fjárhæð samtals kr. 400.000,00. Með verktryggingum, dags. 8. mars og 16. júní 1982, ábyrgðist stefndi stefnanda greiðslu á allt að kr. 400.000,00 sem tryggingu fyrir því, að Byggingafélagið Reynir h.f. innti af hendi samningsskyldur sínar sem verktaki um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs í samræmi við samningsgögn þar að lútandi. Þegar fyrirsjáanlegt var, að byggingafélagið gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt verksamningunum, gerðu aðiljar samninganna með sér viðbótarsamning þann 21. septeinber 1982, þar sem segir m.a.:

„Komi í ljós þegar gengið verður frá uppgjöri við lok verksins, að Byggingafélagið Reynir h.f. hafi fengið greitt fyrir verkið umfram það sem því ber samkvæmt tilboði þessu, að meðreiknuðum hugsanlegum dagsektum, mun Félagsstofnun stúdenta taka mismuninn af tryggingarfé vegna verksins án frekari viðvarana."

Þann 2. nóvember 1982 tilkynnti byggingafélagið síðan stefnanda, að það gæti ekki lengur haldið áfram verki sínu, og þann 3. sama mánaðar krafði stefnandi stefnda um tryggingarféð. Bréfi félagsins, dagsettu þann dag, fylgdu m.a. lauslegar greinargerðir um forsendur kröfunnar. Þann 7. desember 1982 lágu síðan fyrir ítarlegar greinargerðir stefnanda um tjón hans, en samkvæmt þeim nam það verulega hærri fjárhæðum en svaraði tryggingarfénu. Greinargerðir þessar sendi stefnandi stefnda þann 8. desember 1982, og mánudaginn 13. sama mánaðar lýsti stefndi því yfir, að hann myndi greiða féð út daginn eftir. Dráttur varð á greiðslu, og þann 15. desember 1982 krafðist byggingafélagið þess fyrir fógetadómi Reykjavíkur, að lögbann yrði lagt við því, að Almennar Tryggingar h.f. greiddu Félagsstofnun stúdenta við svo búið og þar til viðhlítandi gögn lægju fyrir um meint fjártjón, kröfur þær, er stofnunin gerði um greiðslu tryggingarfjárins vegna verksamninga um 1. og 2. áfanga endurbyggingar Nýja Garðs. Af hálfu stefnda var lögbannskröfunni mótmælt, en þann 21. desember 1982 var kveðinn upp svolátandi úrskurður í fógetadómi Reykjavíkur. „Umbeðin lögbannsgerð fer fram á ábyrgð gerðarbeiðanda gegn 15.000,00 króna tryggingu er gild verði metin." Þann 22. desember 1982 setti gerðarbeiðandi stefnda lögbannstryggingu, og var þá lögbannið lagt á í samræmi við kröfur gerðarbeiðanda.

Þann 27. desember 1982 krafði stefnandi stefnda greiðslu, en með bréfi, dags. 28. sama mánaðar, synjaði stefndi greiðslukröfu stefnanda á þeim grundvelli, að greiðsla yrði réttarbrot af hálfu stefnda vegna lögbannsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 400.000,00 með 45% ársvöxtum frá 3. nóvember 1982 til 11.

janúar 1983, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Til vara er gerð krafa um, að upphafstími vaxtanna verði talinn vera 8. desember 1982, en allt annað óbreytt í kröfugerðinni.

Meginmálsástæða stefnanda er sú, að stefndi hafi lofað að greiða kröfuna. Hann telur lögbannið sér óviðkomandi, enda hafi hann ekki verið aðili að lögbannsmálinu. Hann telur sig fráleitt þurfa að sæta því, að utanaðkomandi aðili, sem enga aðild eigi að beinu greiðsluloforði stefnda til sín, fái lagt lögbann á efndir stefnda á því loforði. Hann telur, að borið hafi að synja lögbannskröfunni, enda gangi það fyrirkomulag, sem felst í verktryggingunni, gagngert út á, að verkkaupi geti sótt féð til verktryggjandans, hvað sem vilja og afstöðu verktaka til greiðslunnar líði og án þess að þurfa að bíða úrskurðar. En jafnvel þótt lögbannið hafi ranglega verið á lagt, telur stefnandi það enga þýðingu hafa gagnvart sér, þar sem hann eigi eftir sem áður lögvarða kröfu á hendur stefnda um efndir á greiðsluloforði hans þegar í stað.

Af stefnda hálfu er krafist sýknu að svo stöddu og refsimálskostnaðar úr hendi stefnanda fyrir tilefnislausa málsókn. Af stefnda hálfu er því haldið fram, að félagið megi ekki greiða kröfu sína við stefnanda, fyrr en lögbannið hafi verið fellt úr gildi, en enginn ágreiningur virðist vera um greiðsluskyldu stefnda að öðru leyti.

Af stefnda hálfu hefur verið skýrt frá því, að lögmaður félagsins hafi óskað eftir því við fógeta, að hann boðaði lögmann Félagsstofnunar stúdenta til þinghalds, áður en úrskurður yrði kveðinn upp svo að honum yrði gefinn kostur á að gæta réttar stofnunarinnar. Þessari ósk hafi lögmaður Félagsstofnunar stúdenta ekki sinnt. Lögmaður Félagsstofnunar stúdenta, sem flytur mál þetta, kannast við að hafa fengið upplýsingar um þinghald 17. desember 1982 í fógetadómi frá borgarfógetanum, en kveðst ekkert umboð hafa haft til þess að taka við þeirri tilkynningu.

Samkvæmt því, sem fram hefur komið í málinu, þykir stefndi ekki hafa sýnt fram á, að stefnandi hafi orðið aðili að nefndu ágreiningsefni fyrir fógetadómi, en hann hefur komið athugasemdum sínum að í staðfestingarmáli og mætti í því samkvæmt áskorun stefnda á grundvelli 52. gr. laga nr. 85/1936. Þegar af þessari ástæðu verður ekki talið, að stefnandi hafi orðið bundinn af úrlausn fógeta samkvæmt 195. gr., sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Lögbannið var þannig hindrun greiðslu, sem stefndi bar ábyrgð á gagnvart stefnanda. Með dómi bæjarþingsins, uppkveðnum í dag, var lögbannið fellt úr gildi. Samkvæmt þessu þykir bera að fallast á kröfur stefnanda í málinu, þó þannig, að vextir verða einungis dæmdir frá 14. desember 1982.

Málskostaður þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.000,00.
Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Almennar Tryggingar h.f., greiði stefnanda kr. 400.000,00 með 45% ársvöxtum frá 14. desember 1982 til 11. janúar 1983, með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júlí 1983, en með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 70.000,00 í málskostnað.

Mánudaginn 18. febrúar 1985.

Nr. 119/1984. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Andrési Haraldssyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Ómerking. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjunarstefnu 3. janúar 1984. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að ákærði verði dæmdur til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 29. ágúst 1984.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal endurrit dómsrannsóknar, sem fram fór í sakadómi Kópavogs 1. og 4. þ.m.

Verknaður sá, sem ákærða er gefinn að sök í máli þessu, mundi varða við 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt 4. mgr. þeirrar greinar skal því aðeins höfða mál út af brotum á 1. mgr., að sá krefjist þess, sem misgert er við. Slík krafa hefur ekki komið fram. Ákæran í málinu hefur því ekki lagastoð, og verður af þeim sökum að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og vísa ákæru í málinu frá héraðsdómi.

Eftir þessum málalokum verður allur kostnaður sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti lagður á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera ómerkur, og er ákæru í málinu vísað frá héraðsdómi.

Sakarkostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Sigurðar Baldurssonar hæstaréttarlögmanns, 5.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman, hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Kópavogs 13. október 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 4. október 1983, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru dagsettri 7. september 1982, „á hendur Andrési Haraldssyni, Þverbrekku 4, Kópavogi, fæddum 12. maí 1925 í Kerlingardal, Hvammshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, fyrir að hafa, að kvöldi miðvikudagsins 17. mars 1982 stungið göt á og þannig skemmt tvo hjólbarða og slöngur á bifreiðinni R-66232, en bifreiðinni hafði verið lagt í stæði við Þverbrekku 4 í Kópavogi.

Telst þetta varða við 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar."

— — —

Dómsorð:

Ákærði, Andrés Haraldsson, greiði sekt í ríkissjóð að fjárhæð kr.

2.400,00 og komi 3ja daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 6 vikna frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sigurðar Baldurssonr hrl., kr. 5.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 19. febrúar 1985.

Nr. 26/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Matthildi Eiðsdóttur

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. febrúar 1985, sem barst Hæstarétti 15. s.m. Hún krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur.

Af hálfu ríkissaksóknara er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar er á það fallist, að nauðsynlegt sé, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi. Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega ákveðinn allt að 60 dögum frá uppkvaðningu úrskurðarins 13. febrúar 1985, kl. 16.05.

D ó m s o r ð:

Varnaraðili, Matthildur Eiðsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 60 dögum frá kl. 16.05 13. febrúar 1985.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. febrúar 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 13. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Matthildi Eiðsdóttur, atvinnulausri, heimilislausri, með lögheimili að Hraunbæ 44, fæddri 18. mars 1961 í Vestmannaeyjum, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. maí 1985 vegna gruns um brot gegn XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Málavextir:

Föstudaginn 8. febrúar sl. var kærður til RLR þjófnaður á seðlaveski með persónuskilríkjum, 4.500,00 krónum í peningum og ávísanahefti á Sparisjóð Keflavíkur. Kærða kveðst hafa fengið heftið hjá vinkonu sinni, Önnu Maríu Haraldsdóttur. Kærða hefur borið, að nokkrar ávísanir hafi hún framselt sjálf, en vinkonur hennar framselt aðrar og þær skipt með sér því fé, er þær hafi svikið út.

Kærða hefur á árunum 1983-1985 margoft komið við sögu hjá RLR, einkum vegna auðgunarbrota. Hún hefur ýmist ein eða í félagi við aðra gefið út, oft falsaða, tékka og framselt þá og þannig svikið út umtalsverðar fjárhæðir, sem hún hefur notað sér til framfæris og þá aðallega til fíkniefnakaupa.

RLR hefur sent tíu mál, er varða kærðu, til ríkissaksóknara frá því í mars 1984 og fram til janúar 1985, þar af varða sjö þeirra ávísanamisferli kærðu.

Sex mál eru nú á lokastigi rannsóknar, og er elsta málið frá 16. ágúst 1984, en hin fimm á tímabilinu frá 4. nóvember 1984 til 24. janúar 1985. Varða þau öll misferli með ávísanir, og hefur kærða viðurkennt að hafa falsað fjölda ávísana og framselt.

Í sakadómi Reykjavíkur liggur ein ákæra, dags. 7. febrúar 1985, á hendur kærðu, þar sem hún er ákærð fyrir brot á 244. gr. og 248. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940 og brot á tékkalögum.

Kærða sat þrívegis í gæsluvarðhaldi á síðasta ári og hefur einu sinni verið úrskurðuð í gæsluvarðhald á þessu ári.

Kærða var svipt sjálfræði að kröfu móður sinnar með úrskurði bæjarþings Reykjavíkur þann 31. janúar sl. Þar kemur fram, að kærða Matthildur hefur verið áfengis- og eiturlyfjasjúklingur frá unglingsaldri og hafi farið í fyrstu meðferð vegna ofneyslu áfengis og ávana- og fíkniefna á Freeport í Bandaríkjunum árið 1977, aðeins 16 ára gömul.

Kærða hefur eigi stundað atvinnu undanfarin ár og sífellt orðið háðari sterkari ávana- og fíkniefnum, s.s. heróini. Kærða hefur fjármagnað fíkniefnakaup sín með auðgunarbrotum, aðallega ávísanamisferli. Margar tilraunir hafa verið gerðar til að vista kærðu á viðeigandi stofnun, en hún hefur ávallt strokið eftir skamman tíma.

Samkvæmt sakavottorði kærðu, dags. 12. febrúar 1985, hefur hún hlotið skilorðsbundinn dóm á árinu 1980 vegna brots gegn 155. gr. laga nr. 19, 1940. Auk þess hefur hún gengist undir sátt vegna áfengislagabrots og vegna ávana- og fíkniefnabrots.

Brot þau, er kærða er grunuð um, geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Með því, sem að framan hefur verið rakið, verður að telja, að kærða sé sí-brotamaður, sem aflar sér fjár til ávana- og fíkniefnakaupa með afbrotum. Kærða hefur engan dvalarstað og hefur enga atvinnu stundað um langan tíma.

Rannsókn máls þessa er vel á veg komin, en þó eigi lokið. Veruleg hætta er á að kærða haldi áfram afbrotum, meðan málum hennar er enn ólokið. Þykir því rétt með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærða sæti gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. maí 1985.

Úrskurðarorð:

Kærða, Matthildur Eiðsdóttir, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 15. maí 1985.

Miðvikudaginn 20. febrúar 1985.

Nr. 23/1984. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Adolf Garðari Guðmundssyni
(Árni Guðjónsson hrl.)

Fjárdráttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar „til ákvörðunar refsingar" með stefnu 13. janúar 1984. Ágrip málsins barst Hæstarétti 15. október. Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal um lokauppgjör á skuld ákærða við dánarbú Önnu Kristínar Guðmundsdóttur.

Skiptaréttur Reykjavíkur veitti 2. apríl 1980 leyfi til einkaskipta á búi Önnu Kristínar Guðmundsdóttur, Asparfelli 4, sem látist hafði 23. mars 1980. Erfingjar voru tvær bróðurdætur Önnu, Gudrun Guðmundsson og Ingrid Guðmundsson, báðar búsettar í Þýskalandi. Hin síðarnefnda var ólögráða. Ákærði hafði verið hinni látnu til aðstoðar, einkum í veikindum hennar fyrir andlátið. Fólu foreldrar erfingjanna honum að annast ýmis erindi, sem sinna þurfti fyrir búið, og að annast sölu íbúðar, sem var eina eign þess. Tók ákærði við greiðslum fyrir íbúðina, sem fram fóru 22. apríl 1980 til 1. apríl 1981. Þá tók hann við greiðslum á dráttarvöxtum og endurgreiðslu á fasteignagjöldum. Komu í hans hendur sem umboðsmanns búsins alls 132.988,56 nýkrónur. Af þessu fé greiddi hann á árinu 1980 ýmsar skuldir búsins og sendi á því ári og hinu næsta nokkrar greiðslur til erfingjanna. Er gerð grein fyrir greiðslunum í ákæru. Þó athugast, að á fyrra árinu voru erfingjunum greiddar 3.198.108 gkr., 95.000 krónum hærri fjárhæð en misritast hefur í ákæru. Alls greiddi ákærði fyrir búið 72.783,00 nýkrónur. Tók hann því við 60.205,56 nýkrónum umfram það, sem hann stóð skil á á þessum árum. Gerði hann ekki grein fyrir fjárreiðunum, þó að móðir erfingjanna gengi eftir því eftir lát föður þeirra. Hinn 24. júlí 1981 úrskurðaði skiptaréttur Reykjavíkur, að leyfi til einkaskipta skyldi úr gildi fellt og búið tekið til opinberra skipta. Var úrskurðurinn samdægurs sendur ákærða og þess krafist, að hann gerði þá þegar tæmandi skil á fjármunum, sem hann hefði veitt viðtöku vegna dánarbúsins. Ekki sinnti ákærði þeirri kröfu. Hann kom fyrir skiptarétt 18. september 1981. Sagðist hann varðveita á vöxtum fé það, sem hann hefði úr búinu, en ekki hafa á reiðum höndum uppgjör vegna umsýslu sinnar. Skiptaráðandi krafði ákærða þá um fé búsins, þar á meðal vexti, svo og reikninga. Lofaði ákærði að ganga frá öllum sínum málefnum gagnvart búinu í síðasta lagi 1. október. Af því varð ekki.

Hinn 29. desember 1981 ritaði skiptaráðandinn í Reykjavík Rannsóknarlögreglu ríkisins og óskaði rannsóknar á fjárreiðum ákærða á

vegum dánarbúsins. Kom ákærði 4 sinnum til skýrslugjafar til lögreglu á fyrri hluta ársins 1982 og tvívegis snemma árs 1983. Hinn 19. apríl 1982 afhenti hann bankabók með innstæðu að fjárhæð 73.500,00 krónur.

Hinn 30. júní 1983 var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur mál, sem umboðsmaður dánarbúsins höfðaði gegn ákærða, og var hann krafinn um 33.698,81 krónu auk vaxta frá 20. apríl 1982. Sátt var gerð 8. september 1983, og lofaði ákærði að greiða það, sem hann var krafinn um. Endanlegt uppgjör fór fram 4. apríl 1984. Hefur ákærði því greitt það fé, sem hann er ákærður fyrir að hafa dregið sér.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þykir sannað, að ákærði hafi dregið sér af eignum dánarbús Önnu Kristínar Guðmundsdóttur þá fjárhæð, sem greinir í ákæru, 60.205,56 krónur, enda játaði hann brot sitt við meðferð málsins. Haldlaus þykir sú viðbára, sem ákærði setti fyrst fram 10. mars 1983, að hann hafi haft leyfi föður erfingja Önnu, Hjalta heitins Guðmundssonar, til að nota féð. Hefur ákærði unnið til refsingar eftir 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða er hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi. Þar sem ákærði hefur ekki fyrr sætt refsingu, er rétt að fresta fullnustu helmings refsingarinnar skilorðsbundið til 2 ára.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Adolf Garðar Guðmundsson, sæti fangelsi 4 mánuði. Fresta skal fullnustu 2 mánaða af refsingunni, og falli sá hluti niður eftir 2 ár frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað skal vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun til ríkissjóðs, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Árna Guðjónssonar hæstaréttarlögmanns 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. október 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 4. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 426/1983: Ákæruvaldið gegn Adolf Garðari Guðmundssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 21. september 1983, ,,fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Adolf Garðari Guðmundssyni, símvirkja, Prestbakka 21, Reykjavík, fæddum þar í borg 14. júní 1935, fyrir fjárdrátt sem hér greinir:

Fyrir hönd erfingja dánarbús Önnu Kristínar Guðmundsdóttur, Asparfelli 4, Reykjavík, sem lést 23. mars 1980, veitti ákærði viðtöku eftirtöldum greiðslum samkvæmt kaupsamningi, dagsettum 22. apríl 1980, um sölu 2ja herbergja íbúðar dánarbúsins í húsinu Asparfelli 4:

Á árinu 1980:					
22.04.	gkr.	2.000.000			
08.06.	—	1.000.000			
14.08.	—	1.800.000			
25.08.	—	1.000.000			
20.11.	—	3.700.000			
21.11.	—	300.000	auk vaxta	gkr.	30.000
01.12.			vextir	—	160.000
02.12.	—	1.000.000	endurgreidd fasteignagjöld	—	56.656
Samtals	gkr.	10.800.000,	auk vaxta og endurgreiddra fasteignagjalda	gkr.	246.656
Á árinu 1981:					
21.01.	Nýkr.	11.000			
01.04.	—	11.000	auk vaxta	nýkr.	522
Samtals	nýkr.	22.000	auk vaxta	nýkr.	522

Af framangreindum fjármunum greiddi ákærði reikninga og önnur gjöld dánarbúsins sem hér greinir:

Á árinu 1980:			
22.04.	Sölulaun	gkr.	340.000
25.04.	Útfararkostnaður	—	244.269
s.d.	Byggingasamvinnufélag BSAB	—	38.857
s.d.	Húsfélagið Asparfelli 4	—	19.800
26.04.(79)	Hreingerning Asparfelli 4	—	30.000

10.05.	Kross og merking á leiði	—	18.400
14.05.	Símareikningur	—	3.203
s.d.	Símareikningur	—	5.616
19.05.	Póstburðargjald	—	1.370
15.08.	Veðdeild Landsbankans	—	54.237
04.09.	Fasteignagjöld	—	44.514
s.d.	Opinber gjöld	—	31.066
		Samtals gkr.	831.332

Til erfingja dánarbúsins, systranna Guðrúnar og Ingrid Guðmundsson, Hardensteinerweg 19, 5810 Witten, Ruhr, Vestur-Þýskalandi, gerði ákærði eftirgreind skil með kaupum og yfirfærslu í þýskum mörkum:

Á árinu 1980:

04.09.	Andvirði	gkr.	1.015.543
s.d.	"	—	1.015.543
05.12.	"	—	583.511
05.12.	"	—	583.511
	Samtals	gkr.	3.103.108

Á árinu 1981:

26.02.	Andvirði	nýkr.	16.244.30
s.d.	"	—	16.244.30
	Samtals nýkr. 32.488.60		

Ákærða er gefið að sök að hafa eigi haldið þeim fjármunum, sem ákærði veitti viðtöku fyrir hönd erfingja dánarbúsins, aðgreindum frá sínum fjármunum og að hafa dregið sér og fénýtt í eigin þágu þá fjármuni er ákærði veitti viðtöku og voru umfram þær greiðslur og skil til erfingja, sem að framan greinir, samtals að verðgildi *gkr. 6.020.556.*

Brot ákærða teljast varða við 1., sbr. 2. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar, svo og til greiðslu skaðabóta, ef krafist verður, en þá að frádregnum nýkr. 73.500, sem ákærði endurgreiddi undir rannsókn málsins þann 19. apríl 1982."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

Málavextir:

Með bréfi, dagsettu 29. desember 1981, kærði skiptaráðandinn í Reykjavík atferli ákærða, eins og í nefndu bréfi segir m.a.:

„Þess er óskað, að RLR framkvæmi rannsókn á fjárreiðum nefnds Adolfs Guðmundssonar á vegum dánarbúsins og í því sambandi sérstaklega, hvort staðhæfingar hans um vanefndir kaupanda íbúðarinnar að Asparfelli 4 séu réttar." En um var að ræða dánarbú Önnu Kristínar Guðmundsdóttur, Asparfelli 4, Reykjavík, sem dó 23. mars 1980. Einkaskipti höfðu verið heimiluð í dánarbúinu 2. apríl 1980, en síðan fellt niður leyfið til þeirra með úrskurði skiptaráðanda 24. júlí 1980 (sic) og búið þá tekið til opinberra skipta. Í úrskurðinum segir m.a.:

„Erfingjar búsins eru tveir og báðir búsettir erlendis. Annar erfingjanna er ófjárráða vegna æsku.

Faðir hins ólögráða erfingja kom fram fyrir hans hönd við uppskrift á búinu, sem lögráðamaður, en veitti síðar ásamt eiginkonu sinni, öðrum manni sem búsettur er hérlendis, umboð til að annast sölu á aðaleign búsins. Faðirinn mun nú vera látinn og fram er komið, að núverandi lögráðamaður erfingjans telur sig hafa ástæðu til að óttast, að misfarið sé með fé búsins."

Ákærði var yfirheyrður í skiptaréttinum 18. september 1981. Þar kemur eftirfarandi fram orðrétt:

„Mætti skýrir svo frá, að hann hafi verið hinni látnu til aðstoðar varðandi fjármál, er hún var á lífi. Að henni látinni hafi Hjalti Guðmundsson, hálfbróðir hinnar látnu og faðir erfingja í búi þessu, fengið búið afhent til einkaskipta ásamt fjárráða dóttur sinni, erfingjanum Guðrúnu Guðmundsdóttur (sic). Þau hafi veitt mætta skriflegt umboð til þess að annast málefni varðandi skipti dánarbúsins, þ. á m. sölu fasteignar búsins að Asparfelli 4 í Reykjavík. Mætti kveður umræddan Hjalta hafa látist um síðustu áramót.

Aðspurður segir mætti að eina eign búsins hafi verið ofangreind íbúð. Innbúi hafi að mestu verið fargað, en hugsanlega hafi Hjalti og Guðrún selt eitthvað af því. Hafi þannig einu afskipti mætta af skiptum búsins varðað áðurgreinda íbúð.

Mætti kveður Hjalta Guðmundsson hafa verið staddan hér á landi, er íbúðin var seld þann 22. apríl 1980 og hafi hann undirritað kaupsamning um hana, en mætti undirritað hann eftir umboði frá Guðrúnu Guðmundsdóttur (sic).

Aðspurður kveðst mætti hafa tekið við greiðslum útborgunar söluverðs íbúðarinnar, samtals kr. 130.000,00, en greiðsla þess fjár dreifðist samkvæmt kaupsamningi yfir tímabilið frá gerð samningsins til 5. mars 1981, eftir nánari ákvörðun samkvæmt samningnum. Hann kveður nokkurn drátt

hafa orðið á ýmsum greiðslum en þó ekki svo um muni. Útborgunina kveður hann hafa verið að fullu greidda. Hins vegar hafi kaupandi íbúðarinnar selt hana aftur og dráttur þannig orðið á því að út væri gefið afsal fyrir eigninni og veðskuldabréf til greiðslu eftirstöðva kaupverðs.

Aðspurður um ráðstöfun móttekins fjár, segir mætti að hann hafi greitt ýmsa reikninga með vitund Hjalta Guðmundssonar fyrir búið, þ. á m. útfararkostnað. Þá kveðst mætti einnig hafa sent erfingjunum yfirfærslur á mótteknu fé. Hann segist ekki geta sagt með vissu hversu miklu af fénu hafi verið ráðstafað á þennan hátt, en aðspurður segist hann giska á, að um 80-90.000 krónur gætu verið að ræða. Varðandi mismuninn segist mætti varðveita féð á vöxtum.

Mætta er kynnt efni bréfs sendiráðs Íslands í Sambandslýðveldi Þýskalands frá 7. maí sl. Hann kveður fullyrðingar ekkju Hjalta Guðmundssonar, Waltraut Guðmundsson, sem greint er frá í bréfinu, vera rangar.

Aðspurður um ástæður þess, að hann hafi hvorki greitt erfingjunum arfshluta þeirra né greitt erfðafjárskatt og lokið búskiptum, segir mætti, að hann hafi staðið í þeirri trú, að haganlegast og réttast væri að gera lokauppgjör vegna skiptanna og greiða erfðafjárskatt samtímis því að gert yrði afsal fyrir áðurnefndri íbúð. Upphaflega hafi átt að gera afsal og gefa út eftirstöðva-skuldabréf þann 5. mars sl. en það hafi dregist vegna þess sem fyrr segir, að kaupandi íbúðarinnar hafi selt hana aftur og sé nú fluttur úr landi. Mætti segir að umtalað hafi verið, þegar kaupandi íbúðarinnar seldi hana aftur, að Magnús Hannesson, lögfræðingur, gengi frá málinu af hálfu kaupandans, en nætti kveður téðan Magnús nú vera í langdvölum erlendis, og hafi annar tekið að sér málið. Mætti segist ekki minnast þess, hver sá sé.

Mætti kveðst ekki hafa á reiðum höndum uppgjör vegna umsýslu sinnar fyrir erfingjana. Skiptaráðandi gerði mættum grein fyrir þýðingu þess að búið væri nú komið til opinberra skipta og væri umboð mætta til nokkurra ráðstafana þannig niður fallið. Benti hann mætta á að honum beri tafarlaust að greiða til skiptaráðanda fé það, sem hann hefur í vörslum sínum vegna búsins ásamt vöxtum, svo og að leggja fram reikninga, sem koma eiga til frádráttar. Mætti kveðst munu vera fjarverandi næstu viku en lofar því að hann gangi endanlega frá öllum sínum málefnum gagnvart búinu í síðasta lagi 1. október n.k. þ. á m. að greiða allar innistæður þess til skiptaráðanda og afhenda áðurnefnd gögn og skriflegt uppgjör."

Ákærði kom tvisvar til skýrslutöku hjá rannsóknarlögreglu í mars 1982 og lofaði þá að skila greinargerð sem dróst.

Skiptaráðandi ítrekaði rannsóknarbeiðni sína í bréfi, dagsettu 14. apríl 1982.

Tekin var skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglu 19. apríl 1982, og skilaði ákærði þá bankabók með innistæðu kr. 73.500,00 sem eign búsins.

Í skýrslunni kemur fram:

„Mætti segir, að greinargerð sú, sem hann hafi lofað að afhenda RLR varðandi fésýslu sína fyrir dánarbú Önnu Kristínar Guðmundsdóttur sé enn ekki tilbúin. Ástæðan fyrir því sé, að maður sem lofað hafi að aðstoða hann við greinargerðina hafi farið erlendis (sic), en sé nú kominn til landsins en hafi ekki enn haft tíma til að vinna greinargerðina.

Mætti afhendir hér bankabók nr. 66051 við Útvegsbanka Íslands, aðalbanka. Bankabókin er löggilt 19.04.1982 og skráð innistæða hennar, kr. 73.500.-. Mætti segir bókina skráða á sitt nafn í bankanum. Mætti segir að í bankanum hafi hann haft bankabók sem hann hafi lagt fé dánarbúsins inn á og tekið út úr, þegar hann hafi greitt reikninga á dánarbúið eða sent greiðslur til erfingjanna. Mætti kveðst nú fyrir nokkru hafa tekið út alla innistæðu þeirrar bókar, því hann hafi ætlað að afhenda Rannsóknarlögreglu ríkisins fjárhæðina. Bókina sjálfa hafi hann eyðilagt og fleygt. Ekki muni hann nú númer þeirrar bókar, en hún hafi verið á nafni hans við Útvegsbanka Íslands.

Aðspurður segir mætti að hann muni ekki hver fjárhæð hafi verið inni á bankabókinni, en það hafi verið eitthvað lægri fjárhæð, en sé innistæða bankabókar þeirrar, er hann nú hafi afhent. Mismuninn hafi hann haft í sinni vörslu, en ekki í banka. Ástæðu þess, að hann hafi haft fé dánarbúsins þannig í sinni vörslu, en ekki í banka, kveðst mætti ekki vilja tjá sig um.

Mætti segir innistæðu bankabókarinnar nr. 66051 vera peninga, sem komið hafi í hans vörslu eftir sölu íbúðar dánarbúsins, en hann kveðst vilja geta þess, að hann hafi ekki tekið af inneign dánarbúsins fyrir öllum þeim kostnaði, er hann hafi haft vegna Önnu Kristínar meðan hún hafi verið sjúklingur og eftir andlát hennar. Hjalti Guðmundsson, bróðir Önnu, hafi þó lofað að hann fengi allt slíkt borgað.

Aðspurður um drátt, sem mætti hafi sagt hafa orðið á greiðslum á söluverði íbúðar dánarbúsins, kveðst mætti ekki muna svo hann geti greint frá, en dráttur á greiðslum hafi aldrei orðið svo mikill að greiddir væru dráttarvextir vegna þess."

Bankabókin var afhent skiptaráðanda 23. apríl 1982.

Ákærði kom á ný til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 15. júní 1982. Þá lagði hann fram tvo reikninga, sem hann sagði vera síðustu greiðslur sínar til erfingja. Áður hefði hann sent eina eða tvær greiðslur og haldið eftir ljósritum af reikningum, sem ákærði kvaðst ekki finna ennþá. Í skýrslu hans kemur einnig fram:

„Mætti segir, að reikninga á dánarbúið vegna útfararkostnaðar o.fl. hafi hann greitt og sent Hjalta Guðmundssyni, en haldið eftir ljósritum, sem hann finni ekki nú. Ekki kveðst hann muna fjárhæðir þeirra reikninga,

en reikningar þessir hafi verið greiddir með fyrstu afborgunum af íbúðinni í Asparfelli 4.

Mætta er kynnt að Waltraut Guðmundsson segi mætta hafa greitt reikninga á dánarbúið og millifært til erfingja alls gkr. 7.240.000.-. Mætti segir þetta vel geta verið rétt. Sennilega vanti þó þarna inn í kostnað, sem fram komi á þeim reikningum, er hann hafi hér lagt fram, því þá reikninga hafi erfingjar ekki fengið, heldur aðeins erlendu greiðsluna. Mætti kveðst vilja taka fram, að vegna reglna um sendingu andvirðis eigna til útlanda, hafi hann ekki getað sent erfingjum greiðslur jafnóðum og þær hafi verið greiddar honum. Fé dánarbúsins hafi því verið í hans vörslu um tíma milli þess að hann gæti sent greiðslur út. Yfirleitt hafi hann varðveitt féð á bankareikningi á sínu nafni í Útvegsbanka Íslands. Inni á þeim reikningi hafi einvörðungu verið fé dánarbúsins."

Skiptaráðandi ítrekaði enn rannsóknarkröfu sína í bréfi 8. október 1982.

Rannsóknarlögreglan óskaði þá eftir því við Dómsmálaráðuneytið, að það hlutaðist til um öflun gagna.

Eftir að þau gögn bárust, var ákærði yfirheyrður á ný 2. febrúar 1983. Einnig 10. mars 1983. Fóru þá málin að skýrast.

Ákærði heldur því ætíð eindregið fram, að hann hafi ekki ætlað sér að draga sér fé búsins, heldur hafi hann haft heimild föður erfingjanna tveggja, sem var lögráðamaður annars þeirra, til að nota féð um tíma, meðan hann aflaði leyfis til yfirfærslu á því. Það kemur einnig fram í skýrslum ákærða, að hann og fjölskylda hans hafi annast um hina látnu og varið til þess fé og tíma, sem hann hafi ekki farið fram á að fá greitt, en fengið loforð fyrir.

Útilokað var að fá staðfesta fullyrðingu ákærða um leyfi, er faðir erfingjanna og lögráðamaður annars þeirra hafi veitt honum til að nota fé búsins, þar sem viðkomandi var látinn.

Niðurstaða.

Telja verður sannað, að ákærði hafi með atferli sínu, sem hann hefur ekki mótmælt, að rétt sé lýst í ákæru, hafi hann brotið gegn 247. gr. almennra hegningarlaga (sic).

Þegar kemur að því að ákvarða ákærða refsingu, þá þykir rétt að líta til eftirfarandi atriða:

1. Ákærði hefur staðið skil á fullnægjandi greiðslum til dánarbúsins að því er séð verður, og gerði hann það, meðan á rannsókn stóð.
2. Ákærði annaðist hina látnu án endurgjalds.
3. Ákærði kann að hafa haft heimild látins manns, sem var lögráðamaður annars erfingjanna, til að nota að einhverju leyti fé búsins.

Með þessi atriði í huga er ákveðið að fresta ákvörðun um refsingu ákærða í 3 ár frá dómsuppkvaðningu og hún falli að þeim tíma niður, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Adolfs Garðars Guðmundssonar, skal fresta, og fellur refsing niður að liðnum 3 árum frá dómsuppkvaðningu, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 22. febrúar 1985.

Nr. 217/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ellert Guðmundssyni og
Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur
(Arnmundur Backman hrl.)

Dýravernd. Alifuglar. Brot gegn lögum um dýravernd.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessi var áfrýjað að ósk ákærðu með stefnu 14. ágúst 1984. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 16. janúar 1985.

Ákæra í máli þessu er ekki svo skýr sem skyldi, og ekki verður af henni séð, að hinum ákærðu sé gefið að sök að hafa tástýft

hænsni. Kemur það atriði því ekki til álita í málinu. Hins vegar þykir mega skilja ákæruna svo, að ákærðu sé gefið að sök, að þau hafi látið 8 hænsni ganga á fótstúfunum og með því gerst brotleg við 1. gr. laga nr. 21/1957 um dýravernd.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til þess, sem í héraðsdómi segir um húsakost, vanhirðingu og vanfóðrun og aðra meðferð alifugla þeirra, sem um er fjallað í ákæru, þykja ákærðu hafa gerst brotleg við þau lagaákvæði, sem í héraðsdómi greinir. Þykir refsing þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 15.000,00 króna sekt, og komi 12 daga varðhald í sektar stað hjá hvoru um sig, verði sektin ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Samkvæmt 19. gr. áðurnefndra laga nr. 21/1957, sbr. 1. gr. laga nr. 38/1968, skal báðum hinna ákærðu óheimilt í næstu 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja að eiga eða hafa í umráðum sínum alifugla, versla með þá, slátra þeim eða sýsla um þá með öðrum hætti.

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Dæma ber ákærðu til að greiða óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 9.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda þeirra fyrir Hæstarétti, 9.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærðu, Ellert Guðmundsson og Guðrún Jóna Halldórsdóttir, greiði hvort um sig 15.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu er báðum óheimilt í næstu 5 ár frá birtingu dóms þessa að telja að eiga eða hafa í umráðum sínum alifugla, versla með þá, slátra þeim eða sýsla um þá með öðrum hætti.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest.

Ákærðu greiði óskipt allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 9.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnmundar Backman hæstaréttarlögmanns, 9.000.00 krónur.

Dómur sakadóms Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 30. júlí 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæru, dags. 15. júní 1984, á hendur Ellert Guðmundssyni, fæddum 1. júní 1927 í Reykjavík, og Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur, fæddri 23. ágúst 1945 á Sólbakka í Helgafellssveit, báðum til heimilis á Barðastöðum í Staðarsveit.

„Fyrir að hafa, frá því í ársbyrjun 1984, vanhirt og vanfóðrað í óhæfum og óræstum húsakynnum á Barðastöðum, sem að hluta héldu hvorki vatni né vindum, allt að 200 hænsni og 200 endur þegar mest var, þannig að sumt drapst úr hor og aðrir fuglar lögðust á hræin, þar til yfirvöld létu lóga öllum fuglum, sem fundust á bænum, allt að 148 hænsnum, 5 kalkúnum, 1 gæs og 2 öndum. Voru hænsnin þá kleprótt af skít, 39 þeirra glithoruð og 8 hænsni gengu á stúfum eða höfðu verið tástýfð en við rannsókn tveggja andahræja af nokkrum, sem fundust á Barðastöðum 15. mars 1984, kom í ljós, að fuglarnir höfðu drepist úr hor.

Telst þetta athæfi ákærðu varða við 1. og 2. gr. sbr. 18. gr. laga um dýravernd nr. 21, 1957, sbr. 7. gr. laga nr. 75/1982.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmd til refsingar, til þess að vera svipt rétti til þess að eiga, nota, hafa í umráðum sínum, slátra eða sýsla um búfé nokkurrar tegundar samkvæmt 19. gr. laga um dýravernd og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Af hálfu ákærðu er krafist vægustu refsingar.

Ennfremur krefst skipaður verjandi ákærðu málsvarnarlauna sér til handa.

Málsvextir eru þessir helstir:

Þriðjudaginn 17. janúar 1984 fór héraðsdýralæknirinn í Snæfellsnesumdæmi, Rúnar Gíslason, að beiðni Jóhannesar Árnasonar sýslumanns að bænum Barðastöðum, Staðarsveit, til þess að líta eftir aðbúnaði kvikfénaðar á staðnum. Með í förinni voru Klemenz Eggertsson, fulltrúi sýslumanns, Ingólfur Ingvarsson yfirlögregluþjónn og Rögnvaldur Finnbogason, sóknarprestur að Staðarstað.

Í skýrslu héraðsdýralæknis segir svo:

„Öll aðkoma að bænum var hroðaleg. Bóndinn, Ellert Guðmundsson, (ákærði í máli þessu, ásamt Guðrúnu Jónu Halldórsdóttur), hafði m.a. ætlað að koma upp alifuglabúi. Í því skyni keypti hann útungunarvél og er kominn með talsverðan fjölda af fuglun (öndum, hænum, kalkúnum og gæsum). Elstu fuglarnir voru án húsaskjóls, en gátu að hluta hímt undir þaki fjárhúsrústa.

Saman gengu mjög misstórir fuglar (fullorðnar gæsir með stálpuðum hænu- og andarungum). Fóður var bersýnilega naumt skammtað og dýrin

mjög misgengin. Mikill hluti þeirra var afar illa haldinn, gindhoraður, blautur og skjálfandi úr kulda.

Inni í íbúðarhúsi voru ungar og yngri fuglar ásamt 5 kalkúnum og fáeinum kanínum. Einnig þar var aðbúnaði mjög ábótavant, auk þess sem íbúðarhús er engan veginn rétti staðurinn til fuglauppeldis, bæði hvað varðar almennt hreinlæti og sóttvarnir. Loftræsting var alls staðar afar léleg og hvorki hafði verið borið undir fuglana, né hreinsað frá þeim. Kalkúnarnir voru sér í litlu og loftlausu herbergi á efri hæð. Á þeirri hæð voru einnig stálpaðir hænuungar við mikil þrengsli og geysilegan sóðaskap. Á neðri hæð voru ungar í einu herbergi (mest andarungar). Einnig þar voru þrengsli og sóðaskapur mjög mikill og loftræsting sáralítil. Á gólfi á gangi efri hæðar voru nokkrar kanínur í búrum.

Ellerti var gefinn einnar viku frestur til að koma fullorðnu fuglunum á hús og bæta hirðingu og fóðrun allra dýra sinna, þannig að viðunandi mætti teljast. Átti hann að nota þann hluta af fjárhúsum staðarins, sem Narfi Kristjánsson bóndi að Hoftúnum hafði hjálpað honum að einangra. Áður var nauðsynlegt að tína lauslegt rusl út úr húsinu og bera moð eða annað á gólfið ofan á klaka, sem þar var.

Þann 27. janúar 1984 fór ég aftur að Barðastöðum ásamt Rúnari Gunnarssyni frá Böðvarsholti og kannaði ásigkomulag fullorðnu fuglanna, sem verið höfðu úti, við hinar verstu aðstæður þann 17. janúar.

Með aðstoð þeirra feðga Gunnars Bjarnasonar og Rúnars Gunnarssonar frá Böðvarsholti hafði Ellert komið fuglunum í áður umtalað fjárhús. Ekki hafði hann viljað þiggja moð, til að bera undir fuglana, taldi hann það hættulegt heilsu þeirra. Var því mikil forarleðja á gólfinu. Lofaði Ellert að útvega sag á gólfið, til að þurrka það. Utan við fjárhúsvegginn lágu nokkrir grindhoraðir andarungar, sem Ellert sagði hænurnar hafa drepið. Í þessari ferð vannst mér ekki tími til að kanna ástand fugla í íbúðarhúsinu, en bannaði Ellerti frekari útungun, fyrr en að fengnu samþykki mínu.

Gerði ég honum ljóst, að áður yrði hann að bæta húsakost og aðra aðstöðu. Að síðustu áminnti ég Ellert um að stía í sundur misstórum fuglum, þannig að þeir misgengjust ekki eða stærri fuglarnir dræpu þá minni, eins og hann talaði sjálfur um.

Fimmtudaginn 15. mars 1984 fór ég í 3ja sinn að Barðastöðum, í þetta sinn í fylgd með Kristófer Þorleifssyni héraðslækni frá Ólafsvík og Gunnari Bjarnasyni, Böðvarsholti. Sem fyrr var umhirðu á fuglunum mjög ábótavant. Ekkert hafði verið gert til að bæta húsakost, nema hvað sag hafði verið borið á fjárhúsgólf. Eigi að síður var þar mjög sóðalegt og slæmt loft. Ekkert hafði verið gert til að flokka fugla eftir aldri og tegundum, en þess í stað voru kalkúnarnir komnir inn á meðal hænsna og anda. Fuglum hafði fækkað mjög í íbúðarhúsi og voru þeir mjög misjafnlega á sig

komnir. Utan við fjárhúsvegg lágu nokkrar dauðar endur og sendi ég tvær þeirra til rannsóknar á Tilraunastöðina að Keldum. Einnig kom fram að Ellert er búinn að setja nokkurt magn eggja í útungunarvél, þrátt fyrir að ekki hafi verið gerðar neinar úrbætur á húsnæði fyrir unga."

Héraðsdýralæknir sendi tvær endur, sem fundust dauðar á bænum, til Rannsóknastöðvar Háskólans í meinafræði, að Keldum.

Í skýrslu yfirdýralæknis segir svo:

„Hingað bárust til rannsóknar tvær endur, fullorðinn steggur og ungi einnig steggur.

Fuglar þessir voru frá Barðastöðum í Staðarsveit, en þar hefur verið mikil vanhirða á fuglum að undanförnu að dómi héraðsdýralæknis.

Fuglar þessir voru sjálfdauðir, útataðir í skít og búnir að missa fjaðrir að hluta, einkum á bringu. Þeir voru glithoraðir og bringuvöðvar sleiktir.

Við krufningu kom í ljós að hvergi var fituögn að finna undir húð eða við vöðva. Vöðvar rýrir, slepjukenndir. Meltingarvegur var alveg tómur og leifar af fóðri hvergi finnanlegar, ekki heldur í fóarni. Hvergi fituörðu að sjá við líffæri, ekki einu sinni á hjarta.

Sjúklegar breytingar á líffærum voru hinsvegar ekki sjáanlegar, og má það merkilegt heita eins og aðbúð fuglanna hefir verið. Fuglar þessir voru ámóta horaðir, þó unginn sýnu verr á sig kominn.

Hor hefur orðið þessum fuglum að aldurtila, og virðist það afleiðing vanfóðrunar, þar sem ekki fundust sjúklegar breytingar við krufningu.

Virðingarfyllst,
Páll A. Pálsson"

Miðvikudaginn 28. mars sl. fór héraðsdýralæknir enn að Barðastöðum ásamt Jóhannesi Árnasyni sýslumanni, Ingólfi Ingvarssyni yfirlögregluþjóni og Gunnari Bjarnasyni hreppstjóra.

Hafði þá ekkert verið gert til að bæta að búnaði að fuglunum (sic). Þeim hafði ekki verið stíað sundur eftir aldri og tegundum, og enn voru egg í útungunarvél.

Fyrir lögreglu þann 23. mars sl. skýrði ákærði Ellert frá því, að hann hefði komið að Barðastöðum seinni hluta maí 1982, en hann kvaðst hafa keypt jörðina í nóvember 1981. Hann hefði síðan selt meðákærðu Guðrúnu Jónu jörðina í maí 1983 og síðan verið vinnumaður þar.

Um mánaðamót maí-júní 1983 hafi fyrstu fuglarnir komið á bæinn, 10 hænsnfuglar og um 20 endur. Síðan bættust endur við, um 100 fuglar, sem ungað var út úr eggjum, bæði úr varpi á bænum og úr aðkeyptum eggjum. Taldi ákærði, að ungað hafi út í allt nálægt 300 stykki (sic).

Ákærði sagði, að þá væru á bænum um það bil 200 hænsni og rúmlega 200 endur, 10 gæsir og 4 kalkúnar.

Ákærði kvaðst aldrei hafa selt, hvorki egg né fuglakjöt, en hann hefði slátrað um það bil 20-30 öndum til heimanota.

Ákærði sagði, að er fyrstu fuglarnir hafi komið að bænum, hafi verið til eitt útihús, sem hægt var að loka, og hafi hænsnin verið höfð þar. Önnur útihús hafi verið opin og hefðu fuglarnir getað verið í skjóli þar.

Um 20. janúar sl. voru allir fuglarnir, sem voru útivið, fluttir í eitt húsanna, sem hafði verið einangrað og vindþéttað.

Útungun hafi farið fram í gamalli hlöðu, áfastri við íbúðarhúsið.

Ungar hefðu verið fyrst fluttir í íbúðarhúsið og aldir þar 3-4 fyrstu vikurnar, en þeim síðan sleppt með hinum fuglunum, sem úti voru.

Ákærði kvaðst frá því í október hafa fengið, ca. 6 tonn af fóðurkorni, ca. 7 tonn af kartöflum og nokkur tonn af brauði.

Kvaðst ákærði yfirleitt hafa gefið fuglunum tvisvar á dag, en stundum einu sinni. Gjöf hefði fallið þrisvar sinnum niður um veturinn, einn dag í senn.

Fyrir dómi sama dag kvaðst ákærði Ellert vera vinnumaður á bænum og í verkahring hans væri að sjá um hirðingu og fóðrun alifugla á búinu.

Aðspurður sagði ákærði meðákærðu Guðrúnu Jónu bóndann á bænum.

Ákærða er kynnt skýrsla héraðsdýralæknis, dskj. nr. 1, og sagði ástand fuglanna ekki rétt lýst þann 17. jan. sl..

Sagði ákærði, að eins lítill hluti fuglanna hafi verið þá eins og lýst er þá í skýrslu dýralæknis, og taldi hann aðbúnað öðrum en fóðrun fuglanna þá hafa verið ábótavant. Ákærði sagði ennfremur, að ekki væri rétt, að fóður hafi verið naumt skammtað.

Vel hafi loftað um fuglana, sem voru í íbúðarhúsinu, og ekki þröngt um þá. Ákærði kvaðst moka undan fuglunum, minnst vikulega og oftar hjá sumum. Ákærði sagði, að nægt fóður hafi verið til í umrætt sinn, kartöflur og brauð svo og fóðurkorn, ca. 15 pokar af fóðurkorni.

Ákærði sagði rangt, að héraðsdýralæknir hafi bannað sér þann 27. jan. sl. að unga út fleiri ungum fyrr en að fengnu samþykki sínu, heldur mætti ákærði ekki fjölga fuglunum, fyrr en hann hafi komið upp betri aðstöðu fyrir ungana.

Aðspurður kvaðst ákærði gefa fuglunum brauð og kartöflur saman í 15 dalla, sem taki ca. 13 lítra, og sé það dagskammturinn.

Ákærði sagði, að í fjarveru hans hirti meðákærða Guðrún um fuglana.

Ákærði kveðst ekki hafa átt sag til að setja undir fuglana, er hann setti þá í hús, og sagði ákærði, að honum hafi verið boðið moð frá kúm, en hann hafi heyrt það, að það geti verið hættulegt heilsu fuglanna, og því ekki þegið það.

Ákærði kvaðst viðurkenna, að lítill hluti unga hafi ekki verið viðunandi hraustlegir þ. 17. jan. sl. og lýsing héraðsdýralæknis á ástandi þeirra því

röng. Nokkrir fuglar hafi að vísu verið með klakadröngla aftan úr sér. Fuglarnir hafi ekki verið grindhoraðir.

Aðspurður sagði ákærði það rangt, sem héraðsdýralæknir segði um ástand nokkurra dauðra andarunga þ. 27. jan. sl. Þeir hafi ekki verið grindhoraðir. Þeir hafi nýverið komnir út úr íbúðarhúsinu og hænurnar hafi kroppað í þá og drepið þá.

Ákærði kvaðst viðurkenna, að aðbúnaði fuglanna hafi verið ábótavant, en aldrei viðurkenna, að um vanfóðrun hafi verið að ræða.

Vitnið Guðmundur Kristjánsson bóndi, f. 5/6 1924, skýrði frá því fyrir lögreglu þann 2/4 sl., að hann hafi komið að Barðastöðum um mánaðamót sept/okt. sl. Hafi hann séð endur og gæsir þar og hafi það verið fallegir og hraustlegir fuglar. Síðan hafi hann ekki komið að Barðastöðum fyrr en í fyrri hluta janúar. Þá hafi ákærði Ellert hringt til vitnisins og beðið hann að fara að Barðastöðum til þess að gegna fuglunum. Ákærði Ellert hafi þá verið staddur í Reykjavík og ákærða Guðrún Jóna ein að Barðastöðum með lítið barn þeirra Ellerts. Ellert hafi hringt að kvöldi, en þá hafi verið mjög slæmt veður og bylur og hafi hann því ekki komist þá um kvöldið að Barðastöðum. Hann hafi ekki komist fyrr en eftir hádegi daginn eftir. Er hann kom að Barðastöðum hafi enn verið slæmt veður og erfitt að gefa fuglunum vegna þess. Hafi fuglarnir verið heima við íbúðarhúsið og lágu þeir þar í skjóli við dráttarvélar, sem þarna eru á hlaðinu. Voru þetta eingöngu endur. Mætti (sic) kvaðst hafa hitt ákærðu Guðrúnu á Barðastöðum þetta sinn og hafa spurt hana, hvort hann ætti að gera fleira, en hún kvað svo ekki vera. Vitnið sagði, að hann hafi gefið fuglunum fóðurblöndu, sem var geymd í einu útihúsanna. Þá hafi verið ca. 10 pokar af fóðurblöndu í þessu útihúsi. Ekki kvaðst vitnið vita, hvort meira fóður hafi verið til á Barðastöðum, þegar þetta var. Vitnið kvaðst ekki hafa geta gert sér grein fyrir því, hvernig ástand fuglanna var, þegar þetta var, og heldur ekki, hvort allir fuglarnir hafi fengið æti, en hann kvaðst þó hafa reynt að gefa öllum fuglunum. Vitnið kvaðst síðan hafa komið þarna í næsta skipti síðast í febrúar eða byrjun mars sl. Þá hafi fuglarnir verið búnir að vera í húsi í nokkurn tíma. Þá hafi þeir verið orðnir mjög drullugir, en hann kvaðst ekki hafa gert sér nánari grein fyrir ástandi þeirra að öðru leyti.

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dómi þann 10. þ.m.

Vitnið Gunnar Eiríkur Bjarnason hreppstjóri, f. 16/11 1922, skýrði frá því, fyrir lögreglu þann 4/6 sl., að hann hafi komið að Barðastöðum af og til frá því að núverandi ábúendur komu þar á síðastliðnu vori. Hann hafi komið þarna ýmissa erinda, og því hafa séð hvernig ýmislegt tók breytingum í ástandi á Barðastöðum. Var það bæði umgengni við bæinn og við húsin, sem fuglarnir voru hafðir í. Þegar haustaði og kólnaði hættu fugl-

arnir að ná í vatn, og skjól var lítið, þar sem öll hús, sem fuglunum voru ætluð, voru opin fyrir vindum og vatni. Fram undir áramót hafi verið nokkuð gott ástand á fuglunum, en eftir það hafi þeim hrakað verulega. Frá því um jól voru alger jarðbönn og frosthörkur oft á tíðum og regn til þess að mynda polla fyrir fuglana hafi ekki komið í allan vetur þangað til 1. og 2. apríl. Vitnið kvaðst hafa farið að Barðastöðum í janúar sl., í kringum þann 20, til þess að aðstoða ábúendur við að laga til í húsi, sem hafði verið einangrað, til þess að koma fuglunum í húsaskjól. Rúnar, sonur vitnisins, hafi verið með honum í það sinn. Hreinsuðu þeir þá timburdrasl og kassa, sem voru í húsinu, mokuðu úr því snjó og þéttu op á húsinu. Þetta hafi tekið tvo daga og ákærði Ellert hafi hjálpað þeim seinni daginn, en ekkert þann fyrri. Er vitnið og Rúnar höfðu lokið því, sem þeir ætluðu að gera, hafði vitnið tal af ákærða Ellerti, og vildi vitnið þá flytja fuglana í húsin, sem þeir höfðu verið að undirbúa, en ákærði Ellert taldi þá þess ekki þörf og kvaðst þá ætla að gera það sjálfur daginn eftir. Vildi vitnið ekki hlusta á það, og hófust þeir handa við að flytja fuglana, og hjálpaði ákærði Ellert þá við að koma fuglunum fyrir. Vitnið sagði, að flestir fuglarnir hafi verið blautir og hraktir, og stór hluti þeirra voru rennblautir og kaldir.

Voru nokkrir fuglanna svo máttfarnir, að það varð að bera þá í húsið. Vitnið kvaðst hafa orðað það við ákærða Ellert, að hann þyrfti að stúka húsið niður, svo að ekki gengju saman stórir og litlir fuglar eða ungar með fullorðnum fuglum. Hefði ákærði Ellert sagt, að hann ætlaði að gera það, en vitnið sagði að það hafi aldrei verið gert. Vitnið kvaðst hafa vitað, að fuglar höfðu verið settir í íbúðarhúsið að Barðastöðum einhvern tíma á sl. sumri. Voru það mest ungar, en einnig fullvaxnir kalkúnar svo og nokkrar kanínur. Virtust kalkúnarnir lifa góðu lífi, en ungarnir voru sýnilega illa haldnir, blautir og loftlaust hjá þeim. Kvaðst vitnið hafa séð dauða unga meðal þeirra. Kvaðst vitnið hafa verið undrandi á aðbúnaði fuglanna, en tók fram, að hann sé ekki fróður um fuglabúskap. Vitnið kvaðst hafa, er hann var að lagfæra húsið, orðað það við ákærða Ellert, að hann þyrfti nauðsynlega að lagfæra aðbúnað fuglanna, og hefði ákærði svarað því til, að hann ætlaði að koma því í framkvæmd, en ekki tilgreint hvenær það yrði. Hafi ákærða Ellerti alltaf fundist, að ekki væri neitt sérstaklega athugavert við aðbúnað á fuglunum. Vitnið tók fram, að honum hafi í rauninni blöskrað meira umgengnin og aðbúnaður fólksins í íbúðarhúsinu, heldur en aðbúnaður fuglanna á staðnum, þó að slæmur væri.

Vitnið staðfesti skýrslu sína fyrir dómi þann 10. þ.m. Vitninu var kynnt skýrsla héraðsdýralæknis Snæfellsnesumdæmis og sagði ástandi og aðbúnaði fuglanna þ. 17. jan. sl. og 15. mars sl. rétt lýst í skýrslu héraðsdýralæknis.

Vitnið Narfi Kristjánsson bóndi, f. 8/4 1926, kvaðst fyrst hafa komið að Barðastöðum síðastliðið haust og hafi þá verið ungað út fyrir vitnið nokkrum hænuungum að Barðastöðum. Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð annað en allt hafi þá verið í lagi með fuglana á bænum. Hafi fuglarnir þá bæði verið inni í húsunum og úti við.

Vitnið sagði, að ekki hafi verið annað að sjá, að nægt fóður hafi verið fyrir hjá fuglunum. Þeim hafi verið gefið úti, og kveðst vitnið hafa séð fóðurdalla með brauði í.

Næst kvaðst vitnið hafa komið að Barðastöðum í desember sl. og hafi hann þá aðstoðað ákærða Ellert við að setja einangrunarplast í loftið á einu útihúsanna.

Vitnið segir, að ágætis veður hafi verið í þetta sinn og hafi fuglarnir bæði verið úti og í húsinu við hliðina á því, sem þeir voru að einangra. Í síðarnefnda húsinu hafi hænsnfuglarnir verið og hafi það verið lokað. Vitnið kvaðst ekki hafa getað séð annað en að fuglarnir hafi þá verið vel aldir, þurrir og hreinir. Kveðst vitnið ekki hafa getað séð neitt athugavert við fuglana. Þetta hafi verið upp úr miðjum desember.

Vitnið sagðist hafa séð á að giska hálft tonn af fóðurkögglum í einu útihúsanna.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð neina dauða fugla í þessi skipti.

Vitnið kvaðst síðan hafa komið síðast að Barðastöðum fyrir um það bil 2-3 vikum síðan. Vitnið kvaðst hafa hjálpað ákærða Ellert að bera fóður inn í hús. Hafi það verið í það minnsta hálft tonn af fóðurkorni og eitthvað af brauði í pokum.

Í þetta skipti hafi hann séð 2-3 endur dauðar fyrir utan útihúsin.

Hinir fuglarnir hafi verið inni og hafi sér virst hænsnin líta vel út, en endurnar hafi verið dálítið óhreinar, en að öðru leyti virst vel haldnar.

Vitnið Jóhannes Lúter Gíslason, forðagæslumaður og bóndi, f. 16/8 1945, bar fyrir dómi þann 2. apríl sl., að hann hefði ekið alloft um hlaðið að Barðastöðum frá því síðastliðið vor. Kvaðst vitnið hafa átt þar leið um, er það fari til reka og við smalamennsku.

Vitnið kvaðst aldrei hafa farið að Barðastöðum til að athuga hirðingu fugla eða fóðurbirgðir á bænum. Hann hafi aðeins séð þá fugla, sem hafi verið úti við, er hann hafi átt leið um. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa komið að Barðastöðum frá því í október, er hann hafi átt þar leið um við smalamennsku, og fram í febrúar sl.

Í október kvaðst vitnið hafa séð hænsni, endur og gæsir úti við, og kvaðst vitnið ekki hafa séð neitt athugavert við fuglana. Þeir hafi virst ágætlega á sig komnir.

Frá því í febrúar sl. kvaðst vitnið hafa komið í það minnsta 2-3 sinnum að Barðastöðum.

Í þessi skipti hafi vitnið séð gæsir og endur úti við og hafi sér virst gæsirnar vel á sig komnar, en verulegur hluti af þeim öndum sem hann hafi séð utandyra, hafi verið skítugar og misjafnlega á sig komnar. Vitnið sagðist engin hænsni hafa séð úti við og kveðst ekkert hafa litið í útihúsin.

Vitnið kvaðst hafa átt leið um hlaðið á Barðastöðum í dag, er hann hafi verið að fara til reka. Kvaðst vitnið hafa séð tvær endur utandyra. Hafi sér litist svo á þessar endur, að þær væru vanfóðraðar, en hefðu þó verið hreinni að sjá en áður.

Vitnið Rúnar Gunnarsson bóndi, f. 6/8 1962, bar fyrir dómi sama dag, að hann hafi komið nokkrum sinnum að Barðastöðum, fyrst í maí sl. og síðan nokkur skipti sl. sumar. Hafi fyrstu fuglarnir komið um vorið og síðan hafi þeim verið fjölgað fram á haust.

Fuglarnir hafi verið úti við, en ungar inni í íbúðarhúsinu. Vitnið sagði, að ekkert hafi virst ábótavant um hirðingu fuglanna þá.

Vitnið kvaðst hafa farið að Barðastöðum í lok október sl.

Úti við hafi verið margar endur og nokkrar gæsir og ekki hafi verið annað að sjá en allt hafi verið í lagi með fuglana.

Ákæroði Ellert hafi sýnt þeim inn í íbúðarhúsið, m.a. sýnt þeim unga, sem hafi verið í herbergi við hliðina á eldhúsinu. Vitnið kvaðst telja, að allt hafi verið í lagi með ungana.

Á efri hæð íbúðarhússins hafi verið, í einu herbergi, hænsni, en í öðru 4-5 kalkúnar.

Hænsnin hafi verið ca. 30-40 og hafi verið allnokkur bleyta á gólfinu í herberginu og hænsnin blaut og óhrein. Hjá kalkúnunum hafi allt verið þurrt og þeir vel á sig komnir.

Vitnið kvaðst síðan hafa farið næst að Barðastöðum í kringum 20. jan. sl. ásamt föður sínum, Gunnari, til að hreinsa út úr gömlu fjárhúsi, sem ákæroði Ellert hafi einangrað. Hafi þeir feðgar hreinsað kassa- og spýtudrasl út úr húsinu, mokað snjó út og lokað götum á húsinu. Ennfremur hafi þeir sett upp prik fyrir hænsnin.

Hafi þetta tekið tvo daga og hafi ákæroði Ellert ekkert hjálpað til fyrri daginn, einungis þann seinni.

Vitnið sagði, að sæmilegt veður hafi verið fyrri daginn, en síðari daginn hafi verið leiðindaveður með éljum.

Vitnið sagði endurnar og gæsirnar hafa verið úti og hafi þeir rekið þær í húsið sem þeir hafi verið að hreinsa, síðari daginn.

Ákæroði Ellert hafi ekki viljað setja fuglana, sem úti voru, í hús síðari daginn. Hafi hann sagt, að hann gæti alltaf gert það sjálfur. Vitnið sagði, að þeir feðgar hafi ansað því engu og sett endurnar og gæsirnar inn.

Meirihluti andanna hafi verið illa útlítandi, blautar og drullugar. Áður

en þeir hafi komið fuglunum í hús, hafi þessir fuglar ekki haft neitt afdrep nema hús, sem opið hafi verið í báða enda.

Fyrri daginn er þeir hafi verið þarna hafi ákærði Ellert gefið öndunum uppbleytt brauð, ca. fjóra dalla, og hafi endurnar og gæsirnar etið upp úr þeim á mjög skömmum tíma.

Vitnið kvaðst hafa farið út að döllunum og hafi þeir verið sleiktir að innan.

Vitnið kvaðst vera þess fullvisst, að aðeins hluti, þeir sterkustu og þá helst gæsirnar, hafi náð í fóðrið, en hinir veikari orðið útundan.

Greinilegt hafi verið, að verulegur hluti andanna hafi verið illa haldinn af kulda og vosbúð. Hafi sumar endurnar verið mjög veikburða og legið fyrir.

Vitnið kvaðst ekki hafa séð neina dauða fugla í þetta skipti.

Vitnið kvaðst síðast hafa komið að Barðastöðum með héraðsdýralækninum þann 27. jan. sl. hafi þá greinilega ekkert verið gert og allar tegundir af fuglum í sama húsinu, endur, hænsni og gæsir. Bleytuslabb hafi verið á gólfinu, fuglarnir rennandi blautir og forugir.

Vitnið sagði, að dýralæknirinn hafi bent ákærða Ellerti á að stía hefði þurft fuglunum í sundur eftir tegundum og stærð og hafi ákærði virst hissa á því, að það þyrfti.

Hafi vitninu virst eitthvað af fuglunum vera veikburða.

Fyrir utan húsið, við dyrnar, hafi legið í kös 6 til 8 dauðir fuglar, endur eða hænsni, sem ákærði Ellert sagði hænurnar hefðu drepið.

Ákærða, Guðrún Jóna Halldórsdóttir, kvaðst, fyrir dómi þann 6. apríl sl. hingað til hafa verið bóndi á Barðastöðum.

Ákærða kvaðst aðspurð vera eigandi og umráðamaður allra alifugla á búinu að Barðastöðum.

Meðákærði Ellert væri vinnumaður á bænum.

Aðspurð sagði ákærða Ellert Guðmundsson ekki vera sambýlismann ákærðu og hún ein væri bóndi og forsvarsmaður búsins.

Ákærða kvaðst hafa keypt jörðina í maí 1983 af meðákærða Ellerti og hann þá gerst vinnumaður á bænum.

Ákærða sagði, að það væri m.a. í verkahring meðákærða Ellerts að sjá um hirðingu og fóðrun alifugla á búinu, en hún hjálpi til og ef meðákærði Ellert fari af bænum þá sjái hún um hirðinguna.

Fyrstu fuglarnir hafi komið að Barðastöðum vorið 1983, en hún kvaðst ekki muna hve margir.

Smám saman hafi bæst fleiri í hópinn, bæði með útungun úr eggjum á staðnum og með aðkeyptum fuglum, bæði endur og hænsnfuglar.

Flest hafi verið um 200 hænsni og 200 endur, ennfremur hafi verið á bænum 8 gæsir og 5 kalkúnar.

Engir fuglar hafi verið seldir og engin egg.

Fyrst hafi fuglarnir verið látnir vera úti, en síðan hafi þeir verið látnir í útihús, en ungarnir, sem ungað hefði verið út, hafi fyrst verið hafðir í íbúðarhúsinu, bæði á neðri og efri hæð. Er þeir hafi verið orðnir nógu stálpaðir til að bjarga sér, hafi þeir verið settir í útihús. Hafi í fyrstu allar tegundir af fuglunum verið hafðar saman án þess að vera stíað sundur eftir tegund eða aldri. Þó hefði nú síðast hænsnunum eitthvað verið stíað frá öðrum fuglum.

Fuglunum hafi verið gefið korn og brauð, á annan poka af korni á dag nema því meira af brauði hefði verið gefið.

Alltaf hafi verið til nægilegt fóður.

Aðspurð sagði ákærða, að eitthvað af fuglum hafi drepist á búinu, en kvaðst ekki vita hve margir, en þeir hafi ekki verið óeðlilega margir.

Þann 5. apríl sl. fór héraðsdýralæknir Dalaumdæmis, Rögnvaldur Ingólfsson, að bænum.

Í skýrslu hans segir m.a.:

„Þegar við komum að Barðastöðum var bóndinn, ákærði Ellert Guðmundsson, fjarverandi. Opið var inn í eitt af fjárhúsunum og fór ég að dyrunum og í gættina. Inni fyrir voru nokkrir tugir hænsna og einn kalkún. Tvö hænsnahræ lágu á gólfinu og stóðu nokkrar hænur yfir þeim og kroppuðu í. Ekkert fóður var í trogum sem voru á gólfinu. Mörg hæsnanna voru illa útlítandi. Forug, úfin og dauð (hímdu). For var á gólfi. Húsið virtist illa einangrað. Ellert Guðmundsson kom fljótlega í hlaðið og sagði hann mér að ég fengi ekki að ganga inn í húsin til skoðunar. Af þeim sökum var ekki unnt að athuga fuglana og aðstæður nánar. Þó virðist ljóst af því sem ég sá, að aðbúnaður hænsnanna að Barðastöðum var langt frá því að vera fullnægjandi hvað snertir húsakost og fóður þann 5. apríl."

Um ástand fuglanna á bænum þann 6. apríl sl. segir m.a. svo í skýrslu héraðsdýralæknis Snæfellsnesumdæmis:

„Almennt ástand á bænum hafði síst skánað frá því sem var við fyrri ferðir mínar þangað. Hvert sem litið var blasti við meiri sóðaskapur og viðbjóður en nokkur orð fá lýst. Í fjárhúsum voru nálega eitt hundrað hænur og fjórir kalkúnar, einnig ein gæs utan við fjárhús. Þann 28.03.1984 voru þar einnig fjölmargar endur, blautar og forugar. Þær höfðu hins vegar verið fluttar á brott. Ástand fuglanna, sem eftir voru, var afar bágborið. Þeir voru glorsoltnir og flestir grindhoraðir. Nokkur hræ af hænum lágu á dreif um gólfið og höfðu fuglarnir lagst á þau. Við slátrunina kom í ljós að tærnar vantaði að hluta á allmargar hænur. Inni í íbúðarhúsi voru fuglar í tveim herbergum. Á neðri hæð tvær stálpaðar endur og tveir stálpaðir hanar auk fimmtán hænuunga, 1-3ja daga gamalla. Fuglarnir voru í eins konar hillukössum. Endurnar voru með snúna fætur og gátu ekki

staðið, en fæturna vantaði á báða hanana. Tveir unganna voru lagstir og að dauða komnir, Á gangi efri hæðar voru fjórar kanínur, sæmilega á sig komnar, en þó allar kvefaðar. Í herbergi á efri hæð voru liðlega tuttugu hænur, mjög illa haldnar."

Héraðsdýralæknarnir hafa staðfest skýrslur sínar fyrir dómi.

Dýr þau, sem fargað var þann 6. apríl, voru send að Tilraunastöð Háskólans í meinafræði að Keldum til rannsóknar.

Skýrsla Tilraunastöðvar er svohljóðandi:

„Skýrsla um skoðun á fiðurfé frá Barðastöðum, Staðarsveit.

Þann 6. apríl 1984 óskaði Klemenz Eggertsson, fulltrúi sýslumannsins í Stykkishólmi eftir því að fá brennd egg og fiðurfé sem deytt hafði verið á Barðastöðum í Staðarsveit.

Komið var með fugla þessa og egg og fjórar kanínur að kvöldi sama dags að Tilraunastöðinni að Keldum v/Vesturlandsveg.

Hafist var handa um að skoða fuglana laugardaginn 7. apríl og því haldið áfram mánudag 9. apríl.

Egg: Hér var um að ræða egg í bökkum líklega nálægt 100 eggjum. Sumir bakkanir voru ekki alveg fullir. Egg þessi voru að mestu heil. Auk þess voru í tveim pokum töluvert magn af eggjum, bæði hænuegg og andaregg að því er virtist. Allt var það meir og minna brotið og því tilgangslaust að rannsaka það nánar. Munu þetta hafa verið egg úr útungunarvél, því sum voru fúl, en hálfþroskaðir ungar í öðrum.

Ungar: Hér var um að ræða unga nýskriðna úr eggjum 10-15 stk. Ungarnir höfðu verið með klessing og mikið eftir af eggjaleif í þeim. Með sýklarannsókn var leitað eftir orsök kjúklingasóttar, Salmonella ullorum, og var sú sýking staðfest. Ungarnir höfðu verið drepnir.

Kalkúnar: Sendir voru fimm kalkúnar sem höfðu verið hálshöggnir. Tveir karlfuglar (11,5 og 8,5 kg) voru í sæmilegum holdum og þrjár hænur (6,5, 5,6 og 4,4 kg). Hænurnar voru magrar og sú léttasta mjög mögur, varla fituögn að finna á skrokk. Meinsemd í lifur, gulir hnútar að hluta kalkaðir. Annars voru kalkúnarnir heilbrigðir að sjá.

Villigæs: Gæsin var vel feit 3,3 kg. Við líffæraskoðun fannst ekkert athugavert.

Endur: Tvær gular húsendur, báðar í sæmilegum holdum. Báðar voru bæklaðar á fótum, fætur snúnir og áberandi hrúður og sár kring um augu. Endurnar voru 1,2 og 1,4 kg að þyngd. Þessar endur litu mun betur út heldur en tvær endur frá þessu búi sem bárust hingað 16. mars 1984. Þær endur voru svo glithoraðar að segja mátti að þær væru ekki nema skinn og bein. Virtust þær hafa orðið sjálfdauðar.

Hænsni: Hingað bárust 133 hænsni. Þau voru mjög misjafnlega vel á sig komin. Sum voru í góðum holdum, önnur í sæmilegum holdum en 39

hænur voru glithoraðar. Við líffæraskoðun fundust ekki sjúkleg einkenni á þeim 40 hænum sem krufðar voru. Engin af þessum hænum virtist hafa verið í varpi. Hænurnar voru skítugar, skítakleprar í fiðri og á fótum. Þyngd var misjöfn frá 550 gr. upp í 2000 gr., enda misgamlar. Áberandi var að í sarpi flestri hænsnanna var þurrt samanpakkað fóður, fóðurkögglar. Umráðamaður Ellert Guðmundsson upplýsti að hann hefði fóðrað hænsnin undanfarið á brauði og kartöflum, of einhæfu fóðri fyrir varphænur. Í öðrum hænsnum var innihald í sarpi eðlilegt, grautarkennt mjölfóður. Í nokkrum hænsnum, þeim mögrustu, ekkert fóður í meltingarvegi. Ekki leikur vafi á því að hluti af hænunum hefur búið við vanfóðrun.

Fjórar *kanínur* voru í þessari sendingu. Þær voru í sæmilegum holdum. Á tveim þeirra innþornaður hor kringum nasir. Líffæraskoðun leiddi ekkert sjúklegt í ljós.

Sjö hanar og ein hæna höfðu misst framan af tánum. Voru sár á tánum ekki gróin enda hafði myndast ígerð og langvinn bólga í sumum þeirra. Verst voru tveir af hönunum farnir, þeir gengu á stúfum, höfðu misst fótinn um legginn annarsvegar, en á hinum fætinum var stúfurinn nokkuð lengri, en tærnar þó að mestu eða alveg horfnar. Í stúfendunum langvinn bólga.

Ekki verður með vissu sagt hvað valdið hefur þessum örkumlum fuglanna, en sennilegt er að um áverka hafi verið að ræða.

Lokaorð:

Hingað hafa borist alls fjórar húsendur frá þessu búi, tvær voru drepnar, tvær sjálfdauðar. Voru þær síðastnefndu svo glithoraðar að kalla mátti að þær væru lítið annað en skinn og bein (sjá bréf dagsett 19. mars 1984).

Eitthundrað þrjátíu og þrjú hænsni hafa verið skoðuð frá þessum bæ. Af þeim reyndust 39 mjög horaðar, sumar glithoraðar.

Þar sem sérstakir sjúkdómar fundust ekki í þessum fuglum, sem áhrif gætu haft á þrif þeirra, verður að álykta að um vanfóðrun fuglanna hafi verið að ræða.

Rétt er að lokum að geta þess að sérstaka heimild þarf til að unga út eggjum í vél sbr. reglugerð nr. 7/1983. Ekki er vitað til þess að Barðastaðabúið hafi haft slíka heimild.

17.4.1984

Páll A. Pálsson"

„Athugun á hænsnum frá Barðastöðum, Staðarsveit, Snæf. H312/1984 - 8 hænsni með skerta ganglimi (7 hanar og 1 hæna):

No.1. *Hvítur hani,* 1,65 kg. Feitur, þurr, hreinn. Hefur sýnilega verið inni. Ekkert finnst athugavert við innri líffæri. Kambur fallegur ókalinn.
Fætur: Hægri fótur:
Vantar neðan á fótinn allar tærnar og gangþófa svo að sjá sem höggvið hafi verið eða klippt neðan af fætinum í kjúkulið við fótlegg og án þess að fótleggurinn (Os tarsometatarsus, II,IV) hafi verið skertur. Smáflísar eða brot af kjúkubeinum loða við liðbönd. Sárskorpa hylur stúfinn ½-2mm þykk. Hún er þurr og hörð og vessar hvergi úr henni og matarleifar (brauðmylsna eða mjölkorn) klesstar í skorpuna. Skorpan losnar af auðveldlega eins og hetta og við blasir stúfurinn ber og blóðrisa og ekki er gróið fyrir né farið að dragast saman sárið frá brúnunum svo heitið geti. Bólga hefur komið í fótastúfinn og er endinn gildnaður nokkuð en ekki mikið. Sárið getur ekki verið mjög gamalt. Spori virðist eðlilegur miðað við kynþroska dýr en eistu voru þroskuð um 3,5×2,0×2,0 cm.
Vinstri fótur:
Vantar neðan á fótinn sporann og allt neðan við þann stað. Hálfur fótleggurinn neðan við hækil er eftir. Yfir stúfnum er sárskorpa eins og á hægri fæti Hér virðist hafa orðið meiri bólga og beinendinn hefur gildnað verulega og beinmyndun orðið umhverfis og ofan við sárið. Undir skorpunni er sárið þó fremur hreint og ekkert vessar úr sárinu. Skinnið á fætinum ofan við stúfinn virðist eðlilegt og ekki bera merki kals.

No.2: *Svartur hani,* 1,25 kg. Þurr, fremur hreinn. Kambur er fallegur þess ekki merki að hafa kalið. Ekkert finnst óeðlilegt við innri líffæri. Húð eðlileg einnig á fótum sem virðast stýfðir af manna völdum eins og á nr. 1.
Fætur: Hægri fótur:
Stuttur spori, virðist stýfður (klipptur af eða sorfinn). Framan á 3 lengstu tærnar (II,III og IV) vantar klærnar. Svo er að sjá sem þær hafi verið klipptar af í liðamótunum fremstu, þ.e. klóin og klóbeinið. Gróið hefur fyrir stúfana og er ekki að sjá sárskorpu en blóðlitur sést á smábletti undir hverri tá á klóarstað, þótt yfirhúð klæði sárið að mestu. Ekki hefur komið mjög illt í sárin að því er virðist og eru tærnar óverulega gildnaðar fremst.
Vinstri fótur:
Neðan við hækil u.þ.b. 1 þumlung frá hæl er fóturinn í sundur og vantar (sic). Sama umsögn og um vinstri fót á no.1 nema bólga hefur ekki orðið jafn langvinn.

No.3: *Grár hani,* 1,66 kg. Holdugur en ekki mörvaður. Bringubeinsbrotinn fyrir nokkru. Sporar aðeins kórtur hafa líklega verið klipptir. Þetta er kynþroska fugl, eistu stór og þroskamikil eins og við no. 1 (no.2 einnig kynþroska að því er virtist).
Hægri fótur:
Klær hafa verið klipptar að því er virðist af öllum tám eða snyrtar réttara sagt. Við það hafa komið sár í klórótina á 3 tám af 4 og langvinn bólga hlotist af sem nú er úr tánum og er nú gróið.
Vinstri fótur:
Hér hafa klær verið klipptar af og klóbeinið skaddað að því er virðist af manna völdum eins og á no. 1-2. Bólga hefur hlaupið í klórótina á öllum tám orðið langvinn og tærnar hafa gildnað.

No.4: *Hvítur hani,* 1,85 kg. Holdugur en er ekki mörvaður. Sæmilega hreinn og þurr. Hefur sýnilega verið inni. Kynþroska. Eistu stór. Sporar stuttir virðast hafa verið klipptir.
Fætur.....
Tær hafa allar verið klipptar. Klóin og víðast klóbeinið einnig í liðamótum en sums staðar er flís eða brot af klóbeini eftir. Illt hefur komið í allar tær og mikil og kvalafull bólga verið í langan tíma því að tærnar einkum miðtáin á báðum fótum (no. III) eru gildnaðar af langvinnri bólgunni og bandvefur þar aukinn og beináhlæði mikið. Miðtáin er tvöföld að gildleika á báðum fótum. Opin sár á öllum tám og hefur ekki náð að gróa fyrir stúfana. Sár eru á báðum gangþófum. Svipuð umsögn um báða fætur.

No.5: *Hvítur hani,* 1,55 kg. Bringubrotinn fyrir nokkru. Sæmilega holdugur en ekki mörvaður. Kynþroska. Eistu stór.
Fætur.....
Umsögn eins og við nr.4. Kló á inntám (No. I) er þó skert en ekki klippt af hér.

No.6: *Hvítur hani,* 1,32 kg. Magur. Óhreinn.
Umsögn eins og við no. 5.

No.7: *Hvítur hani,* 1,00 kg. Horaður. Óhreinn.
Fætur.....
Umsögn eins og við no. 4.

No.8: *Grá hæna,* 0,83 kg. Grindhoruð og vanþroskuð. Óhrein. Fætur.....
Umsögn eins og við nr. 4."

Skýrslur þessar hafa verið staðfestar fyrir dómi af Páli Agnari Pálssyni yfirdýralækni og Sigurði Sigurðssyni dýralækni.

Vitnið Þórður Gíslason bóndi, Ölkeldu, Staðarsveit, skýrði frá því fyrir dómi, þ. 10/5 sl., að hann hefði heyrt því fleygt í sveitinni, að ákærði Ellert hefði sagst hafa hoggið ganglimi af nokkrum hönum á bænum, vegna þess að þeir hefðu verið að áreita barnið á bænum, Halldóru.

Ekki gat vitnið nefnt neinn sérstakan fyrir þessu.

Fyrir dómi þ. 29. sama mánuð sögðu ákærðu, að ganglimir þessara fugla hefðu skerst við kal.

Hefðu fuglarnir sloppið út og ekki fundist fyrr en nokkrum dögum síðar.

Um það bil mánuði eftir að þeir hefðu verið teknir aftur í hús hefði farið að detta partar af fótum þeirra.

Vitnið Jóhannes Björgvinsson lögreglumaður, f. 18/12 1950, kom fyrir dóm þ. 10. þ.m.

Vitnið sagði aðkomuna að bænum Barðastöðum þ. 6. apríl sl. slæma, sóðaskapur hafi verið mikill á bænum.

Vitnið sagði ástand fuglanna á bænum í umrætt sinn mjög bágborið, þeir hafi verið skítugir. Ekki léki vafi á því, að hluti fuglanna hafi verið vanfóðraður.

Vitninu var kynnt skýrsla héraðsdýralæknis, dskj. nr. 24, og sagði vitnið lýsingu héraðsdýralæknis á ástandi fuglanna á bænum þ. 6. apríl sl. rétta og þar væri frekar vægt að orði komist.

Vitnið Ingólfur Ingvarsson yfirlögregluþjónn, f. 16/3 1925.

Vitnið sagði, að er hann hafi farið að Barðastöðum þ. 17. jan. sl., hafi verið frost og snjór yfir öllu, en þó ekki harðfrosið, þar sem talsverð bleyta hafi verið við útihúsin á bænum.

Utan dyra á bænum hafi verið nokkrar aligæsir og tvær grágæsir og hafi það verið einu fuglarnir, sem hafi verið í sæmilegu ástandi.

Ennfremur hafi verið utan dyra aliendur.

Hafi þær flestar verið illa á sig komnar af vosbúð og kulda.

Sumar hverjar legið fyrir og skjálfandi úr kulda.

Í austasta útihúsinu hafi verið fjöldi anda og nokkrir kalkúnar.

Vitnið sagði, að endurnar sem inni voru, hafi verið í eins ástandi og þær, sem úti voru.

Vitnið sagði, að stafninn hafi verið að mestu burtu úr húsinu, sem endurnar voru í.

Ástand fuglanna í bænum hafi verið orðið verra þann 28.03. sl. og þeim hefði bersýnilega fækkað.

Vitninu var kynnt dskj. nr. 1 og 10, og sagði vitnið ástandi og aðbúnaði fuglanna þ. 17. jan. sl. og 28. mars rétt lýst í skýrslum héraðsdýralæknis.

Vitnið tók fram, að er hann hafi komið að Barðastöðum í nóv. sl., hafi verið mikill flokkur fugla utan dyra og hafi þeir þá virst vel á sig komnir. Frá þessum tíma og fram í janúar hefðu bersýnilega orðið mikil vanhöld fugla á bænum.

Vitnið kvaðst hafa séð eitthvað af fóðri, en einungis brauð og kartöflur, en ekkert fóðurkorn.

Vitnið Harald Haraldsson varðstjóri, f. 11.07.1951, bar fyrir dómi sama dag, að þann 6. apríl sl. hafi aðbúnaður fuglanna á bænum verið slæmur og um bersýnilega vanfóðrun hafi verið að ræða.

Vitninu var kynnt lýsing héraðsdýralæknis á ástandi fuglanna á bænum, dskj. nr. 24, og sagði vitnið lýsingu héraðsdýralæknis á aðbúnaði og ástandi fuglanna rétta.

Ástandið á bænum hafi verið slíkt, að hann hafi ekki viljað trúa því fyrr en hann hafi séð það sjálfur.

Vitnið Hilmar Gunnarsson lögreglumaður f. 16/9 1955, skýrði frá fyrir dómi sama dag, að hann hafi verið við gæslu á ákærða Ellerti og hafi hann ekki getað séð ástand fuglanna á bænum og geti ekki borið um það.

Hann hafi aðeins litið inn í íbúðarhúsið og hafi verið þar mikill sóðaskapur.

Vitnið Guðlaugur Gunnarsson lögreglumaður, f. 19/8 1958, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið kveðst hafa verið mest við gæslu á ákærða Ellerti í greint sinn.

Hafi hann aðeins litið inn í íbúðarhúsið og hafi þar verið mikill sóðaskapur og fuglar á neðri hæðinni.

Vitnið kvaðst hafa aðeins litið inn í útihúsið, þar sem hænsnin voru, og hafi þar verið mikil drulla á gólfinu og hænsnin forug.

Vitnið Kjartan Jóhannsson, bóndi og héraðslögreglumaður, f. 22/11 1951, bar fyrir dómi sama dag, að aðbúnaður að fuglunum að Barðastöðum þ. 6. apríl sl. hafi verið mjög slæmur, nánast ólýsanlegur.

Við hliðina á eldhúsinu, í herbergi, hafi verið ungar, hanar og endur.

Fullorðnu fuglarnir hafi verið lemstraðir á fótum, vantað hluta á fætur. Fæturnir á einni öndinni hafi borið merki um skort á E vítamíni.

Fuglarnir hafi almennt verið vanfóðraðir og vanhirtir.

Fuglarnir hefðu lagst á hræin, sem ekki hefðu verið fjarlægð.

Vitninu var kynnt dskj. nr. 24, og segir vitnið lýsingu héraðsdýralæknis á ástandi og aðbúnaði fuglanna á bænum rétta.

Vitnið tók fram, að hann væri lærður alifuglatæknir frá Danmörku.

Vitnið tók fram, að hann hafi farið höndum um mikinn hluta hænanna, er þeim var fargað, og hafi þær allar verið vanfóðraðar og vanhaldnar.

Vitnið Guðlaugur Svavar Wíum Hansson lögreglumaður, f. 7/9 1944, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið sagði aðbúnað allan á bænum þ. 6. apríl sl. hörmulegan, bæði á mönnum og skepnum.

Vitninu hafi virst hluti fuglanna vannærður.

Vitninu var kynnt dskj. nr. 24, og sagði vitnið lýsingu héraðslæknis á ástandi og aðbúnaði fuglanna rétta.

Vitnið Gísli Guðmundsson lögreglumaður, f. 22/6 1948, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið sagði fuglana á bænum hafa verið almennt illa haldna vegna vanfóðrunar og slæms aðbúnaðar.

Vitninu er kynnt dskj. nr. 24, og segir vitnið lýsingu héraðsdýralæknis á ástandi og aðbúnaði fuglanna á bænum þ. 6. apríl sl. rétta.

Vitnið Guðmundur Rúnar Gunnarsson lögreglumaður, f. 22/1 1961, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið kvaðst hafa verið við gæslu við afleggjarann heim að Barðastöðum og hafi hann aðeins komið í hlaðið, eftir að fuglunum hafði verið fargað, og gæti hann því ekki borið um ástand þeirra, en aðkoman að bænum hafi verið hörmuleg.

Vitnið Þorsteinn Jónsson, bóndi og héraðslögreglumaður, f. 18/3 1956, kom fyrir dóm sama dag.

Vitnið sagði, að ástand og aðbúnaður fuglanna í greint sinn hafi verið hrikalegur. Hann hefði ekki trúað, að svona lagað væri til.

Vitninu var kynnt dskj. nr. 24, og sagði vitnið ástandi og aðbúnaði fuglanna í skýrslu héraðsdýralæknis rétt lýst.

Vitnið Trausti Tryggvason, húsamíðameistari og fulltrúi Sambands dýraverndunarfélaga í Stykkishólmi, f. 3/2 1949, kom fyrir dóm þ. 23. þ.m.

Vitnið sagði aðbúnað á fuglunum, bæði í íbúðarhúsinu og útihúsunum, almennt mjög slæman. Ekki hefði verið mokað frá fuglunum lengi og mikil for í útihúsunum, loftræsting léleg.

Vitnið sagði, að allar hænurnar hafi verið vanfóðraðar. Aðeins nokkrir hanar hafi virst vera sprækir.

Vitninu var kynnt lýsing héraðsdýralæknis á ástandi og aðbúnaði fuglanna á bænum þ. 6. apríl sl. og sagði hann hana rétta að sínu mati.

Niðurstöður.

Með skýrslum héraðsdýralækna, niðurstöðum Rannsóknarstofnunar Háskólans (sic) í meinafræði að Keldum, framburði vitna svo og öðrum gögnum málsins þykir sannað, að ákærðu hafi vanfóðrað og vanhirt í óhæfum og

óræstum húsakynnum á Barðastöðum, allt að 200 hænsni og 200 endur, þegar mest var, þannig að sumt drapst úr hor og aðrir fuglar lögðust á hræin, þar til yfirvöld létu farga öllum fuglum, sem fundust á bænum, og er ástandi þeirra nánar lýst í ákæruskjali.

Þykja ákærðu með framangreindu atferli hafa gerst brotleg við þau lagaákvæði, er í ákæru greinir.

Eins og að framan er lýst, voru átta hænsnfuglar með skerta ganglimi, er þeim var fargað.

Ákærðu hafa bæði haldið því fram, að ganglimir fugla þessara hafi skerst við kal.

Samkvæmt skýrslu Rannsóknarstofnunar Háskólans (sic) í meinafræði eru örkuml fuglanna af manna völdum.

Þykja yfirgnæfandi lýkur, en ósannað gegn neitun ákærðu, að örkumlin séu af völdum ákærðu, annars hvors eða beggja.

Allt að einu ólu ákærðu fugla þessa þannig á sig komna, fuglunum vafalaust til mikils kvalræðis, í allt að einum mánuði eftir að þeim varð ljóst ástand þeirra.

Ekki hefur komið fram í málinu, að ákærðu hafi gert ráðstafanir til að láta dýralækni skoða fuglana eða aflífuðu þá.

Ákærða, Guðrún Jóna, hefur ekki sætt kærum né refsingum, svo kunnugt sé.

Ákærði Ellert hefur sætt kærum og refsingum sem hér greinir:

1972 13/3 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 5.000,- kr. sekt fyrir brot gegn 4. og 5. gr., 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá 21.12.1971.

1973 8/2 í Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 2.000,- kr. sekt fyrir brot gegn 261. gr. og 248. gr. sbr. 1. mgr. 256. gr. hegningarlaga.

Refsing ákærðu, hvors um sig, þykir hæfilega ákveðin 10.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, og með vísan til 19. gr. laga um dýravernd nr. 21, 1957 eru ákærðu hvort um sig svipt ævilangt rétti til þess að eiga, nota, hafa í umráðum sínum, slátra eða sýsla um búfé nokkurrar tegundar.

Loks eru ákærðu dæmd óskipt til greiðslu alls sakarkostnaðar, þ.m.t. málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin kr. 19.766,00.

Dómsorð:

Ákærðu, Ellert Guðmundsson og Guðrún Jóna Halldórsdóttir, greiði hvort um sig kr. 10.000,00 í sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 8 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærðu eru hvort um sig svipt ævilangt frá birtingu dóms rétti til þess að eiga, nota, hafa í umráðum sínum, slátra eða sýsla um búfé nokkurrar tegundar.

Ákærðu greiði óskipt allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóhannesar Ásgeirssonar héraðsdómslögmanns kr. 19.766,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 25. febrúar 1985.

Nr. 28/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Brynjólfi Jónssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Ásmundur Vilhjálmsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. febrúar 1985, sem barst Hæstarétti 20. s.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Akraness 18. febrúar 1985.

Um kl. 12.50 laugardaginn 16. þessa mánaðar barst lögreglunni tilkynning um bruna í Brekkubæjarskóla. Við nánari athugun kom í ljós, að brotist hafði verið inn í skólann og eldur kveiktur á nokkrum stöðum í kennaraálmu hans. Hafði verið brotinn gluggi í dyrum á neðstu hæð hússins og farið inn um gluggann. Fyrir innan dyrnar í glerbrotum frá glugganum fann lögreglan m.a. leðurræmu.

Í þágu rannsóknar málsins hafði lögreglan samband við kærða, Brynjólf Jónsson. Brynjólfur skýrði svo frá, að kvöldið næst á undan hefði hann farið á dansleik í Hótel Akraness. Hafi hann verið klæddur í dökkbrúnan leðurjakka og svarta leðurskó. Við athugun á leðurjakkanum kom í ljós, að hann var rifinn. Við samanburð á leðurræmu þeirri, sem fannst á vettvangi, og leðrinu í jakkanum sýnist vera um sams konar leður að ræða. Ennfremur virðist ræman falla að rifunni. Í leðurjakka kærða fundust glerbrot. Þá fundust glerbrot á skósólum hans.

Kærði, Brynjólfur Jónsson, hefur neitað sakargiftum.

Rannsókn máls þessa er á frumstigi.

Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála þykir nauðsynlegt að úrskurða kærða í gæsluvarðhald, enda standa ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 því ekki í vegi, þar eð brot kærða kann að varða hann fangelsisrefsingu eftir 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákveðst gæsluvarðhaldstíminn til miðvikudagsins 27. febrúar nk.

Úrskurðarorð:

Kærði, Brynjólfur Jónsson, sæti gæsluvarðhaldi til miðvikudagsins 27. febrúar nk.

Þriðjudaginn 26. febrúar 1985.

Nr. 87/1982. **Magnús Þórisson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Elínu Sigurðardóttur
(Svala Thorlacius hrl.)

Fasteign. Ógildi kaupsamnings. Riftun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. apríl 1982. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: „Að stefndu verði gert að þola með aðfararhæfum dómi riftun á kaupum hennar af áfrýjanda á fasteigninni Háeyrarvellir 40 á Eyrarbakka, Árnessýslu, ásamt öllu er eigninni fylgir og fylgja ber gegn afhendingu áfrýjanda til stefndu á veðskuldabréfi útg. af stefndu 1. júní 1979, upphaflega g.kr. 3.500.000,00 tryggðu með 4. veðrétti í áðurgreindri fasteign, nú að eftirstöðvum pr. 1.11. 1981, kr. 17.500 og gegn endurgreiðslu áfrýjanda til stefndu á 17.500,00 vegna greiðslu stefndu 1. nóvember 1980 kr. 8.750,00 og kr. 8.750,00 30.10.1981 af veðskuldabréfi útg. af stefndu 1. júní 1979 ásamt innlánsvöxtum af nefndum greiðslum þannig: af kr. 8.750,00 frá 1. nóvember 1980 til 30. október 1981 og af kr. 17.500,00 frá þeim degi til greiðsludags, svo og gegn því að áfrýjandi endurgreiði stefndu greiðslur hennar vegna áhvílandi veðskuldar við Viðlagasjóð skv. veðskbr. útg. 5. júlí 1976 auk innlánsvaxta frá þeim degi, er stefnda innti umræddar greiðslur af hendi til greiðsludags.

Þá gerir áfrýjandi þær dómkröfur, að stefndu verði gert að aflýsa öllum veðböndum af fasteigninni Háeyrarvellir 40 á Eyrarbakka, er hún kann að hafa stofnað til frá því afsal var útgefið til hennar 1. júní 1979 og einnig að aflýsa veðskuld vegna láns úr Lífeyrissjóði verkamanna í Árnessýslu, dags. 1. júní 1977, upphaflega að fjárhæð kr. 8.000,00 tryggt með þriðja veðrétti í umræddri fasteign, svo og

afsalinu til stefndu dags. 1. júní 1979, allt að viðlögðum dagsektum kr. 700,00 á dag frá birtingu dóms virðulegs Hæstaréttar Íslands í máli þessu.“

Varakrafa: „Að stefndu verði gert að greiða áfrýjanda skuld að fjárhæð kr. 76.625,00 auk 22% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. júní 1979 til 1. sept. 1979, en 27% ársv. f.þ.d. til 1. desember 1979, en 31% ársv. f.þ.d. til 1. júní 1980, en 35% ársv. f.þ.d. til 1. júní 1981, en 34% ársv. f.þ.d. til 18. nóv. 1981, en 39% ársvöxtum f.þ.d. til 1. nóv. 1982, en 47% ársv. f.þ.d. til 21. sept. 1983, en 39% ársv. f.þ.d. til 21. okt. 1983, en 36% ársv. f.þ.d. til 21. nóv. 1983, en 32% ársv. f.þ.d. til 21. des. 1983, en 28% ársv. f.þ.d. til 21. jan. 1984, en 19% ársv. f.þ.d. til 13. ágúst 1984, en 24% ársv. f.þ.d. til 1. sept. 1984, en 24,5% ársv. f.þ.d. til 18. sept. 1984, en 25,5% ársv. f.þ.d. til 1. jan. 1985, en 32% ársv. f.þ.d. til 1. febrúar 1985, en 39% ársv. f.þ.d. til 1. mars 1985, en eftir þann tíma hæstu löglega dómvexti eins og þeir kunna að verða ákvarðaðir á hverjum tíma lögum samkvæmt til greiðsludags.“

Í báðum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Krafa áfrýjanda um, að stefnda verði dæmd til að viðlögðum dagsektum að láta aflýsa veðskuldum svo og afsali til sín fyrir Háeyrarvöllum 40, er ný krafa fyrir Hæstarétti. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til, að hún verði uppi höfð, er ekki fullnægt. Verður henni því vísað frá Hæstarétti.

Samkvæmt afsali áfrýjanda til stefndu fyrir Háeyrarvöllum 40, ekki Háeyrarvöllum 42, eins og misritast hefur á nokkrum stöðum í hinum áfrýjaða dómi, átti stefnda að greiða kaupverð eignarinnar með því að:

1. Gefa út skuldabréf til áfrýjanda að fjárhæð 3.500.000 gkr.
2. Taka að sér greiðslu á skuld við Viðlagasjóð samkvæmt skuldabréfi 5. júlí 1976, upphaflega að fjárhæð ..... 2.300.000 —
3. Greiða veðskuld við Lífeyrissjóð verkamanna í Árnessýslu samkvæmt skuldabréfi 1. júní 1977, upphaflega að fjárhæð ..... 800.000 —

Fram er komið fyrir Hæstarétti, að ógreiddar eftirstöðvar skuldabréfsins til Viðlagasjóðs námu á afsalsdegi 1.437.500 gkr., en skuldabréfsins til Lífeyrissjóðs verkamanna 720.000 gkr.

Skuldabréf stefndu samkvæmt 1. tl. bar ekki vexti. Er því mishermt í hinum áfrýjaða dómi, að stefnda hafi innt af hendi til lögmanns áfrýjanda vaxtagreiðslur af því skuldabréfi auk afborgana.

Stefnda greindi svo frá við aðiljayfirheyrslu á aukadómþingi Árnessýslu, að áfrýjandi hefði talað svo um, er þau slitu sambúð sinni, að þau skyldu skipta eignum eins og þau hefðu verið í hjúskap. Er þessi skýrsla stefndu trúleg, þegar litið er til sambúðartíma aðilja og haga þeirra á sambúðartímanum. Mat hinna dómkvöddu manna fer ekki svo fjarri tvöföldu því verði, sem stefnda átti að gjalda fyrir húsið, samkvæmt áðurgreindu, að það styðji dómkröfur áfrýjanda.

Áfrýjandi hafði látið stefndu í té afsal fyrir Háeyrarvöllum 40. Verður ekki á það fallist, að hann megi rifta kaupum sínum við stefndu, vegna þess að orðið hafi vanefndir af hennar hendi á skuldbindingum hennar.

Að þessu athuguðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, og ákveðst hann 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Magnús Þórisson, greiði stefndu, Elínu Sigurðardóttur, 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 22. febrúar 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 02.02 sl. að loknum munnlegum málflutningi, er höfðað með stefnu, birtri 6.11.1981.

Stefnandi er Magnús Þórisson, nú til heimilis að Frakkastíg 12 A, Reykjavík, nnr. 6293-1965.

Stefnda er Elín Sigurðardóttir, Háeyrarvöllum 40, Eyrarbakka, nnr. 1975-4634.

Stefnandi gerir þær kröfur, að stefnda verði dæmd til að þola riftun á

kaupum hennar af stefnanda á fasteigninni Háeyrarvöllum 40, Eyrarbakka, ásamt öllu, er eigninni fylgir og fylgja ber, svo og til greiðslu málskostnaðar til stefnanda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins.

Til vara gerir stefnandi þær dómkröfur, að stefndu verði gert að þola riftun á kaupum stefndu af stefnanda á ofangreindri fasteign gegn endurgreiðslu stefnanda til stefndu á kr. 26.500,00 vegna greiðslna stefndu vegna umræddrar fasteignar svo og verði stefndu gert að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins.

Til þrautavara gerir stefnandi þær kröfur, að stefndu verði gert að greiða honum skuld að fjárhæð kr. 89.299,68 auk 22% ársvaxta af þeirri fjárhæð frá 1. júní 1979 til 1. september 1979, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en 43% ársvöxtum frá þeim degi til 4. nóvember 1981, en með dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, svo og að greiða málskostnað að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í. að mati réttarins.

Þá gerir stefnandi þær dómkröfur í öllum tilvikum, að stefndu verði gert að aflýsa öllum veðböndum af fasteigninni Háeyrarvöllum 40 á Eyrarbakka, er hún kann að hafa stofnað til frá því afsal var útgefið til hennar 1. júní 1979, og þar á meðal veðskuld vegna láns úr Lífeyrissjóði verkamanna í Árnessýslu, dags. 1.06. 1977, upphaflega að fjárhæð gkr. 800.000, tryggðri með þriðja veðrétti í eigninni, svo og afsalinu til sín, dags. 1. júní 1979, allt að viðlögðum dagsektum kr. 700,00 á dag frá dómsbirtingardegi að telja.

Af hálfu stefndu var tekið til varna í málinu og þess krafist, að hún yrði sýknuð af aðal-, vara- og þrautavarakröfu stefnanda og stefnanda gert að greiða henni málskostnað að skaðlausu.

Dómari leitaði sátta með aðiljum, en sú viðleitni bar engan árangur.

Aðiljar máls þessa voru í sambúð frá því á árinu 1975 fram til maíloka 1979, þau bjuggu að Háeyrarvöllum 40, Eyrarbakka, sem var þinglesin eign stefnanda. Eignina keypti stefnandi af Viðlagasjóði með kaupsamningi, dags. 26. maí 1975.

Með afsali, dagsettu 1. júní 1979, afsalaði stefnandi eigninni Háeyrarvöllum 40 til stefndu, og segir í afsali, að kaupandi hafi að fullu staðið við greiðslu hins umsamda kaupverðs, m.a. með því að yfirtaka áhvílandi veðskuldir utan lán frá Lífeyrissjóði sjómanna, sem seljandi, þ.e. stefnandi, skyldi greiða.

Það kom fram við aðiljayfirheyrslur í máli þessu, að stefnandi vélritaði afsal og undirritaði ásamt stefndu þann 1. júní 1979.

Sótti stefnandi votta, sem rituðu á afsalið, og fóru stefnandi og stefnda síðan til þinglýsingardómara með skjalið. Þar sem stefnandi hafði ekki gert

afrit skjalsins á löggiltan skjalapappír, svo sem ráð er fyrir gert í þinglýsingalögum, varð því ekki þinglýst þá. Fóru aðiljar síðan, og útbjó stefnandi annað eintak á löggiltan skjalapappír, og var það undirritað og vottað nokkrum dögum síðar á sama hátt. Stefnandi kveður það hafa orðið ofan á, er þau slitu sambúðinni, að stefnda keypti af honum eignina Háeyrarvelli 42 (sic.), sem hafi að öllu leyti verið hans eign, gegn því að greiða honum kr. 160.000,00 í peningum, yfirtaka áhvílandi skuldir utan lán frá Lífeyrissjóði sjómanna og gefa út skuldabréf að fjárhæð kr. 35.000,00, svo sem orðalag afsalsins beri með sér, en hún hafi aldrei fengist til þess að ganga frá „peningalegu uppgjöri" við sig og því sé málið höfðað.

Með beiðni, dagsettri 2.6.1981, óskaði stefnandi eftir því, að dómkvaddir yrðu menn til að meta verðmæti húseignarinnar nr. 42 (sic) við Háeyrarvelli á Eyrarbakka á söludegi, þ.e. 1. júní 1979.

Niðurstaða matsmanna var, að staðgreiðsluverðmæti eignarinnar væri kr. 84.000,00, en miðað við hliðstæð viðskipti og stefnandi taldi, að átt hefðu sér stað, töldu þeir verðmætið kr. 126.000,00.

Stefnda skýrði hins vegar svo frá, að ætlunin hefði verið sú, að hún fengi eignarhluta sinn í Háeyrarvöllum 42 (sic) við sambúðarslit þeirra stefnanda og að hún gæfi út skuldabréf og yfirtæki áhvílandi skuldir, eins og greinir í afsali. Enda þótt orðalagið „m.a." sé notað í afsalinu, hafi aldrei verið um það talað með henni og stefnanda, að peningagreiðsla eða önnur greiðsla færi fram við eignaskiptin.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar m.a. á því, að aldrei hafi raunverulega verið gengið frá sölu á Háeyrarvöllum 42 (sic) með formlegum hætti og því sé hann raunverulegur eigandi eignarinnar, en þurfi að fá formlegan riftunardóm vegna mótmæla stefndu.

Þá telur stefnandi sig hafa verið beittan blekkingum og svikum varðandi gerð afsalsins svo og hafi hann orðið fyrir misneytingu, sbr. 7. gr. laga nr. 58/1960 og III. kafla laga nr. 7/1936. Telur því stefnandi afsalið ógilt eða ógildanlegt og því nauðsyn á formlegri riftun.

Verði eigi fallist á þessi sjónarmið stefnanda, telur hann stefndu eigi hafa staðið í skilum með kaupverðið og séu vanskil hennar svo veruleg, að varði riftun.

Þá er þrautavarakrafan um, að stefnda haldi fasteigninni gegn því að greiða kaupverð, byggt á mati dómkvaddra matsmanna á dskj. nr. 8.

Stefnda reisir sýknukröfur sínar á því, að aðiljar málsins hafi verið í sambúð frá því skömmu eftir að stefnandi keypti Háeyrarvelli 42 (sic) og þar til upp úr sambúð þeirra slitnaði í maílok 1979. Hafi stefnda lagt fram fé til kaupanna eigi síður en stefnandi, eins og fram komi í aðiljaskýrslu

hennar. Hafi því stefnda fengið húseignina í sinn hlut gegn því að greiða stefnanda hlut hans í eigninni, sem hafi verið helmingur, en hinn helminginn hafi hún átt. Þá er því mótmælt, að nokkur þau atvik hafi verið fyrir hendi við gerð afsalsins, að varða eigi ógildingu þess.

Forsendur og niðurstöður.

Þegar litið er til þess, að stefnandi útbjó sjálfur afsal til stefndu, dagsett 1. júní 1979, og fór sjálfur ásamt stefndu á fund þinglýsingardómarans til þess að fá því þinglýst, enda þótt af því yrði ekki í það sinn, verður ekki á það fallist með stefnanda, að afsal þetta skyldi einungis til bráðabirgða.

Þá er ekkert það fram komið í málinu, sem rennir stoðum undir þær fullyrðingar stefnanda, að nokkur þau atvik hafi átt sér stað við útgáfu afsalsins, að valdi ógildingu þess, og verður því ekki fallist á þessa málsástæðu stefnanda.

Ekki hefur verið sannað í málinu, að nokkrir þeir fyrirvarar hafi verið gerðir af hálfu stefnanda, sem gæfu stefndu ástæðu til að ætla, að stefnanda væri ekki full alvara með útgáfu afsalsins. Um riftunarkröfur stefnanda er það að segja, að fram kemur í stefnu, að umboðsmaður stefnanda hafi fengið skuldabréf að fjárhæð gkr. 3.500.000 í hendur, og stefnda hefur greitt vexti og afborganir af því láni til lögmannsins. Stefnda gaf þá skýringu á því, að hún hefði ekki afhent stefnanda skuldabréfið, að hann hefði vanrækt að láta aflýsa láni frá Lífeyrissjóði sjómanna, sem hann hafi átt að sá um greiðslur af. Því er ómótmælt af hálfu stefnanda, að stefnda hafi greitt afborganir og vexti kr. 9.000,00 þ. 06.02.1981 af láni þessu.

Eins og atvikum í máli þessu er háttað, verður ekki litið svo á, að stefnda hafi gerst sek um verulega vanefnd, þannig að geti varðað riftun af þeim sökum. Þá er ekkert í ljós leitt, að aðrar greiðslur hafi átt að fara til stefnanda úr hendi stefndu þrátt fyrir orðalag þar að lútandi í afsali.

Stefndu (sic.) höfðu trúlofast á árinu 1974, en upp úr þeirri trúlofun slitnaði. Þau voru þó byrjuð að vera saman að nýju, er stefnandi keypti húseignina, og hófu þau sambúð skömmu síðar og héldu henni áfram, uns upp úr slitnaði á árinu 1979 í lok maí. Fær það vel staðist, svo sem haldið er fram af stefndu, að þau hafi gengið þannig frá málum, að stefnandi afsalaði stefndu húseigninni Háeyrarvöllum 42 (sic) gegn greiðslu á eignarhluta hans, sem væri helmingur, og ber í þessu sambandi m.a. að líta til þess, að stefnandi kvaðst hafa gefið upp söluverð eignarinnar sem kr. 62.000,00 á skattframtali árið 1980.

Gegn eindregnum mótmælum stefndu verður sú fullyrðing stefnanda, að ekki hafi verið búið að ganga frá öllum skilmálum varðandi afsalið og „peningalegt uppgjör" átt eftir að fara fram, að teljast ósönnuð.

Af því leiðir, að þrautavarakrafa stefnanda verður eigi tekin til greina.

Samkvæmt því, er að framan greinir, ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Eftir úrslitum málsins ber að gera stefnanda að greiða stefndu kr. 8.500,00 upp í málskostnað.

Allan V. Magnússon, fulltrúi sýslumanns, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefnda, Elín Sigurðardóttir, skal sýkn af kröfu stefnanda, Magnúsar Þórissonar.

Stefnandi greiði stefndu kr. 8.500,00 í málskostnað innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum

---

Föstudaginn 1. mars 1985.

Nr. 187/1984. **Þorsteinn Ingason**
gegn
Arnari Guðbjörnssyni persónulega og f.h. Hákots s/f

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Þorsteinn Ingason, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. mars 1985.

Nr. 192/1984. **Hótel Blönduós**
gegn
Hauki Sigurjónssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hótel Blönduós, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 1. mars 1985.

Nr. 151/1983. **Pétur Jónsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Vegagerð ríkisins
(Gunnlaugur Claessen hrl.)

Innsetningargerð. Eignarnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 19. ágúst 1983. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og kröfur stefnda um innsetningu hrundið. Hann krefst málskostnaðar í héraði. Einnig krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins 17. febrúar 1984 var áfrýjanda veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur. I báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Frávísunarkrafa stefnda er í fyrsta lagi byggð á því, að áfrýjandi hafi ekki lengur lögvarða hagsmuni af áfrýjun máls þessa, þar sem innsetning í námu hans hafi farið fram og stefndi hafi þegar lokið öllum þeim afnotum af námunni, sem hann hugðist ná með innsetningargerðinni, og skilað landinu í hendur áfrýjanda. Frávísunarkrafan er í öðru lagi byggð á því, að áfrýjun málsins samrýmist ekki síðari yfirlýsingu áfrýjanda í tilefni af úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta um, að hann hygðist höfða mál til heimtu hærri bóta en matsnefndin kvað á um í úrskurði sínum.

Af gögnum þeim, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að með stefnu, útgefinni 30. september 1984, höfðaði áfrýjandi mál fyrir bæjarþingi Reykjavíkur á hendur samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs til heimtu „skaðabóta eða eignarnámsbóta" fyrir töku efnis úr námu áfrýjanda, sem um er fjallað í máli þessu.

Áfrýjanda var rétt að fá úr því skorið fyrir fógetarétti, hvort lagaheimild væri til eignarnámsins og hvort farið hefði verið að lögum við framkvæmd þess. Úrskurður fógeta um þessi efni sætir áfrýjun til Hæstaréttar, og þykir áfrýjandi, eins og á stendur, eiga lögvarða hagsmuni af því, að um málið sé fjallað að efni til, þótt eignarnámi sé nú lokið. Verður frávísunarkrafa stefnda því ekki tekin til greina.

Samkvæmt 1. málsgr. 14. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms skal eignarnemi setja tryggingu fyrir bótum í þeim tilvikum, sem 14. gr. á við, ef krafa kemur fram um það af hálfu eignarnámsþola. Í úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta frá 10. maí 1983 segir, að í munnlegum málflutningi fyrir nefndinni hafi lögmaður eignarnámsþola eigi farið fram á, „að trygging yrði formlega innt af hendi heldur eingöngu, að ákveðin tryggingarupphæð yrði tiltekin í úrskurðinum." Eigi hefur verið véfengt, að þarna sé rétt með farið. Samkvæmt því lá ekki fyrir krafa um það af hálfu eignarnámsþola, að eignarnemi setti tryggingu fyrir væntanlegum eignarnámsbótum í skilningi umrædds ákvæðis 14. gr. laga nr. 11/1973. Er nefnd ákvörðun matsnefndar eignarnámsbóta eða eignar-

námið í heild því eigi ógilt vegna þess, að matsnefnd hafi ekki í úrskurði sínum ákveðið tryggingu fyrir bótum eða tiltekið bótafjárhæð.

Skýra ber ákvæði X. kafla vegalaga nr. 6/1977 svo, að Vegagerð ríkisins taki ákvörðun um eignarnám. Liggur ekki fyrir, að ákvörðunin um eignarnámið hafi verið tekin af starfsmanni, sem ekki var til þess bær. Eigi verður heldur talið fram komið í máli þessu, að undirbúningi og framkvæmd eignarnámsins hafi að öðru leyti verið svo áfátt, að varða eigi ógildi þess. Samkvæmt því ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð að niðurstöðu til.

Í úrskurðarorði hins áfrýjaða úrskurðar er ekki berum orðum tekið fram, að stefndi skuli settur inn í umráð námasvæðis þess, er hann krafðist réttinda yfir, en aðeins kveðið svo á, að læsing á hliði skuli tekin brott. Þar sem greinilega kemur fram í forsendum úrskurðarins, að umráðakrafa stefnda sé tekin til greina, þykja ekki efni til að ómerkja hann af þessum sökum.

Eftir atvikum verður málskostnaður látinn falla niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður áfrýjanda, Pétur Jónssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Úrskurður fógetaréttar Suður-Múlasýslu 10. júní 1983.

I.

Gerðarbeiðandi er Vegagerð ríkisins, nnr. 9161-9369, Borgartúni 7, Reykjavík.

Gerðarþoli er Pétur Jónsson, nnr. 7100-1288, Egilsstöðum II, Suður-Múlasýslu.

Dómkröfur gerðarbeiðanda eru þær, að umbeðin innsetningargerð nái fram að ganga á hans ábyrgð og læsing á hliði að námu norðan Þórsness í

landi Egilsstaða II verði fjarlægð af fógeta og gerðarbeiðandi verði settur inn í umráð þeirra 20.000 ferm lands námusvæðisins, sem matsnefnd eignarnámsbóta heimilaði honum umráðatöku á með úrskurði sínum 10. maí 1983 ásamt umferðarrétti um námusvæðið á Þórsnesi, til töku jarðefnis allt að 12.000 rúmm á því svæði, efnisvinnslu, geymslu og brottflutnings efnis af ofangreindu landsvæði. Þá er krafist málskostnaðar að mati réttarins.

Gerðarþoli krefst þess, að hin umbeðna gerð nái ekki fram að ganga og gerðarþola verði úrskurðaður málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í. og framlögðum reikningi.

Sættir hafa verið reyndar í máli þessu án árangurs.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 6. júní sl.

II.

Málavextir eru þeir, að haustið 1982 og sumarið 1983 fyrirhugaði gerðarbeiðandi máls þessa lagningu slitlags á Austurlandsveg á Völlum sunnan Egilsstaða. Viðræður fóru fram milli aðilja um efnistöku úr námusvæði í Þórsnesi í landi Egilsstaða II, Suður-Múlasýslu. Þinglýstur eigandi jarðarinnar er Pétur Jónsson. Þar sem ekki náðist samkomulag um greiðslur fyrir efni, óskaði gerðarbeiðandi eftir því við matsnefnd eignarnámsbóta, sem starfar samkvæmt lögum nr. 11, 1973, að hún ákvæði bætur vegna efnistökunnar, og jafnframt að gerðarbeiðanda yrði heimilað með stoð í 14. gr. l. 11, 1973 að taka jarðefni af nefndu svæði. Síðar jók gerðarbeiðandi við matsbeiðni sína og krafðist óskertra afnota og umráða tilgreinds hluta lands á námusvæðinu ásamt umferðarrétti af því svæði.

Við meðferð máls fyrir matsnefnd eignarnámsbóta sömdu aðiljar svo um málsmeðferð, að fyrst yrði úrskurðað um kröfu gerðarbeiðanda samkvæmt 14. gr. l. 11, 1973.

Með úrskurði matsnefndar eignarnámsbóta 10. maí 1983, dskj. 2, var gerðarbeiðanda heimilað að taka nú þegar umráð þeirra 20.000 ferm, sem sýndir eru á dskj. 3, svo og að taka jarðefni allt að 12.000 rúmm á því svæði og vinna það efnismagn á svæðinu og geyma það þar, meðan á framkvæmdum stendur og brottflutningi þess. Er gerðarbeiðanda heimilaður umferðarréttur um námusvæðið til fullnægingar þessum framkvæmdum.

Með símskeyti, dags. 25. maí sl., óskaði umboðsmaður gerðarbeiðanda eftir með vísan til úrskurðar matsnefndar eignarnámsbóta frá 10. maí sl. og 13. gr. l. 11, 1973, að læsing á hliði að nefndri námu í Þórsnesi yrði tekin þaðan með fógetagerð. Sama dag barst fógeta greindur úrskurður. Við fyrirtöku málsins í fógetarétti 30. maí sl. mótmælti umboðsmaður gerðarþola framgangi gerðarinnar og óskaði jafnframt eftir fresti til framlagningar greinargerðar. Ekki náðist samkomulag um frest þennan, og óskuðu aðiljar

úrskurðar fógeta um það atriði. Með úrskurði fógeta 31. maí sl. var fyrirtaka málsins næst ákveðin 6. júní.

III.

Gerðarbeiðandi reisir kröfu sína alfarið á því, að úrskurður matsnefndar eignarnámsbóta skv 14. gr. l. 11, 1973 heimili umráðatöku, en skv. 13. gr. s.l. geti eignarnemi, sem fengið hafi heimild matsnefndar til umráðatöku áður en bótaákvörðun hefur farið fram, leitað atbeina fógeta til að fá veitt umráð verðmætis. Af hálfu gerðarþola er framgangi gerðarinnar mótmælt. Gerðarþoli styður kröfu sína þeim rökum, að gerðarbeiðni á dskj. 1 sé ófullnægjandi. Um sé að ræða símskeyti, sem jafngildi fremur munnlegri yfirlýsingu en skriflegri, en skv. 3. gr. l. 19, 1887, sem hér eigi við, skuli beiðni vera skrifleg. Jafnframt skuli hafa hliðsjón af 88. gr. l. 85, 1936. Í gerðarbeiðni sé gerðarþoli ekki tilgreindur. Þá sé ekki tilgreint, hversu lengi afnot gerðarbeiðanda af greindri landspildu skuli vera. Í úrskurði matsnefndarinnar er gerðarbeiðanda veitt heimild til töku allt að 12.000 rúmm efnis af landspildunni. Í gerðarbeiðni sé ekki farið fram á innsetningu í umrætt efni. Fógetarétturinn geti því ekki heimilað gerðarbeiðanda töku þess.

Þá styður gerðarþoli kröfu sína þeim rökum, að ekki hafi verið gætt formlegrar ákvörðunar um eignarnám. Gerðarþola hafi ekki verið gefinn kostur á að tjá sig um meint eignarnám fyrr en að mati kom né gefinn kostur á málskoti til æðra stjórnvalds. Beiðni um mat sé látin jafngilda ákvörðun um eignarnám. Sú ákvörðun hafi ekki verið tekin af þar til bæru stjórnvaldi. Þá telur gerðarþoli málatilbúnað gerðarbeiðanda fyrir matsnefndinni ekki fullnægja settum lögum.

Enn styður gerðarþoli kröfu sína um, að synjað verði um framgang gerðarinnar, þeim rökum, að samkvæmt úrskurði matsnefndarinnar hafi kröfu sinni um tryggingu fyrir væntanlegum bótum, sbr. 14. gr. l. 11, 1973, verði hafnað og vísað til venju í úrskurðum nefndarinnar allt frá árinu 1973. Venja matsnefndar gangi þvert á ákvæði 13. gr. og 14. gr. l. 11, 1973. Hér af leiði, að heimild gerðarbeiðanda sé langt frá því að vera skýr og beri fógetarétti því að synja um hina umbeðnu gerð.

IV.

Gerðarbeiðni gerðarbeiðanda í máli þessu er ekki svo vönduð sem æskilegt væri. Með framlögðum gögnum, dskj. 2, sem fógeta barst sama dag, verður þó að telja, að nægilega skýrt komi fram, hvers krafist er. Þykir því mega fallast á það með gerðarbeiðanda, að í gerðarbeiðni hans sé fólgin krafa um að fá að nema brott efnismagn það, sem tiltekið er í úrskurði matsnefndarinnar. Óumdeilt er, að gerðarbeiðandi leitaði til bærs aðilja, er hann sneri sér

til matsnefndar eignarnámsbóta, eftir að sýnt var, að ekki tókst samkomulag með aðiljum um greiðslu fyrir malarnámið og ákveðið var að beita eignarnámsheimild vegalaga. Það heyrir ekki undir fógeta að taka afstöðu til ágreinings um eignarnámsheimild máls þessa, þar sem leita á úrlausnar matsnefndar eignarnámsbóta og almennra dómstóla, sbr. 17. gr. l. 11, 1973, þar um. Með vísan til 14. gr l. 11, 1973 getur matsnefnd eignarnámsbóta heimilað eignarnema að taka umráð verðmætis og ráðast í þær framkvæmdir, sem eru tilefni eignarnámsins, þótt mati sé ekki lokið. Um þetta snerist úrskurður matsnefndarinnar frá 10. maí sl. Samkvæmt nefndu ákvæði skal eignarnemi setja tryggingu fyrir væntanlegum bótum, ef krafa kemur fram um það, og ákveður matsnefndin tryggingunа. Getur eignarnemi síðan leitað aðstoðar fógeta til þess að fá umráð verðmætis þess sem málið snýst um, sbr. 13. gr. laganna. Gerðarþoli krafðist tryggingar fyrir væntanlegum bótum, og fjallaði matsnefndin um kröfuna í úrskurði sínum. Synjaði matsnefndin kröfu gerðarþola með þeim rökum, að gerðarbeiðandi framkvæmdi verkið samkvæmt vegalögum á ábyrgð ríkissjóðs og því ekki ástæða til þess að úrskurða ákveðna tryggingu fyrir væntanlegum fébótum og sé það í samræmi við þá reglu sem matsnefndin hafi beitt síðan 1973.

Þótt fógeti teldi niðurstöðu þessa ranga, er hún ekki byggð á ólögmætum sjónarmiðum, og verður úrskurður matsnefndarinnar því ekki talinn ógildur af þessari ástæðu. Að öðru leyti þykir matsnefndin hafa fylgt lögum um framkvæmd eignarnáms nr. 11, 1973 við úrlausn ágreiningsefnis aðilja.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 13. gr. l. 11, 1973 þykir eigi verða hjá því komist að taka kröfu gerðarbeiðanda til greina og nema á brott umrædda læsingu með fógetagerð og veita gerðarbeiðanda umráð þeirra 20.000 ferm lands námusvæðisins sem matsnefnd eignarnámsbóta heimilaði í greindum úrskurði, töku jarðefnis allt að 12.000 rúmm, efnisvinnslu, geymslu og brottflutning efnis á ofangreindu svæði. Gerðarbeiðanda er heimill umferðarréttur um námusvæðið til fullnægingar þessum framkvæmdum.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður.

Inger L. Jónsdóttir, fulltrúi fógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Læsing sú, sem gerðarþoli hefur sett á hlið að námu við Þórsnes innan við Egilsstaði, skal tekin burt með fógetagerð að kröfu gerðarbeiðanda og á hans ábyrgð.

Málskostnaður fellur niður.

Mánudaginn 4. mars 1985.

Nr. 34/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Páli Arnari Georgssyni

Kærumál. Hald á munum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 19. febrúar 1985, sem barst Hæstarétti 26. s.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að honum verði fengin umráð myndbanda þeirra, sem hald var lagt á.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Vestmannaeyja 19. febrúar 1985.

Mál þetta, sem kom til kasta sakadómsins í dag og tekið var til úrskurðar samdægurs, er þannig til komið, að hinn 1. þ.m. ritaði dóms- og kirkjumálaráðuneytið öllum lögreglustjórum landsins bréf, þar sem ráðuneytið ákvað að höfðu samráði við ríkissaksóknara, að löggæslumenn í hverju umdæmi skyldu fara í eftirlitsferð í allar myndbandaleigur hvers lögsagnarumdæmis mánudaginn 18. febrúar og ef einn dagur reyndist ekki nægilegur, þá einnig daginn eftir.

Uppálagt var, að löggæslumenn legðu hald á allar myndir, sem úrskurðaðar hefðu verið ofbeldismyndir af Kvikmyndaeftirliti ríkisins, en bréfi ráðuneytisins fylgdi sérstakur listi þar að lútandi frá kvikmyndaeftirlitinu, dagsettur 3. þ.m.

Í tilefni af þessum fyrirmælum fóru þrír lögreglumenn í Vestmannaeyjum kl. 21.30 í gær í húsakynni myndbandaleigunnar Músík og myndir að Skólavegi 13 hér í bæ til þess að leggja hald á myndbönd, er hafa að geyma

myndir, sem að dómi kvikmyndaeftirlitsins eru ofbeldismyndir í skilningi laga nr. 33/1983 um bann við ofbeldiskvikmyndum.

Í hillum myndbandaleigunnar fundu lögreglumennirnir fimm myndbönd, sem höfðu að geyma kvikmyndir, sem eru á áðurnefndum lista kvikmyndaeftirlitsins, en myndir þessar heita: „Confessional murders", „Happy birthday to me", „Nightmare makers", „Halloween II og „Communion". Eigandi myndbandaleigunnar, Páll Arnar Georgsson, f. 4. mars 1958, til heimilis að Skólavegi 8 hér í bæ, neitaði að afhenda lögreglumönnunum ofannefndar myndir nema gegn dómsúrskurði. Tóku lögreglumennirnir því aðeins hulstrin utan af þeim, en kærði lofaði að setja myndirnar ekki í umferð.

Kærði var því kvaddur fyrir sakdóm í dag. Hann kvaðst vera eigandi fyrirtækisins Músík og myndir og tilgangur þess væri m.a. að leigja út myndbönd.

Kærði staðfesti, að hann hefði neitað að afhenda fimm myndbönd, er lögreglan kom á vettvang í gærkvöldi. Hann kvaðst ekki hafa neitað lögreglumönnunum að leita í húsakynnum myndbandaleigunnar, heldur hefði hann einungis lagt bann við því, að þeir legðu hald á myndböndin, og að hann myndi ekki afhenda myndbönd í sinni vörslu nema að undangengnum dómsúrskurði. Kvað hann neitun sína hafa byggst á því, að hann hefði keypt þrjár þessara mynda, sem allar væru merktar með miða Kvikmyndaeftirlits ríkisins, af Myndböndum h.f. í Reykjavík, sem áður var Myndbandaleiga kvikmyndahúsanna. Taldi sig því hafa verið í fullum rétti að leigja þær viðskiptavinum sínum. Kærði lét þess sérstaklega getið, að tvær myndanna, þ.e. „Confessional murders" og „Happy birthday to me", væru frá fyrirtækinu Skífunni og „Halloween II" væri frá Regnboganum, en ofannefnt fyrirtæki, þ.e. Myndbönd h.f., væri dreifingaraðili fyrir réttthafa.

Hvað varðar hinar tvær myndirnar upplýsti kærði, að „Communion" væri frá J.S. video í Reykjavík, en honum væri ókunnugt um, hvaðan „Nightmare makers" væri komin, en báðar síðasttöldu myndirnar hefðu fylgt með í kaupunum, er hann keypti fyrirtækið um sl. áramót.

Kærði kvað allar þessar myndir hafa verið leigðar út að undanskilinni myndinni „Communion". Hann kvaðst einungis hafa séð eina þessara mynda, þ.e. „Happy birthday to me", og kvað það verða að viðurkennast, að sú mynd væri mjög mikil ofbeldismynd.

Kærði kvaðst enn vera sama sinnis um það að neita að afhenda þær myndir, sem finnast kynnu hjá honum og væru á bannlista kvikmyndaeftirlitsins, sökum þess, að hann teldi sig vera í fullum rétti, þar eð hann hefði keypt rétt til að leigja þær út og sömuleiðis að meirihluti myndanna væri merktur með límmiðum Kvikmyndaeftirlits ríkisins, sem tilgreini hverjum

sé óheimilt að horfa á myndirnar. Jafnframt kvaðst kærði vera með í huga hugsanlega bótaábyrgð þeirra, sem seldu honum myndböndin með þeim réttindum og skyldum, sem því fylgja.

Loks kom það fram hjá kærða, að auk þeirra mynda, sem hann hefur í afgreiðslusal sínum að Skólavegi 13, þá hafi hann lager í kjallara sama húss. Kvað hann lögreglunni velkomið að kanna þar aðstæður, en það myndefni, sem þar kunni að finnast og sé á lista kvikmyndaeftirlitsins, neiti hann að afhenda nema að undangengnum úrskurði.

Myndir þær, sem lýst er hér að framan, svo og aðrar þær myndir, sem eru á lista kvikmyndaeftirlitsins og finnast kunna við frekari leit hjá kærða, geta haft sönnunargildi í rannsókn þeirri, sem beinist gegn kærða og lýst er hér að framan. Þá má einnig búast við því, að krafa verði gerð um upptöku kvikmyndanna samkvæmt 4. gr. laga nr. 33/1983.

Með vísan til framanritaðs svo og þess, að með leigu kvikmynda af þessu tagi kann kærði að hafa gerst brotlegur gegn 1. gr. laga nr. 33/1983, þykir með skírskotun til 43. gr. laga nr. 74/1974 rétt að heimila lögreglunni í Vestmannaeyjum að leggja hald á ofannefndar myndir svo og þær myndir, sem eru á lista kvikmyndaeftirlitsins og finnast kunna í húsakynnum kærða að Skólavegi 13 hér í bæ.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Lögreglunni í Vestmannaeyjum er heimilt að leggja hald á framangreindar kvikmyndir svo og þær myndir, sem eru á skrá Kvikmyndaeftirlits ríkisins, dagsettri 3. þ.m., og það hefur úrskurðað ofbeldiskvikmyndir skv. lögum nr. 33/1983, og finnast kunna hjá Páli Arnari Georgssyni í húsakynnum fyrirtækis hans, Músík og myndum, Skólavegi 13, Vestmannaeyjum.

Mánudaginn 4. mars 1985.

Nr. 133/1982. **Jón Ólafsson og Tímamót h/f**

gegn

Framkvæmdanefnd um byggingu leigu- og söluíbúða í Neskaupstað

Frestur. Frávísun. Ómaksbætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu, útgefinni 15. júní 1982 til þingfestingar í október. Er málið var tekið fyrir 1. þ.m., báðu áfrýjendur um, að því yrði frestað til aprílmánaðar. Stefndi hefur neitað um frestinn og krafist ómaksbóta úr hendi áfrýjenda. Verður að skilja þá frestsynjun svo, að í henni felist krafa um, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa fært fram þau rök fyrir frestbeiðni sinni, að þeir hyggist beiðast opinberrar rannsóknar og afla á þann hátt gagna um, að forráðamenn stefnda kunni að hafa gerst sekir um refsivert athæfi í þeim viðskiptum, sem mál þetta er risið af.

Áfrýjendur hafa þegar haft svo ríflega fresti til að búa mál sitt til flutnings fyrir Hæstarétti og afla nýrra gagna, er þeir kunna að vilja leggja þar fram máli sínu til framdráttar, að ekki er unnt að fallast á frestbeiðni þeirra. Verður málinu því vísað frá Hæstarétti og þeir dæmdir til að greiða stefnda 9.000,00 krónur í ómaksbætur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Jón Ólafsson og Tímamót h/f, greiði stefnda, Framkvæmdanefnd um byggingu leigu- og söluíbúða í Neskaupstað, 9.000,00 krónur í ómaksbætur fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. mars 1985.

Nr. 223/1982. **Páll Þ. Jónsson**
(Jón G. Briem hdl.)
gegn
Óla G. Jónssyni f.h. ólögráða sonar hans, Guðmundar Snorra Ólasonar
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 18. nóvember 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda í málinu, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í áfrýjunarstefnu stefndi áfrýjandi einnig fyrir Hæstarétt Ragnari J. Skúlasyni, sem var varnaraðili máls í héraði ásamt áfrýjanda, en áfrýjandi hefur engar kröfur haft uppi á hendur honum, og hann hefur engar kröfur gert. Verður að líta svo á, að áfrýjunarstefna á hendur Ragnari beri aðeins að virða sem tilkynningu til hans um, að héraðsdómi hafi verið áfrýjað.

Í lögregluskýrslu, dagsettri 29. febrúar 1980, sama dag og slysið varð, er það haft eftir drengjunum Helga Birgi Ásmundssyni og Hallgrími Færseth, að þeir hafi fundið hvellhettur eða skot utan við vinnuskúr við Hafnargötu 37 og eitt þeirra hefði Guðmundur Snorri Ólason sprengt. Naglaskot þau, er Helgi Birgir vísaði lögreglu á, voru rauð að lit, stærð 5,6 x 16. Eigi var þá kannað, hvort skot eða hvellhettur væri að finna í vinnuskúrnum eða við hann, en við leit 7. mars fannst í skúrnum dós með 38 naglabyssuskotum af stærðinni 6,3. Utan við skúrinn fundust engin skot. Við yfirheyrslu hjá lögreglu 25. mars sögðust þeir Helgi Birgir og Hall-

grímur hafa fundið dós með skotum við verkfærakistu inni í býbyggingunni. Í þeirri dós hefði skot það verið, sem slysinu olli. Úr kistunni sögðust þeir hafa tekið aðra dós, en hent henni. Í skýrslu Guðmundar Snorra fyrir lögreglu 2. apríl hefur hann það eftir drengjunum, að þeir hafi fundið skotin á götu. Er Helgi Birgir og Hallgrímur komu fyrir dóm 26. maí 1982, kváðu þeir skot það, sem slysið hlaust af, hafa verið úr dós, sem þeir hefðu tekið úr verkfærakistunni. Hefur framburður drengjanna þannig verið á reiki um það, hvaðan umrætt naglabyssuskot var komið.

Áfrýjandi kveðst ekki árum saman hafa notað skot af þeirri gerð, sem hér er um að ræða. Telur hann í aðiljaskýrslu sinni óhugsandi, að slík skot hafi verið að finna í verkfærakistu hans, en við yfirheyrslu fyrir lögreglu hafði hann raunar eigi fortekið það. Hann kveðst ekki hafa orðið var við, að nein skot hafi horfið úr verkfærakistu sinni.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, er óvíst, hvar drengirnir hafa tekið umrætt naglabyssuskot, þótt líklegast sé, að þeir hafi fundið það annaðhvort í vinnuskúrnum eða við hann ellegar í nýbyggingunni. Eigi verður séð, að vinnuskúrinn hafi verið að neinu leyti á vegum áfrýjanda né að hann hafi átt þar geymd naglaskot. Þykir þannig eigi í ljós leitt, að naglabyssuskot það, sem Guðmundur Snorri sprengdi, hafi verið frá áfrýjanda komið, þannig að hann verði gerður ábyrgur fyrir því tjóni, er af því hlaust. Ber því að sýkna áfrýjanda af kröfum stefnda.

Rétt þykir, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Páll Þ. Jónsson, skal vera sýkn af kröfum stefnda, Óla G. Jónssonar f.h. ólögráða sonar hans, Guðmundar Snorra Ólasonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Það er að vísu haft eftir drengjunum Hallgrími Færseth og Helga Birgi Ásmundssyni í skýrslu Þorgríms St. Árnasonar lögreglu-

manns, sem rituð var sama dag og stefndi slasaðist, að naglabyssuskotið, er þeir fengu stefnda í hendur, hefðu þeir fundið ásamt fleiri skotum utan við vinnuskúr við Hafnargötu 37. Við vettvangskönnun 7. mars 1980 fundust engin skot fyrir utan skúrinn, en ein dós með skotum inni í skúrnum, sem þó voru annarrar gerðar en skot þau, sem drengirnir höfðu undir höndum eftir slysið. Í skýrslum sínum fyrir rannsóknarlögreglu 25. mars 1980 hurfu drengirnir frá fyrri frásögn sinni um fundarstað skotanna og viðurkenndu að hafa tekið tvær dósir með naglabyssuskotum við og úr ólæstri verkfærakistu inni í sjálfri nýbyggingunni, og í skýrslum sínum fyrir dómi héldu þeir við það, að þeir hefðu tekið skotin úr verkfærakistunni.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi varðveitt naglabyssuskot í verkfærakistu sinni inni í nýbyggingunni og enn fremur að hann hafi skilið við verkfærakistuna ólæsta, er hann þurfti að bregða sér frá um tíma daginn sem slysið varð. Hann hefur að vísu haldið því fram, að hann hafi notað svört og hvít skot á þessum tíma, en ekki rauð eins og þau, sem drengirnir Hallgrímur og Helgi Birgir höfðu undir höndum eftir slysið. Hann viðurkenndi þó fyrir rannsóknarlögreglu 26. mars 1980, að vera mætti, að í kistunni hefðu einnig verið innan um annað dót rauð skot. Þykir verða að leggja það til grundvallar, enda gaf hann ekki aðra skýringu á staðhæfingu sinni um hið gagnstæða í aðiljaskýrslu fyrir dómi en þá, að annaðhvort hefði verið „ranglega haft eftir honum af þeim, sem skýrsluna tók, eða þá að hann hafi skýrt ranglega svo frá við töku skýrslunnar". Samkvæmt þessu og með vísun til áðurgreindrar frásagnar drengjanna Hallgríms og Helga Birgis um fundarstað skotanna verður við það miðað, svo sem héraðsdómari hefur gert, að stefndi hafi hlotið meiðsli sín af skoti, sem komið var úr verkfærakistu áfrýjanda.

Af skotunum gat stafað mikil hætta, ef börn kæmust yfir þau, eins og raun varð á. Nýbyggingin, sem áfrýjandi vann við, virðist hafa verið opin og auðveld inngöngu hverjum sem var. Mátti áfrýjandi því vænta, að börn kynnu að leita þangað og að þau færu sér að voða, ef þau kæmust yfir skotin. Verður að virða honum það til vangæslu, að hann skildi verkfærakistuna eftir ólæsta og eftirlitslausa í nýbyggingunni, er hann vék sér af vinnustað, svo sem hann gerði, og leggja á hann fébótaábyrgð á tjóni stefnda vegna

þeirra meiðsla hans, sem til þessa verða rakin, enda verður ekki á það fallist, að þau hafi verið svo fjarlæg afleiðing af umræddri vanhirðu, að áfrýjandi verði sýknaður af kröfum stefnda af þeirri ástæðu.

Staðfesta ber einnig úrlausn héraðsdómara um, að stefndi hafi mátt gera sér grein fyrir því, að háskalegt var að slá á skotið með steini, svo sem hann gerði, og verði hann því að bera hluta tjóns síns sjálfur. Þykir hæfilegt, þegar litið er til aldurs stefnda og annarra atvika, að áfrýjandi bæti honum tjón hans að ⅔ hlutum, en sjálfur beri hann það að ⅓ hluta, svo sem héraðsdómari dæmdi.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa laun og verðlag hækkað til muna. Standa ekki efni til að taka til greina kröfu áfrýjanda um lækkun bótafjárhæðar frá því, sem dæmt var í héraði. Tel ég því, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að vextir verði 31% ársvextir frá 29. febrúar 1980 til 1. júní s.á., 42,5% ársvextir frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1981 og 37% ársvextir frá þeim degi til þingfestingardags, 16. september 1981, en dómvextir samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 30.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 2. júní 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi hinn 27. maí sl., er höfðað af Óla G. Jónssyni, Smáratúni 34, Keflavík, vegna ófjárráða sonar síns Guðmundar Snorra, til heimilis sama stað, með stefnu, birtri 15. september 1981, gegn Ragnari Skúlasyni, Lyngholti 18, og Páli Þ. Jónssyni, Smáratúni 35, Keflavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða skaðabætur að fjárhæð kr. 297.144,00 með 42,5% ársvöxtum frá 29. febrúar 1980 til 1.6. s.á, en frá þeim degi með dómvöxtum skv. 1. mgr. 1. gr. l nr. 56/1979 um dómvexti til greiðsludags, svo og málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., eins og málið væri eigi gjafsóknarmál. Stefnanda var veitt gjafsókn með bréfi dómsmálaráðuneytisins 25. ágúst 1981.

Dómkröfur stefnda Ragnars eru þær aðallega, að hann verði alfarið sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara, að stefnufjárhæð verði stórlega

lækkuð. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda á grundvelli gjaldskrár L.M.F.Í.

Dómkröfur stefnda Páls eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af stefnukröfum. Til vara krefst hann verulegrar lækkunar á stefnukröfum, og í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar að skaðlausu.

Sáttatilraunir voru reyndar án árangurs.

II.

Málavextir.

Föstudaginn 29. febrúar 1980 kom Óli G. Jónsson á lögreglustöðina í Keflavík og tilkynnti, að sonur sinn Guðmundur Snorri hefði slasast, er hann hefði sprengt hvellhettu fyrr þann sama dag. Óli nefndi nafn Hallgríms Færseth, f. 28.4.1969, Heiðargarði 1, Keflavík, sem verið hefði með syni sínum, er atburðurinn átti sér stað.

Lögreglumenn höfðu tal af Hallgrími og einnig Helga Birgi Ásmundssyni, f. 12.4.1969, Heiðargerði 6, Keflavík, sem verið hafði með Guðmundi Snorra og Hallgrími. Þeir kváðust hafa fundið naglaskot fyrir utan vinnuskúr við nýbygginguna Hafnargötu 37, Keflavík. Síðan hefðu þeir hitt Guðmund Snorra á leikvelli við Miðtún og hefði hann sprengt eitt skot með því að lemja á það með steini. Afleiðingar sprengislyss þessa urðu þær, að hægra auga Guðmundar Snorra skaddaðist svo, að hann missti algjörlega sjón á því.

Rannsókn á slysi þessu hefur leitt í ljós, að drengirnir Hallgrímur og Helgi Birgir hafa annaðhvort fundið naglaskotin fyrir utan vinnuskúr við bygginguna að Hafnargötu 37 hér í bæ eða inni í sjálfri byggingunni. Skotin segjast þeir hafa fundið við ólæsta verkfærakistu og hafi þau verið mörg í dós og önnur dós hafi verið í kistunni sjálfri.

Föstudaginn 7. mars 1980 rannsakaði lögreglan í Keflavík vinnuskúrinn við Hafnargötu 37, vegna þess að þeir töldu þá, að skotin hefðu fundist þar. Fannst þar nokkurt magn naglaskota, og er því lýst í lögregluskýrslu, sbr. dskj. nr. 3.

Í lögregluskýrslu frá 25. mars 1980 telja drengirnir sig hafa fundið skotin inni í sjálfu húsinu. Hér fyrir dómi hafa þeir einnig fullyrt, að þeir hafi fundið skotin í ólæstri verkfærakistu inni í byggingunni.

Meiðsli Guðmundar Snorra Ólasonar af völdum slyssins voru, eins og áður greinir, að hann missti að fullu sjón á hægra auga. Varanleg örorka hans vegna þessara meiðsla hefur verið metin 25%. Er örorkumatið framkvæmt af Jónasi Hallgrímssyni lækni 26.7.1981. Þórir Bergsson, cand. act., hefur reiknað út örorkutjón drengsins á grundvelli örorkumatsins.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis segir m.a svo:

— — —

"Guðmundur Snorri hefur hlotið varanlega örorku af slysinu. Hann hefur misst alla sjón á vinstra (sic.) auga og augað er ónýtt og samanfallið þannig að segja má að augað hafi í rauninni tapast.

Örorka Guðmundar vegna slyssins er því metin 25% varanleg frá slysinu".

Þórir Bergsson tryggingastærðfræðingur hefur reiknað út örorkutjón Guðmundar Snorra. Í bréfi, dags. 13. apríl 1981, segir m.a. svo:

— — —

„Verðmæti áætlaðs vinnutekjutaps reiknast nema á slysdegi:

Ársvextir frá 1. júní 1980	5%	7%	9%	13%
Verðmæti taps	232.144	156.725	111.662	64.552

Um er að ræða beint framtíðartap.

Athugasemd

Að gefnu tilefni legg ég áherslu á að í útreikningunum er vinnutekjutap áætlað samkvæmt hreinu læknisfræðilegu mati á örorku, en slíkt mat er ótryggur mælikvarði á raunverulegt vinnutekjutap og getur þá verið um að ræða of eða vanmat".

Bótakrafa stefnanda sundurliðast þannig:

1.	Örorkutjónið	kr.	232.144,00
2.	Þjáningar, lýti, röskun á stöðu og högum	"	60.000,00
3.	Fyrirhöfn og útgjöld heimilis	"	5.000,00
		kr.	297.144,00

III.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi reisir kröfur sínar í málinu á því, að umrædd sprengiskot hafi verið mjög vangeymd, þar sem þau voru látin liggja fyrir utan opinn verkfærakassa án eftirlits og gæslu, annaðhvort í ólæstum vinnuskúr eða þá í opinni nýbyggingu, sem börn áttu greiðan aðgang að. Slík vangeymsla byði upp á mikla hættu, því vitað sé, að börn sækja mjög að nýbyggingum til leikja. Börn geri sér enga grein fyrir hættueiginleikum sprengiskota. Börnin hafi átt greiðan aðgang að þessu sprengiefni og engin tilraun hafi virst hafa verið gerð til að geyma sprengiskotin, þar sem óviðkomandi næðu ekki til.

Þeir, sem hafi byggt, og þeir, sem hafi atvinnu af því að byggja, viti vel, að erfitt geti verið að halda börnum frá nýbyggingum. Gera verði þá

kröfu til þessara aðilja, að hættuleg efni séu geymd þannig, að börn komist alls ekki til þeirra.

Stefnandi telur framangreindar málsástæður og rök beinast að báðum aðiljum. Hvað Pál Þ. Jónsson varðar fyrir þá sök að hafa átt sprengiskotin og notað, og fyrir það hirðuleysi að skilja þau við og í opinni verkfærakistu. Hvað Ragnar Skúlason varðar fyrir þá sök að hafa átt nýbygginguna og vinnuskúrinn, verið með Pál Þ. Jónsson í vinnu sem byggingameistara/trésmið og sem slíkur sé hann ábyrgur fyrir mistökum launþega síns í samræmi við húsbóndaregluna svokölluðu. Ennfremur að Ragnar hafi vitað eða mátt vita um notkun Páls á naglabyssunni og gera verði þá kröfu til hans sem húsbyggjanda, að hann útvegi góða geymslu fyrir hættuleg verkfæri, sem geymd eru á vinnustað. Ljóst sé, að vinnuskúr Ragnars hafi staðið opinn og ekki sé vitað um aðra læsta geymslu, sem hefði getað þjónað þeim tilgangi.

Þá telur stefnandi, að meðsök drengsins Guðmundar Snorra komi ekki til greina. Hann hafi ekki átt þátt í töku naglaskotanna. Hann hafi fengið þau í hendur fyrir tilviljun og ekki sé hægt að ætlast til þess, að hann, nýorðinn 10 ára gamall, geti gert sér grein fyrir hættueiginleikum þeirra skota, sem honum bárust í hendur. Drengurinn eigi því að fá tjón sitt af völdum slyssins bætt að fullu úr hendi stefndu.

Í málflutningi sínum féll lögmaður stefnanda frá þeirri kröfu, að stefndi Ragnar yrði gerður ábyrgur fyrir tjóninu á grundvelli reglunnar um ábyrgð vinnuveitanda. Var málið gegn honum því einungis flutt á þeim grundvelli, að hann bæri ábyrgð á grundvelli reglna um ábyrgð fasteignareiganda.

Sýknukrafa stefnda Ragnars byggist á því, að skot það, sem slysinu olli, hafi hvorki verið eign hans, í vörslum hans né á hans ábyrgð. Hafi drengirnir tekið skotið úr húsinu Hafnargötu nr. 37, þá hafi það verið eign Páls Þ. Jónssonar, byggingameistara hússins. Það verði ekki leitt af neinni settri lagareglu, dómvenju eða öðrum réttarheimildum, að stefndi Ragnar eigi að svara bótum vegna slyss þessa. Eigi því alfarið að sýkna hann. Stefndi hafi ekki atvinnu af því að byggja hús eða hagnað af slíkri starfsemi. Þá verði eigi séð, hvaða sök felist í því að hafa átt nýbyggingu þá, sem skotin fundust í. Páll Þ. Jónsson byggingameistari hafi verið sjálfstæður framkvæmdaaðili, sérfróður um húsbyggingar, og á þau tæki og tól, sem slíkum framkvæmdastörfum fylgja. Það hafi eingöngu verið í verkahring Páls, en ekki stefnda Ragnars, að útvega góðar geymslur fyrir verkfæri þau, er hann á og notar.

Þá telur hann mega taka undir sjónarmið meðstefnda Páls um það, að slysatburðurinn sé orðinn það fjarlægur eignaraðild, vörslum og ábyrgð skotanna, að ekki sé með nokkurri sanngirni hægt að leggja fébótaábyrgð

á stefndu í máli þessu. Skotin hafi verið tekin ófrjálsri hendi og afhent þriðja aðilja, sem skaðar sig á þeim.

Sýknukrafan er og studd þeim rökum, að fella beri bótarétt alveg niður vegna eigin sakar Guðmundar Snorra.

Þegar litið sé til þess, að drengurinn var orðinn 10 ára á slysdegi, og ennfremur þess, að félagar hans, sem létu hann hafa skotið, vöruðu hann við hættueiginleikum þess, þá sé ljóst, að eigin sök Guðmundar Snorra sé svo mikil, að hann hafi gjörsamlega fyrirgert bótarétti sínum.

Sýknukrafa stefnda Páls Þ. Jónssonar byggist í fyrsta lagi á því, að ósannað sé, að umrætt skot sé frá honum. Er drengirnir Hallgrímur og Helgi hafi fyrst verið spurðir, hvar þeir hefðu fengið skotin, hafi því verið svarað, að þeir hefðu fundið þau fyrir utan vinnuskúr að Hafnargötu 37, Keflavík. Stefndi hafi aldrei geymt skot sín í eða við vinnuskúr þennan. Er lögreglan hafi kannað aðstæður við skúrinn 7.3.1980, hafi fundist nokkrir tugir skota í honum auk skotnagla í Hilti byssur. Skúrinn hafi þá verið ólæstur. Byggingameistari hússins Hafnargötu 37 á undan stefnda hafi verið Guðbjartur Daníelsson. Hann hafi notað Hilti ásláttarbyssu við smíðarnar. Stefndi noti hins vegar Ramset byssu.

Ef vikið sé að gerð umræddra skota, þá komi eftirgreint fram í lögregluskýrslum: Skot þau, sem afgangs voru og piltarnir afhentu lögreglunni, hafi verið af gerðinni LECCO, stærð 5,6 x 16 með rauðu skoti. Skot þau, sem fundust í vinnuskúrnum, hafi verið af gerðinni SINOXID Cal 6,3 k með grænu merki. Skot þau, sem áðurnefndur Guðbjartur kveðst nota, séu aðallega HILTI 6,3 mest gul. Skot þau, sem stefndi kveðst nota, séu af stærðinni 5,6 og nær eingöngu svört og hvít. Séu þessar lýsingar á skotunum réttar, þá vakni óneitanlega sú hugmynd, að piltarnir segi ekki rétt til um, hvar þeir fundu skotin. Hvorugur byggingameistaranna noti skot eins og piltarnir voru með, og við leit í skúrnum finnst einnig önnur tegund en þeir voru með. Rétt sé að benda á, að þeir hafi verið tvísaga um, hvar þeir fundu skotin. Er lögregla hafi spurt þá um skotin á slysdegi 29. febrúar 1980, kváðust þeir hafa fundið þau fyrir utan vinnuskúrinn að Hafnargötu 37, Keflavík. Er þeir voru spurðir aftur mánuði síðar, kváðust þeir hafa fundið skotin við verkfæratösku stefnda í nýbyggingunni Hafnargötu 37. Ef fyrri framburður þeirra sé rangur, hafi þeir þurft að ræða saman þegar eftir slysið til að samræma framburði. Slíkt væri þó ótrúlegt, þar sem piltarnir hafi að líkindum ekki vitað, að nokkurt slys hefði orðið af völdum sprenginganna.

Líkurnar bendi því frekar til þess, að síðari framburður piltanna sé rangur, þ.e. að þeir hafi fundið skotin við verkfæratösku stefnda inni í húsinu. Þeir hafi líka haft nógan tíma til að samræma þann framburð sinn, þar sem síðari skýrslutaka af þeim hafi farið fram 25. mars 1980.

Teljist þrátt fyrir allt sannað, að skot það, sem olli slysinu, hafi verið eign stefnda, telur stefndi ámt ekki, að hann beri ábyrgð vegna slyssins. Samkvæmt almennu skaðabótareglunni þurfi að uppfylla skilyrði um ásetning eða gáleysi svo og þurfi slysið að vera sennileg afleiðing ásetnings eða gáleysis. Fram komi í framburðum stefnda og meðstefnda Ragnars Skúlasonar, að verkfærakista stefnda hafi að heita má alltaf verið læst. Mótmælir hann því, að piltarnir hafi komið að henni ólæstri í umrætt sinn. Hafi hún verið opin, þá hafi einhver brotið hana upp og verði stefndi ekki dæmdur fyrir það. Hann hafi augsýnilega geymt skotin á þann hátt sem fullnægjandi geti talist miðað við aðstæður. Jafnframt megi geta þess, að umrædd nýbygging sé við mestu umferðargötu Keflavíkur og slysið hafi orðið á föstudegi, en þá tvöfaldist umferð um götuna. Því megi ætla, að umferð fólks um hana valdi því, að ekki þyrfti að leggja alveg eins mikla áherslu á traustar geymslur. Innbrotsþjófar ættu greinilega óhægt um vik að stunda iðju sína óséðir við þessar aðstæður.

Eins og fram hafi komið, hafi stefnandi fengið skotið að líkindum á leikvelli við Miðtún í Keflavík. Sá leikvöllur sé langt frá Hafnargötu 37. Sé ekki unnt að leggja skaðabótaábyrgð á stefnda vegna umræddra skota, hvar sem þau yllu slysi. Þessi skot gætu borist á enda veraldar og valdið þar slysi. Full langsótt væri að telja stefnda ávallt skaðabótaskyldan. Hér sé um að ræða stigsmun, en ekki eðlis. Til vara gerir stefndi þá kröfu, að ef hann teljist bera skaðabótaskyldu vegna slyssins, verði stefnukröfur stórlega lækkaðar, vegna þess að telja beri stefnanda sjálfan bera meginsök á slysi þessu. Hann hafi átt að vita, að svona skot væru ekki nein leikföng. Félagar hans hafi varað hann við að sprengja skotið á þann hátt sem hann gerði. Engu að síður hafi hann barið á skotið með steini og slysið varð. Hefði hann farið að eins og hinir piltarnir, þ.e. hent steini í skotið, sé næsta víst, að hann hefði sloppið ómeiddur.

Varðandi fjárhæð tjónsins hefur stefnandi m.a. gert grein fyrir kröfum sínum eins og hér segir: Varðandi 1. tl. bendir hann á, að stefnandi sé 25% öryrki og hluti stefnufjárhæðar sé miðaður við útreikning Þóris Bergssonar.

Varðandi 2. tl. — Stefnandi verður blindur á öðru auga um aldur og ævi og álag á heilbrigða augað meira.

Varðandi 3. tl. — Ljóst sé, að slys þetta hafi haft í för með sér mikið álag á foreldra Guðmundar Snorra. Þau búi í Keflavík og hafi þurft að sækja alla læknisþjónustu til Reykjavíkur vegna drengsins. Auk fyrirhafnarinnar og kostnaðar við akstur megi nefna sérstaka umönnun, sem á þeim mæddi eftir slysið.

Af hálfu stefnda Ragnars er útreikningi, sem 1. tl. bótakröfunnar miðast við, mótmælt sem allt of háum og órökstuddum. Hann bendir á, að árleg

ávöxtun fjár sé miklu meiri en ráð sé fyrir gert í nefndum útreikningi. Þá er 2. tl. bótakröfunnar einnig mótmælt sem allt of háum og ekki í nokkru samræmi við dómvenju. Þá er síðasta lið bótakröfunnar jafnframt mótmælt sem röngum og ósönnuðum auk þess sem eigi verði séð, að kröfuliður þessi eigi nokkra lagastoð.

Af hálfu stefnda Páls Þ. Jónssonar er 1. tl. bótakröfunnar mótmælt sem of háum. Þarna sé ekkert tillit tekið til þess hagræðis, sem stefnandi hefði af því að fá bætur greiddar í einu lagi, né til skattfrelsis bótagreiðslu. Þá beri einnig að lækka bætur þar sem stefnukrafan miðast við, að ársvextir séu aðeins 5%, þó að dómvenja sé fyrir 13% ársvöxtum. 2. tl. mótmælir stefndi sem allt of háum og órökstuddum. 3. tl. mótmælir stefndi sem röngum, ósönnuðum og allt of háum.

IV.

Álit dómsins.

Sannað er í málinu, að Guðmundur Snorri Ólason slasaðist við að sprengja naglabyssuskot, sem hann fékk hjá vinum sínum, Hallgrími Færseth og Helga Birgi Ásmundssyni. Drengirnir Hallgrímur og Helgi kváðust hafa tekið skotin við verkfæraskúr við nýbygginguna að Hafnargötu 37, er þeir voru spurðir af lögreglu stuttu eftir slysið. Síðar breyttu þeir þessum framburði, og hér fyrir dómi hafa drengirnir báðir fullyrt að hafa tekið skotin í verkfærakistu inni í nýbyggingunni.

Stefndi Páll Þ. Jónsson kveðst ekki hafa notað skot eins og það, sem slysinu olli, í langan tíma. Í lögregluskýrslu segir hann hins vegar, að hann hafi átt slík skot, en breytir þeim framburði fyrir dómi og segist þá aldrei hafa átt slík skot.

Leggja verður til grundvallar í málinu, að framburður drengjanna Hallgríms og Helga sé réttur, þó að hann sé ekki sá sami frá upphafi til enda. Drengirnir tóku skotin ófrjálsri hendi úr verkfærakistu, er var inni í húsinu, og hafa vafalaust viljað draga úr skömminni af þessu athæfi og því sagt ranglega frá í fyrstu, en þegar á herti, kemur sannleikurinn í ljós. Þegar af þessari ástæðu verður það lagt til grundvallar í máli þessu, að skotin hafi verið tekin úr verkfærakistu Páls Þ. Jónssonar inni í nýbyggingunni að Hafnargötu 37 og að Páll hafi verið eigandi skotanna.

Stefndi Ragnar Skúlason gerði verksamning um byggingu hússins að Hafnargötu 37 við Pál Þ. Jónsson byggingameistara. Ragnar kveðst ekki hafa vitað um, að slík skot væru geymd í nýbyggingunni, og ekki hafi hann átt slík skot sjálfur.

Í íslenskum rétti eru hvorki sett lagaákvæði né aðrar réttarheimildir, sem leggja hlutlæga ábyrgð á eiganda fasteignar. Ekki verður heldur séð, að dómvenja hafi skapast, er leggi slíka ábyrgð á menn. Er það því álit dóms-

ins, að Ragnar beri enga ábyrgð á slysi því, sem um ræðir í máli þessu. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu. Skv. framansögðu er það lagt til grundvallar í máli þessu, að skotin hafi verið eign stefnda Páls Þ. Jónssonar og að þau hafi verið geymd í verkfærakistu inni í nýbyggingunni, þaðan sem drengirnir Hallgrímur og Helgi tóku þau.

Páll hefur borið hér fyrir dómi, að daginn, sem slysið varð, hafi hann farið frá og skilið verkfærakistuna eftir opna á meðan.

Húsið stendur við mikla umferðargötu, og auðvelt var fyrir óviðkomandi að komast þar inn. Alkunna er, að börn sækja mikið í nýbyggingar í leikjum sínum, og oft getur verið erfitt að hindra slíkt. Því verður að gera þá kröfu til þeirra, sem byggja hús, að hættuleg efni séu geymd þannig, að börn komist alls ekki til þeirra. Það var því mikið hirðuleysi af hendi Páls að skilja kistuna eftir ólæsta og án eftirlits, þegar hann fór frá. Páll hefði mátt ætla, að börn færu inn í bygginguna, þess vegna bar honum að gera þær öryggisráðstafanir, sem voru í hans valdi. Það gerði hann ekki. Drengirnir gátu tekið skotin óhindrað, og slys hlaust af.

Af þessum ástæðum er það álit dómsins, að Páll beri ábyrgð á tjóninu.

Sannað þykir af framburði drengjanna Hallgríms og Helga, að þeir hafi varað Guðmund Snorra við, áður en hann sprengdi skotið, og sagt honum, að hann bæri ábyrgðina á því.

Almennt verður að telja, að 10 ára börn geri sér einhverja grein fyrir þeirri hættu, sem er samfara því að leika sér að hættulegum hlutum, þar með talið sprengjum.

Eftir atvikum þykir því hæfilegt, að stefnandi beri tjón sitt sjálfur að einum þriðja hluta.

Bótafjárhæðin.

Að framan er getið málsraka aðilja varðandi einstaka kröfuliði bótakröfunnar.

Um tl. 1.

Þegar öll atriði þessa kröfuliðs eru virt í heild, þykir verða að taka tillit til hagræðisins af eingreiðslu bóta og þess, að þær eru undanþegnar tekjuskatti og tekjuútsvari. Með tilvísun til þess teljast bætur hæfilega ákveðnar kr. 190.000,00 samkvæmt þessum lið.

Um tl. 2.

Hér að ofan hefur áverka þeim, sem Guðmundur Snorri Ólason hlaut, verið lýst og sjúkrasaga hans rakin eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja. Þegar öll atvik eru virt og málsrök, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega metnar á kr. 40.000,00.

Um tl. 3.

Bætur samkv. þessum tölulið teljast hæfilega ákveðnar kr. 2.500,00.

Úrslit málsins verða því þau, að stefndi Páll Þ. Jónsson verður dæmdur til að greiða stefnanda tvo þriðju af kr. 190.000,00 + 40.000,00 + 2.500,00, þ.e. kr. 155.000,00 með 42,5% ársvöxtum frá 29. febrúar 1980 til 1.6. s.á., en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

Eftir þessum málslokum þykir rétt að dæma stefnda Pál Þ. Jónsson til greiðslu málskostnaðar.

Málskostnaður til handa stefnanda ákvarðast kr. 18.286,00 og greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hans, Skarphéðni Þórissyni hæstaréttarlögmanni, í talsmannslaun kr. 16.100,00.

Stefndi Páll Þ. Jónsson greiði kr. 18.286,00 í málskostnað, er renni í ríkissjóð.

Málskostnaður vegna þáttar stefnda Ragnars Skúlasonar og stefnanda fellur niður.

Sveinn Sigurkarlsson, settur héraðsdómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi Páll Þ. Jónsson greiði stefnanda, Óla G. Jónssyni vegna ófjárráða sonar hans, Guðmundar Snorra, kr. 155.000,00 með 42,5% ársvöxtum frá 29. febrúar 1980 til 1.6. s.á., en frá þeim degi með dómvöxtum til greiðsludags.

Stefndi Páll Þ. Jónsson greiði og málskostnað, kr. 18.286,00, er renni í ríkissjóð. Málskostnaður stefnanda, kr. 18.286,00, greiðist úr ríkissjóði, en af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni stefnanda, Skarphéðni Þórissyni hæstaréttarlögmanni, kr. 16.100,00 í málflutningslaun.

Stefndi Ragnar Skúlason skal sýkn vera af kröfum stefnanda, en málskostnaður vegna þáttar stefnda Ragnars Skúlasonar og stefnanda fellur niður.

Fimmtudaginn 7. mars 1985.

Nr. 190/1982. **Svavar Ingibergsson**
(Jón G. Briem hdl.)
gegn
Þrotabúi Stálbergs h/f
(Sveinn Snorrason hrl.)

Kröfu um riftun kaupsamnings hafnað. Útivist stefnda í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 28. september 1982. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að þola riftun á samningi sínum og Stálbergs h/f 24. ágúst 1981 um kaup á seilingarvél SL-3, að stefndi verði dæmdur til að endurgreiða það, sem greitt hefur verið af kaupverðinu, 39.000,00 krónur, auk 34% ársvaxta frá 24. ágúst 1981 til birtingar héraðsdómsstefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og að stefndi verði dæmdur til að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir áfrýjun héraðsdóms hefur bú Stálbergs h/f verið tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur 2. febrúar 1983. Hafði þá verið sótt þing fyrir Hæstarétti af hálfu félagsins. Þrotabúið hefur nú tekið við aðild málsins, sbr. 3. mgr. 54. gr. laga nr. 85/1936.

Eins og rakið er í hinum áfrýjaða dómi, gerðu málsaðiljar með sér samning 24. ágúst 1981, þar sem stefndi tók að sér að smíða seilingarvél SL-3 fyrir áfrýjanda. Galt áfrýjandi helming kaupverðsins með víxlum við undirskrift samningsins, en eftirstöðvar skyldi hann greiða „við móttöku vélarinnar samkvæmt nánara samkomulagi". Ekki var tekið fram, hvar afhendingarstaður vélarinnar ætti að vera, og verður því að líta svo á, að hann hafi verið á atvinnustöð stefnda, sbr. 9. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup. Stefndi staðhæfir, að vélin hafi verið tilbúin til afhendingar 27. nóvember 1981 og hafi hann þá boðist til að afhenda áfrýjanda hana, en áfrýj-

andi hafi ekki talið sig geta tekið við henni þá sakir peningaleysis. Aftur kveðst stefndi hafa boðist til að afhenda vélina í ársbyrjun 1982, en áfrýjandi hafi ekki fengist til að taka við henni. Sé því um viðtökudrátt að ræða af hans hálfu.

Af hálfu áfrýjanda er því hins vegar haldið fram, að hann hafi ekki fengið vélina afhenta á umsömdum tíma, þar sem hún hafi ekki verið tilbúin. Það hafi verið ákvörðunarástæða hjá sér við kaupin, að hann fengi vélina afhenta í nóvember, því hafi sér verið heimil riftun.

Það styrkir fullyrðingu stefnda um peningaleysi og viðtökudrátt áfrýjanda, að hann greiddi ekki á gjalddaga víxla þá, er hann hafði afhent stefnda til greiðslu á helmingi kaupverðs við undirskrift samningsins.

Áfrýjandi hefur ekki sýnt fram á eða gert líklegt, að hann hafi boðið fram greiðslu á eftirstöðvum kaupverðsins eða boðist til að semja um greiðslu á því, en stefndi var eigi skyldugur til að afhenda vélina, fyrr en samið hafði verið um greiðslu eftirstöðvanna. Það var ekki fyrr en hafist var handa um innheimtu annars víxilsins, að áfrýjandi tilkynnti stefnda riftun. Hefur áfrýjandi ekki rennt neinum stoðum undir þá staðhæfingu sína, að hann hafi ekki getað fengið vélina afhenta á umsömdum tíma. Verður því ekki talið, að um afhendingardrátt hafi verið að ræða af hálfu stefnda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að niðurstöðu til.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 17.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Svavar Ingibergsson, greiði stefnda, þrotabúi Stálbergs h/f 17.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. júní 1982.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. júní sl., hefur Svavar Ingibergsson, nnr. 8676-9557, Túngötu 6, Sandgerði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur

með stefnu, birtri 17. mars 1982, á hendur Stálbergi h.f., nnr. 8328-8345, Hamarshöfða 2, Reykjavík.

Stefnukröfur eru þær, *að* stefndi verði dæmdur til að þola riftun á samningi aðilja, dags. 24. ágúst 1981, um kaup á seilingarvél SL-3, *að* stefndi verði dæmdur til að endurgreiða það, sem búið sé að greiða af kaupverðinu, kr. 39.000,00, auk 34% ársvaxta frá 24. ágúst 1981 til birtingardags stefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, og *að* stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Af hálfu stefnda var sótt þing og gerðar þær dómkröfur, að stefndi yrði alfarið sýknaður í máli þessu og honum tildæmdur málskostnaður.

Undir rekstri málsins féll síðan niður þingsókn af hálfu stefnda.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

II.

Kröfur sínar byggir stefnandi á því, að þeir stefndi hafi gert með sér samning þann 24. ágúst 1981 um, að stefndi skyldi smíða fyrir stefnanda vél, sem kallast seilingarvél SL-3. Afhending vélarinnar hafi átt að fara fram í síðasta lagi í nóvember 1981. Vélin hafi enn ekki verið afhent. Umsamið verð vélarinnar hafi verið kr. 64.600,00 auk söluskatts og verðhækkunar á efni og vinnu, sem kynni að verða fram að afhendingu. Helmingur kaupverðs hafi verið greiddur við undirskrift samnings. Greiddar hafi verið kr. 32.500,00 auk vaxta, kr. 6.500,00, eða alls kr. 39.000,00. Greiðslan hafi verið innt af hendi með 2 víxlum, samþykktum af kaupanda. Annar víxillinn hafi verið að fjárhæð kr. 17.550,00 með gjalddaga 24. október 1981. Hinn víxillinn hafi verið að fjárhæð kr. 21.450,00 með gjalddaga 24. desember 1981. Með símskeyti, dags. 11. febrúar 1982, hafi stefnandi rift kaupunum. Sama dag hafi hann sent stefnda ábyrgðarbréf og hraðbréf, þar sem gerð sé nánari grein fyrir kröfum stefnanda.

Stefnandi kveður víxlana vera ógreidda og hafi stefndi höfðað áskorunarmál á hendur sér til greiðslu þeirra.

Stefnandi kveðst rifta kaupunum á grundvelli 21. gr. kaupalaga nr. 39/1922. Sú grein sé talin eiga við hér, vegna þess að afhendingardrátturinn hafi haft veruleg áhrif á hagsmuni stefnanda, sem reki fiskverslun í Sandgerði. Einnig hafi greinilega verið um það samið, að vélin yrði afhent á nákvæmlega tilteknum tíma, þ.e. í síðasta lagi í nóvember. Í þriðja lagi sé byggt á, að lokamálsgrein 21. gr. eigi við hér. Þá krefji stefnandi endurgreiðslu á því, sem hann hafi greitt upp í kaupin, auk vaxta og kostnaðar.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að sala hafi verið hafin á vélum þessum sumarið 1981 og hafi verið seldar 40 vélar með afhendingu

í septemberlok og 50 vélar með afheningu í nóvemberlok. Byrjað hafi verið að gera efnispantanir í júlí 1981 og hafi smíði hafist í ágúst s.á. Fljótlega hafi farið að bera á því, að ýmiss efnisskortur háði smíðinni, aðallega vegna þess að fyrirtæki hér höfðu ekki nægilegt magn af ýmsu efni, þegar smíða átti jafn mikið magn og um var að ræða. Hafi orðið að panta sérstaklega að utan ýmis efni og hafi það verið gert bæði af fyrirtækjunum sjálfum svo og af stefnda. Hafi ýmiss dráttur orðið á, að efni kæmi á umsömdum tíma. Þá hafi pantanir verið ranglega afgreiddar og hafi t.d. af þeim sökum orðið um mánaðartöf á afgreiðslu stáls.

Þá hafi pöntun á áli hjá Innkaupum h.f. brugðist og stuðlað að seinkun afgreiðslu. Síðan hafi endastoppsrofar í vélarnar ekki komið fyrr en 8. október til landsins, og átti þá eftir að setja þá í allar vélarnar, sem afgreiðast áttu í september.

Fljótlega hafi komið í ljós, að kaupendur vildu almennt, að hannað yrði færiband á vélarnar, sem flytti hausana beint frá vélinni, og hafi verið byrjað að hanna það í septemberbyrjun. Hafi tekið 6 vikur að ljúka við hönnunina. Allt hafi þetta orði þess valdandi, að afgreiðsla þeirra 40 véla, sem afhenda átti í september, dróst fram í október, nóvember og desemberbyrjun. Afhending þeirra véla, sem afhendast áttu í nóvember, hafi hafist seinast í nóvember. Þann 27. nóvember 1981 hafi stefnanda verið boðin vél til afhendingar, þrátt fyrir að fyrri víxill hans með gjalddaga 24. október væri í vanskilum. Þá hafi stefnandi ekki talið sig geta tekið við vélinni vegna peningaleysis, þar sem hann hefði staðið í húsbyggingum. Seinni víxillinn hafi fallið í lok desember og í ársbyrjun 1982 hafi stefnanda verið boðin vél, en þá hafi hann farið að hafa orð á miklu peningaleysi og hann vildi bíða, en helst að kaupin gengju til baka. Því hafi verið hafnað af hálfu Stálbergs h.f. og honum tjáð, að vél stæði til boða hvenær sem væri gegn uppgjöri. Engin formleg krafa um riftun hafi komið frá stefnanda fyrr en með símskeyti þann 11. febrúar 1982 til lögmanns stefnanda(sic). Sé riftun alfarið mótmælt af hálfu stefnda. Um afhendingardrátt hafi aldrei verið að ræða varðandi stefnanda, þrátt fyrir að seinkun yrði almennt á vélum. Stefnandi hafi verið einn af þeim fyrstu, sem boðin hafi verið vél til afhendingar af þeim, sem afhenda átti í nóvember, en peningaleysi af hálfu stefnanda hafi verið um að kenna.

Eins og áður greinir, féll niður þingsókn af hálfu stefnda undir rekstri málsins. Stefnandi lagði því fram sókn, þar sem hann mótmælir sýknukröfu stefnda. Kveður hann það rangt, að afhendingardráttur vélarinnar sé á einhvern hátt stefnanda að kenna eða á hans ábyrgð. Ennfremur mótmælir hann því, að sér hafi verið boðin vél til afhendingar innan þess tíma, sem stefndi hafi haft til afhendingar. Þá mótmælir stefnandi því, að vanskil hans á greiðslu víxlanna geti valdið því, að stefnda hafi verið rétt að draga

afhendingu vélarinnar. Ákvæði í kaupsamningi á dskj. nr. 3, í tölulið nr. 7, veiti stefnda ekki heimild til þess.

III.

Stefnandi hefur lagt fram kaupsamning, dags. 24. ágúst 1981, undirritaðan af stefnanda og stefnda. Í 7. gr. samningsins segir svo: „Seljandi verður eigandi vélarinnar, þar til síðasti víxillinn er greiddur og getur tekið vélina til sín, ef greiðslufall verður á víxlum, einum eða fleiri." Samkvæmt fullyrðingu stefnanda hefur hvorugur víxillinn, sem stefnandi samþykkti sem greiðslu á útborgun vélarinnar, verið greiddur. Féll fyrri víxillinn í gjalddaga 24. október 1981, eða fyrir umsaminn afhendingartíma vélarinnar. Með hliðsjón af 7. gr. samningsins verður að líta svo á, að stefndi hafi mátt halda vélinni, þar til umsamin greiðsla hafi farið fram. Þegar af þessum sökum ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Stálberg h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Svavars Ingibergssonar, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 8. mars 1985.

Nr. 196/1984. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Þorgils Axelssyni
(Sigurður Georgsson hdl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari sem áfrýjaði þessu máli til Hæstaréttar að ósk

ákærða með stefnu 27. júní 1984, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms um sakfellingu samkvæmt ákæru. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. janúar 1985.

Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu ákærða, að það væri ranghermi í rökstuðningi héraðsdóms, að ákærði hefði fyrir milligöngu vátryggingafélags bætt eigenda bifreiðarinnar H 565 að fullu tjón hans. Ákærði hefði engin afskipti haft af því.

Ákærði hefur með aðstoð annars manns gert útreikninga og uppdrætti í því skyni að leiða rök að sýknukröfu sinni. Um þessi gögn var fjallað af sérfróðum meðdómsmönnum í héraði og hefur niðurstöðu þeirra ekki verið hnekkt.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorgils Axelsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar héraðsdómslögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Seltjarnarness 31. desember 1983.

Árið 1983, laugardaginn 31. desember, er á dómþingi sakadóms Seltjarnarness, sem háð er í dómsal embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara ásamt meðdómsmönnunum Jóni Bergssyni og Halldóri Hannessyni verkfræðingum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2866/1978: Ákæruvaldið gegn Þorgils Axelssyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 10. desember 1980, höfðað gegn Þorgils Axelssyni byggingartæknifræðingi, Miðbraut 4 á Seltjarnarnesi, fyrir að hafa laugardaginn 12. ágúst 1978 ekið bifreiðinni R-40410 eftir Norðurlandsvegi um Öxnadalsheiði á

leið til Akureyrar, í stefnu til suð-austurs, án nægjanlegrar aðgæslu á miðjum vegi og án þess að víkja fyrir bifreiðum, sem á móti komu, með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreið ákærða og bifreiðinni H-565, sem á móti kom.

Telst þetta varða við 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 47. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 14. des. 1942 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

I. Gangur málsins.

Með bréfi sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, dags. 14. sept. 1978, er bæjarfógetanum á Seltjarnarnesi sent til afgreiðslu skýrsla um umferðarslys nr. 261 á Öxnadalsheiði 12/8 1978, árekstur H-565 og R-40410. 12. okt. 1978 er tekin skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, og jafnframt var óskað eftir áverkavottorði um ákærða frá slysadeild Borgarspítalans, en er það barst ekki, var beiðnin ítrekuð skriflega 23/4 1979, en áverkavottorð var ekki afgreitt til embættisins fyrr en 28/5 1980, og 10. júní 1980 er málið sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Með bréfi, dags. 30/6 1980, sendir ríkissaksóknari málið aftur bæjarfógetanum á Seltjarnarnesi og heimilar þar, að málinu verði lokið með dómsátt. Þannig að ákærði greiddi hæfilega sekt vegna brots hans á 1. mgr. 45., 1., 2., og h lið 3 mgr. 49., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976. Þann 9. ágúst 1980 kom ákærður fyrir sakadóm Seltjarnarness og var boðið, að málinu yrði lokið með þeim hætti sem ríkissaksóknari heimilaði. Ákærði hafnaði dómsátt, og var málið sent ríkissaksóknara að nýju 14. ág. 1980. Með bréfi, dags. 13/9 1980, sendi ríkissaksóknari sýslumanni Húnavatnssýslu málið með beiðni um skýrslutöku af Kristínu Maríu Jónsdóttur, Strandgötu 13, Hvammstanga, og með bréfi, dags. 31. okt. 1980, sendi ríkissaksóknari bæjarfógetanum á Akureyri málið með beiðni um, að tekin yrði staðfest skýrsla af vitninu Gísla Einarssyni og einnig yrði tekin dómskýrsla af eiginkonu hans. Skýrslutökur þessar fóru fram 19. nóv. 1980, og var málið svo endursent ríkissaksóknara. 10. des. 1980 gaf ríkissaksóknari út ákæru í málinu og sendi málið með bréfi, dags. sama dag, til bæjarfógetans á Seltjarnarnesi með kröfu um, að hann lyki rannsókn málsins og tæki það til dómsálagningar samkv. ákæru. Er birta skyldi ákæruskjalið, kom í ljós, að ákærði var þá til heimilis að Úthaga 7, Selfossi. Með bréfi, dags. 24/2 1981, var málið sent sýslumanni Árnesþings með beiðni um ákærubirtingu, og var ákæran birt ákærða 2. mars 1981,

og var þingfesting þess ákveðin í sakadómi Seltjarnarness 20. mars s.á. og fór þá fram að ákærða viðstöddum, sem óskaði, að hrl. Jón E. Ragnarsson yrði skipaður verjandi hans, og var hann skipaður verjandi hans í þinghaldi þessu. Ákærði óskaði, að verjandi hans yrði viðstaddur skýrslutöku af honum og málinu því frestað um óákveðinn tíma. Með bréfi, dags. 1/4 1981, var verjanda ákærða sent bréf, þar sem honum var tilkynnt um skipunina og send ljósrit eða afrit af skjölum málsins, en jafnframt var lagt fyrir hann að senda dómaranum bréf um þá framhaldsrannsókn, sem hann óskaði eftir, en við þingfestinguna kom fram hjá ákærða, að af hans hendi yrðu lögð fram frekari gögn í málinu, og var málinu m.a. frestað, meðan þeirra yrði aflað. Í þinghaldi 16. september 1981 lagði verjandinn svo fram greinargerð og athugasemdir ákærða og Holbergs Mássonar og tilkynnti jafnframt, að 3 teikningar yrðu lagðar fram daginn eftir. Skjöl þessi bárust réttinum nokkru síðar, og með bréfi, dags. 14. okt. 1981, er málið sent ríkissaksóknara aftur með þessum nýju gögnum til athugunar. Þann 12. nóvember 1981, endursendi hann svo málið og áréttaði fyrri kröfur í ákæru án kröfu um sérstaka rannsókn vegna þessara gagna né þótti honum ástæða til afturköllunar ákæru vegna þeirra. Strax í byrjun árs 1982 var ákveðið, að rannsókn málsins yrði haldið áfram með skýrslutöku af ákærða, en vegna aðstæðna hjá verjanda ákærða var fyrirtekt frestað þar til 21. apríl s.á., að ákærði kom fyrir dóminn, en þá gat verjandinn ekki verið viðstaddur vegna veikindaforfalla, en skýrslutakan fór eigi að síður fram með samþykki hans, og voru þá lagðar fram teikningar þær, sem verjandinn talaði um í réttarhaldi 16. sept. 1981. Loks þann 7. maí 1982 barst dómaranum bréf frá verjanda ákærða, þar sem hann tiltekur þá rannsókn, sem hann vildi að fram færi. Í framhaldi af því er málið sent bæjarfógetanum á Akureyri 15/7 1982 með beiðni um vitnaleiðslur og að málið yrði svo sent sýslumanni Húnavatnssýslu og af honum yrðu teknar vitnaskýrslur fyrir dómi af vitnum, búsettum á Hvammstanga. Vitnaleiðslan fór fram í sakadómi Akureyrar 28. júlí 1982, og var málið endursent 17/8 1982. Ákærði var viðstaddur vitnaleiðslurnar og ritaði bæjarfógetanum á Akureyri bréf 5/8 1982, þar sem hann fann að því, að ekki skyldi allt hafa verið bókað, sem fram kom í réttarhaldinu, og vildi, að eitt vitnið, Gísli Einarsson, yrði einu sinni enn kallað fyrir dóm vegna þessa. Hann kom þessu og á framfæri við dómara málsins og lagði áherslu á, að úr yrði bætt. Þann 7. okt. 1982 skrifaði dómarinn bæjarfógetanum á Akureyri bréf og leitaði umsagnar hans um bréf ákærða, og var beðið um hríð eftir svarbréfi, og einnig ætlaði verjandi ákærða að ítreka við fógetann að fá svar bréflega, en það dróst, að það bærist, og hefur það ekki borist enn. Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógeta, hafði hinsvegar samband símleiðis við dómarann og staðfesti þar, að þetta, sem í bréfinu væri greint, kynni að hafa komið fram, en

ekki hefði þó verið um að ræða, að vitnið hefði breytt fyrri framburði, heldur hafi þetta verið viðbrögð við fullyrðingu, sem honum hafi verið lögð í munn og ekki hafi verið bókað um. Hann gaf það í skyn, að hann væri ófús að svara bréfinu. Tafðist málið nokkuð vegna þess, að málið hafði ekki verið framsent sýslumanni Húnavatnssýslu af fógetanum á Akureyri, svo sem um var beðið að vitnaleiðslu þar lokinni. Var það 16. nóv. 1982 sent sýslumanni í Húnavatnssýslu með beiðni um skýrslutöku af tveim vitnum þar búsettum. 18. febrúar 1982 var tekin vitnaskýrsla af Kristínu M. Jónsdóttur, en hitt vitnið var þá flutt til Reykjavíkur, og var málið 28. febrúar 1983 sent sakadómi Reykjavíkur, og þar sem tekin var vitnaskýrsla af því 8. mars 1983 og 9. mars er málið af sakadómi Reykjavíkur sent aftur sýslumanni Húnavatnssýslu og barst þaðan sakadómi Seltjarnarness með bréfi, dags. 14/3 1983, og var það tekið fyrir þar 13. maí 1983, og skyldi þá tekin skýrsla af vitninu Sverri Þórólfssyni, sem ekki mætti, en hann hafði og áður verið kvaddur fyrir dóminn, en ekki sinnt því að mæta. Lögð voru fram í þessu réttarhaldi þau ný gögn, sem þá höfðu borist réttinum, svo sem endurrit dómsrannsókna og fleira. Nokkru á eftir andaðist verjandi ákærða, og var ekkert aðhafst í málinu um stund, meðan séð yrði, hver tæki við málum hans. Síðla sumars eða um haustið réðst það svo, að hdl. Sigurður Georgsson tók við starfi verjanda í málinu. Dómarinn var þá í veikindaforföllum um nokkra vikna skeið og fór í framhaldi af því í sumarfrí og kom ekki að fullu til starfa aftur fyrr en 21. okt. s.á. Nokkru áður, eða 18. okt. tókst þó að ná vitninu Sverri Þórólfssyni fyrir dóm og taka af því skýrslu, en vitnið er verktaki með verk víða og þráðist við að mæta og erfitt að ná til þess.

Í nóvember var svo skjölum málsins komið til þeirra tveggja manna, sem eru meðdómendur í máli þessu, og voru þeir að kynna sér þau þar til í byrjun desember,en þá var ætlunin að taka skýrslur af ákærða og Holberg Mássyni um skj. nr. IV-VII, en í þessum mánuði varð verjandi ákærða að vera erlendis tvívegis, og frestaðist skýrslutakan til 28. des. s.á., og var málið svo munnlega flutt í dag, og í beinu framhaldi af því er kveðinn upp í því þessi dómur. Ákærði hefur frá því ákæra var gefin út í málinu fylgst reglulega með gangi málsins, hringt eða talað tvisvar eða oftar á ári við dómarann og þá einkum til að fara fram á, að rannsókn þess yrði hraðað.

II. Málavextir.

Laugardaginn 12. ágúst 1978 varð umferðarslys á Öxnadalsheiði um 200 metrum austan við Sesseljubúð, þar sem rekist höfðu saman bifreiðarnar H-565 og R-40410. Lögreglunni á Akureyri var tilkynnt um slysið símleiðis frá Bægisársímstöðinni kl. 09:15, og fóru Þorsteinn Hallfreðsson, lögreglu-

þjónn nr. 2, og Ingólfur Þorsteinsson bifreiðaeftirlitsmaður á staðinn, og einnig fór þangað sjúkrabifreið með lækni. Þar sem áreksturinn varð, var vegurinn beinn og útsýni til beggja átta 1-2 km og ekkert, sem skyggði á, en nokkur lausamöl var á vegköntunum, og voru þeir allháir þarna. Bifreiðin H-565 hafði verið á leið frá Akureyri, en bifreiðin R-40410 á leið til Akureyrar. Við áreksturinn hafði bifreiðin H-565 henst norður af veginum og oltið þar eina og hálfa veltu og svo hafnað þar á þakinu, en bifreiðin R-40410 hafði snúist og var þvert á veginum á hægri hluta hans miðað við ætlaða aksturstefnu hennar. Ökumenn beggja bifreiðanna höfðu slasast og voru fluttir í sjúkrabifreiðinni á sjúkrahúsið á Akureyri. Ökumaður bifr. R-40140 var ákærði í máli þessu og hafði hann slasast allmikið, svo að leggja varð hann inn á sjúkrahúsið, og gat lögreglumaðurinn af þeim sökum ekki rætt við hann í beinu framhaldi af árekstrinum. Ökumaður bifreiðarinnar H-565 var Inga Margrét Guðmundsdóttir, Lækjargötu 10, Hvammstanga, og var strax gert að sárum hennar og einnig farþega í bifreið hennar, Kristínar Maríu Jónsdóttur, Strandgötu 13, Hvammstanga, en þær voru báðar nokkuð skrámaðar.

Ökumaður H-565, Inga Margrét, skýrði tildrög árekstursins svo fyrir lögreglumanninum, sem kom á staðinn, að hún hefði ekið bifreið sinni vestur Öxnadalsheiðarveg og hraði bifreiðarinnar verið 60-70 km miðað við klukkustund og hún þá séð til ferða tveggja bifreiða og fært bifreið sína út á hægri kant vegarins til þess að mæta bifreiðum þessum, en er hún hafi verið að mæta fremri bifreiðinni, R-40410, hefði bifreiðinni að því er henni virtist verið sveigt yfir á vinstri helming götunnar og allharður árekstur orðið milli bifreiðanna og bifreið hennar þá oltið norður af veginum og hafnað á þakinu. Miklar skemmdir urðu á báðum bifreiðunum, sem voru óökuhæfar og taldar ónýtar eftir.

Sá, sem fyrstur kom að eftir áreksturinn, var Gísli Einarsson, Engimýri 10, Akureyri, sem var ökumaður bifreiðar, sem ekið var á eftir bifreið ákærða.

Þorsteinn Hallfreðsson lögreglumaður gerði afstöðumynd af vettvangi, sem lögð hefur verið fram í málinu, merkt dskj. nr. 3.

Ingólfur Þorsteinsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðarnar, sbr. skýrslur hans þar um, dskj. nr. 6 og 7, en af þeim verður ekki ráðið, að neitt hafi verið að öryggisbúnaði bifreiðanna fyrir árekstur inn.

Tekið var blóðsýni úr ökumönnum beggja bifreiðanna, en við alkóhólákvörðun með gasgreiningu á súlu fannst ekkert alkóhól í þeim.

Samkvæmt vottorði Hauks Árnasonar læknis urðu meiðsli ákærða og afleiðing þeirra þessi:

„Hinn 12/8 1978, kl. 16.20, kom með sjúkrabifreið í Slysadeild Borgarspítalans maður, er kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann greinir svo frá,

að fyrr þann sama dag hafi hann lent í umferðarslysi á Öxnadalsheiði, er bifreið hans lenti í árekstri við aðra bifreið þar á heiðinni. Eftir slysið vankaðist Þorgils verulega og vissi vart hvað skeði.

Var fluttur í sjúkrahúsið á Akureyri og voru þar staðfest rifjabrot á III. og IV. rifi vi. megin, en einnig brot á hnéskeljum, en auk þess hafði hann sár á höfði. Þessu sári var lokað á Sjúkrahúsinu á Akureyri en síðan var sjúkl. talinn vera í það góðu ástandi skv. læknabréfi þaðan, að læknar á Akureyri ákváðu að senda hann til áframhaldandi meðferðar hér á Slysadeild Bsp."

— — —

Ákærði skýrði frá atvikum að árekstrinum þann 12. okt. 1978 hjá rannsóknarlögreglu Seltjarnarness, Hafnarfirði, og hér fyrir dómi 21. apríl 1982. Um kl. 00:30 aðfaranótt laugardagsins 12. ágúst 1978 hafði hann farið á bifreið sinni, R-40410, frá Reykjavík, var ferðinni heitið til Akureyrar. Með honum var í bifreiðinni dóttir hans, Helga Rakel, 7 ára, sem svaf í aftursæti bifreiðarinnar. Hann kom að Varmahlíð í Skagafirði laust fyrir kl. 08:30, þar sem hann tók bensín á bifreiðina, og hélt svo ferðinni áfram um kl. 08:45-08:55. Þá hafi verið logn, mikill hiti, 20-25°C og sólskin. Hann hafði ekið greitt í Skagafirðinum, þar til vegurinn var í austlæga stefnu, þá hafi hann dregið verulega úr ferð vegna sterkrar sólar og eftir það ekið á 45-50 km hraða m/v klst. Hann hafði þá séð, að á eftir hans bifreið kom bifreið, sem dró bifreið hans uppi, og hann séð, að skrásetningarmerki þeirrar bifreiðar var A-1470. Bifreið þessi hafði verið mjög nálægt honum um tíma og gefið merki, ákærði þá farið mikið út í hægri kant og hægt ferðina, en hinn bifreiðastjórinn hafði ekki notfært sér þetta tækifæri. Þetta hafði gerst um 5-10 km áður en hann kom að slysstað. Ákærði hafði svo haldið áfram á sama hraða, uns vegurinn breyttist og hann kom á nýja veginn á Öxnadalsheiði yfir svonefndan Flóa, en þar var vegurinn mikið upphækkaður með mikilli lausamöl og eins og kornaðri, sama malarstærð og í rúllumöl. Hann hafði þá dregið enn meira úr ferðinni, þar sem bifreiðin lét illa að stjórn, og tvívegis á þessum upphækkaða kafla var hann næstum búinn að missa bifreiðina út af hægra megin, sem einnig var vegna sólbirtu, en sól var lágt á lofti, en samt var hann með sólskyggnið niðri og með flexe-sólgleraugu. Hann hafði þó séð nokkuð vel fram undan sér og mætt bifreið, stuttu áður en hann kom á þennan vegarkafla, og mætingin gengið vel. Hann hafði svo haldið akstrinum áfram og jafnframt fylgst með í baksýnisspeglinum, að bifreiðin sem á eftir var, var ekið með sama hætti og hans. Er ákærði átti eftir nokkurn spöl að slysstað, 1000 m eftir því sem hann bar hjá rannsóknarlögreglu, en 300 m eftir því sem hann bar hér fyrir dómi, hafði hann séð bifreið koma á móti sér. Hann hafði haldið áfram akstri á sama hraða 45-50 km m/v klst.,

en mætingin orðið fyrr en hann bjóst við. Honum hafði í fyrstu ekkert fundist athugavert við akstur bifreiðarinnar, nema að honum hafði fundist sem henni væri ekið á talsvert mikilli ferð, sem hann hafði undrast yfir, vegna þess að henni hafði nýlega verið ekið upp brekkur hjá Bakkaseli og hann ekki átt von á, að hún væri búin að ná þetta mikilli ferð eftir það. Hann hafði svo litið í baksýnisspegilinn til að athuga með bifreiðina, sem var á eftir, hvar hún væri, en vegna þess hve sól var lágt á lofti óttaðist hann, að ökumaður hennar gæti blindast af sólinni og ekið bifreiðinni á bifreið ákærða. Er ákærði hafði svo litið af baksýnisspeglinum, hafði bifreiðin, sem á móti kom, ekið 2-3 billengdum frá bifreið hans og ökumaður hennar verið stífur við stýrið og með lokuð augu og ekki gert neina tilraun til að færa bifreið sína til hægri, en hún hafi verið a.m.k. 1½ m frá sinni hægri vegarbrún eða á miðjum veginum. Bifreið hans hafði látið illa á veginum, og taldi hann það hafa getað verið orsök fyrir þessari hegðun hins bifreiðarstjórans. Hann hafði séð fram á, að bifreiðarnar myndu skella saman, og til að koma í veg fyrir það, hafði hann ætlað að sveigja bifreið sinni til hægri og út af veginum, en hún hafi þá verið á hægra vegarhelmingi miðað við stefnu hennar. Þá höfðu verið 4-5 metrar á milli bifreiðanna og um leið og hann var búinn að leggja á bifreiðina til hægri, höfðu bifreiðarnar rekist saman, þannig að bifreiðin, sem á móti kom, hafði ekið á vinstra framhorn bifreiðar hans, og hafði frambretti hennar við það farið af í heilu lagi, vinstra framhjól hennar undir hvalbak og áfram inn í hurðalista, sem hafði bognað og færst 15-20 sentimetra í sæti ökumanns. Við þetta hafði mælaborðið keyrst í fæturna á honum, en um leið hafði hann kastast upp úr sætinu á stýrishjólið og framrúðuna, og lent með vinstri augabrún á gluggakarminn vinstra megin. Vinstri fóturinn hafði fest undir kúplingspetalanum, þar sem hann var fastur með fótinn, hafði hann fallið fram á vélarhúsið, og einnig hafði bifreiðin, sem á móti kom, ýtt inn hlið eða hurð bifreiðar hans um 50 cm, svo að hann hafði lent með vinstri síðuna á hurðina og við það rifbeinsbrotnað og skorist á upphandlegg. Hann hafði orðið var við, að bifreið hans snerist á veginum í um rúmar 90° og svo stöðvast í beinu framhaldi af því um 6 metrum frá akstursstað, en hin bifreiðin hafði haldið áfram stjórnlaust, farið út af veginum og hvolft, og fullyrti hann að hún hefði verið á 60-70 km hraða, er áreksturinn varð. Dóttir hans, sem var sofandi í aftursæti bifreiðarinnar, hafði henst til í aftursætinu, en þar sem hún hafi verið skorðuð innan um rúmföt, hafi hún ekki kastast fram í bifreiðina, en þó hafði hún tognað í baki. Ákærði hafði ekki haft neitt svigrúm til að hemla fyrir áreksturinn og var þess fullviss, að hinni bifreiðinni var heldur ekki hemlað fyrir áreksturinn. Ákærða var sýndur framl. úrdráttur (sic) af vettvangi, sem hann kvað í meginatrið-

um réttan, en þó hafi bifreiðin H-565 verið meira samsíða veginum og þá með framhlutann í austurátt.

Ökumaður bifreiðarinnar, Inga Margrét Guðmundsdóttir bankastarfsmaður, Lækjargötu 10, Hvammstanga, f. 18/2 1960, hefur borið vætti í málinu fyrir dómi.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi lagt af stað frá Akureyri fyrir kl. 08:00 að morgni þess 12. ágúst 1978 á bifreiðinni H - 565, og var ferðinni heitið til Hvammstanga. Með henni í bifreiðinni var vinkona hennar, Kristín María Jónsdóttir. Ók hún bifreiðinni á ca 60 km hraða, en dró úr ferðinni, er hún ók upp brekku á Öxnadalsheiðinni, og þegar hún var komin upp á hæðina, sá hún til ferða tveggja bifreiða í fjarlægð, en hversu langt framundan þær voru, kveðst hún ekki þora að fullyrða, en sér hafi gefist nægur tími til að draga úr ferðinni og búa sig undir að mæta bifreiðunum. Hún hafi ekið bifreiðinni alveg út í hægri vegkant, eins utarlega og unnt var út í kantinn. Sá hún þá, að bifreiðarstjóri fremri bifreiðarinnar tók stefnuna á bifreið hennar, og ók hann bifreiðinni inn á vinstri helming götunnar, og var því árekstur óumflýjanlegur, þar sem bifreiðin, sem á móti henni kom, var ekið á hennar vegarhelmingi. Vitnið segir, að hraði bifreiðar sinnar hafi ekki verið meiri en 20-30 km, þegar áreksturinn varð, en hvort bifreiðarstjórinn, sem á móti kom, dró úr ferð sinnar bifreiðar kveðst vitnið ekki þora að fullyrða um. Ítrekað aðspurt segir vitnið, að það hafi vikið bifreið sinni út í vegkantinn eins langt og því var unnt og hafi bifreið vitnisins því alls ekki verið á miðjum vegarhelmingi eða inni á akrein fyrir umferð, sem á móti kom.

Vitninu er bent á framburð ákærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði þann 12. október 1978 varðandi það, að vitnið hafi ekki gert neina tilraun til að færa bifreið sína til hægri og hafi verið stíf við stýrið og með lokuð augu, og segir vitnið, að þetta sé alls ekki rétt, þar sem það hafi verið vel vakandi og hafi verið búið að víkja alveg út í hægri kant, þegar áreksturinn varð, enda hafi það löngu fyrir áreksturinn ekið einvörðungu á hægri akrein og haft nægilegan tíma til að víkja vel út í vegkantinn,áður en bifreiðarnar mættust. Fullyrðir vitnið, að bifreið ákærða hafi verið ekið inn á sinn vegarhelming og því hafi það ekki haft möguleika á að afstýra árekstri, janfvel þótt það hefði verið búið að aka bifreiðinni alveg út í vegkantinn.

Vitninu var sýnd afstöðuteikning af vettvangi, og ber það um þetta atriði á sama hátt og í skýrslu sinni fyrir Matthíasi Einarssyni varðstjóra hjá lögreglunni á Akureyri. Vitninu er ennfremur sýnd í dóminum stækkuð mynd af afstöðumynd af vettvangi, og kveðst það ekki frekar geta tjáð sig um staðsetingu bifreiðar sinnar eftir áreksturinn en það hefur þegar gert, þ.

e. að afstöðumynd lögreglu af vettvangi væri rétt að öðru leyti en því, að því hafi fundist, að framendi bifreiðar þess hafi snúið meir til austurs. Vitnið kvaðst hafa sloppið með skrámur á vinstri handlegg, enni og tvo skurði á vinstri fæti.

Vitnið Kristín María Jónsdóttir húsmóðir, Hjallavegi 8, Hvammstanga, fædd 10/7 1960, kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni H-565, sem hafi verið á leið frá Akureyri til Hvammstanga í ágúst 1978. Það hafi verið í bifreiðinni ásamt Ingu M. Guðmundsdóttur, sem hafi verið ökumaður bifreiðarinnar, og þetta hafi verið snemma morguns og bifreiðinni verið ekið á 60-70 km hraða m/v klst. Þegar bifreiðin hafi verið rétt hjá Sesseljubúð á Öxnadalsheiði hafi komið á móti þeim bifreiðin R-40410. Vitnið kvað ökumann H-565 þá hafa dregið úr ferð bifreiðarinnar, vikið út í hægri vegarbrún og ekið áfram, en bifreiðin R-40410 hafi komið eftir miðjum vegi og ökumaður hennar ekki gert neina tilraun til að færa hana út á sinn vegarhelming og árekstur orðið, þannig að bifreiðin H-565 hafi oltið út af veginum.

Vitnið Gísli Einarsson verkstjóri, Furulundi 13E, Akureyri, fætt 24/4 1923, kvaðst hafa verið á leið til Akureyrar á bifreið sinni, A-1470, og hafa ekið stutt á eftir bifr. R-40410, þegar áreksturinn varð, og hafa verið búið að aka á eftir bifreiðinni nokkuð lengi. Bifreiðinni hefði ekki verið ekið hratt, eða ca 60 til 65 km hraða.

Það sagði, að skömmu áður en áreksturinn varð, hefði það séð bifr. H-565 koma á móti og þá furðað sig á því, að ökum. R-40410 hefði ekið miðjan veginn og ekkert vikið. Það sagði, að áður en áreksturinn varð, hefði það haft orð á þessu við konu sína, sem hefði verið í bifreiðinni með því.

Bifreiðarnar hefðu síðan rekist saman af miklu afli. Þá hefði bifr. H-565 verið vel út á hægri vegarbrún miðað við aksturssstefnu þeirrar bifreiðar, en R-40410 verið á miðjum vegi. Við áreksturinn hefði bifr. H-565 kastast út af veginum og stöðvast á hvolfi utan vegar, en R-40410 hefði stöðvast á veginum án þess að velta. Um hraða á H-565 kvaðst vitnið geta lítið sagt, en því hefði ekki fundist hann neitt óeðlilegur.

Vitnið sagði, að þarna hefði verið auðvelt að mætast og hann hefði enga skýringu á þessum árekstri nema þá helst, að ökum. R-40410 hefði sofnað við aksturinn og því ekki gert neina tilraun til að víkja. Það kvaðst ekki hafa orðið vart við að ökum. R-40410 æki óeðlilega, áður en áreksturinn varð, nema þá helst, að hann hefði alltaf verið á miðjum vegi.

Vitnið sagði, að strax eftir áreksturinn hefði hann farið í Sesseljubúð og beðið um sjúkrabifreið, lögreglu og lækni. Síðan hefði það farið á slysstað og reynt að hlynna að hinum slösuðu eins og hægt hefði verið.

Vitnið sagðist hafa ekið á eftir bifreiðinni R-40410 frá Varmahlíð í

Skagafirði og allt þar til áreksturinn varð.

Vitnið sagðist hafa dregið þessa bifreið uppi tvisvar sinnum, áður en slysið varð. Vitnið sagði, að bifreiðinni R-40410 hefði oft verið ekið á miðjum veginum. Vitnið sagðist skömmu fyrir áreksturinn hafa ekið nokkrar bíllengdir á eftir R-40410. Vitnið sagði, að hraði bifreiðarinnar R-40410, þ.e. 60-65 kílómetrar miðað við klukkustund, hefði verið mesti hraði, en oft hafi verið ekið hægar. Vitnið gat ekki dæmt um hraðann við áreksturinn.

Vitnið Guðbjörg Sigurðardóttir húsmóðir, Furulundi 13E, Akureyri, fætt 25. nóv. 1920, kvaðst hafa séð bifreiðina R-40410, sem ók á undan þeim hjónum í greint sinn. Vitnið sagði, að bifreiðinni hefði aldrei verið ekið meira en á 60-70 km hraða á klst.

Vitnið sagði, að bifreiðin R-40410 hefði verið ekið frekar innarlega á veginum, en ekki alveg á miðjum veginum nema annað slagið.

Vitnið sagði, að nokkru fyrir áreksturinn hefði það séð bifreið koma á móti R-40410, og sagði, að það hefði getað fylgst með þeirri bifreið í drjúga stund, en vitnið sagði, að slysið hefði orðið á jafnsléttu.

Vitnið sagði, að skömmu seinna hefðu þau hjón talað saman, þar til allt í einu að Gísli Einarsson sagði við vitnið „sjáðu hvað er að ske", en þá kvaðst vitnið hafa litið fram fyrir og séð bifreiðarnar skella saman. Vitnið gerði sér ekki grein fyrir, hvort bíllinn, sem á móti kom, átti í vandræðum með að komast framhjá R-40410, enda sagði vitnið, að bifreið þeirra hjóna hefði verið drjúgan spöl fyrir aftan R-40410. Vitnið sagði, að bifreiðin, sem á móti kom, hefði tekist á loft og lent á þakinu töluvert langt utan vegar, en R-40410 hafi staðið áfram á veginum, en þversum og með aftur hjólin út fyrir brautina. Vitnið staðfestir, að afstöðumynd af vettvangi, dags. 12. ágúst 1978, sé rétt. Vitnið gat ekki sagt til um stöðu bifreiðanna á veginum við áreksturinn.

Vitnið Þorsteinn Hallfreðsson lögregluþjónn, Gránufélagsgötu 28, Akureyri, fætt 8/10 1933, var sýnd afstöðumynd af vettvangi, dags. 12/8 1978, og staðfesti hana rétta og kannast við undirskrift sína á hana. Vitnið sagði, að um fjögur ár séu liðin frá því að málið gerðist. Vitnið sagði, að örvar í vegkanti og í átt að bifreiðinni B á teikningunni merki feril bílsins út af veginum. Vitninu var sýnd uppstækkuð teikning af árekstursstað og spurt um það, hvort samræmi væri á milli afstöðuteikningar og þessarar teikningar. Vitnið sagðist halda sig við frumteikninguna og kvaðst ekki svara því á annan hátt. Þegar talað væri um ferilsför, þá sé átt við bifreiðina H-565.

Vitnið Ingólfur Helgi Þorsteinsson bifreiðaeftirlitsmaður, Brekkugötu 41, Akureyri, fætt 6. mars 1934, sagði, að hlutverk sitt í greint sinn hafi verið að skoða bifreiðarnar eftir áreksturinn eftir beiðni lögreglunnar. Vitnið sagði, að hlutverk þess væri að skoða í hvaða ástandi bifreiðar væru,

en annað kvaðst vitnið ekki gera. Vitnið kvaðst skrifa niður punkta við skoðun bifreiðarinnar og þeir punktar væru notaðir í skýrslugerð. Vitnið staðfestir undirskrift sína á skoðunarskýrslu á bifreiðunum H-565 og R-40410 frá 12. ágúst 1978. Ákærði lagði fram tvær ljósmyndir að því er hann sagði af bifreiðinni R-40410 og spurði, hvort hér væri um að ræða þær skemmdir, sem sagt er frá í skýrslum vitnisins. Vitnið sagði myndirnar það óskýrt teknar, að það treysti sér ekki til að svara. Dómarinn bendir vitninu, sem er opinber embættismaður, á 92. gr. laga nr. 74. 1974 um meðferð opinberra mála. Vitnið sagði, að setningin „mjög mikið skemmd að framan eftir áreksturinn" þýði, að skemmdir geti verið aftur að miðju bílsins R-40410.

Vitnin Kristín María Jónsdóttir, Gísli Einarsson og Guðbjörg Sigurðardóttir staðfestu öll framburði sína með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 100. gr. laga nr. 74. 1974.

Þá hefur og borið vætti í málinu Sverrir Þórólfsson, Þingholtsbraut 58, Kópavogi, fætt 16. júlí 1950.

Vitnið kvaðst á þessum tíma, sem slysið varð, hafa verið með verkefni fyrir Hitaveitu Akureyrar og ákærði hafi unnið hjá því sem tæknifræðingur. Það kvað ákærða hafa farið daginn fyrir slysið með flugvél til Reykjavíkur og ætlað að sækja fjölskylduna og koma akandi norður. Fyrirhugað hafi verið, að hann mætti til vinnu næsta dag á eftir eða þarnæsta dag.

Morguninn eftir hafði það gerst, að menn frá sjúkrahúsinu hafi komið til þess á vinnusvæði þess og látið það vita, að ákærði væri þar slasaður eftir umferðarslys. Vitnið kvaðst hafa farið strax á sjúkrahúsið og haft tal af ákærða, en hafi lítið getað rætt við hann, þar sem ákærði var vegna aðgerðar undir áhrifum deyfilyfja og illa haldinn eftir slysið.

Vitnið kvaðst og hafa hitt þarna fyrir stúlku sem reyndist vera ökumaður hinnar bifreiðarinnar, sem lenti í greindu umferðarslysi.

Vitnið kvaðst nú óljóst muna, hvað þeim fór á milli, en minnir þó, að fram hefði komið hjá stúlkunni, að hún hefði verið að koma úr veislu og á leið heim til sín, er hún lenti í slysinu, og verið syfjuð og illa fyrir kölluð.

Þá hafi hún tekið fram, að hún teldi, að rétt fyrir áreksturinn hafi bifreið ákærða verið sveigt í veg fyrir bifreið hennar, en ekki hafi þó komið skýrt fram, hvernig bifreið hennar hafi verið á veginum né hvort hún var á mikilli eða lítilli ferð, en þó eins og komið fram hjá henni, að hún hafi tekið eftir bifreið ákærða fyrir áreksturinn, en hún ekki séð neitt óeðlilegt við akstur hennar.

Vitnið sagði, að stúlkan hefði ekki gert sér fullkomlega grein fyrri, hvernig atburðarásin að árekstrinum varð, en hún hafi þó talið sig hafa dregið úr ferð, áður en hann varð, en er bifreið ákærða hafi sveigt að

hennar bifreið, hafi hún orðið stjórf og viðbrögð hennar hafi þá orðið þau, að hún hafi ekki vikið til hliðar, heldur haldið stefnu sinni.

Vitnið var spurt um ástand stúlkunnar og kvað það hana hafa verið miður sín og í uppnámi, þreytuleg og með skrámur (sic), en ekki hafi hann merkt, að hún væri undir áhrifum vímugjafa.

Vitnið sagði, að á þessum tíma hefðu þeir, sem unnu hjá því, unnið fram til ca. kl. 22:00 á kvöldin, þ. á m. ákærði.

Í skýrslu lögreglunnar í Kópavogi, sem tekin var af Sverri fimmtudaginn 8. febrúar 1978 á það líklega að vera 1979 (sic), kemur fram, að stúlkan, sem var ökumaður H-565, hafi tjáð honum, að hún hafi lokað augunum, þegar hún sá bifreiðina R-40410 koma á móti sér á miðjum veginum og sá að hverju stefndi, skömmu áður en áreksturinn varð, en ekki hafi hún nefnt sekúndufjölda eða vegalengd (að hinni bifr.), er hún lokaði augunum fyrir árekstrinum.

Í málinu hafa verið lagðar fram 3 stækkaðar afstöðumyndir af slysstað og inn á þær teiknaðar bifr. H-565 og R-40410 og hvernig áreksturinn hafi orðið samkv. útreikningum og ályktun höfunda teikninganna, sem eru ákærði og Holberg Másson kerfisfræðingur, Tjarnargötu 10, Reykjavík. Einnig hefur verið lögð fram greinargerð og athugasemdir með útreikningum og ályktunum sömu manna, og eru skjöl þessi merkt dskj. nr. IV-VII. Með teikningum þessum og útreikningum er reynt að sýna fram á, að áreksturinn hafi ekki orðið með þeim hætti sem í ákæru greinir.

Ákærði og Holberg Másson komu báðir fyrir dóm 29. desember sl. Voru þá nánar spurðir um gögn þessi, á hverju þeir hefðu byggt, hverjar væru forsendur niðurstaðna þeirra o.s.frv., og eru þær fræðilegu útlistanir, sem fram komu í réttarhaldi þessu, í endurriti dómsrannsóknar, og verða þær ekki raktar hér, heldur er vísað til endurritsins.

Niðurstöður.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda eru skýrsla, teikningar, útreikningar og lokaályktun á dskj. nr. IV-VII ekki studdar nægilegum rökum til að sanna, að atburðarásin við framangreindan bifreiðaárekstur á Öxnadalsheiði 12. ágúst 1978 hafi orðið með þeim hætti er þar er fram sett.

Rétturinn í heild telur því gögn þessi ekki verða lögð til grundvallar niðurstöðu í málinu og hreki þau ekki framburð vitna og önnur sönnurgögn málsins.

Með vætti vitnanna Gísla Einarssonar, Kristínar Maríu Jónsdóttur og Ingu Margrétar Guðmundsdóttur er nægilega í ljós leitt, að bifreiðinni H-565 var ekið á hægri vegarhelmingi miðað við aksturstefnu bifreiðarinnar frá því nokkru fyrir og þangað til framangreindur árekstur varð. Sú fullyrð-

ing ákærða, að bifr. H-565 hafi verið á miðjum veginum, er áreksturinn varð, fær ekki stoð í gögnum málsins.

Hins vegar er sannað með vætti vitnanna í málinu, að bifreiðinni R-40410 var ekið á miðjum veginum, er áreksturinn varð, og þá að hluta á vinstri vegarhelmingi miðað við stefnu hennar, sem fær og stoð í vettvangsuppdrætti, sem sýnir glerbrot úr bifreiðinni á vinstri vegarhelmingi miðað við stefnu R-40410, en lítið eða ekkert á hægri vegarhelmingi. Þá liggur fyrir, að í akstri sínum þónokkra stund áður en áreksturinn varð, ók ákærði bifreið sinni innarlega á veginum og annað slagið á miðjum veginum. Þetta fær og stoð að vissu marki í framburði ákærða sjálfs, sem kveðst hafa tvívegis verið nær búinn að missa bifreiðina út af veginum vegna lausamalar í vegjaðrinum, og þessu og valdið, að sól hafi verið lágt á lofti og hann fengið sólbirtu í augun, sem skýrir vel, að ákærði haldi bifreiðinni meir á miðjum vegi, sem ekki telst óvanalegt við þessar aðstæður. Þá ber og að líta til þess, að hann er vansvefta eftir akstur alla nóttina auk þess sem hann hafði unnið mikið undanfarið, fram til kl. 10:00 hvert kvöld, sem bendir til, að hann gæti hafa verið sljór af þreytu, en þrátt fyrir að ákærði hafði séð bifreiðina, sem á móti kom, jafnvel í meir en 300 metra fjarlægð áður en áreksturinn varð, reiknar hann ekki með henni svo snemma, en hefur aðaláhyggjurnar af því, að ökumaður bifreiðarinnar, sem á eftir kom, kynni að blindast af sólinni og aka á bifreið hans.

Ljóst er því, að áreksturinn verður með þeim hætti, að ákærði ekur bifreið sinni, R-40410, á miðjum veginum vegna slæmra aðstæðna, lausamöl á hægri vegjaðri og sólbirtu, en sól var lágt á lofti, en vegna þess að hann misreiknar fjarlægð og ef til vill hraða bifreiðar H-565, sem hann hafði séð koma á móti nokkru áður, hafði hann ekki náð að víkja bifreiðinni nægjanlega til hægri, svo að hún lenti á bifreiðinni, sem á móti kom, með þeim afleiðingum, að hún hafnaði utan vegar. Með þessum akstri hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi, sem greind er í ákæru og brotið þargreind refsiákvæði.

Í málinu hefur einnig verið krafist sýknu á þeim grundvelli, að sök væri fyrnd, þar sem tvö ár hafi verið liðin, er ákærði hafi verið tekinn fyrir í sakadómi Seltjarnarness sem sökunautur og boðin dómsátt í málin 9. september 1980 og eigi ákærði að njóta hagræðis laga nr. 20. 1981, sbr. 2. gr. alm. hegn.l. nr. 19, 1940.

Rétturinn getur fallist á, að ákærði njóti hagræðis greindra laga, þó að ekki verði séð, að þar sé reginmunur m/v eldri lög, sem og gera ráð fyrir, að fyrningarfrestur stöðvist, er rannsókn hefst gegn sökunauti fyrir dómi. Hinsvegar er ljóst í málinu, að ákærði kom fyrir dóm laugardaginn 9.ágúst 1980, en þá voru ekki liðin 2 ár frá framningu brotsins. Þetta sést af merkingu framlagðra skjala, sem eru merkt 9/8 '80 í sakadómsbók nr. 96, er

næsta sátt á undan gerð 8. ág. 1980, og næsta á eftir 11. ágúst 1980, 9. ágúst er laugardagur, en 9. september er þriðjudagur, og málið er sent ríkissaksóknara aftur til fyrirsagnar, eftir að dómsátt er hafnað 12. ág. 1980. Hér er því augljóst, að september er misritun, og hefur þarna átt að standa 9. ágúst.

Eftir útgáfu ákæru og þingfestingu málsins verður ekki talið, að sök hafi fyrnst í málinu, hefur verið á þessum tíma í framhaldsrannsókn og tafir, sem á því hafa orðið ekki síst verið að beiðni ákærða eða vegna veikindaforfalla og síðar andláts verjanda hans, en ákærði haft tvisvar eða oftar á ári samband við dómara málsins og verið ljóst (sic), að málið var í rannsókn. Krafan um sýknu á þessari forsendu er því ekki tekin til greina.

Þegar litið er til þess, hversu afleiðingar brotsins hafa komið þungt niður á ákærða, og vegna þess, hve hann slasaðist illa, var hann allt að ári frá vinnu, auk þess sem bifreið hans eyðilagðist, en ákærði hefur hins vegar fyrir milligöngu vátryggingafélags, þar sem bifreið hans var tryggð, bætt eiganda bifr. H-565 að fullu hans tjón, sem aftur hefur valdið því, að á hann hefur fallið að greiða sjálfsáhættufé vegna tjónsins, auk þess sem tryggingariðgjaldið hefur líklega hækkað, þykir ekki vera ástæða til að gera ákærða refsingu í máli þessu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hdl. Sigurðar Georgssonar, sem ákveðast kr. 9.000,00, og er þar inn í talin þóknun vegna starfa hrl. Jóns E. Ragnarssonar.

Dómsorð:

Ákærða, Þorgils Axelssyni, er ekki gerð refsing í máli þessu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda, hdl. Sigurðar Georgssonar, krónur 9.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 8. mars 1985.

Nr. 189/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Helga Aðalsteinssyni
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)

Brenna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 14. ágúst 1984, en jafnframt er af ákæruvaldsins hálfu krafist þyngingar á refsingu ákærða.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit dóms sakadóms Reykjavíkur 18. október 1978 og dóms sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 15. janúar 1980, en í sakavottorði ákærða, sem lýst er í héraðsdómi, er sá dómur ranglega talinn upp kveðinn 20. mars 1980.

Ágrip barst Hæstarétti 13. nóvember 1984.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að sannað sé, að ákærði hafi valdið eldsvoða þeim, sem honum er gefinn að sök. Telja verður, að ákærða hafi eigi dulist, að íbúð var í húsinu og að hann stofnaði mannslífum í hættu með íkveikjunni. Varðar brot hans því við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greint er í dómsorði.

Hvorki sækjandi né verjandi sóttu dómþing, er málið var tekið fyrir á Ísafirði 14. júlí 1983, og var þeim þó tilkynnt um þinghaldið. Þeir voru heldur eigi viðstaddir, er vitni voru yfirheyrð á dómþingum 27. júlí og 2. ágúst 1983, og sækjandi sótti heldur eigi þing, er málið var fyrir tekið 16. og 25. nóvember 1983 og 12. júní 1984. Var þetta eigi í samræmi við ákvæði 133-134. gr. laga nr. 74/1974,

en samkvæmt þeim skal meðferð mála þeirra, er sæta sókn og vörn, fara fram að sækjanda og verjanda viðstöddum.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málssóknarlaun í ríkissjóð, 18.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Magnúsar Thoroddsen og Sigurgeirs Jónssonar.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta það mat héraðsdómara, að ekki sé marktæk afturköllun ákærða á játningu í skriflegri yfirlýsingu hans og framburði hans í sakadómi Ísafjarðar hinn 12. september 1978.

Húsið nr. 2 við Hafnarstræti á Ísafirði er steinsteypt með steinloftum og steinstigum milli fyrstu, annarrar og þriðju hæða. Það er aðskilið frá nærliggjandi húsum með steinsteyptum veggjum upp fyrir þak. Á þriðju hæð hússins eru svalir. Húsið ber með sér, að það er verslunar- og skrifstofuhús, þótt íbúð sé þar einnig, á efstu hæð og rishæð. Það stendur við aðalviðskiptagötu Ísafjarðarkaupstaðar. Ákærði var aðkomusjómaður á Ísafirði og lítt kunnugur þar, þó að hann hefði áður dvalið þar um nokkurra mánaða skeið, en þá stundaði hann sjó.

Með framangreint í huga þykir varhugavert að slá því föstu að fullnægt sé því skilyrði 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um mannhættu, að ákærði hafi séð fram á, að mönnum mundi bersýnilegur lífsháski búinn.

Brot ákærða er í ákæru réttilega talið varða við 1. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga, en samkvæmt framangreindu verður ekki beitt hinum sérstöku ákvæðum 2. mgr. sömu greinar við ákvörðun refsingar.

Liðin eru 6½ ár frá því að brot það var framið, sem fjallað er um í dómi þessum. Á því tímabili hefur ákærði ekki gerst sekur

um brot gegn almennum hegningarlögum eða öðrum refsilögum, svo vitað sé. Hann hefur á þessu tímabili gengið í hjónaband, eignast barn með konu sinni og lifir nú eðlilegu fjölskyldulífi.

Brot ákærða er framið áður en hann sætti refsidómum hinn 18. október 1978 og 15. janúar 1980. Refsingu fyrir brot það, sem hér er um fjallað, ber því að ákvarða í samræmi við reglur 1. mgr. 78. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing hæfilega ákveðin fangelsi í 8 mánuði, en með hliðsjón af hegðun ákærða í undanfarin 6½, fjölskylduhögum hans og hinum óafsakanlega drætti, sem orðið hefur á endanlegri úrlausn í máli hans af hendi ákæruvalds og dómstóla, þykir mega fresta fullnustu refsingar í 5 ár frá uppkvaðningu dóms þessa, ef dómþoli gerist ekki á skilorðstímanum sekur um nýtt brot.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og skaðabætur svo og ákvæði um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, ef til fullnustu kemur.

Þá ber að dæma ákærða til þess að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem greint er í dómsorði. Við erum samþykkir aðfinnslum meiri hluta dómenda varðandi málsmeðferð.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi 8 mánuði. Fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að 5 árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar og skaðabóta svo og frádrátt gæsluvarðhaldsvistar, ef til kemur, eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 18.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar Gunnarssonar hæstaréttarlögmanns, 18.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 25. júní 1984.

Ár 1984, mánudaginn 25. júní var á dómþingi sakadóms Ísafjarðar, sem háð var að Hverfisgötu 115 í Reykjavík af Arngrími Ísberg setudómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 365/1978: Ákæruvaldið gegn Helga Aðalsteinssyni, er dómtekið var þann 22. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi.

Mál þetta er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, útgefnu 5. ágúst 1980, á hendur Helga Aðalsteinssyni, þá til heimilis að Heiðargerði 24 í Reykjavík. Ákærða er gefið að sök að hafa laugardagsnóttina 2. september 1978 brotist inn í kjallara hússins nr. 2 við Hafnarstræti á Ísafirði, þar sem er vörulager Bókaverslunar Jónasar Tómassonar, verslunin sjálf á 1. hæð og íbúðir á 2. og 3. hæð, og lagt þar eld í vörulagerinn og komið sér síðan á brott, eftir að eldurinn hafði náð að magnast, og þannig stofnað lífi íbúa hússins, sjö að tölu, í bersýnilegan háska og auk þess valdið hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn náð að breiðast út, en hann var að mestu slökktur af íbúunum sjálfum, sem af hreinni tilviljun vöknuði við það, að síminn tók að hringja, er þræðir til hans sviðnuðu og leiddu saman.

Í ákæru er framangreint atferli ákærða talið varða við 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Ennfremur var þess krafist við munnlegan flutning málsins, að ákærði yrði dæmdur til að greiða saksóknarlaun til ríkissjóðs.

Ákærði er fæddur í Reykjavík 23. mars 1954 og hefur áður sætt kærum og refsingu sem hér segir skv. sakavottorði, útgefnu 18. júní sl:

1973 23/2 í Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga. Svipting ökuleyfis gerð 9. júní 1972 felld úr gildi.

1974 9/4 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot á 3. gr. áfengislaga.

1974 31/10 í Reykjavík: Dómur, 8 mán. fangelsi fyrir brot á 244., 248. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 31/10 1974.

1975 4/4 í Reykjavík: Dómur: Ekki gerð sérstök refsing með hliðsjón af 78. gr. hegningarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt frá 4/4 1975. Brot gegn 25., 26., 37. og 41. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

1975 17/2 Borgardómur Kaupmannahafnar: Dómur: 60 daga fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 285. gr., sbr. 284. gr., sbr. 276. gr. dönsku hegningarlaganna.

1976 5/11 í Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Ekki gjörð sérstök refsing.

1976 17/11 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244., 246., 155., 248 og 261. gr. hegningarlaga.

1976 21/12 í Reykjavík: Sátt: 75.000 kr. sekt fyrir brot gegn 27. gr. umferðarlaga.

1978 22/8 í Reykjavík: Sátt: 210.000 kr. sekt fyrir brot á 2., sbr. 5., sbr. 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. rgj. nr. 390, 1974, sbr. og 77. gr. hegningarlaga.

1978 18/10 í Reykjavík: Dómur: 7 mánaða fangelsi fyrir brot á 1. mgr. 155. gr., 244. gr., 248. gr. og 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga.

1980 20/3 í Reykjavík: Dómur: 90 daga fangelsi og 150.000 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr.laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974.

1982 23/6 Ákærða veitt ökuleyfi á ný.

I.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina. Laugardaginn 2. september 1978, kl. 02:10 var Torfi Einarsson, þá settur yfirlögregluþjónn á Ísafirði, í eftirlitsferð á lögreglubifreiðinni Í-1102 ásamt Guðmundi Sigurjónssyni, þá fulltrúa bæjarfógetans á Ísafirði. Er þeir óku niður Hafnarstræti, voru þeir stöðvaðir af tveimur mönnum, sem stóðu gegnt húsi nr. 2 við sömu götu og tjáði annar mannanna þeim, að hann hefði fundið brunalykt frá Bókhlöðunni. Einnig kvaðst hann hafa séð reyk í gangi sama húss. Í því kom út úr húsinu Gísli Gunnlaugsson, sem átti þar heima, og sagði hann löggæslumönnunum, að eldur væri laus í kjallara hússins, og óskaði eftir því, að slökkviliðsstjórinn yrði kallaður á vettvang. Gísli kvað eldinn vera það lítinn, að óþarfi væri að kalla til slökkviliðið. Þessari beiðni hans var komið áleiðis, en síðan héldu löggæslumennirnir inní húsið og könnuðu verksummerki. Fyrst var farið inní gang hússins, og var mikill reykur þar, „þá var farið niður í kjallara þess. Þegar þangað kom voru þar fyrir þeir Gunnlaugur Jónasson og fyrrnefndur Gísli ásamt Jónasi Gunnlaugssyni, og reyndust þeir vera búnir að slökkva eld sem sýnilega hafði logað í pokastæðu í norðurherbergi kjallarans, sem notað er undir vörulager bókaverslunarinnar ásamt öllum kjallaranum. Við lauslega athugun á vettvangi kom í ljós að búið var að brjóta upp hurð á herbergi þessu, er snéri út í port á bak við verslunina. Þá fannst fyrir utan hurðina brot úr Coca Cola flösku og einnig fannst í porti milli húsanna nr. 2 og 4, þar í vörugámi, kúbein sem virtist miðað við ummerki hafa verið notað til að spenna upp hurðina að kjallaraherberginu. Þá var einnig búið að róta í vörum sem voru í hillum og á borði herbergisins. Teknar voru ljósmyndir af vettvangnum og af fótaförum sem fundust á uppgreftri við hurðina í portinu."

Löggæslumennirnir spurðu mann þann, er sagðist hafa fundið brunalyktina, að nafni, og kvaðst hann heita Helgi Pétursson, Rauðagerði 30, Reykjavík, Hinn maðurinn reyndist vera Kristinn Þorlákur Kristjánsson, Skúlagötu 58, Reykjavík.

Bæjarfógetaembættið á Isafirði óskaði eftir aðstoð rannsóknarlögreglu ríkisins við rannsókn máls þessa, og fóru Dóra Hlín Ingólfsdóttir og Haraldur Árnason rannsóknarlögreglumenn vestur til að annast rannsóknina. Dóra Hlín ritaði skýrslu um aðkomu á vettvangi, og segir þar m.a: „Þarna hafði verið brotist inn í kjallara hússins Hafnarstræti 2, Ísafirði. Sparkaðar hafa verið upp dyr er snúa að porti en dyrnar virtust hafa gefið sig auðveldlega. Í kjallaranum er vörulager bókaverslunar Jónasar Tómassonar en bókaverslunin er á næstu hæð fyrir ofan kjallarann, 1. hæð. Rótað hafði verið í hirslum og umbúðir rifnar utanaf nokkrum ljósmyndavélum. Kærandinn sagðist þó ekki sakna nema einnar Kodak vasamyndavélar, af nýjustu gerð, með haldi. Síðan hefur verið farið upp á næstu hæð hússins, þar sem verslunin er og skrifstofa. Greiðfært er um ólæsta millihurð í stigagangi en dyr að versluninni og aðrar dyr að skrifstofunni voru læstar. Reynt hefur verið að opna báðar þessar dyr með klaufjárni sem fannst í gámi fyrir utan húsið. Ekki er enn vitað hvaðan klaufjárnið er komið. Horfið hefur verið frá án þess að opna dyrnar en skemmdir voru á hurðunum og hurðarkörmunum eftir klaufjárnið. Ekki hafa kunnugir verið þarna á ferð því dyrnar sem snúa að versluninni er ekki hægt að komast inn um því þil hefur verið sett fyrir þær, inn í versluninni. Innbrotsmaður eða menn hafa verið valdir að íkveikju í kjallaranum. Hafnarstræti 2, Ísafirði er steinsteypt hús, auk kjallara fjórar (svo) hæðir, um 115 m^2 að flatarmáli. Eldurinn hefur kviknað á bréfpokastæðum sem stóðu á gólfi, upp við vegg og náðu um rúman metra upp. Hefur eldurinn logað á öllum stæðunum og brunnið nokkuð jafnt niður en um 1 metershæð var óbrunnin af bréfpokunum. Gunnlaugur sagði að ofan á bréfpokastæðunum hafi verið kassi úr pappa með bindingarásetningargræjum í (til að festa bindingar á skíði). Bréfpokastæðurnar náðu ekki saman efst, heldur gliðnuðu hver út frá annarri en pappakassinn utanaf bindingargræjunum hefur getað leitt eldinn á milli pokastæðanna. Hann var alveg brunninn upp en hefur verið það stór að hann hefur líkast til legið ofan á öllum stæðunum. Bindingargræjurnar lágu sótaðar ofaná pokunum en þær hafa verið megintil úr járni. Loft, veggir og gólf kjallarans eru úr steini, ljósmálað. Loft var alls staðar svart af sóti og náði sótið um 50 cm niður frá lofti. Þarna var mikill eldsmatur og hefði getað orðið mikill bruni. Á sama vegg og bréfpokarnir stóðu upp við voru tréhillur með vörum í litlum pappakössum, aðallega ljósmyndavörur, fixer, stækkunarpappír, filmur, myndavélar o.fl. Hillur þessar voru um 1 metra frá pokastæðunum (bilið á milli). Í hillum lengra

frá eldinum var mikið af vörum ýmiss konar, aðallega skólavörum. Hiti hefur ekki verið orðinn mikill í herberginu, því plast hafði ekki bráðnað utanaf pappírsvörum en sótagnir voru yfir öllum vörum. Neðan í loftinu, beint fyrir ofan bréfpokastæðurnar, lágu símaleiðslur en millisamband er í húsinu, leiðslurnar höfðu bráðnað og var síminn dauður."

Á þessum tíma var slökkviliðsstjóri á Ísafirði Jón Ólafur Sigurðsson, Hraunprýði II, Ísafirði. Við sakadómsyfirheyrslur hefur vitnið skýrt frá því, að um kl. 02:45 hinn 2. september 1978 hafi lögreglan hringt í það og tilkynnt, að kviknað hefði í Bókaverslun Jónasar Tómassonar og óskað eftir því, að það kæmi á vettvang, en ekki væri þörf á að kalla út slökkviliðið. Þegar vitnið kom á vettvang, voru húsráðendur búnir að slökkva eldinn, sem var í kjallara hússins. Vitnið lýsti aðkomunni á brunastað þannig: „Töluverður reykur hafi verið í kjallara hússins og eldur (svo) hafi verið í bréfpokastafla á lager þar í kjallaranum. Mætti kveður að kjallarinn þarna sé fullur af mjög eldfimum vörum, þarna séu m.a. bækur, ritföng, leikföng úr plasti, ljósmyndavörur auk umbúða og allskonar pappírsvöru. Umbúðastaflinn þar sem eldurinn kom upp hafi verið farinn að brenna og eldur hafi verið búinn að læsa sig í viðarhillur, sem stóðu upp við staflann. Í hillunum hafi verið mjög eldfim efni, ljósmyndavörur, filmur og lím. Mætti telur vafalaust að ef ekki hefði verið gripið til sérstakra slökkviráðstafana, myndi hafa kviknað í öllum kjallaranum og eldur myndi hafa breiðst meira út. Súrefni hafi átt greiða leið að, þar eð kjallarahurðin hafi verið opin út. Í u.þ.b. 1 m fjarlægð frá eldsupptökum sé loftstokkur, sem gangi upp í gegnum húsið og hann sé upp undir lofti. Í stokknum séu rafmagns- og símaleiðslur og eldur geti auðveldlega leitt upp stokkinn. Aðspurður um hvort unnt hafi verið að slökkva eldinn ef hann hefði náð að breiðast út í kjallara hússins, kveður mætti að svo fremi að eldurinn hafi aðeins verið í kjallara hússins er slökkviliðið kæmi á staðinn þá teldi hann líklegt að það hefði mátt einangra hann þar og slökkva með kvoðu en ef farið hefði að loga í málningu á stigagangi þá sé ógerlegt að ætla hvað gerst hefði," því þegar hún hafi náð ákveðnum hita, brenni hún eins og bensín. Vitnið kvað engar eldvarnarhurðir hafa verið í húsinu. Varðandi áðurgreindan loftstokk þá kvaðst það ekki vera visst á því, hvort hann væri úr timbri eða steini, en ljóst sé þó, að eftir honum hefði eldurinn getað borist upp á efri hæðir hússins. Þá eru ristar úr stokknum inná hverja hæð, en vitnið kunni ekki að greina frá því, hvort þær væru opnar eða ekki. Þá kom fram hjá vitninu, að veðrið umrædda nótt hefði breytt miklu um gang málsins, en í þetta skipti var logn á Ísafirði. Hefði t.d. verið norðanátt, hefði brunahaninn næstur húsinu getað orðið óvirkur og í sunnanátt hefði skapast mikil hætta fyrir húsin á bak við Hafnarstræti 2.

Í vottorði Veðurstofu Íslands um veður í Æðey, sem mun vera næsta

veðurathugunarstöð við Ísafjörð, þann 2. september 1978 kemur fram, að kl. 06 var þar norðaustan 1 vindstig, skýjað, skyggni 45 km og hiti 6,4 gráður á Celcíus. Mesta veðurhæð milli athugana var 3 vindstig.

Samkvæmt vottorði bæjarstjórans á Ísafirði þá áttu 7 manns lögheimili að Hafnarstræti 2 þann 1. desember 1977. Einn íbúinn hefur flutt aðsetur sitt annað þann 15. maí 1978, en átti áfram lögheimili að Hafnarstræti 2.

Aðfaranótt 2. september 1978 sváfu 7 manns í íbúðinni í húsinu, sem er á 3. hæð þess og í risinu, Gunnlaugur Friðrik Jónasson bóksali, eigandi hússins og verslunarinnar, eiginkona hans, tveir synir, dóttir hans og tilvonandi tengdadóttir auk konu, er var þar gestur.

Vitnið Gunnlaugur Friðrik og synir hans, Gísli og Jónas, hafa komið fyrir sakadóm og gefið skýrslur, sem nú verða raktar.

Skýrsla Gunnlaugs Friðriks er gefin fyrir sakadómi þann 12. september 1978 og er svohljóðandi: „Mætti kveðst hafa vaknað laust fyrir kl. 02:30 aðfaranótt laugardagsins 2. sept. sl. við það að síminn hringdi. Mætti kveðst hafa tekið eftir að hringingarnar voru óeðlilegar svo hafi virst sem allar 3 línur símans hafi hringt í einu. Mætti kveðst eftir vangaveltur stutta stund hafa opnað dyr íbúðar sinnar fram á stigagang hússins, en hann býr á 3. hæð. Kveðst hann hafa fundið reykjarlykt og séð reyk neðar í ganginum. Mætti kveðst hafa gengið á reykinn og niður á 1. hæð. Hann kveðst hafa séð að reyk lagði út um dyrnar niður í kjallarann en þær hafi staðið opnar. Hann kveðst hafa gengið niður í hálfan kjallarastigann og séð þá eld loga í lagerherbergi í bakhlið hússins. Mætti kveður að talsverður reykur hafi verið í öllum kjallaranum. Hann hafi séð eld loga í vörum í einu horni lagerherbergisins. Ekki merkti hann mikinn hita. Mætti kveðst hafa farið strax aftur upp úr kjallaranum og upp á 3. hæð til að sækja lykla að verslun sinni, því þar var hægt að komast í vatn og fötur. Hann kveðst hafa beðið konu sína að hringja á slökkvilið en hún hafi tjáð sér að síminn væri óvirkur. Þá kveðst mætti hafa beðið hana að vekja íbúa hússins og senda Jónas son sinn eftir aðstoð lögreglu og slökkviliðs. Mætti kveðst síðan hafa farið niður í verslunina ásamt syni sínum Gísla, sem hafi fylgt sér eftir. Þeir hafi borið u.þ.b. 4 til 5 fötur af vatni og skvett á eldinn og hafi hann þá slökknað. Þegar þessu var lokið hafi Jónas verið á leið út og kveðst mætti hafa sagt honum að ekki þyrfti að kalla út slökkviliðið, það væri nægilegt að kalla á Jón Ólaf slökkviliðsstjóra. Þá rétt á eftir hafi lögreglan komið á staðinn.“ Vitnið skýrði frá því, að þessa nótt hefðu 7 manns sofið í íbúðinni í húsinu. 5 á 3. hæð og 2 í risinu. Þá skýrði það frá því, að á 1. hæð hússins sé verslun en á 2. hæð geymsla og skrifstofur. Útgangur af 3. hæð og risinu sé aðeins niður stigaganginn, en af 2. hæð sé auk þess hægt að fara niður stiga að bakdyrum á 1. hæð. Unnt sé að fara beint af stigapalli 2. hæðar í stigann að bakdyrum.

Vitnið Jónas Gunnlaugsson verslunarmaður, nú til heimilis að Stórholti 9, Ísafirði, bjó í Hafnarstræti 2 árið 1978 og var sofandi þar aðfaranótt 2. september. Vitnið kom fyrir sakadóm og gaf skýrslu þann 14. júlí 1983. Umrædda nótt svaf vitnið ásamt unnustu sinni í risi hússins. Um nóttina var það vakið af systur sinni með þeim orðum, að kviknað væri í húsinu. Þá voru faðir þess og bróðir farnir niður. Þegar vitnið kom niður, hafði eldurinn þegar verið slökktur, og var það beðið um að fara á lögreglustöðina og tilkynna um atburðinn. Þegar vitnið kom út úr húsinu, sá það lögreglubifreið og sagði þeim, er í henni voru, frá eldinum. Vitnið kvaðst hafa veitt eftirtekt tveimur mönnum, sem það þekkti ekki, stóð annar þeirra hjá lögreglubifreiðinni, en hinn hjá búðarglugga rétt hjá.

Vitnið Gísli Gunnlaugsson tæknifræðingur, Hafnarstræti 2, Ísafirði, kom fyrir sakadóm sama dag og gaf skýrslu. Umrædda nótt svaf vitnið á 3. hæð hússins. Það kvaðst hafa vaknað við það, að síminn hringdi. Var það ekki venjuleg hringing, heldur eins og margar í einu. Engu var svarað, þegar tólinu var lyft. Þegar dyr voru opnaðar út úr íbúðinni fram á stigaganginn, fannst, að þar var fullt af reyk. Vitnið og faðir þess fóru þegar niður í kjallara og sáu þar eldi loga í einu kjallaraherbergjanna, og logaði þar í umbúðapokum. Faðir vitnisins náði í lykla að 1. hæð hússins til að nálgast þar fötur og vatn, en sjálft fór vitnið aftur upp á loft til að klæða sig. Þegar það kom niður aftur, báru það og faðir þess vatn á eldinn og eftir að hafa borið á hann nokkrar fötur af vatni, var hann slökktur. Kvað vitnið frekar vel hafa gengið að slökkva eldinn.

Vitnið Torfi Arnar Einarsson lögregluvarðstjóri, Skólavegi 7, Hnífsdal, var settur yfirlögregluþjónn á Ísafirði í september 1978. Vitnið hefur komið fyrir sakadóm þrisvar sinnum og staðfest skýrslur sínar, sem það gaf í málinu og fyrr hafa verið raktar að hluta.

Fyrir sakadómi þann 14. júlí 1983 kvað vitnið mann þann, er stöðvaði það og Guðmund Sigurjónsson fulltrúa við Hafnarstræti 2 aðfaranótt 2. september 1978, hafa verið Helga Aðalsteinsson, ákærða í málinu. Vitnið kvaðst ekki hafa þekkt hann þá, en komist að því síðar, hver hann var. Hins vegar mundi vitnið ekki, hver var með ákærða. Vitnið minnti, að ákærði hefði verið ölvaður, en ekki mjög áberandi. Kvaðst það helst hafa merkt það á lyktinni af honum.

Vitnið Guðmundur Kristinn Sigurjónsson aðalfulltrúi, Lyngholti 8, Ísafirði, gaf skýrslu fyrir sakadómi þann 14. júlí 1983. Vitnið skýrði frá því, að aðfaranótt laugardagsins 2. september 1978 hafi það verið á heimleið í lögreglubifreiðinni Í-1102 að afloknum embættisstörfum á lögreglustöðinni. Með vitninu var áðurgreindur Torfi Einarsson. Þeir óku niður Hafnarstræti og inná Aðalstræti. Þegar bifreiðin var rétt komin fram hjá bókhlöðunni og á móts við Silfurtorgið, stóðu tveir menn á móti þeim á göt-

unni. Annar þeirra gaf þeim stöðvunarmerki. Þeir stöðvuðu bifreiðina og ræddu við manninn, sem spurði þá að því, hvort þeir fyndu ekki reykjarlykt. Þeir kváðu nei við og sögðust enga reykjarlykt finna. Í sömu mund var hurðin að Hafnarstræti 2 opnuð, og út kom maður, og lagði reyk á eftir honum. Bað maðurinn, sem vitnið minnti, að hafi verið Jónas Gunnlaugsson, um, að kallað yrði til slökkvilið. Vitnið kvaðst hafa komist að því síðar, að maður sá, sem sagðist hafa fundið reykjarlyktina, var Helgi Aðalsteinsson, ákærði í málinu. Þar sem nokkuð ljóst var, að um íkveikju var að ræða, voru viðstaddir beðnir um að koma á lögreglustöðina. Þar sagði ákærði rangt til nafns, en ítrekaði að hafa fundið reykjarlykt, en maðurinn, sem með honum var, kvaðst enga hafa fundið. Vitnið kvað ákærða hafa verið nokkuð ölvaðan í þetta skipti.

Svo sem áður er fram komið, reyndist maður sá, sem var þarna með ákærða, vera Kristinn Þorlákur Kristjánsson, Skúlagötu 58, Reykjavík. Hann var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins þann 3. september 1978. Þykir rétt að taka skýrslu vitnisins upp í heild sinni hér: „Aðfaranótt laugardagsins sl. var ég á leið um Hafnarstræti á Ísafirði og var ég nokkuð undir áhrifum áfengis. Var ég að koma af dansleik sem haldinn var í Hnífsdal. Er ég kom að horni Hafnarstrætis, sá ég Helga Aðalsteinsson. Ekki tók ég eftir því hvað hann var að gera, fyrst er ég veitti honum athygli en við urðum samferða og héldum áfram niður Hafnarstræti en ég var á leið um borð í bátinn sem ég var á. Helga kannaðist ég lítillega við úr Reykjavík, en þar hafði ég oft séð hann. Helgi var skammt frá Hafnarstræti 2 er við slógumst í för hvor með öðrum en er við höfðum gengið spölkorn í átt frá húsinu, fór hann að tala um að hann fyndi reykjarlykt. Ég fann enga reykjarlykt og sagði ég honum það. Hann vildi stoppa og ganga til baka og ganga úr skugga um hvort þetta væri reykjarlykt og var ég fús til þess þó svo að ég fyndi enga. Er við komum aftur að húsinu, mættum við lögreglubíl, Helgi veifaði lögreglubílnum og tók annan lögreglumanninn tali. Heyrði ég að hann sagði honum að hann fyndi reykjarlykt og flýttu lögreglumennirnir sér inn í Hafnarstræti 2. Um það leyti kom einhver strákur út úr húsinu og sá ég þá að fullt var af reyk þar inni. Ég man atburði vel, þessa nótt, þó svo að ég hafi verið undir áfengisáhrifum en ég held að ég hafi ekki tekið eins vel eftir vegna þess. Nokkuð var af ungu fólki á ferli þarna um götuna, um það leyti sem brunans varð vart. Þegar ég kom að Hafnarstræti 2 var Helgi staddur um 100 metrum frá húsinu en ég tók ekki eftir því hvort hann var á leið burtu eða hvort hann ráfaði um, fannst mér eins og hann stæði kyrr. Hann stóð í hóp með fleiri krökkum og slóst í för með mér niður að höfn en við þurftum að ganga fram hjá húsinu sem eldurinn kom upp í til þess að komast að höfninni. Eins og ég áður sagði þá vorum við komnir spölkorn í burt frá húsinu er Helgi

fór að tala um reykjarlykt og finnst mér skrítið að hann einn hafi fundið hana. Finnst mér þó ólíklegt að hann hafi kveikt í húsinu sjálfur, því þá hefði hann varla farið að láta vita af reyknum heldur flýtt sér í burtu frá staðnum. Ég fór aldrei af götunni eða gangstéttinni og sá aldrei bakvið húsið, í portið þar. Ekki sá ég neina krakka koma frá portinu eða fara þar bakvið. Ég tók ekki eftir því hvað klukkan var en dansleikurinn var til kl.01:00 og hlýtur klukkan þá að hafa verið orðin 02:00 er eldurinn kom upp. Lögreglubíllinn kom að rétt eftir að Helgi fór að minnast á reykjarlyktina við mig. Veðrið var frekar gott um þetta leyti. Þó minnir mig að það hafi verið smágola."

Vitnið kom fyrir sakadóm þann 2. ágúst 1983 og staðfesti þá skýrslu sína sem rétta. Það kunni hins vegar ekki frekar að greina frá atburðum þessa nótt.

Vitnið Dóra Hlín Ingólfsdóttir rannsóknarlögreglumaður, Arnartanga 17, Mosfellssveit, annaðist rannsókn máls þessa af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið kom fyrir sakadóm þann 27. júlí 1983 og staðfesti þá skýrslur sínar, sem fyrr hafa verið raktar að hluta. Aðspurt þá kvað vitnið, að á vettvangi hafi engin skilyrði verið til sjálfsíkveikju, þar sem eldurinn hafði greinilega komið upp þ.e. í pappírspokastæðu, heldur var eins og logandi hlutur hefði verið lagður ofaná hana. Þá skýrði vitnið frá því, að það hafi þekkt rithönd ákærða hjá lögreglunni og vitað þá strax, um hvern var að ræða, en hann var þá farinn út á sjó.

II.

Lögregluransókn í máli þessu hófst þegar eftir að eldur hafði verið slökktur. Féll brátt grunur á manninn, er stöðvað hafði lögreglubifreiðina fyrir utan Hafnarstræti 2 umrædda nótt, eins og áður er rakið, og gefið hafði upp nafnið Helgi Pétursson. Kom í ljós, að hann hafði sagt rangt til nafns og heimilisfangs. Reyndist maður þessi við nánari athugun vera Helgi Aðalsteinsson, þá til heimilis að Heiðargerði 24 í Reykjavík, sem ákærður er í máli þessu. Þegar handtaka átti ákærða, reyndist hann vera horfinn úr bænum, og kom í ljós, að hann hafði ráðið sig á b/v. Gylfa, BA, frá Patreksfirði og var farinn til sjós með honum.

Þann 8. september 1978 var gefin út handtökuskipun á hendur ákærða, og fóru lögreglumennirnir Torfi Arnar Einarsson og Guðmundur Helgi Jensson með hana til Patreksfjarðar og handtóku ákærða þar þann 11. september.

Áðurgreindur Torfi Arnar Einarsson ritaði skýrslu um handtöku ákærða og fyrstu yfirheyrslur. Þar segir m.a: „Um kl. 08:50 lagðist b/v Gylfi að bryggju á Patreksfirði og fór þá undirritaður um borð og hitti Helga í brú skipsins. Þegar Helgi sá undirritaðan kvaðst hann hafa búist við lögreglunni

er hann kæmi að landi. Helgi var þá beðinn um að koma með upp á lögreglustöð á Patreksfirði, sem hann og gerði. Þá voru vistarverur Helga um borð í Gylfa athugaðar, en þar fannst ekkert er bent gat til að hann hafi brotist inn í umrædda verslun. Þegar talað var við Helga á lögreglustöðinni á Patreksfirði, viðurkenndi hann að hafa farið inn í verslunina, og gat lýst innförinni nokkuð nákvæmlega, en þegar kom að eldsupptökunum bar hann fyrir sig minnisleysi. Hann var þá settur í fangahúsið á Patreksfirði og fékk hann klefa nr. 4 til umráða. Um kl. 11:30 var Helgi tekinn til viðtals aftur um sama efni og bar hann þá fyrir sig aftur minnisleysi og ölvun í umrætt sinn. Hann var þá settur í fangahúsið á ný. Óskaði hann þá eftir að fá skriffæri með sér í klefann, sem hann og fékk. Haft var samband við Guðmund Sigurjónsson fulltrúa bæjarfógeta á Ísafirði og honum sagðir málavextir. Guðmundur óskaði þá eftir að Helgi yrði færður til Ísafjarðar. Þá var farið um borð í b/v Gylfa og eigur Helga sóttar. Að því loknu um kl. 14:00 var farið upp á lögreglustöð. Þá lágu fyrir undirrituðum skilaboð frá Helga um að koma og tala við hann. Þegar komið var til hans í fangaklefann, kvaðst hann vera búinn að skrifa játningu og lét undirritaðan hafa skrifblokk þá er hann hafði fengið í klefann og hann bað um. Er játning Helga var lesin kom í ljós að hann kvaðst hafa farið inn í Bókabúðina tvisvar og í seinna skiptið til að afmá för eftir sig og þá kveikt í. Þá kvaðst hann hafa farið inn í tvær bifreiðar á Ísafirði og farið inn í eitthvað hús, sem hann vissi ekki hvar var."

„Játning" sú, er ákærði ritaði í fangaklefanum á Patreksfirði er svohljóðandi: „Mánudagur. Ég skýri frá þessu sem best ég get. Aðfaranott Laugardagsins 1.1. 9 78 var ég búinn að innbirða mikið áfeingi. Vesenið birjaði á föstudagskvöld ég var svegtur í ? Að best ég man þá fór ég inn í tvo bíla, (líkklega til að komast frá Ísafirði. Ég veit ekki hvar ég fékk þetta járn sem ég var með en auk þess að fara í bílanna fór ég inn í hús að bakatil í leit að enhverju sem ég ekki veit, þetta var bara eitt herbergi. Þaðan tok ég ekkert. Síðan fór ég inn í umrædda verslun 2 sinnum, í seinna skiftið fór ég inn til að athuga hvort ég gæti afmáð fingraför, eina leiðin sem ég fann var að setja eld í enhvað fara út og bíða sem ég og gerði. Ættlunin var að fá slöökvuliðið til að sprauta svo mikklu vatni að fingraförin eiddust. Sjálvur ættlaði ég að sjá um að reina að láta lögguna vita. Ég tek það framm að ég var mikið ölvaður og gat ekki hugsað rétt first að ég gerði það sem ég gerði. Ég sé eftir þessu. Ég á ervitt með að játa svona, ég biðst afsökunar á liginni. Helgi Aðalsteinsson 3949-1737."

Ákærði kom fyrir sakadóm Ísafjarðar þann 12. september 1978, kl. 01:45. Hann gaf þá greinargóða skýrslu, sem rétt þykir að taka upp í heild sinni. „Ég var að drekka áfengi á föstudaginn 1. sept. sl. Ég og kokkurinn á m.b. Bjarna Ásmundar keyptum saman 5 flöskur af íslensku brennivíni.

Á milli 21 og 23 fór ég frá borði og hafði með mér tæplega eina flösku af víni, en við höfðum þá lokið úr 3 flöskum saman og ég var orðinn alldrukkinn. Ég fór upp á Hótel Mánakaffi og hugðist fá herbergi þar en fékk ekki. Fór ég þá á Gistiheimili Hjálpræðishersins og fékk herbergi þar. Skildi ég þar eftir farangur minn, sem ég hafði haft með mér. Fór ég þá eitthvað að ráfa um og man ég eftir að hafa farið inn í 2 bifreiðar en man ekki hvar þær stóðu. Síðan man ég eftir að hafa verið kominn með eitthvað járnstykki en ekki man ég hvernig það leit út. Ég man eftir að hafa farið inn í eitthvað hús þarna í sömu götu og Bókhlaðan er en hinumegin við götuna. Síðan fór ég í gegnum sund við hlið Bókhlöðunnar. Ég held, að ég hafi farið inn í sundið bara af því að það var þarna. Þarna bak við húsið fór ég annanhvort upp eða niður tröppur. Ekki man ég hvernig ég opnaði hurðina þarna, en ég held að ég hafi notað járnið. Ég man að ég missti óátekna kókflösku þarna í tröppunum, sem brotnaði. Ekki geri ég mér grein fyrir í hvaða tilgangi ég fór þarna inn, en ég man að þarna var mikið af kössum. Ég man að ég fann Polaroid myndavél þarna. Eitthvað reyndi ég við að setja í hana filmu en það gekk illa. Fleiri myndavélar skoðaði ég þarna en ekki held ég að ég hafi tekið neina þeirra. Síðan fór ég upp einhvern brattan stiga og kom þá að dyrum sem ég reyndi að opna með járninu. Ég held að ég hafi komist þarna inn í einhverja verslun, sem mun versla með pappírsvörur. Af einhverjum ástæðum fór ég mjög fljótt út aftur sömu leið, ekki man ég hvað olli því að ég fór svona fljótt út. Labbaði ég þarna eitthvað um og fékk mér sæti einhversstaðar og hélt áfram að drekka. Ég fór síðan eitthvað að hugsa um hvernig ég ætti að fela ummerkin og fór aftur þarna inn í húsin. Þarna inni datt mér helst í hug að setja eld í eitthvað, sem ég gerði, og fara út og bíða. Ég ætlaði að slökkviliðið myndi sprauta allt út og afmá þannig fingraför. Ég ætlaði sjálfur að kalla á slökkviliðið. Ég fór því út sömu leið og áður og fleygði járninu frá mér. Ég var því að rangla þarna fyrir utan húsið til að fylgjast með. Nokkru seinna kom strákur sem ég veit ekki hvað heitir, en hann mun vera skipverji á einhverjum bát sem lá þarna í höfninni. Við fórum að tala saman og vildi ég ekkert fara frá húsinu. Nokkru seinna fann ég reykjarlykt, stóð ég þá hinumegin við götuna gegnt Bókhlöðunni. Reyndi ég þá að stoppa bifreið, sem ók hjá en hann sinnti því ekki. Þá rétt á eftir kom lögreglubíll þar að og stoppaði ég hann og sagði lögreglumönnunum að ég fyndi reykjarlykt. Í þann mund kom einhver út úr húsinu og upphófst heljar mikið vesen þarna inn í húsinu. Ég sá reyk leggja út um dyr hússins. Nokkru seinna var farið með mig á lögreglustöðina. Ekki man ég hvort ég gaf þar upp rétt nafn eða ekki, en ég var orðinn mjög ölvaður þá. Daginn eftir réði ég mig á bát frá Patreksfirði og sigldum við frá Ísafirði þann dag.“ Ákærði var spurður um tilgang sinn með innförinni í húsið,

en hann kvaðst ekki vita, hver hann hafi verið, og kvað allt hafa verið mjög óljóst hjá sér og hann hafi yfirleitt enga grein gert sér fyrir aðstæðum. Aðspurður þá kvaðst hann ekki hafa hugleitt, hvort fólk byggi í húsinu. Þá kvaðst hann ekki muna, hvar hann hafi kveikt eld í kjallaranum né í hverju hann hafi kveikt, en það hafi verið mikið af pappa þarna inni. Þá staðfesti ákærði að hafa ritað skjal það, sem áður var frá greint, í fangaklefanum á Patreksfirði.

Þennan sama dag var ákærði úrskurðaður í gæsluvarðhald til 8. nóvember og til að sæta geðrannsókn, á meðan á gæsluvarðhaldstímanum stæði.

Í framhaldi af þessu var ákærði fluttur til Reykjavíkur og vistaður þar í Síðumúlafangelsinu allt þar til gæsluvarðhaldi hans lauk þann 30. október. Jafnframt yfirtók rannsóknarlögregla ríkisins rannsókn málsins og yfirheyrði ákærða tvisvar sinnum, eða þann 18. og 19. september 1978.

Við fyrri skýrslutökuna er ákærði fyrst spurður, hversu kunnugur hann hafi verið staðháttum í Hafnarstræti. Hann kvaðst ekki hafa tekið eftir því, að íbúðir væru í húsinu fyrir ofan bókabúðina, en aftur á móti þá hafi hann vitað, að fólk byggi í húsi samföstu versluninni og að þarna séu samfastar húsalengjur. Þá kvaðst ákærði hafa brotist inn í tvær bifreiðar, áður en hann braust inn í verslunina. Ekki kvaðst ákærði muna greinilega eftir atburðum, heldur óljóst og samhengislaust, enda hafi hann verið mjög ölvaður. Þá kvaðst hann ekki muna, hvar hann bar eld að, og aðspurður þá kvaðst hann ekkert muna eftir bréfpokastæðu.

Við skýrslutöku þann 19. september kom fram hjá ákærða, að hann hafði farið tvær ferðir inní húsið nr. 2 við Hafnarstræti og neytt áfengis á milli ferða. Hann ítrekaði að hafa verið mjög drukkinn umrædda nótt og ekki vitað gjörla, hvað hann gjörði. Gat hann ekki gefið aðra skýringu á atferli sínu en að þarna hefði tilviljun ein ráðið gerðum hans. Þá segir ákærði orðrétt í skýrslunni: „Ég vissi að fólk bjó í þessari húsalengju en ég vissi ekki að það byggi fólk á hæðunum fyrir ofan og til hliðar þar sem ég kveikti í. Það er auðvelt að vera vitur eftir á og ég hef verið heppinn að það var ekki hvasst þessa nótt en ég hugsaði ekki um þessa hluti um nóttina heldur núna. Ég tók eftir miklum pappír í kjallaranum og ég sá hillur en ég hugsaði ekki útí hvað gæti hugsanlega orðið. Ég var ekki með hanska og finnst mér mjög líklegt að ég hafi kveikt í til þess að afmá ummerki eftir mig. Hefur svona lagað aldrei hvarflað að mér áður þó svo ég hafi oft brotist inn áður. Ég man ekki hvar ég bar eld að eða hvernig en ég man að ég var ekki með bensín, olíu eða annað eldsneyti. Ég hef hugsað mikið um þetta eftir á og ég skil þetta ekki, hvað hefur komið yfir mig. Eitt er ég sannfærður um og það er að ég myndi aldrei vilja verða valdur að manntjóni enda fór ég ekki burt frá húsinu eftir íkveikjuna. Ég man eftir því, greinilega að ég fór upp brattan stiga og að ég komst inn

í verslun, það var stór bókaverslun. Ég man ekki eftir því að hafa tekið neitt þar eða að hverju ég var að leita. Ég var alveg viss á því að ég var ekki búinn að kveikja í þegar ég var uppi vegna þess að eftir að ég kveikti í þá fór ég beint út um kjallaradyrnar og út í portið. Ég veit ekki hvað það leið svo langur tími frá því ég kveikti í, flýtti mér út þar til ég veifaði lögreglubílnum sem kom eftir Hafnarstræti, get ég ekki áætlað tímann því ég hef ekki hugmynd um það. Var ég ákveðinn í því að láta lögregluna vita um brunann en ég ákvað aldrei hvernig ég ætlaði að ná í hana heldur greip ég tækifærið er ég varð var við lögreglubílinn."

Næst er ákærði tekinn fyrir út af máli þessu þann 10. mars 1982 í sakadómi Reykjavíkur. Honum er þá birt ákæran í málinu, en hann vill að svo stöddu ekkert tjá sig um málið.

Ákærði kemur síðan fyrir sakadóm Ísafjarðar þann 12. október 1983. Honum var kynnt ákæruskjalið, og kannaðist hann við að hafa brotist inní kjallara hússins nr. 2 við Hafnarstræti. Hins vegar þá kannaðist hann ekki við að hafa lagt eld í vörulagerinn þar. Hann kvaðst hafa komið inn til Ísafjarðar kvöldið áður með skipi því, sem hann var á. Honum varð sundurorða við skipstjórann, sem lauk með því, að hann gekk úr skiprúmi og hélt upp í bæ til að leita sér að herbergi. Frekar kvaðst hann ekki muna eftir atburðum kvöldsins eða næturinnar. Skjal það, sem ákærði ritaði í fangaklefanum á Patreksfirði og áður er frá greint, var nú lesið upp í dóminum, og kannaðist ákærði við að hafa ritað það. Hann kvaðst hafa verið mjög þreyttur og slæptur, þá er hann ritaði skjalið, og kvaðst nánast hafa gert það eftir fyrirsögn lögreglu, sem hafði lofað honum því, að hann fengi að fara frjáls maður aftur um borð í Gylfa BA, ef hann játaði. En það kvað ákærði hafa haft mikla þýðingu fyrir sig, þar sem hann hafði nú verið ráðinn stýrimaður. Allt þetta hafi orðið til þess, að hann játaði á sig verknað, sem hann hafði ekki framið. Ákærði kvaðst ekki hafa verið undir áhrifum lyfja eða áfengis, þegar hann var handtekinn, en verið mjög þreyttur og slæptur. Hann kvaðst hafa átt um tvo kosti að velja, annaðhvort að játa á sig íkveikjuna og fara eftir það frjáls maður eða, ef hann játaði ekki, þá yrði hann fluttur til Ísafjarðar í fangelsi. Að sögn ákærða þá var það Ísafjarðarlögreglan, sem setti honum þessa kosti. Þá var ákærða kynntur framburður hans fyrir sakadómi Ísafjarðar þann 12. september 1978. Hann kvaðst ekki muna eftir að hafa verið yfirheyrður um málsatvik á Ísafirði. Þá kvaðst hann heldur ekki muna eftir að hafa verið úrskurðaður þar í gæsluvarðhald, en mundi eftir að hafa verið fluttur sem fangi í Síðumúlafangelsið. Loks voru ákærða kynntar skýrslur þær, sem teknar voru af honum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Hann kvaðst hafa tjáð Dóru Hlín Ingólfsdóttur rannsóknarlögreglumanni, að hann tæki til baka játningu sína, sem hann gaf á Patreksfirði, og einnig kvaðst hann hafa haft

uppi kvartanir við hana vegna handtökunnar og yfirheyrslunnar á Patreksfirði. Hins vegar þá kvaðst hann engum þvingunum hafa verið beittur í Síðumúlafangelsinu.

Vegna hins breytta framburðar ákærða voru teknar nýjar skýrslur af vitnunum Dóru Hlín Ingólfsdóttur, Guðmundi Kristni Sigurjónssyni og Torfa Arnari Einarssyni auk þess sem Guðmundur Helgi Jensson lögreglumaður var yfirheyrður. Við þessar yfirheyrslur kom ekkert það fram, er stutt gæti þá fullyrðingu ákærða, að hann hefði verið beittur þvingunum við yfirheyrslur á Patreksfirði. Þá kom heldur ekkert fram um það, að skýrslurnar, sem teknar voru af honum af rannsóknarlögreglu ríkisins, væru rangar.

I þágu rannsóknar málsins sætti ákærði geðrannsókn, og annaðist hana Ingvar Kristjánsson læknir. Í niðurstöðum hans segir: „Hér er um að ræða 24 ára gamlan sjómann. Hann er í miðið þriggja bræðra, alinn upp hjá foreldrum sínum í Reykjavík. Hann kveðst hafa átt í lestrarörðugleikum á barnsaldri og verið haldinn minnimáttarkennd fram á unglingsár vegna holdafars síns. Það kemur fram í frásögn hans, að brotalöm mun hafa verið í hjónabandi foreldranna og flutti móðir hans frá föðurnum er Helgi var 14 ára gamall. Um sama leyti hætti hann í skóla og hóf að stunda sjóinn sem hann hefur gert síðan. Má ætla af frásögn hans að líf hans síðan hafi einkennst af óstöðugum persónulegum samböndum enda virðist hann eiga erfitt með að mynda dýpri sambönd við fólk sem sjá má af því að hann kveðst aðeins hafa eignast einn vin um dagana. Hann hefur kvænst tvisvar en í hvorugt skiptið var um neina varanlega sambúð að ræða enda skírskotar hann ýmist til fyrra hjónabands síns sem sparimerkjahjónabands eða fíflaláta en hið síðara kveðst hann hafa verið blekktur út í með lygum. Önnur atriði sem setja mark sitt á lífsstíl hans eru óhófsnotkun víns og ýmissa fíknilyfja auk afbrota.

Rannsókn þessi bendir til að Helgi sé í meðallagi greindur. Hann er ekki geðveikur en hefur afbrigðilegan persónuleika er einkennist af grunnum og óstöðugum tilfinningatengslum við fólk og andfélagslegu athæfi. Ekkert kom fram í rannsókninni er benti til þess að þetta persónuafbrigði sé af vefrænum toga spunnið og telst Helgi því í almennum skilningi sakhæfur. Eftir upplýsingum Helga að dæma mætti ætla að áfengisneysla hans og einvera kunni að vera þættir er samverkandi valdi nokkru um að hvatastjórn hans slævist og leiði þannig óbeint til afbrota. Slíkur kann að hafa verið gangur mála varðandi afbrot þau er hér um fjallar.

Geðlæknismeðferð er stundum reynd við persónuleikaafbrigði af þeirri gerð er ég tel Helga hafa en árangur hennar er óviss."

Vörulager bókaverslunar Jónasar Tómassonar var tryggður hjá Sam-

vinnutryggingum, og hefur félagið haft uppi bótakröfu í málinu að fjárhæð gamlar krónur 750.190, eða 7.501,90 nýkrónur.

Krafa þessi var birt ákærða þann 28. september 1978, og kvaðst hann ekkert hafa við hana að athuga og samþykkti að greiða hana.

Í þinghaldi 12. október 1983 var honum aftur kynnt þessi krafa, og kvaðst hann þá hafna henni.

Við munnlegan flutning málsins gerði verjandi ákærða ekki athugasemdir við skaðabótakröfuna.

III.

Húsið að Hafnarstræti 2 á Ísafirði er steinsteypt, byggt 1928, um 115 m^2 að flatarmáli. Undir því er niðurgrafinn kjallari, þá þrjár hæðir og loks ris. Það stendur í sambyggðri húsaröð, og baka til er stutt yfir í næstu hús.

Eins og venja er í flestum svona málum, voru dómkvaddir tveir sérfróðir menn til að láta í ljós álit á ýmsum atriðum varðandi þennan bruna. Þann 22. mars 1982 voru dómkvaddir til þessa verks þeir Torfi Arnar Einarsson og Jón Ólafur Sigurðsson, sem áður hefur verið getið um. Fyrir þá var lagt að láta uppi álit eftir bestu vitund um það, hvort almannahætta hafi verið fyrir hendi, þegar umrædd íkveikja átti sér stað, s.s. hvort hætta hafi verið á yfirgripsmiklu eignatjóni og hvort mannslífum hafi verið stefnt í háska. Þá eru eftirtaldar spurningar lagðar fyrir matsmennina.

1. Var hætta á, að eldurinn breiddist út til annarra hluta hússins, þ.e. annarra íbúða í húsinu Hafnarstræti 2, Ísafirði?
2. Var hætta á, að eldurinn breiddist út til nærliggjandi húsa?
3. Var hætta á yfirgripsmikilli eyðingu eigna, ef ekki hefðu komið til sérstakar slökkviráðstafanir?
4. Úr hvaða efni eru hurðir og gólf milli íbúða í stigagangi?
5. Hversu margt fólk var sofandi í húsinu Hafnarstræti 2, 2. september 1978, þegar áðurgreind íkveikja átti sér stað, og var mannslífum þessum stefnt í háska?

Matsgjörð hinna dómkvöddu manna er dagsett 30. mars 1982, og í henni svara þeir framangreindum spurningum á þessa leið:

„1. Við viljum svara þessari spurningu játandi með tilliti til þess að innbrotsaðili hafði opnað útihurð á kjallara, svo og hurð úr kjallara inn á stigagang hússins. Þar sem veggir stigagangs eru málaðir með lakkmálningu hefði mátt gera ráð fyrir að eldur hefði átt greiða leið upp eftir veggjum gangsins. Stigagangur er opinn uppá 3. hæð hússins. Tekið skal fram að timburloft er á þriðju hæð, en önnur loft hússins

eru steypt. Þar sem hurðin á kjallaranum var opin hafði súrefni greiðan aðgang að eldinum.

2. Við teljum að slökkviliðið hefði getað varið nærliggjandi hús og sambyggðar íbúðir þessa húss í logni. Við viljum taka fram að þegar umræddur atburður átti sér stað hafi verið logn á Ísafirði.
3. Þessari spurningu viljum við svara játandi.
4. Hurðir á stigagangi eru úr tré, með þunnum krossviðarspjöldum. (Ekki úr eldtefjanlegu efni). Hurðir eru ekki mjög þéttar, og hefði reykur því haft greiðan aðgang um húsið. (Umrætt hús mun vera byggt 1928). Gólf milli hæða eru úr steypu eins og fram kemur í svari við spurningu nr. 1. Steyptir eldvarnarveggir eru milli húseininga. Tekið skal fram að brunahani er í um 15 metra fjarlægð frá aðaldyrum Bókhlöðunnar og gefur hann um 1500 l af vatni á mínútu.
5. Sjö manns voru sofandi í húsinu Hafnarstræti 2, þegar umrædd íkveikja átti sér stað. Hefðu ekki komið til sérstakar slökkviráðstafanir og ef sím__i hússins hefði ekki farið að hringja, teljum við að mannslífum þessum hefði verið stefnt í háska."

Hér er rétt, að til viðbótar komi stutt lýsing vitnisins Gísla Gunnlaugssonar á stigum hússins í þinghaldi 14. júlí 1983. Stigi úr kjallara upp á 1. hæð er úr timbri, en stigar milli 1. og 3. hæðar eru úr steini, og eru ekki teppi á þessum stigum, voru það heldur ekki í september 1978. Stigi á milli 3. hæðar og riss er úr timbri. Stigahandrið á milli 1. og 3. hæðar er timbur á járnteinum.

IV.

Með framburði ákærða fyrir sakadómi þann 12. september 1978, fyrir rannsóknarlögreglu síðar í sama mánuði og loks í sakadómi þann 12. október 1983 verður að telja sannað, að hann hafi farið tvívegis inn í kjallara hússins nr. 2 við Hafnarstræti á Ísafirði aðfaranótt 2. september 1978. Þá verður að telja sannað með framburði ákærða fyrir sakadómi og rannsóknarlögreglu í september 1978, að hann hafi í síðari ferðinni inn í kjallarann lagt eld í vörubirgðir þar í því skyni að afmá ummerki eftir fyrri ferðina. Styðst þessi játning ákærða við framburð vitna og rannsókn á vettvangi, svo sem grein hefur verið gerð fyrir hér að framan. Það, að ákærði vildi ekki kannast við að hafa lagt eld í vörubirgðirnar í þinghaldi þann 12. október 1983, þykir ekki á nokkurn hátt veikja fyrri játningu hans, enda ekkert það fram komið, er bendir til þess, að hún hafi verið fengin með óeðlilegum hætti, eins og ákærði hefur haldið fram og áður var rakið.

Varðandi tilgang ákærða með innbrotinu er margt óljóst, og hefur hann enga viðhlítandi skýringu getað gefið á því. Hins vegar er ljóst samkvæmt eigin framburði hans, að hann fer aftur inn í kjallara Hafnarstrætis 2 í

því skyni að afmá ummerki eftir innbrotið. Verður að byggja alfarið á framburði hans um það, að þá hafi myndast með honum sá ásetningur að kveikja þar í vörubirgðum í því skyni að slökkviliðið myndi með aðgerðum sínum síðar afmá ummerki innbrotsins.

Þegar ákærði leggur eld í vörubirgðirnar í kjallaranum, er honum fullljóst, að þar er mikill eldsmatur. Honum er einnig ljóst, að á næstu hæð fyrir ofan er verslun, sem verslar með pappírsvörur. Þrátt fyrir það, að ákærði segist hafa ætlað að kalla til slökkvilið, þá gerir hann það ekki, og tilviljun ein veldur því, að eldurinn er slökktur, áður en hann nær að magnast. Ákærði gefur síðan upp rangt nafn og heimilisfang hjá lögreglu og kemur sér á brott úr bænum.

Við yfirheyrslur hefur ákærði borið, að honum hafi ekki verið ljóst, að fólk byggi í Hafnarstræti 2 eða í húsunum þar til hliðar, en hins vegar kveðst hann hafa vitað, að fólk bjó í húsalengjunni. Hér er hins vegar á það að líta, að við mjög lauslega athugun hefði ákærða átt að vera fullljóst, að húsalengjan við Hafnarstræti er sambland af atvinnu- og íbúðarhúsnæði og að með verknaði sínum gat hann stofnað mannslífum í háska, sérstaklega þegar litið er til þess, á hvaða tíma sólarhringsins hann kveikir eldinn.

Verknaður ákærða samkvæmt framanrituðu varðar við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga.

Með vísan til sakavottorðs ákærða þá ber að dæma honum hegningarauka samkvæmt 78. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til þess, hins óhæfilega dráttar, sem orðið hefur á máli þessu og nánar verður gerð grein fyrir á eftir, svo og til þess, að ákærði hefur ekki sætt refsingu frá því í mars 1980 eftir samfelldan brotaferil næstu ár á undan, þá þykir refsing hans hæfilega ákveðin 18 mánaða fangelsi. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga ber að draga þann tíma, er ákærði sat í gæsluvarðhaldi, frá refsingunni.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, Þórðar S. Gunnarssonar hrl., kr. 15.000,00, og saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 10.000,00.

Samkvæmt framansögðu þá ber einnig að dæma ákærða til að greiða Samvinnutryggingum skaðabætur samkvæmt kröfu þeirra, eða nýkrónur 7.501,90, enda hefur krafan engum tölulegum mótmælum sætt af hálfu ákærða.

V.

Í lokin þykir við hæfi að gera nokkra grein fyrir rekstri málsins, sem tekið hefur óvenjulangan tíma.

Verknaður sá, sem ákært er út af, var framinn 2. september 1978. Rannsóknarlögregla ríkisins, sem hafði með höndum lokarannsókn málsins,

sendi það ríkissaksóknara með bréfi, dagsettu 31. janúar 1979. Ríkissaksóknari gaf út ákæru 5. ágúst 1980. Er gefin sú skýring á drættinum, að allalvarlegt mál hafi verið í gangi gegn ákærða fyrir dómstólnum í ávana- og fíkniefnamálum, en dómur þar gekk 20. mars 1980. Þegar ákæra loks er gefin út, er ákærði farinn af landi brott, en að sjálfs hans sögn dvaldi hann í Kaliforníu frá því í lok júní 1980 þar til í marsbyrjun 1982. Skömmu síðar, eða þann 10. mars, er honum birt ákæran, og síðar í sama mánuði eru dómkvaddir matsmenn til að láta uppi álit á brunanum. Þá er eitt vitni yfirheyrt í apríl 1982. Næst er málið tekið fyrir 9. desember sama ár, og þá úrskurðar bæjarfógetinn á Ísafirði sig úr málinu. Rökstuðningurinn fyrir úrskurðinum er þessi: „Þar sem mál þetta er óvenju umfangsmikið, og vegna tíðra fulltrúaskipta hér við embættið og fjölda fyrirliggjandi mála fyrir sakadómi Ísafjarðar, er ljóst að afgreiðsla máls þessa hér við embættið mun dragast úr hömlu. Sér hinn reglulegi héraðsdómari sig því knúinn til þess að víkja sæti í málinu til þess að hraða framgangi þess."

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 21. mars 1983, var Arngrímur Ísberg skipaður til þess að fara með mál þetta sem setudómari, og hefur hann kveðið upp þennan dóm.

Þingað var í málinu á Ísafirði og í Reykjavík í júlí, ágúst og október 1983. Í þinghaldi 12. október komu fram mjög alvarlegar athugasemdir frá ákærða um meðferð málsins í upphafi, svo sem áður var rakið. Þótti ekki annað fært en að rannsaka þær, og var því horfið frá því ráði að flytja málið í þessu þinghaldi. Í þessu þinghaldi var eitt vitni yfirheyrt frekar vegna hinna nýju viðhorfa í málinu og tvö í nóvembermánuði næsta. Fjórða vitnið var búsett á Ísafirði, og af ástæðum, sem dómarinn mat gildar, tókst eigi að fá það til Reykjavíkur til skýrslutöku. Nú sl. vetur og vor gerði dómarinn þrjár tilraunir til að fara til Ísafjarðar og yfirheyra vitni þetta. Varð tvisvar frá að hverfa vegna ófærðar og einu sinni vegna veikinda. Vitni þetta var svo loks yfirheyrt hér í Reykjavík þann 12. júní sl. Málið flutt í framhaldi af því þann 22. júní og dómur kveðinn upp í dag.

Dómsorð:

Ákærði, Helgi Aðalsteinsson, sæti fangelsi í 18 mánuði. Gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. september til 30. október 1978 skal koma til frádráttar refsingunni með fullri dagatölu.

Ákærði greiði sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Þórðar S. Gunnarssonar hrl., kr. 15.000,00 og saksóknarlaun til ríkissjóðs kr. 10.000,00.

Ákærði greiði Samvinnutryggingum kr. 7.501,90.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Þriðjudaginn 12. mars 1985.

Nr. 240/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ingimagn Eiríkssyni
(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Sýknað af ákæru fyrir brot gegn áfengislögum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu er áfrýjað að ósk ákærða með stefnu 1. október 1984. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. janúar 1985.

Í héraðsdómi segir frá því, að tveir lögreglumenn hafi veitt ákærða eftirför að húsi í vesturbænum í Reykjavík 20. mars 1983. Þar fór ákærði inn og lögreglumennirnir á eftir honum. Fundu þeir áfengisflösku, sem þeir töldu ákærða hafa komið með.

Annar lögreglumannanna er nú látinn. Hinn, vitnið Helgi Skúlason, hefur komið fyrir dóm ásamt ákærða og húsráðanda, þar sem áfengisflaskan fannst, Steingrími Oddssyni.

Með leit sinni og skýrslutöku öfluðu lögreglumennirnir gagna, sem ákæra var byggð á. Fyrir dómi voru skýrslur ákærða og Steingríms Oddssonar um sumt óljósar og ósennilegar. Engu að síður liggur fyrir, að ákærði hefur ekki gengist við verknaði þeim, sem hann er ákærður fyrir, og að skýrslur Steingríms eru óglöggar. Eins og á stendur í máli þessu, duga gögn, sem ákæruvald byggir á, ekki til sakfellingar, og ber að sýkna ákærða.

Sakarkostnað allan ber að leggja á ríkissjóð, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 17.000,00 krónur fyrir báðum dómum.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimagn Eiríksson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvalds í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin

málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði og fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 17.000,00 krónur.

Sératkvæði
Björns Sveinbjörnssonar hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans að öðru leyti en því, að greiðslufrestur sektar verði 4 vikur frá birtingu dóms þessa að telja. Ég tel og, að dæma beri ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. ágúst 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 7. ágúst, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 391/1984: Ákæruvaldið gegn Ingimagn Eiríkssyni, sem tekið var til dóms 12. júlí 1984.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 19. janúar 1984, gegn ákærða, Ingimagn Eiríkssyni leigubifreiðastjóra, Meistaravöllum 7, Reykjavík, fæddum þar í borg 30. júlí 1914, „fyrir tilraun til áfengissölu, með því að hafa sunnudaginn 20. mars 1983 um kl. 18:00 ekið leigubifreiðinni R-618 frá Borgarbílastöðinni að Sörlaskjóli 38 í Reykjavík í því skyni að selja þar Steingrími Oddssyni eina flösku af brennivíni, sem ákærði hafði meðferðis í bifreiðinni og Steingrímur hafði óskað eftir. Er ákærði steig út úr bifreiðinni, sá hann til ferða lögreglumanna, sem veitt höfðu honum eftirför, og hraðaði hann sér inn í húsið með flöskuna innanklæða. Skömmu síðar fundu lögreglumennirnir flöskuna í eldhússkáp í húsinu, en þar hafði ákærða gefist ráðrúm til að setja hana áður en lögreglumennirnir komust inn.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 33. gr., áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til að sæta upptöku á einni flösku af brennivíni samkvæmt 34. gr. áfengislaganna."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins:

Þann 20. mars 1983, um kl. 17:55, veittu lögreglumennirnir Helgi Skúla-

son og Benedikt heitinn Benediktsson, er voru á eftirlitsferð, athygli leigubifreiðinni R-618, er var ekið frá porti Borgarbílastöðvarinnar við Tryggvagötu. Lögreglumennirnir veittu bifreiðinni eftirför um ýmsar götur, uns aksturinn var stöðvaður við hús nr. 38 við Sörlaskjól. Bifreiðastjóri, Ingimagn Eiríksson, ákærði í máli þessu, sté út úr bifreiðinni og hljóp upp tröppur að húsinu og fór inn. Lögreglumennirnir kölluðu á eftir ákærða án árangurs. Í frumskýrslu kemur fram, að ákærði hafi haldið annarri hendinni að líkamanum, eins og hann bæri eitthvað innanklæða, en hin höndin hafi sveiflast laus frá líkamanum.

Lögreglumennirnir hringdu dyrabjöllu og var hleypt inn af húsráðanda, Steingrími Oddssyni, eftir að þeir höfðu sýnt lögregluskilríki. Er lögreglumennirnir komu inn í íbúðina, vísaði Steingrímur þeim inn í eldhús, en þar sat Ingimagn við eldhúsborð ásamt eiginkonu Steingríms, Laufeyju Ásu Ingjaldsdóttur. Lögreglumenn sýndu ákærða skilríki, og báðu hann um að koma út í lögreglubifreið. Ákærði gerði það, og gætti Hákon Sigurjónsson lögreglumaður hans, á meðan lögreglumennirnir Benedikt Benediktsson og Helgi Skúlason ræddu við húsráðendur.

Vitnið Steingrímur Oddsson var spurður af lögreglu, hvort ákærði hefði komið með áfengi, og neitaði hann því. Lögreglumennirnir báðu þá um leyfi til að leita og fundu þá eina flösku af íslensku brennivíni í skáp í eldhúsinu. Steingrímur hafði áður sagt, að ekkert áfengi væri til á heimilinu, en er flaskan fannst, þá kvaðst hann hafa keypt hana á föstudeginum.

Í frumskýrslu kemur fram, að Laufey hafi farið inn í stofu og rætt við Benedikt Benediktsson og hafi Steingrímur og Helgi Skúlason verið í eldhúsinu á meðan. Er þau hafi komið fram, hafi Laufey sagt við Steingrím, að hún hefði sagt Benedikt sannleikann um, að Ingimagn Eiríksson hefði komið með áfengisflösku, sem þau hafi ætlað að kaupa af honum, og kvað Steingrímur það rétt vera og hefði hann sagt ósatt í upphafi til að firra Ingimagn óþægindum. Að því loknu fór Steingrímur inn í stofu með Benedikt, þar sem hann tók af honum skýrslu. Vitnið Laufey Ása Ingjaldsdóttir tjáði Helga þá, að Steingrímur hefði hringt í Ingimagn í því skyni að kaupa af honum áfengi, sem hann hafi síðan komið með á heimilið. Vitnið Steingrímur Oddsson, tjáði Helga að þau hjónin hefði langað að fá sér í glas, en þau hafi ekkert áfengi átt og það því hringt í Ingimagn og hagað orðum sínum þannig, að Ingimagn skildi, að það vildi kaupa af honum áfengi. Steingrímur spurði lögregluna, hvort „Ingi" slyppi ekki létt frá máli þessu, þar sem hann hefði eigi náð að selja þeim áfengisflöskuna.

Skýrsla var tekin af ákærða hjá lögreglunni í Reykjavík þann 20. mars 1983. Ákærði kvaðst hafa verið í vinnu fram til kl. 18:00 og á leið heim hafi hann ákveðið að koma við hjá kunningjafólki, Steingrími Oddssyni og konu hans. Ákærði kvað heimsóknina ekki hafa verið fyrirfram ákveðna

og hafi hann ekki rætt við þau áður. Ákærði kvaðst ekki hafa veitt því athygli, að honum væri veitt eftirför, og ekki hafa heyrt, að kallað væri til sín, er hann hljóp frá bifreiðinni að húsinu nr. 38 við Sörlaskjól. Ákærði kvaðst hafa farið beint inn í eldhús og sest hjá konunni og eigi orðið var við, að hringt væri á dyrabjöllu eða barið að dyrum. Ákærði kvað tvo menn hins vegar hafa komið inn, skömmu eftir að hann var sestur. Ákærði kvaðst að beiðni þeirra hafa farið út í bifreið með þeim og hafi annar þeirra þá sýnt honum lögregluskilríki.

Ákærði neitaði hjá lögreglu að hafa haft áfengisflösku meðferðis, er hann kom að Sörlaskjóli 38 þann 20.03.1983, og neitaði með öllu að hafa ætlað að selja þar áfengi.

Framburður vitnanna Steingríms og Laufeyjar, er fram kemur í frumskýrslu lögreglunnar, er samhljóða framburði í skýrslu, er þau gáfu hjá lögreglunni á heimili sínu þann 20.03.1983 milli kl. 18:00 og 19:00.

Vitnið Steingrímur gaf skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík að kvöldi 20.03.1983. Það kvaðst hafa hringt í Ingimagn Eiríksson og beðið hann að koma að heimili sínu. Vitnið kvað það hafa verið óskhyggju hjá sér, að ákærði kæmi með áfengisflösku með sér. Vitnið kvað Ingimagn hafa komið stuttu síðar og asi verið á honum. Vitnið kvaðst ekki hafa séð, hvort Ingimagn var með áfengisflösku með sér. Vitnið kvaðst síðar hafa séð eina flösku af íslensku brennivíni í eldhússkáp og hafi Ingimagn að öllum líkindum komið með hana, því ekkert áfengi hafi verið þar fyrir.

Vitnið Steingrímur gaf enn á ný skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík þann 30.03.1983. Vitnið bar á sama veg og í skýrslum þann 20.03.1983, þ.e. að það hafi hringt rétt fyrir kl. 18:00 þann 20.03.1983 á Borgarbílastöðina og beðið um samband við Ingimagn og beðið hann um að koma. Vitnið kvaðst ekki hafa beðið Ingimagn um að koma með áfengisflösku, en það hafi hagað orðum sínum þannig, að Ingimagn hafi skilið, að Steingrímur vildi kaupa af honum áfengi. Vitnið bar, að það hafi séð er Ingimagn kom að húsinu, og hafi hleypt honum inn. Lögreglan hafi komið á hæla honum og hann hleypt henni inn. Vitnið kvaðst hafa sagt lögreglunni, hvar Ingimagn væri, þar sem asi hafi verið á Ingimagn, hafi það talið, að lögreglan væri á eftir honum. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa séð Ingimagn koma með áfengisflösku, en síðar séð, er áfengisflaska fannst í eldhússkáp, og kona þess sagt því, að Ingimagn hefði komið með hana.

Ákærða var boðið að ljúka máli þessu með dómsátt, sektargreiðslu og upptöku á einni flösku af brennivíni, þann 13. janúar sl., en hann hafnaði því boði á þeirri forsendu, að hann hefði ekki framið brot það, er hann var kærður fyrir, og vísaði til skýrslu sinnar hjá lögreglu.

Ákærði kom fyrir dóm við þingfestingu málsins þann 14. febrúar sl. Ákærði mótmælti ákærunni, og kvað hana ranga. Ákærði skýrði frá at-

burðum á sama hátt og í skýrslu sinni hjá lögreglu þann 20. mars 1983 og staðfesti hana.

Vitnið Steingrímur Oddsson kom fyrir dóm þann 30. mars sl. Vitnið kvaðst aðspurt ekki hafa óskað eftir, að ákærði kæmi með áfengi á heimili þess þann 20. mars 1983. Vitnið kvaðst ekki vita til þess, að ákærði hefði komið með áfengi á heimili vitnisins umrætt sinn.

Vitninu var sýnd skýrsla, er það gaf á heimili sínu þann 20. mars 1983, þar sem það kveðst hafa hringt í Ingimagn á Borgarbílastöðina og beðið hann að koma og hafi Ingimagn komið stuttu síðar með eina flösku af íslensku brennivíni. Vitnið kvað efni skýrslunnar rangt, en staðfesti, að undirskriftin væri þess.

Vitninu var sýnd skýrsla, er það gaf hjá lögreglu að kvöldi 20. mars 1983. Vitnið kvað efni skýrslunnar að hluta til rétt, þ.e. það hafi verið óskhyggja hjá sér, að ákærði kæmi með áfengisflösku með sér. Vitnið kvað í skýrslu sinni hjá lögreglu, að ekkert áfengi hefði verið til á heimilinu, en síðar hafi fundist þar ein flaska af brennivíni og hafi ákærði að öllum líkindum komið með hana. Vitnið bar hins vegar fyrir dómi, að það kynni að vera rétt, að áfengisflaska hafi fundist í eldhússkáp, en hvort Ingimagn hafi komið með hana eða ekki, kvaðst vitnið eigi vita um.

Vitnið Helgi Skúlason lögreglumaður kom fyrir dóm þann 30. mars sl. Vitnið staðfesti, að efni skýrslna frá 20. mars 1983 og 30. mars 1983 væri rétt og undirskriftin þess. Vitnið bar á sama veg og í frumskýrslu, er það vann í málinu frá 20. mars 1983. Vitnið kvaðst ásamt Benedikt heitnum Benediktssyni lögreglumanni hafa veitt leigubifreiðinni R-618 eftirför frá Tryggvagötu um ýmsar götur, uns aksturinn var stöðvaður í Sörlaskjóli við hús nr. 38. Vitnið kvað ökumann hafa hlaupið upp að húsinu og farið inn og þeir hafi kallað á eftir honum og beðið hann um að stöðva, en hann eigi sinnt því. Vitnið kvað þá hafa farið á eftir manninum og húsráðandi opnað fyrir þeim. Vitnið kvað ákærða hafa setið við eldhúsborð, en blaut spor legið að skáp innar í eldhúsinu, er var sökkullaus, og hafi neðri hluti áfengisflösku blasað við. Húsráðendur hafi verið spurðir, hvort áfengi væri til á heimilinu, og hafi þeir svarað því neitandi í fyrstu. Vitnið kvað þá hafa spurt, hvort þeir mættu leita að áfengi, og þeir þá fundið eina flösku af áfengi í skáp þeim, er að ofan greinir. Vitnið kvað þá hafa tekið skýrslu af hjónunum og hafi þau borið á sama veg. Vitnin hafi greint frá því, að Steingrímur hafi hringt á Borgarbílastöðina og falast eftir því við Ingimagn Eiríksson, að hann kæmi með eina flösku af brennivíni.

Vitnið Laufey Ása Ingjaldsdóttir treysti sér eigi til að koma fyrir dóm og gefa skýrslu vegna veikinda, og liggur læknisvottorð hennar frammi í málinu.

Niðurstöður:

Þegar litið er á framburði vitna, verður að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi komið með eina flösku af brennivíni að Sörlaskjóli 38 í því skyni að selja hana húsráðendum, en þar sem lögreglumenn komu inn á heimilið á hæla ákærða, hafði honum aðeins unnist ráðrúm til að láta frá sér flöskuna, en hafði eigi fengið greiðslu fyrir hana.

Framburður hjónanna Steingríms Oddssonar og Laufeyjar Ásu Ingjaldsdóttur hjá lögreglu er samhljóða, og bera þau bæði, að Steingrímur hafi hringt á Borgarbílastöðina og talað við Ingimagn, ákærða í máli þessu, og farið þess á leit við hann, að hann kæmi á heimilið og seldi þeim eina flösku af brennivíni. Vitnið Steingrímur kom fyrir dóm og breytti þá framburði þeim, er það hafði gefið í skýrslu hjá lögreglunni þann 20. mars og 30. mars 1983. Vitnið Laufey Ása Ingjaldsdóttir kom eigi fyrir dóminn vegna veikinda.

Vitnið Helgi Skúlason lögreglumaður kom fyrir dóm og bar á sama veg og í skýrslum hjá lögreglu. Vitnið kvað þá hafa veitt leigubifreiðinni R-618 athygli í Tryggvagötu og elt hana að Sörlaskjóli 38. Vitnið kvað húsráðendur þar hafa borið, að ekkert áfengi væri til á heimilinu. Lögreglumennirnir hefðu fengið leyfi til að leita og fundið eina áfengisflösku í eldhússkáp. Húsráðendur hefðu síðar viðurkennt, að Ingimagn, ákærði í máli þessu, hafi komið með áfengisflöskuna þá stuttu áður, í því skyni að selja þeim hana.

Þegar allt framanritað er virt, verður að telja sannað í málinu þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi komið að Sörlaskjóli nr. 38 þann 20.03. 1983 með eina flösku af brennivíni í því skyni að selja hana húsráðendum. Varðar þetta atferli hans við 18., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969, sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Samkvæmt sakavottorði ákærða, dags. 30.12. 1983, hefur hann sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

— — —

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 33. gr. laga nr. 82, 1969 sbr. 5. gr. laga nr. 52, 1978, sbr. 20. gr. laga nr. 19, 1940, og þykir hún hæfilega ákveðin 4.000 króna sekt, er renni til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst varðhald í 5 daga.

Svo sem krafist er í ákæruskjali og samkvæmt 34. gr. laga nr. 82, 1969, skal ákærði sæta upptöku á einni flösku af brennivíni til ríkissjóðs.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar, krónur 7.000.

Dómsorð:

Ákærði, Ingimagn Eiríksson, greiði krónur 4.000 í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 5 daga.

Ákærði sæti upptöku á einni flösku af brennivíni til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun, krónur 7.000, til skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

Þriðjudaginn 12. mars 1985.

Nr. 241/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Sigurði Benediktssyni
(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 20. september 1984. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. janúar 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms. Refsing ákærða, sem er, eins og í héraðsdómi greinir, hegningarauki við dóm sakadóms Suður-Múlasýslu 9. júní 1983, þykir hæfilega ákveðin 6.000,00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 6 daga í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Ekki þykir ástæða til að ákveða, að ákærði sæti frekari ökuleyfissviptingu með þessum dómi en gert var með dóminum 9. júní 1983.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur,og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Benediktsson, greiði 6.000,00 króna sekt í ríkissjóð, og komi 6 daga varðhald í stað sektar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Jóhanns Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 14. ágúst 1984.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. október 1983, er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, útgefnu 3. október 1983, á hendur Sigurði Benediktssyni sjómanni, áður til heimilis að Áreyjum, Reyðarfirði, en nú búsettum að Vallargötu 30, Keflavík, fæddum 21. ágúst 1940 í Drangsnesi, Strandasýslu, „fyrir að aka, laugardaginn 28. maí 1983, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum, bifreiðinni X-5891 frá heimili sínu að hesthúsum skammt vestan við Reyðarfjarðarbæ.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Laugardagskvöldið 28. maí 1983, kl. 22:00, var tilkynnt til lögreglunnar á Reyðarfirði, að ákærði væri að aka bifreiðinni X-5891 innan við Búðareyri í Reyðarfirði undir áhrifum áfengis. Brást lögreglan skjótt við og hóf leit að ákærða og mætti honum fótgangandi skammt vestan við bæinn. Ákærði neitaði í fyrstu að hafa ekið bifreið, en þegar lögreglan fann bifreiðina X-5891 skömmu seinna á bak við hesthús þar nokkru vestar, þá viðurkenndi ákærði, að hafa ekið henni frá bænum Áreyjum, sem liggur um 12 kílómetrum innar í Reyðarfirði.

Tekin var varðstjóraskýrsla af ákærða, og að henni lokinni, kl. 23:05, var tekið úr honum blóðsýni til alkóhólákvörðunar af Hlyni Þorsteinssyni, lækni á Eskifirði, en samkvæmt vottorði Rannsókna-

stofu Háskólans í lyfjafræði, dags. 06.06.83 mældust 0,80‰ alkóhóls í blóði ákærða.

III.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Suður-Múlasýslu, viðurkenndi ákærði að hafa ekið bifreiðinni X-5891 sviptur ökuréttindum og fundið til lítillegra áfengisáhrifa við aksturinn frá Áreyjum, en þar kvaðst hann hafa drukkið fullt glas af léttu víni.

Ástæðuna fyrir akstrinum kvað ákærði hafa verið tóbaksleysi, og því afréð hann að halda út á Búðareyri til kaupa á tóbaki.

Ákærði ók bifreiðinni X-5891 að hesthúsum skammt fyrir innan Búðareyri og hélt þaðan fótgangandi áleiðis í kauptúnið til þess að ekki sæist til hans á bifreiðinni, en var þá handtekinn af lögreglunni. Hugðist ákærði fara sömu leið til baka að loknum viðskiptum sínum á Búðareyri.

IV.

Með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og eigin játningu ákærða, sem hvort tveggja er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali.

V.

Á árunum 1960 til 1981 hefur ákærði fjórtán sinnum gengist undir greiðslu sektar fyrir brot á áfengislögum og þrisvar sinnum fyrir brot á umferðarlögum og almennum hegningarlögum. Á sama tímabili hafa verið kveðnir upp sjö refsidómar yfir ákærða fyrir brot á almennum hegningarlögum, einkum 244. gr.. Hinn 9. desember 1977 gekkst ákærði fyrir sakadómi Keflavíkur undir greiðslu 30.000 kr. sektar fyrir brot á 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og var sviptur ökuleyfi í 4 mánuði frá sama degi að telja.

Hinn 9. júní 1983 gekkst ákærði með dómi fyrir sakadómi Suður-Múlasýslu undir greiðslu 12.000 kr. sektar fyrir brot á 2., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 37. gr., 3. mgr. 38. gr., 41. gr. og 50. gr. umferðarlaga og var sviptur ökuleyfi í 2 ár frá 19. apríl s.á..

VI.

Brot það, sem hér um ræðir, var fullframið fyrir uppkvaðningu dómsins frá 9. júní 1983, og verður ákærða því dæmdur hegningarauki með vísan til 78. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þykir refsiauki hans hæfilega ákveðinn 9.600 króna sekt til ríkissjóðs, sem greiðist innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins, en ella sæti ákærði varðhaldi í 12 daga.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 19. apríl 1983 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminn kvað upp Bjarni Stefánsson fulltrúi, en dómsuppsaga hefur dregist nokkuð vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Sigurður Benediktsson, greiði 9.600 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 12 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá 19. apríl 1983 að telja.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. mars 1985.

Nr. 128/1983. **Geir Viðar Vilhjálmsson**
(Páll Arnór Pálsson hrl.)
gegn
Póst- og símamálastofnuninni
(Guðmundur Markússon hrl.)
Alþýðubankanum h/f
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
Rafmagnsveitum ríkisins og
(Ólafur Ragnarsson hrl.)
Landsbanka Íslands
(Stefán Pétursson hrl.)

Nauðungaruppboð. Sameign.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Ólafur Helgi Kjartansson fulltrúi hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. nóvember 1982. Útivist varð í málinu 1. júní 1983, og féll málsókn því niður.

Áfrýjandi skaut málinu að nýju til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1983 samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst þess aðallega, að hinum áfrýjaða úrskurði verði hrundið og synjað verði um framgang hins umbeðna uppboðs, en til vara, að úrskurðurinn verði ómerktur og málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Mál þetta hófst með því, að umboðsmaður fyrrverandi eiginkonu áfrýjanda, Ingibjargar Eyfells, ritaði 3. júlí 1981 uppboðshaldaranum í Árnessýslu bréf, þar sem hann krafðist slita á sameign hennar og áfrýjanda á fasteigninni Ásbúð við Þingvallavatn. Með bréfi 15. september s.á. mótmælti áfrýjandi að krafan um slit á sameigninni næði fram að ganga. Ágreiningur þessi var ekki tekinn sérstaklega til úrlausnar.

Hinn 10. desember 1981 lét Árni Guðjónsson hrl. f.h. stefnda, Póst- og símamálastofnunarinnar gera lögtak í eignarhluta áfrýjanda í fasteigninni, og 16. s.m. lét Guðjón Ármann Jónsson hdl. f.h. stefnda Alþýðubankans h/f fara fram fjárnám í sama eignarhluta. Póst- og símamálastofnunin beiddist uppboðs á eignarhlutanum með bréfi 21. janúar 1982 og Alþýðubankinn h/f með bréfi 27. s.m.

Í framhaldi af framangreindu er 7. apríl 1982 gefin út auglýsing um nauðungaruppboð á allri eigninni, sem birtist í 38., 43. og 47. tbl. Lögbirtingablaðsins 1982. Er þar auglýst, að seldur verði „Sumarbústaðurinn Ásbúð í landi Þjóðgarðsins í Þingvallasveit, eign Ingibjargar Eyfells og Geirs Viðars Vilhjálmssonar, eftir kröfum Árna Guðjónssonar, hrl., fyrir kr. 8.201,07 skv. lögtaki og Guðjóns Ármans Jónssonar, hdl., fyrir kr. 14.250,00 skv. fjárnámi og skv. kröfu fyrrnefnda eigandans til slita á sameign."

Í uppboðsskilmálum, útgefnum 14. júní 1982, er eigninni lýst sem

„sumarbústaðnum Ásbúð, Þingvallahreppi, með tilheyrandi leiguló, eign Ingibjargar Eyfells og Geirs V. Vilhjálmssonar ...".

Fjárnámsgerðir stefndu Rafmagnsveitna ríkisins og Landsbanka Íslands fóru fram eftir útgáfu uppboðsauglýsingar. Beiddist hinn fyrrnefndi uppboðs á eignarhluta áfrýjanda hinn 9. júní 1982 fyrir fjárnámskröfu sinni að fjárhæð 19.198,25 krónur auk vaxta og kostnaðar, en hinn síðarnefndi fyrir þremur fjárnámskröfum sínum, samtals að fjárhæð 50.643,20 krónur auk vaxta og kostnaðar með uppboðsbeiðnum, dags. 16. og 18. júní 1982.

Málið var síðan þingfest á dómþingi 22. júní 1982. Þá lagði áfrýjandi fram skriflega greinargerð, þar sem m.a. eru ítrekuð mótmælin í bréfi hans frá 15. september 1981 við kröfunni um sameignarslit á sumarbústaðnum. Ákvörðun var ekki tekin um munnlegan eða skriflegan flutning málsins í þessu þinghaldi. Málinu var síðan frestað, „og kemur það fyrir næst á eigninni sjálfri eftir ákvörðun réttarins og að undangenginni auglýsingu í dagblaði". Næst er málið tekið fyrir 28. október s.á. á skrifstofu uppboðshaldara á Selfossi. Var í því þinghaldi ákveðið, að málið skyldi flutt munnlega. Fór málflutningurinn fram samdægurs ásamt uppkvaðningu hins áfrýjaða úrskurðar.

Í úrskurðinum kemur fram, að krafa Ingibjargar Eyfells um slit sameignarinnar að sumarbústaðnum Ásbúð hafi verið afturkölluð 24. september 1982.

Auglýsing sú, sem að framan er greind, var um nauðungaruppboð á öllum sumarbústaðnum Ásbúð vegna beiðni Ingibjargar Eyfells um, að fram færi uppboðssala á sumarbústaðnum til sameignarslita. Uppboðsbeiðnir stefndu Póst- og símamálastofnunarinnar, Alþýðubankans h/f og Rafmagnsveitna ríkisins, voru takmarkaðar við eignarhluta áfrýjanda í sumarbústaðnum, svo sem uppboðsheimildir þeirra sögðu til um. Uppboðsbeiðnir stefnda Landsbanka Íslands taka að vísu eftir orðum sínum til sumarbústaðarins alls. Samkvæmt kröfugerð þessa stefnda hér fyrir dómi verður þó að líta svo á, að einnig uppboðskröfu hans sé ætlað að taka til eignarhluta áfrýjanda eingöngu.

Hinn áfrýjaði úrskurður mælir fyrir um, að uppboð skuli fram fara á öllum sumarbústaðnum Ásbúð. Eftir að Ingibjörg Eyfells hafði afturkallað uppboðsbeiðni sína, og eins og háttað er uppboðs-

beiðnum og uppboðsheimildum stefndu samkvæmt framansögðu brast skilyrði til uppboðs á öðru en eignarhluta áfrýjanda í sumarbústað þessum. Verður því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi, og ber uppboðshaldara að taka uppboðsbeiðnir stefndu fyrir, til að fram fari nauðungaruppboð á eignarhluta áfrýjanda að undangengnum löglegum undirbúningi eftir því sem uppboðsbeiðnir og uppboðsheimildir þessar segja til um. Þykir rétt að taka fram í því sambandi, að ekki verður talið, að lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928 standi nauðungaruppboði í vegi, svo sem áfrýjandi hefur haldið fram.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur og ber uppboðshaldara að taka uppboðsbeiðnir stefndu, Póst- og símamálstofnunarinnar, Alþýðubankans h/f, Rafmagnsveitna ríkisins og Landsbanka Íslands, fyrir að nýju samkvæmt framangreindu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður uppboðsréttar Árnessýslu 28. október 1982.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag að loknum munnlegum málflutningi, er þannig til komið, að uppboðsþoli, Geir Viðar Vilhjálmsson, eigandi ½ óskiptrar sameignarinnar Ásbúðar á Þingvöllum, hefur mótmælt framgangi uppboðs á greindri húseign og krafist úrskurðar um málið og krafist málskostnaðar og bóta sér til handa.

Uppboðsbeiðendurnir Árni Guðjónsson hrl. f.h. Pósts og síma, Ólafur Ragnarsson hrl. f.h. Rarik og Jóhannes Jóhannessen hdl. f.h. Landsbanka Íslands hafa krafist framgangs hins umbeðna uppboðs og krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Upphaflega var beðið um uppboð til slita á sameign uppboðsþola og fyrrverandi eiginkonu hans, Ingibjargar Eyfells, og mótmælti uppboðsþoli því í bréfi, dags. 15.9. 1981. Við þingfestingu málsins hinn 22. júní 1982 mótmælti uppboðsþoli enn á ný framgangi hins umbeðna uppboðs. Hinn 24. sept. sl. afturkallaði Ólafur Axelsson hdl., sem krafðist uppboðs til slita á sameign, beiðni sína. Aðrir uppboðsbeiðendur hafa ekki afturkallað.

Við munnlegan málflutning í dag hélt uppboðsþoli fast við þá kröfu sína, að uppboðið næði ekki fram að ganga, og taldi, að lög um friðun Þingvalla nr. 59/1928 kæmi í veg fyrir það, að lögtök eða fjárnám mætti gera innan þjóðgarðsins á Þingvöllum.

Ekki verður á neinn hátt talið, að þau endurrit, sem lögð hafa verið fram af lögtaks- og fjárnámsgerðum, beri með sér, að þær gerðir hafi ekki verið framkvæmdar samkvæmt gildandi lögum. Þegar af þeirri ástæðu verður kröfu uppboðsþola um, að hið umbeðna uppboð nái ekki fram að ganga, hafnað.

Ekki hafa verið færð nein rök að því, að málinu beri að frávísa.

Hið umbeðna uppboð skal ná fram að ganga. Uppboðsþoli, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði umbjóðendum uppboðsbeiðenda, Árna Guðjónssyni hrl., Ólafi Ragnarssyni hrl. og Jóhannesi Jóhannessen hdl., kr. 500,00 hverjum í málflutningskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurðarorð:

Hið umbeðna uppboð skal ná fram að ganga. Uppboðsþoli, Geir Viðar Vilhjálmsson, greiði umbjóðendum uppboðseigendanna (sic), Árna Guðjónssyni hrl., Ólafi Ragnarssyni hrl. og Jóhannesi Jóhannessen hdl., kr. 500,00 hverjum í málflutningskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 14. mars 1985.

Nr. 237/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Hilmari Þorkelssyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Tilraun til nauðgunar. Skilorð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var af ákæruvalds hálfu skotið til Hæstaréttar 20. september 1984 til sakfellingar samkvæmt ákæru og til þyngingar á refsingu, en ákærði vildi hlíta héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 16. janúar 1985.

Ákærði greindi svo frá í skýrslu fyrir rannsóknarlögreglu, sem hann síðar staðfesti fyrir dómi, að hann gæti ekki neitað, að rétt væri frásögn Ó af atburðum, en sökum minnisleysis gæti hann ekki heldur játað, að svo væri. Þó viðurkenndi hann sig muna til þess að hafa reynt við stúlkuna, en alls ekki muna, hvernig það fór fram. Fyrir sakadómi sagði hann einnig, að hann hefði sjálfsagt eitthvað verið að reyna við stúlkuna, þó að hann myndi ekki, á hvern hátt það var. Þessi frásögn ákærða, að hann muni óljóst eða alls ekki, með hverjum hætti hann leitaði á Ó, eftir að komið var niður í kjallarann, er ekki trúleg, þegar þess er gætt, að ýmsa aðra atburði næturinnar virðist ákærði muna.

Nokkrar minni háttar ákomur voru á ákærða, og hefur hann ekki að öllu leyti verið sjálfum sér samkvæmur um það, hvernig þær hafi verið til komnar.

Enda þótt Ó bæri ekki áverka eða önnur sýnileg ytri merki um, að hún hefði lent í átökum, bendir ástand hennar og hegðun, er hún kom hálfnakin að Álfhólsvegi 43 eindregið til þess, að eitthvað mjög alvarlegt hafi komið fyrir hana um nóttina. Hún hefur frá upphafi verið sjálfri sér samkvæm í frásögn sinni um það, hvað gerðist milli hennar og ákærða, og unnið eið að framburði sínum.

Ekkert í málinu bendir til þess, að ótti hennar og skelfing og flótti hennar frá húsinu Álfhólsvegi 37 hafi stafað af öðru en samskiptum hennar og ákærða. Hann hefur kannast við að hafa leitað á Ó, eins og áður er sagt, þó að hann hafi hvorki talið sig geta játað né neitað frásögn hennar af þeirri viðureign að öðru leyti. Glerbrot og önnur ummerki á vettvangi í kjallara hússins á Álfhólsvegi 37 fá samrýmst frásögn Ó svo langt sem þau ná.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, telst sannað, að ákærði hafi gerst brotlegur við 1. mgr. 194. greinar, sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Með vísan til 2. mgr. nefndrar 20. greinar þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 10 mánuði, en rétt er samkvæmt 57. grein a greindra laga, sbr. 9. gr. laga nr. 101/1976, að ákveða, að fresta skuli fullnustu 7 mánaða af þeirri refsingu og sá hluti hennar falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. grein laga nr. 22/1955.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Þorkelsson, sæti fangelsi 10 mánuði, en fullnustu 7 mánaða af þeirri refsingu skal fresta og falla niður að 3 árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, verði almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga, sbr. 4. grein laga nr. 22/1955, haldið.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Skaftasonar og Halldórs Þorbjörnssonar.

Ástand Ó að morgni 31. júlí 1982 bendir að vísu til þess, að eitthvað alvarlegt hafi komið fyrir hana um nóttina, og hún hefur staðfastlega haldið því fram, að ákærði hafi reynt að koma fram samförum við hana með ofbeldi. Ákærði hefur neitað því, að um nein átök hafi verið að ræða milli hans og Ó. Þykir framburður Ó eigi einn sér full sönnun þess, að ákærði hafi framið brot það, sem honum er gefið að sök, og er þess að gæta, að hvorki bar Ó sjálf né fatnaður hennar þess nein merki, að hún hefði verið beitt ofbeldi. Samkvæmt þessu teljum við, að sýkna verði ákærða af ákærunni og ákveða, að sakarkostnaður í héraði og áfrýjunarkostnaður greiðist úr ríkissjóði. Um fjárhæð málsvarnarlauna erum við sammála atkvæði meiri hluta dómara.

Héraðsdómari hefur dæmt ákærða fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga, en það ákvæði teljum við eigi koma til álita, eins og hér hagar til.

Dómur sakadóms Kópavogs 30. mars 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 12. mars 1984, er höfðað af ákæruvaldsins hálfu með ákæru, dagsettri 25. júlí 1983, „á hendur Hilmari Þorkelssyni, Álfhólsvegi 37 í Kópavogi, fæddum 28. október 1928 á Siglufirði, fyrir að hafa, aðfaranótt laugardagsins 31. júlí 1982, reynt að þröngva stúlkunni Ó..., fæddri ... 1962, með ofbeldi til holdlegs samræðis í kjallara húss ákærða, að Álfhólsvegi 37 í Kópavogi.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt lögregluskýrslum, framburði ákærða og vitna eru málavextir þeir, að aðfaranótt laugardagsins 31. júlí 1982 fór Ó að Álfhólsvegi 37 í Kópavogi til þess að hitta BR sem leigði þar herbergi í kjallara.

Vitnið Ó hefur skýrt svo frá að hún hafi farið á dansleik umrædda nótt, en síðar sömu nótt fór hún heim með ónafngreindum vini sínum. Þaðan hringdi hún í unnusta sinn BR að Álfhólsvegi 37, en hann var ekki heima.

Stúlkan talaði við húsráðanda, Hilmar Þorkelsson, ákærða í máli þessu, og sagði hann að sögn stúlkunnar, að BR væri væntanlegur og að hún gæti komið og beðið eftir honum. Þetta gerði stúlkan og bauð ákærði henni inn, og þáði hún hjá honum áfengisglas, en hún þekkti eitthvað til ákærða fyrir. Þau röbbuðu saman nokkra stund, en þá fór stúlkunni að leiðast biðin og gekk því niður í kjallara, þar sem vinur hennar hafði herbergi, til þess að athuga, hvort hann væri kominn, en svo reyndist ekki vera. Stúlkan hefur skýrt svo frá, að ákærði hafi komið á eftir sér niður í kjallara. Hún hafi verið talsvert undir áfengisáhrifum. Þegar hún ætlaði að ganga upp úr kjallaranum, hafi ákærði ráðist á hana. Hún hafi slegist við ákærða, en að hann hafi verið sterkari en hún og skellt henni á bakið á þvottahúsgólfið. Hún hafi grátbeðið hann að láta sig vera, en hann hafi þrifið í buxur hennar og svipt þeim niður að hnjám lagst ofan á hana og farið sjálfur úr buxunum. Hún hafi reynt að halda lærunum saman og veitt alla þá mótspyrnu, sem hún mátti. Hún segist hafa hrópað á hjálp, eftir að hún kastaði áfengisglasi í áttina að andliti ákærða, en glasið kom ekki við hann, heldur brotnaði í mótstandandi vegg. Ákærða hafi ekki tekist að færa fætur hennar í sundur, þar sem buxurnar héldu hjánum saman, og einnig reyndi hún að bíta ákærða, bæði í hendur og andlit. Eftir að hún hrópaði á hjálp, hafi ákærði sett lófann fyrir munn og nef hennar, og hélt hann svo fast, að henni lá við köfnun, en með hinni hendinni tók hann um kverkar hennar. Í örvæntingu sinni datt henni í hug að best væri að losna við buxurnar, svo hún væri ekki í fótahafti. Hún hafi því sparkað af sér skónum og náð að sparka af sér buxunum, sem voru mjög þröngar á kálfum og með hælbandi. Við það hafi hún farið úr sokkunum. Hún hafi séð, að eina undankomuleiðin væri sú að þykjast vilja láta að vilja ákærða og því hafi hún sagt, að þetta væri ómögulegt og það væri best, að hún færi ofan á hann, því það væri miklu betra. Þá hafi ákærði sleppt henni og lagst á bakið, hinn ánægðasti á svipinn. Hún hafi þá staðið upp og hlaupið sem skjótast upp stigann út úr húsinu og eins og fætur toguðu að öðru eða þriðja húsi frá húsi ákærða. Þar hringdi hún á öllum dyrabjöllum og kallaði margsinnis á hjálp. Var þá opnað fyrir henni og kallað á lögreglu.

Hún varð mjög miður sín við þetta og segist hafa breyst tilfinningalega. Hún geti ekki verið í föstu sambandi við karlmenn og hafi óbeit á líkamlegum samskiptum við þá.

Ákærði hefur skýrt svo frá, að hann og eiginkona hans hafi komið heim til sín kl. 23-23:30 þann 30. júlí 1982 frá sumarbústað þeirra við Úlfljótsvatn. Um miðnætti hófu þau áfengisdrykkju og horfðu á sjónvarp. Um nóttina hringdi Ó nokkrum sinnum til þeirra og spurði eftir BR. Fyrst svaraði konan tvisvar í símann, en eftir að hún farin upp að sofa, var enn

hringt, og svaraði ákærði. Spurði stúlkan þá, hvort hún mætti koma, og svaraði ákærði því játandi, þótt BR væri ekki heima.

Um kl. 3:00 kom stúlkan á heimili ákærða, og bauð hann henni áfengi, og þáði hún tvisvar í glasið. Hann var þá talsvert ölvaður, og að hans sögn var stúlkan það líka.

Ákærði segist síðan hafa farið niður í kjallara eftir dágóða stund, og ætlaði hann að hengja upp þvott. Stúlkan hafi þá elt hann niður í kjallara. Síðan hafi þau verið „eitthvað að bauka þarna í kjallaranum". Þau hafi eitthvað verið að reyna samfarir, en það hafi ekki tekist, og hélt ákærði það stafa af því, hversu ölvaður hann var.

Aðdragandinn að þessu var ákærða óljós. Ekki mundi hann, hvort þeirra átti upptökin eða hvort hann fór úr buxunum, en engar samfarir hélt hann, að hafi farið fram, vegna þess hve ölvuð þau voru.

Hann vissi ekki, hvernig stúlkan fór út úr húsinu, og ekki mundi hann neitt frekar, fyrr en lögreglan kom, og hann opnaði fyrir henni.

Hann neitaði því að hafa ráðist á stúlkuna, og ennfremur hélt hann því fram, að engin átök hefðu átt sér stað milli þeirra. Hann minnti, að hún hefði sjálf farið úr buxunum.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að hann hafi sagt stúlkunni, að BR væri ekki heima og líklega væri hann utanbæjar. Við samprófun ákærða og stúlkunnar hélt ákærði því fram, að hann myndi ekki atburðarás. Hann mundi eftir að hafa reynt við stúlkuna, en alls ekki á hvern hátt.

Vitnið S, áður til heimilis að ..., Kópavogi, hefur skýrt svo frá, að eiginmaður þess hafi vakið það umrædda nótt, og sagði hann, að einhver væri að kalla á hjálp. Vitnið fór fram á gang, og var þar þá stúlka á ganginum, og var hún illa á sig komin. Hún var miður sín og hrædd, og tók það nokkra stund að fá hana til að koma inn til vitnisins af ganginum.

Stúlkan var klædd í skyrtu, peysu og sokka, en að öðruleyti var hún nakin. Stúlkan hélt um háls sér og sagði, að maður hafi ætlað að kyrkja sig, en vitnið tók ekki eftir, hvort áverkamerki voru á hálsi stúlkunnar. Stúlkan talaði síðan í sífellu um, að maðurinn hefði ætlað að drepa sig. Vitnið hringdi á lögreglu og lánaði stúlkunni slopp til að fara í. Vitnið kveðst ekki hafa merkt neina áverka á stúlkunni. Í fyrstu var nokkuð erfitt að skilja stúlkuna, og var hún afskaplega hrædd, en ekki greindi vitnið nein áfengisáhrif á stúlkunni, hvorki af lykt né á annan hátt.

Vitnið BHG s.st., hefur skýrt svo frá, að þennan laugardagsmorgun hafi vitnið verið vaknað, en ekki komið á fætur. Var þá hringt ákaft á dyrabjöllu, og fór vitnið fram í dyrasíma. Vitnið heyrði kallað á hjálp og opnaði vitnið strax. Vitnið athugaði síðan, hvort viðkomandi hefði komist inn, því vitnið óttaðist, að hún væri elt. Vitnið opnaði dyrnar og sá, að stúlka var komin inn, og var hún mjög fáklædd. Vitnið fór og vakti eiginkonu sína,

og fór konan á móti stúlkunni, en vitnið fór inn í svefnherbergi til að klæðast. Stúlkan var klædd í hvíta peysu, hneppta, og var í hvítum stuttum sokkum. Hún var í blússu eða bol innan undir peysunni, en að öðruleyti var hún nakin. Eftir að stúlkan var komin inn í íbúð vitnisins, heyrði vitnið hana skýra frá atburðarás þannig: Hún hafði verið að reyna að ná í pilt, sem hún var með, með því að hringja til hans nokkrum sinnum bæði þá um nóttina og í nokkra daga þar á undan. Frásögn stúlkunnar var nokkuð ruglingsleg varðandi tímasetningar. Hún skýrði vitninu frá því, að hún hefði hringt um nóttina til piltsins, og talaði hún við húsráðanda, sem sagði henni, að von væri á piltinum þá um nóttina. Stúlkan talaði um, að hún hefði verið að reyna að ná í piltinn, vegna þess að hún var ófrísk. Stúlkan fór síðan heim til piltsins til þess að hitta hann, og á meðan hún beið, réðst húsráðandinn á hana. Stúlkan talaði um það, að hann hefði tekið hana kverkataki, og hélt hún mikið um hálsinn og strauk hann á meðan hún var hjá vitninu. Hún talaði líka um það, að hann hefði ætlað að nauðga henni, en hvort það tókst, veit vitnið ekki. Hún gat síðan platað manninn og sloppið þannig frá honum. Í fyrstu var frásögn stúlkunnar mjög ruglingsleg, vegna þess hve hún var í miklu uppnámi, en hún virtist ekki vera undir áhrifum áfengis. Stúlkan var mjög greinilega í mikilli geðshræringu og leið illa. Ekki sá vitnið áverka á stúlkunni.

Vitnið Steindór Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið að Álfhólsvegi 37, Kópavogi, tekið þar ljósmyndir og athugað vettvang. Á gólfi í þvottahúsi lá fatnaður af kvenmanni, síðbuxur og nærbuxur. Vitnið mundi ekki eftir að hafa séð merki um átök, en glerbrot voru neðst í stiganum eða í kjallaranum sjálfum. Ákærði var sofandi, er vitnið kom á heimili hans, og minnir vitnið, að hann hafi verið klæddur í síðbuxur og nærbol. Hann virtist ölvaður og lengi að átta sig á hlutunum.

Vitnið Eggert Norðdal Bjarnason rannsóknarlögreglumaður hefur skýrt svo frá, að lögreglumaður úr lögreglunni í Kópavogi hafi komið með stúlku á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins. Vitnið mundi ekki nákvæmlega, hvernig ástand stúlkunnar var, en vitnið taldi þó þýðingarlaust að yfirheyra stúlkuna í því ástandi, sem hún var í. Var farið með stúlkuna á slysadeild, en vitnið fór ásamt ljósmyndara á vettvang að Álfhólsvegi. Þar hittu þeir fyrir ákærða, og var hann greinilega ölvaður, en leyfði lögreglunni inngöngu. Í stofu og eldhúsi voru ekki merki um átök, en ummerki þess, að setið hafi verið að drykkju. Í kjallara hússins, í þvottahúsi, voru föt á gólfi, utanyfir- og innanundirbuxur og skór. Þar virtist hafa verið mjög illa um gengið, en erfitt um að segja, hvort átök hefðu átt sér stað. Á ganginum voru glerbrot, og getur verið, að ákærði hafi sagt, að stúlka hefði reynt að henda í hann glasi. Ekki talaði ákærði um átök, en það sem hann sagði,

var mjög ruglingslegt, enda var hann að mati vitnisins verulega undir áhrifum áfengis. Ekki mundi vitnið eftir áverka á honum.

Vitnið Pétur Sveinsson, fyrrverandi aðstoðarvarðstjóri, var kallaður að Álfhólsvegi 37, þar sem þar væri stödd stúlka, fáklædd og í miklu uppnámi. Vitnið fór á staðinn, en þar var stúlkan fyrir og þá klædd í slopp af húsmóðurinni. Stúlkan var inní stofu, og voru húsráðendur að reyna að tala við hana, en það var tæpast unnt, þar sem stúlkan grét mikið, þess á milli bölvaði hún manni, sem hún talaði um, að hefði reynt að nauðga sér, en hún virtist þekkja hann. Frásögn stúlkunnar var mjög slitrótt. Vitnið minnir, að það hafi farið með stúlkuna á lögreglustöð og síðan til rannsóknarlögreglu ríkisins eða til læknis. Efir það fór vitnið heim til ákærða. Ákærði kom strax til dyra, en hann var klæddur í buxur og skyrtu og var mikið drukkinn. Uppi var allt í röð og reglu, en á eldhúsborðinu voru áfengisflöskur, sumar tómar, aðrar ekki. Í kjallaranum voru glerbrot á ganginum og föt af stúlkunni í kompu. Ekkert sérstakt benti til, að þarna hefðu orðið átök, annað en það, sem hér að framan er lýst.

Vitnið getur ekki sagt um áfengisáhrif á stúlkunni, en getur trúað, að hún hafi eitthvað verið undir áhrifum. Í upphafi grét hún mikið, og tók hún reiðiköst, en eftir að hún var farin að róast, var ekki unnt að merkja á henni nein áfengisáhrif.

Vitnið Jóhann Magnús Hafliðason lögreglumaður fór að heimili ákærða umræddan morgun ásamt 2-4 öðrum lögreglumönnum. Þeir hringdu nokkuð lengi, áður en ákærði opnaði. Hann virtist nývaknaður, og sýndi hann þeim legubekk og teppi í herbergi nálægt inngangi, en þar sagðist hann hafa legið, er þeir hringdu dyrabjöllu. Ákærði var drukkinn, er hann opnaði, en vitnið telur, að auðsjáanlega hafði hann sofið. Vitnið fór um íbúðina og í kjallara. Þar í þvottahúsi fundu þeir föt af stúlku, þ. á m. nærbuxur, og lágu þau í hrúgu innan við dyrnar. Vitnið man ekki eftir að hafa séð nokkuð, er benti til þess, að þar hefðu orðið átök. Ekki man vitnið eftir að hafa séð glerbrot. Vitnið man eftir glösum og flöskum á borði í eldhúsi þ. á m. flösku með innihaldi, sem álitið var heimatilbúið.

Ákærði var handtekinn, en hann fór með þeim sjálfviljugur og var mjög kurteis. Ekki mundi vitnið eftir að hafa séð áverka á honum.

Vitnið Sigurður Ólafsson, fyrrverandi lögreglumaður, hefur skýrt svo frá, að hann hafi farið heim til ákærða umræddan morgun ásamt fleiri lögreglumönnum. Það hafi tekið dálitla stund frá því að þeir hringdu dyrabjöllu og þar til ákærði opnaði. Vitnið heldur, að ákærði hafi verið sofandi, en hann virtist vera eins og ný „raknaður úr rotinu", en greinilegt var, að hann hafði verið að drekka. Hann var þó alveg rólegur, fullklæddur, en á fasi hans mátti sjá, að hann var eins og utan gátta, sem vitninu fannst benda til, að ákærði væri nývaknaður. Vitnið fór niður í

kjallara, en ekki treysti vitnið sér til að lýsa því nánar, hvernig umhorfs var í kjallaranum, þar sem langt var um liðið síðan þetta var. Vitnið átti engan frekari þátt í að vinna að máli þessu annan en að handtaka manninn. Vitnið mundi eftir að hafa fundið í eldhúsinu hálfa flösku af spíra svo og glös á borði. Ekki man vitnið eftir glerbrotum, hvorki uppi né í kjallara, en vel geti verið, að þar hafi verið glerbrot, þó vitnið muni ekki eftir þeim. Ekki mundi vitnið eftir að hafa séð föt af stúlkunni.

Vitnið Hannes Thorarensen rannsóknarlögreglumaður hefur skýrt svo frá, að stúlkan hafi verið mjög miður sín, þegar vitnið sá hana fyrst að morgni til á slysavarðstofu. Vitnið fór með stúlkuna til sérfræðings í skoðun, en að skoðun lokinni tók vitnið skýrslu af henni, og var hún þá talsvert búin að jafna sig. Annars var hún í nokkru uppnámi, en róaðist smám saman og var orðin róleg við skýrslutöku. Ekki var hún undir áhrifum áfengis, og var hún mjög skýr í frásögn.

Vitnið S, eiginkona ákærða, óskaði eftir að fá að bera vitni í máli þessu. Skýrði hún svo frá, að þau hjónin hefðu komið heim umrætt kvöld frá sumarbústað að Úlfljótsvatni. Þau áttu eitthvað af vodka, og drukku þau hjónin það og horfðu á videó. Um kl. 2 var hringt og spurt eftir BR. Vitnið heyrði, að þar var gleðskapur, en stúlkan sagðist heita Ó. Vitnið kannast við stúlkuna, en hún hringdi 4 sinnum þessa sömu nótt, og var erindi hennar að athuga, hvort BR væri heima. Hún spurði, hvort hún mætti koma og bíða eftir honum, en vitnið sagði henni, að það þýddi ekkert. Vitninu heyrðist hún vera mikið drukkin. Í síðasta skiptið, sem hún hringdi, var kl. u.þ.b. 4, og bað vitnið stúlkuna um að hringja ekki aftur, þar sem vitnið ætlaði að fara að sofa. Eiginmaður vitnisins var þá sofnaður niðri, en hann sofnaði um kl. 3:15. Vitnið lét hann eiga sig og fór upp að sofa um kl. 4:00. Vitnið sofnaði og vissi ekki neitt fyrr en næsta morgun um kl. 10:30, en þá vaknaði vitnið. Vitnið sofnaði fljótlega um nóttina, eftir að það fór upp, og varð ekki vart við neinn hávaða. Vitnið kvaðst eiga bágt með að sofa, og tók það þess vegna eina svefntöflu.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi verið með ákærða, er hann datt við að koma bátnum upp við Úlfljótsvatn. Hann datt á hliðina og fékk við það áverka á handlegg og læri. Einnig fékk hann áverka á kinnbein á sömu hlið, en ákærði féll alveg flatur við bátinn. Ástæðan var sú, að vitnið missti tak á bátnum, er þau voru í sameiningu að setja bátinn upp.

Vitnið tekur fram, að það hafi sagt það skýrt við stúlkuna, sem hringdi, að ekki væri von á BR heim þá um nóttina. Vitninu var kunnugt um, að BR var farinn að vera með stúlku, sem býr í Engihjalla, og var hann yfirleitt hjá henni á næturnar. Þetta sagði vitnið stúlkunni og jafnframt að það þýddi alls ekki fyrir hana að koma. Þá tekur vitnið fram, að ákærði hafi alltaf verið þekktur fyrir prúðmennsku. Hann hafi unnið lengi á sama stað,

bæði í Austurbæjarbíói og hjá Rafmagnsveitunni og aldrei hafi neitt annað komið fram en gott orð færi af honum. Vitnið hefur þekkt ákærða frá því það var 18 ára og giftist honum, er það var 19 ára.

Ákærði var færður til blóðtöku kl. 11:15 þann 31.júlí 1982, og samkvæmt niðurstöðum rannsókna mældist magn alkóhóls í blóði hans 2.08‰.

Lagðar hafa verið fram ljósmyndir, sem sýna m.a. aðstæður í kjallara á heimili ákærða og föt stúlkunnar, og er ekki af myndum að sjá nein sérstök ummerki á þeim. Eins hafa verið lagðar fram ljósmyndir, er sýna áverka á andliti, olnboga og læri ákærða.

Lagt hefur verið fram vottorð Andrésar Ásmundssonar læknis, sérfræðings í kvensjúkdómum og fæðingarhjálp, svohljóðandi:

„Hinn 31. júlí 1982 kl. 9:10 skoðaði ég, að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins, í lækningastofu minni í Domus Medica, konu, er kvaðst heita Ó ..., til heimilis að ...

Við skoðun fann ég létta vínlykt úr vitum konunnar, en hún virtist ekki drukkin og sagði skipulega frá. Plástur var í hægri olnbogabót, að sögn eftir innspýtingu í æð. Hún var í grænum baðslopp og þar undir í blússu og brjóstahaldara en í engu að neðan og skólaus. Engan sýnilegan áverka var að sjá. Leggöng þreifuðust auðveldlega með tveim fingrum (konan kvaðst eiga 1 barn) og leg var stækkað, samsvarandi 6 vikna þungun, enda sagðist hún vera ófrísk. Ekkert blóð sást í leggöngum og ekki fann ég neitt sæði við smásjárskoðun.

Skoðunin hefur ekki sýnt nein merki um ofbeldi eða nauðgun, en buxnaleysi styður sögu konunnar.

Þetta vottast, að viðlögðum drengskap, og má sýna vottorðið fyrir dómstólum."

Af hálfu Ó var lögð fram bótakrafa og yfirlýsing Sveins Skúlasonar hdl., dags. 12.3 1984, dskj. nr. 13 svohljóðandi:

„Páll Arnór Pálsson hrl., v/Hilmar Þorkelsson, Álfhólsvegi 37, Kópavogi hefur í dag greitt undirrituðum vegna skaðabótakröfu Ó. 34.549.- kr.

Með greiðslu skv. kvittun þessari fellur umbj. minn frá öllum frekari bótakröfum vegna atviks 31.7.1982."

Niðurstöður.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er í ljós leitt, að stúlkan Ó kom á heimili ákærða aðfaranótt laugardagsins 31. júlí 1982. Hún fór þaðan síðar um nóttina í miklu uppnámi og nakin fyrir neðan mitti, en eftir lágu síðbuxur hennar og nærbuxur saman vöðlaðar á þvottahúsgólfinu heima hjá ákærða.

Stúlkan hefur haldið því fram, að ákærði hafi svipt buxum hennar niður

að hnjám, og verður að leggja þann framburð til grundvallar, enda hefur ákærði sjálfur viðurkennt að hafa leitað á stúlkuna kynferðislega og, án þess að hún hafi áður gefið honum nokkurt tilefni til slíks.

Ákærði hefur ekki getað upplýst frekar um samskipti þeirra í kjallaranum vegna minnisleysis. Þó hefur hann staðfastlega neitað að hafa beitt stúlkuna ofbeldi. Framburð stúlkunnar varðandi ofbeldi ákærða gagnvart henni hefur eigi tekist að staðreyna. Hún hefur sjálf skýrt svo frá, að henni hafi tekist að sleppa frá ákærða með aðferð, sem bendir til, að ákærða hafi alls ekki staðið hugur til að þröngva stúlkunni til holdlegs samræðis. Einnig veikir það framburð stúlkunnar varðandi þetta atriði, að hún var, eins og hún sjálf segir, undir áhrifum áfengis. Þegar þetta er virt svo og það atferli ákærða að leita á stúlkuna kynferðislega á þann hátt, sem að framan er lýst, ber að heimfæra brot ákærða undir 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 118. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, en við munnlegan flutning málsins reifuðu sækjandi og verjandi málið að þessu leyti.

Ákærði er sakhæfur og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:
— — —

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin eftir því refsilagaákvæði, sem brot hans varðar við og með vísan til málsatvika fangelsi í 4 mánuði. Með hliðsjón af högum sakbornings svo og því, að hann hefur eigi áður verið sekur fundinn um hegningarlagabrot, og því, að hann hefur greitt stúlkunni bætur, þykir mega fresta fullnustu refsingar í 3 ár frá birtingu dómsins að telja, og falli refsing niður að þeim tíma liðnum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hrl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 18.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000,00.

Dóm þennan kvað upp Sigríður Ingvarsdóttir, fulltrúi bæjarfógeta í Kópavogi.

Dómsorð:

Ákærði, Hilmar Þorkelsson, sæti fangelsi í 4 mánuði, en fresta skal fullnustu refsingar, og niður skal hún falla að liðnum 3 árum frá birtingu dómsins að telja, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þ.m.t. málsvarnarlaun Páls A. Pálssonar hrl., kr. 18.000,00, og saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 12.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. mars 1985.

Nr. 42/1985. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guttormi Einarssyni vegna
Bjórsamlags Ámunnar
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Hald á munum. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Með kæru 7. þ.m., sem barst Hæstarétti 8. þ.m., hefur ríkissaksóknari með heimild í 1. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og haldlagningin dæmd lögmæt.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Samkvæmt skýrslu Arngríms Ísbergs, fulltrúa lögreglustjóra í Reykjavík, voru þrýstikútar þeir, sem taldir eru upp í hinum kærða úrskurði, fjórir 25 lítra kútar og fimmtán 5 lítra kútar, fullir og innihald þeirra að sögn varnaraðilja öl, sem blandað hafði verið með áfengi fyrir samlagsmenn. Lagði lögreglan hald á kúta þessa ásamt innihaldinu.

Gögn máls bera með sér, að yfir stendur opinber rannsókn á því, hvort starfsemi Bjórsamlags Ámunnar, sem lýst er í úrskurðinum, sé brot á ákvæðum áfengislaga, nr. 82/1969, „einkum 7. gr. og 18. gr., sbr. 10. og 11. gr.," eins og segir í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar. Samkvæmt 43. gr. laga nr. 74/1974 skal hald leggja á muni, sem ætla má, að hafi sönnunargildi í opinberu máli eða ætla má, að gerðir verði upptækir. Í framangreindri greinargerð ríkissaksóknara segir, að markmið haldlagningarinnar hafi verið að afla sönnunargagna í þágu rannsóknar málsins og tryggja það, að andlag hugsanlegrar upptökukröfu í opinberu máli væri til staðar. Ekki þykir lengur þörf á að halda munum þessum sem sönnunar-

gögnum. Hins vegar verður ekki skorið úr því fyrr en í væntanlegu refsimáli, hvort um refsivert atferli hafi verið að ræða, og hvort krafa um upptöku verði tekin til greina. Eru ekki efni til að hnekkja haldi því, sem lögregla hefur lagt á muni þá, sem í hinum kærða úrskurði greinir.

Dómsorð:

Hald það, sem lagt var 15. febrúar 1985 á muni í vörslum Bjórsamlags Ámunnar, skal standa óhaggað.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er sammála meiri hluta dómara um það, að ekki sé lengur þörf að halda hinum umdeildu munum vegna rannsóknar málsins. Hins vegar er ég ósammála honum um það að láta óhaggað standa hald það, er lagt var hinn 15. febrúar 1985 á muni í vörslum Bjórsamlags Ámunnar.

Í 43. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, segir m.a.: „Leggja skal hald á muni“ ..., ef „ætla má, að þeir verði gerðir upptækir“.

Ég tel, að túlka beri orðalag þetta þannig, að því aðeins skuli leggja hald á muni, að það sé líklegra en hitt, að þeir verði gerðir upptækir. Það er dómstóla að meta það hverju sinni, hvort slíkar líkur eru fyrir hendi eða ekki. Ég tel, að þær líkur séu eigi fyrir hendi í þessu máli. Með þetta í huga svo og réttaröryggishagsmuni, eins og í hinum kærða úrskurði greinir, tel ég, að staðfesta beri niðurstöðu hans.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 8. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 6. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Hirti O. Aðalsteinssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Málavextir eru þeir, að Jón Steinar Gunnlaugsson hrl. hefur með bréfi, dags. 21. febrúar sl., fyrir hönd Guttorms Einarssonar vegna Bjórsamlags Ámunnar, Ármúla 21 hér í borg, borið undir dóminn þá ákvörðun ríkissaksóknara frá 14. febrúar sl. að leggja hald á búnað og áfengisblöndu sam-

lagsins vegna ætlaðra brota forsvarsmanna þess á 7. og 18. gr. áfengislaga. Er gerð sú krafa, að umrædd ákvörðun ríkissaksóknara verði felld úr gildi og fyrir hann lagt að skila munum þessum þegar í stað.

Samkvæmt gögnum málsins lagði lögreglan í Reykjavík þann 15. febrúar sl. hald á eftirtalda hluti: drykkjarvörukæli með tveim kælirásum, kolsýruflösku, plastkút til átöppunar, þrýstislöngur, stúta og mæla, 25 lítra Tuborg þrýstikút, þrjá 25 lítra Carlsberg þrýstikúta, fjóra 5 lítra Carlsberg þrýstikúta og ellefu 5 lítra Tuborg þrýstikúta.

Ofangreind haldlagning var framkvæmd samkvæmt fyrirmælum í bréfi ríkissaksóknara, dags. 14. febrúar sl., til lögreglustjórans í Reykjavík, en í bréfi þessu segir svo meðal annars:

„Með bréfi, dagsettu 5. febrúar sl., sendið þér, herra lögreglustjóri, lögregluskýrslu ásamt fylgigögnum um starfsemi svokallaðs „Bjórsamlags Ámunnar", sem rekið er í tengslum við fyrirtækið Hafplast sf. og verslunina Ámuna, Síðumúla 21, Reykjavík. Í framangreindum gögnum er að finna upplýsingar um það, að forsvarsmenn fyrrgreindra fyrirtækja, Hafplast sf. og verslunarinnar Ámunnar, hafi tekið að sér að búa til áfengan drykk fyrir svokallaða samlagsmenn úr áfengi, sem þeir afla með löglegum hætti og afhenda forsvarsmönnum fyrrgreindra fyrirtækja. Hinn nýi áfengi drykkur er svo afhentur samlagsmönnum gegn gjaldi, sem forsvarsmennirnir meta sjálfir sem hæfilegt fyrir íblöndunarefni, umbúðir, vinnu við blöndunina, afnot af blöndunartækjum og svokölluð „framleiðsluleyndarmál."""

Síðar í bréfinu segir svo: „Með vísan til 43. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 8. gr. áfengislaga, skal hald lagt á búnað þann, sem upplýst verður, sbr. 4. lið, að notaður hafi verið til blöndunar á hinum áfenga drykk, og ennfremur verði lagt hald á allt það magn af hinum áfenga drykk, sem búinn hefur verið til en eigi afhentur samlagsmönnum."

Forsvarsmaður samlagsins, Guttormur Einarsson, Kleifarási 13 hér í borg, hefur við yfirheyrslur hjá lögreglu skýrt nánar frá starfsemi samlagsins. Kvað hann Bjórsamlag Ámunnar vera samlagsfélag, stofnað þann 22. janúar sl. af fyrirtækinu Hafplasti sf. Skyldi samlagið annast blöndun á drykkjarföngum fyrir samlagsmenn, sem sjálfir legðu til áfengi til blöndunarinnar, og yrði ekki tekið við áfengi nema á flöskum, sem löglega væru fengnar úr útsölum Á.T.V.R., og yrðu flöskurnar að vera með órofið innsigli. Kvað hann áfengið með samþykki samlagsmanna renna í sameiginlegan samlagssjóð, en inneign hvers samlagsmanns sé nákvæmlega skráð og þess gætt, að hver samlagsmaður taki ekki út meiri vínanda en sem inneign nemur. Með ákveðnum aðferðum er áfengi þessu blandað saman við grunnbjór, sem er minna en 2,25% að vínandastyrkleika miðað við rúm-

mál og óáfeng bragðbæti- og bindiefni og þannig fengið svokallað bjórlíki, en styrkleiki þess sé á bilinu frá 4,97% til 5,2% af vínanda að rúmmáli. Fyrir hin óáfengu drykkjarefni, vinnuna og tækin, sem þarf til blöndunarinnar, greiða samlagsmenn samlaginu síðan nokkurt fégjald.

Með bréfi, dagsettu 25. febrúar sl., sendi dómarinn ríkissaksóknara ljósrit af áðurgreindu bréfi lögmannsins ásamt ljósritum af gögnum þeim, er bréfinu fylgdu, með ósk um, að dómurinn fengi í hendur afrit af bréfi ríkissaksóknara, dags. 14. febrúar sl., til lögreglustjórans í Reykjavík, en upphaf þess bréfs var hulið fyrir kærða. Með bréfi, dags. 27. febrúar sl., sendi ríkissaksóknari dóminum umbeðið ljósrit, og segir svo í bréfinu m.a.: „Jafnframt því að senda sakadóminum ljósrit af fyrrgreindu bréfi, þá er af ákæruvaldsins hálfu höfð uppi sú krafa, komi erindi þetta til úrskurðar, að ákvörðun embættisins, með vísan til þeirra upplýsinga, sem þá lágu fyrir um ætluð áfengislagabrot kærða, verði dæmd réttmæt og haldlagningin sjálf lögmæt, sbr. 43. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 8. gr. áfengislaga nr. 82, 1969. Ekki þykir á þessu stigi málsins efni til að fjalla um hinar ætluðu sakir kærða, þar sem frumrannsókn málsins er ekki lokið og rannsóknargögn því ekki borist embættinu."

Með bréfi, dagsettu 1. mars sl., var lögmanninum sent ljósrit af ofangreindu bréfi ríkissaksóknara ásamt ljósriti af bréfinu frá 14. febrúar sl. Lögmaðurinn lýsti því yfir í símtali við dómarann, að ekki þætti ástæða til að koma að viðbótargreinargerð vegna bréfa þessara, en sendi dómaranum þann 4. mars sl. heildaryfirlit yfir framleiðslu og afhendingu bjórlíkis og skrá yfir samlagsmenn og inneign þeirra á áfengi.

Af hálfu ákæruvaldsins hefur ekki komið fram frekari rökstuðningur fyrir áðurgreindri ákvörðun en að framan greinir.

Niðurstöður.

Dómurinn er þeirrar skoðunar, að ekki hafi verið þörf vegna rannsóknarhagsmuna að leggja hald á ofangreinda muni með tilliti til sönnunargildis þeirra, enda hefur forsvarsmaður samlagsins ekki leynt starfsemi sinni á nokkurn hátt og hefur af fremsta megni reynt að greiða fyrir rannsókn málsins.

Af gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að mikill vafi leiki á því, að 7. gr. áfengislaganna hafi verið brotin, þar sem ekki verður annað séð en að um löglega áfengisblöndun sé að ræða og því vafasamt, að því skilyrði 43. gr. laga nr. 74, 1974 um, að ætla megi, að munirnir verði gerðir upptækir, sé fullnægt.

Þá er til þess að líta, að teljist forsvarsmaður samlagsins hafa á einhvern hátt brotið gegn 18. gr. áfengislaga með handhöfn og meðferð áfengisins, en slíkt brot er, eins og á stendur, eigi augljóst, þá er ekki að finna í áfengis-

lögunum heimild til upptöku á áfengi í vörslu þeirra, er brotlegir gerast samkvæmt þeirri grein.

Það er álit dómsins, að vegna þess vafa, sem lék á því, að um lögbrot væri að ræða, bar ákæruvaldinu, eins og mál þetta var vaxið og vegna réttaröryggis, að leita dómsúrskurðar um haldið, þrátt fyrir að í 43. gr. l. nr. 74, 1974 sé eigi gert ráð fyrir, að úrskurð dómara þurfi.

Þegar allt framanritað er virt, þykir ákvörðun ákæruvaldsins um haldlagningu vera þeim annmörkum háð, að ekki verði hjá því komist að fella hana úr gildi.

Úrskurðarorð:

Hald það, sem samkvæmt ákvörðun ríkissaksóknara frá 14. febrúar 1985 var þann 15. febrúar sl. lagt á drykkjarvörukæli með tveim kælirásum, kolsýruflösku, plastkút til átöppunar, þrýstislöngur, stúta og mæla, 25 lítra Tuborg þrýstikút, þrjá 25 lítra Carlsberg þrýstikúta, fjóra 5 lítra Carlsberg þrýstikúta og ellefu 5 lítra Tuborg þrýstikúta og var allt í vörslum Bjórsamlags Ámunnar, Ármúla 21, Reykjavík, er úr gildi fellt.

Föstudaginn 15. mars 1985.

Nr. 75/1983. **Othar Örn Petersen hrl. f.h.**
Þrotabús Vörðufells h/f
(sjálfur)
gegn
Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík,
f.h. Þrotabús Jakobs Jakobssonar
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
og
Rafmagnsveitu Reykjavíkur til réttargæslu
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Mál þetta var tekið fyrir á dómþingi 14. mars 1985 til munnlegs málflutnings, og krafðist þá áfrýjandi þess, að málið yrði fellt niður.

Stefndi, Jón Skaftason, skiptaráðandi í Reykjavík, f.h. þrotabús Jakobs Jakobssonar samþykkti niðurfellingu málsins, en krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu réttargæslustefnda voru engar athugasemdir né kröfur gerðar.

Samkvæmt framansögðu ber að fella mál þetta niður. Stefndi hefur látið sækja dómþing fyrir Hæstarétti sex sinnum. Er rétt, að áfrýjandi greiði honum málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 6.000,00 krónur.

Dómsorð:

Mál þetta er fellt niður.

Áfrýjandi, þrotabú Vörðufells h/f, greiði stefnda, Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í Reykjavík, f.h. þrotabús Jakobs Jakobssonar 6.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 18. mars 1985.

Nr. 63/1984. **Bæjarútgerð Reykjavíkur**
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Þorsteini Gíslasyni
(Arnmundur Backman hrl.)

Vinnusamningur. Kaupgjald. Sjómannalög. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. apríl 1984. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar fyrir báðum dómum.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með lögum nr. 49/1980 var gerð breyting á 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963. Eftir breytinguna er upphaf 3. málsgreinar þessarar lagagreinar svohljóðandi: „Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum ...“ Þessi orð gilda um stefnda, Þorstein Gíslason, og ber að leggja þau til grundvallar og staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum verður áfrýjanda dæmt að greiða stefnda 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnda, Þorsteini Gíslasyni, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 22. febrúar 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. febrúar 1984, höfðaði Þorsteinn Gíslason, nnr. 9737-6085, Æsufelli 2, Reykjavík, gegn Bæjarútgerð Reykjavíkur, nnr. 1489-6600, Hafnarhúsinu, Reykjavík, með stefnu, birtri 6. október 1983.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 33.476,71 með 42% ársvöxtum frá 1. maí 1983 til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í. Þá krefst stefnandi sjóveðréttar í togaranum b/v Bjarna Benediktssyni, RE 210, samkvæmt 216. gr. laga nr. 66/1963 fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum málskostnað samkvæmt

gjaldskrá L.M.F.Í. Stefndi gerir ennfremur þá kröfu, að tapi hann málinu, verði málskostnaður látinn falla niður.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Stefnandi var loftskeytamaður á togaranum Bjarna Benediktssyni, RE 210, sem stefndi á og gerir út. Hinn 7. febrúar 1983 varð stefnandi fyrir því slysi að detta og handleggsbrotna, er hann var á leið heim frá vinnu. Daginn eftir leitaði hann læknis, sem úrskurðaði hann óvinnufæran, og var stefnandi frá vinnu fram í maímánuð. Ekki er ágreiningur í málinu um óvinnufærni stefnanda.

Á þeim tíma, er stefnandi var frá vinnu vegna slyssins, greiddi stefndi honum kaup samkvæmt 10. gr., sbr. 7. gr. kjarasamnings á milli Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda, sem í gildi var á þessum tíma, en hann mun hafa verið undirritaður af samningsaðiljum 25. febrúar 1981. Greiðslurnar eru miðaðar við ákveðna fjárhæð á dag, og hefur afli skips ekki áhrif á hann.

Togarinn Bjarni Benediktsson var í slipp frá 8. til 15. febrúar, og telur stefnandi, að sér hafi réttilega verið greitt dagvinnukaup fyrir þann tíma. Hinn 15. febrúar hélt skipið á veiðar, og var þá loftskeytamaður ráðinn í stað stefnanda og síðar annar í hans stað. Skipið hélt áfram veiðum, og hinn 29. mars fór það í veiðiferð, sem lauk 12. apríl. Stefnandi miðar kaupkröfur sínar í málinu við tveggja mánaða tímabil frá 8. febrúar að telja og reyndar aðeins lengra, eða til 12. apríl, en fyrr kveðst hann ekki hafa getað komið til starfa á skipinu, þótt hann hefði verið orðinn vinnufær, þar sem veiðiferð skipsins, sem næst að framan er getið, hafi ekki lokið fyrr en þann dag.

Stefnandi fékk greiddar kr. 46.805,28 í kaup á tímabilinu frá 8. febrúar til 12. apríl 1983, en hann telur sig eiga að fá greiddar kr. 80.281,99 og miðar þá við það kaup, er staðgenglar hans fengu greitt á sama tímabili. Hann telur sig því eiga inni kr. 33.476,71 í vangoldið kaup hjá stefnda. Þessum útreikningum mótmælir stefndi ekki tölulega. Hins vegar mótmælir hann greiðsluskyldu. Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að samkvæmt 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, einkum 3. mgr., sbr. 5. mgr., eins og henni var breytt með lögum nr. 49/1980, eigi hann einskis í að missa af launum sínum fyrstu tvo mánuðina eftir slysdag í hverju sem þau séu greidd. Breytingin með lögum nr. 49/1980 hafi verið í því fólgin, að ákveðið hafi verið, að sjómenn skyldu einskis missa í af launum sínum í hverju sem þau væru greidd í veikinda- og sjúkdómstilfellum, en áður hafi aðeins verið tekið fram, að þeir ættu rétt á kaupi, sem hafi getað þýtt fleira en staðgengilslaun. Til viðbótar hafi verið ákveðið með breytingarlögunum, að sjómenn ættu rétt á að þessum tveim mánuðum liðnum að fá greitt fast

kaup, kauptryggingu eða sérlega umsamið veikindakaup í ákveðinn tíma eftir því hve lengi þeir hefðu unnið hjá sama útgerðarmanni eða verið á sama skipi. Breytingin hafi því haft í för með sér bætt kjör sjómanna að þessu leyti. Kjarasamningur sá, sem stefnanda hafi verið greitt laun samkvæmt, kveði á um lakari kjör í veikinda- og slysatilfellum en sjómannalögin og beri því stefnanda kaup samkvæmt lögunum, sbr. 93. gr. þeirra og 1. gr. laga nr. 55/1980.

Samkvæmt framansögðu eigi að miða kaup stefnanda á tímabilinu frá 8. febrúar til 12. apríl við það kaup, sem staðgenglar hans hafi fengið greitt, en það kaup hefði stefnandi sjálfur fengið, hefði hann ekki slasast.

Samkvæmt frásögn stefnda í greinargerð hans eru samningar um kaup á fiskiskipum í aðalatriðum með tvennum hætti. Á fiskiskipum öðrum en togurum, sem eru 500 rúmlestir eða stærri, er annaðhvort greiddur aflahlutur eða kauptrygging, ef ekki fiskast fyrir hlut. Á togurum 500 rúmlestir og stærri er greitt bæði fast kaup og svokölluð premía, sem stefndi segir vera nokkurs konar sambland af hlutaskiptum og kauptryggingu. Er premía þessi kölluð aflaverðlaun í kjarasamningi.

Stefndi segir, að allt frá árinu 1950 og jafnvel frá fyrri tíma hafi yfirmenn á stóru fiskiskipunum samið um, að greidd skyldi ákveðin fjárhæð á dag í veikindaforföllum. Ástæða þess, að yfirmennirnir hafi samið um þetta fyrirkomulag í stað að fá sömu fjárhæð greidda og staðgenglar þeirra, hafi verið sú, að jafnaðarlega hafi þetta fyrirkomulag verið þeim hagkvæmara, þar sem dagpeningagreiðslurnar hafi oftar en ekki verið hærri heldur en fast kaup að viðbættum aflaverðlaunum, einkum ef afli hafi verið lítill eða skipinu ekki haldið út til veiða.

Stefndi bendir á, að hér sé um meðalbótareglu að ræða í veikinda- og slysatilvikum samkvæmt kjarasamningnum og eigi hún við í öllum tilvikum, hvort heldur vel eða illa fiskist, og yfirmenn geti ekki valið á milli hennar og staðgengilslauna eftir því, hvort fyrirkomulagið færi þeim meira í hönd í hvert skipti. Þessir samningar brjóti ekki í bága við 18. gr. laga nr. 67/1963, eins og henni hafi verið breytt með lögum nr. 49/1980. Frá því að sjómannalög nr. 41/1930 hafi verið sett, hafi verið gert ráð fyrir því, að fiskimenn fengju staðgengilslaun í forföllum, og hafi lög nr. 49/1980 engu breytt um það fyrirkomulag, sem í gildi hafi verið fyrir tíð þeirra laga hvað þetta atriði snerti. Stefnandi verði því að sætta sig við það kaup, sem kjarasamningar kveði á um. Það kaup hafi honum verið greitt og beri því að sýkna stefnda.

Niðurstaða.

Stefnandi varð fyrir slysi 7. febrúar 1983, en þá var hann loftskeytamaður á togara stefnda, Bjarna Benediktssyni, RE 210. Kröfur stefnanda

eru þær, að hann fái greidd sömu laun frá stefnda og staðgenglar hans fengu á fyrstu tveim mánuðunum eftir að hann varð fyrir slysinu. Ekki er ágreiningur á milli aðilja um útreikning stefnanda á kröfunni.

Í 3. mgr. 18. gr. laga nr. 67/1963, eins og henni var breytt með lögum nr. 49/1980, er skýrt ákvæði um, að skipverji, sem verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir, á meðan á ráðningatíma hans stendur, skuli eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af þessum sökum, þó eigi lengur en í tvo mánuði. Þetta ákvæði verður að skilja svo, að átt sé við, að skipverja skuli greitt það kaup, sem hann hefði fengið, ef slys eða veikindi hefðu ekki borið að höndum, fari hann fram á það.

Líta verður svo á með hliðsjón af 93. gr. laga nr. 67/1963, að framangreint lagaákvæði eigi við um lögskipti aðilja málsins og gangi framar 10. gr., sbr. 7. gr. kjarasamnings Félags íslenskra loftskeytamanna og Félags íslenskra botnvörpuskipaeigenda. Ber því að dæma stefnda til að greiða stefnanda umstefndar kröfur, þó þannig að 35% ársvextir dæmast af höfuðstól kröfu frá 21. september 1983 til 6. október s.á.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Bæjarútgerð Reykjavíkur, greiði stefnanda, Þorsteini Gíslasyni, kr. 33.476,71 með 42% ársvöxtum frá 1. maí 1983 til 21. september s.á., með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 6. okt. s.á., með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., með 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., með 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 13.000,00 í málskostnað.

Stefnandi á sjóveðrétt í b/v Bjarna Benediktssyni RE 210 fyrir fjárhæðum þessum.

Mánudaginn 18. mars 1985.

Nr. 31/1985. **Alexander Sigurðsson**

gegn

Rögnu Láru Ragnarsdóttur f. h.
Matthildar Brynjólfsdóttur og
Kristni Ragnarssyni f. h.
Ólafs Kristinssonar
Brandi Brynjólfssyni og
Jóni Skaftasyni, skiptaráðanda í
Reykjavík, f.h. dánarbús Jóns E. Ragnarssonar.

Kærumál. Skipti. Hafning máls og útivist í skiptarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 13. febrúar 1985 kærði sóknaraðili til Hæstaréttar með heimild í 2. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 ákvörðun skiptaréttar Reykjavíkur 8. febrúar 1985, sem fram kemur í svohljóðandi bókun í skiptaréttarmáli nr. 4/1985: Brandur Brynjólfsson og Alexander Sigurðsson gegn dánarbúi Jóns E. Ragnarssonar:

„Með því að ekki er mætt af hálfu sóknaraðilans Alexanders Sigurðssonar, er mál þetta hafið, hvað hann varðar, sbr. 2. ml. 1. mgr. 118. gr. sbr. 223. gr. laga nr. 85/1936. Sigurður Georgsson hdl. krefst þess, að sér verði úrskurðaður málskostnaður úr hendi Alexanders Sigurðssonar. Mun tekin afstaða til þeirrar kröfu síðar."

Kröfur sóknaraðilja eru þessar: „Að hin kærða ákvörðun verði úr gildi felld og *aðallega* að lagt verði fyrir skiptaráðanda að kveða upp efnisúrskurð um kröfu Alexanders Sigurðssonar í dánarbú Jóns E. Ragnarssonar en til vara að ákveðinn verði skriflegur flutningur málsins að því er Alexander Sigurðsson varðar vegna kröfu hans í dánarbú Jóns E. Ragnarssonar og ágreining við Brand Brynjólfsson um kröfu. — Krafist er kærumálskostnaðar úr hendi Brands Brynjólfssonar og db. Jóns E. Ragnarssonar."

Af hálfu varnaraðiljanna Matthildar og Ólafs, sem eru ófjárráða, er krafist staðfestingar á ákvörðun skiptaráðanda.

Frá varnaraðiljanum Brandi Brynjólfssyni hrl. hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Ragnar Halldór Hall, skiptaráðandi í Reykjavík, hefur sent Hæstarétti skriflegar athugasemdir.

Jón E. Ragnarsson hrl. andaðist 10. júní 1983, og var dánarbúið tekið til opinberra skipta sem skuldafrágöngubú. Jón hafði gert erfðaskrá. Ráðstafar hann þar ýmsum eignum sínum, en kveður jafnframt svo á, að aðrar eignir falli til systkinabarna sinna, varnaraðiljanna Matthildar Brynjólfsdóttur og Ólafs Kristinssonar. Sóknaraðili þessa hæstaréttarmáls og varnaraðilinn Brandur Brynjólfsson lýstu kröfum í búið. Telja þeir sig báðir eiga rétt til að fá utan skuldaraðar fé, sem hinn látni varðveitti vegna ágreinings þeirra Alexanders og Brands um það, hvor ætti það með réttu.

Hinn 18. janúar sl. var ágreiningur um þetta fé tekinn til sérstakrar meðferðar í skiptaréttarmáli nr. 4/1985. Sem fyrr segir var bókað, að sóknaraðiljar væru Alexander Sigurðsson og Brandur Brynjólfsson, en varnaraðili dánarbúið. Þennan dag var bókað, að sótt hefði verið þing fyrir sóknaraðilja báða. Þingað var á ný í málinu 1. febrúar og þá mætt fyrir alla þrjá aðiljana. Fyrir dánarbúið mætti Sigurður Georgsson hdl. Loks kom málið fyrir 8. febrúar, og var þá gerð bókun um hina kærðu ákvörðun.

Í 25. gr. skiptalaga nr. 3/1878, kafla um skuldafrágöngubú segir í 25. gr.: „Nú sækir maður eigi skiptafund, er honum hefir verið löglega boðaður, og hefir hann þá fyrirgert rétti sínum til að mótmæla ályktunum þeim, er þar hafa gerðar verið um stjórn búsins; en eigi hefur hann fyrir þá sök afsalað sér neinum rétti eða kröfu.“ Í 38. gr. lagana segir: „Nú er skuldakröfu mótmælt, og skal þá skiptaráðandi leita um sættir, en ef sættum verður eigi á komið, leggur hann úrskurð á, hvort taka skuli kröfuna til greina að nokkru eða öllu leyti, og skal fara með það mál eftir réttarfarsreglum þeim, sem í gildi eru. Á sama hátt skal ráða til lykta ágreiningi um forgöngurétt skulda og hverjum öðrum ágreiningi um úthlutun búsins. Skiptaráðandi útvegar búinu talsmann í slíkum málum, ef þurfa þykir.“

Ákvæði þessi gilda um það mál, sem hér er til úrlausnar. Að sönnu segir í 38. gr. skiptalaga, að gildandi réttarfarsreglum skuli beitt, sbr. og 223. gr. einkamálalaga. Þess verður þó að gæta, að

eftir 25. gr. skiptalaga breytist ekki hugsanlegur réttur sóknaraðiljans Alexanders til greiðslu úr dánarbúinu, þó að útivist hafi orðið af hans hálfu 8. febrúar. Skiptaréttarmálið er höfðað til að skera úr ágreiningi, sem varðar bæði Alexander og Brand Brynjólfsson, og verður sá ágreiningur ekki til lykta leiddur með viðunandi hætti, nema báðir séu málsaðiljar, enda hafa þeir báðir lýst kröfu í búið.

Samkvæmt framansögðu verður að fella hina kærðu ákvörðun úr gildi. Ekki þykja efni til að taka kröfur sóknarðilja til greina að öðruleyti á þessu stigi málsmeðferðar í skiptarétti.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógetans í Reykjavík, tók hina kærðu ákvörðun.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Framangreind ákvörðun skiptaráðandans í Reykjavík er felld úr gildi.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Þriðjudaginn 19. mars 1985.

Nr. 9/1985. **Róbert Sverrisson**
(Þórður S. Gunnarsson hrl.)
gegn
Sigríði Einarsdóttur
(Arnmundur Backman hrl.)

Hjón. Búskipti. 67. gr. laga nr. 60/1972.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu í upphafi með stefnu 9. mars 1983, en útivist varð af hans hendi, er málið skyldi flutt munnlega hinn 14. janúar 1985. Áfrýjandi áfrýjaði málinu á ný 21. s.m. samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að við skipti á búi hans og stefndu verði fasteign búsins, fjögurra herbergja íbúð í húsinu nr. 21 við Rauðalæk hér í borg, skipt samkvæmt helmingaskiptareglu, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna. Áfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar þykir mega staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 2. mars 1983.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi þann 14. febrúar 1983. Sóknaraðili málsins, Sigríður Einarsdóttir, nafnnúmer 7608-3010, til heimilis að Rauðalæk 21, Reykjavík, gerir þær kröfur, að skipti á félagsbúi hennar og varnaraðilja vegna hjónaskilnaðar fari að hætti 57., sbr. 27. gr. laga nr. 60/1972, þannig að fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð fasteignarinnar að Rauðalæk 21 í Reykjavík komi í hennar hlut utan skipta, enda taki hún að sér greiðslu veðskulda, sem á eigninni hvíla, annarra en skuld við Eftirlaunasjóð Sláturfélags Suðurlands, upphaflega að fjárhæð kr. 15.000,00, sem tryggð er með 3. veðrétti í eigninni samkvæmt veðskuldabréfi, útgefnu 15. desember 1980. Þá krefst hún málskostnaðar úr hendi varnaraðilja samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Varnaraðili, Róbert Sverrisson, nafnnúmer 7361-4732, til heimilis að Hverfisgötu 74, Reykjavík, krefst þess, að við búskipti málsaðilja komi áðurnefnd fasteign til skipta samkvæmt helmingaskiptareglu 2. mgr. 18.

gr. laga nr. 20/1923. Krefst hann einnig málskostnaðar úr hendi sóknaraðilja, eigi lægri en samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

II.

Aðiljar máls þessa munu hafa kynnst snemma árs 1977 og tekið upp sambúð á því ári. Ekki eru skýrslur málsaðilja samhljóða um, hvenær árs sambúðin hafi hafist, að sögn varnaraðilja mun það hafa verið í aprílmánuði, en að sögn sóknaraðilja í nóvembermánuði. Á þessum tíma átti sóknaraðili tveggja herbergja kjallaraíbúð að Skeiðarvogi 29 í Reykjavík, sem hún mun hafa keypt í október 1975.

Með kaupsamningi, gerðum 21. september 1979, seldi sóknaraðili íbúðina að Skeiðarvogi 29 fyrir kr. 190.000,00, en keypti þann 25. sama mánaðar fjögurra herbergja íbúð á jarðhæð að Rauðalæk 21 í Reykjavík fyrir kr. 225.000,00. Er sóknaraðili þinglýstur eigandi þeirrar íbúðar.

Málsaðiljarnir eignuðust saman barn þann 30. apríl 1979, en fyrir átti sóknaraðili eitt barn, sem mun hafa verið í fóstri hjá foreldrum hennar, að mestu frá fæðingu. Varnaraðili mun eiga fjögur börn úr fyrri hjúskap, en hafði ekki forræði þeirra.

Málsaðiljar gengu í hjúskap þann 26. júlí 1980. Fram að þeim tíma mun sambúð þeirra hafa verið samfelld, en eftir stofnun hjúskapar liggur fyrir, að hlé hafi orðið á sambúðinni, eins og nánar greinir hér síðar. Þann 5. október 1982 var við embætti yfirborgardómara í Reykjavík tekin fyrir krafa sóknaraðilja máls þessa um veitingu leyfis til lögskilnaðar við varnaraðilja án undangengins skilnaðar að borði og sæng, og var leyfi til þess veitt þann 3. desember 1982. Við meðferð skilnaðarkröfu sóknaraðilja fyrir yfirvaldi varð ekki samkomulag um skipti eigna, og var krafa sóknaraðilja um töku félagsbús málsaðiljanna til opinberra skipta fyrst tekin fyrir hér fyrir rétti þann 10. nóvember 1982. Við búsmeðferð varð ágreiningur með málsaðiljum um skiptin vegna kröfu þeirrar, er sóknaraðili gerir í máli þessu, og var ákveðinn rekstur máls þessa til úrlausnar um ágreininginn og það fyrst tekið fyrir þann 6. janúar 1983.

III.

Af hálfu sóknaraðilja er á því byggt, að við upphaf óvígðrar sambúðar málsaðiljanna hafi hún átt íbúð að Skeiðarvogi 29 í Reykjavík. Skuldir hennar hafi samkvæmt framlögðu skattframtali verið í árslok 1977 kr. 23.154,00. Varnaraðili hafi á hinn bóginn verið eignalaus og staðið í skuld við Lífeyrissjóð togarasjómanna, sem þá var að eftirstöðvum kr. 9.000,00. Samkvæmt skattframtölum hafi engin breyting orðið á eignastöðu varnaraðilja, þar til málsaðiljar stofnuðu til hjúskapar og gerðu sameiginleg framtöl til skatts, að því undanskildu, að áðurnefnd skuld hafi lækkað vegna

greiðslna afborgana. Breytingar á stöðu eigna og skulda sóknaraðilja samkvæmt sömu gögnum hafi annars vegar orðið vegna fasteignaviðskipta hennar á árinu 1979 og hins vegar vegna afborgana af skuldum, sem ýmist hafi verið stofnað til fyrir eða á sambúðartíma aðiljanna. Sóknaraðili hafi einnig talið fram sér til eignar bifreiðar, sem í eigu hennar voru um lengri eða skemmri tíma. Sóknaraðili staðhæfir, að hún hafi ein staðið að greiðslu afborgana og vaxta af skuldum, sem á henni hvíldu við upphaf sambúðar aðiljanna, og hafi hún einnig ein greitt af þeim skuldbindingum, sem hún stofnaði til vegna kaupa á íbúðinni að Rauðalæk 21. Hefur sóknaraðili í þessu sambandi sérstaklega gert grein fyrir því, hvernig hún hafi hagað fjáröflun til kaupa síðastnefn ar eignar. Kveðst hún í fyrsta lagi hafa fengið fé til kaupanna við sölu fyrri fasteignar sinnar, í öðru lagi með lántöku hjá Stofnlánasjóði matvörukaupmanna og í þriðja lagi með greiðslum, sem hún hafi fengið í júlímánuði 1980, er hún lét af störfum hjá þáverandi vinnuveitanda sínum. Á tímabili hafi hún einnig fengið fé að láni hjá umræddum vinnuveitanda til þess að brúa bil milli þess, að hún greiddi afborgun vegna kaupa fasteignarinnar og fengi greiðslu vegna sölu fyrri eignar sinnar. Staðhæfir sóknaraðili, að engin framlög hafi komið frá varnaraðilja til fasteignaviðskiptanna eða til greiðslu annarra fjárskuldbindinga, hvorki á þeim tíma, er þau bjuggu í óvígðri sambúð, né á hjúskapartíma þeirra, að því einu undanteknu, að varnaraðili hafi lagt til kr. 5.000,00 til greiðslu afborgunar af skuld í aprílmánuði 1982. Telur sóknaraðili þannig nægilega sýnt fram á, að megineign félagsbús aðiljanna við skilnað þeirra, íbúðin að Rauðlæk 21, stafi að öllu leyti frá henni.

Þá er því haldið fram af sóknaraðilja, að fjárhagsleg samstaða hafi aldrei tekist með aðiljunum. Hafi hún tekið nær allar nauðsynjavörur út á reikning í matvöruverslun foreldra sinna og séu þær úttektir enn að mestu ógreiddar. Hafi hún einnig greitt nær allan annan rekstrarkostnað vegna heimilisins, t.d. orku- og símareikninga. Tekjur varnaraðilja hafi á hinn bóginn gengið að mestu til greiðslu barnsmeðlaga og opinberra gjalda hans svo og til áfengiskaupa og skemmtana hans. Fjárhagur aðiljanna hafi jafnframt að öllu leyti verið aðskilinn. Sóknaraðili kveður málsaðilja að vísu hafa staðið sameiginlega að bifreiðaviðskiptum, en að öðru leyti hafi sameiginlegar fjárfestingar þeirra verið engar.

Sóknaraðili vísar til þess, að hjúskapur aðiljanna hafi staðið skamma stund, eða frá júlímánuði 1980 þar til samvistarslit urðu að vori 1982, alls um 22 mánuði. Á því tímabili hafi hún 5 eða 6 sinnum orðið að flytja af heimili aðiljanna um nokkurra vikna skeið hverju sinni vegna drykkjuskapar og ofbeldis varnaraðilja.

Sóknaraðili telur með vísan til þess, er hér á undan getur, að fullnægt sé skilyrðum 57. gr. laga nr. 60/1972, til þess að kröfur hennar verði teknar

til greina. Eignir búsins stafi næstum að öllu leyti frá henni og helmingaskipti verði að teljast ósanngjörn, enda hafi fjárhagsleg samstaða ekki komist á, hjúskapur aðiljanna hafi staðið skamman tíma og stöðugleiki í honum verið lítill eða enginn. Hefur sóknaraðili sérstaklega vísað því á bug, að við mat á því, hvort skilyrðum 57. gr. laga nr. 60/1972 sé fullnægt í máli þessu, verði tekið tillit til samanlagðs tíma þess, er aðiljarnir bjuggu í óvígðri sambúð, og hjúskapartíma þeirra.

Sóknaraðili hefur gefið þá skýringu á kröfum sínum, að verði þær teknar til greina, muni hún taka að sér greiðslu veðskulda, sem á títtnefndri fasteign hvíla, og verði þær skiptum á félagsbúi aðiljanna óviðkomandi að öðru leyti en skuld við Eftirlaunasjóð Sláturfélags Suðurlands. Telur sóknaraðili skuld þá njóta þeirra sérstöðu, að varnaraðili hafi stofnað til hennar til þess að fjármagna bifreiðakaup, en að öðru leyti hafi lánsféð að mestu runnið til eigin þarfa varnaraðilja. Lántaka þessi hafi ekki staðið í neinum tengslum við greiðsluskuldbindingar vegna fasteignakaupa og því ekki rök til þess, að sóknaraðilja verði gert að taka ein að sér greiðslu skuldarinnar, verði málskröfur hennar teknar til greina að öðru leyti.

Af hálfu varnaraðilja er á því byggt, að 57. gr. laga nr. 60/1972 feli í sér þrönga undantekningarheimild frá meginreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 og skorti lagarök í máli þessu til slíkrar undantekningar.

Styður varnaraðili skoðun þessa í fyrsta lagi þeim rökum, að ekki sé fullnægt því skilyrði 57. gr. laga nr. 60/1972, að hjúskapur hafi staðið skamma stund. Sé eðlilegt að leggja við hjúskapartímann þann tíma, sem aðiljarnir bjuggu í óvígðri sambúð. Alls hafi tímabil þetta staðið yfir frá aprílmánuði 1977 til veitingar lögskilnaðarleyfis þann 3. desember 1982, en þar af hafi raunverulegur sambúðartími aðiljanna verið meiri en 5 ár. Þótt ekki yrði á skýringarkost þennan fallist, telur varnarðili, að við mat á sanngirni helmingaskipta á búinu verði að hafa hliðsjón af tímalengd hinnar óvígðu sambúðar fyrir hjúskaparstofnun. Auk þess vísar varnaraðili til þess, að hjúskapurinn hafi staðið nokkuð á þriðja ár, sem hann telur ekki skamman tíma í merkingu umræddds ákvæðis.

Í annan stað telur varnaraðili, að fjárhagsleg samstaða hafi tekist með málsaðiljum á sambúðartíma þeirra. Hafi hann til dæmis keypt efni og unnið að verulegum endurbótum á fasteignunum að Skeiðarvogi 29 og Rauðalæk 21. Jafnframt hafi báðir málsaðiljar lagt til fé til greiðslu afborgana og vaxta af skuldum vegna beggja fasteignanna. Varnaraðili hafi einnig staðið til jafns við sóknaraðilja að rekstri heimilis og framfærslu. Ennfremur hafi aðiljarnir eignast talsvert innbú og heimilistæki á sambúðartímanum með sameiginlegum framlögum þeirra og hafi þau staðið saman að bifreiðaviðskiptum.

Þá telur varnaraðili, að ef talið verður, að skilyrðum 57. gr. laga nr.

60/1972 sé fullnægt í máli þessu, hljóti að verða að takmarka kröfur sóknaraðilja við verðmæti íbúðar að Skeiðarvogi 29 við upphaf óvígðrar sambúðar aðiljanna eða þá á þann hátt, að þær geti aldrei orðið hærri en verðmæti íbúðar að Rauðalæk 21 í júlímánuði 1980.

Varnaraðili hefur alfarið vísað á bug staðhæfingum sóknaraðilja um drykkjuskap hans og ofbeldi svo og þeim staðhæfingum, að vinnutekjum hans hafi ekki verið varið til annars en skemmtana, að greiddum opinberum gjöldum og meðlögum, enda ljóst af framlögðum skattframtölum, að vinnutekjur hans hafi öll sambúðarárin verið verulega hærri en tekjur sóknaraðilja, og hafi þær runnið til sameiginlegra þarfa aðiljanna. Þá hefur varnaraðili andmælt frásögnum sóknaraðilja af því, hvernig ráðstafað hafi verið lánsfé frá Eftirlaunasjóði Sláturfélags Suðurlands, sem hann kveður hafa verið notað til greiðslu afborgana af skuldum, reikninga, endurbóta á fasteign og til sameiginlegrar neyslu aðiljanna.

Af hálfu sóknaraðilja hefur verið mótmælt, að varnaraðili hafi keypt nokkurt efni til endurbóta á fasteignum sóknaraðilja og að hann hafi unnið meira að eignunum en svo, að vinnan gæti talist venjulegt viðhald eignanna. Þá hefur sóknaraðili mótmælt staðhæfingum varnaraðilja um að málsaðiljarnir hafi staðið sameiginlega að kaupum innbúsmuna eða heimilstækja á sambúðartíma þeirra.

IV.

Eins og fram hefur komið hér á undan, er það úrlausnarefni þessa máls, hvort fullnægt sé skilyrðum 57. gr. laga nr. 60/1972 til þess, að við skipti á félagsbúi málsaðiljanna verði vikið frá meginreglu 2. mgr. 18. gr. laga nr. 20/1923 á þann hátt, að kröfur sóknaraðilja verði teknar til greina. Skilyrði 57. gr. laga nr. 60/1972 til slíks eru þau annars vegar, að eigur bús stafi að mestu eða öllu leyti frá öðru hjóna, sem flutt hefur þær í búið með þeim hætti, sem greinir í 27. gr. laganna, og hins vegar, að helmingaskipti þeirra eigna teljist bersýnilega ósanngjörn. Við mat á því, hvort helmingaskipti teljist bersýnilega ósanngjörn, er greint í 57. gr. laganna, að einkum skuli líta til þess, hvort hjúskapur hafi verið skammvinnur og hvort myndast hafi veruleg fjárhagsleg samstaða með hjónunum. Sé þessum skilyrðum fullnægt, er heimilt að kröfu þess hjóna, er flutti eignirnar í búið, að kveða svo á, að skipta skuli búinu samkvæmt meginreglu 27. gr. laganna að nokkru eða öllu leyti. Verður nú metið, hvort í málinu sé fullnægt einstökum þessum skilyrðum.

Hið fyrra meginskilyrði 57. gr. laga nr. 60/1972 er sem fyrr segir það, að eigur bús stafi að mestu frá öðru hjónanna, sem flutt hefur þær í búið með þeim hætti, er segir í 27. gr. laganna. Í greinargerð með 57. gr. frumvarps þess, er varð að lögum nr. 60/1972, kemur fram, að ákvæðið eigi

ekki við, ef ekki er verulegur munur á þeim eignum, sem hvort hjónanna flytur í búið. Skuli miða við þær eigur, sem hvort hjóna flytur með sér við stofnun hjúskapar, og verðmæti, sem síðar flytjast í búið, með einhverjum þeim hætti, sem greinir í 27. gr. laganna. Það orðalag 57. gr. laganna, þar sem segir, að annað hjóna hafi flutt eign í bú, þykir samkvæmt framangreindu að verða að skýra á þá leið, að þar sé átt við eignir, sem renna til félagsbús við hjúskaparstofnun, en ekki eignir, sem til staðar eru við upptöku óvígðrar sambúðar, sé hún undanfari hjúskapar. Á sú skýring einnig stoð í því, að ekki hefur verið talið, að með aðiljum óvígðrar sambúðar stofnist félagsbú í þeirri merkingu, sem hér um ræðir.

Áður hefur verið rakið, að við upphaf óvígðrar sambúðar málsaðiljanna átti sóknaraðili íbúð að Skeiðarvogi 29, er síðar var seld, og keypt íbúð að Rauðalæk 21 í hennar stað, meðan málsaðiljar voru enn í óvígðri sambúð. Hefur sóknaraðili staðhæft, að hún hafi ein staðið að greiðslum vegna fasteignaviðskipta þessara og að hún hafi ein greitt afborganir af skuldum vegna þeirra. Varnaraðili hefur hins vegar staðhæft að hann hafi lagt fé til að standa við fjárskuldbindingar þessar og að hann hafi aukið verðgildi beggja íbúða með endurbótum, áður en málsaðiljarnir gengu í hjúskap. Við mat á því, hvort varnaraðili geti talist á þeim tíma, er aðiljarnir bjuggu í óvígðri sambúð, hafa eignast hlutdeild í íbúðinni að Rauðalæk 21 vegna framlaga sinna, þykir verða að telja varnaraðilja eiga að bera sönnunarbyrði fyrir því, að hann hafi látið slík framlög af hendi. Í máli þessu hefur varnaraðili ekki stutt fullyrðingar sínar um slík framlög neinum sönnum. Þykir því verða að leggja til grundvallar í málinu, að við stofnun hjúskapar málsaðiljanna hafi íbúðin að Rauðalæk 21 verið að öllu leyti eign sóknaraðilja og að hún hafi þannig fært þá eign í búið á þann hátt, er 57. gr. laga nr. 60/1972 áskilur. Með því að aðrar eignir, sem málsaðiljar færðu í búið við stofnun hjúskapar, virðast hafa verið óverulegar, verður jafnframt að telja fullnægt því skilyrði ákvæðisins, að eignir félagsbúsins stafi að mestu frá sóknaraðilja.

Við mat á því, hvort helmingaskipti teljist bersýnilega ósanngjörn, ber samkvæmt 57. gr. laga nr. 60/1972 einkum að líta til þess, hvort hjúskapur hafi verið skammvinnur og hvort hann hafi leitt til verulegrar fjárhagslegrar samstöðu.

Aðiljar máls þessa gengu í hjúskap þann 26. júlí 1980, en fengu leyfi til lögskilnaðar þann 3. desember 1982. Er óumdeilt í málinu, að aðiljarnir hafi slitið samvistum um vorið 1982, en þar áður hafi sóknaraðili flust af heimilinu ein 5 eða 6 skipti um nokkurra vikna skeið hverju sinni. Af hálfu varnaraðilja hefur því verið haldið fram, að við mat á þessu skilyrði 57. gr. laga nr. 69/1972 beri að taka tillit til þess, að málsaðiljar hafi búið í óvígðri sambúð frá árinu 1977 fram til stofnunar hjúskapar. Ekki þykir

unnt að fallast á þessi sjónarmið varnaraðilja. Í ákvæði því, sem hér um ræðir, er beinlínis tekið þannig til orða, að hjúskapur hafi staðið skamma stund og, þykir verða að ályktа, að orðalag þetta gefi ekki tilefni til þess að taka tillit til sambúðar utan hins eiginlega hjúskapartíma, enda verður að ætla, að slíkt hefði komið skýrt fram, ef það hefði verið ætlan löggjafans. Samkvæmt þessu og með hliðsjón af skýringu þessa ákvæðis í fyrri dómsúrlausnum og af greinargerð, er fylgdi frumvarpi því, er varð að lögum nr. 60/1972, verður að fallast á það með sóknaraðilja, að hjúskapur málsaðiljanna hafi verið skammvinnur í merkingu 57. gr. laga nr. 60/1972.

Við úrlausn þess, hvort veruleg fjárhagsleg samstaða hafi verið með málsaðiljunum í hjúskap þeirra, þykir verða að líta til þess, að aðiljarnir virðast ekki hafa staðið saman að eignamyndun eða aukningu á verðgildi fasteignar, sem sóknaraðili færði í búið, enda hefur varnaraðili ekki stutt gögnum þær staðhæfingar, að hann hafi lagt til vinnu og efni til verðmætisauka á fasteign umfram það, sem sóknaraðili hefur viðurkennt í málinu. Þá hefur varnaraðili heldur ekki hnekkt því sérstaklega, að sóknaraðili hafi aflað að mestu nauðsynjavara til heimilishalds með reikningsúttekt, sem enn er sögð ógreidd. Að þessu virtu og öðru því, er fram hefur komið í málinu um fjárhag málsaðilja, þykir verða að fallast á það með sóknaraðilja, að veruleg fjárhagsleg samstaða hafi ekki tekist með málsaðiljum.

Ef metið er að öðru leyti, hvort helmingaskipti á félagsbúi málsaðilja teljist bersýnilega ósanngjörn, þykir einnig verða að hafa hliðsjón af þeirri röskun á högum sóknaraðilja, sem hlytist af helmingaskiptum, þar sem fram hefur komið, að hún hafi forræði sameiginlegs barns aðiljanna.

Að virtu framangreindu verður að telja, að fullnægt sé þeim skilyrðum 57. gr. laga nr. 60/1972, er leiða til þess, að helmingaskipti á félagsbúi aðilja máls þessa teljist bersýnilega ósanngjörn.

Að fullnægðum þeim skilyrðum, sem hér á undan hefur verið fjallað um, er unnt að kveða svo á samkvæmt 57. gr. laga nr. 60/1972, að kröfu þess hjóna, sem eignir félagsbús stafa að mestu frá, að skipta skuli búinu að nokkru eða öllu að hætti 27. gr. laganna. Af hálfu varnaraðilja hefur því verið haldið fram, að ef komist yrði að þeirri niðurstöðu í málinu, að fullnægt væri skilyrðum 57. gr. laganna, þá geti sóknaraðili ekki tekið meira utan helmingaskipta en sem svarar verðmæti íbúðar að Skeiðarvogi 29 við upphaf sambúðar málsaðilja, en til vara sem svarar verðmæti íbúðar að Rauðalæk 21 við stofnun hjúskapar málsaðiljanna. Um það sjónarmið varnaraðilja verður annars vegar að líta til þess, að íbúð að Skeiðarvogi 29 var seld fyrir stofnun hjúskapar málsaðilja og rann því ekki til félagsbús þeirra, og þykir þegar af þeirri ástæðu verða að hafna því. Hins vegar hefur ekki komið fram í málinu, hvort raungildi íbúðarinnar að Rauðalæk 21 hafi aukist frá stofnun hjúskapar málsaðiljanna, enda engin gagnaöflun

farið fram þar að lútandi, og þykir einnig ótæk sú niðurstaða að miða einungis við upphaflegt kaupverð eignarinnar án tillits til síðari verðlagsbreytinga. Samkvæmt þessu verður því að fallast á þá kröfu sóknaraðilja, að hún taki að óskiptu úr félagsbúi málsaðilja íbúð á jarðhæð fasteignarinnar að Rauðalæk 21. Í kröfugerð sinni hefur sóknaraðili skuldbundið sig til að taka ein að sér greiðslu veðskulda, er á umræddri fasteign hvíla, annarra en veðskuldar við Eftirlaunasjóð Sláturfélags Suðurlands verði krafa hennar um, að hún fái fasteignina í sinn hlut utan skipta, tekin til greina. Með vísan til þeirra röksemda, sem sóknaraðili hefur fært fyrir því, að veðskuldin við umræddan sjóð verði undanskilin greindri skuldbindingu hennar, þykir mega á það fallast, að veðskuld sú skuli hvíla á félagsbúi málsaðiljanna, en aðrar áhvílandi veðskuldir á eigninni verði búskiptunum óviðkomandi.

Niðurstaða máls þessa verður því sú, að kröfur sóknaraðilja verða teknar til greina. Þykir þó rétt með vísan til 178. gr. laga nr. 85/1936, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Markús Sigurbjörnsson, fulltrúi yfirborgarfógeta kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Við skipti á félagsbúi aðilja máls þessa vegna hjónaskilnaðar kemur íbúð á jarðhæð fasteignarinnar að Rauðalæk 21, Reykjavík, í hlut sóknaraðilja, Sigríðar Einarsdóttur, utan skipta gegn því, að hún taki að sér greiðslu veðskulda, er á eigninni hvíla, annarra en við Eftirlaunasjóð Sláturfélags Suðurlands, upphaflega að fjárhæð kr. 15.000,00, sem tryggð er með 3. veðrétti í eigninni samkvæmt veðskuldabréfi útgefnu 15. desember 1980.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 21. mars 1985.

Nr. 114/1983. **Þorgeir Þorgeirsson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Ríkisútvarpinu
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Höfundaréttur. Fyrning. Réttarfarsneitun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 24. maí s.á. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 144.686,00 krónur með dómvöxtum frá 14. janúar 1982 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðherra, dags. 15. febrúar 1983, ekki 1982, eins og misritast hefur í leyfinu.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt vottorð tveggja manna um það, hvenær hann hafi hafist handa um kröfugerð á hendur stefnda. Stefndi hefur mótmælt vottorðum þessum sem óstaðfestum utanréttarvottorðum og sem of seint fram komnum í málinu.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms svo og til yfirlýsingar Gests Þorgrímssonar og Ragnars Þorgrímssonar, framkvæmdastjóra og stjórnarformanns Geysismynda h/f, sem frammi liggur í málinu, ber að staðfesta þá úrlausn dómsins, að ósannað sé, að Geysismyndir h/f eigi höfundarétt, sem áfrýjandi telur til vegna gerðar kvikmyndarinnar „Meðferð gúmmíbjörgunarbáta". Einnig er ósannað, að áfrýjandi hafi afsalað sér nokkrum höfundarétti vegna kvikmyndarinnar til Alþýðuleikhússins eða framselt því fjárkröfu þá, er hann hefur uppi í máli þessu á hendur stefnda. Viðurkennt er, að stefndi sýndi kvikmyndina 12 sinnum í sjónvarpi.

Á áfrýjandi rétt á því að fá úr því skorið í dómsmáli, hvort með því hafi verið brotinn höfundarréttur hans. Verður sýknukrafa stefnda ekki tekin til greina af þeim sökum, að málsaðild sé röng.

Eins og réttilega greinir í héraðsdómi, er upplýst og óumdeilt í málinu, að með samningi áfrýjanda og Geysismynda h/f hafi Skipaskoðun ríkisins „eignast rétt til að sýna kvikmyndina án endurgjalds í kvikmyndahúsum, skólum, á námskeiðum og fundum, þar sem ekki var seldur aðgangur."

Gegn eindregnum mótmælum áfrýjanda þykir ekki sannað, að frekari afnot myndarinnar hafi verið heimiluð, þar á meðal flutningur í sjónvarpi. Brast því stefnda heimild til sýninga á henni án endurgjalds, enda verður að telja, að sjónvarpsstöð stefnda sé stofnun viðskiptalegs (commercial) eðlis. Samkvæmt þessari niðurstöðu ber áfrýjanda réttur til bóta samkvæmt 56. gr. laga nr. 73/1972.

Eigi verður á það fallist, að áfrýjandi hafi fyrirgert rétti sínum sakir tómlætis. Hins vegar er hluti af kröfu hans fyrndur. Héraðsdómsstefna var birt 30/12 1981. Af þeim 12 sýningum kvikmyndarinnar, sem að framan getur, áttu fjórar sér stað á tímabilinu 26/12 1966 — 4/1 1971. Hinar fóru fram á tímabilinu 1/4 1973 — 16/1 1979. Með vísan til 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905 eru bætur vegna fjögurra fyrstu sýninganna niður fallnar vegna fyrningar.

Áfrýjandi byggir kröfu sína á samningi stefnda og Félags kvikmyndagerðarmanna, dagsettum 25. febrúar 1980. Samningur þessi þykir ekki eiga við um atvik máls þessa, sem áttu sér stað alllöngu fyrir gildistöku hans. Verður því að meta bætur til áfrýjanda eftir álitum. Þegar virt er framlag hans við gerð kvikmyndarinnar og annað, sem máli skiptir í því sambandi, þykja bætur til hans hæfilega ákveðnar 50.000,00 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum frá 14. janúar 1982 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms skal vera óraskað.

Stefndi greiði 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, 25.000,00 krónur.

Athugavert er, að í málinu hafa verið lögð fram skjöl og teknar skýrslur fyrir dómi, sem í raun hafa að geyma málflutning.

Dómsorð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, greiði áfrýjanda, Þorgeiri Þorgeirssyni, 50.000,00 krónur ásamt hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá 14. janúar 1982 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms er staðfest.

Stefndi greiði 35.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns áfrýjanda, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Halldórs Þorbjörnssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómenda um, að sýknukrafa stefnda verði ekki tekin til greina að því leyti sem hún er sérstaklega á því reist, að málsaðild sé röng.

Áfrýjandi hefur viðurkennt, að hann hafi afsalað til skipaskoðunarstjóra (Skipaskoðunar ríkisins) þeim þætti höfundaréttar vegna kvikmyndarinnar „Meðferð gúmmíbjörgunarbáta", sem hann nefnir „non-commerical" dreifingarrétt, en hann telur, að eftir sem áður eigi hann hinn svonefnda „commercial" dreifingarrétt. Nánar hefur áfrýjandi skýrt þetta svo, að „commercial" réttur, sá sem afsalið hafi ekki tekið til, sé „réttur til að dreifa verkinu í hagnaðarskyni til borgandi aðila, svo sem sjónvarps og myndbandaleigu."

Þegar umrædd kvikmynd var gerð, var sjónvarpsrekstur ekki hafinn og myndbandaleiga óþekkt hér á landi. Hefur það því líkur gegn sér, að sérstök afstaða hafi verið tekin til dreifingar myndarinnar með slíkum hætti í samningum Geysismynda h/f eða áfrýjanda við skipaskoðunarstjóra. Viðurkennt er af áfrýjanda, að Skipaskoðunin öðlaðist m.a. rétt til að láta sýna myndina í kvikmyndahúsum, þótt þar væri seldur aðgangur, ef ekki var tekinn aðgangseyrir til viðbótar því, sem venjulegt var, vegna sýningar myndarinnar sem aukamyndar. Áfrýjanda, sem var einn forráða-

manna Geysismynda h/f, er tóku að sér gerð myndarinnar, hlaut að vera ljóst, að skipaskoðunarstjóri lét gera kvikmyndina til víðtækrar dreifingar með hverjum þeim hætti, sem hentastur þætti og líklegastur til almennrar kynningar á því efni, sem hún fjallaði um, og án þess að gert væri ráð fyrir, að gjald kæmi fyrir þær sýningar.

Sýning kvikmyndarinnar í sjónvarpi var að frumkvæði og eftir tilmælum skipaskoðunarstjóra, síðar Siglingamálastofnunar ríkisins, án gjaldtöku og í þeim tilgangi, sem að var stefnt með gerð kvikmyndarinnar. Verður að telja, að með sýningu myndarinnar á þennan hátt hafi Skipaskoðunin, síðar Siglingamálastofnunin, ekki farið út fyrir takmörk þess réttar, sem óumdeilt er, að stofnun þessi hafði öðlast til sýningar myndarinnar, án þess að gjald kæmi fyrir. Styður það og þennan skilning, að áfrýjandi hófst ekki handa, svo að sannað sé, með fjárkröfur sínar vegna sýningar kvikmyndarinnar í sjónvarpi fyrr en á árinu 1978. Hafði myndin þá verið sýnd 10 sinnum í sjónvarpi og meira en 11 ár voru liðin frá fyrstu sýningu. Samkvæmt þessu verður að telja, að stefndi hafi sýnt kvikmyndina með heimild frá þeim aðilja, sem til þess var bær að leyfa sýningu hennar með framangreindum hætti. Teljum við því, að staðfesta verði hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur.

Við föllumst á atkvæði meiri hluta dómenda um gjafsóknarkostnað og á athugasemdir þeirra um málsmeðferð.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. janúar 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 19. nóvember 1982, endurupptekið vegna forfalla dómarans frá störfum vegna meiðsla í desember, flutt og dómtekið á ný 5. þ.m., er höfðað hér í þinginu með stefnu, birtri 30. desember 1981, af Þorgeiri Þorgeirssyni, Bókhlöðustíg 6 B, Reykjavík, gegn Andrési Björnssyni útvarpsstjóra f.h. ríkisútvarpsins, Skúlagötu 4, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi greiði honum höfundarlaun samtals að fjárhæð kr. 144.686,00 með dómvöxtum frá 14. janúar 1982 til greiðsludags og málskostnað alls, þar með talin málflutningslaun skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í., eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en stefnanda var veitt gjafsókn fyrir „undirrétti" í máli þessu með bréfi dómsmálaráðherra 6. október 1982.

Dómkröfur stefnda eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar.

Sáttatilraunir báru ekki árangur.

Stefnandi hefur höfðað mál þetta til greiðslu höfundarlauna fyrir sýningar í sjónvarpi stefnda á kvikmyndinni „Meðferð gúmmíbjörgunarbáta", sem Geysismyndir h.f. gerðu árið 1964 fyrir Skipaskoðun ríkisins. Myndin var sýnd í sjónvarpi Ríkisútvarpsins tólf sinnum, fyrst í desember 1966, en síðast í janúar 1979, og krefur stefnandi stefnda um greiðslur fyrir allar sýningarnar, sem hann telur heimildarlausar og óleyfilegar. Stefnandi hefur í málinu lagt fram á dskj. nr. 4 kröfubréf og reikning til menntamálaráðuneytis, dags. 5. janúar 1978, vegna höfundarréttar á kvikmyndinni og á dskj. nr. 11 kröfubréf til formanns útvarpsráðs, dags. 3. janúar 1979. Stefndi hafnaði greiðslum, og var mál þetta því höfðað.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að hann sé höfundur kvikmyndarinnar „Meðferð gúmmíbjörgunarbáta", sem hlutafélagið Geysismyndir hafi gert fyrir Skipaskoðun ríkisins. Þáverandi skipaskoðunarstjóri, Hjálmar R. Bárðarson, núverandi siglingamálastjóri, hafi leitað til hlutafélagsins um gerð myndarinnar, en stefnandi var þá í stjórn félagsins ásamt Gesti Þorgrímssyni, sem var framkvæmdastjóri, og Ragnari Þorgrímssyni, sem var formaður stjórnar. Stefnandi hafi samið kostnaðaráætlun fyrir væntanlega kvikmynd, dags. 2. júní 1964. Kostnaðaráætlunin sé í 11 liðum: Þar sé filma, framköllun, vinnukópía, klipping, negatíva, efni til tónsetningar og þjónustu við hana, ýmis annar kostnaður í laboratóri, laun fyrir stjórn og klippingu, aðstoðarmaður, tökuvél í 10 daga, klippiverkstæði í 80 klst, og ýmis kostnaður við tökuna, fragt o.fl., samtals kr. 112.000,00. Auk þessa 10% þjónustugjald til félagsins og 6,5% söluskattur, alls kr. 131.200,00.

Tekið hafi verið fram eftirfarandi:

„Verkinu verði skilað fullunnu á komandi hausti. Það er unnið fyrir Skipaskoðun ríkisins, sem greiðir reikninga fyrir einstaka liði verksins eftir því sem þeir berast. Kostnaðaráætlun þessi er ekki bindandi, en Geysismyndir skuldbinda sig til að spara svo sem unnt er við framkvæmd verksins hvaðeina, sem ekki skaði gæði þess. Verkið er eign Skipaskoðunar ríkisins jafnóðum og það er unnið."

Síðan hafi skriflegur samningur verið gerður milli Skipaskoðunar og Geysismynda, en sá samningur hafi ekki fundist til þess að leggja fram í máli þessu, en hann hafi veri sambærilegur við samninga, sem félagið hafi á þessum tíma gert við aðra aðilja um gerð kvikmynda, og fjallað um gerð myndarinnar og hvernig greiðslur færu fram og um réttindi yfir myndinni.

Stefnandi hafi verið fenginn til þess að gera handrit að myndinni, annast myndatöku, klippingu og tónsetningu. Hann sé því höfundur myndarinnar og stjórnandi og jafnframt framleiðandi. Um það hafi verið samið, að Skipaskoðunin, sem greitt hafi útlagðan kostnað við gerð myndarinnar, yrði eigandi að negatívu hennar og fengi þann rétt yfir verkinu, sem ekki væri viðskiptalegur („non-commercial"), þ.e. rétt til að sýna verkið án gjaldtöku í kvikmyndahúsum, á fundum, í skólum, á námskeiðum og samkomum, þar sem ekki væri seldur aðgangur. Stefnandi hafi því ekki afsalað höfundarétti sínum yfir verkinu í hendur neinum aðilja að undanskildum „non-commercial" réttinum. „Commercial-réttinum" hafi stefnandi haldið sjálfur, enda talið rétt að hætta á, að hann fengi tekjur fyrir vinnu sína af þeirri þóknun, sem greidd yrði fyrir sýningar myndarinnar á öðrum sviðum en þeim, sem réttur Skipaskoðunar ríkisins hafi náð til. Sjónvarpið hafi tekið til starfa árið 1966 og hafi það sýnt myndina árlega um árabil og jafnan kynnt stefnanda sem höfund myndarinnar. Stefnandi hafi krafið forsvarsmenn stefnda ítrekað um greiðslur, en þeim hafi verið hafnað. Þó hafi greiðsluskyldu stefnda gagnvart stefnanda ekki verið formlega hafnað fyrr en á árinu 1979.

Stefnandi kveðst hafa dregið að höfða mál þetta til greiðslu þókunar sinnar annars vegar í þeirri von, að málið yrði leyst með samkomulagi, og hins vegar vegna þess, að hann hafi talið, að opinberar deilur fyrir dómstólum gætu kastað rýrð á myndina, sem ætlað sé að bjarga mannslífum, og gæti slíkt hafa orðið einhverjum að fjörtjóni. Svo virðist sem afstaða stefnda hafi byggst á því, að stefnandi hafi sjálfur ekki sýnt fram á, að eignarheimild að höfundarétti yfir myndinni og að fyrst þurfi að liggja fyrir dómsúrskurður um höfundarétt, áður en samið sé um greiðslur fyrir sýningar á henni. Stefnandi bendi því á, að sá, sem haldi því fram, að höfundaréttur að verki tiltekins manns sé ekki eign hans, heldur einhvers annars, hafi sönnunarbyrði fyrir slíkri staðhæfingu.

Stefnandi byggi á því, að þar sem hann hafi ekki afsalað sér höfundarétti á verki sínu að því er varði sýningar í sjónvarpi, þá eigi hann kröfu á hendur stefnda fyrir óleyfilegar sýningar í sjónvarpi og byggist aðild stefnda á 41. gr. 1. mgr. höfundalaga. Stefnanda sé óviðkomandi samningur stefnda og Skipaskoðunar ríkisins um sýningar, enda hafi það verið hlutverk stefnda að ganga úr skugga um það, hver væri höfundur og stjórnandi verksins og þá hvort sá aðili hefði afsalað sér sjónvarpsrétti eða öðrum slíkum rétti í hendur Skipaskoðunar ríkisins eða annarra.

Stefnandi tekur sérstaklega fram, að kröfur hans séu ekki að neinu leyti fyrndar. Hann hafi haft uppi kröfur á hendur stefnda þegar er ljóst var, að greiðslur kæmu ekki af sjálfsdáðum til hans eftir sýningar myndarinnar. Starfsemi stefnda hafi verið samfelld, en til vara sé byggt á 10 ára fyrning-

arfresti skv. 2. tl. 4. gr. laga nr. 14/1905. Fjárhæð dómkröfunnar sé byggð á lágmarksmínútugjaldi í samningi stefnda við Félag kvikmyndagerðarmanna á verðlagi í október, nóvember og desember 1981. Myndin sé 11 mínútur og 40 sekúndur á lengd og sé stefndi krafinn um hálft gjald fyrir tólf heimildarlausar sýningar, en stefndi hafi í máli þessu staðfest þennan fjölda sýninga.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi tekur fram um málavexti, að kvikmyndin hafi verið tekin til sýninga í sjónvarpi að beiðni Skipaskoðunar ríkisins (síðar Siglingamálastofnunar ríkisins) án þess að nokkurt endurgjald væri fyrir það greitt. Siglingamálastjóri (áður skipaskoðunarstjóri) hafi hvað eftir annað lýst því yfir við stefnda, að stofnun hans væri eigandi kvikmyndarinnar og hefði óskoraðan rétt til þess að sýna myndina opinberlega, þ. á m. í sjónvarpi, og að enginn fyrirvari hafi verið gerður um yfirráðarétt Skipaskoðunarstofnunar yfir myndinni, þegar samið hafi verið um gerð hennar. Siglingamálastjóri hafi sjálfur samið kvikmyndahandrit að myndinni og taltexta með henni. Sérstakur skriflegur samningur um gerð kvikmyndarinnar hafi ekki verið gerður, heldur hafi verið samið munnlega á grundvelli dskj. nr. 20, kostnaðaráætlunar stefnanda. Hlutverk stefnanda við myndina hafi verið kvikmyndataka svo og klipping myndarinnar. En stjórn hennar, sé unnt að tala um eiginlega kvikmyndastjórn í þessu tilviki, hafi verið í höndum þeirra beggja, skipaskoðunarstjóra og stefnanda.

Stefndi byggi sýknukröfu sína á þessum lagarökum:

Í fyrsta lagi bendi stefndi á, að vafi leiki á því, hver hafi verið hlutur stefnanda og hver hlutur Geysismynda h.f. við gerð kvikmyndarinnar. Greiðsla fyrir verkið hafi verið innt af hendi til Geysismynda h.f. og stefnandi hafi unnið að myndinni sem starfsmaður þess félags. Geysismyndir eigi því sakaraðild að máli þessu, en ekki stefnandi. Sé því þegar af þessari ástæðu krafist sýknu vegna aðildarskorts skv. 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936.

Í öðru lagi, að stefndi hafi tekið kvikmyndina til sýninga að beiðni Skipaskoðunar ríkisins og hafi ekki komið endurgjald fyrir á hvorugan veginn. Þetta hafi stefndi gert öðrum þræði vegna þess, að í 3. gr. gildandi útvarpslaga nr. 19/1971 segi, að Ríkisútvarpið skuli veita fræðslu í einstökum greinum, þar á meðal umferðar- og slysavarnamálum. Kvikmyndin hafi verið gerð gagngert í því skyni að kenna mönnum meðferð gúmmíbjörgunarbáta og þetta sé slysavarnamynd. Skipaskoðunarstjóri hafi lýst því yfir við forsvarsmenn stefnda, að stofnun sín ætti óskoraðan rétt yfir myndinni, og hafi stefndi ekki haft neina ástæðu til þess að efast um það. Enda hafi enginn, hvorki stefnandi né aðrir, krafist greiðslu úr hendi stefnda vegna

sýninga á myndinni í sjónvarpinu fyrr en liðin hafi verið rúm ellefu ár frá því myndin var fyrst sýnd í sjónvarpinu. Telji stefnandi sig eiga kröfu á hendur einhverjum aðilja vegna sýninga á kvikmyndinni, verði hann að snúa sér til síns upphaflega viðsemjanda og sé hér því um aðildarskort að ræða.

Verði ekki fallist á sýknu vegna aðildarskorts, sé í þriðja lagi krafist sýknu vegna þess, að stefnandi eigi ekki rétt til sérstakra greiðslna vegna sýningar kvikmyndarinnar í sjónvarpi. Stefnandi haldi því sjálfur fram, að óumdeilt sé í málinu, að Skipaskoðun ríkisins hafi greitt sér sem höfundi kvikmyndarinnar „fyrir sýningarrétt í bíóhúsum, skólum, námskeiðum og fundum þar sem ekki er seldur aðgangur", og Skipaskoðunin hafi þar með eignast það, sem stefnandi kallar „vanalegan non-commercial" rétt yfir kvikmyndinni. Þegar þessi greiðsla hafi verið innt af hendi, hafi íslenska sjónvarpið ekki verið tekið til starfa. Í ljósi þessa sé ekki unnt að túlka þennan samning milli stefnanda og Skipaskoðunar ríkisins öðruvísi en svo, að réttur Skipaskoðunar taki jafnt til sýninga í sjónvarpi sem annars staðar, séu sýningarnar án endurgjalds. Upplýst sé, eins og áður sé á bent, að engar greiðslur hafi verið inntar af hendi af stefnda til Skipaskoðunarinnar fyrir sýningu kvikmyndarinnar. Þótt afnotagjöld séu greidd til stefnda af eigendum sjónvarpstækja, renni þau ekki til Skipaskoðunar ríkisins (nú Siglingamálstofnunar). Einnig sé upplýst, að kvikmyndin hafi verið sýnd sem aukamynd á almennum kvikmyndasýningum í kvikmyndahúsum, án þess að sérstakt gjald hafi verið greitt fyrir, og að slíkar sýningar hafi falist í „non-commercial" rétti eiganda myndarinnar, Skipaskoðunarinnar. Sýning myndarinnar í sjónvarpi án endurgjalds sé sambærileg við slíka sýningu í kvikmyndahúsi án endurgjalds og hljóti því að felast í „non-commercial" rétti á sama hátt. Þannig sé sýnt, að Skipaskoðunin hafi með samningi við stefnanda haft rétt á að sýna kvikmyndina í sjónvarpi, ef það var án endurgjalds, og leiði þetta eitt sjálfkrafa til sýknu stefnda í máli þessu.

Þegar litið sé til ákvæða höfundalaga nr. 73/1972 um framsal höfundaréttar, gildi sú regla um kvikmyndaverk skv. 1. mgr. 41. gr. laganna, að framsal nái jafnan til eintakagerðar, útbreiðslu, opinberrar sýningar, hvers konar dreifingar til almennings um þráð eða þráðlaust og annarrar notkunar verksins, nema sannað sé, að um annað hafi verið samið. Stefnanda hafi ekki tekist að sanna, að hann hafi bundið framsal sitt til Skipaskoðunar einhverjum takmörkunum. Í 2. mgr. 41. gr. sé gerð undantekning frá aðalreglunni í 1. mgr. að því er taki til tónverks, kvikmyndahandrits, samtalstexta og framlags leikstjóra. Stefndi haldi því fram, að vinna stefnanda við kvikmyndina geti ekki fallið undir neitt af þessu. Hjálmar R. Bárðarson skipaskoðunarstjóri hafi samið bæði handrit að kvikmyndinni og texta

þann, sem hann hafi síðar lesið inn á myndina, og hann hafi stjórnað töku myndarinnar ásamt stefnanda, sem annast hafi tæknilega útfærslu af handriti skipaskoðunarstjóra og hina tæknilegu hlið myndatökunnar. Stefndi haldi því fram, að stefnandi hafi þannig ekki samið handrit að kvikmyndinni og ekki sé heldur unnt að líta á hlutverk hans sem framlag aðalleikstjóra í skilningi 2. mgr. 41. gr. höfundalaga. Stefnandi geti því ekki byggt kröfu sína á 2. mgr. 41. gr. og beri að sýkna stefnda af þeirri ástæðu, verði ekki fallist á þær málsástæður aðrar, sem raktar hafi verið.

Stefndi bendir á tómlæti stefnanda máli sínu til stuðnings. Upplýst sé, að kvikmyndin hafi fyrst verið sýnd í sjónvarpi hinn 26. desember 1966 og síðan níu sinnum til viðbótar, áður en stefnandi hafi gert reka að kröfu sinni um greiðslu fyrir sýningu myndarinnar hinn 5. janúar 1978 í bréfi til menntamálaráðherra. Stefnandi hafi allan þennan tíma mæta vel vitað af sýningum þessum án þess að aðhafast. Stefndi krefst þess, að þetta tómlæti stefnanda leiði eitt sér til sýknu, en bendir auk þess á, að tómlætið renni stoðum undir þá skoðun, að stefnandi hafi ekki litið á sig sem höfund kvikmyndarinnar. Í höfundarétti hafi tómlætið mikla þýðingu, þar sem höfundaréttur sé einkaréttur og menn verði sjálfir að halda honum fram, allur tími í slíkum málum komi þeim í óhag, sem halda vilji fram höfundarétti.

Verði ekki fallist á sýknukröfu, sé varakrafa gerð um lækkun, bæði vegna fyrningar á þeim hluta krafna, sem lúti að sýningu kvikmyndarinnar fyrir 30. desember 1977, þ.e. níu af tólf, með vísan til 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Einnig sé reiknigrundvelli þeim, sem stefnukröfur séu byggðar á, mótmælt sem röngum.

Niðurstaða.

1. Um aðild. Stefnandi, Þorgeir Þorgeirsson, var félagi í Geysismyndum h.f., þegar til hans var leitað um gerð kennslumyndar um meðferð gúmmíbjörgunarbáta af hálfu Skipaskoðunar ríkisins árið 1984. Af hálfu hlutafélagsins annaðist stefnandi að öllu leyti þau störf, sem unnin voru við gerð kvikmyndarinnar. Greiðsla fyrir verkið var innt af hendi til hlutafélagsins Geysismynda. Þar sem verklegt framlag hlutafélagsins til kvikmyndarinnar var í höndum stefnanda, og þar sem hvorki er í ljós leitt, að hlutafélagið hafi sérstaklega áskilið sér höfundarétt að verkinu né að stefnandi hafi afsalað hlutafélaginu höfundarétti sínum, verður að telja stefnanda réttan aðilja að máli þessu.

Stefnandi beinir kröfum sínum að stefnda Ríkisútvarpinu vegna sýninga kvikmyndarinnar í sjónvarpi þess. Hann telur sýningar þessar hafa verið heimildarlausar og að stefndi eigi að greiða fyrir þær. Telja verður, að slík-

um kröfum sé réttilega beint að stefnda. Verða kröfur stefnda um sýknu vegna aðildarskorts því ekki teknar til greina.

2. Gegn andmælum stefnda er ósannað, að stefnandi hafi sérstaklega áskilið sér rétt yfir sýningu kvikmyndarinnar í sjónvarpi.

Upplýst er og óumdeilt í málinu, að með samningi sínum við stefnanda og Geysismyndir h.f. hafi Skipaskoðun ríkisins eignast rétt til að sýna kvikmyndina án endurgjalds í kvikmyndahúsum, skólum, á námskeiðum og fundum, þar sem ekki var seldur aðgangur. Rétt þennan hefur stefnandi nefnt „venjulegan non-commercial rétt" og til samanburðar skýrt „commercial" rétt sem rétt til að „dreifa verkinu í hagnaðarskyni til borgandi aðila, svo sem sjónvarps og myndabandaleigu" (dskj. 28).

Upplýst er, að engar greiðslur hafi komið fyrir sýningar á kvikmyndinni í sjónvarpi stefnda, hvorki til Skipaskoðunar ríkisins, Siglingamálastofnunar né annarra. Telja verður því, að skipaskoðunarstjóri hafi ekki í hagnaðarskyni fengið kvikmyndina sýnda í sjónvarpi stefnda, enda er myndin stutt kennslumynd til björgunar mannslífum. Allt að einu heldur stefnandi því fram, að sýningar kvikmyndarinnar í sjónvarpi stefnda geti ekki talist „non-commerical" sýningar, og virðast rök hans þau helst, að sjónvarp stefnda sé í sjálfu sér „borgandi aðili" og að sýningar í því geti ekki falist í „non-commercial" rétti.

Þegar litið er til eðlis kvikmyndar þeirrar, sem um er deilt í málinu, og til þess, sem upplýst er um samninga stefnanda og Skipaskoðunar ríkisins um gerð myndarinnar og samvinnu þeirra, verður að telja, að réttmætt hafi verið af skipaskoðunarstjóra að koma myndinni á framfæri til sýninga í sjónvarpi stefnda, þegar það tók til starfa, og að rétt hafi verið af stefnda að taka myndina til sýninga með hliðsjón af sérstakri skyldu stefnda í 3. gr. laga nr. 19/1971, enda hafi þar verið um víðtækari sýningar að ræða en í kvikmyndahúsum, skólum, á fundum og námskeiðum, en þó í þeim anda. Þar sem ekki verður talið í ljós leitt, að fyrir slíkar sýningar í sjónvarpi eigi stefndi út af fyrir sig að greiða án allra samninga eða annarra löggerninga, verður ályktað, að sýningar stefnda á kvikmyndinni hafi fallið undir þann „non-commercial" rétt, sem stefnandi kveðst ekki hafa á hendi, og verður stefndi því sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir öllum atvikum er rétt, að málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 14.000,00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Ríkisútvarpið, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Þorgeirs Þorgeirssonar, í máli þessu.

Málskostnaður falli niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Ragnars Aðalsteinssonar hrl., kr. 14.000,00.

Föstudaginn 22. mars 1985.

Nr. 64/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Magnúsi Einarssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1985, sem barst Hæstarétti 18. s.m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að gæsluvarðhald það, er Magnúsi Einarssyni, atvinnulausum, með lögheimili að Klapparstíg 11 hér í borg, fæddum 6. desember 1948, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 8. mars sl. og rennur út í dag kl. 17:00, verði framlengt allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00, með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir eru þessir:

RLR hefur síðan í fyrri viku unnið að rannsókn á innbroti í söluskála Skeljungs við Brúartorg í Borgarnesi, sem framið var aðfaranótt mánudagsins 4. mars sl., en þar var stolið 200.000,00 kr. í peningum og ávísunum.

Kærði var úrskurðaður í gæsluvarðhald í þágu rannsóknar máls þessa þann 8. mars sl. og hefur neitað með öllu að eiga hlut þar að, bæði í skýrslum hjá RLR og fyrir dómi. Hins vegar liggur frammi í málinu framburður Unnars Sigurðar Hansen, sem hefur borið í skýrslu hjá RLR að hafa í félagi við Má Kjartansson og kærða Magnús Einarsson brotist inn í söluskála Shell við Brúartorg, Borgarnesi, aðfararnótt 4. mars sl. Unnar hefur borið, að leigð hafi verið bílaleigubifreið til fararinnar. Þeir Magnús hafi heimsótt Má í Hlaðgerðarkot ásamt Anný Margréti Ólafsdóttur á sunnudegi og þá verið lögð á ráðin um innbrot. Þeir Magnús hafi síðan tekið Má um nóttina við Hlaðgerðarkot og farið í Borgarnes, þar sem innbrot var framið á Shellstöðinni og hafi þýfið verið 104.000,00 í peningum auk ávísana, samtals kr. 80.000,00, en þeir hafi fleygt ávísununum ásamt fleiru rétt sunnan við Botn í Hvalfirði. Unnar hefur borið að peningunum hafi þeir skipt jafnt á milli sín og 34-35.000,00 komið í hlut hvers um sig. Már hafi verið skilinn eftir í Hlaðgerðarkoti, en þeir Magnús keyrt áfram til Reykjavíkur og skilið bifreiðina eftir við Rauðarárstíg. Þar hafi þeir hitt leigubifreiðastjóra, Gísla, er hafi ekið þeim að kaffivagninum á Granda, og þar hafi leiðir skilið.

Anný Margrét Ólafsdóttir hefur borið í skýrslu hjá RLR, að hún hafi ásamt „Sigga" og Magnúsi farið að Hlaðgerðarkoti í heimsókn til Más sunnudaginn 3. mars sl. og þeir þá talað „undir rós" um „rán" og að þeir ætluðu að fara eitthvað á bílaleigubifreið, sem þeir hygðust taka á leigu.

Gísli Snorrason leigubifreiðastjóri hefur staðfest í skýrslu hjá RLR að hafa ekið Magnúsi Einarssyni ásamt fleirum aðfaranótt mánudagsins 4. mars sl. og jafnframt að kærði hafi látið hann hafa 20.000,00 í peningum, 10.000,00 upp í skuld og 10.000,00 hafi kærði beðið hann að geyma. Kærði hefur við samprófun alfarið neitað þessu.

Guðni Geir Helgason hefur greint frá því í skýrslu hjá RLR, að hann hafi sunnudaginn 3. mars sl. tekið bílaleigubifreið á leigu fyrir Magnús

Einarsson, er bifreiðinni var skilað á þriðjudag, hafði henni verið ekið 435 km.

Svo sem að framan er rakið, er verulegt misræmi í framburði kærða og annarra, er gefið hafa skýrslu í máli þessu.

Kærði Már hefur alfarið neitað að hafa brotist inn í söluskála Shell aðfaranótt mánudagsins 4. mars sl.

Kærði Magnús hefur ekkert unnið frá því hann kom úr afplánun þann 14. júlí 1984 af Litla-Hrauni.

Á síðasta ári var hann tvívegis úrskurðaður í gæsluvarðhald, í annað skipti vegna innbrots í útsölu ÁTVR á Akranesi.

Sakavottorð kærða, dags. 11.03. 1985, liggur frammi í málinu, þar sem fram kemur, að kærði á að baki langan brotaferil og hefur margfalt verið dæmdur fyrir hengingarlagabrot (sic).

RLR sendi í febrúar 3 mál til ríkissaksóknarar varðandi kærða, og þ.á m. var málið varðandi innbrot í ÁTVR á Akranesi.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga.

Ljóst er af því, sem að framan er rakið, að kærði er síbrotamaður, sem eigi stundar fasta vinnu og hefur eigi fastan dvalarstað og hefur ofan af fyrir sér með brotastarfsemi.

Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, verður að telja, að enn sé ólokið rannsókn á innbroti í söluskála Shell í Borgarnesi. Þykir því rétt með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Magnús Einarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Föstudaginn 22. mars 1985.

Nr. 65/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Má Kjartanssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 14. mars 1985, sem barst Hæstarétti 18. s.m. Verður að ætla, að úrskurðurinn sé kærður í því skyni, að hann verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 13. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að gæsluvarðhald það, er Má Kjartanssyni, atvinnulausum, til heimilis að Gnoðarvogi 36 hér í borg, fæddum 13. júlí 1950, var gert að sæta með úrskurði sakadóms Reykjavíkur þann 8. mars 1985 og rennur út í dag kl. 17:00, verði framlengt allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00, með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Málavextir eru þessir:

Brotist var inn í söluskála Shell, Borgarnesi, aðfaranótt mánudagsins 4. mars sl. og stolið 200.000,00 kr. í peningum og ávísunum.

Kærði Már var úrskurðaður í gæsluvarðhald 7. mars sl. vegna gruns um aðild að máli þessu, en hann hefur alfarið neitað því, bæði hjá RLR og fyrir dómi.

Í málinu liggur frammi framburður Unnars Sigurðar Hansen, þar sem hann ber að hafa ásamt þeim Má og Magnúsi Einarssyni brotist inn í framangreindan söluskála. Hann kveður þá hafa leigt bílaleigubifreið til fararinnar og skipulagt ferðina á sunnudegi, er þeir Magnús og Anný Margrét Ólafsdóttir heimsóttu Má að Hlaðgerðarkoti. Þeir Magnús hafi síðan sótt Má þangað um nóttina og farið í Borgarnes og brotist inn, svo sem rakið hefur verið. Þeir hafi skipt peningunum, 104.000, á milli sín og hafi 34.-35.000 komið í hlut hvors, en ávísunum um 80.000,- hafi þeir fleygt rétt sunnan við Botnsskála í Hvalfirði. Unnar Sigurður kveður þá hafa skilið Má eftir við Hlaðgerðarkot og þeir farið áfram til Reykjavíkur, Magnús og hann.

Guðni Geir Helgason gaf skýrslu hjá RLR og viðurkenndi að hafa tekið bíl á leigu sunnudaginn 3. mars fyrir Magnús Einarsson. Er bifreiðinni var skilað þriðjudaginn 5. mars hafði henni verið ekið 435 km.

Anný Margrét Ólafsdóttir hefur greint frá því í skýrslu hjá RLR að hafa farið ásamt „Sigga" og Magnúsi að Hlaðgerðarkoti á sunnudegi og heimsótt Má. Þeir hafi rætt um að leigja bílaleigubifreið til ferðar og henni hafi skilist, að þeir ætluðu að „ræna" einhverju. Anný kvað þá hafa rætt um að hittast við einhvern afleggjara þá um kvöldið og Már ætlað að hitta þá þar.

Kærði Magnús hefur alfarið neitað að hafa brotist inn í söluskála Shell aðfaranótt 4. mars 1985.

Verulegt misræmi er í framburði kærða og annarra, er skýrslu hafa gefið í málinu.

Kærði hefur greint frá því fyrir dómi, að hann hafi eigi stundað vinnu frá því í apríl í fyrra. Kærði kveðst hafa verið í áfengismeðferð tvisvar síðan, frá því eftir áramót í 2 vikur og í fyrra í 5 vikur í júlí og ágúst. Hann hefur síðan þá tvisvar verið úrskurðaður í gæsluvarðhald, í október 1984 vegna gruns um innbrot í útsölu ÁTVR á Akranesi, og síðar á því ári og fram á þetta ár sat hann í síbrotagæslu. Kærði kveðst hafa verið á framfæri félagsmálastofnunar. Kærði hefur enga vinnu stundað og hefur eigi fastan dvalarstað og aflar fjár sér til framfæris með afbrotum.

RLR hefur á þ.á. sent ríkissaksóknara 10 mál, þar sem kærði kemur við sögu. Ein ákæra liggur í sakadómi, dags. 26.02. 1985, þar sem kærði er ákærður fyrir fjársvik, fjárdrátt og skjalafals.

Sakavottorð kærða, dags. 11. mars 1985, liggur frammi í dóminum.

Af ferli kærða er ljóst, að hann er síbrotamaður. Hann hefur á árunum 1966-80 sautján sinnum hlotið dómsafgreiðslu fyrir ýmis afbrot, þar af sex sinnum fyrir hegningarlagabrot.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu skv. 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Rannsókn á innbrotinu, sem framið var aðfaranótt 4. mars sl., er enn eigi lokið. Með vísan til þess, sem hér hefur verið rakið, þykir rétt að taka kröfu RLR til greina með vísan til 1., 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 og ákveða, að kærði sæti gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Már Kjartansson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram allt til miðvikudagsins 5. júní 1985, kl. 17:00.

Mánudaginn 25. mars 1985.

Nr. 242/1984. **Pétur Einarsson**
(Guðjón Styrkársson hrl.)
gegn
Kristjóni Benediktssyni
(Jón Steinar Gunnlaugsson hrl.)

Kærumál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu fyrst til Hæstaréttar með stefnu 16. maí 1983 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þegar mál þetta skyldi munnlega flutt 13. nóvember 1984, var ekki sótt þing fyrir áfrýjanda. Stefndi krafðist málskostnaðar fyrir Hæstarétti, og með dómi 14. s.m. var málið fellt niður og áfrýjanda gert að greiða stefnda 15.000,00 krónur í málskostnað. Áfrýjandi skaut málinu í annað sinn til Hæstaréttar með stefnu 6. desember 1984 með heimild í 36. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973. Það mál var þingfest 1. febrúar sl., og varð þá ágreiningur um frestbeiðni áfrýjanda. Gekk úrskurður sama dag, og var frestur veittur til fyrsta þingdags í mars. Áfrýjandi krefst þess aðallega, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og að hann verði sýknaður af efniskröfum stefnda,

sem urðu aðfararhæfar með hinni áfrýjuðu áritun. Til vara krefst hann þess, að mánaðarlegir dráttarvextir verði 5% frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til 1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985 og loks 4% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að vextir verði þeir, sem greindir eru í varakröfu áfrýjanda. Þá krefst hann staðfestingar hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar, þó þannig, að fjárnám fyrir vöxtum verði í samræmi við breytta kröfugerð. Loks gerir stefndi þá kröfu, að áfrýjandi og lögmaður hans, Guðjón Styrkársson hæstaréttarlögmaður, verði dæmdir in solidum til að greiða sér málskostnað í Hæstarétti. Krefst hann þess, að málskostnaður verði miðaður við höfuðstól kröfu sinnar að viðbættum vöxtum. Telur hann samkvæmt því, að málskostnað eigi að miða við 1.039.167,00 krónur og sé hann þá 134.498,00 krónur.

Hinn 16. nóvember 1982 var gefin út áskorunarstefna, þar sem stefndi hér fyrir dómi, Kristjón Benediktsson, stefndi áfrýjanda fyrir bæjarþing Reykjavíkur 23. nóvember, ef hann hefði ekki greitt innan tiltekins tíma 500.000,00 krónur með 5% mánaðarvöxtum frá 1. nóvember 1982 til greiðsludags og málskostnað. Ekki greiddi áfrýjandi, og hann lét ekki sækja þing af þessu tilefni. Var stefnan árituð um aðfararhæfi þannig: „Stefnukröfur máls þessa og kr. 39.262.- í málskostnað eru aðfararhæfar að liðnum 7 sólarhringum frá dagsetningu áritunar þessarar. — Reykjavík 24/11 1982. — Yfirborgardómarinn Reykjavík Þórhildur Líndal ftr." Í áskorunarstefnunni var tekið fram, að um væri að ræða skuld eftir tveim víxlum, sem hvor um sig var að fjárhæð 250.000,00 krónur. Víxlar þessir voru út gefnir af stefnda Kristjóni 1. október 1982 með gjalddaga 1. nóvember sama ár. Greiðandi er sagður Pétur Einarsson, Templarasundi 3. Hefur áfrýjandi samþykkt víxlana með nafnritun sinni.

Fjárnám til tryggingar kröfu stefnda samkvæmt hinni árituðu áskorunarstefnu var gert 6. desember 1982.

Áfrýjandi hefur ekki fært fram fyrir Hæstarétti neinar þær

varnir, sem að mega komast í víxilmáli skv. 208. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, aðra en þá, að hann telur efni víxlanna falsað að hluta, þar sem gjalddaga þeirra beggja hafi verið breytt úr ,,nóv. 1982" í ,,1. nóv. 1982". Þó að þetta reyndist rétt hjá áfrýjanda, getur hann eigi byggt kröfur sínar á því, sbr. 10. gr. víxillaga nr. 93/1933.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta áritun héraðsdómara á áskorunarstefnuna sem fyrr er getið, þó þannig, að vextir verða dæmdir í samræmi við kröfur aðilja.

Hið áfrýjaða fjárnám telur áfrýjandi að fella beri úr gildi, þar sem það hafi eigi hafist á heimili hans að Brúarenda við Starhaga í Reykjavík og þangað hafi ekki verið farið, þó að fjárnám væri gert í þeirri fasteign. Fjárnámið fór fram á skrifstofu áfrýjanda að Templarasundi 3 í Reykjavík, en það heimilisfang var skráð á víxlana, sem áfrýjandi hafði samþykkt. Eins og á stendur, verður fjárnámið ekki fellt úr gildi með þeim rökum, sem áfrýjandi hefur fært fram, sbr. 33. gr. 2. mgr., aðfararlaga nr. 19/1887. Ekki verður krafa hans heldur tekin til greina af öðrum ástæðum. Ber því að staðfesta hið áfrýjaða fjárnám til tryggingar tildæmdri fjárhæð auk vaxta og kostnaðar.

Ekki þykja efni til að taka til greina kröfu stefnda um málskostnað úr hendi núverandi lögmanns áfrýjanda, en hana byggir stefndi á 182. gr., sbr. 177. gr. 4. tl. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. hæstaréttarlaga nr. 75/1973.

Rétt er að dæma stefnda málskostnað úr hendi áfrýjanda hér fyrir dómi með hliðsjón af gjaldskrá Lögmannafélags Íslands, en miða við höfuðstól kröfu áfrýjanda í samræmi við dómvenju. Verður málskostnaðurinn því ákveðinn 90.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Pétur Einarsson, greiði stefnda, Kristjóni Benediktssyni, 500.000,00 krónur með mánaðarvöxtum sem hér greinir: 5% frá 1. nóvember 1982 til 21. október 1983, 4,75% frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 4% frá þeim degi til 21. desember 1983, 3,25% frá þeim degi til 21. janúar 1984, 2,5% frá þeim degi til 1. september 1984, 2,75% frá þeim degi til

1. febrúar 1985, 3,75% frá þeim degi til 1. mars 1985 og 4% frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði hinnar áfrýjuðu áritunar er staðfest svo og hin áfrýjaða fjárnámsgerð til tryggingar ofangreindum greiðslum.

Áfrýjandi greiði stefnda 90.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Ár 1982, mánudaginn 6. desember er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Templarasundi 3 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Ólafi Sigurgeirssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A-2433/1982 Kristjón Benediktsson gegn Pétri Einarssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 aðfararhæfa áskorunarstefnu svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Örn Höskuldsson, hdl., og krefst fjárnáms fyrir kr. 500.000,00 með 5% mánaðarv. frá 1.11.82 til greiðsludags, kr. 39.262,00 í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 390,00 fyrir gerðarbeiðni auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli starfar hér og er ekki viðstaddur, en fyrir hann mætir Einar Pétursson, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti fjárnám í eignarhluta gerðarþola í Brúarenda við Starhaga. Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mætta að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 26.mars 1985.

Nr. 38/1985. **Ákæruvaldið**

gegn

Hreiðari Björnssyni

Kærumál. Héraðsdómur um frávísun ákæru úr gildi felldur. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur hinn 6. mars 1985 kært til Hæstaréttar með heimild í 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 frávísunardóm sakadóms Reykjavíkur, uppkveðinn 5. mars. Hann krefst þess, að dóminum verði hrundið og sakadómi Reykjavíkur dæmt skylt að taka málið til meðferðar, þar sem frá var horfið og kveða upp í því efnisdóm, ef skilyrði skapast til þess að ná ákærða fyrir dóm.

Málsgögn bárust Hæstarétti 8. þ.m.

Samkvæmt 29. gr. laga nr. 74/1974 ákveður ríkissaksóknari varnarþing í opinberum málum, og í ákæru skal greina dómstól þann, sem mál er höfðað fyrir, sbr. 1. tl. 2. mgr. 115. gr. nefndra laga. Í ákæru á hendur varnaraðilja segir, að málið beri að höfða fyrir sakadómi Reykjavíkur, og málið hefur verið sent sakadóminum til meðferðar. Samkvæmt 4. mgr. nefndrar greinar skal dómari ákveða stað og stund til þingfestingar máls og láta birta ákæruskjal fyrir sökunaut. Það er hlutverk héraðsdómara að gera ráðstafanir til að fá sökunaut fyrir dóm, eftir því sem þörf er á, eftir útgáfu ákæru, sbr. m.a. 134. gr. laga nr. 74/1974, og ekki er í lögunum að finna heimild til að vísa ákæru frá dómi, þótt torvelt sé eða ómögulegt að ná til hans. Ber af þessum sökum að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu efnisdóms, ef skilyrði skapast til þess.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er úr gildi felldur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 5. mars 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 5. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 117/1985: Ákæruvaldið gegn Hreiðari Björnssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 16. mars 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Hreiðari Björnssyni, verkamanni, Þórufelli 10, Reykjavík, fæddum 1. ágúst 1958 á Raufarhöfn, fyrir tékkasvik, með því að gefa út í eftirgreindum tilvikum tékka á ávísanareikning sinn nr. 6996 við Sparisjóð Reykjavíkur og nágrennis og nota í viðskiptum án þess að nægileg innistæða væri fyrir hendi á reikningnum þegar tékkarnir voru sýndir þar:

1. Tékki nr. 2486960, að fjárhæð kr. 76.600,-,útgefinn til Einars G. Árnasonar Viðjugerði 4, Reykjavík, þann 16. apríl 1983, þar sem hann var notaður til greiðslu á hluta af kaupverði bifreiðar.
2. Tékki nr. 2486962, að fjárhæð kr. 10.000,-, útgefinn 25. júní 1983, notaður til greiðslu skuldar við Sigurð Bjarna Jónsson, Brekkubyggð 33, Garðabæ.

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 að því er ákærulið 1 varðar, en ákæruliður 2 telst varða við 73. gr. laga nr. 94, 1933 um tékka, sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Dómari þessa máls fékk það í hendur 21. mars 1984. Strax var reynt með aðstoð boðunardeildar dómsins að ná ákærða fyrir dóm. Lengi vel virtist ákærði bókstaflega gufaður upp, og það var ekki fyrr en langt var liðið á síðasta ár, að boðunardeildin fékk um það upplýsingar hjá móður ákærða, að hann væri búsettur í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Kvaðst hún ekki hafa á reiðum höndum heimilisfang sonar síns. Ekki gat hún heldur sagt um það, hvort hann væri væntanlegur til landsins á ný.

Ríkissaksóknara voru endursend gögn málsins með bréfi dómsins, dagsettu 19. nóvember sl. Komu þau aftur með bréfi hans, dagsettu 22. s.m., þar sem segir: „Rétt þykir, að þér hafið um sinn málið í yðar höndum og freistið þess jafnframt að fylgjast með hugsanlegri komu ákærða til landsins á ný.“

Í XV. kafla laga um meðferð opinberra mála nr. 74, 1974 eru ákvæði um meðferð mála fyrir héraðsdómi.

Í 117. gr. í næsta kafla á undan er ákvæði um birtingu ákæru á hendur þeim, sem ekki nást fyrir dóm og óvíst er um dvalarstað. Með stoð í þessari lagagrein var ákæran birt í Lögbirtingablaði nr. 9, 16. janúar 1985 með áritun um þingfestingu í dag, þriðjudaginn 5. mars 1985, klukkan 9:30. Ákærði hefur ekki mætt og ekki boðað forföll.

Enda þótt ákæran hafi verið birt, hefur ekki verið uppfyllt skilyrði laganna um það, að ákærði komi fyrir dóm. Ákvæðum 129. gr. laganna verður ekki beitt í þessu máli.

Enginn samningur er til milli Íslands og Bandaríkjanna um gagnkvæma aðstoð í sakamálum svo sem er milli Norðurlandanna, samningur frá árinu 1975 (nr. 11 í C-deild stjórnartíðinda frá því ári) og nýlegur Evrópusamningur (nr. 9 í C-deild 1984).

Ekki sýnist það þjóna neinum tilgangi, að skjöl málsins séu í vörslu dómsins, meðan ákærði næst ekki fyrir dóm.

Að mati dómsins liggur beinast við, að ríkissaksóknari varðveiti þau, enda hefur hann tök á því að láta rannsóknarlögreglu ríkisins fylgjast með ferðum ákærða til landsins. Eins er það á færi ríkissaksóknara að hlutast til um að fá manninn framseldan.

Dómara þessa máls eru því allar bjargir bannaðar með að halda áfram rekstri málsins og kveða upp efnisdóm í því.

Með vísan til þessa þykir rétt að vísa ákæru í máli þessu frá dómi að svo stöddu ex officio. Engan kostnað hefur leitt af rekstri málsins.

D ó m s o r ð:

Ákæru á hendur Hreiðari Björnssyni er vísað frá dómi að svo stöddu ex officio.

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 71/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Viðari Björnssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 21. mars 1985, sem barst Hæstarétti 22. s.m. Hann krefst þess aðallega, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstíminn verði styttur.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 20. mars 1985.

Ár 1985, miðvikudaginn 20. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Bergsteini Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald það, sem kærða Viðari Björnssyni, fæddum 24.08. 1948, til heimilis að Ferjubakka 10, var gert að sæta með úrskurði 24. febrúar sl. og rennur út í dag, verði framlengt til 1. júní nk.

Réttargæslumaður kærða hefur mótmælt kröfu RLR, og til vara krefst hann, að gæsluvarðhaldstími kærða verði styttur. Þórir Oddsson vararannsóknarlögreglustjóri telur ekki stætt á, að kærði haldi óskertu frelsi sínu, þar sem dánarorsök Sigurðar Breiðfjörð Ólafssonar liggi ekki fyrir.

Málavextir eru þeir, að RLR var tilkynnt um mannslát við Grettisgötu 19 B laugardaginn 23.02. sl. Reyndist hinn látni vera Sigurður Breiðfjörð Ólafsson, og bentu áverkar á líkinu til þess, að hann hefði lent í átökum. Kærði og Sólrún Elídóttir hafa borið við yfirheyrslur hjá RLR og fyrir dómi, að komið hafi til átaka milli Sigurðar B. Ólafssonar og kærða föstudaginn 22. 02. sl. Átök þessi stöfuðu af deilum um áfengisflösku, sem kærði taldi, að Sigurður hefði falið fyrir honum. Kærði kveðst fyrst hafa tuskað Sigurð til, en síðan slegið hann krepptum hnefum, m.a. í andlit. Kærði kveður þau Sólrúnu hafa farið frá Grettisgötu 19 B og töldu þau, að þá hefði verið eitthvert lífsmark með Sigurði. Daginn eftir komu þau aftur að Grettisgötu 19 B og reyndi kærði þá að hressa Sigurð við með því að hella upp í hann kókudropum og með því að úða upp í hann asmalyfi. Tilraunir þessar báru engan árangur.

Rannsókn máls þessa er nokkuð á veg komin, en endalegar niðurstöður krufningar liggja þó eigi fyrir fyrr en að loknu lyfja- og efnarannsóknum

á sýnum, sem tekin voru, og er því ekki unnt að álykta um dánarorsök enn.

Kærði er grunaður um háttsemi, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu skv. XXIII. kafla alm. hegningarlaga, og eru ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi því ekki til fyrirstöðu. Með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 ber að taka kröfu RLR til greina og ákveða, að kærði skuli sæta gæsluvarðhaldi áfram, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 1. maí nk., kl. 17:00.

Úrskurðarorð:

Kærði, Viðar Björnsson, skal sæta gæsluvarðhaldi áfram, en þó ekki lengur en til miðvikudagsins 1. maí nk., kl. 17:00.

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 143/1983. **Hallgrímur Ólafsson**
Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Húsanesi s/f og
gagnsök
(Ingi Ingimundarson hrl.)

Skaðabætur. Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 2. ágúst 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. júlí s.á. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og að hin áfrýjanda verði lækkuð verulega og að honum verði gert að greiða héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að krafa gagnáfrýjanda veri lækkuð verulega og að honum verði gert að greiða sér með skuldajöfnuði allt að 49.560,00 krónum með 37% ársvöxtum frá 1. mars 1982 til 31. október 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 20. september 1983, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 20.

október 1983, 36% ársvöxtum frá þeim degi til 20. nóvember 1983, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 30. desember 1983, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 20. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst 1984, 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1984, 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október 1984, 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25. október 1984, 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1985, 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, en hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi og sér verði tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og hinnar áfrýjuðu fjárnámsgerðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms bæjarþings Reykjavíkur, sem kveðinn var upp af borgardómara ásamt sérfróðum meðdómendum, ber að staðfesta hann. Einnig ber að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð, en ekki er byggt á því af hálfu aðaláfrýjanda, að neinir þeir gallar séu á henni, sem ómerkingu eigi að valda.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 17.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Aðaláfrýjandi, Hallgrímur Ólafsson, greiði gagnáfrýjanda, Húsanesi s/f, 17.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. mars 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 8. mars s.l., hefur Húsanes s.f., Hafnargötu 71, Keflavík, nnr. 4451-5954, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. apríl 1982, og framhaldsstefnu, þingfestri 5. október 1982, gegn Hallgrími Ólafssyni, Krummahólum 4, Reykjavík, nnr. 3673-9975.

Kröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda samtals kr. 40.463,90 ásamt 37% ársvöxtum af kr. 36.893,94 frá 1. mars 1982 til 20. apríl 1982, en síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og með 37% ársvöxtum af kr. 3.569,98 frá 26. apríl 1982 til 5. október s.á., en síðan með hæstu dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndi gerir þær kröfur í aðalsök og framhaldssök, að hann verði alfarið sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum tildæmdur málskostnaður að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Þann 17. nóvember 1982 lagði stefndi fram gagnkröfugerð, þar sem hann gerir þær kröfur, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda með skuldajöfnuði allt að kr. 49.560,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 1. mars 1982 til 17. nóvember s.á., en síðan með dómvöxtum til greiðsludags auk málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefnandi gerir þær kröfur í gagnsök, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnda og honum dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda skv. gjaldskrá L.M.F.Í., sem verði reiknaður af stefnufjárhæð gagnsakar.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust í aðalsök, framhaldssök og gagnsök.

II.

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að Húsanes s.f., sem sé skráð sameignarfélag og reki byggingastarfsemi, hafi tekið að sér að öllu leyti, að sjá um byggingu á húsi nr. 29 við Klapparberg í Reykjavík, en stefndi, sem eigi næstu lóð við, Klapparberg 31, hafi þá fengið stefnanda til að vera meistari á húsi sínu, sem sé einbýlishús. Einn af eigendum Húsaness s.f., Hermann Ragnarsson, hafi áritað teikningar sem múrarameistari og annar eigenda, Margeir Þorgeirsson, sem trésmíðameistari hússins. Stefnandi hafi síðan annast uppslátt steypuvinnu hússins.

Reikningur stefnanda fyrir verk það, sem búið sé að inna af höndum, hafi numið kr. 76.893,94. Þar af hafi stefndi greitt kr. 40.000,00, en eftirstöðvarnar nemi kr. 36.893,94. Stefndi hafi boðist til að greiða kr. 27.000,00 af þeirri fjárhæð gegn fullnaðarkvittun, en því hafi stefnandi neitað. Stefndi hafi síðan deponerað kr. 27.000,00 í Útvegsbanka Íslands á nafn stefnanda.

Krafan í framhaldssök sé að fjárhæð kr. 3.569,98 og sé hún samkvæmt uppmælingu Trésmiðafélags Reykjavíkur frá 19. nóvember 1981 og sé fyrir þakklæðningu. Mælingin ásamt tilheyrandi handlangsprósentu geri kr. 3.569,98. Stefnandi hafi framvísað reikningi þessum til greiðslu, eins og viðurkennt sé í greinargerð stefnda. Hins vegar hafi stefnanda sést yfir þetta

uppmælingarblað, þegar gögn voru afhent lögmanni við höfðun aðalsakar.

Stefnandi byggir kröfur sínar í aðalsök og framhaldssök á því, að hér sé um að ræða reikninga fagmeistara á húsi stefnda, sem innt hafi af höndum og séð um þá vinnu, sem greiðslu sé krafist fyrir. Stefnandi beri faglega ábyrgð á verkinu, sem mælt sé upp með tíðkanlegum hætti, og sé ósannað, að um annað hafi verið samið en uppmælingu. Slíkum reikningum verði ekki hnekkt, nema þeir reynist bersýnilega ósanngjarnir skv. grundvallarreglu 5. gr. laga nr. 39/1922. Greiðslusynjun stefnda sé ólögmæt og beri honum að greiða skuld þessa að fullu auk vaxta og alls kostnaðar. Deponering stefnda sé einnig ólögmæt skv. 1. gr. laga nr. 9/1978. Ekki hafi staðið á stefnanda að veita viðtöku innborgunum. Samkvæmt bréfi, sem fylgi geymslugreiðslunni, sé hafning fjárins bundin skilyrðum, sem stefnandi þurfi ekki að sinna.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Sveinamælingar trésmiða fyrir uppslátt	kr.	32.263,34
2.	Handlang, 25% á þá tölu	"	8.065,84
3.	Launatengd gjöld, 44,02% á kr. 40.328,34	"	17.752,91
4.	Meistarálag, 9,85% á kr. 58.081,25	"	5.721,09
5.	Mæling vegna steypuvinnu ásamt gjöldum	"	8.287,00
6.	Reikningar fyrir tímavinnu, dskj. 9, 10, 11	"	4.803,76
		kr.	76.893,94
	Innborgaðar samtals	"	40.000,00
	Skuld	kr.	36.893,94

Um 1. Hér sé um að ræða vinnu við uppslátt á sökklum, plötu 1. hæð og plötu þar fyrir ofan, þar með talinn bílskúr, eins og mælingar bera með sér.

Um 2, 3 og 4. Þessir liðir séu samkvæmt taxta trésmiða. Að því er varði handlangsprósentu þá sé hún reiknuð hér í lægra lagi, svo ekki sé hallað á stefnda. Launatengd gjöld séu fastir liðir.

Um 5. Menn frá stefnanda hafi séð um steypuna. Sé hér um að ræða steypu í plötur og mót á öllu því, sem komið sé í húsið. Þess beri að geta, að stefndi hafi greitt mönnum, sem slípuðu og slöðduðu steypuna, enda sé ekki gert ráð fyrir því í mælingunni. Stefnandi kveði laun reiknuð eftir magni steypu og fleti, þegar svona verk sé mælt upp. Telji hann það tvímælalaust koma betur út fyrir stefnda heldur en ef reiknuð hefði verið tímavinna á mannskapinn. Sé hér að sjálfsögðu um að ræða útselda vinnu.

Um 6. Tímavinnuskýrslurnar á dskj. nr. 9 og 10 séu fyrir vinnu þeirra Gunnars Hilmarssonar, Þórs Ingólfssonar og Kristjáns Einarssonar fyrir

vinnu við hús stefnda svo og bið eftir efni, sem sé á ábyrgð stefnda. Í dskj. nr. 11 sé liðurinn „úttekt vegna steypu" vinna Hermanns Ragnarssonar, múrarameistara hússins, fyrir úttekt á 5 steypum og reikni hann sér 2 klst. fyrir hverja. Hinir liðirnir á dskj. nr. 11 rif utan af bílskúr og sökklum og járnavinna, sé vinna þeirra Þórs Ingólfssonar, Gunnars Hilmarssonar og Kristjáns Einarssonar. Samkvæmt frásögn Hermanns Ragnarssonar megi bæta við þennan reikning nokkrum klst. fyrir vinnu við að mæla tvisvar sinnum út fyrir húsinu bæði fyrir gröft á grunni og eftir.

Stefndi kveður málavexti vera þá, að stefnandi hafi gert stefnda tilboð í húsið og hafi tilboðið numið kr. 135.000,00 með sömu kaupgjaldsákvæðum og tímamörkum og í húsi Ægis Jónssonar að Klapparbergi 29. Tilboð í hús Ægis hafi numið kr. 171.000,00 og hafi verið innifalið í því allt efni til uppsláttar, járnalögn, frárif og hreinsun. Hafi tilboð þetta verið miðað við kaupgjald í apríl 1981 og skyldi taka mið af kaupgjaldsbreytingum frá þeim tíma. Hafi verki þessu átt að vera lokið í október 1981. Stefndi hafi hins vegar séð sjálfur um ýmsa verkþætti á húsi sínu, svo sem fráslátt og járnalögn. Tilboðið í hús stefnda hafi verið gert símleiðis.

Þann 30. júní hafi stefnandi komið með vélritað blað til stefnda með áritaðri tilboðsupphæð að fjárhæð kr. 161.973,00. Hafi skýring stefnanda á misræminu milli upphaflegs tilboðs og þessarar fjárhæðar verið sú, að steypuvinna hefði ekki verið með í upphaflega tilboðin og næmi hún kr. 20.000,00. Aðrir liðir væru hækkanir vegna misreiknings og breytinga. Þessu hafi stefndi ekki viljað una og taldi ekkert samræmi við tilboð á Klapparbergi 29 né fyrra tilboð stefnanda.

Þann 3. júlí hafi stefndi greitt kr. 25.000,00 upp í verkið, og þann 1. október hafi stefnandi óskað eftir kr. 50.000,00 greiðslu. Stefndi hafi hafnað því, en greitt kr. 15.000,00 á grundvelli hliðstæðra talna frá nágrannahúsinu. Í febrúar 1982 hafi stefnandi komið með reikning að fjárhæð kr. 83.614,00. Í þeim reikningi hafi falist trésmíðavinna skv. uppmælingu og tilheyrandi gjöldum auk handlangsálags. Aukalega hafi verið 26 tímar fyrir smið og steypuvinna fyrir kr. 17.835,00, sem sögð hafi verið eftir uppmælingu. Stefndi hafi strax gert athugasemdir við reikninginn og talið hann a.m.k. kr. 20.000,00 of háan. Þrátt fyrir það hafi stefndi boðið greiðslu á kr. 27.000,00. Þann 22. mars hafi stefnandi framvísað reikningnum á ný endurskoðuðum og hafi hann þá numið kr. 76.893,94. Stefndi hafi þá þegar mótmælt reikningum sem röngum og jafnframt óskað eftir því, að stefnandi segði sig af húsinu og skipti sér ekki frekar af bygginu þess.

Þar sem sættir hafi ekki tekist, hafi stefndi deponerað kr. 27.000,00.

Þann 27. apríl hafi stefnandi enn komið með reikning að fjárhæð kr. 3.569,98 fyrir uppmælingu á bílskúrsþaki, sem hann sagðist hafa gleymt. Stefnda hafi verið ókunnugt um þetta.

Kröfur sínar í aðalsök og framhaldssök styður stefndi þeim rökum, að í upphafi samskipta aðilja þessa máls hafi verið samkomulag með þeim um það, hvaða verk ætti að vinna og hvað það skyldi kosta. Síðar hafi komið upp ágreiningur um heildarfjárhæð verksins og hafi ekki náðst að leysa hann, þegar samningi aðilja var rift. Því sé haldið fram af hálfu stefnda, að sú fjárhæð, sem stefnandi hafi þegar móttekið auk greiðslu sem fram sé boðin sem heildargreiðsla skv. dskj. nr. 14, geri mun meira en að greiða fyrir þá verkþætti, sem hann hafi lokið við. Í öðru lagi sé því haldið fram, að vinna sú, sem stefndi hafi séð um, skyldi koma til lækkunar á reikningi.

Því sé haldið fram, að sönnunarbyrðin hvíli á stefnanda um það, hvaða vinnu hann innti af hendi. Ein af sýknuástæðum stefnda sé sú, að stefnandi hafi ekki innt af hendi ýmsa þá vinnu, sem hann hafi nú reikningsfært og krefji um greiðslu fyrir.

Á allar trésmíðamælingar reikningsins sé reiknað handlang, 25%, sem sé of hátt miðað við stærð húss og gerð. Til viðbótar því sé enginn frádráttur reiknaður vegna handlangs stefnda og Jóhannesar Bjarnasonar, sem hafi verið á snærum stefnda, en þeir hafi annast verulegan hluta handlangs. Smiðir stefnanda eigi ekki rétt á 52 tíma handlangi, vegna þess að þeir hafi ekki látið í té þann tímafjölda.

Í reikningi Meistarafélags Suðurnesja sé gert ráð fyrir, að steypuvinnan hafi öll verið unnin af meistara og mönnum hans á verðlagi í mars 1982, sem sé að sjálfsögðu ekki rétt, eins og að framan sé rakið.

Í þessu sambandi skuli á það minnst, að sökklar hafi verið algjörlega steyptir af starfsmönnum stefnanda, en plata hafi verið steypt af Erni Karlssyni og tveimur unglingum á vegum stefnda. Við veggi hússins hafi stefndi unnið sjálfur og hafi hann haft mann sér til aðstoðar. Frá stefnanda hafi verði 4 menn auk múrarameistara, sem þó hafi ekki verið við allan tímann. Flestir hafi menn þessir verið óvanir og sé árangurinn eftir því. Strax og steypunni hafði verið hellt í, hafi starfsmenn stefnanda horfið á braut og hafi þá átt eftir að þrífa og hreinsa upp og hafi stefndi fengið sér til hjálpar Ágúst Þórðarson og Vilhjálm Bjarnason. Um 2 m^3 af steypu hafi hellst inn fyrir mótin.

Stefndi hafi einnig unnið við steypu á skúr og loftplötu.

Stefndi hafi tekið saman fjölda manna, sem Húsanes s.f. hafði til vinnunnar og lengd tíma, sem hver steypa tók. Reiknað sé með 1 tíma á mann aukalega í hvert skipti. Tímareikningur þessi sundurliðist þannig:

23.06.	sökklar	4 tímar 3 menn	12
21.08.	plata	4 tímar 2 menn	8
18.09.	veggir	5 tímar 4 menn	20

18.09. veggir	2 tímar	1 maður	2
22.10. skúr	3 tímar	3 menn	9
20.11. plata	3 tímar	3 menn	9
			60

Alls séu þetta því 60 tímar í stað 158,5, eins og uppmæling geri ráð fyrir.

Aðalsýknuástæður stefnda séu þær, að hann hafi ýmist borgað eða deponerað greiðslum fyrir jafnvel hærri fjárhæð en verk það, sem stefnandi hafi lokið samkvæmt samningi, kosti í júní 1982. Teljist ekki sannað, að um samningsverk hafi verið að ræða, sé því haldið fram, að stefnandi hafi ekki unnið ýmsa þá verkþætti, sem hann krefur um greiðslu fyrir. Því sé haldið fram í báðum tilvikum, að vinnan af hálfu stefnda og/eða manna á hans vegum eigi að koma til frádráttar. Þá sé því haldið fram, að einstaka þættir séu bersýnilega ósanngjarnir, svo sem krafa fyrir greiðslu á 158,5 tímum í stað 60 tíma, sem í raun hafi verið unnir.

Gagnkröfu sína kveður stefndi þannig tilkomna, að við framkvæmd verks stefnanda í þágu stefnda hafi hann sett járngrind í neðri plötu rangt niður, þannig að hún nýtist ekki sem slík. Kostnaður vegna járngrindar þessarar hafi numið kr. 9.560,00 á verðlagi í ágúst 1981. Í öðru lagi hafi uppsláttur skekkst í vegg í stofu og sé áætlað tjón stefnda vegna þessa kr. 10.000,00. Í þriðja lagi sé gluggi í bílskúr á röngum stað, og sé áætlað tjón stefnda vegna útlitsgalla þessa kr. 15.000,00. Í fjórða lagi hafi framkvæmdir stefnanda tafist í tvo mánuði, en sú tveggja mánaða töf hafi valdið stefnda 6 mánuðum í framkvæmdatöf, sem leiði til þess, að hann verði að vera í leiguhúsnæði a.m.k. einn tíma (sic í gagnkröfugerð) lengur en ella. Kostnaður vegna þess sé áætlaður kr. 2.500,00 á mánuði í 6 mánuði, eða samtals kr. 15.000,00.

Krafa þessi stafi frá vanefndum stefnanda á verksamningi við stefnda og sé því samrætt kröfu hans. Ekki fari á milli mála, að stefnandi beri fjárhagslega ábyrgð á vanefndum þessum, enda hafi honum borið að sjá svo um, að húsbyggingin væri í einu og öllu framkvæmd á þann hátt, sem ráð hafi verið fyrir gert í byggingarteikningum. Fyrstu þrír liðir gagnkröfugerðarinnar séu á því byggðir, að hann hafi látið þá skyldu undir höfuð leggjast. Síðasti töluliðurinn varði verktafir, sem hann á sama hátt beri fulla ábyrgð á. Stefndi hafi áætlað fjárhæð tjóns vegna framangreindra þátta í sparnaðarskyni og sé fjárhæðum í hóf stillt.

Sýknukröfu sína í gagnsök styður stefnandi eftirfarandi rökum:

1. Krafa að fjárhæð kr. 9.560,00 vegna járngrindar á gólfplötu. Járnavinna í gólfplötu hafi verið unnin af stefnda sjálfum. Svo hafi verið umsamið, að hann annaðist járnalögn sjálfur nema í sökkulveggi. Reikningar sýni þetta, svo ekki verði um villst. Viðurkennt sé í grg. aðalsakar, dskj. nr.

15, bls. 1, að stefndi hafi sjálfur séð um járnalögn. Í því felist forsvaranlegur frágangur á henni undir steypu gólfsins, sem skv. frásögn stefnda hafi verið unnin af Erni Karlssyni á vegum stefnda.

Ex tuto sé því haldið fram, að ósannað sé, að nokkur galli sé á gólfplötu, sbr. dskj. nr. 15, bls. 5.

2. Krafa að fjárhæð kr. 10.000,00 vegna þess, að uppsláttur skekktist á austurvegg stofu.

Stefnandi kannist við, að örlítil bunga sé á austurvegg hússins, en svo óveruleg, að ekki sjáist nema réttskeið sé borin á vegginn. Eindregið mótmælt, að þetta séu nein lýti, og bótakrafa út af þessu sé út í hött.

3. Krafa að fjárhæð kr. 15.000,00 vegna bílskúrsglugga, sem sé of ofarlega.

Um þennan lið sé það að segja, að gluggann hafi stefndi skaffað sjálfur sem og aðra glugga hússins. Efri brún á glugga geti ekki verið á öðrum stað en hún sé, þ.e. uppi undir bílskúrssperrum, eins og teikning sýni. Sé glugginn þannig staðsettur of ofarlega sé annað tveggja: Hann sé of lítill eða mál röng. Til vara sé því mótmælt, að um útlitsgalla eða lýti sé að ræða vegna gluggans. Kröfu um bætur sé því vísað á bug.

4. Krafa að fjárhæð kr. 15.000,00 vegna tafa á framkvæmdum.

Í fyrsta lagi sé því eindregið mótmælt, að nein loforð hafi verið gefin eða neinir samningar gerðir um að skila ákveðnum verkþáttum fyrir ákveðinn tíma. Þá sé því haldið fram, að ósannað sé, að nein óeðlileg töf hafi orðið á verkinu. Þvert á móti hafi verkið gengið vel miðað við aðstæður. Í því sambandi sé bent á, að stefndi hafi sjálfur séð um ýmsa verkþætti og hafi hann ávallt tekið sér nægan tíma í þá. Rökstuðningi stefnda um 6 mánaða framkvæmdatöf sé alfarið vísað á bug sem ósannaðri fjarstæðu. Sú töf hljóti að vera á hans ábyrgð og stefnanda óviðkomandi.

Til vara sé öllum tölum, sem stefndi viðurkenni að séu áætlaðar af sér, mótmælt sem of háum, röngum og ósönnuðum.

III.

Ágreiningslaust er, að umrætt verk var upphaflega unnið samkvæmt tilboði, en síðan var horfið frá því vegna ágreinings um tilboðsverð. Stefnandi hefur lagt fram sundurliðaðan reikning til stuðnings kröfum sínum í aðalsök, samtals að fjárhæð kr. 76.893,94, að frádregnum kr. 40.000,00, sem stefndi hefur greitt inn á kröfuna. Auk þess hefur stefnandi lagt fram reikning að fjárhæð kr. 3.569,98 vegna kröfu sinnar í framhaldssök.

Stefndi hefur mótmælt lið nr. 2 á reikningi í aðalsök, kr. 8.065,84, 25% handlang, lið nr. 5, kr. 8.287,00, mæling vegna steypuvinnu ásamt gjöldum, og lið nr. 6, tímavinna skv. vinnulistum á dskj. nr. 9-11, kr. 4.803,76.

Að öðru leyti virðist ekki vera ágreiningur um fjárhæðir framangreindra reikninga.

Um lið nr. 5. Upplýst er, að ágreiningur var um umsamið tilboðsverð vegna steypuvinnu, og kom sá ágreiningur fyrst í ljós, þegar liðið var á vinnuna. Stefnandi hefur borið fyrir dómi, að þar sem hann hefði talið sig vera að vinna samkvæmt tilboði, þá hefði tímafjölda, sem fór í steypuna, ekki verið haldið saman. Því hefði hann látið mæla upp steypuna. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að uppmælingin sé röng, eða á annan hátt sannað, hver raunverulegur tímafjöldi við steypuvinnuna var. Verður því að taka þennan lið til greina að fullu.

Um lið nr. 2. Það er álit hinna sérfróðu meðdómsmanna, að 25% handlang sé ekki óeðlilegt í þessu tilviki. Fyrsta lið reikningsins er ekki andmælt tölulega, en handlangið reiknast af þeirri fjárhæð, og verður þessi liður því tekinn til greina að fullu.

Um lið nr. 6. Lagðir hafa verið fram þrír vinnulistar á dskj. nr. 9-11, sem þessi liður er byggður á. Dómskjöl nr. 9 og 10 er samhljóða og sundurliðast þannig:

2/11	tína til efni o.fl.	1 ½
3/11	" " " "	1 ½
4/11	brjóta o.fl.	4 ½
5/11	" "	1 ½
6/11	bíða eftir efni o. fl.	4
	Samtals	13

Dómskjal nr. 11, sem er ódagsett, sundurliðast þannig:

Úttekt vegna steypu (meistari)	10
Rífa utan af bílskúr	6
Járnabinding á sökkla	6
Rífa uppistöður af sökkli	4
Samtals	26

Stefndi hefur andmælt tilgreindum tímafjölda á þessum reikningum.

Telja verður upplýst, að öll sú vinna, sem tilgreind er samkvæmt vinnulistum þessum, var unnin. Stefndi hefur ekki sýnt fram á, að tímafjöldi sé þar ranglega tilgreindur. Síðasti liðurinn á dskj. nr. 9 og 10 eru samtals 8 klst., sem fóru í að bíða eftir efni. Stefndi hefur andmælt þessum lið um. Telja verður, að stefnandi hafi ekki sýnt fram á, að smiðir hafi þurft að

bíða aðgerðarlausir eftir efni vegna atvika, sem stefnda varða, og verða þeir liðir því ekki teknir til greina. Sjötti liður á dskj. nr. 3 verður því tekinn til greina með 44 klst. á kr. 92,38/klst. eða kr. 4.064,72.

Samkvæmt framansögðu verða stefnukröfur í aðalsök og framhaldssök teknar til greina með fjárhæð kr. 39.724,86, ásamt vöxtum eins og krafist er, enda hefur vaxtakröfu ekki verið andmælt sérstaklega, og reiknast vextir þannig: 37% ársvextir af kr. 36.154,88 frá 1. mars 1982 til 20. apríl s.á., en 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en 47% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms þessa, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða, frá þeim degi til greiðsludags og 37% ársvextir af kr. 3.569,98 frá 26. apríl 1982 til 5. október s.á., en 39% ársvextir frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en 47% ársvextir frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms þessa, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, til greiðsludags.

Fjárhæð sú, sem stefndi deponeraði til greiðslu, reiknast ekki sem greiðsla, þar sem hún er bundin skilyrðum, sem stefnandi ekki þarf að sætta sig við.

Verður nú vikið að gagnkröfum stefnda.

Um lið nr. 1, krafa vegna járngrindar á gólfplötu. Ósannað er, að platan (sic) hafi verið ranglega lögð í gólfplötu. Þá er ennfremur ósannað, að nokkurt tjón hafi orðið á gólfplötu, sem rekja megi til þess, að járngrind hafi ekki verið lyft. Þessi liður verður því ekki tekinn til greina.

Um lið nr. 2, vegna þess að uppsláttur skekktist á stofuvegg. Dómurinn fór á vettvang til þess að kynna sér aðstæður. Umrædd skekkja reyndist óveruleg, og verður bótakrafa stefnda vegna þessa því ekki tekin til greina, enda ekki sýnt fram á, að stefndi hafi orðið fyrir neinu tjóni vegna þess.

Um lið nr. 3, krafa um bætur, vegna þess að bílskúrsgluggi sé of ofarlega. Við vettvangskönnun kom í ljós, að samanborið við glugga á íbúðarhúsinu var frágangur á gluggakörmum á bílskúrsglugga aðeins frábrugðinn. Ósannað er, að stefnanda hafi verið falið að framkvæma þetta verk á annan hátt en gert var, og verður þessi liður ekki tekinn til greina.

Um lið nr. 4, bætur vegna tafa á framkvæmdum. Ósannað er, að tafir hafi orðið á framkvæmdum vegna atvika, sem stefnanda varða og sem hann ber ábyrgð á, og verður þessi liður því ekki tekinn til greina.

Kröfur stefnda í gagnsök til skuldajöfnuðar eru því skv. framansögðu ekki teknar til greina.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn kr. 11.700,00.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ragnari Ingimarssyni prófessor og Magnúsi Guðjónssyni húsasmíðameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Hallgrímur Ólafsson, greiði stefnanda, Húsanesi s.f., kr. 39.724,86 ásamt 37% ársvöxtum af kr. 36.154,88 frá 1. mars 1982 til 20. apríl s.á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars 1983, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, til greiðsludags og með 37% ársvöxtum af kr. 3.569,98 frá 26. apríl 1982 til 5. október s.á., en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. mars 1983, en frá þeim degi með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, til greiðsludags. Þá greiði stefndi stefnanda kr. 11.700,00 í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Ár 1983, mánudaginn 27. júní er fógetaréttur Reykjavíkur settur að Krummahólum 4 og haldinn þar af fulltrúa yfirborgarfógeta Viggó Tryggvasyni með undirrituðum vottum.

Fyrir er tekið málið A-1787/1983: Húsanes s.f. gegn Hallgrími Ólafssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Rvíkur nr. 5788/1982 svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Viðar hrl. v/Inga Ingimundars. hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 39.724,86 með 37% ársv. af kr. 36.154,88 frá 1.3. 1982 til 20.4. 1982, 39% frá þ.d. til 1.11. 1982, 47% frá þ.d. til 21.3. 1983 og síðan með hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags og með 37% af kr. 3.569,98 frá 26.4. 1982 til 5.10. 1982, 39% frá þ.d. til 1.11. 1982, 47% frá þ.d. til greiðsludags og síðan með hæstu innlánsvöxtum til greiðsludags, endurrits- og birtingarkostnað, kr. 483,00 í stimpil- og afsagnarkostnað, kr. 11.700,00, í málskostnað samkv. gjaldskrá LMFÍ, kr. 550,00 fyrir gerðarbeiðni, auk kostnaðar við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir allt á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Gerðarþoli býr hér en er ekki viðstaddur en fyrir hann mætir Brynja Sigurmundsdóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli kveðst hún ekki geta greitt.

Samkv. kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta gerir fógeti fjárnám í eign gerðarþola, húseigninni nr. 31 við Klapparberg.

Fallið var frá virðingu. Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar og brýnir fyrir mættu að skýra gerðarþola frá gerðinni. Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 1/1985. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Dagrúnu Helgu Hauksdóttur
(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærðu með stefnu 11. desember 1984.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að refsing ákærðu verði þyngd.

Ágrip málsgagna barst Hæstarétti 22. febrúar 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða.

Ákærða sætti 2.000,00 króna sekt með dómssátt í sakadómi Reykjavíkur hinn 17. september 1982 og ökuleyfissviptingu í 2 mánuði frá 6. sama mánaðar að telja fyrir ölvun við akstur. Þykir refsing ákærðu samkvæmt 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, hæfilega ákveðin varðhald 15 daga.

Samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærðu ökuréttindum ævilangt frá 16. ágúst 1984 að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað í héraði og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 8.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákærða, Dagrún Helga Hauksdóttir, sæti varðhaldi 15. daga. Hún er svipt ökuréttindum ævilangt frá 16. ágúst 1984 að telja.

Ákærða greiði allan sakarkostnað í héraði svo og áfrýjunarkostnað, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæsta-

rétti, Jóhanns H. Nielssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 14. nóvember 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 14. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 530/1984: Ákæruvaldið gegn Dagrúnu Helgu Hauksdóttur, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðaði ríkissaksóknari með ákæruskjali, dagsettu 1. október sl., gegn ákærðu, Dagrúnu Helgu Hauksdóttur, áður til heimilis að Fjarðarási 28, Reykjavík, en nú að Tunguvegi 6, Kópavogi, fæddri 24. nóvember 1962 í Reykavík, ,,fyrir að aka, sunnudaginn 15. júlí 1984, undir áhrifum áfengis, bifreiðinni R-41342 frá veitingahúsinu Hollywood við Ármúla í Reykjavík áleiðis heim til sín með viðkomu hjá B.S.R. í Lækjargötu og Umferðarmiðstöðinni, þar til lögreglan stöðvaði akstur hennar í Hamrahlíð.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærða verði dæmd til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru sem hér segir samkvæmt framburði ákærðu og öðrum gögnum málsins:

Aðfaranótt sunnudagsins 15. júlí sl. um kl. 4:30 stöðvuðu lögreglumenn akstur ákærðu á bifreiðinni R-41342 í Hamrahlíð, þar sem þeim þótti aksturslagið ekki eðlilegt. Ákærða viðurkenndi að hafa neytt áfengis fyrir aksturinn, og sýndi öndunarprufa II.—III. stig. Hún var því færð til yfirheyrslu á lögreglustöð, þar sem hún kvaðst hafa drukkið 2 glös af hvítvíni um kl. 3:30, en ekki hafa fundið til áfengisáhrifa. Að yfirheyrslu lokinni var ákærðu tekið blóð til alkóhólrannsóknar, og samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði hennar vera 0,68‰.

Ákærða var yfirheyrð hjá lögreglu 16. ágúst og í dómi í dag, og var framburður hennar um áfengisneyslu hennar á sama veg og að framan greinir. Hún kvaðst hafa ekið frá veitingahúsinu Hollywood að B.S.R. í Lækjargötu, þaðan að B.S.Í. og áfram, þar til lögreglan stöðvaði akstur hennar. Hún kvaðst ekki hafa fundið til áfengisáhrifa, en vefengdi þó ekki niðurstöðu alkóhólrannsóknarinnar.

Lögreglumennirnir, sem afskipti höfðu af akstri ákærðu, hafa allir verið yfirheyrðir hjá lögreglu. Rúnar Guðmundsson kvaðst hafa veitt akstri hennar sérstaka athygli vegna þess, að hún gaf ekki stefnumerki, er hún ók af Skógarhlíð um Eskitorg og austur Hamrahlíð. Hann kvað ákærðu hafa ver-

ið sérstaklega föla í andliti og rauða til augnanna, en mundi ekki eftir öðrum ölvunareinkennum á henni. Helgi Jóhannesson kvaðst ekki hafa veitt aksturslagi ákærðu sérstaka athygli, en kvað bifreiðina hafa verið í slæmu ástandi auk þess sem henni var ekið hægt. Hann treysti sér ekki til þess að greina frá ölvunareinkennum á ákærðu. Ingólfur Harðarson kvað akstur ákærðu hafa verið skrykkjóttan. Ekki mundi hann að greina frá útliti eða öðrum einkennum á ákærðu, en kvað sér hafa fundist hún vera lítið undir áhrifum áfengis.

Telja verður sannað með niðurstöðu alkóhólrannsóknar og framburði ákærðu svo og öðrum gögnum málsins, að ákærða hafi gerst sek um þá háttsemi, sem hún er ákærð fyrir. Varðar brot hennar við þau ákvæði umferðarlaga, sem í ákæru greinir.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu frá 17. september sl. sættist hún á sektargreiðslu hinn 17.09. 1982 vegna ölvunar við akstur, og var þá svipt ökuleyfi í 2 mánuði.

Framangreind dómsátt hefur ítrekunaráhrif samkvæmt 71. gr. alm. hegningalaga á brot ákærðu, sem hér er fjallað um, og verður henni dæmd refsing með tilliti til þess.

Refsing ákærðu samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54, 1976, þykir hæfilega ákveðin 15.000 króna sekt, sem renni til ríkissjóðs. Vararefsing ákveðst varðhald í 15 daga.

Svo sem krafist er í ákæru og samkvæmt 81. gr. umferðarlaga, ber að svipta ákærðu ökuleyfi ævilangt frá 16. ágúst 1984 að telja, en þann dag var hún svipt því til bráðabirgða. Samkvæmt 5. mgr. 81. gr. umferðarlaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. 178. gr. laga nr. 74/1974.

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærða, Dagrún Helga Hauksdóttir, greiði 15.000 krónur í sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi í 15 daga.

Ákærða er svipt ökuleyfi ævilangt frá 16. ágúst 1984 að telja. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Ákærða greiði allan sakarkostnað.

Þriðjudaginn 26. mars 1985.

Nr. 135/1983. **Friðgeir Sörlason**
(Jóhann H. Níelsson hrl.)
gegn
Hauki Péturssyni
og gagnsök
(Ingi Ingimundarson hrl.)

Fasteignakaup. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1983. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti ásamt 45% ársvöxtum af tildæmdum málskostnaði frá dómsuppsögudegi til greiðsludags. Til vara krefst hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 2. ágúst 1983. Hann krefst þess aðallega, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða 206.100,00 krónur ásamt 34% ársvöxtum frá 19. janúar 1982 til 1. nóvember s.á., 42% ársvöxtum frá þeim degi til 4. nóvember s.á. og síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann annarrar og lægri fjárhæðar ásamt vöxtum og málskostnaði eins og í aðalkröfu. Til þrautavara er þess krafist, að héraðsdómurinn verði staðfestur með vöxtum eins og í aðalkröfu og aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að í sjálfu sér hafi hann engan áhuga haft á jörðinni Króki nema vegna laxveiðinnar. Hann hafi ekkert haft við jörðina að gera að öðru leyti en því, að þetta hafi verið góð fjárfesting. Hún hafi verið í ábúð til 1 ½ árs á þessum tíma og ekkert eftirgjald eftir hana nema það, sem runnið hafi til hennar. Þannig hafi laxveiðileigan verið eini arðurinn, sem hún gaf af sér.

Þegar þessi tilgangur hans með kaupunum er virtur, verður að ætlast til þess, að hann aflaði sér öruggrar vitneskju um leigutekjur af ánni hjá veiðifélagi eða gengi eftir nákvæmum upplýsingum um þær hjá seljanda, er samningaumleitanir fóru fram. Það gerði gagnáfrýjandi ekki. Lýsing jarðarinnar, er hann fékk hjá fasteignasalanum, fullnægði ekki skilyrðum 4. gr. laga nr. 47/1938, og mátti hann því ekki treysta henni til fullnaðar. Með þessu aðgerðarleysi þykir gagnáfrýjandi hafa firrt sig hugsanlegum bótarétti á hendur aðaláfrýjanda, og ber því að sýkna hann af kröfu gagnáfrýjanda.

Eftir atvikum þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Friðgeir Sörlason, skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Hauks Péturssonar.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Aðaláfrýjandi hefur sjálfur greint svo frá, að hann hafi veitt sölumanni fasteignasölunnar Eignahallarinnar þær upplýsingar, að tekjur af leigu laxveiðréttinda væru 2-3 milljónir króna. Upplýsingar þessar voru ætlaðar væntanlegum kaupendum til leiðbeiningar. Það var villandi, ef átt var við væntanlegar tekjur af veiði árið 1982,, en ekki þær tekjur, sem goldnar höfðu verið, og þessa ekki getið sérstaklega. Var þetta því fremur sem aðaláfrýjandi virðist hafa tiltekið fjárhæðina í gömlum krónum, sem ólíklegt var, að gæti átt við um væntanlegar leigutekjur árið 1982.

Ætla verður, að framangreindar upplýsingar aðaláfrýjanda um tekjur af leigu laxveiðiréttinda hafi haft nokkur áhrif á kaupverð jarðarinnar til hækkunar. Samkvæmt þessu tel ég, að staðfesta megi hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að vextir reiknist frá 20. septembér 1982 svo og beri að dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. maí 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var þann 27. apríl sl., hefur Haukur Pétursson

múrarameistari, nnr. 3833-6080, Byggðarenda 18, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. nóvember 1982, á hendur Friðgeiri Sörlasyni húsasmíðameistara, nnr. 2425-6421, Urðarbakka 22, Reykjavík.

Stefnukröfur eru þær aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda kr. 206.100,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 1. janúar 1982 til birtingardags stefnu, en síðan dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta Lögmannafélags Íslands. Til vara, að stefnda verði gert að greiða stefnanda aðra og lægri fjárhæð að mati dómara og þá vexti í samræmi við aðalkröfu af þeirri fjárhæð.

Af hálfu stefnda er sótt þing og þær kröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og honum dæmdur málskostnaður samkvæmt taxta L.M.F.Í. ásamt 45% ársvöxtum af tildæmdum málskostnaði frá dómsuppsögudegi til greiðsludags. Til vara, að kröfur stefnanda verði stórlega lækkaðar og málskostnaður þá niður felldur.

Sátt hefur verið reynd án árangurs.

Tildrög máls þessa eru þau, að með kaupsamningi, dags. 19. janúar 1982, keypti stefnandi jörðina Krók í Norðurárdal af stefnda fyrir kr. 550.000,00. Stefnandi greiddi andvirði jarðarinnar með því að afhenda tveggja herbergja íbúð að Austurbergi 18, Reykjavík, og með peningum. Andvirði jarðarinnar er að fullu greitt. Stefnandi heldur því fram, að umboðsmaður seljanda við kaupin hafi verið fasteignasalan Eignahöllin. Samkvæmt skráðum upplýsingum fasteignasölunnar, dskj. 3, sem hafðar séu eftir stefnda, sé jörðin Krókur fjórða stærsta hlunnindajörðin í Norðurárdal. Hlunnindi af veiði í Norðurá hafi árið 1981 numið um kr. 30.000,00. Stefnandi segir þessar upplýsingar fasteignasölunnar hafa komið heim og saman við þær tölur, er stefndi sjálfur hafi gefið honum upp. Hann segist ekki hafa talið nokkra ástæðu til að rengja þessar upplýsingar. Í samtali hans við oddvita Norðurárdalshrepps í júní 1982 hafi hins vegar komið í ljós, að upplýsingar stefnda um veiðiarð voru alrangar. Hafi útborguð leiga til eiganda Króks árið 1981 numið kr. 12.880,00, en ekki kr. 30.000,00, eins og stefndi hafði sagt. Stefnandi kveðst ekki vilja sætta sig við þetta tap, og hefur hann fengið tryggingafræðing til að reikna út tjón sitt. Tryggingafræðingurinn hefur með því að kapitalisera mismuninn á framangreindum tölum fundið umstefnda fjárhæð, sbr. dskj. 6.

Stefnandi segir það hafa verið algjöra ákvörðunarástæðu sína fyrir kaupunum, að hún gæfi af sér þær veiðitekjur, sem upp hafi verið gefið, enda hafi hann ekki ætlað að búa þarna sjálfur. Þetta hafi verið fjárfesting sín. Stefnda hafi hlotið að vera ljóst eða mátt vera ljóst, að hann gaf rangar upplýsingar til fasteignasölunnar. Þá hafi honum mátt vera ljóst, að arður af veiðinni var forsenda stefnanda fyrir kaupunum. Það hafi komið fram í samtölum þeirra.

Stefnandi kveðst velja þann kostinn að krefja stefnda bóta, en rifta ekki samningnum. Hann kveðst reikna tjón sitt út frá því, að upplýsingar um veiðiarð hefðu staðist. Í þessu sambandi vitnar hann til 2. mgr. 42. gr. laga nr. 39/1922, sem hann telur, að megi beita með lögjöfnun í tilviki sem þessu. Ennfremur vitnar hann til almennra reglna um bótaábyrgð seljanda í fasteignakaupum.

Stefndi mótmælir því, að hann hafi gefið fasteignasölunni, sem kom á kaupunum, rangar upplýsingar um arðgreiðslur af laxveiðihlunnindum. Hann mótmælir því jafnframt, að hann hafi gefið stefnanda munnlega samhljóðandi upplýsingar. Þá mótmælir hann því, að efni dskj. 3 stafi frá sér. Þá mótmælir hann þeim grunni, sem Jón Erlingur Þorlákssón tryggingafræðingur byggir á útreikninginn, dskj. 6. Hann heldur því fram, að fasteignasalan Fasteignahöllin hafi tekið að sér að safna tilboðum í jörðina Krók í Norðurárdalshreppi fyrir hann. Þann 16. desember 1981 hafi honum borist tilboð stefnanda í jörðina, sbr. dskj. 4. Þar segist stefnandi m.a. hafa kynnt sér ástand eignarinnar með skoðun og geri einungis fyrirvara um athugun á leigusamningi við ábúanda. Stefndi segist hafa samþykkt tilboð stefnanda 18. desember 1981 með fyrirvara um, að Norðurárdalshreppur hafni forkaupsrétti. Kaupsamningur hafi síðan verið gerður 19. janúar 1982. Við gerð kaupsamningsins hafi legið frammi ávísun að fjárhæð kr. 13.110,00 sem hann hafi sagt stefnanda, að væri um það bil helmingur leigutekna vegna laxveiðihlunninda árið 1982. Stefnanda hafi verið afhent ljósrit ávísunarinnar. Samkomulag hafi orðið um, að hann, stefndi, tæki greiðsluna til sín og andvirði hennar yrði dregið frá fyrstu greiðslu, þar sem stefnandi hafi átt skv. samningnum að hirða arð af jörðinni frá 1. janúar 1982. Stefnanda hafi því, a.m.k. við undirritun kaupsamningsins, verið ljóst, að leigugreiðslur fyrir laxveiðihlunnindin væru á milli 20-30.000,00 kr. árið 1982. Hvorki í kauptilboði, kaupsamningi né afsali komi fram, að stefndi hafi lofað eða ábyrgst, að arður af laxveiðihlunnindum næmi kr. 30.000,00 miðað við árið 1981, þvert á móti hafi hann lagt fram við kaupsamning ávísun, sem sýndi, að helmingur arðs 1982 væri um það bil kr. 13.110,00. Ef mun hærri arðgreiðslur voru algjör ákvörðunarástæða fyrir kaupunum, eins og segi í stefnu, hljóti það að hafa átt að leiða til aukinnar árvekni af hálfu stefnanda, þegar honum mátti verða ljóst, að arðgreiðslur svöruðu ekki til hugmynda hans. Þá byggir stefndi á því, að hafi stefnandi fengið rangar upplýsingar um arðgreiðslur vegna laxveiðihlunnindanna frá fasteignasölunni, þá beri hann ekki ábyrgð á slíkum hugsanlegum mistökum fasteignasölunnar.

Varakröfuna byggir stefndi á því, að grunnur útreiknings stefnukrafna sé rangur og að tjón stefnanda sé ósannað. Starf fasteignasölunnar hafi flokkast undir tilboðssöfnun og ljóst sé, að fasteignasalan hafði ekki um-

boð til að binda stefnda, hvorki beint né í eigin nafni, enda hafi kaupin ekki farið þannig fram. Þannig sé ekki um umboðssölu eða umsýslu að ræða, heldur tilboðssöfnun.

Þá bendir stefndi á, að þann 4. nóvember 1977 hafi hann keypt jörðina Krók af Haraldi Brynjólfssyni á kr. 150.000,00, sbr. dskj. 13. Þá hafi fasteignamat jarðarinnar numið kr. 50.100,00, en byggingarvísitala hafi þá verið 159 stig. Kaupverðið framreiknað til 1. desember 1981 sé því kr. 765.094,00. Þann 1. desember 1981 hafi fasteignamat jarðarinnar verið kr. 297.000,00.

Fyrir dóm hafa komið aðiljar málsins svo og sem vitni Jón Erlingur Þorlákssson tryggingafræðingur, Skúli Ólafsson sölumaður, Hilmar Viktorsson viðskiptafræðingur, ábyrgðarmaður fasteignasölunnar Fasteignahallarinnar og Gunnar Þór Ólafsson heildsali. Gunnar seldi í október 1981 stefnda lóð, og í því sambandi taldi hann sig hafa fengið þær upplýsingar, að hluti Króks af leigu af veiði í Norðurá hefði numið 20-30 þúsundum króna 1981, en Gunnari var boðin jörðin til kaups.

Aðiljar héldu fast við málsástæður sínar. Stefnandi viðurkenndi, að ávísun að upphæð kr. 13.110,00 hefði legið frammi við gerð kaupsamnings og að fram hefði komið, að hún væri greiðsla upp í leigu fyrir hluta Króks í veiðinni í Norðurá 1982. Hann hélt því fram, að ekki hefði komið fram, fyrir hversu mikinn hluta leigunnar upphæðin var, og hefði hann talið, að greiðslur væru fleiri en tvær. Hann hefði vitað, áður en hann gerði tilboð sitt, að leigan mundi hækka. Skúli Ólafsson kvaðst hafa ritað upplýsingarnar á dómskj. 3 niður eftir stefnda 17. september 1981 og hélt fast við, að upplýsingarnar væru réttar. Hann sagði, að fyrir áramót hefði komið fram, að leigan mundi hækka, en það hefði ekki legið fyrir, þegar upplýsingarnar voru gefnar. Hann sagði að við undirritun kaupsamnings hefði ekki komið fram hvað upphæð ávísunarinnar var mikill hluti leigunnar. Hilmar Viktorsson sagði, að við undirritun kaupsamnings hefði komið fram, að upphæð ávísunarinnar var hluti leigu fyrir veiðina, en mundi ekki, hvort komið hafði fram, fyrir hversu mikinn hluta.

Stefndi taldi töluna á dómskj. 3 miðaða við árið 1982 og taldi sig hafa gefið upp leigu á milli 2-3 milljónir gamlar. Hann sagðist þegar í september 1981 hafa vitað, að leigan mundi hækka, en ekki hversu mikið.

Álit dómsins.

Ekki er annað fram komið en að Fasteignahöllin hafi tekið jörðina Krók til sölu fyrir stefnda. Í 4. gr. laga nr. 47/1938 um fasteignasölu segir: „Í hvert skipti, sem fasteignasali tekur fasteign í umboðssölu eða aðstoðar að öðru leyti við kaup og sölu fasteignar, skal hann til upplýsingar aðiljum gera nákvæmt yfirlit yfir tekjur og gjöld fasteignarinnar, veðskuldir, er á

henni hvíla, o.s.frv. Skal yfirlit þetta vera sem nákvæmast, þannig að það ásamt skoðun á eigninni sé tryggur grundvöllur fyrir mati á verðmæti eignarinnar."

Fasteignahöllin gerði yfirlitið á dómskj. 3, og var það sýnt stefnanda. Samkvæmt tilvitnuðu ákvæði mátti hann byggja mat sitt á verðmæti eignarinnar á því.

Þegar skoðaðir eru framburðir aðilja og vitna, verður að telja þá fullyrðingu stefnda ósannaða, að við undirritun kaupsamnings hafi legið ljóst fyrir, að upphæð ávísunar þeirrar, sem frammi lá, væri helmingur leigu Króks vegna Norðurár 1982.

Hér þykir því verða að leggja til grundvallar, að upplýsingar þær, sem stefnandi fékk frá umboðsmanni stefnda og hann mátti reikna með, að stæðust, voru ekki réttar. Eigninni var þannig áfátt að því leyti, að veiðihlunnindin gáfu verulega minna af sér en stefnandi mátti búast við.

Eignin var til sölu hjá Eignahöllinni fyrir stefnda, og verður hann að bera áhættuna af því, að yfirlitið á dómskj. 3 var ekki nákvæmar unnið.

Stefnandi kvartaði, þá er hann varð þess var, að gefnar upplýsingar voru rangar, og hann tók við afsali með fyrirvara.

Þar sem á skorti þau hlunnindi jarðarinnar, sem upp voru gefin og stefnandi mátti treysta, að rétt væru, þykir hann eiga rétt á nokkrum bótum.

Við ákvörðun bótanna þykir eiga að líta til þess annars vegar, að upplýsingarnar voru almennt til þess fallnar að hafa áhrif á kaupverðið til hækkunar, og hins vegar, að þær léku á nokkru bili. Þá þykir rétt að hafa í huga, hvernig peningar vöxtuðust á kaupdegi. Sá grunnur, sem stefnandi leggur að fjárhæð bótakröfu sinnar, er ekki tækur hér. Þegar framanskráð sjónarmið eru skoðuð, þykja bætur hæfilega ákveðnar kr. 38.000,00.

Vextir ákveðast 34% ársvextir af dæmdri fjárhæð frá kaupdegi 19. janúar 1982 til 1. nóvember s.á., en 42% ársvextir frá þeim degi til stefnubirtingardags, en dómvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir stefndi eiga að greiða stefnanda málskostnað, sem hæfilega er ákveðinn kr. 7.000,00.

Hrafn Bragason borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Friðgeir Sörlason, greiði stefnanda, Hauki Péturssyni, kr. 38.000,00 með 34% ársvöxtum frá 19. janúar 1982 til 1. nóvember s.á., en 42% ársvöxtum frá þeim degi til 4. nóvember s.á., en með dómvöxtum, sbr. lög nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 7.000,00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 27. mars 1985.

Nr. 6/1984. **Sigrún Ámundadóttir**
(Grétar Haraldsson hrl.)
gegn
Hjalta Njálssyni og
Valdísi Valdimarsdóttur
(Guðmundur Markússon hrl.)
og gagnsök

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 13. janúar 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 17. desember 1983. Dómkröfur aðaláfrýjanda í aðalsök eru þær, að gagnáfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum 24.269,60 krónur með 15% ársvöxtum frá 1. febrúar 1984 til 11. ágúst 1984, 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, en 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Í gagnsök krefst aðaláfrýjandi sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar úr þeirra hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1984.

Dómkröfur þeirra eru þær, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum aðaláfrýjanda, úrlausn héraðsdóms í gagnsök verði staðfest og aðaláfrýjandi dæmdur til að greiða þeim málskostnað í báðum sökum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal þrjú ljósrit af kvittunum fyrir deponeringu gagnáfrýjandans Hjalta Njálssonar við Landsbanka Íslands, Akranesi, sem hér segir:

2. febrúar 1983	.....	14.229,60 krónur
2. febrúar 1984	.....	12.566,40 krónur
4. febrúar 1985	.....	10.903,20 krónur

Allar eru deponeringar þessar greiðslur á afborgunum og vöxtum af veðskuldabréfi, útgefnu til handhafa 2. júlí 1982, upphaflega að fjárhæð 27.720,00 krónur, tryggðu með 6. veðrétti í Bárugötu 18, Akranesi.

Upplýst er, að aðaláfrýjandi hefur þegar móttekið greiðslur, sem deponerað var í febrúar 1983 og 1984, en ekki febrúargreiðsluna 1985.

Um aðalsök.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms um aðalsök ber að fallast á það, að eftirstöðvar kaupverðsins hafi allar fallið í gjalddaga vegna vanefnda gagnáfrýjenda.

Aðaláfrýjandi hefur sett kröfugerð sína fram á eftirfarandi hátt:

„Höfuðstóll pr. 1/2 1982	kr.	27.720,00
Vextir 34% pr. ár frá 1/2—1/11 '82	—	7.068,60
Vextir 40% pr. ár frá 1/11 '82 til 1/2 '83 ...	—	2.772,00
	Kr.	37.560,60
÷ innborgun 1. febrúar 1983	—	14.229,60
Eftirstöðvar pr. 1. febrúar 1983	kr.	23.331,00
Vextir 40% pr. ár frá 1/2—21/9 '83	—	5.962,40
Vextir 35% pr. ár frá 21/9—21/10 '83	—	680,50
Vextir 32% pr. ár frá 21/10—21/11 '83	—	622,00
Vextir 27% pr. ár frá 21/11—21/12 '83	—	524,90
Vextir 21,5% pr. ár frá 21/12 '83 til 21/1 '84	—	418,00
Vextir 15% pr. ár frá 21/1 til 1/2 '84	—	97,20
Málskostnaður tildæmdur í undirrétti	—	5.200,00
	Kr.	36.836,00
÷ innborgun 1. febrúar 1984	—	12.566,40
Eftirstöðvar pr. 1. febrúar 1984	kr.	24.269.60“

Af hálfu gagnáfrýjenda hefur því verið andmælt, að málskostnaður í héraði, 5.200,00 krónur, sé tekinn inn í uppgjör þetta. Verða þau andmæli tekin til greina. Eftirstöðvarnar pr. 1. febrúar 1984 nema þá 19.069,60 krónum.

Ber gagnáfrýjendum að greiða aðaláfrýjanda þá fjárhæð ásamt vöxtum, er í dómsorði greinir. Staðfest er málskostnaðarákvæði héraðsdóms í aðalsök.

Um gagnsök.

Svo sem greinir í héraðsdómi, var húsið Bárugata 18 gamalt hús, byggt 1920 og síðan byggt við það 1940. Í 4. gr. kaupsamningsins um húsið sem rakinn er í hinum áfrýjaða dómi, er m.a. bent á þetta. Sérstaklega er tekið fram, að stefnt hafi verið að því að koma í veg fyrir smávegis raka frá útveggjum og að það virðist hafa tekist vel. Ekki er minnst á, að neinir gallar hafi komið fram á vatns- eða skólplögn, og hefur aðaláfrýjandi skýrt svo frá, eins og greint er í héraðsdómi, að vatns- og skólplagnir hafi ekki verið ræddar í sambandi við sölu íbúðarinnar, enda hafi aðaláfrýjandi aldrei orðið vör við raka eða bleytu á gólfi.

Ekki þykir sannað að aðaláfrýjandi hafi, áður en hún seldi íbúðina, orðið vör við galla þá, sem fram komu á vatns- og skólplögn. Hins vegar verður ekki talið, að gagnáfrýjendur hafi mátt búast við, að lagnir þessar væru svo stórgallaðar sem þær reyndust vera, þótt um gamalt hús væri að ræða. Framangreindur fyrirvari 4. gr. kaupsamningsins leysir aðaláfrýjanda ekki undan ábyrgð á þessum göllum, og þykja gagnáfrýjendur eiga rétt til nokkurra bóta úr hendi hans vegna þeirra. Héraðsdómur, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, byggingatæknifræðingi og pípulagningameistara, hefur komist að þeirri niðurstöðu, að aðaláfrýjandi skuli greiða gagnáfrýjendum 17.778,90 krónur í skaðabætur af þessum sökum svo og vegna kostnaðar við viðgerð á þaki. Eru ekki efni til að hrundið verði þeirri úrlausn hans. Það athugast þó, að 12. töluliður í kröfulið A, 480,00 krónur vegna kaupa á sandi, hefur fallið niður í dóminum, en upphæðin er innifalin í heildarfjárhæð kröfuliðarins, eins og dómurinn reiknar hann. Þykir ekki ástæða til að hrófla við því.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms í gagnsök.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök falli niður.

Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, kvað upp hinn áfrýjaða dóm ásamt meðdómsmönnunum Bjarna Þóroddssyni byggingatæknifræðingi og Karvel L. Karvelssyni pípulagningameistara.

Það er aðfinnsluvert, að héraðsdómari skyldi eigi kveðja til meðdómendur fyrr en 18. febrúar 1983, er málið var flutt munnlega

öðru sinni, svo og það að dómurinn framkvæmdi skoðun á vettvangi, án þess að lögmönnum aðilja væri gefinn kostur á að vera viðstaddir.

Dómsorð:

Gagnáfrýjendur, Hjalti Njálsson og Valdís Valdimarsdóttir, greiði aðaláfrýjanda, Sigrúnu Ámundadóttur, 19.069,60 krónur í aðalsök ásamt 15% ársvöxtum frá 1. febrúar 1984 til 11. ágúst s.á., 17% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985 og 24% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Staðfest er málskostnaðarákvæði héraðsdóms í aðalsök.

Hinn áfrýjaði dómur í gagnsök er staðfestur.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti bæði í aðalsök og gagnsök fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akraness 18. mars 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 16. desember 1982 eftir munnlegan málflutning, en endurupptekið 18. febrúar 1983 og þá flutt að nýju og dómtekið, var höfðað með stefnu, útgefinni 4. desember 1981, af Sigrúnu Ámundadóttur, Höfðabraut 14, Akranesi, gegn Hjalta Njálssyni, Bárugötu 18, Akranesi, *aðallega* til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 55.555,50 auk 40% ársvaxta frá 1. febrúar 1981 til greiðsludags, en til *vara* til greiðslu á kr. 18.595,50 auk 40% ársvaxta frá 1. febrúar 1981 til greiðsludags, svo og til þess að gefa út skuldabréf að viðlögðum dagssektum, kr. 500,00 á dag, tryggðu með veði í íbúð stefnda, þ.e. neðri hæð húseignarinnar nr. 18 við Bárugötu á Akranesi, að fjárhæð kr. 36.960,00, er beri 18% ársvexti frá 1. febrúar 1981 með árlegum afborgunum á 4 árum frá 1. febrúar 1981 að telja, í fyrsta sinn 1. febrúar 1982, svo og til greiðslu málskostnaðar að mati dómsins.

Í meðferð málsins fyrir bæjarþinginu varð nokkur breyting á kröfugerð aðalstefnanda, og við munnlegan flutning málsins var endanleg dómkrafa hans í aðalsök sú, að aðalstefndu verði dæmd til að greiða in solidum aðalstefnanda kr. 27.720,00 auk 40% ársvaxta frá 1. febrúar 1982 til greiðsludags að frádreginni þeirri fjárhæð, kr. 14.229,60, sem aðalstefndu höfðu sett í geymslugreiðslu (deponerað) í Landsbanka Íslands, Akranesi, þann

2. febrúar 1983, svo og til greiðslu málskostnaðar, er reiknist af upphaflegri kröfu.

Dómkröfur aðalstefndu í aðalsök voru upphaflega þær samkvæmt greinargerð, dags. 2. febrúar 1982, *aðallega,* að þau yrðu sýknuð af kröfum aðalstefnanda, en *til vara,* að þeim yrði einungis gert að gefa út skuldabréf, tryggt með veði í íbúð á neðri hæð að Bárugötu 18, Akranesi, að fjárhæð kr. 27.720,00, er bæri 18% ársvexti frá 1. febrúar 1982 að telja, í fyrsta sinn til greiðslu 1. febrúar 1983, er verði þrjár einu sinni á ári.

Í báðum tilvikum var krafist málskostnaðar úr hendi aðalstefnanda, en til vara, að málskostnaður yrði felldur niður.

Við munnlegan flutning málsins varð endanleg dómkrafa aðalstefndu í aðalsök, að þau yrðu sýknuð af kröfu aðalstefnanda og honum gert að greiða málskostnað samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., en til vara, að málskostnaður yrði felldur niður.

Með stefnu, útgefinni 7. desember 1981 og birtri 15. desember 1981,, höfðuðu þau Hjalti Njálsson og Valdís Valdimarsdóttir, Bárugötu 18, Akranesi, mál gegn Sigrúnu Ámundadóttur, Höfðabraut 14, Akranesi, til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 29.987,88 auk 31% ársvaxta frá 11. maí 1980 til 31. maí 1980, en með 35% ársvöxtum frá 1. júní 1980 til 31. maí 1981 en með 34% ársvöxtum frá 1. júní 1981 til birtingardags stefnu 15. desember 1981, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og til greiðslu málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í., þar með talið til greiðslu matskostnaðar, kr. 481,32.

Dómkröfur gagnstefndu, Sigrúnar Ámundadóttur eru þær, að hún verði sýknuð af öllum kröfum gagnstefnenda og þeim verði gert að greiða málskostnað að mati dómsins.

Með samkomulagi aðilja í bæjarþingi 13. janúar 1982 voru framangreind mál sameinuð, og tóku þau bæði Hjalti Njálsson og Valdís Valdimarsdóttir til varnar í aðalsök, enda lýst yfir af þeirra hálfu, að Hjalti hefði haft fullt umboð Valdísar til að gefa út afsal og undirrita skuldabréf og þar sem hann hafi ritað nafn sitt einn, beri að líta svo á, að hann hafi gert það í umboði Valdísar.

Sáttaumleitanir fóru fram í máli þessu, en án árangurs, nema að nokkru í aðalsök, eins og síðar verður rakið.

II.

Málavextir eru þessir.

Með kaupsamningi, dags. 9. desember 1979, keyptu aðalstefndu og gagnstefnendur í máli þessu, Hjalti Njálsson og Valdís Valdimarsdóttir, íbúð á neðri hæð að Bárugötu 18, Akranesi, af aðalstefnanda og gagnstefnda, Sigrúnu Ámundadóttur, þá til heimilis að Bárugötu 18.

Samkvæmt kaupsamningi var íbúðin afhent kaupendum til umráða 15. desember 1979, og upplýst er, að þau fluttu í íbúðina 15. janúar 1980. Var þá efri hæð hússins mannlaus, en skömmu síðar og í janúar flutti í hana Auðunn Þ. Þorgrímsson, er hafði fest kaup á íbúðinni í des. 1979 af Birni Jónssyni.

Áður en kaupendur (aðalstefndu) fluttu inn í íbúðina, gerðu þau ýmsar lagfæringar á íbúðinni, m.a. voru eldhússkápar máladir (lakkaðir) að innan af aðalstefndu Valdísi og vinkonu hennar. Aðalstefndi, Hjalti Njálsson, hefur fyrir dóminum staðhæft, að hálfum mánuði eftir að þau fluttu inn í íbúðina, hafi orðið vart við raka í eldhússkápum, og lýsti það sér þannig, að svartir dílar komu í lakkið. En um það bil einni eða tveim vikum eftir að flutt var inn í efri hæðina, tók að bera á raka og bleytu í horni eldhúss neðri hæðar niður við gólf. Kom þetta fram, þar sem byggt hafði verið utan um skolppípur að salerni efri hæðar. Þessi raki jókst stöðugt og náði sífellt meira inn í eldhússkápana. Taldi Hjalti og Auðunn, er skoðaði raka þennan, að hann kynni að stafa af leka inn um glugga á efri hæð, en vatnið komist þaðan og niður í eldhús neðri hæðar.

Þann 11. maí 1980 fór vatn að renna niður eldhúsvegg og niður á skápa og gólf, Hjalti sýndi þetta Auðuni, eiganda efri hæðar. Eftir að hafa haft samráð við umboð Samvinnutrygginga g.t. á Akranesi, en hjá því félagi hafði Hjalti keypt húseigendatryggingu, áður en hann flutti inn í íbúðina, hófust húseigendur handa um að rjúfa einangrun frá skolppípum í eldhúsinu. Kom í ljós, að vatnslögn frá baðkari efri hæðar var tærð og lak greinilega. Þar sem húseigendur töldu, að lekinn myndi vera víðar, röktu þeir sig eftir pípum að salernisstammanum frá salerni efri hæðar. Kom í ljós, að pípur voru óþéttar á þeim stað, sem seljandi neðri hæðar taldi sig hafa framkvæmt viðgerð á vegna leka utan frá. Rufu þeir þá allt frá skolppípum og tóku neðri skápana út úr eldhúsinu.

Aðalstefndu (gagnstefnendur) leituðu til Pípulagningarþjónustunnar sf., Akranesi, til viðgerðar. Töldu starfsmenn sig sjá vatnsaga í eldhúsgólfi. Var eldhúsgólfið því brotið upp, og kom í ljós, að skolplagnir þar voru sprungnar, misgengnar og stíflaðar, en skolprörin frá efri hæð lágu undir eldhúsgólfi neðri hæðar og samtengdust þar fyrir báðar hæðir. Reyndist því nauðsynlegt að skipta um alla skolplögnina í eldhúsgólfi, gangi og baði og upp að hreinlætistækjum efri hæðar. Einnig varð að endurnýja allar neysluvatnslagnir í eldhúsgólfi og baði og að tækjum í baðherbergi efri hæðar. Þá varð og að brjóta upp gólf í þvottaherbergi ofan á inntaksleiðslu til tengingar á hinum nýju leiðslum.

Gamla eldhúsinnréttingin, sem tekin var niður til að komast að vatns- og skolplögnum, reyndist stórskemmd og nánast ónýt. Var því keypt ný eldhúsinnrétting hjá Kalmar, Reykjavík. Hagkvæmara þótti að setja hana

niður í annað herbergi við hliðina á þvottahúsinu, og varð þá styttra að leggja lagnir og ódýrara.

Gagnstefnendur, Hjalti og Valdís, fluttu úr íbúð sinni, meðan á viðgerð á íbúðinni stóð tímabilið 11. maí til 27. júlí 1980 og fengu leigðan hluta íbúðar að Akurgerði 17 hér í bæ.

Gagnstefnendur ásamt Auðuni eiganda efri hæðar, tóku þátt í uppbroti og hreinsun og síðan viðgerð og lagfæringum á íbúðinni, eins og síðar verður rakið nánar.

Gagnstefnendur höfðu samband við sambýlismann gagnstefndu, Sigurð Halldórsson, og kom hann á vettvang og skoðaði skemmdirnar.

Hvorugur aðilja máls þessa óskaði eftir að fá skoðunar- og matsgerð dómkvaddra manna um skemmdir þessar og tjón. Var það vegna þess, að aðiljar töldu að Samvinnutryggingar g.t. myndu bæta tjónið, þar sem gagnstefnendur höfðu keypt húseigandatryggingu hjá því félagi með beiðni, dags. 15. janúar 1980.

Höfðu gagnstefnendur því samband við tryggingafélagið, og komu skoðunarmenn þess á vettvang og gerðu þeir uppdrátt og tóku ljósmyndir og gerðu skýrslur um tjónið.

Fljótlega eftir að gagnstefnendur fluttu inn í íbúðina að Bárugötu 18, varð eigandi efri hæðar, Auðunn, var við leka á þaki hússins. Eigendur gerðu við þakið að nokkru, en fengu með matsbeiðni, dags. 29. maí 1981, dómkvadda matsmenn til að skoða og meta, hvað gera þyrfti við þak hússins, til að það reyndist vatnsþétt, og meta endurbætur til peningaverðs. Er matsgerð matsmanna dagsett 16. sept. 1981. Eru framangreind tjón grundvöllur kröfugerðar gagnstefnenda í máli þessu.

Með bréfi lögmanns gagnstefnenda, dags. 24. nóvember 1980, til Samvinnutrygginga g.t. var gerð krafa um bætur úr húseigandatryggingu þeirri, er þau höfðu keypt hjá félaginu sem fyrr greinir. Eigi þykir ástæða til að lýsa nánar kröfugerð þessari. En með bréfi lögmanns Samvinnutrygginga, dags. 10. desember 1980, var kröfugerð gagnstefnenda hafnað og synjað með öllu fyrir bótaábyrgð á umræddu tjóni. Var synjunin byggð á því, að gallar þeir, sem fram komu í íbúðinni væru húseigandatryggingunni algjörlega óviðkomandi, þar sem þeir hefðu verið til staðar í íbúðinni, þegar tryggingin var tekin, þótt afleiðingarnar kæmu eigi fram fyrr en eftir það.

Hér þykir rétt að gera að nokkru nánari grein fyrir fyrrnefndum kaupsamningi aðilja. Kaupverð íbúðarinnar var gkr. 13.000.000, nýkr. 130.000,00. Greiða átti í áföngum í peningum á tímabilinu desember 1979 til nóvember 1980 nýkr. 78.000,00, taka við áhvílandi veðskuldum að fjárhæð kr. 5.800,00 og eftirstöðvar með skuldabréfi með veði í hinni seldu eign að fjárhæð kr. 46.200,00, allt talið í nýkr. Skuldabréfið átti að greiða upp á næstu 5 árum með gjalddaga 1. febrúar ár hvert og í fyrsta sinn

1. febrúar 1981. Vextir skyldu vera 18% ársvextir og reiknast frá rýmingardegi íbúðarinnar 15. desember 1979. Kaupendur áttu samkvæmt kaupsamningi rétt á að fá afsal fyrir íbúðinni hinn 15. nóvember 1980, enda hefðu þeir þá staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt kaupsamningnum.

Afsal fyrir íbúðinni var útgefið 27. nóvember 1980. Gagnstefnandi (kaupandi), Hjalti Njálsson, óskaði eftir því að skrifa undir afsalið með eftirfarandi fyrirvara: „Undir afsalið er ritað með áskilnaði um rétt til bótakrafna á hendur seljanda vegna leynds galla, er ég tel á hinu selda og afsalaða." Þessu var hafnað af hálfu seljanda (gagnstefnda). Eigi var þá gengið frá lokauppgjöri vegna sölunnar, og eigi gáfu gagnstefnendur (kaupendur) út skuldabréfið, sem þó bar að gera samkvæmt kaupsamningnum og hefir komið fram í málinu, að það hafi verið vegna þess, að ófyrirséð var, hvernig með bótakröfuna yrði farið.

Með bréfi lögmanns gagnstefnenda dags. 30. desember 1980 til gagnstefndu var hún krafin um greiðslu þeirra bóta sem Samvinnutryggingar g.t. höfðu synjað um greiðslu á, sem fyrr greinir frá. Með bréfi gagnstefndu dags. 28. apríl 1981 var tjónakröfunni hafnað og bótaskyldu í málinu neitað.

Þann 13. febrúar 1981 greiddi gagnstefnandi, Hjalti Njálsson, inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands, Akranesi, á nafn gagnstefndu, Sigrúnar Ámundadóttur, afborgun og vexti af hinu óútgefna skuldabréfi samkvæmt kaupsamningi aðila. Á kvittun fyrir geymslugreiðslunni stendur, „að skuldabréfið sé óútgefið vegna deilu aðila vegna leyndra galla á hinu selda, íbúð að Bárugötu 18, Akranesi. Geymsluféð greiðist er ágreiningur aðila hefir verið leystur".

Með bréfi gagnstefndu, dags. 28. apríl 1981, tilkynnti hún gagnstefnendum, að málið yrði falið lögmanni til innheimtu, yrði skuldabréfið eigi afhent þinglesið samkvæmt kaupsamningi, og með bréfi lögmanns gagnstefndu, dags. 30. júní 1981, krafði hann gagnstefnendur (aðalstefndu) um skuldina samkvæmt hinu óútgefna veðskuldabréfi, þar sem hún væri vegna vanefnda öll í gjalddaga fallin. Þessu bréfi svaraði lögmaður gagnstefnenda með bréfi, dags. 9. júlí 1981, og mótmælti því, að skuldin samkvæmt hinu óútgefna skuldabréfi væri gjaldfallin. Skuldabréfið hefði eigi verið gefið út um leið og afsal vegna hinna leyndu galla á íbúðinni og uppgjör vegna vaxtagjalda o.fl. hefði eigi legið fyrir og afborgun og vextir hefðu verið greitt á geymslureikning (deponerað).

Það næsta, er gerist í málinu, er það, að aðalstefna er gefin út 4. desember 1981 og síðan gagnstefna 7. desember 1981, eins og að framan er lýst.

III.

Rétt þykir hér að rekja að nokkru framburð aðilja máls þessa fyrir dóm-

inum svo og vætti nokkurra vitna og önnur gögn málsins.

Aðalstefnandi, Sigrún Aðalheiður Ámundadóttir, f. 26/12 1955, bjó í íbúðinni á neðri hæð að Bárugötu 18 í 4 ár frá því í árslok 1975 til desember 1979 ásamt sambýlismanni sínum, Sigurði Halldórssyni, en þau gengu í hjónaband í desember 1980. Húsinu var vel við haldið, á meðan þau bjuggu í því, skipt var um járn á þaki í samráði við eiganda efri hæðar, og sumarið 1978 var húsið hraunmálað að utan af fagmönnum. Hún sagði, að eldhúsinnréttingin hefði verið gömul og gamaldags, fremur lítil, efri og neðri skápar úr máluðum viði á millivegg.

Aðalstefnandi kvað fram hafa komið í íbúðinni smávegis raka í útvegg í stofu í horninu við svefnherbergið, og taldi hún það stafa frá svölum á efri hæð. Einnig hafi myndast smávegis raki í eldhúsi í útvegg og í lofti kringum eldavél. Þegar þau fluttu í íbúðina vorið 1978 eftir að hafa leigt hana út þá um veturinn, máluðu þau eldhússkápa að innan með olíumálningu og einnig blett í lofti yfir eldhússkápum, en einmitt á þessum stöðum voru greinileg merki um raka. Var þessi málning óbreytt, þegar íbúðin var seld.

Hún sagðist aldrei hafa orðið vör við raka eða bleytu á gólfi íbúðarinnar og hafi vatns- og skolplagnir ekki verið ræddar við sölu íbúðarinnar.

Aðalstefnandi sagði, að Sigurður Halldórsson, sambýlismaður hennar, hefði sýnt kaupendum íbúðina, er þau komu í annað sinn að skoða hana ásamt fasteignasalanum, Sigurði G. Sigurðssyni. Hafi Sigurður þá lýst íbúðinni mjög nákvæmlega fyrir kaupendum.

Aðalstefnandi kvað aðalstefnda Hjalta hafa lýst því yfir, að hann myndi eigi gera bótakröfur á hendur henni og Sigurði, heldur Samvinnutryggingum. Og þannig hafi málin staðið, er afsal var útgefið í flýti í nóvember 1980 til þess að komast hjá hækkun á þinglýsingargjaldi þann 1. desember. En skuldabréfið, sem gefa átti út á sama tíma, skyldi gefið út daginn eftir eða alveg á næstunni og hafi Hjalti þá ekkert haft á móti því að gefa út bréfið. Hún minntist þess ekki, að Hjalti hefði viljað hafa fyrirvara við undirskrift afsalsins.

Sigurður Jakob Halldórsson, f. 13/3 1953, sambýlismaður aðalstefnanda að Bárugötu 18, upplýsti fyrir dóminum, að húsið Bárugata 18 hefði verið byggt í tvennu eða jafnvel þrennu lagi. Elsti hluti hússins væri frá því um 1920 úr steyptum holsteini, en viðbótarbygging úr steinsteypu frá því um 1940 og væri það eldhús, sturtuklefi og svefnherbergi, en síðar hefði verið byggt anddyri á suðurhlið.

Sigurður skýrði frá viðhaldi og endurbótum á húsinu eins og aðalstefnandi. Hann varð ekki var við leka á útveggjum, en vissi til, að eitthvað dropaði við skorstein á þaki. Hann sagði, að smárakablettir hefðu verið í horni í stofu við útvegg og í útvegg í eldhúsi en tók fram, að þetta hefði

horfið og jafnað sig, er húsið var málað að utan. Yfir þetta var málað af þeim Sigrúnu, og sagðist Sigurður hafa sýnt kaupendum þetta og sagt þeim frá alveg sérstaklega, enda blasti við olíumálning á hluta á lofti í eldhúsi. Sigurður kvaðst hafa sýnt þeim aðalstefndu, Hjalta og Valdísi, íbúðina og skýrt þeim frá ástandi hússins og viðhaldi og lýst íbúðinni nákvæmlega.

Afsal var útgefið í nóvember 1980 í nokkrum flýti og raunar af greiðasemi við Hjalta til að forðast hækkun á þinglýsingargjöldum. Sigurður kvaðst hafa hafnað ósk Hjalta um að rita á afsalið með fyrirvara. Var loforð um, að skuldabréfið yrði gefið út næstu daga, en á þeim tíma var ætlun beggja aðilja, að um tryggingarskylt tjón væri að ræða.

Aðalstefndi, Hjalti Njálsson, f. 18/4 1958, kvaðst hafa skoðað íbúðina allrækilega með sambýliskonu sinni, Valdísi Valdimarsdóttur. Sigurður Halldórsson sýndi þeim íbúðina og skýrði frá því, að hann hefði gert við tvo rakabletti, í horni í eldhúsi og í horni í svefnherbergi í fataskáp.

Hjalti sagðist hafa séð, að olíumálaður blettur var í lofti í eldhúshorni. Þá skýrði Hjalti frá viðgerð á íbúðinni svo og bilun á vatns- og skolpleiðslum eins og fram er komið í málavaxtalýsingu hér að framan. Hjalti sagðist hafa gert kröfu um að fá útgefið afsal í nóvember 1980 og hafi hann ritað á afsalið og fallið frá fyrirvara um galla á íbúðinni.

Veðskuldabréfið var þá eigi gefið út, og kvaðst Hjalti ekki minnast þess, að rætt hefði verið um útgáfu þess þá, og hefði hann talið, að útgáfa bréfsins ætti að bíða þangað til úrskurður tryggingafélagsins lægi fyrir. En síðar, líklega í apríl 1981, kom Sigurður Halldórsson með veðskuldabréfið til Hjalta og sýndi honum það, en þá kvaðst hann hafa neitað að gefa bréfið út, þangað til í ljós kæmi, hvernig uppgjöri yrði hagað varðandi tjónið.

Aðalstefndi sagði, að hann og Auðunn, eigandi efri hæðar, hefðu unnið í íbúðinni um helgar, að nokkru við múrbrot og hreinsun svo og að rjúfa klæðningu og ganga frá henni aftur. Þá unnu þeir við að steypa í gólfið og þar sem erfitt var að fá menn til starfa, tók Hjalti sér frí í viku frá störfum sínum til að vinna í íbúðinni.

Aðalstefnda Valdís Þóra Valdimarsdóttir, f. 4/11 1959, lýsti atvikum eins og Hjalti og sagði, að aðalstefnendur (sic) hefðu sýnt þeim Hjalta á tveim stöðum í íbúðinni þar sem raki hafði komið fram í eldhúshorni og í horni svefnherbergis. Valdís sagðist hafa lakkað eldhússkápana og hefði eigi verið sjáanlegur raki í þeim.

Hún kveðst hafa flutt úr íbúðinni til móður sinnar, meðan viðgerðir fóru fram, enda var hún með smábarn.

Vitnið Sigurður G. Sigurðsson, f. 16/8 1935, annaðist sölu íbúðar aðalstefnanda, kvaðst hafa farið mjög nákvæmlega yfir efni kaupsamnings með aðiljum við undirritun, einkum 4. gr. samnings, en hún hljóðaði þannig:

„Kaupanda er kunnugt um, að íbúðin er nokkuð við aldur, og kann að þarfnast margs konar viðhalds, jafnt utan sem innan m.a. á gluggum og gleri. Á undanförnum árum hefur farið fram verulegt viðhald á húsinu að utan svo og á þaki. Var að því stefnt m.a. að koma í veg fyrir smávegis raka frá útveggjum bæði í stofu og eldhúsi og virðist það hafa tekist vel. Hins vegar lýsir kaupandi því yfir, að hann muni engar kröfur gera á hendur seljanda fyrir neinum þeim kostnaði, sem hann myndi leggja í við frekari endurbætur hússins og annast það að öllu leyti fyrir eigin reikning."

Kvaðst vitnið hafa viljað benda þessu unga fólki á, að hér væri um gamla húseign að ræða, sem þyrfti endurbóta og viðhalds við sérstaklega og meira en um nýja íbúð væri að ræða.

Vitnið segir, að Hjalti hafi viljað árita afsalið með fyrirvara um áskilinn rétt til bóta á hendur seljanda á leyndum galla á íbúðinni að Bárugötu 18, en fallið frá því að kröfu seljanda. Veðskuldabréfið var eigi útgefið um leið og afsalið, en vitnið staðhæfði, að Hjalti hefði lofað að viðlögðum drengskap sínum að skrifa undir veðskuldabréfið innan fárra daga. En af þessu varð þó eigi, því vitnið veiktist og gat eigi gert bréfið. Síðar gerði Sigurður Halldórsson bréfið, en er hann vildi fá það útgefið, synjaði Hjalti Njálsson honum um undirritun.

Vitnið Auðunn Þorgrímur Þorgrímsson, Bárugötu 18, f. 23/2 1957, skýrði fyrir dómi frá atvikum eins og fram er komið í málavaxtatalningu hér að framan. Vitnið kvaðst hafa unnið með Hjalta Njálssyni að því að brjóta upp gólfin á neðri hæðinni svo og á endurbótum og framkvæmdum vegna tjónsins, og unnu þeir oft saman utan venjulegs vinnutíma.

Vitnið Kjartan Konráð Úlfarsson, Ásbúð 77, Garðabæ, f. 10/6 1935, tjónaskoðunarmaður hjá Samvinnutryggingum g.t., kom í vettvangsskoðun að Bárugötu 18, 29. maí 1980. Gerði hann uppdrátt af neðri hæðinni og tjónsskýrslu, og staðfesti hann athuganir sínar og skýrslur fyrir dóminum.

Þá gáfu skýrslur fyrir dóminum Pálmi Pálmason, starfsmaður Samvinnutrygginga á Akranesi, og Kristján Sveinsson, umboðsmaður félagsins á Akranesi. Staðfestu þeir skýrslur sínar um tjónið að Bárugötu 18, en öll framangreind gögn hafa verið lögð fram í máli þessu. Þykir eigi ástæða til að rekja skýrslur þessar nánar, enda er almenn atvika- og málavaxtalýsing hér að framan byggð á þeim að verulegu leyti.

Vitnið Jón Bjarni Gíslason, f. 20/9 1960, pípulagningamaður vann á vegum Pípulagningarþjónustunnar sf. og kom að Bárugötu 18, neðri hæð, vorið 1980 til að athuga vatnslögn vegna leka. En við nánari athugun kom í ljós, að ekki aðeins vatnslögn í eldhúsi var lek í gólfi, heldur einnig skolplögn, og þar sem skolplögn frá efri hæð kom saman við aðalskolplögn hússins, var komin sprunga í rör, svo að vatnið lak þar út. Þar sem skolplögnin undir eldhúsi var alveg stífluð, myndaðist þarna eins konar rotþró. Og þar

sem skolplögnin lá í jarðveginum, sem var nokkuð sendinn, taldi hann, að þetta ástand kynni að hafa verið í nokkurn tíma.

Vitnið kvað það algenga orsök þess, að leki myndist í skolplögn eldri húsa, að leki komi fram og við það missigi skolprörin, sem eru úr steinsteypu, og vilji þá gjarnan springa.

Samkvæmt mælingu byggingafulltrúans á Akranesi, dags. 6/3 1981, sem lögð hefir verið fram í dóminum, er eignarhluti efri hæðar í húseigninni Bárugötu 18 61,80%, en neðri hæðar 38,20%.

Greint hefir verið frá því hér að framan, að aðalstefndi, Hjalti Njálsson, hafi greitt inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands fyrstu afborgun og vexti af óútgefnu veðskuldabréfi samkvæmt kaupsamningi þann 13. febrúar 1981. Þann 2. febrúar 1982 greiddi aðalstefndi Hjalti inn á geymslureikning á nafn aðalstefnanda aðra afborgun og vexti af veðskuldabréfinu og með sömu skilmálum að geymsluféð greiddist, er ágreiningur aðilja hefði verið leystur.

Þann 2. júlí 1982 undirritaði aðalstefndi veðskuldabréf til handhafa að fjárhæð kr. 27.720,00 í samræmi við kaupsamning frá 9. desember 1979 miðað við framangreindar greiðslur inn á geymslureikning. Var veðskuldabréfinu þinglýst 26. júlí 1982 og lagt fram í máli þessu 19. október 1982.

Þann 2. febrúar 1983 greiddi aðalstefndi, Hjalti Njálsson, inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands á nafn aðalstefnanda, Sigrúnar Ámundadóttur, þriðju afborgun og vexti af veðskuldabréfi samkvæmt kaupsamningi aðilja, sem hafði nú verið gefið út, eins og að framan greinir. Kvittun fyrir greiðslu þessari er lögð fram í máli þessu

IV.

Aðalsök.

Aðalstefnandi hefir rökstutt kröfur sínar með því, að aðalstefndu hafi vanefnt svo útgáfu veðskuldabréfsins og greiðslur afborgana og vaxta af því dregist svo verulega, að öll skuldin samkvæmt veðskuldabréfinu sé þegar í gjalddaga fallin. Þegar afsal var útgefið 27. nóvember 1980, hafði aðalstefndi, Hjalti Njálsson, lofað að skrifa undir veðskuldabréfið fljótlega, en síðar, er honum var sýnt bréfið, synjaði hann um útgáfu þess, og eigi var bréfið útgefið fyrr en 2. júlí 1982.

Greiðslur aðalstefnda Hjalta inná geymslureikning í Landsbanka Íslands á nafn aðalstefnanda var þeim skilyrðum bundin, að hann gat eigi tekið út peningana. Aðalstefnandi gat því eigi hagnýtt sér bréfið eða greiðslur samkvæmt því. Aðalstefnanda hafi aldrei verið boðin greiðsla samkvæmt hinu óútgefna veðskuldabréfi, en hann hafi ávallt verið reiðubúinn að taka við þeim greiðslum. Þegar fallist var á það á dómþingi 19. október 1982, að aðalstefnandi fengi afhentar þær innborganir inn á geymslureikning,

sem að framan greinir, sem fulla greiðslu samkvæmt veðskuldabréfinu til 1. febrúar 1982, var skýrt tekið fram, að aðalstefnandi félli eigi frá gjaldfellingu bréfsins.

Vaxtakrafan sé hófleg og eðlileg svo og málskostnaðarkrafan, þar sem málssókn hafi verið óhjákvæmileg.

Aðalstefndu byggja sýknukröfu sína á því, að eigi hafi verið um verulegar vanefndir að ræða af þeirra hálfu, ef tillit er tekið til allra atriða málsins. Aðalstefnda Hjalta hafi eigi verið sýnt veðskuldabréf við útgáfu afsals, og kaupendur (aðalstefndu) töldu sig hafa loforð aðalstefnanda fyrir því, að útgáfa skuldabréfs skyldi bíða eftir úrskurði tryggingafélagsins. Aðalstefndu hafi og eigi haft í hyggju að draga greiðslur samkvæmt veðskuldabréfinu, þar sem greitt var á geymslureikning á réttum tíma á nafn aðalstefnanda. Það hafi sýnt vilja aðalstefndu til greiðslu, þó að geymsluféð væri tengt úrslitum bótamálsins.

Aðalstefnandi hafi og síðar tekið við geymslufénu ásamt vöxtum og sé tjón hans því ekkert. Það væri því mjög óeðlilegt og ósanngjarnt, ef til gjaldfellingar kæmi.

Af sömu ástæðu og að framan er rakið beri og að synja málskostnaðarkröfu aðalstefnanda, en e.t.v. væri eðlilegast, þegar málsatvik eru öll virt, að málskostnaður félli niður í aðalsök.

Samkvæmt kaupsamningi aðilja, dags. 9. desember 1979, áttu aðalstefndu að fá útgefið afsal á umræddri íbúð 15. nóvember 1980, og var það útgefið af aðalstefnanda 27. nóvember 1980. Aðalstefndu höfðu þá efnt skyldur sínar samkvæmt kaupsamningnum að öðru leyti en því, að veðskuldabréf var eigi útgefið, og varð dráttur á því til 2. júlí 1982.

Greiðslur afborgana og vaxta af eftirstöðvum kaupenda samkvæmt hinu óútgefna skuldabréfi inntu aðalstefndu af hendi með þeim hætti að leggja féð inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands á nafn aðalstefnanda, en geymsluféð skyldi þó eigi greiðast fyrr en ágreiningur aðilja um leynda galla á hinni seldu íbúð hefði verið leystur. Eigi er annað upplýst í máli þessu en aðalstefndu hefðu getað greitt aðalstefnanda afborganir og vexti og þannig fullnægt greiðsluskyldu sinni. En eigi verður talið, að aðalstefndu hafi gert það með því að greiða skuld sína inn á geymslureikning með þeim skilmálum, sem að framan er lýst, sbr. lög um geymslufé nr. 9, 1978.

Vanefndir af hálfu aðalstefnda á útgáfu veðskuldabréfs og greiðslum á eftirstöðvum kaupverðs samkvæmt því og kaupsamningi þykja því eiga að valda því, að allar eftirstöðvar kaupverðsins séu fallnar í gjalddaga. Og eigi verður litið svo á, að synjun aðalstefnanda á greiðslu umdeildra bóta vegna galla á hinni seldu íbúð heimili aðalstefnda að stöðva greiðslur á umsömdu kaupverði samkvæmt kaupsamningi.

Ber því að taka til greina kröfur aðalstefnanda í málinu í aðalsök, nema

að því er tekur til vaxta, en það verður reifað síðar.

Samkvæmt því og málavöxtum að öðru leyti verða aðalstefndu dæmd að greiða aðalstefnanda málskostnað í aðalsök, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 5.200,00.

V.

Gagnsök.

A. Bótaskylda.

Af hálfu gagnstefanda er bótakrafan byggð á því, að húseignin hafi, er kaup fóru fram, verið haldin verulegum göllum, og bendir hann í því efni á 2. gr. (sic) 42. gr. laga nr. 39/1922 um lausafjárkaup, en óumdeilt sé, að beita megi ýmsum grundvallarreglum kaupalaga um fasteignakaup með lögjöfnun.

Eins og ljóst sé af gögnum málsins, sem að framan eru rakin, komu fram stórfelldir gallar á skolp- og vatnslögn, en minni á þaki hússins. Fór fljótlega að bera á þessum skemmdum, eftir að kaupendur, gagnstefnendur, fóru að búa í íbúðinni. Gallarnir hafi verið leyndir fyrir kaupendum, enda ekki sýnilegir við skoðun, en eigi er því haldið fram af gagnstefnendum, að gagnstefnda hafi haft vitneskju um gallana eða beitt svikum. En ótrúlegt megi telja, að seljendur (sic) hafi eigi haft grun um, að eigi væri allt með felldu eftir að hafa búið í íbúðinni í fjögur ár. Enda hafi seljendur bent á rakabletti í vegg og lofti í eldhúsi, þar sem skemmdir komu fram síðar. Hin ítarlegi fyrirvari um ástand íbúðarinnar í 4. gr. kaupsamnings bendi og til þess, að seljendur hafi haft vissan grun um skemmdir eða galla. Seljendur hafi talið rakann stafa frá útveggjum eða þaki og gert fremur lítið úr honum og látið í veðri vaka, að lagfæringu væri lokið. Með því hafi seljendur látið hjá líða að kanna þetta sjálf betur og eigi síður vanrækt að benda kaupendum á þá galla, sem kynnu að leynast þarna, og með því fullnægja upplýsingaskyldu sinni.

Þrátt fyrir aldur hússins hafi ástand þess og íbúðarinnar verið allgott við skoðun kaupenda. Þeir hafi því fullnægt skoðunarskyldu sinni og væri því óeðlilegt, að seljendur bæru ekki ábyrgð á hinum stórfelldu leyndu göllum, er fram komu síðar, enda hafi það verið almenn forsenda kaupanna, að svo væri eigi.

Gagnstefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að hér hafi verið um gamalt hús og íbúð að ræða og viðgerðir gagnstefnenda á vatns- og skólplögn hafi í raun verið eðlilegt viðhald og endurbætur, enda hafi kaupandi í 2. mgr. 4. gr. kaupsamnings tekið á sig allan kostnað vegna endurbóta á húsinu og í afsali um ári síðar, 27. nóvember 1980, hafi hann staðfest, að hann sætti sig við ástand eignarhlutans eins og hann var, er gagnstefnandi tók við honum í desember 1979. Af hálfu gagnstefnda er því harðlega

mótmælt, að seljendur hafi vitað eða haft grun um eitthvað meira en þau sögðu, t.d. með því að benda á rakablettina. Seljendur hafi engu verið að leyna, enda ósannað, að neitt samhengi hafi verið milli rakablettanna og skemmda á lögnum, er síðar komu fram. Kaupendur hafi og búið nokkra mánuði í íbúðinni, áður en galla eða bilana varð vart. Þá hafi gagnstefnendur látið hjá líða að fá dómkvadda matsmenn til að skoða og meta skemmdirnar strax og finna þannig orsök bilana og hæfilegan viðgerðarkostnað. En framlagðir reikningar og bótakröfur séu vegna eðlilegs tilfallandi viðhalds, endurbóta og skipulagsbreytinga, en ekkert komi fram um leynda galla.

Bótakröfum samkvæmt matsgerð á þaki sé og mótmælt, þar sem í henni sé raunverulega lagt á ráðin um endurbætur, en ekki viðgerð á leyndum göllum.

Af framansögðu sé ljóst, að gagnstefndi beri eigi fébótaábyrgð í gagnsök í máli þessu.

Það er upplýst í máli þessu, að húsið Bárugata 18 er mjög gamalt, 40 ára og jafnvel allt að 60 ára að hluta. Mátti kaupandi (gagnstefnendur) því búast við allmiklu viðhaldi og nauðsynlegum endurbótum á eigninni. Eðlilegast verður að telja, að með fyrrgreindum fyrirvara í 2. mgr. 4. gr. kaupsamnings sé seljandi að benda kaupendum á þessi atriði. Og varhugavert þykir að fullyrða, að seljanda hafi mátt vera ljóst, er salan fór fram, að íbúðin væri haldin þeim göllum, er raun varð á.

En hins vegar máttu gagnstefnendur vænta þess þrátt fyrir aldur fasteignarinnar, sem var sjáanlega í allgóðu ástandi, að hún væri eigi haldin svo stórfelldum og leyndum göllum sem raun bar vitni og út af fyrir sig er eigi ágreiningur um í málinu.

Kaupendur máttu geta treyst því, að ástand eignarinnar viki eigi svo verulega frá því, sem almennt tíðkast um búnað og gerð sambærilegra eigna.

Verður því að telja, að seljandi, gagnstefndi, beri fébótaábyrgð á sannanlegu tjóni kaupenda, gagnstefnenda í málinu.

B. Fjárhæð bótakröfu.

Gagnstefnendur, sem taldir eru eigendur að 38,2% heildareignar húseignarinnar Bárugötu 18, Akranesi, sundurliða kröfur sínar þannig:

a. 38,2% sameiginlegs útlagðs kostnaðar beggja hæða, sem reyndist alls kr. 21.109,60, og verður kostnaður sundurliðaður síðar,	kr. 8.063,86
b. 38,2% í sameiginlegri vinnu gagn-	

stefnenda og eiganda efri hæðar, kr. 50x495 klst.	"	9.454,50
c. Vegna kaupa á eldhúsinnréttingu kr. 6.380,00 og uppsetningar kr. 2.000,00 sökum skemmda	"	8.830,00
d. Húsaleiga frá 11. maí til 25. júní 1980	"	1.500,00
e. Fyrir óhagræði og rask	"	1.000,00
f. 38,2% heildarkostnaður samkvæmt mati vegna lagfæringar á þaki kr. 2.983,03	"	1.139,52
Alls	kr.	29.987,88

Af hálfu gagnstefnda er einstökum kröfuliðum mótmælt, þar sem hér sé um reikninga að ræða yfir endurnýjun og breytingar, heildarkostnaður vegna endurbóta almennt á íbúðinni, en ekki hvað kostað hafi að bæta ur leyndum göllum. Þá vantaði mat sérfróðra manna um, hvernig hefði mátt bæta úr göllum þessum sem ódýrast. Eigi annmarkar þessir að leiða til sýknu í málinu eða jafnvel frávísunar.

Gagnstefnendur hafa gefið þá skýringu á því, að mat fór eigi fram, að eðlilegt hafi verið að beina kröfum vegna skemmdanna til tryggingafélagsins, en skoðun tjónsmanna og viðgerðarreikningar séu almennt nægileg sönnunargögn gagnvart tryggingafélögum og hið sama gildi og fyrir dómi. En þegar synjun á greiðslu bóta kom frá Samvinnutryggingum, hafi verið of seint að óska eftir skoðunar- og matsgerð á tjóninu.

Eins og málavöxtum og atvikum öllum er háttað í máli þessu, þykir vöntun á skoðunar- og matsgerð sérfróðra manna á skemmdunum og tjóni gagnstefnenda einu sér og án fyrirvara ekki eiga að valda sýknu í málinu.

Verða kostnaðarliðir því raktir nánar og teknir til skoðunar og mats af dóminum og í sömu röð og hér að ofan.

Um kröfulið A.

Samkvæmt dómsskjali nr. 25 er þessi kröfuliður í heild yfir vinnu og efni frá því í maí til ágúst 1980 og eru þeir greindir í númeraröð 1-14.

Um kröfulið A 1.

Reikningar fyrir þessum kröfulið eru sagðir vera yfir málningu og dúk og eru frá málningarverslun. En þeir reikningar eru einnig yfir kaup á novapani, loftkalitplötum ofl. frá Trésmiðju Sigurjóns og Þorbergs hf. Akranesi, og er einn reikningurinn skráður á nafn Magnúsar Gunnlaugssonar. Við skoðun dómaranna á íbúðinni og viðgerðum þar og sérstakri

athugun hinna sérfróðu meðdómsmanna kom í ljós, að efni þetta var notað í vegg- og loftklæðningu á íbúðinni, þar sem rifið hafði verið niður, og að Magnús Gunnlaugsson var starfsmaður gagnstefnanda, Hjalta Njálssonar, og hafði annast innkaupin. Þykir því mega leggja reikningana til grundvallar samkvæmt þessum kröfulið að fjárhæð *kr. 4.607,06.*

Um kröfulið A 2.

Reikningar yfir þennan kröfulið eru um kaup á steypu og sandi ofl., svo sem múrbroti á eldhúsgólfi, kvittaðir ásamt frumnótum. Verða þeir því teknir til greina og þessi kröfuliður, *kr. 1.002,68.*

Um kröfulið A 3.

Hér er um að ræða kvittaðar staðgreiðslunótur yfir kaup á furu, vírneti ofl., og þykir mega taka þennan lið til greina *kr. 632,95.*

Um kröfulið A 4.

Hér er um að ræða reikninga ásamt frumnótum yfir vinnu og efni við skólp- og vatnslögn ofl. frá Pípulagningarþjónustunni sf. Kostnaður þessi verður að fullu tekinn til greina *kr. 9.185,81.*

Um kröfulið A 5.

Reikningur frá Vörubílastöð Akraness yfir akstur með rusl og verður lagður til grundvallar þessum kröfulið *kr. 222,28.*

Um kröfulið A 6.

Reikningur yfir múrbrot á gólfi frá Broti og fleygunum sf. er tekinn til greina *kr. 100,00.*

Um kröfulið A 7.

Til grundvallar þessum kröfulið er ókvittaður reikningur stílaður á sameignina Bárugötu 18 vegna vinnu við skurðgröft með gröfu og setja rusl á bíl eða akstur. Samkvæmt athugun hinna sérfróðu meðdómenda er hér um að ræða kostnaðarreikning yfir vinnu Auðuns Þorgrímssonar, eiganda efri hæðar, með gröfu eða vinnuvél, er hann átti sjálfur. Gróf hann fram með húsinu vegna bilana fyrir vatnslögn, heimtaug. Reiknar hann sér 2 klst. í næturvinnu 7. og 8. júní 1980 og jafnlangan tíma greiðslu fyrir vinnuvélina.

Samkvæmt áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna er reikningur þessi eðlilegur að því er varðar tíma og verð, og þykir því mega leggja hann til grundvallar þessum kostnaðarlið *kr. 617,74.*

Um kröfulið A 8.

Hér er um að ræða kvittaða reikninga og frumótur yfir málningarvinnu og efni og verður lagður til grundvallar kröfulið þessum *kr. 1.515,05.*

Um kröfulið A 9.

Þessi kröfuliður styðst við staðgreiðslunótu yfir kaup á plasti, einangrun í gólf og verður tekinn til greina *kr. 181,00.*

Um kröfulið A 10.

Kröfuliður þessi, sem er vegna viðgerðar á raflögn í gólfi, efni og vinnu, styðst við kvittaða reikninga ásamt frumnótum og verður lagður til grundvallar *kr. 117,51.*

Um kröfulið A 11.

Kvittuð staðgreiðslunóta yfir kaup á dúk á gólf og lím er til grundvallar þessum kröfulið, sem verður tekinn til greina *kr. 1.593,71.*

Um kröfulið A 13.

Kröfuliður þessi er vegna vinnu við nýtt vatnsinntak ofl. er samkvæmt reikningi Pípulagningarþjónustunnar sf. og verður tekinn til greina *kr. 736,79.*

Um kröfulið A 14.

Hér er um að ræða staðgreiðslunótu um kaup á timbri og saum og þykir verða að taka til greina *kr. 111,02. Alls kr. 21.109,60.*

Hlutur neðri hæðar er því 38,2% af þessari fjárhæð, eða *kr. 8.063,86,* sem er heildarfjárhæð kröfuliðar A hér að framan.

Um kröfulið B.

Eins og fyrr greinir, er kostnaðarliður þessi vegna eigin vinnu gagnstefnenda og eiganda efri hæðar, Auðuns Þorgrímssonar, við lagfæringu og endurbætur þær, er fóru fram á eigninni Bárugötu 18, neðri hæð, og fór vinna þessi fram á tímabilinu 10. maí til ágúst 1980. Telja þeir í yfirlýsingu, dags. 20. nóvember 1981, dómskj. nr. 27 í máli þessu, að vinnan hafi verið fólgin í múrbroti, aðstoð við pípulögn, niðurrifi, steypuvinnu, dúkalögn, málningarvinnu, þrifum, snúningum í sambandi við kaup á hlutum ofl. vegna viðgerðanna. Eigendur neðri hæðar hafi auk aðstoðarmanna unnið í alls 465 klst., en eigandi efri hæðar í 30 klst., eða alls 495 klst.

Þeir reikna sér í kaup kr. 50,00 á klst. og hafi þeir því lagt fram eigin vinnu fyrir kr. 24.750,00. Eigendur segjast að mestu hafa unnið þessi störf í eftir- og næturvinnu og um helgar, og telja þeir því sanngjarnt að miða

við kr. 50,00 á klst., en við ákvörðun tímakaups sé miðað við kaup iðnaðarmanna á þessum tíma og þá sé gert ráð fyrir öllum aukaliðum, sem oft séu greiddir sér hjá iðnaðarmönnum, eins og t.d. verkfærapeningar, fatapeningar og ferðakostnaður. Eigi hefir af hálfu gagnstefnenda verið sundurliðað nánar, hvenær og af hverjum framangreind vinna var unnin.

Gagnstefndi hefir andmælt kröfulið þessum.

Eigi þykir þó, eins og atvikum er háttað, eiga að synja honum alfarið og samkvæmt áliti hinna sérfróðu meðdómsmanna þykja vinnustundir gagnstefnanda og aðstoðarmanna hans og eiganda efri hæðar hæfilega ákveðnar 312 klst. og jafnframt megi ákveða kaupið á hverja klst. kr. 30,00.

Þessi kröfuliður verður því tekinn til greina með kr. 30x312 kr. 9.360,00 og 38,2% þar af *kr. 3.575,52.*

Um kröfulið C.

Gagnstefnendur hafa rökstutt þennan kröfulið með því, að eldhúsinnréttingin hafi orðið ónýt vegna skemmda, er hún var tekin niður, og nauðsynlegt hafi verið að kaupa nýja. Þá hafi gagnstefnendur talið eðlilegt og hagkvæmt að setja hana upp á öðrum stað en sú eldri var.

Gagnstefnda hefir lýst gömlu eldhúsinnréttingunni hér að framan þannig, að hún hafi verið gömul og gamaldags, fremur lítil úr máluðum viði. Var því hér um mikla endurbót að ræða. Ætla má og, að nokkur kostnaður hafi orðið við það að útbúa eldhús í öðru herbergi og komi hann fram í kröfuliðum A og B hér að framan. Þegar þetta er haft í huga, er það mat hinna sérfróðu meðdómsmanna og dómsins í heild, að hæfilegt sé að taka þann kröfulið til greina með *með kr. 2.500,00.*

Um kröfulið D.

Með tilliti til atvika málsins þykir mega taka þann kröfulið til greina *kr. 1.500,00.*

Um kröfulið E.

Eins og málavöxtum hefir verið lýst, urðu gagnstefnendur fyrir miklu óhagræði og raski, og þykir því eiga að taka kröfulið þennan til greina *kr. 1.000,00.*

Um kröfulið F.

Upplýst er í málinu, að gagnstefnda hafði skipt um járn á þaki hússins, og var kaupendum skýrt frá því, áður en sala fór fram. Þegar leki kom fram á þakinu, báðu eigendur hússins sameiginlega um að fá dómkvadda matsmenn að framkvæma skoðunar- og matsgerð á þakinu.

Samkvæmt mati hinna dómkvöddu matsmanna þurfti að setja blikk utan um neðri hluta skorsteins, sem næði hæfilega langt út á þakjárnið í kring og ganga frá því með tryggilegum hætti. Einnig reyndust sum langböndin vera fúin og þurfti því að rjúfa þakjárn og þakpappa á því svæði til að skipta mætti um fúin langböndin.

Kostnaður við endurbætur þessar, sem var sundurliðaður í efni og vinnu, var samkvæmt matinu kr. 2.983,05. Heildarkostnaður við matið var kr. 1.260,00.

Þegar litið er til þess, að gagnstefnendum var skýrt frá því, að nýleg viðgerð hefði farið fram á þaki hússins, þykir rétt að leggja matsgerðina til grundvallar þessum kröfulið og 38,2% matsgerðar tekin til greina *kr. 1.139,52.*

Niðurstaða málsins í gagnsök verður því sú að dæma gagnstefnendum *kr. 17.778,90* með þeim vöxtum, sem krafist er. Þá ber að dæma gagnstefnda til greiðslu málskostnaðar, *kr. 7.000,00,* og þá tekið tillit til matskostnaðar.

VI.

Niðurstaða málsins í aðalsök er því sú, að aðalstefndu, Hjalti Njálsson og Valdís Valdimarsdóttir, verða in solidum dæmd til að greiða aðalstefnanda, Sigrúnu Ámundadóttur kr. 27.720,00. Aðalstefnandi krefst eigi dómvaxta, og virðist því rétt að miða við ársvexti af almennum spariinnlánum, sem verða þá 34% ársvextir af framangreindri fjárhæð frá 1. febrúar 1982 til 1. nóvember 1982 og 42% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 14.229,60.

Málskostnaður ákveðst kr. 5.200,00.

Niðurstaða í gagnsök er sú, að gagnstefnda, Sigrún Ámundadóttir, verður dæmd til að greiða gagnstefnendum, Hjalta Njálssyni og Valdísi Valdimarsdóttur, kr. 17.778,88 með 31% ársvöxtum frá 11. maí til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður ákveðst kr. 7.000,00.

Dómsorð:

Aðalstefndu, Hjalti Njálsson og Valdís Valdimarsdóttir, greiði aðalstefnanda, Sigrúnu Ámundadóttur, kr. 27.720,00 með 34% ársvöxtum frá 1. febrúar 1982 til 1. nóvember 1982 og 42% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum kr. 14.229,60, og í málskostnað kr. 5.200,00.

Gagnstefnda, Sigrún Ámundadóttir, greiði gagnstefnendum, Hjalta Njálssyni og Valdísi Valdimarsdóttur, kr. 17.778,90 með 31% ársvöxtum frá 11. maí 1980 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 15. desember 1981, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og í málskostnað kr. 7.000,00.

Aðfararfrestur í báðum sökum er 15 dagar frá lögbirtingu dómsins að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 216/1984. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Þorsteini Joensen

(Jón Oddsson hrl.)

Skjalafals. Tékkar. Ákvæði um dráttarvexti af fébótakröfum ómerkt og dráttarvaxtakröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Sigurgeir Jónsson og Sigurður Líndal prófessor.

Héraðsdómi var skotið til Hæstaréttar að því er dómþola Þorstein Joensen varðar að kröfu hans með áfrýjunarstefnu 20. september 1984. Af ákæruvalds hálfu er þess krafist, að refsing ákærða verði þyngd, en staðfest verði sakarmat héraðsdóms, þar á meðal um ákærulið V, 11 og VII, 1, en af þeim var ákærði sýknaður í héraði. Koma þau tvö atriði því eigi til úrlausnar Hæstaréttar.

Ágrip barst Hæstarétti 4. janúar 1985.

Þrátt fyrir yfirlýsingu skipaðs verjanda ákærða við flutning málsvarnar fyrir Hæstarétti um, að unað sé við sakarmat héraðsdóms um öll ákæruatriði, þykir óhjákvæmilegt að taka sérstaklega af-

stöðu til þeirra ákæruatriða, sem ákærði hélt sjálfur fram fyrir héraðsdómi, að honum væru ósaknæm.

Ákæruliður II, 1. Svo sem í héraðsdómi greinir, neitaði ákærði að hafa notað þennan tékka og ekki hafi hann notið ávinnings af honum. Hann kveður bróður sinn hafa notað tékkann og eytt ávinningi brotsins að fullu sjálfur. Ákærði viðurkenndi að hafa beðið stúlku að útfylla tékkann.

Ákæruliður II, 2. Ákærði kvaðst hafa hvatt stúlku til þess að útfylla tékkann, verið viðstaddur, þegar það var gert, og sjálfur ritað tölustafi á hann, en neitar því að hafa notað hann eða notið ávinnings af broti.

Ákæruliður III, 1. Svo sem í héraðsdómi greinir, játaði ákærði, að hann hefði ritað á framhlið tékkans, kvaðst eigi vita, hver ritaði á bakhlið hans né heldur til hvers tékki þessi var notaður eða af hverjum.

Ákæruliður V, 10. Ákærði viðurkenndi að hafa falsað tékkann, en kvaðst ekki vita um framsal hans og ekki kannast við rithöndina aftan á tékkanum. Hann kvaðst ekki hafa notið ágóða af sölu hans.

Um alla framangreinda ákæruliði er það að segja, að falsanir eru framkvæmdar sem hluti af brotahrinu ákærða og nokkurra félaga hans í mars og apríl 1981. Ákærði hefur viðurkennt að hafa ýmist sjálfur framkvæmt falsanirnar eða fengið aðra til þess. Tilgangur hans með fölsunum þessum hlaut að vera sá, að tékkarnir yrðu notaðir og þó eigi sé fullljóst, hver eða hverjir veittu atbeina sinn til fullframningar brotanna, þykir ekki varhugavert, svo sem mál þetta horfir við, að sakfella ákærða fyrir brot þau, sem í þessum ákæruliðum greinir.

Ákæruliður VI. 5: Í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglu kvað ákærði stúlku nokkra án hvatningar frá sér hafa falsað tékkann og viti hann ekki, hver falsaði framsal og seldi tékkann. Í sakadómi er síðar bókað eftir ákærða, að hann hafi fengið stúlku til þess að falsa tékkann og hann svo verið notaður í Matstofu Austurbæjar. Samkvæmt þessum framburði ákærða þykir verða að líta svo á, að hann hafi tekið þátt í því að nota tékkann í Matstofu Austurbæjar. Ber því einnig að sakfella hann fyrir brot það, sem í þessum ákærulið greinir.

Með framangreindum athugasemdum um þar greinda ákæruliði

og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta sakarmat hans. Brot ákærða eru í héraðsdómi réttilega heimfærð undir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um ákvörðun refsingar í einu lagi samkv. 60. gr. almennra hegningarlaga fyrir brot, sem dæmt var í sakadómi Reykjavíkur 11. apríl 1983, og brot þau, sem fjallað er um í þessu máli. Ber að ákveða refsingu með hliðsjón af reglum 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga.

Fangelsisrefsing ákærða þykir hæfilega ákveðin í héraðsdómi. Ber því að staðfesta refsiákvæði héraðsdóms að öðru leyti en því, að ekki þykja efni til að dæma sektarrefsingu með fangelsisrefsingu í máli þessu. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um frádrátt gæsluvarðhaldsvistar og skilorð.

Þeir bótakrefjendur, sem krafist hafa dráttarvaxta af fébótakröfum sínum, hafa krafist þeirra frá tilteknum dögum, en að öðru leyti ótiltekið. Héraðsdómari hefur ekki leiðbeint þeim um kröfugerð að þessu leyti og hvorki borið hana sérstaklega undir ákærða né dæmt í dómi sínum, hvaða dráttarvexti ákærði eigi að greiða af dæmdum skaðabótafjárhæðum. Eins og hér stendur á, þykir rétt að ómerkja vaxtaákvæði hins áfrýjaða dóms og vísa vaxtakröfum þessum frá sakadómi, en staðfesta ákvæði hans um skaðabætur að öðru leyti að því er tekur til ákærða Þorsteins Joensen.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti 15.000,00 krónur.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um fangelsisrefsingu ákærða, Þorsteins Joensen, frádrátt gæsluvarðhaldsvistar og skilorð skulu óröskuð.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um skaðabætur er staðfest að öðru leyti en því, að ákvæði dómsins um dráttarvexti af fébótakröfum á að vera ómerkt, og er dráttarvaxtakröfum vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði sakadóms um sakarkostnað skal óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 27. febrúar 1984.

Ár 1984, mánudaginn 27. febrúar, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 98-104/1984: Ákæruvaldið gegn Þorsteini Joensen, RH, RS, F, Á, S og G, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 8. júní 1983, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Þorsteini Joensen, Réttarholtsvegi 1, fæddum 13. apríl 1965 í Reykjavík, RH..., RS..., F...,Á...,S... og G..., öllum í Reykjavík, fyrir skjalafals þar í borginni, nema annars sé getið, árið 1981, svo að varðar við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

A. Á hendur ákærða Þorsteini með því að hafa notað eða afhent til notkunar í lögskiptum falsaða tékka á stolnum eyðublöðum, ýmist einn eða í félagi við aðra, þ.á m. meðákærðu, sem ákærði, meðákærðu eða aðrir höfðu ritað að hluta eða að öllu leyti, en tékkarnir voru allir stílaðir á handhafa, hljóðandi á reikningsnúmer, sem valin voru af handahófi, og útgefnir með nöfnum og framseldir með nöfnum, sem valin voru á sama hátt:

I.

Tékkar á eyðublöðum, merktum Verslunarbanka Islands, dagsettir 26. mars 1981, nema annars sé getið, og notaðir í þeim mánuði:

1) Nr. 1418940, kr. 500.-, reikn. nr. 4232, með nafni Guðrúnar Sigurðardóttur og framsali Jóhanns Gunnarss., seldir í Kjörbúð S.S., Laugavegi 116.

2) Nr. 1418941, kr. 300.-, reikn. 3829, með nafni Sigrúnar Jónsdóttur og framsalinu Kristinn Jónsson (sic), seldur í Pylsuvagninum, Laugardal.

3) Nr. 1418943, kr. 300,-, reikn. nr. 4122, með nafni Einars Sigurðssonar (sic), og framsalinu Gunnar P. Enarsson (sic), seldur á sama stað.

4) Nr. 1418945, kr. 300.-, reikn. nr. 5287, með nafni Péturs Ragnarssonar og framsali Benjamíns Gunnars., seldur í Söluturninum Vesturgötu 53.

5) Nr. 1418946, kr. 300.-, reikn. nr. 1249, með nafni Ásgeirs Baldurssonar og framsali Péturs Þórðar., seldur Pylsuvagninum í Austurstræti.

6) Nr. 1418948, kr. 400,-, reikn. nr. 3821, dags. 27.3. 1981, með nafni Sigurðar Jónssonar og framsali Petru Sigursveinsdóttur, seldur í verslun S.S., Laugavegi 116.

II.

Tékkar á blöðum, merktum aðalbanka Búnaðarbanka Islands, dagsettir 22. apríl 1981 og notaðir í þeim mánuði eins og rakið er:

1) Nr. 2969043, kr. 500,-, reikn. nr. 7460, með nafni Bergþóru Jónsdóttur og framsalinu Gvuðmundur (sic), seldur á veitingastofunni Aski, Suðurlandsbraut.

2) Nr. 2969044, kr. 500.-, reikn. nr. 6064, með nafni Guðlaugar Ásgeirsdóttur og framsalinu Gvuðmundur álfonsson (sic), seldur í Hummelbúðinni, Ármúla 38.

3) Nr. 2969045, kr. 600.-, reikn. nr. 8460, með nafni Sigþórs Halldórssonar og framsali Bjarkar Ásgeirsdóttur, seldur í Laugavegsbúðinni, Laugavegi 82.

4) Nr. 2969046, kr. 500.-, reikn. nr. 3846,með nafni Sigurðar Geirssonar og framsali Þorsteins Sigurðssonar, seldur í Sportvali, Laugavegi 116.

5) Nr. 2969048, kr. 400.-, reikn. nr. 3604, með nafni Sigurðar Jónssonar, seldur í Söluturninum, Síðumúla 17.

6) Nr. 2969050, kr. 500.-, reikn. nr. 3846, með nafni Bergþóru Karlsdóttur og framsali Birnu Geirsdóttur, seldur í Hverfiskjötbúðinni, Hverfisgötu 50.

III.

Tékkar á eyðublöðum, merktum Sparisjóði vélstjóra og notaðir í aprílmánuði:

1) Nr. 1375455, kr. 500.-, reikn. nr. 4608, dags. 22.4. 1981, með nafni Guðmundar Ásgeirssonar, og framsalinu Ingólfur, seldur í söluturninum Sólvallagötu 74.

2) Nr.1375458, kr. 500.-, reikn. nr. 2312, dags. 23.4. 1981, með nafni Ólafar Viggósdóttur og framsali Sigurðar Tómassonar, seldur í Matstofu Austurbæjar.

3) Nr, 1375463, kr. 300.-, reikn. nr. 3068, dags. 23.4. 1981, með nafni Sigurðar Garðarssonar og framseldur með nafni Árna Sigurðssonar, seldur á veitingastofunni Aski Við Suðurlandsbraut.

4) Nr. 1375469, kr. 500.-, reikn. nr. 3618, dags. 23.4. 1981, með nafni

Einars Gunnarssonar, framseldur með nafni Sigurðar Tómassonar, seldur í söluturninum, Barónsstíg 27.

5) Nr. 1375470, kr. 500.-, reikn. nr. 3486, dags. 23.4. 1981, með nafni Steinþórs Ásgeirssonar og framsali Sigurðar Steinþórssonar, seldur í veitingastofunni Aski, Laugavegi.

IV.

Tékkar á eyðublöðum, merktum aðalbanka Búnaðarbanka Íslands, dagsettir 3. apríl og notaðir í þeim mánuði:

1) Nr. 3009497, kr. 750.-, reikn. nr. 3816, með nafni Gunnars Péturssonar og framsali Sigurðar Odasonar (sic), seldir í versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15.

2) Nr. 3009498, kr. 750.-, reikn. nr. 1984, með nafni Ásgeirs Ragnarssonar og framsali Árna Jónssonar, seldur í Matstofu Austurbæjar, Laugavegi 116.

3) Nr. 3009499, kr. 750.-, reikn. nr. 3163, með nafni Ragnars Gunnarssonar og framsali Ólafs Péturssonar, seldur Alþýðuleikhúsinu.

4) Nr. 3009500, kr. 800.-, reikn. nr. 4812, með nafni Sigurðar Péturssonar og framsali Odds Péturssonar, seldur í veitingastofunni Kránni, Laugavegi.

V.

Tékkar á eyðublöðum, merktum Verslunarbanka Íslands, Bankastræti 5, Reykjavík, dagsettir 18. apríl 1981, nema annars sé getið og notaðir í þeim mánuði:

1) Nr. 3199656, kr. 500.-, reikn. nr. 3841, með nafni Ragnars Péturssonar og framsali Berglindar Pétursdóttur, seldur í Kjötbúð S.S., Laugavegi 116.

2) Nr. 3199657, kr. 300.-, reikn. nr. 3816, með nafni Ásgeirs Ragnarssonar, seldur í versluninni Hjartarkjöri, Kaplaskjólsvegi 43.

3) Nr. 3199658, kr. 400.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Baldvins Ásgeirssonar, seldur í Neskjöri, Ægissíðu 123.

4) Nr. 3199660, kr. 400.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Baldvins Sigurðssonar og framsali Önnu Sigurðardóttur, seldur í versluninni Vestrinu, Garðastræti 2.

5) Nr. 3199661, kr. 300.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Ásgeirs Baldvinssonar og framsali Sigurðar Ásgeirssonar, seldur í söluturninum Hringnum, Kaplaskjólsvegi 1.

6) Nr. 3199662, kr. 200.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Gunnars

Sigurðssonar og framsali Þorsteins Péturssonar, seldur í söluturninum, Norðurbrún 2.

7) Nr. 3199664, kr. 250.-, reikn. nr. 7-1226, með sama nafni, greiðsla til B.S.R., Lækjargötu 4.

8) Nr. 3199667, kr. 450.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Ásgeirs Gunnarssonar og framsali Önnu Ásgeirsdóttur, seldur í söluturninum Sólvallagötu 74.

9) Nr. 3199668, kr. 400.-, reikn. nr. 7-1226, með nafni Steinþórs Gunnarssonar og framsali Önnu Sigþórsdóttur, seldur í Neskjöri, Ægissíðu 123.

10) Nr. 3199670, kr. 500.-, reikn. nr. 7-1226, dags. 19.4. 1981, með nafni Gunnars Baldvinssonar og framsali Ingu Baldvinsdóttur, seldur í veitingastaðnum Múlakaffi, Hallarmúla.

11) Nr. 3199672, kr. 450.-, reikn. nr. 5460, dags. 19.4. 1981, með nafni Guðlaugar Ingadóttur og framsali Guðjóns Ingvasonar, seldur í söluturninum Leirubakka.

12) Nr. 3199673, kr. 500.-, reikn. nr. 3460, dags. 19.4. 1981, með nafni Sigurðar Jónssonar og framsali Guðjóns Sigurðssonar, seldur í Bifreiðastöð Íslands, í Vatnsmýri.

13) Nr. 3199674, kr. 600.-, reikn. nr. 7-1226, dags. 19.4. 1983, með nafni Sigurðar Jónssonar og framsali Arnars Sigurðssonar, seldur í Söluturninum, Veltusundi 3.

14) Nr. 3199675, kr. 750.-, reikn. nr. 7-1226, dags. 20.4. 1981, með nafni Bryndísar Árnadóttur og framsali Þuríðar K. Árnadóttur, seldur í Söluturninum, Hverfisgötu 117.

VI.

Tékkar á eyðublöðum, merktum aðalbanka Búnaðarbanka Íslands, dagsettir 7. apríl 1981, nema annars sé getið, og notaðir í þeim mánuði:

1) Nr. 2955316, kr. 500.-, reikn. nr. 3092, með nafni Gunnars Ásgeirssonar og framsali Jónínu I. Samúelsdóttur, seldur í Matstofu Austurbæjar.

2) Nr. 2955317, kr. 500.-, reikn. nr. 3481, með nafni Péturs Gunnarssonar og framsali Ásdísar Pétursdóttur, seldur í Kjötbúð S.S., Laugavegi 116.

3) Nr. 2955320, kr. 500.-, reikn. nr. 2860, með nafni Bryndísar Árnadóttur og framsali Helgu Daníelsdóttur, seldur í söluturninum, Langholtsvegi 19.

4) Nr. 2955321, kr. 500.-, reikn. nr. 3014, með nafni Guðmundar Helgasonar og framsali Jóns Guðmundssonar, seldur í söluturninum, Njálsgötu 27.

5) Nr. 2955322, kr. 400.-, reikn. nr. 3092, með nafni Ásdísar Þorvaldsdóttur og framsali Páls Sigurðssonar, seldur í Matstofu Austurbæjar.

6) Nr. 2955323, kr. 400.-, reikn. nr. 3092, með nafni Gunnars Ásgerssonar (sic) og framsali Sigrúnar Gunnar (sic), seldur í Matstofu Austurbæjar.

7) Nr. 2955324, kr. 750.-, reikn. nr. 3028, dags. 9.4. 1981, með nafni Páls Gunnarssonar og framsali Þóru Pálsdóttur, seldur í Matstofu Austurbæjar.

8) Nr. 2955325, kr. 800.-, reikn. nr. 3470, dags. 9.4. 1981, með nafni Ásgeirs Gunnarssonar og framsali Þóru Ásgeirsdóttur, seldur í veitingastofunni Tommaborgurum, Grensásvegi.

VII.

Tékkar á eyðublöðum, merktum Samvinnubankanum, Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, notaðir í aprílmánuði:

1) Nr. 7270319, kr. 500.-, reikn. nr. 3067, dags. 9.4. 1981, með nafni Jónínu Guðmundsdóttur, seldur í versluninni Herjólfi, Skipholti 70.

2) Nr. 7270321, kr. 400.-, reikn. nr. 3481, dags. ólæsileg, með nafni Péturs Gunnarssonar og framsali Draupnis Haukssonar, seldur í Landsbanka Íslands, Selfossi.

3) Nr. 7270322, kr. 900.-, reikn. nr. 4026, dags. 9.4. 1981, með nafni Gunnars Ásgeirssonar og framsali Finns Sigurðssonar, seldur í veitingastofunni Tommaborgurum, Grensásvegi.

4) Nr. 7270324, kr. 500.-, reikn. nr. 3490, dags. 10.4. 1981, með nafni Þórdísar Stefánsdóttur og framsali Þorhöllu Ágústsdóttur, seldur í verslun Jónasar, Hverfisgötu 71.

5) Nr. 7270325, kr. 600.-, reikn. nr. 3490, með nafni Þórdísar Stefánsdóttur og framsali Arnars Þórs Ármannssonar, seldur í Matstofu Austurbæjar.

B. Á hendur ákærðu RH, RS, F, Á, G og S í félagi við meðákærða Þorstein notað eða afhent til notkunar í lögskiptum þá af framangreindum tékkum, sem getið er við nafn hvers þeirra hér á eftir:

Ákærða RH fyrir tékka II, 3 og 6, III, 2-5, IV, 2, V, 4, 5, 13 og 14, VI, 1-3 og 5-8, VII, 4 og 5.

Ákærða RS fyrir tékka III, 4 og 5.

Ákærða F fyrir tékka I, 1-5, IV, 2, V, 5, VII, 3.

Ákærða Á fyrir tékka I, 2 og 4, V, 4, 5, 8, 9, VII, 3.

Ákærða S fyrir tékka V, 11, VI, 1, 3, 4 og 6.
Ákærða G fyrir tékka V, 7.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða Þorsteins Joensen hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1982 í Færeyjum: Uppvís að brotum g. 244. gr. hgl., 1. mgr. 259. gr. hgl., 27. gr. umfl. Ákæru frestað skb. 2 ár frá 17/5 1982.

1982 22/12 í Reykjavík: Sátt, 10.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 37. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 22/12 1982.

1983 11/4 í Reykjavík: Dómur: 45 daga fangelsi, skb. 2 ár, og 2000 kr. sekt f. brot g. 244. gr. hgl.

— — —

Málavextir eru þessir:

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi á Eskifirði þann 23. nóvember 1983 viðurkennt að hafa notað eða afhent til notkunar í lögskiptum falsaða tékka á stolnum eyðublöðum, eins og í ákæru greinir:

I. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kvaðst ásamt meðákærða F og öðrum pilti hafa fengið stúlku til að falsa tékkann, sem þeir félagar komu síðan í verð og nutu andvirðis saman.
2) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu F og Á og einum pilti til hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.
3) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða F og öðrum pilti hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.
4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu F og Á og einum pilti til hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.
5) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða F og öðrum pilti hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.
6) Ákærði kvaðst hafa fengið stúlku til að falsa tékkann, en ásamt félaga sínum notað hann.

— — —

Samkvæmt þessu verður ákærði Þorsteinn Joensen dæmdur fyrir verknaði samkvæmt öllum liðum I. kafla ákærunnar..... Byggist

niðurstaðan á viðurkenningum ákærðu og öðrum sönnunargögnum.

Ákærðu hafa samþykkt skaðabótakröfur í I. kafla ákærðu og verða dæmdir til að greiða bætur sem hér greinir:

— — —

II. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði Þorsteinn Joensen neitar að hafa notað þennan tékka, en kveðst kannast við að hann hafi verið útfylltur af stúlku og síðan seldur af bróður hans í veitingastofunni Aski, en ákærði neitar ávinningshlutdeild og kveður bróður sinn hafa eytt ávinningi brotsins að fullu sjálfur. Ákærði kveðst hafa beðið stúlkuna um að útfylla tékkann og var viðstaddur, þegar hann var útfylltur.

2) Ákærði kveðst hafa ritað tölustafi á þennan tékka, en neitar að hafa notað hann og eigi notið nokkurs ávinnings af brotinu. Ákærði kveðst hafa verið viðstaddur, þegar þessi tékki var útfylltur, og kveðst hafa hvatt stúlku til þess að útfylla tékkann.

3) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH hafa fengið stúlku til að koma tékkanum í verð, en ákærði viðurkennir að hafa ritað framhlið hans.

4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH og öðrum pilti hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.

5) Ákærði kvaðst hafa ásamt bróður sínum notað tékkann, en ákærði falsaði hann sjálfur.

6) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH hafa fengið stúlku til að falsa tékkann og aðra til að koma honum í verð.

Ákærði RH hefur viðurkennt þátttöku sína í verknuðum, sem lýst er í liðum 3 og 6 í þessum kafla ákærunnar.

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur ekki viðurkennt fulla framkvæmd verknaða, sem lýst er í liðum 1 og 2. Hann þykir þó hafa staðið þannig að verki þar, að hann verði dæmdur fyrir þá sem og hina, sem hann hefur viðurkennt.

Með stoð í viðurkenningum ákærðu beggja og öðrum sakargögnum verður ákærði Þorsteinn Joensen dæmdur fyrir alla verknaði, sem lýst er í II. kafla ákærunnar, en ákærði, RH fyrir þá, sem lýst er í liðum 3 og 6.

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur ekki samþykkt bótakröfur samkvæmt liðum 1, 2 og 5, en niðurstaða dómarans er, að honum beri að bæta fyrir öll brot sín, sem lýst er í liðum 1-6.

— — —

III. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kveðst hafa ritað á framhlið tékkans, en kveðst eigi vita, hver ritaði á bakhlið hans. Ákærði kveðst eigi vita til hvers þessi tékki var notaður né af hverjum. Ákærði neitar að hafa notið ávinnings af sölu tékkans.

2) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH og öðrum pilti hafa fengið stúlku til að falsa tékkann, sem þeir félagar síðan notuðu.

3) Ákærði kvaðst ásamt RH hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur, en RH framseldi.

4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH og RS og einum pilti til hafa notað tékkann, sem RS falsaði.

5) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH og RS og einum pilti til hafa notað tékkann, sem RS falsaði.

— — —

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur ekki viðurkennt fulla framkvæmd verknaðar, sem lýst er í lið 1, og neitað bótakröfu. Hann þykir þó hafa staðið svo að verki, að hann verði dæmdur samkvæmt ákærunni.

Með stoð í viðurkenningum ákærðu og öðrum sakargögnum þykja verknaðir þeirra í þessum kafla ákærunnar sannaðir, og verða þeir dæmdir samkvæmt því, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum liðum III. kafla ákærunnar, ákærði RH samkvæmt liðum 2-5 og ákærði RS samkvæmt liðum 4 og 5.

Ákærðu, sem hafa samþykkt bótakröfur samkvæmt III. kafla ákæru nema ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt lið 1, verða dæmdir til að greiða bætur sem hér segir, ákærði Þorsteinn Joensen einnig samkvæmt 1. lið:

— — —

IV. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kvaðst hafa ásamt félaga sínum notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.

2) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH og F og einum félaga þeirra hafa notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.

3) Ákærði kvaðst hafa ásamt félaga sínum notað tékkann, sem ákærði falsaði sjálfur.

4) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og fengið félaga sinn til að koma honum í verð.

— — —

Með stoð í viðurkenningum ákærðu þriggja, Þorsteins Joensen, F og RH og öðrum sakargögnum verða verknaðir þeirra taldir sannaðir og þeir dæmdir, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum 4 liðum ákærunnar, ákærðu F og RH samkvæmt 2. lið hennar.

Ákærðu hafa allir þrír samþykkt bótakröfur samkvæmt IV. kafla ákærunnar og verða dæmdir til að greiða þær eins og hér greinir:

— — —

V. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði, Þorsteinn Joensen kvaðst hafa fengið stúlku til að koma tékkanum í verð fyrir sig, en ákærði falsaði tékkann sjálfur.

2) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og afhent bræðrum sínum, sem komu honum í verð.

3) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og afhent bróður sínum, sem kom honum í verð.

4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH og Á hafa fengið stúlku til að framselja tékkann og koma í verð fyrir þá, en ákærði falsaði tékkann sjálfur.

5) Ákærði kvaðst ásamt meðákærðu RH, F og Á hafa séð um að koma tékkanum í verð, en ákærði falsaði tékkann sjálfur.

6) Ákærði kvaðst sjálfur hafa falsað tékkann og komið honum í verð.

7) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða G hafa notað tékkann og hafi ákærði falsað hann.

8) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða Á hafa notað tékkann en þeir fengu stúlku til að framselja hann fyrir sig og komu honum þannig í verð. Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann sjálfur.

9) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða Á hafa fengið stúlku til að framselja tékkann og koma í verð, en ákærði falsaði hann sjálfur.

10) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann, en kveðst ekkert vita um framsal hans og kveðst ekki kannast við rithöndina aftan á tékkanum. Ákærði kveðst eigi hafa notið ágóða af sölu tékkans.

11) Ákærði kveður S hafa falsað þennan tékka og kveðst hafa afhent S eyðublaðið, en minnist þess ekki, hvort S óskaði eftir því að fá tékkaeyðublaðið eða hvort ákærði bauð S það. Ákærði neitar því staðfastlega, að hafa átt nokkurn þátt í því að koma tékkanum í verð.

12) Ákærði kvaðst hafa fengið félaga sína til að falsa tékkann og koma í verð fyrir sig, þannig að ákærði naut hluta af andvirðinu sjálfur.

13) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH hafa fengið félaga þeirra til að falsa tékkann, en ákærði framseldi hann og naut andvirðis hans ásamt RH.

14) Ákærði kvaðst ásamt RH hafa fengið tékkann falsaðan og þeir fengið stúlku til að koma honum í verð.

— — —

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur neitað nokkurri þátttöku í verknaði samkvæmt lið 11, og verður hann sýknaður af því broti. Hann verður dæmdur samkvæmt öðrum liðum þessa kafla ákærunnar. Þykja verknaðir hans allir vera fullframin brot.

Með stoð í viðurkenningum þessara sex ákærðu á verknuðum þeirra, sem lýst er í V. kafla ákærunnar, svo og öðrum sakargögnum verða verknaðir þeirra taldir sannaðir og þeir dæmdir, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum liðum nema 11. lið, ákærði Á samkvæmt liðum 4, 5, 8. og 9, ákærði F samkvæmt 5. lið, ákærði G samkvæmt 7. lið, ákærði RH samkvæmt liðum 4, 5, 13 og 14 og ákærði S samkvæmt 11. lið.

Ákærðu hafa samþykkt bótakröfur samkvæmt V. kafla ákærunnar, nema ákærði Þorsteinn Joensen hefur neitað bótakröfum vegna verknaða, sem lýst er í liðum 1-4 og 7-11. Hann verður þó dæmdur til að greiða kröfur samkvæmt öllum liðum nema 11, en hann er sýknaður af þeim verknaði.

Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

— — —

VI. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kvað meðákærða S hafa falsað tékkann, en þeir síðan ásamt meðákærða RH fengið stúlku til að koma honum í verð fyrir sig.

2) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og ásamt meðákærðu RH og F hafa fengið stúlku til að koma honum í verð.

3) Ákærði kvað meðákærða S hafa falsað tékkann og þeir ásamt meðákærða RH fengið stúlku til að koma honum í verð.

4) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og komið í verð í félagi við meðákærða S.

5) Ákærði kvaðst hafa fengið stúlku til að falsa tékkann, sem ákærði lét síðan af hendi. Tékkinn var svo notaður í Matstofu Austurbæjar.

6) Ákærði kvað meðákærða S hafa falsað tékkann, en þeir ásamt meðákærða RH fengið stúlku til að koma honum í verð.

7) Ákærði kvaðst hafa fengið tékkann falsaðan fyrir sig og ásamt meðákærða RH fengið stúlku til að koma honum í verð fyrir sig.

8) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann og þeir meðákærði RH fengið stúlku til að koma honum í verð fyrir sig.

— — —

Með stoð í viðurkenningum þessara þriggja ákærðu á verknuðum þeirra, sem lýst er í VI. kafla ákærunnar og öðrum sakargögnum, verða verknaðir þeirra taldir sannaðir og þeir dæmdir, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum átta liðunum, ákærði R samkvæmt liðum 1-3 og 6-8 og ákærði S samkvæmt liðum 1, 3, 4 og 6.

Ákærðu hafa samþykkt bótakröfur samkvæmt VI. kafla ákærunnar, nema ákærðu Þorsteinn Joensen og RH hafa hafnað bótakröfu samkvæmt lið 5. Ákærði RH er sýknaður af því broti og verður því eigi dæmdur til bóta. Ákærði Þorsteinn Joensen verður hins vegar dæmdur til greiðslu bótakröfu samkvæmt lið 5. Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

— — —

VII. kafli ákærunnar.

— — —

1) Ákærði Þorsteinn Joensen kannast við að hafa gefið tékkaeyðublaðið, en viti ekki frekar um, hvernig það var notað.

2) Ákærði kveðst vilja leiðrétta framburð sinn fyrir RLR á skjali 6, bls. 3, dags. 30.04.81. Ákærði kannast við að hafa útfyllt framhlið tékkans að öllu leyti sjálfur. Ákærði kveður tékkann hafa rifnað við að velkjast í vasa sínum. Ákærði kveður stúlku, sem var í slagtogi með einverjum pilti, sem ákærði telur, að hafi verið frá Selfossi, hafa hvatt piltinn til að kaupa tékkann af ákærða, en ákærði kveðst hafa tjáð þeim, að hann gæti hvergi skipt tékkanum, þar sem hann væri rifinn og bankar væru lokaðir. Ákærði kveður stráknn hafa greitt sér andvirði falsaða tékkans og kveðst eigi vita frekar um, hvað varð um tékkann.

3) Ákærði kvaðst hafa falsað tékkann að beiðni meðákærðu F, Á og S, svo og var D með þeim en ákærði kveðst eigi hafa greint frá honum í skýrslu RLR. Ákærði kveður meðákærðu hafa haldið á brott með tékkann og komið honum í verð og hafi ákærði eigi notið góðs af sölu tékkans.

4) Ákærði kvaðst ásamt meðákærða RH hafa fengið stúlku til að falsa tékkann og aðra til að koma honum í verð fyrir þá.

5) Ákærði kveðst ekki muna, hver skrifaði á framhlið tékkans, og getur eigi munað, hvort það var gert að hans ósk. Ákærði kveður B hafa selt tékkann fyrir sig.

— — —

Ákærði Þorsteinn Joensen hefur viðurkennt verknaði samkvæmt öllum liðum VII. kafla nema 1. lið. Hann verður sýknaður af broti, sem þar er lýst, en dæmdur samkvæmt öðrum liðum þessa kafla ákærunnar.

Með stoð í viðurkenningum þessara fjögurra ákærðu á verknuðum þeirra, sem lýst er í VII. kafla ákærunnar, svo og öðrum sakargögnum verða verknaðir þeirra taldir sannaðir og þeir dæmdir, ákærði Þorsteinn Joensen samkvæmt öllum liðum nema 1. lið, ákærði Á samkvæmt 3. lið, ákærði F samkvæmt 3. lið og ákærði RH samkvæmt 4. lið.

Ákærðu hafa samþykkt bótakröfur samkvæmt VII. kafla ákærunnar, nema láðst hefur að bera bótakröfu samkvæmt lið 2 undir ákærða Þorstein Joensen, þegar hann játaði brot sitt fyrir dómi. Hann er sýknaður af broti, sem lýst er í lið 1, og verður hann þá sýknaður af bótakröfum samkvæmt liðum 1-2.

— — —

Niðurstöður.

Ákærðu verða dæmdir fyrir öll þau brot, sem hér að framan hafa verið talin sönnuð. Öll varða þau við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga eins og réttilega er ákært.

Ákærði Þorsteinn Joensen var þann 11. apríl 1983 dæmdur í 45 daga fangelsi, skilorðsbundið í 2 ár. Verður sá dómur tekinn upp og honum ákveðin refsing í einu lagi með hliðsjón af 78. gr. og stoð í 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Þykir refsing hans hæfileg fangelsi í 7 mánuði. Frá refsingunni dregst gæsluvarðhaldstími 20 dagar. Rétt þykir að binda 4 mánuði af henni almennu skilorði 57. gr. almennra hegningarlaga í 2 ár frá dómsuppkvaðningu, þannig að gerist ákærði Þorsteinn ekki sekur um nýtt brot á þeim tíma, fellur þessi hluti refsingar niður. Ákærði verður jafnframt dæmdur til greiðslu sektar kr. 10.000,00, sem greiðist innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en í stað hennar kemur, verði hún eigi greidd, fangelsi í 10 daga.

— — —

Loks ber að dæma ákærðu til greiðslu sakarkostnaðar, og þykir rétt, að þeir greiði hann óskipt.

Dómsorð:

Ákærðu sæti fangelsi sem hér greinir:

Ákærði Þorsteinn Joensen í 7 mánuði og ákærði RH í 6 mánuði. Frá refsingu hvors um sig dragast 20 dagar.

Ákærði F í 6 mánuði.

Ákærðu Á og S hvor um sig í 30 daga.

Ákærði G, í 5 mánuði.

Fullnustu refsinga eða hluta af refsingum skal fresta sem hér segir, haldi ákærðu almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga í 2 ár frá dómsuppkvaðningu, og fellur þá sá refsingartími niður:

Af refsingu ákærða Þorsteins Joensen 4 mánuðir og ákærða RH 5 mánuðir.

Refsing annarra ákærðu í heild sinni, þ.e. 6 mánuðir hjá F, 30 dagar hjá Á og S og 5 mánuðir hjá G.

Ákærðu greiði sektir í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingu, og kemur fangelsi í stað sektar, verði hún eigi greidd:

Ákærðu, Þorsteinn Joensen og RS hvor um sig kr. 10.000,00, og eru 10 dagar til vara hjá hvorum um sig.

Ákærðu aðrir greiði kr. 5.000,00, en til vara eru 5 dagar hjá hverjum um sig.

Ákærðu greiði skaðabætur sem hér segir:

I. Ákærði Þorsteinn Joensen greiði eftirtöldum: Borgarís, Laugalæk 6, kr. 150,00 auk dráttarvaxta frá 27.03. 1981 til greiðsludags. Sláturfélagi Suðurlands kr. 385,00 auk dráttarvaxta frá 27.03. 1981 til greiðsludags. Veitingastofunni Aski við Suðurlandsbraut kr. 500,00. Hummelbúðinni, Ármúla 38, kr. 500,00. Sportvali, Laugavegi 116, kr. 333,00. Söluturninum Síðumúla 17, kr. 400,00 auk dráttarvaxta frá 24.04. 1981 til greiðsludags. Söluturninum Sólvallagötu 74, kr. 500,00 Versluninni Hagkaupum, Skeifunni 15, kr. 750,00. Alþýðuleikhúsinu kr. 750,00. Veitingastofunni Kránni við Laugaveg kr. 800,00. Verslun Sláturfélags Suðurlands, Laugavegi 116, kr. 500,00 auk dráttarvaxta frá 21.04. 1981 til greiðsludags. Hjartarkjöri, Kaplaskjólsvegi 43, kr. 300,00. Neskjöri, Ægissíðu 123, kr. 300,00. Magnúsi St. Daníelssyni f.h. söluturnsins Norðurbrún 2, kr. 200,00. Stefáni Ólafssyni f.h. Múlakaffi kr. 500,00. Bifreiðastöð Íslands kr. 250,00. Matstofu Austurbæjar hf. kr. 400,00 auk dráttarvaxta frá 08.04. 1981 til greiðsludags. Matstofu Austurbæjar kr. 600,00 auk dráttarvaxta frá 13.04. 1981 til greiðsludags.

II. Ákærði S greiði Magnúsi Kjartanssyni f.h. söluturnsins Leirubakka kr. 450,00.

III. Ákærðu Þorsteinn Joensen og Á greiði eftirtöldum skaðabætur óskipt:

Thulin Johansen kr. 300,00. Pálma Karlssyni f.h. söluturnsins Sólvallagötu 74, kr. 450,00. Verslunin Neskjör, Ægissíðu 123, kr. 400,00

IV. Ákærðu Þorsteinn Joensen og F greiði eftirtöldum skaðabætur óskipt:

Sláturfélagi Suðurlands kr. 500,00 auk dráttarvaxta frá 27.03. 1981 til greiðsludags. Ásgeiri Hannesi Eiríkssyni kr. 150,00.

V. Ákærðu Þorsteinn Joensen og G greiði óskipt skaðabætur til B.S.R., Lækjargötu 4, kr. 250,00.

VI. Ákærðu Þorsteinn Joensen og RH greiði eftirtöldum skaðabætur óskipt:

Laugavegsbúðinni, Laugavegi 82, kr. 600,00. Hverfisbúðinni, Hverfisgötu 50, kr. 500,00. Matstofu Austurbæjar hf., Laugavegi 116, kr. 330,00 auk dráttarvaxta frá 23.04 1981 til greiðsludags. Veitingastofunni Aski, Suðurlandsbraut, kr. 300,00. Árna Kristjánssyni f.h. söluturnsins Veltusundi 3, kr. 600,00 auk dráttarvaxta frá 21.04. 1981 til greiðsludags. Gísla Halldórssyni f.h. söluturnsins Hverfisgötu 117, kr. 750,00 auk dráttarvaxta frá 21.04. 1981 til greiðsludags.

Kjörbúð Sláturfélags Suðurlands, Laugavegi 116, kr. 500,00 auk dráttarvaxta frá 09.04. 1981 til greiðsludags. Sigurði Guðjónssyni f.h. söluturnsins Langholtsvegi 19, kr. 400,00 auk dráttarvaxta frá 13.04. 1981 til greiðsludags.

Matstofu Austurbæjar hf. kr. 750,00 auk dráttarvaxta frá 09.04. 1981 til greiðsludags. Tommaborgurum, Grensásvegi, kr. 800,00. Verslun Jónasar, Hverfisgötu 71, kr. 500,00 auk dráttarvaxta frá 13.04. 1981 til greiðsludags.

VII. Ákærðu, Þorsteinn Joensen og S greiði óskipt skaðabætur Söluturninum Njálsgötu 27, kr. 500,00.

VIII. Ákærðu Þorsteinn Joensen, Á og F greiði eftirtöldum skaðabætur óskipt:

Elínu Þórhallsdóttur f.h. söluturnsins, Vesturgötu 53, kr. 300,00. Tommaborgurum, Grensásvegi, kr. 900,00.

IX. Ákærðu Þorsteinn Joensen, Á og RH greiði versluninni Vestrinu, Garðastræti, skaðabætur óskipt kr. 400,00.

X. Ákærðu Þorsteinn Joensen, F og RH greiði óskipt skaðabætur til Matstofu Austurbæjar hf., Laugavegi 116, kr. 750,00 auk dráttarvaxta frá 06.04. 1981 til greiðsludags.

XI. Ákærðu Þorsteinn Joensen RH og RS greiði óskipt skaðabætur eftirtöldum:

Steinunni A. Guðmundsdóttur f.h. söluturnsins, Barónstíg 27, kr. 375,00. Veitingastofunni Aski, Laugavegi 28B, kr. 375,00.

XII. Ákærðu Þorsteinn Joensen, RH og S greiði óskipt skaðabætur eftirtöldum:

Matstofu Austurbæjar hf. samtals kr. 900,00 auk dráttarvaxta af þeirri upphæð frá 08.04. 1981 til greiðsludags.

XIII. Ákærðu Þorsteinn Joensen, Á, F og RH greiði óskipt skaðabætur kr. 300,00 söluturninum Hringnum, Kaplaskjólsvegi 1.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað óskipt.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 11/1985. **Valdstjórnin**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
A
(Jón Hjaltason hrl.)

Sjálfræðissvipting. Dómstólar. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Málinu var að ósk varnaraðilja skotið til Hæstaréttar með stefnu 3. janúar 1985.

Af hálfu ríkissaksóknara var þess upphaflega krafist, að héraðsdómur yrði staðfestur, en við flutning málsins fyrir Hæstarétti voru þær kröfur gerðar, að sjálfræðissvipting sú, sem varnaraðilja var gert að sæta með hinum áfrýjaða dómi, yrði úr gildi felld vegna breyttra aðstæðna og haga varnaraðilja og kostnaður vegna málsins greiddur úr ríkissjóði.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist „að hinn áfrýjaði dómur verði ómerkur, dómfellda verði sýknuð af öllum kröfum valdstjórnarinnar um sjálfræðissviptingu og henni fengið sjálfræði að nýju“ svo og að þóknun skipaðs talsmanns hennar verði greidd úr ríkissjóði.

Samkvæmt hjónavígsluvottorði borgardómaraembættisins í Reykjavík, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt, gekk varnaraðili

í hjúskap 5. desember 1984. Þá hefur og verið lagt fyrir Hæstarétt endurrit úr sakadómsbók Vestmannaeyjakaupstaðar 7. mars 1985, þar sem foreldrar varnaraðilja óska þess, að sjálfræðissviptingin verði úr gildi felld við meðferð málsins fyrir Hæstarétti.

Er foreldrar varnaraðilja beiddust þess 16. janúar 1984, að hún yrði svipt sjálfræði og ítrekuðu þá beiðni 9. maí s.á., gilti um meðferð mála til sviptingar lögræðis II. kafli laga nr. 95/1947, sbr. 4. tl. 2. gr. laga nr. 74/1974, áður 4. tl. 2. gr. laga nr. 27/1951. Í lagaframkvæmd hefur verið litið þannig á, að með lögtöku síðastgreinds ákvæðis hafi orðið sú breyting á lagareglum um meðferð mála til sviptingar lögræðis, að þau bæri þaðan í frá undir sakadómara, sbr. dóm Hæstaréttar 20. júlí 1954. Hefur lögskýring þessi verið áréttuð í mörgum síðari dómum Hæstaréttar. Var það því aðferð, sem lengi hafði verið fylgt, er ríkissaksóknari gaf út málshöfðunarskjal á hendur varnaraðilja 30. maí 1984, til að henni yrði gert að þola sviptingu sjálfræðis síns. Það mál var þingfest í sakadómi Vestmannaeyja 6. júní 1984, en var ekki lokið, er ný lög um lögræði nr. 68/1984 öðluðust gildi 1. júlí s.á.

Með síðastgreindum lögum var gerð sú breyting á meðferð mála til sviptingar lögræðis, að þau voru lögð til héraðsdómara, er fer með almenn einkamál, sbr. 6. grein laganna, sem skýra verður á þennan veg eftir orðum sínum og ótvíræðum ummælum í greinargerð með frumvarpinu. Í 5. grein laganna er enn fremur mælt fyrir um sóknaraðild í þessum málum. Er ríkissaksóknara samkvæmt því ekki lengur ætlað að hlutast til um sókn þeirra mála, svo sem og er berum orðum tekið fram í greinargerðinni.

Í lög nr. 68/1984 skortir ákvæði, er mæli fyrir um, hvernig fara skuli með þau mál, sem rekin voru fyrir sakadómi, en enn var ólokið við gildistöku laganna. Með hliðsjón af þeirri reglu, sem m.a. kemur fram í 222. gr. laga nr. 85/1936, og 51. gr. laga nr. 57/1949 verður þó að telja, að þau mál hafi borið að leiða til lykta í sakadómi. Verður því ómerkingarkrafan ekki tekin til greina, en hún er reist á því, að eigi hafi mátt eftir gildistöku laga nr. 68/1984 fara með og dæma í sakadómi Vestmannaeyja sjálfræðissviptingarmálið á hendur varnaraðilja.

Telja verður, að rétt hafi verið sú úrlausn í hinum áfrýjaða dómi, að svipta skyldi varnaraðilja sjálfræði, eins og högum hennar var

háttað. Byggðist það á heimild í c lið 1. mgr. 3. gr. laga nr. 68/1984, sbr. áður 3. tl. 5. gr. laga nr. 95/1947. Krafa ríkissaksóknara og varðaraðilja hér fyrir dómi um, að sjálfræðissviptingin verði úr gildi felld, er reist á því, að hagir varnaraðilja séu breyttir og foreldrar hennar óski þess, að henni verði af þeim ástæðum veitt sjálfræði að nýju. Tilmæli um endurveitingu sjálfræðis ber hins vegar að hafa uppi fyrir héraðsdómara, sbr. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 68/1984. Verður því að vísa kröfu þessari frá Hæstarétti sjálfkrafa.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um kostnað af málinu á að vera óraskað.

Kostnaður af málinu fyrir Hæstarétti, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja fyrir Hæstarétti, 7.500,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómsorð:

Framangreind ómerkingarkrafa varnaraðilja A verður ekki tekin til greina.

Kröfu valdstjórnarinnar og varnaraðilja um, að sjálfræðissvipting varnaraðilja verði úr gildi felld, er vísað frá Hæstarétti.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um málskostnað á að vera óraskað. Allur kostnaður af málinu fyrir Hæstarétti, þar með talin þóknun skipaðs talsmans varnaraðilja fyrir Hæstarétti, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 7.500,00 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Dómur sakadóms Vestmannaeyja 2. nóvember 1984.

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ.m., er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað með málshöfðunarskjali, dagsettu 30. maí 1984, á hendur A ...., fæddri 1962 til sviptingar sjálfræðis af ástæðum, sem greinir í 3. tölulið 5. gr. laga um lögræði.

Málavextir eru þessir:

Með bréfi, dagsettu 16. janúar sl., rituðu foreldrar varnaraðilja, þau B og D ..., bréf til bæjarfógetans í Vestmannaeyjum, þar sem þess var farið á leit, að varnaraðili yrði svipt sjálfræði. Beiðni þessa endurnýjuðu þau og ítrekuðu hinn 9. maí sl.

Í bréfinu kváðu þau ástæður fyrir beiðni þeirra í stuttu máli vera þær, að í allmörg ár hefði varnaraðili misnotað áfengi og lyf og sýnt af sér aðra óreglu. Þau hefðu greinilega orðið þess áskynja, að varnaraðili þyrfti nauðsynlega læknishjálp á viðeigandi stofnun, en vilji hennar sjálfrar hefði ekki verið fyrir hendi til þess. Þar sem sjúkdómur hennar hefði ágerst undanfarið og hún sýnt af sér tilhneigingar til að svipta sig lífi, væri þeim nauðugur einn kostur að setja fram beiðni þessa, til þess að varnaraðili gæti fengið nauðsynlega læknismeðferð á geðsjúkrahúsi.

Í málinu hafa verið lögð fram tvö vottorð þeirra Einars Vals Bjarnasonar yfirlæknis og Einars E. Jónssonar heilsugæslulæknis, beggja starfandi við Sjúkrahús Vestmannaeyja. Hið fyrra, sem er dagsett 13. janúar sl., er svohljóðandi:

„Hér með vottast að A, fædd '62, til heimilis ..... nnr. 0046-9939, þarfnast vistunar á viðeigandi sjúkrastofnun.

A hefur í mörg ár misnotað áfengi og lyf og jafnframt aðra óreglu (sic) og hún hefur vistast nokkuð oft á sjúkrastofnunum, en ætíð hætt allri meðferð að eigin frumkvæði, þannig að hingað til hefur hún aldrei fengið viðeigandi meðferð við sínum sjúkdómi.

Það sem hefur breyst nú í sjúkdómsmynd A er það, að hún er farin að sýna tilburði til sjálfvígs. Vegna þessara tilburða og vegna þess að meðferð hefur aldrei komið að notum, þar sem hún hefur ætíð hafnað allri meðferð, þá er þetta vottorð lagt fram."

Síðara vottorðið, sem lagt var fram í dóminum 11. maí sl., en sagt er fyrir misritun dagsett 11.11. 1984, er svohljóðandi:

„Hér með vottast, að A f. 1962, til heimilis að ....., nnr. 0046-9939, þarfnast vistunar á viðeigandi sjúkrastofnun.

Það vísast í vottorð gefið 13.01. '84. Þar kemur fram, að A hefur í mörg ár misnotað áfengi verulega og viðhaft jafnframt aðra óreglu. Hún hefur vistast nokkuð oft á sjúkrastofnunum, en ætíð útskrifað sig þaðan sjálf. Frá því vottorðið var gefið þann 13.01. hefur ástand A versnað til muna. Áfengissýki hefur aukist og hegðun á almannafæri hrakað.

Í viðtölum hefur A neitað því eindregið að leggjast inn á sjúkrastofnun til meðhöndlunar vegna áfengissýki og hegðunarfrávika þannig að læknisfræðileg meðhöndlun hefur ekki getað komið til greina þar sem skoðun A á slíkri meðferð miðast eingöngu við skammtíma dvöl sér til hressingar. Þar sem andleg og líkamleg heilsa A er í hættu er mælst til að hún verði svipt sjálfræði svo komið verði við viðeigandi læknismeðferð á geðsjúkrahúsi (geðdeild Landspítala)."

Varnaraðili kom fyrir dóminn hinn 10. maí sl., og var henni þá kynnt sjálfræðissviptingarbeiðnin. Hún kvaðst mómæla fram kominni beiðni. Hins vegar kvaðst hún ekki bera á móti því, að hún væri áfengissjúklingur,

en vildi ráða því sjálf, hvort hún hætti að neyta áfengis eður ei. Þá kvaðst varnaðili vilja mótmæla því, að hún misnotaði lyf. Ennfremur mótmælti hún því, að hún væri farin að sýna af sér tilhneigingar til að svipta sig lífi, það væri löngu liðin tíð. Sagði varnaraðili í því sambandi, að síðast hefði hún reynt slíkt í lok síðasta árs og þá notað rakvélablöð, en ekki skaðað sig að ráði.

Varnaraðili kvaðst enga atvinnu hafa stundað það sem af væri þessu ári, en haft framfærslu af skyldusparnaði sínum, sem henni hefði tekist að ná út á þeim forsendum að hún væri illa stödd fjárhagslega.

Varnaraðili kvaðst hafa byrjað að neyta áfengis fyrir u.þ.b. fjórum árum, en nærri léti, að hún væri búin að misnota áfengi í u.þ.b. þrjú ár.

Varnaraðili kvað það rétt vera, að hún hefði nokkrum sinnum vistast á sjúkrastofnunum vegna áfengissýki sinnar. Tilnefndi hún í því sambandi Kleppsspítalann, geðdeild Landsspítalans, Vífilsstaði, Vog og Silungapoll. Hún kvaðst tvívegis hafa haldið út þá meðferðaráætlun, sem fyrir hana var lögð, en í öll hin skiptin hefði hún hreinlega strokið af viðkomandi stofnunum. Kvaðst varnaraðili ekki geta borið á móti því, að meðferð hefði aldrei komið að notum.

Móðir varnaraðilja B kom fyrir dóminn hinn 11. maí sl. Hún staðfesti beiðni sína um sjálfræðissviptingu varnaraðilja.

Vitnið kvað varnaraðilja hafa byrjað að neyta áfengis fyrir u.þ.b. fjórum árum, en nærri léti, að hún væri búin að eiga við áfengisvandamál að stríða í tvö til þrjú ár. Vitnið kvað varnaraðilja hafa verið margsinnis vistaða á meðferðarstofnunum í Reykjavík, en jafnan án árangurs.

Vitnið kvað varnaraðilja hafa stundað almenna vinnu í Vestmannaeyjum, en eftir því sem drykkjuskapur hennar færðist í aukana hafi að sama skapi fækkað þeim stundum, sem hún hafi stundað vinnu. Þannig hafi hún enga atvinnu stundað það sem af væri þessu ári.

Þá kvað vitnið varnaraðilja ekki hafa haldið til heima hjá sér um langan tíma, heldur væri hún á flækingi, en staldraði í mesta lagi við dag og dag í senn heima hjá sér. Nú væri svo komið, að hún kæmi helst ekki á heimili sitt nema undir áfengisáhrifum. Skeyti hún þá ekki um, á hvaða tíma sólarhringsins hún komi, og eigi það til að raska ró heimilisfólksins.

Þá lét vitnið þess getið, að þegar varnaraðili sé undir áfengisáhrifum, komi það fyrir, að hún sýni af sér óviðurkvæmilega hegðun á almannafæri. Það kvað varnaraðilja ekki hafa verið þeim hjónum til fjárhagslegrar byrði, en hún hefði fengið greiddan út skyldusparnað sinn og lifað á þeim peningum.

Samdægurs kom faðir varnaraðilja D fyrir dóminn. Hann staðfesti sjálfræðissviptingarbeiðnina.

Vitnið kvað varnaraðilja hafa átt við áfengisvandamál að stríða undan-

farin 2-3 ár og af þeim sökum margsinnis verið vistuð á meðferðarstofnunum í Reykjavík. Sú meðferð hefði þó jafnan verið án árangurs, enda hefði varnaraðili ekki haft vilja til að sæta meðferð, heldur hefði hún, ef svo mætti segja, útskrifað sig sjálf.

Vitnið sagði, að í kjölfar áfengisneyslunnar hefði fylgt hvers kyns lausung. Varnaraðili hefði ferðast talsvert erlendis, meðan hún hafði fé til þess, en þær ferðir ekki orðið henni til góðs. Nefndi vitnið sem dæmi, að í fyrrasumar hefði varnaraðili ætlað að fara til Noregs með skipinu Norrönu, en ekki farið lengra en til Færeyja, þar sem hún hefði ástundað drykkjuskap. Þau hjónin hefðu verið farin að hafa áhyggjur af henni og orðið að snúa sér til yfirvalda til að spyrjast fyrir um ferðir hennar.

Vitnið kvað varnaraðilja enga atvinnu hafa stundað það sem af væri árinu. Segja mætti, að varnaraðili hafi tollað illa í vinnu eftir því sem drykkjuskapur hennar hafi ágerst og hún skipt ótt og títt um vinnustaði.

Vitnið kvað varnaraðilja ekki hafa haldið til á heimili sínu nú að undanförnu, heldur væri hún á flækingi og vendi komur sínar þangað sem drykkjumenn halda til.

Hvað varðar áfengisneyslu varnaraðilja, kvaðst vitnið geta nefnt sem dæmi, að þau hjónin þyrftu nú að hafa hús sitt læst til þess að þurfa ekki að eiga yfir höfði sér ónæði vegna ölvunar hennar.

Varnaraðili kom á ný fyrir dóm við þingfestingu málsins hinn 6. júní sl. Var hún þá innt eftir afstöðu sinni til málshöfðunar þessarar, og kvaðst hún mótmæla málshöfðuninni.

Álit talsmanns varnaraðilja.

Af hálfu skipaðs talsmanns varnaraðilja, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, er þess krafist, að synjað verði kröfu valdstjórnarinnar um sviptingu sjálfræðis. Varnarskjalið er dagsett 17. júlí sl.

Af hálfu talsmannsins er ekki dregið í efa, að málshöfðun þessi gat staðist, er hún var gerð. Þá er á það bent, að þegar lögræðislögin nr. 95/1947 voru sett, hafi í fyrstu verið óvissa um, hvernig þau yrðu skilin um aðild saksóknara að málshöfðun í nafni valdstjórnarinnar, en með meirihlutaákvörðun hæstaréttar, sbr. t.d. hrd. XXXII, bls. 343, og hrd. XXV, bls. 803, hafi tekið af vafa um, að málshöfðun með þessum hætti var lögleg fram að 30. maí 1984, en þann dag, þ.e. sama daginn og mál þetta var höfðað af valdstjórninni, hafi verið sett ný lögræðislög nr. 68 30. maí 1984. Í 41. gr. þeirra laga segi, að lögin öðlist gildi 1. júlí 1984 og jafnframt falli úr gildi lög nr. 95 5. júlí 1947, um lögræði og lög nr. 26 21. maí 1979 um breytingu á þeim lögum, svo og 4. tl. 2. gr. laga nr. 74 21. ágúst 1974 um meðferð opinberra mála.

Samkvæmt þessu sé ljóst, að mál til sviptingar sjálfræðis verði ekki

lengur rekið af saksóknara í nafni valdstjórnarinnar. Eftir gildistöku nýju lögræðislaganna verði mál til sviptingar sjálfræðis aðeins rekin sem einkamál og sé talið upp í 5. gr. þeirra laga hverjir geti verið sóknaraðiljar. Þar sé saksóknari ekki talinn upp sem aðili slíks máls. Hins vegar sé dómsmálaráðuneytinu veitt sóknaraðild, þegar gæsla almannahags geri þess þörf eða þegar það telur réttmætt að gera kröfur vegna tilmæla aðilja sjálfs, vandamanna, læknis hans eða vina eða vegna vitneskju um hag aðilja er það hefur fengið á annan hátt.

Þar sem mál þetta sé ekki höfðað af neinum þeim aðilja, sem sóknaraðild geta átt að lögræðissviptingarmáli eftir 5. gr. laga nr. 68 30. maí 1984, er tóku gildi 1. júlí 1984, hljóti það nú að leiða til þeirrar niðurstöðu, að synjað verði um sviptingu sjálfræðis, sem farið er fram á í málinu.

Í þessum sambandi virðist einnig verða að liggja ótvírætt fyrir, hvaða töluliður 3. gr. (sic) lögræðislaganna (nr. 95/1947) eigi við, en vafasamt í máli þessu, að varnaraðili hafi raskað hagsmunum með þeim hætti, að réttlæti sjálfræðissviptingu yfirleitt.

Álit dómsins.

Eins og greinir í málshöfðunarskjali, dagsettu 30. maí sl., er krafa valdstjórnarinnar eingöngu byggð á 3. tölulið 5. gr. lögræðislaganna nr. 95/1947. Skilja verður kröfugerð og málatilbúnað valstjórnarinnar svo, að áfengissýki varnaraðilja sé ein ástæða fyrir sjálfræðissviptingarkröfunni.

Í málinu liggja fyrir tvö læknisvottorð þess efnis, að varnaraðili sé haldin áfengissýki, auk þess sem varnaraðili bar ekki á móti því fyrir dómi, að hún væri áfengissjúklingur. Þá liggja fyrir í málinu ljósrit 9 lögregluskýrslna og 1 frumrit varðandi vistun varnaraðilja í fangageymslum lögreglu vegna ölvunar.

Með vísan til framanritaðs þykir því ekki varhugavert að telja sannað, að varnaraðili sé haldin áfengissýki og af þeim sökum ófær til að ráða persónulegum högum sínum.

Svo sem áður er rakið, er málshöfðunarskjal dagsett 30. maí sl. og birt varnaraðilja hinn 6. júní sl. Í þinghaldi daginn eftir var áðurnefndur hæstaréttarlögmaður skipaður talsmaður varnaðilja. Fékk lögmaðurinn við það tækifæri frest til 15. sama mánaðar til að skila vörn í málinu. Vörnin er hins vegar dagsett 17. júlí sl., en þá voru ný lögræðislög gengin í gildi, eins og fram er komið hér að framan. Með bréfi, dagsettu 17. ágúst sl., ákvað dómarinn að senda ríkissaksóknara málið til fyrirsagnar á ný í ljósi breyttrar löggjafar. Var óskað eftir afstöðu um, hvort málið skyldi dæmt í sakadómi eða fallið yrði frá málshöfðun. Með bréfi, dagsettu 19. september sl., endursendi ríkissaksóknari síðan málið með svohljóðandi athugasemd: „Tekið skal fram, að mál þetta er löglega höfðað á réttum tíma

og það var tekið fyrir í sakadómi Vestmannaeyja fyrir gildistöku nýrra lögræðislaga nr. 68, 1984. Af þessum sökum lítur ákæruvaldið svo á, að með málið skuli fara í sakadómi Vestmannaeyja."

Efni þessa bréfs var kynnt skipuðum talsmanni varnaraðilja í þinghaldi hinn 1. þ.m., og óskaði hann ekki eftir að koma athugasemdum á framfæri við það tækifæri. Var málið að svo búnu tekið til dóms.

Dómurinn lítur svo á, að fallast beri á það með valdstjórninni, að málið sé réttilega höfðað hér fyrir dómi, enda höfðað fyrir gildistöku hinna nýju lögræðislaga. Málið var einnig þingfest og raunar allar þær ráðstafanir gerðar af hálfu dómsins, til þess að unnt yrði að leggja á það dóm, áður en þau lög gengi í gildi. Það verður því einkum að skrifast á reikning skipaðs talsmanns varnaraðilja, að ekki reyndist unnt að kveða upp dóm í málinu fyrir margnefndan gildistökudag.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, ber með vísan til 3. tl. 5. gr. lögræðislaga nr. 95/1947, að taka kröfu valdstjórnarinnar til greina og svipta varnaraðilja sjálfræði. Samkvæmt 2. mgr. 13. gr. lögræðislaga frestar áfrýjun ekki áhrifum dómsins að þessu leyti, sbr. og 178. gr. laga nr. 74/1974.

Í samræmi við ákvæði 15. gr. lögræðislaga nr. 95/1947 ber að dæma ríkissjóð til greiðslu alls kostnaðar vegna málsins, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðila, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, sem þykir hæfilega ákveðin kr. 4.000,00.

Júlíus B. Georgsson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Varnaraðili A skal svipt sjálfræði. Áfrýjun frestar ekki áhrifum þessa dómsákvæðis.

Málskostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun skipaðs talsmanns varnaraðilja, Jóns Hjaltasonar hæstaréttarlögmanns, 4.000,00 krónur.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 145/1984. **Ágúst Ísfjörð**
Kristín B. Einarsdóttir og
Kristrún Bjarnadóttir
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Árna Þór Kristjánssyni
(Ingi Ingimundarson hrl.)
og gagnsök.

Skuldabréf. Aðild.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 9. ágúst 1984. Þeir krefjast sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 30. ágúst 1984. Dómkröfur hans eru þær, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og aðaláfrýjendur dæmdir til að greiða honum óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað óskipt fyrir Hæstarétti, er ákveðst 44.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjendur, Ágúst Ísfjörð, Kristín B. Einarsdóttir og Kristrún Bjarnadóttir, greiði gagnáfrýjanda, Árna Þór Kristjánssyni, óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti, 44.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 28. júní 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi í dag,

höfðaði Árni Þór Kristjánsson, nnr. 0526-4871, Heiðargerði 58, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 8. mars sl., gegn Ágústi Ísfjörð, nnr. 0133-0977, Hamrabergi 11, Reykjavík, Kristínu B. Einarsdóttur, nnr. 5735-8700, til heimilis sama stað, og Kristrúnu Bjarnadóttur, nnr. 5955-3216, Bústaðavegi 61, Reykavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmd in solidum til greiðslu á skuld að fjárhæð kr. 215.267,20 ásamt 2,5% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 16. janúar 1984 til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt taxta L.M.F.Í.

Dómkröfur stefndu eru krafa um sýknu af kröfum stefnanda. Jafnframt krefjast stefndu málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

II.

Stefnandi höfðar mál þetta til greiðslu skuldar samkvæmt skuldabréfi með lánskjaravísitölu 786, útgefnu 9. september 1983 af Ágústi Ísfjörð. Fjárhæð bréfsins er kr. 200.000,00 og skyldi greiðast með 12 afborgunum á tveggja mánaða fresti, í fyrsta sinn 16. janúar 1984, vextir samkvæmt ákvörðun Seðlabankans á hverjum tíma, nú 2% ársvextir. Bréf þetta var til innheimtu í Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka. Samkvæmt útreikningi bankans er hækkun vísitölu frá útgáfudegi 7.634%, og stóð því bréfið í kr. 215.267,20 hinn 16. janúar 1984, er fyrsta afborgun skyldi greidd.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að bréf þetta sé hluti af andvirði bifreiðar, sem stefnandi hafi selt stefnda Ágústi Ísfjörð 9. september 1983. Stefnandi sé starfsmaður í Búnaðarbanka Íslands og hafi skuldabréfaform Búnaðarbankans verið notað. Í meginmáli bréfsins hafi því orðin „Búnaðarbanka Íslands" verið sett innan sviga, en nafn stefnanda skráð sem eiganda skuldarinnar, eins og rétt sé.

Undir rekstri málsins var bókað eftir lögmanni stefnanda, að þegar hann hafi fengið skuldabréfið á dskj. 2 til innheimtu, hafi hann veitt því athygli, að í meginmáli bréfsins hafi staðið orðin „skulda Búnaðarbanka Íslands," sem ekki hafi verið rétt samkvæmt frásögn stefnanda, heldur hafi hann sagt sér hafa láðst að strika út orðin „Búnaðarbanka Íslands" í skuldabréfaforminu. Lögmaður stefnanda kvaðst þá með samþykki stefnanda hafa látið sviga yfir orðin Búnaðarbanka Íslands og látið nafn stefnanda í staðinn og sé nafn stefnanda vélritað inn á bréfið af lögmanni stefnanda.

Mál þetta sé rekið samkvæmt reglum 17. kafla laga nr. 85/1936 í samræmi við ákvæði skuldabréfsins sjálfs. Þær Kristrún Bjarnadóttir og Kristín B. Einarsdóttir hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuld þessari með

áritun sinni á bréfið. Ekkert hafi verið greitt af skuld þessari og bréfið allt gjaldfellt sökum vanskila.

III.

Sýknukrafa stefndu er á því byggð, að stefnandi sé ekki réttur aðili máls þessa. Samkvæmt skuldabréfi því, sem lagt hafi verið fram í málinu og kröfur stefnanda eru byggðar á, sé skuldareigandi Búnaðarbanki Íslands. Stefnandi hafi ekki fengið skuldabréfið framselt með löglegu framsali. Hann sé því eigi réttur eigandi þess eins og það liggi fyrir.

Við munnlegan málflutning var því haldið fram af hálfu stefnda, að vottorð Búnaðarbanka Íslands á dskj. 7 skipti engu máli við niðurstöðu máls þessa. Sama sé um lögskiptin á bak við skuldabréfið þegar af þeirri ástæðu, að mál þetta sé rekið sbr. 17. kafla laga nr. 85/1936.

IV.

Álit dómarans.

Stefnandi hefur lagt fram skuldabréf það, sem hann byggir kröfur sínar á, og er það í samræmi við lýsingu í stefnu.

Á dskj. 4 er afrit af afsali, þar sem stefnandi afsalar stefnda Ágústi Ísfjörð bifreið sinni, D 406, Ford Bronco, árg. 1979, fyrir kr. 300.000,00. Á dskj. 7 er vottorð Búnaðarbanka Íslands, þar sem fram kemur, að Búnaðarbankinn hefur aldrei verið eigandi framangreinds skuldabréfs, en bréfið hafi verið til innheimtu í bankanum fyrir stefnanda. Verður því lagt til grundvallar við niðurstöðu máls þessa, að stefnandi sé eigandi skuldabréfsins, enda verður ekki á þá skoðun stefndu fallist, að stefnanda sé óheimilt að færa sönnur að eignaraðild sinni að skuldabréfinu, þar sem málið sé rekið samkvæmt 17. kafla laga nr. 85/1936, sbr. a lið 1. mgr. 208. gr. sömu laga svo og það, að sérákvæði 17. kafla eml. miða að því að auðvelda eigendum tiltekinna krafna málsókn, en ekki öfugt. Þar sem eina vörn stefndu er, að stefnandi sé ekki réttur aðili, ber að taka kröfur stefnanda til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 41.000,00.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Ágúst Ísfjörð, Kristín B. Einarsdóttir og Kristrún Bjarnadóttir, greiði in solidum stefnanda, Árna Þór Kristjánssyni, kr. 215.267,20 með 2,5% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 16. janúar 1984 til greiðsludags og kr. 41.000,00 í málskostnað. Allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 66/1985. **Ágúst Ágústsson**
Jón Bjarnar Sigvaldason
Sigtryggur Þrastarson og
Þorbjörn Datzko
gegn
Rafni h/f

Kærumál. Samaðild. Frávísunardómur ómerktur og heimvísað.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp hinn kærða frávísunardóm.

Kærendur hafa skv. heimild í b lið 1. tl. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 5. mars 1985. Gera þeir þær dómkröfur, að hinn kærði frávísunardómur verði úr gildi felldur og lagt fyrir héraðsdómarann að leggja efnisdóm á málið. Þá krefjast kærendur málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi varnaraðilja, Rafns h/f.

Af hálfu varnaraðilja er þess krafist, að hinn kærði dómur verði staðfestur og kærendum gert að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Staðfest er af héraðsdómara, að kærendur hafi fengið vitneskju um hinn kærða dóm 26. febrúar sl.

Kærendur hafa réttarhagsmuni af því af fá efnisúrlausn um kröfu þá, er þeir gera til björgunarlauna.

Í siglingalögunum nr. 66/1963 er eigi að finna lagafyrirmæli, er bjóði, að útgerðarmaður og skipshöfn skuli eiga óskipta sakaraðild í málum til heimtu björgunarlauna. Slík regla verður heldur eigi leidd af 46. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, enda verður ekki talið með skírskotun til ákvæða 203. gr. siglingalaganna, að hér sé um óskipt réttindi útgerðarmanns og skipshafnar í skilningi nefndrar 46. gr. að tefla.

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, þurfa kærendur eigi að sæta því að málsókn þeirra sé vísað frá dómi, þó að útgerðarmaður m/b Reynis, GK 177, hafi ekki tekið þátt í henni.

Ber því að ómerkja hinn kærða dóm og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur er ómerktur, og er málinu vísað heim í hérað til uppsögu dóms að nýju.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur aukadómþings Gullbringusýslu 19. febrúar 1985.

Mál þetta, sem var tekið til dóms eða úrskurðar hinn 28. janúar sl., er höfðað með stefnu, birtri 3. nóvember 1984.

Stefnendur eru sjómennirnir Ágúst Ágústsson, nnr. 0120-0674, Faxabraut 25 E, Keflavík, Jón Bjarnar Sigvaldason, nnr. 5185-9065, Hátúni 18, Keflavík, Sigtryggur Þrastarson, nnr. 7750-5016, Helgafellsbraut 31, Vestmannaeyjum, og Þorbjörn Datzko, nnr. 9466-2478, Hátúni 12, Keflavík.

Stefndi er Rafn hf., nnr. 7126-6095, Sandgerði.

Stefnukröfur eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 2.000.000,00 auk 25% ársvaxta frá 5.1. 1984 til 21.1. s.á., en 19% ársvaxta frá þeim degi til birtingardags stefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Þess er krafist, að ákveðið verði, að vextina megi leggja við höfuðstólinn á 12 mánaða fresti, fyrst 5. janúar 1985, og reikna síðan vexti á þannig upphækkaðan höfuðstól. Jafnframt er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá Lögmannafélags Íslands. Þess er einnig krafist, að dæmdur málskostnaður beri „hæstu dráttarvexti frá dómsuppsögn til greiðsludags, nú 19% ársvexti." Þá er þess krafist, að viðurkenndur verði sjóveðréttur í m/b Víði II. GK 275, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómkröfur stefnda eru þessar: Í fyrsta lagi er krafist frávísunar frá héraðsdómi, í öðru lagi sýknu og í þriðja lagi, að stefnukrafa verði stórlega lækkuð. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Stefnendur hafa krafist þess, að frávísunarkröfunni verði hrundið og þeim dæmdur málskostnaður úr hendi stefnda.

Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfuna 29. janúar sl., og var málið að honum loknum tekið til dóms eða úrskurðar.

II.

Málavextir eru í aðalatriðum þessir:

Hinn 5. janúar 1984 gekk ofsaveður yfir suðvesturhorn landsins. Vindátt

var suð-vestlæg og stórsjór. Meðal margra skipa í Sandgerðishöfn voru m/b Sjávarborg GK 60, m/b Víðir II. GK 275 og m/b Reynir GK 177. Skipin voru bundin við bryggju, sem gengur fram úr hafnargarði, sem liggur sem næst í vestur í miðri Sandgerðishöfn. Sjávarborg GK var fremst við bryggjuna, en Víðir II. GK með Reyni GK utan á, innan við hana, þ.e. nær landi. Skipin sneru stefni að landi. Í óveðrinu slitnaði Víðir II. GK frá bryggjunni og rak ásamt Reyni GK að stórgrýttum varnargarði. Reynir GK lenti í grjótinu, en Víðir II. GK varð utar. Skipin voru bundin saman. Síðan losnaði Sjávarborgin einnig og rak að hinum skipunum. Hún lagðist með stefnið aftarlega á bakborðssíðu Víðis II. Víðir II. var vélarvana vegna breytinga og viðgerða, og aðalvél Sjávarborgar GK var óvirk vegna bilunar. Reynir GK er 104 brúttósmálestir að stærð, Víðir II. GK 126 brúttósmálestir og Sjávarborg GK 452 brúttósmálestir. Skipin snéru öll stefni í norður við varnargarðinn. Stefnendur voru ræstir út kl. um 6 að morgni umrædds dags. Þeim tókst að komast að Reyni GK, sættu lagi og stukku um borð beint af sjávargarðinum. Þeir gangsettu vél skipsins og tókst um síðir að koma Reyni GK og Víði II. GK að bryggju. Reynir GK hafði lamist allnokkuð utan í grjótgarðinn, og munu bæði skipin hafa skemmst mikið.

Stefnendur reisa kröfur sínar á því, að þeir hafi bjargað Víði II., GK 275, í skilningi 199. gr. siglingalaga nr. 66, 1963, en vísa þeim til stuðnings einnig til 200. gr. og 3. tl. 216. gr. sömu laga.

Meðal atriða, sem stefnendur leggja til grundvallar björgunarlaunakröfu, er að vátryggingarverð Víðis II. GK 275 hafi verið kr. 7.500.000,00 hinn 5. janúar 1984. Skipið hafi verið endurbætt mjög mikið og hafi því verki einmitt verið að ljúka þennan dag. Verðmætisaukning skipsins við endurbæturnar hafi reynst vera kr. 13.000.000,00 og verði því að telja, að verðmæti hins bjargaða skips hafi verið kr. 20.500.000,00 umræddan dag. Reiknað er með, að björgunarlaun séu 20% af nefndri fjárhæð og að af þeim komi ⅓ í hlut stefnenda. Í þessu efni geta stefnendur þess einnig, að þeir hafi tekið mikla áhættu með því að hafa Víði II. GK ávallt bundinn við Reyni GK. Með því móti hafi orðið miklu erfiðara að halda Reyni GK frá grjótgarðinum og það skip hafi líklega skemmst miklu meira en ella. Kunni stefnendur að verða skaðabótaskyldir vegna þessa gagnvart útgerð Reynis GK.

Þá er þess getið af hálfu stefnenda, að þeir hafi verið skipverjar á Reyni GK, en verið afskráðir í desember 1983 og ekki verið í föstu starfi hjá útgerð skipsins, þegar atvik varð. Samkvæmt vottorði lögskráningarstjóra voru stefnendur afskráðir af m/b Reyni, GK 177 hinn 20. desember 1983 og lögskráðir að nýju hinn 16. janúar 1984.

Eigandi—útgerðarmaður—m/b Reynis, GK 177, er Sandnes sf. Ekki

verður séð, að fyrirsvarsmönnum þess félags hafi veri gefinn kostur á að láta málsókn þessa til sín taka.

III.

Stefndi reisir kröfu sína um frávísun á því, að verði fallist á þá skoðun stefnenda, að um björgun sé að ræða í skilningi siglingalaganna, eigi útgerð og eigendur m/b Reynis, GK 177, verulegra hagsmuna að gæta, reyndar mun meiri en stefnendur, og þar sem þeir séu ekki aðiljar að málinu beri að vísa því frá dómi, sbr. 203. gr., 2. mgr., siglingalaga nr. 66, 1983 (sic) og 46. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Stefnendur reisa andmæli sín gegn frávísunarkröfu stefnda á því, að það fari eftir efnisatriðum, hvort samaðild sé. Björgunarlaunakrafa sé skiptanleg og geri stefnendur aðeins kröfu til þess hluta björgunarlauna, sem þeir telji eiga að koma í þeirra hlut.

Í 203. gr. siglingalaga nr. 66, 1963 er kveðið á um, að bjargi skip einhverju á ferð, skuli af björgunarlaunum fyrst bæta það tjón, sem við björgunina varð á skipi því eða farmi. Síðan er í aðalatriðum kveðið á um, að næst skuli útgerðarmenn fá tvo þriðju hluta björgunarlauna en skipshöfn afganginn. Stefnendur teljast í skilningi nefndrar lagagreinar hafa verið skipshöfn m/b Reynis, GK 177. Samkvæmt 199. gr. siglingalaga getur skipshöfn átt aðild að málsókn til heimtu björgunarlauna, sbr. einnig m.a. Hæstaréttardóm 1972, bls. 584.

Ákvæði 203. gr. siglingalaga hvíla á þeirri forsendu, að vegna björgunar sé ákveðin ein fjárhæð björgunarlauna, sem björgunarmenn skipti síðan sín á milli eða að skipt verði með dómi. Ákvæði 200. gr. siglingalaga um ákvörðun björgunarlauna, einkum 1. mgr. 1. tl. d) og f), stuðla einnig að þeirri niðurstöðu,, að skipshöfn eða einstakir skipverjar eigi ekki sjálfstæðan rétt til sóknar máls til heimtu björgunarlauna, heldur aðeins í félagi við útgerðarmann. Nauðsynlegt var, að útgerðarmaður m/b Reynis, GK 177, væri aðili að máli þessu.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða máls þessa sú, að stefnendur og útgerðarmaður m/b Reynis, GK 177, eigi samaðild að höfðun máls þessa. Þar sem útgerðarmaðurinn tekur ekki þátt í málshöfðuninni, ber samkvæmt 46. gr. laga nr. 85, 1936 að vísa málinu frá dómi. Dæma ber stefnendur til að greiða stefnda óskipt málskostnað, kr. 12.500,00.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.

Stefnendur, Ágúst Ágústsson, Jón Bjarnar Sigvaldason, Sigtryggur Þrastarson og Þorbjörn Datzko, greiði óskipt stefnda, Rafni hf., kr. 12.500,00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 29. mars 1985.

Nr. 51/1985. **Dómsmálaráðherra**
gegn
héraðsdómurunum Valtý Sigurðssyni
Garðari Gíslasyni og
Má Péturssyni.

Kærumál. Þóknun meðdómsmanna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Dómsmálaráðherra hefur með heimild í 8. málsgrein 37. A. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, kært til Hæstaréttar ákvörðun Valtýs Sigurðssonar héraðsdómara í Gullbringusýslu um þóknun meðdómsmannanna Garðars Gíslasonar borgardómara og Más Péturssonar héraðsdómara í aukadómþingsmálinu nr. 277/1983. Stefnendur máls þessa eru Sigurður Eiríksson o.fl. eigendur tiltekinna jarða, en stefndu utanríkisráðherra og fjármálaráðhera f.h. ríkissjóðs. Krafa stefnenda var sú, að viðurkennt yrði með dómi, að „yfirlýst eignarnám utanríkisráðherra á beitarréttindum ofangreindra jarða á Miðnesheiði hinn 13. desember 1982 sé ólögmætt og skuli því eigi fram fara". Dómur gekk í málinu 27. janúar 1985. Með ákvörðun, sem skráð var á þar til gert eyðublað 11. febrúar 1985, mælti Valtýr Sigurðsson svo fyrir, að þóknun meðdómsmannna skyldi vera 27.000,00 krónur til hvors. Ritaði hann dómsmálaráðuneytinu daginn eftir um þetta atriði, og barst bréfið ráðuneytinu 14. febrúar. Hinn 27. febrúar kærði ráðuneytið ákvörðunina og krafðist þess aðallega, að hún yrði felld úr gildi, en til vara, að þóknun yrði lækkuð.

Um málsástæður segir svo í kæru ráðuneytisins:

„...Um meðdómsmenn eru ákvæði í 37. A. gr. eml. Meðdómsmenn í máli þessu eru embættisdómarar. Ráðuneytið telur að þegar embættisdómari er kvaddur til setu í dómi með öðrum dómara sé sá starfi hluti embættisstarfa dómarans. Sé slíkt starf ekki meðdómsmannastarf sem ákvarða skuli þóknun fyrir. Ekki er kunnugt hvort leitað var samþykkis forstöðumanns embættis til kvaðningar. Ráðuneytið telur að ekki hafi legið fyrir nægar ástæður til að kveðja til meðdómsmenn í málinu, hvorki samkvæmt 1. né 2. málsgr. Hafi nauðsyn borið til að kveðja löglærða meðdómsmenn til hefði mátt kveðja til dómara eða dómarafulltrúa við embættið.

Verði ekki fallist á að fella hina kærðu ákvörðun um þóknun úr gildi er þess krafist að þóknunin verði lækkuð verulega, en dómurunum var eigi skylt að gegna meðdómsmannastörfum, sbr. 4. málsgr.

Vísað er til greinargerðar (athugasemda) með frumvarpi að lögum nr. 28/1981."

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, þar sem segir m.a.:

„Að mati héraðsdómarans er mál þetta all umfangsmikið. Þá má telja sakarefnið mikilvægt frá almennu sjónarmiði og fyrir aðila. Rétt var því og skylt að kveðja til meðdómendur við meðferð þess fyrir dómi, svo sem 2. mgr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936 gerir ráð fyrir.

Að fengnu samþykki forstöðumanns embættisins voru embættisdómarar sem starfa utan embættisins kvaddir til setu í dóminum enda er val meðdómenda háð ákvörðun dómara skv. 2. mgr. 37. A. gr. laga nr. 85/1936.

Telja verður að embættisdómarar sem kvaddir eru til setu í dómi skv. nefndri lagagrein séu meðdómsmenn í skilningi 37. A. gr. laganna. Þeim var því úrskurðuð greiðsla fyrir störf sín sbr. 8. mgr. 37. A. gr. laga 85/1936.

Með hliðsjón af þessu eru röksemdir dómsmálaráðuneytisins í fram kominni kæru fjarri lagi og ekki á lögum byggðar.

Dómsstörfin reyndust all tímafrek. Dómarar hittust bæði í Keflavík og Reykjavík við samningu dómsins og þá oftast eftir venjubundinn vinnutíma. Þá unnu dómarar eina helgi alfarið við samn-

ingu dómsins. Í starfið fóru að mati héraðsdómara 90 klst., sem gera á tímakaupi kr. 300/- samtals kr. 27.000.- sem taldist hæfileg þóknun."

Már Pétursson héraðsdómari hefur sent Hæstarétti greinargerð. Hann krefst þess, að dómkröfum sóknaraðilja verði hrundið. Í greinargerðinni fjallar hann um skýringu á ákvæði 2. málsgreinar 37. A. gr. einkamálalaga um kvaðningu embættisdómara eða fulltrúa til meðdómsmannsstarfa. Ber hann það saman við 5. gr., 3. mgr., laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 og segir m.a. í því sambandi:

„Hér er meginmunur á. Samkvæmt fyrrgreinda ákvæðinu eru það yfirsakadómari eða dómsmálaráðherra sem kveðja til samdómendur en samkvæmt því síðargreinda dómari sá sem með málið fer. Augljóst er að samdómandastarf skv. 3. mgr. 5. gr. oml. er starfskylda rækt innan viðkomandi embættis (3. mgr. tekur aðeins til Sakadóms Reykjavíkur) að boði forstöðumanns embættis eða ráðherra. Meðdómandastarf skv. 2. tl. 37. gr. A er ekki starfskylda (kærandi bendir réttilega á það sjálfur í kærunni þegar hann vísar til 4. tl. 37. gr. A eml.) og það er ekki rækt að boði forstöðumanns, enda ekki bundið við þann dómstól þar sem viðkomandi meðdómandi starfar, það er ekkert því til fyrirstöðu að dómarar af öðrum embættum séu til kvaddir og yfirmaður þess embættis þar sem málið er rekið hefur að sjálfsögðu ekkert yfir þeim að segja um úthlutun verkefna."

Varnaraðilinn Már Pétursson fjallar einnig í greinargerð sinni um fjárhæð þóknunar og segir, að meðdómsmennirnir hafi ekki framvísað reikningsgerð. Hafi héraðsdómara verið kunnugt eða mátt vera kunnugt um, „hver væri hæfilegur tími til þess að lesa yfir skjöl og athuga réttarheimildir, áður en fyrst var þingað, hver var fjöldi þinghalda og hve langan tíma þau tóku, svo og hvaða vinnu meðdómendur lögðu af mörkum frá dómtöku til dómsuppsögu".

Frá varnaraðiljanum Garðari Gíslasyni borgardómara hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Skv. 37. A. gr., 2. mgr., einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 9. gr. laga nr. 28/1981, mátti Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kalla til embættisdómara sem meðdómsmenn, eins og hann gerði í aukadómþingsmálinu nr. 277/1983, enda hafði hann fengið til þess sam-

þykki forstöðumanns sýslumannsembættisins í Gullbringusýslu. Ber að greiða meðdómsmönnum þóknun, og þykir þóknun þeirra hvors um sig hæfilega ákveðin 16.000,00 krónur.

Dómsorð:

Þóknun meðdómsmannanna Garðars Gíslasonar og Más Péturssonar í aukadómþingsmáli nr. 277/1983 í Gullbringusýslu skal vera 16.000,00 til hvors.

Mánudaginn 1. apríl 1985.

Nr. 75/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Páli Konráði Konráðssyni Þormar

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. mars 1985, sem barst Hæstarétti 28. s.m. Hann krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 26. mars 1985.

Ár 1985, þriðjudaginn 26. mars, er á dómþingi sakadóms Reyjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að Páli Konráði Konráðssyni Þormar, til heimilis að Hverfisgötu 32B, Reykjavík, fæddum 2. júlí 1953, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 10. apríl n.k., kl. 17:00.

Kærði hefur mótmælt kröfu RLR.

Málavextir eru þessir:

Sl. fimmtudagskvöld var stolið veski, sem í var ávísanahefti á Samvinnubankann á Selfossi. Var kærði handtekinn sl. laugardag í bifreið, og fannst staðgreiðslunóta í bifreiðinni frá Tómstundahúsinu, sem leiddi til þess, að RLR fékk afhentan tékka frá versluninni að fjárhæð kr. 6.000, útgefinn af Ragnari Björnssyni f.h. Fagverks h.f. Var tékkinn dagsettur 22. þ.m. og framseldur af Barböru Howard, nnr. 0969-8795, til Tómstundahússins. Í ljós kom, að tékkinn var úr hinu stolna tékkhefti.

Barbara Ann Howard, Grensásvegi 58 hér í borg, hefur við yfirheyrslur hjá RLR játað að hafa að beiðni kærða farið í ýmsar verslanir sl. föstudag og laugardag og selt 8-12 tékka, samkvæmt fyrirsögn kærða, úr tékkhefti, sem kærði hafði í fórum sínum og í voru 24 eyðublöð. Hafi flestir tékkarnir verið að fjárhæð kr. 6.000. Jafnframt hefur hún borið að kærði hafi útvegað stimpil með nafninu Fagverk s.f., sem hann hafi stimplað á tékkana, eftir að hún hafði ritað nafn útgefanda. Við húsleit á heimili kærða sl. sunnudagskvöld fundust sokkar, sem keyptir voru í einni versluninni. RLR hafa borist tveir tékkar úr umræddu tékkhefti.

Kærði hefur þverneitað að eiga nokkra aðild að máli þessu.

Samkvæmt framansögðu og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 þykir rétt að taka kröfu RLR til greina, enda er kærði undir rökstuddum grun um brot gegn XVII. og XXV. kafla almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sem getur varðað hann fangelsisrefsingu, og eru því ákv. 65. gr. stjórnarskrárinnar gæsluvarðhaldi eigi til fyrirstöðu. Kærði skal þó eigi sæta gæsluvarðhaldi lengur en til miðvikudagsins 3. apríl n.k., kl. 17:OO.

Úrskurðarorð:

Kærði, Páll Konráð Konráðsson Þormar, skal sæta gæsluvarðhaldi, en þó eigi lengur en til miðvikudagsins 3. apríl 1985, kl. 17:00.

Þriðjudaginn 2. apríl 1985.

Nr. 191/1982. **Andri h/f**
(Skúli Th. Fjeldsted hdl.)
gegn
Guðmundi Péturssyni hrl.
f.h. Hans Nordal, eiganda og
útgerðarmanns m/s Loanna
(Pétur Guðmundarson hdl.)

Farmflutningur. Aukabiðdagagjald. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. september 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi samkvæmt 4. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973 hinn 15. s.m. Dómkröfur hans eru aðallega þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu, en til vara, að fjárhæð sú, er héraðsdómur dæmdi, verði lækkuð. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að frá 21. apríl 1982 til greiðsludags verði vextir 10% ársvextir. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur áfrýjandi aflað nokkurra nýrra gagna og lagt fyrir Hæstarétt. Meðal þeirra er yfirlit, sem hann hefur tekið saman eftir ritinu „BIMCO Weekly Circular" um skipafjölda í höfninni í Szczecin (Stettin) og um væntanlegar skipakomur til hafnarinnar einn dag í viku hverri á tímabilinu 21. desember 1977 til 21. mars 1978.

Áfrýjandi hefur og aflað umsagnar þriggja manna, er starfa hjá skipafélögum eða við skipamiðlun, um það, „hvernig túlka beri „liner terms" skv. (þeirra) reynslu að því er varðar tafir við losun skips á ákvörðunarstað og sérstaklega í pólskum höfnum." Vísaði áfrýjandi í þessu sambandi til niðurlagsákvæðisins í 17. grein farmsamnings aðilja: „The cargo to be discharged on liner terms for owners' account."

Í bréfi Hafskips h/f, dags. 28. febrúar 1983, er fyrirspurninni svarað þannig:

„Það er okkar álit, að Andra h/f beri ekki að greiða umræddda aukabiðdaga. Vitnum við þar til greinar 17 í farmsamningnum, en þar er skýrt tekið fram að varan skuli losuð samkvæmt liner-skilmálum á kostnað skipeiganda."

Í bréfi Magnúsar Ármann skipamiðlara vegna Gunnars Guðjónssonar s/f er svar við fyrirspurninni á þessa leið:

„Með skírskotun í bréf yðar dags. 23. febrúar 1983, þar sem þér farið fram á túlkun vora samkvæmt vorri reynslu á „liner terms" ef sérstaklega er svo um samið, með sér grein í „Gencon" samningi, sjá gr. 6 og gr. 17, viljum við hér með gera grein fyrir vorri túlkun á þessu ákvæði:

1) Skipseiganda ber að sjá um og útvega bryggjupláss, allar tafir þar af leiðandi eru því á kostnað eiganda.
2) Skipseiganda ber að sjá um losun og greiða losunarkostnað, tafir v/veðurs, afkasta, skorts á vinnuafli, vögnum ofl., sem reikna má með samkvæmt venju, eru á kostnað skipseiganda, nema sérstaklega sé samið um ákveðinn losunartíma.
3) Í öllum þeim tilfellum, sem vér leigjum á „liner terms" losun, er flutningsgjaldið hærra en þegar leigt hefur verið á f.i.o.s. (frí lestun og frí losun fyrir skipið) grundvelli, enda reiknar skipseigandi inn í farmgjaldið losunarkostnað í losunarhöfn auk losunartíma og allra tafa sem kunna að verða í höfninni varðandi losunina."

Í vitnamáli, er háð var á bæjarþingi Reykjavíkur 12. nóvember 1984, gaf bréfritari nánari skýringar á efni bréfsins og staðfesti, að eftir sínum skilningi fælist í orðunum „liner terms", að skipseiganda bæri ekki aukabiðdagagjald vegna þeirrar biðar, sem venjuleg væri í höfn vegna veðurs, vöntunar á legurými við bryggju eða öðru, sem nefnt væri í bréfinu, en gat þess þó, að ef eitthvað væri tekið fram í farmsamningi um losunarhraða, muni það þó „draga úr áhættu skipseigandans."

Í bréfi Baldvins Jónssonar, þáverandi starfsmanns h/f Eimskipafélags Íslands, dags. 25. febrúar 1983, er um það fjallað, hvernig almennt beri að skilja nokkur tíðkanleg ákvæði í farmsamningum

varðandi fermingu og affermingu. Þykir ekki þörf á að rekja efni bréfsins í einstökum atriðum eða skýrslu bréfritara í áðurgreindu vitnamáli að öðru leyti en því, að í vitnaskýrslunni lýsti hann þeim skilningi sínum á orðunum „liner terms", að þau vörðuðu farmgjald og affermingarkostnað, sem borinn skyldi af skipseiganda, en farmsamningurinn kvæði ekki á um ákveðinn fjölda biðdaga í losun og lestun. Fari það eftir hefðum og venjum í höfnum.

Í hinum áfrýjaða dómi hefur fallið niður hluti af þeim kafla úr telexskeyti Þorvalds Jónssonar skipamiðlara til Mökster Shipping A/S 14. mars 1978, sem sagður er vera tekinn orðréttur upp í dóminn. Réttur er þessi hluti skeytisins þannig:

„Must say that the owners are not much flexible in solving this problem. We have guaranteed to owners to pay any demurrage legally due to them in spite of the fact that the main problem is the lack of waggons for which our receivers are to be blamed. Nevertheless we have guaranteed and shall undertake to come to a solution with our receivers."

Ennfremur hefur misritast í hinum áfrýjaða dómi, að Mökster Shipping A/S hafi borist skeyti um málið frá framkvæmdastjóra stefnda sama dag, en sú orðsending var send hinum norska miðlara 15. mars fyrir milligöngu Þorvalds Jónssonar.

Grein 4 (6) í farmsamningi aðilja er svohljóðandi, og eru hér auðkennd þau orð, sem eru vélrituð í prentaðan texta samningsins:

„Cargo to be received by Merchants at their risk and expense alongside the vessel not beyond the reach of her tackle and to be discharged in *fast as can, customary in* running *weather* working days. Time to commence at 1 p.m. if notice of readiness to discharge is given before noon, and at 6 a.m. next working day if notice given during office hours after noon.

Time lost in waiting for berth to count as discharging time."

Fallast má á það með héraðsdómi, að ekki verði lagður sá skilningur í niðurlagsákvæði 17. greinar farmsamnings aðilja, sem var um flutning heils farms frá Vopnafirði og Eskifirði til Szczecin, þegar grein þessi er virt í tengslum við önnur ákvæði hans, sem greind eru í dóminum, að orðin „on liner terms" hafi skotið loku fyrir, að stefndi mætti krefjast gjalds fyrir aukabiðdaga í affermingarhöfn. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til for-

sendna hins áfrýjaða dóms verður sýknukrafa áfrýjanda ekki tekin til greina.

Varakrafa áfrýjanda er á því byggð, að stefndi eigi ekki rétt á að fá greitt aukabiðdagagjald fyrir þann tíma, sem töf á affermingu m/s Loanna hafi stafað af bið skipsins eftir legurými við bryggju í Szczecin og öðrum töfum á uppskipun, svo sem skorti á járnbrautarvögnum til viðtöku farms. Leiði þetta af þeirri tilvísun til venju, sem fólgin sé í orðinu „customary" í tengslum við orðin „fast as can" í 4 (6) gr. farmsamningsins. Séu tafir af umræddum orsökum alvanalegar í pólskum höfnum. Auk þess felist það í 17. grein farmsamningsins, að bið eftir legurými við bryggju hafi átt að vera á áhættu stefnda.

Í farmsamningi aðilja segir í niðurlagi í grein 4 (6), svo sem fyrr er greint, að þann tíma, er skipið bíði eftir legurými við bryggju, beri ekki að telja til affermingartíma. Ekki verður talið, að með hinum nýju gögnum séu komnar fram öruggar upplýsingar um sérstakar venjur í höfninni í Szczecin varðandi það, hvernig biðdaga skuli telja. Mótmæli gegn útreikningi og fjárhæð hins umkrafða aukabiðdagagjalds sérstaklega komu fyrst fram við munnlegan flutning máls í héraði. Samkvæmt þessu verður varakrafa áfrýjanda ekki heldur tekin til greina.

Af hálfu áfrýjanda var því lýst yfir við flutning málsins fyrir Hæstarétti, að hann andmælti ekki vaxtakröfu stefnda, hvorki að því er varðaði upphafstíma vaxta né vaxtafót.

Samkvæmt framansögðu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó þannig, að frá 21. apríl 1982 verði vextir 10% ársvextir. Þá ber og að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 60.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að frá 21. apríl 1982 til greiðsludags verði vextir af hinni dæmdu fjárhæð 10% ársvextir.

Áfrýjandi, Andri h/f greiði stefnda, Guðmundi Péturssyni hæstaréttarlögmanni f.h. Hans Nordal, eiganda og útgerðar-

manns m/s Loanna, 60.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Thoroddsen hæstaréttardómara.

Ég er ósammála atkvæði meiri hlutans af ástæðum þeim, er hér greinir: Farmsamningur sá, sem mál þetta snýst um, er eigi svo skýr sem skyldi.

Í samningi þessum eru 16. og 17. gr. vélritaðar sérstaklega til viðbótar 15 greinum í hinu prentaða samningsformi.

Það er viðtekin regla við túlkun á skriflegum samningum skv. stöðluðum, prentuðum samningsformum, að það, sem ritað er sérstaklega á slík eyðublöð, hefur meira gildi heldur en hinn prentaði texti.

Í 17. grein samningsins segir m.a. svo: „The cargo to be discharged on liner terms for owners account". Þetta samningsákvæði orkar að vísu tvímælis, en þegar það er virt í samhengi við 4. gr. farmsamningsins, þar sem m.a. segir, að farmi skuli afskipað „fast as can, customary in running weather working days", og í ljós er leitt, að tafir við affermingu eru venjulega í Stettin, þá tel ég rétt að túlka hin tilvitnuðu orð 17. gr. samningsins á þá lund, að þau víki til hliðar hinu ósamrýmanlega ákvæði 5. gr. Ég tel stefnda því ekki eiga kröfu á hinu umstefnda aukabiðdagagjaldi. Yfirlýsing áfrýjanda frá 10. mars 1978 þess efnis, að hann ábyrgðist stefnda aukabiðdagagjald, breytir hér engu, þar sem yfirlýsingin var bundin því skilyrði, að stefndi ætti lögvarða kröfu til gjaldsins („legally due to them").

Samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, tel ég, að sýkna beri áfrýjanda, en eftir atvikum eigi málskostnaður að falla niður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur sjó- og verslunardóms Reykjavíkur 26. nóvember 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 30. október sl., en höfðað hér fyrir dóminum með stefnu, birtri 27. júní 1979, af Guðmundi Péturssyni hrl., Reykjavík, f.h. Hans Nordal,

Stafangri, Noregi, útgerðarmanns og eiganda skipsins m/s ,,Loanna", gegn Andra h.f., Borgartúni 29, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda er þær, að stefndi greiði norskar kr. 116.666,67 með 19% ársvöxtum frá 11. apríl 1978 til 1. júní 1980, en með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað að mati dómsins.

Stefndi gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, og að honum verði tildæmdur málskostnaður úr hans hendi.

Dómurinn leitaði sátta, en þær tókust ekki.

Málavextir.

Stefnandi tók að sér flutning á 952 tonnum og 500 kg af loðnumjöli í sekkjum fyrir stefnda með skipi sínu, m/s ,,Loanna", frá Eskifirði og Vopnafirði til Stettin í Póllandi, og snýst málið um kröfu stefnanda um aukabiðdagagjald vegna tafa, er urðu á affermingu skipsins í Stettin.

Farmsamningur aðilja var gerður á svonefnt ,,Gen. con." form, á ensku ,,Uniform Genereal Charter", og var hann dags. 10. febrúar 1978. Umboðsaðiljar við samningsgerðina voru: Fyrir stefnanda skipamiðlarafyrirtækið Mökster Shipping A/S, Stafangri, en fyrir stefnda Þorvaldur Jónsson skipamiðlari, Reykjavík. Fyrir hönd beggja aðilja var farmsamningurinn undirritaður af danska skipamiðlarafyrirtækinu Stangeby og Hansen, Kaupmannahöfn. Móttakandi farmsins var tékkneskt fyrirtæki, Koospol, en umboðsaðili þess var skipamiðlarafyrirtækið Checófracht. Þorvaldur Jónsson skipamiðlari gaf út farmskírteini fyrir flutningnum í Reykjavík 15. febrúar 1978.

M/s Loanna kom til Stettin í Póllandi að morgni 1. mars 1978, kl. 4:00. Skipið lagðist við festar á ytra skipalægi, þar sem ekki var fyrir hendi viðlegupláss í höfninni. Tilkynning um, að skipið væri tilbúið til affermingar, var send kl. 11:50 sama dag. Skipið beið síðan eftir hafnarplássi til 4. mars, en þá lagðist það að bryggju. Uppskipun tafðist síðan og gekk skrykkjótt af orsökum, sem nánar eru greindar í ,,statement of facts", þ.e. svokölluðu ,,time sheet", sem liggur frammi í málinu á dskj. nr. 6, og lauk uppskipun farmsins ekki fyrr en 18. mars. Eftir að skipið var lagst að bryggju, byggðust tafirnar fyrst og fremst á vöntun á járnbrautarvögnum til að taka við farminum. Eftir allar þessar tafir var skipið komið á aukabiðdaga, og þann 9. mars stöðvaði skipstjórinn uppskipun farmsins. Neitaði hann að hefja uppskipun að nýju og krafðist tryggingar eða ábyrgðar af hálfu stefnda og móttakanda farmsins fyrir greiðslu áfallinnar aukabiðdagaþóknunar. Urðu lyktir þær, að umboðsmenn beggja aðilja, þ.e. Þorvaldur Jónsson og Checófracht, sendu umboðsmanni stefnanda, Mökster Shipping, Stafangri, telexskeyti, bæði dags. 10. mars 1978, þar sem þeir ábyrgðust fyrir hönd umbj. sinna greiðslu á aukabiðdagaþóknun til stefnanda. Telex-

skeyti þessi liggja frammi í málinu. Á dskj. nr. 13 er skeyti frá Checófracht, og er það svohljóðandi:

„In the name of our receivers Koospól Praha we are giving you herewith our garantee for payment of total demurrage incurred in Stettin. This guarantee is given without prejudice to the relation beween the suppliers and receivers. You are requested to instruct immediately the master of the vessel to start discharge without further delay."

Skeyti Þorvalds Jónssonar skipamiðlara, sem samið var af Haraldi Haraldssyni, framkvæmdastjóra stefnda Andra h.f. og sent að beiðni hans, hljóðaði þannig:

„Charterers have now instructed me to confirm to you that they guarantee hereby payment of demurrage legally due for above vessel at Stettin. Await our confirmation that you have released the cargo."

Að fengnum þessum ábyrgðaryfirlýsingum var uppskipun haldið áfram, enda þótt ætlun hans hafi verið að fá aðiljana til þess að setja bankatryggingu fyrir aukabiðdagagjaldinu. Strax daginn eftir, þann 11. mars, sendu þó Checófracht telexskeyti til umboðsmanns stefnanda, Mökster Shipping, og sögðu, að þeir vildu afturkalla ábyrgðaryfirlýsingu sína frá því deginum áður, vegna þess að þeir hefðu frétt, að stefndi, Andri h.f., hefði einnig gefið slíka ábyrgðaryfirlýsingu. Þá urðu einnig áframhaldandi tafir á uppskipun farmsins, ýmist vegna skorts á járnbrautarvögnum eða rigningar. Þann 14. mars sendi Þorvaldur Jónsson skipamiðlari S. Mökster telexskeyti, þar sem segir:

„Must say that the owners are not much flexible in solving this problem is the lack of wagons for which our receivers are to be blamed. Nevertheless we have guaranteed and shall undertake to come to a solution with our receivers."

Sama dag barst S. Mökster skeyti frá framkvæmdastjóra stefnda. Þetta skeyti er mjög harðort og ákveðið, og í niðurlagi þess segir svo:

„We repeat before given guarantee to you where as we state following: We guarantee all demurrage to be paid-legally due to you. If you do not accept this we place you responsible for all consequenses and costs involved in this matter. We advise you once again to withdraw your orders of closing down the hatches of the above mentioned vessel and have the discharging done to prevent any further damage. We shall not take any further part in negotiations regarding this matter untill the vessel is fully discharged."

Uppskipun farmsins var síðan aftur stöðvuð frá kl. 14:00 15. mars til sama tíma þann 16., vegna þess að stefnanda þótti krafa sín um aukabiðdagagjaldið eigi nógu trygg. En eftir þessa sólarhringsstöðvun var þó uppskipun haldið áfram eftir því sem aðrar ástæður hömluðu ekki.

Eins og áður hefur komið fram, lauk uppskipun að kveldi 18. mars og

sigldi M/S LOANNA að því búnu úr höfn. Tók uppskipunarvinnan allt í allt 38 ½ klst., sbr. dskj. nr. 6.

Á dskj. nr. 22 eru telexviðskipti milli Checófracht og S. Mökster, er fram fóru 3. apríl 1978, þar sem þeir fyrrnefndu eru enn að leita eftir samþykki á afturköllun á ábyrgðaryfirlýsingu sinni, er gefin var 10.3. 1980, sbr. dskj. nr. 13. Þessari umleitun var þannig svarað af hálfu Mökster:

„The receivers are mentioned in the charterparty and you have given your guarantee on their behalf as far as we have understood. We shall try to get the money from charterers and if succeeding we shall accept that you withdraw your guarantee, but if impossible to get it from charterers we must claim you for the demurrage money. The problem is, that we do not trust the people in Iceland."

Hinn 11. apríl 1978 skrifaði umboðsmaður stefnanda skipamiðlarafyrirtækinu Stangeby og Hansen, Kaupmannahöfn, sem hafði undirritað farmsamninginn fyrir báða aðilja, og fól því að innheimta kröfuna um aukabiðdagaþóknunina. Afrit af bréfi þessu liggur frammi í málinu á dskj. nr. 15, og er vaxtakrafa máls þessa miðuð við dagsetningu þessa bréfs.

Málsástæður og lagarök.

1. Kröfu sína um þóknun fyrir aukabiðdaga vegna tafa í uppskipun úr m/s „Loanna" í Stettin í Póllandi reisir stefnandi á ákvæðum í farmsamningi aðilja, sem lagður hefur verið fram í málinu, og jafnframt á ábyrgðaryfirlýsingu þeirri, sem gefin var af hálfu stefnda hinn 10. mars 1978 og ítrekuð hinn 14. mars 1978. Stefnandi bendir á, að í klásúlu 5 í A-hluta farmsamingsins sé samið sérstaklega um aukabiðdaga og þóknun fyrir þá, sem ákveðin sé norskar kr. 8.000 fyrir hvern dag eða pró rata fyrir hluta úr degi, bæði í hleðsluhöfn og affermingarhöfn. Stefndi hafi leitast við að halda því fram, að niðurlagssetningin í klásúlu 17 í farmsamningnum, A-hluta, sem hljóði þannig: „The cargo is to be discharged on liners terms for owners account", beri að skilja þannig, að ekki komi til greina aukabiðdagar og aukabiðdagagjald í affermingarhöfn. Stefnandi telur, að þessi túlkun stefnda á klásúlu 17 fái ekki staðist, og bendir á eftirfarandi. Í fyrsta lagi sé almennt talið, að hugtakið „liner terms" í farmsamningum sé óljóst og ónákvæmt, en þó sé sá skilningur yfirleitt lagður í það, að farmflytjandi eigi að sjá um fermingu og affermingu og að ekki sé samið um biðdaga og aukabiðdagagjald, vegna þess að slíkt tíðkist ekki í áætlunarsiglingum. Í þessu máli sé aðstaðan hins vegar sú, að aðiljar hafi samið skýrt og skorinort um fermingar- og affermingartíma og aukabiðdaga og aukabiðdagagjald í klásúlum 3, 4 og 5 í farmsamningnum. Klásúla 17 í farmsamningnum breyti engu varðandi þessi atriði. Með henni séu ailjar einungis að ákvarða kostnaðarskiptingu varðandi fermingu og affermingu. Þegar

klásúla 17 sé lesin í heild, geti engum dulist, að annar og víðtækari skilningur verði ekki í hana lagður. Fyrri málsliður hennar varði kostnaðinn við fermingu, sem sé „free of expense to the vessel", en affermingin skuli hins vegar skv. seinni málsliðnum vera „on liner terms for owners account", sem þýði aðeins, að farmflytjandi eigi að bera kostnað af affermingunni. Um tilvísun lögmanns stefnda til 96. gr. siglingalaga nr. 66/1963 í sambandi við klásúlu 17 segi stefnandi, að ákvæði 5. kafla siglingalaganna komi því aðeins til álita, að ekki sé á annan veg samið, sbr. 52. gr. laganna. Í máli þessu liggi fyrir farmsamningur aðilja og byggist réttarstaða þeirra á honum. Auk þess eigi ákvæði 96. gr. siglingalaga aðeins við, þegar skip sé í förum samkvæmt fastri áætlun. Ákvæðið taki mið af stykkjagóssflutningum, þegar skipafélög hafi umboðsmenn í hinum ýmsu áætlunarhöfnum sínum, og vandkvæðalaust sé að koma stykkjagóssinu í geymslu í vöruhúsi viðkomandi umboðsmanns. Í þessu máli sé aðstaðan allt önnur. Hér hafi verið um að ræða skip með fullfermi til eins aðilja, þ.e. farmsamning um heilt skip og útgerðarmaður þess, stefnandi málsins, reki ekki neinar áætlunarsiglingar til Póllands. Af þessum ástæðum komi 96. gr. siglingalaga hér alls ekki til álita. En stefnandi bendir á, að einu gildi, þótt svo hafi verið um samið, að afferming skipsins skyldi fara fram „on liner terms", því það þýði einungis, að stefnandi hafi átt að greiða kostnaðinn við uppskipun farmsins. Af þessu sé ótvírætt, að aðiljar hafi samið um aukabiðdaga og aukabiðdagagjald í affermingarhöfninni, þ.e. Stettin.

Af klásúlu 11 í B-hluta farmsamnings aðilja leiði, svo og hinni sérstöku ábyrgðaryfirlýsingu stefnda, að stefndi sé sem farmsendandi ábyrgur fyrir greiðslu aukabiðdagagjaldsins.

Um affermingartímann og aukabiðdagana segir stefnandi, að samkvæmt klásúlu 4 í farmsamningnum hafi uppskipun farmsins átt að fara fram „fast as can, customary, in running weather working days", og teljist affermingartíminn hefjast „at one p.m. if notice of readiness to discharge is given before noon". Af málavöxtum leiði, að affermingartíminn teljist hefjast kl. 13:00 hinn 1. mars 1978. Gildi þá einu, þótt skipið hafi legið á læginu til 4. mars og ekki lagst að bryggju fyrr en kl. 19:00 þann dag. Ástæðan fyrir þessari bið hafi verið skortur á viðleguplássi í höfninni í Stettin vegna mikillar skipaumferðar á þeim tíma, en í lok klásúlu 4 sé einmitt tekið af skarið um það, hver skuli bera áhættuna af slíkum töfum. Þar segi: „Time lost in waiting for berth to count as discharging time". Í útreikningi sínum á aukabiðdagagjaldinu miði stefnandi við, að eðlilegur tími til uppskipunar á 1000 tonnum af loðnumjöli í sekkjum sé 48 klst. Sé það ríflega reiknaður tími, þar sem afferming skipsins hafi í raun aðeins tekið 38 ½ klst.

Með vísan til ákvæðisins um, að „the time lost in waiting for berth to count as discharging time", og þess, er fram komi á dskj. nr. 6, þ.e. að

„ordinary working hours of the port" sé frá 00:00 til 24:00, hafi M/S „LOANNA" því þegar verið komin á aukabiðdaga kl. 13:00 3. mars 1978, þ.e. rúmum sólarhring áður en skipið lagðist að bryggju.

Af því leiði svo aftur, að ekki ætti að þurfa að taka afstöðu til tafa á affermingunni, sem urðu eftir það tímamark, sbr. dskj. nr. 6, og vísar stefnandi þar um til reglunnar: „Once on demurrage, always on demurrage".

Í þessari reglu felist, að undantekningar og tafir á fermingu og affermingu, sem annars kynnu að vera á áhættu farmflytjanda, komi ekki lengur til álita, eftir að affermingartíminn er liðinn eða biðdagar og skipið er komið á aukabiðdaga. Reglan byggist á því, að hefði skipið ekki tafist fram yfir eðlilegan affermingartíma eða umsamda biðdaga, sem séu reiknaðir með í farmgjaldinu, þá hefðu seinna tilkomnar aðstæður engin áhrif haft, því skipið hefði þá nýtt tímann til siglingar.

Eftir að M/S LOANNA lagðist að bryggju í Stettin 4. mars 1978, hafi tafir á uppskipun fyrst og fremst orðið vegna þess, að ekki voru tiltækir járnbrautarvagnar til að taka við farminum.

Hér reyni á túlkun á orðunum: „Fast as can, customary" í klásúlu 4 í farmsamningnum. Í sjóréttarfræðibókum sé slíkt ákvæði almennt kallað fac-klásúla. Í norskum og dönskum rétti hafi fac-klásúlur verið túlkaðar í samræmi við orðanna hljóðan, þ.e.a.s. að farmsendandi skuli við fermingu afhenda farm og móttakandi taka á móti við affermingu, eins hratt og skipið geti tekið á móti eða skipað upp með þeim tækjum, sem það er búið.

Ákvæðið höfði sem sagt til uppskipunarhraða skipsins, en ekki móttökuhraðans í landi.

Í farmsamningi aðilja á dskj. nr. 3 sé enginn fyrirvari í þá átt, að skortur á járnbrautarvögnum í affermingarhöfninni, þ.e. Stettin, skuli vera á áhættu stefnanda. Af því leiði, að hann eigi rétt á aukabiðdagaþóknun fyrir þær tafir á uppskipuninni, sem af skortinum á járnbrautarvögnunum leiddi.

Í þessu sambandi sé vísað til 65. gr. siglingalaganna, nr. 66/1963, 1. mgr.

Það sé augljóst í máli þessu, að móttakandi farmsins hafi notað M/S „LOANNA" sem vörugeymslu, meðan beðið var eftir því, að járnbrautarvagnar til flutnings farmsins yrðu tiltækir. Móttakandi farmsins hafi átt tveggja kosta völ. Annaðhvort að nota skipið eins og hann gerði og greiða þá aukabiðdagagjald til eigenda þess fyrir það eða þá að kaupa geymslupláss fyrir farminn í landi. Valið milli þessara kosta hafi verið stefnanda allsendis óviðkomandi og ákvörðun um það sé alfarið mál móttakanda og framflytjanda, viðskiptalegs eðlis.

En fyrir þessa ákvörðun farmmóttakanda verði nú stefndi, Andri h.f.,

að gjalda, hvort sem hann hafi átt nokkurn þátt í henni eða ekki.

Rök sín fyrir því, að stefndi, Andri h.f., beri hér ábyrgð, byggi stefnandi á ákvæðinu í 2. málslið klásúlu 11 í farmsamningi aðilja, B-hluta, og svo hinni sérstöku ábyrgðaryfirlýsingu stefnda.

Í sjóréttarfræðibókum séu ákvæði sem þetta oft nefnd „Cesser-klásúlur".

Í klásúlu 11 segi, að farmsendandi sé áfram ábyrgur fyrir kröfum, sem stafa frá fermingarhöfninni. Hvað hins vegar varði kröfur, sem rísi í afermingarhöfninni, sé hann laus mála, nema því aðeins að skipseigandi hafi ekki getað fengið greiðslu með því að beita haldsrétti sínum í farminum.

Stefnandi hafi beitt haldsrétti sínum skv. klásúlu 11 í farmsamningnum á dskj. nr. 3 með því að halda farminum áfram í vörslum sínum, en það hafi verið eina eðlilega og raunhæfa leiðin, eins og á stóð, fyrir hann til að beita þessum rétti sínum.

Og eins og áður sé komið fram, þá hafi stefnandi fengið með þessum aðgerðum sínum yfirlýsingar um ábyrgð á aukabiðdagagjaldinu bæði frá stefnda og móttakanda farmsins og af hálfu stefnanda sé lögð rík áhersla á það, að stefndi hafi endurtekið ábyrgðaryfirlýsingu sína og ítrekað í tvígang.

Eftir svo ákveðnar og ítrekaðar ábyrgðaryfirlýsingar hafi stefnanda alls ekki verið stætt á að beita lengur haldsrétti sínum og neita áfram að skipa farminum upp. Það hefði getað bakað honum ábyrgð.

Ekki sé unnt að halda því fram, að stefnandi hefði átt að ganga lengra í beitingu haldsréttar síns en hann gerði, t.d. með því að fara með farminn á nauðungaruppboð, eftir að hann var búinn að fá framboðnar fullnægjandi tryggingar fyrir kröfu sinni í formi ábyrgðaryfirlýsinga, bæði frá farmsendanda og farmmóttakanda.

2. Stefndi, Andri h.f., styður sýknukröfu sína þeim rökum, að prentuðu formi farmsamningsins hafi verið breytt með sérstakri vélritaðri áritun á samninginn í niðurlagi 17. gr.: „The cargo to be discharged on liner terms on owner's account." Upplýst sé, að orðin „liner terms" í farmsamningum þýði venjulega, að um aukabiðdaga sé ekki að ræða. Hin vélritaða grein gangi framar prentuðum greinum í farmsamningnum, og hafi aðiljar því samið svo, að um aukabiðdaga væri ekki að ræða samkvæmt þessum farmsamningi varðandi affermingu. 5. gr. í hinu prentaða formi virðist stangast á við þessa síðari viðbótargrein, þar sem þar sé skrifað, að aukabiðdagagjald skuli vera n.kr. 8.000 á dag, „at ports of loading and discharging", þ.e. bæði í hleðsluhöfn og affermingarhöfn. Þessi 5. gr. hafi þó eingöngu átt að vera um aukabiðdaga í hleðsluhöfn og hafi orðin „and discharging" því átt að strikast út, en það hafi gleymst. Síðasta setningin í grein 17, hin tilvitnaða setning, taki af allan vafa um það, að svo hafi verið um

samið, að ekkert aukabiðdagagjald kæmi til í affermingarhöfn, þ.e. í Stettin. Stefndi vísar til 96.-99. gr. siglingalaga nr. 66/1963. Af þessum sökum hafi ákvæði í B-hluta farmsamningsins ekki átt lengur við, þannig ekki 2. mgr. 11. gr., sem segi: „Charterers shall also remain responsible for freight and demurrage (including damages for detention) incurred at port of discharge, but only to such extent as the Owners have been unable to obtain payment therof by exercising the lien of the cargo".

Af þessu prentaða ákvæði í 11. gr. sé þó ljóst, að jafnvel þótt aðiljar hefðu ekki breytt samningnum með hinum vélrituðu viðbótargreinum, þá gat ábyrgð farmsendanda, stefnda í málinu, því aðeins komið til, að stefnandi, farmflytjandinn, hefði notað haldsrétt sinn og látið bjóða upp farminn, en uppboðsandvirðið ekki nægt til greiðslu fyrir aukabiðdaga. Upplýst sé, að stefnandi hafi tvisvar látið stöðva uppskipun farmsins, en hann hafi hætt því og látið uppskipun halda áfram. Ekki hafi reynt á haldsrétt stefnanda frekar, þar sem hann hafi sjálfur fallið frá honum, og sé krafa hans um aukabiðdaga þegar fallin niður af þessum sökum skv. farmsamningnum. Stefndi bendir og á, að ábyrgð hans sem farmsendanda hafi einungis átt að vera til vara. Hann hafi hvergi nærri verið og á engan hátt getað hlutast til um uppskipun farmsins. Móttakandi vörunnar hafi verið sá eini fyrir utan stefnanda, sem eitthvað hafi getað gert til að bjarga málinu og komast hjá töfum, og hefði stefnandi því fyrst átt að snúa sér að honum og höfða mál gegn honum. Þannig sé sýnt, að stefnandi hafi í raun aldrei eignast kröfu um aukabiðdaga skv. samningnum, en jafnvel þótt svo væri talið, hefði stefnandi aldrei eignast slíka kröfu á stefnda fyrr en í fyrsta lagi eftir árangurslaust fjárnám á hendur móttakanda farmsins.

Stefndi bendir auk þess á það, að upplýst sé, að stefnandi hafi ekkert gert til þess að flýta losun farmsins og draga úr skaðanum. Hann hefði getað losað farminn og sett hann í vöruhús í Stettin, ef járnbrautarvagna skorti. Honum hafi borið að gera það, sem unnt var til þess að flýta fyrir, og beri því ábyrgð á því, hvernig fór. Þessvegna sé útreikningi á aukabiðdögum mótmælt, enda sé vitað, að tími til uppskipunar sé lengri á þessum slóðum en á vesturlöndum. Klásúluna „as customary" beri að túlka með slíkan hægagang í vinnubrögðum í huga.

Niðurstaða.

Upplýst er, að hinn 10. mars 1978 hafi stefndi, Andri h.f., gefið út ábyrgðaryfirlýsingu, sem beint var til stefnanda, um greiðslu aukabiðdagagjalds vegna tafa skips stefnanda í Stettin, eða „guarantee hereby payment of demurrage legally due for above vessel at Stettin", eins og ábyrgðaryfirlýsingin var orðuð í telexskeyti milli umboðsmanna aðilja. Þrátt fyrir þessa

yfirlýsingu hefur stefndi í máli þessu leitast við að sýna fram á, að honum beri ekki að greiða stefnanda aukabiðdagagjald.

Upplýst er og ágreiningslaust, að einn aðili, danska skipamiðlarafyrirtækið Strangeby & Hansen, hafi gefið út „Gen. con."—framsamninginn fyrir hönd beggja aðilja. Ekki er deilt um orðalag samningsins. Í A-hluta samningsins er í 5. gr. ákvæði um aukabiðdaga og þóknun fyrir þá, norskar kr. 8.000 fyrir hvern dag, bæði í hleðsluhöfn og affermingarhöfn. 11. gr. B-hluta samningsins hljóðar svo: „Owners shall have a lien on the cargo for freight, deadfreight, demurrage, and damages for detention. Charterers shall remain responsible for deadfreight and demurrage (including damages for detention) incurred at port of loading. Charterers shall also remain responsible for freight and demurrage (including damages for detention) incurred at port of discharge, but only to such extent as the Owners have been unable to obtain payment thereof by exercising the lien on the cargo."

Í viðbótargrein í A-hluta samningsins, sem vélrituð hefur verið og merkt nr. 17, segir:

„The cargo to be loaded and stowed free of expense to the vessel. Vessel to supply, winches, and power to drive same, and winchmen from vessel's crew, if allowed, otherwise shorewinchmen for charterers' account. The cargo to be discharged on liner terms for owners' account."

Sé síðasti málsliður 17. gr. samningsins túlkaður þannig, að aukabiðdagagjald skyldi ekki greiða við affermingu skipsins, stangast þessi málsliður á við fyrri greinar samningsins, sem fjalla um aukabiðdaga og aukabiðdagagjald við affermingu, bæði 4. og 5. gr. A-hluta og 11. gr. B-hluta. Óvenjulegt hefði verið að bæta orðunum „on liner terms" við verðbundinn farmsamning, sem berum orðum nefnir auk þess aukabiðdaga og fjárhæðir fyrir þá, ef tilætlunin var engu að síður að semja svo um, að engir aukabiðdagar skyldu reiknast við affermingu. Við þetta bætist, að aðili sá, sem sá um gerð samningsins fyrir báða aðilja, lagði þann skilning í samninginn, að skipinu bæri greiðsla fyrir aukabiðdaga í affermingarhöfn í bréfi sínu, dags. 8. mars 1978, sbr. dskj. nr. 7. Samkvæmt ofansögðu verður að telja rétt að túlka samning aðilja þannig, að skipinu beri greiðsla fyrir aukabiðdaga í affermingarhöfn, allt skv. þeim reglum, sem farmsamningurinn mælir fyrir um.

Með yfirlýsingu hinn 10. mars 1978, sem endurtekin var hinn 14. mars 1978, ábyrgðist stefndi, Andri h.f., greiðslu aukabiðdagagjalds þess, sem stefnandi átti rétt á. Verður að telja þessar ábyrgðaryfirlýsingar skuldbindandi fyrir stefnda. Eru þær tilkomnar við það, að stefnandi beitti rétti sínum skv. 11. gr. B-hluta farmsamnings aðilja. Rökstuddur ágreiningur um aukabiðdagatímabilið og útreikning þess kom fyrst fram við munnlegan

málflutning. Gegn mótmælum stefnanda teljast þau of seint fram komin og verða því ekki tekin til greina.

Verður stefnda, Andra h.f., því gert að greiða stefnanda, Hans Nordal, stefnukröfuna, norskar kr. 116.666,67, með vöxtum eins og krafist er. Einnig verður stefnda gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst íslenskar kr. 2.000.000.

Dóm þennan kváðu upp Garðar Gíslason borgardómari, Guðmundur Hjaltason skipstjóri og Stefán M. Stefánsson prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, Andri h.f., greiði stefnanda, Hans Nordal, útgerðarmanni og eiganda m/s „Loanna", norskar kr. 116.666,67 ásamt 19% ársvöxtum frá 11. apríl 1978 til 1. júní 1980, en með 11% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og íslenskar kr. 2.000.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 3. apríl 1985.

Nr. 82/1981. **Bæjarsjóður Akraness og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f og** (Jón Kr. Sólnes hrl.) **fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins** (Gunnlaugur Claessen hrl.) gegn **Halldóru Daníelsdóttur** (Hallgrímur B. Geirsson hdl.)

Bifreiðar. Umferðarlög. Sýknað af skaðabótakröfu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur bæjarsjóður Akraness og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. mars 1981. Þeir krefjast sýknu af öllum kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hennar hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins áfrýjuðu málinu með stefnu 21. apríl 1981. Þeir krefjast aðallega sýknu af kröfum stefndu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, en til vara, að dæmd skaðabótafjárhæð verði lækkuð og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms „og jafnframt að kveðið verði á um í dómsorði að dæmdir vextir skuli leggjast við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 17. september 1978 og síðan á sama degi árlega, svo ekki leiki vafi á því, að í orðinu „ársvextir" felist að um vaxtavexti sé að ræða." Stefnda krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hún fékk gjafvörn fyrir Hæstarétti með leyfi dómsmálaráðherra 29. nóvember 1983.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð ný gögn, þeirra á meðal skattframtöl stefndu árin 1980-1983 að báðum meðtöldum og ný áætlun Guðjóns Hansen tryggingastærðfræðings um tjón stefndu vegna örorku, tímabundinnar og varanlegrar, vegna slyssins, dags. 29. nóvember 1983.

Þá hafa og verið lögð fyrir Hæstarétt svör Hermanns G. Jónssonar, fulltrúa bæjarfógetans á Akranesi, við fyrirspurn lögmanna aðilja um hámarkshraða á svonefndum gamla Akranesvegi frá Esjubraut að Berjadalsá 17. september 1977, um það, hvort vegarkafli þessi hafi notið aðalbrautarréttar gagnvart aðliggjandi vegum svo og um atvik að því, að upp voru sett stöðvunarskyldumerki fyrir umferð eftir nýja þjóðvegarkaflanum, þar sem hann skar gamla þjóðveginn og slys það varð, sem málið er af risið.

I.

Krafa stefndu um, að í dómsorði verði kveðið á um, að vextir skuli árlega lagðir við höfuðstól bótafjárhæðar, er ný krafa fyrir Hæstarétti. Er eigi fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til

að stefnda, sem auk þessa hefur ekki gagnáfrýjað málinu, fái komið henni að hér fyrir dómi.

II.

Áður en lokið var lagningu hins nýja þjóðvegarkafla frá mörkum Akraneskaupstaðar við Berjadalsá að Esjubraut sumarið 1977, en nokkur umferð var hafin um hann, settu starfsmenn Vegagerðarinnar upp umferðarmerki samkvæmt sérstakri heimild frá lögregluyfirvöldum á Akranesi þar sem nýi vegarkaflinn skar hinn gamla Akranesveg þannig, að ökutæki, sem komu eftir nýja veginum, höfðu stöðvunarskyldu gagnvart umferð eftir gamla veginum. Ákvörðun lögregluyfirvalda um stöðvunarskyldu við vegamót hins ófullgerða vegar var ekki auglýst sérstaklega og var talin bráðabirgðaákvörðun samkvæmt heimild í 4. mgr. 65. grein umferðarlaga nr. 40/1968. Er þetta nánar skýrt svo í bréfi fulltrúa bæjarfógetans á Akranesi, dags. 9. maí 1984, sem lagt hefur verið fyrir Hæstarétt svo sem fyrr var greint, að samkomulag hafi verið milli lögregluyfirvalda og Birgis Guðmundssonar, umdæmisverkfræðings Vegagerðarinnar, um „að halda umferð um þjóðveginn (gamla veginn) óbreyttum (sic.) meðan hinn nýi vegur væri lagður."

Þegar haft er í huga, hver atvik lágu til ákvörðunar lögregluyfirvalda um að setja upp stöðvunarskyldumerkin samkvæmt framansögðu og hvernig var að þeirri framkvæmd staðið, verður að líta svo á, að ákvörðun þessi hafi aðeins gilt, uns lagningu nýja vegarkaflans var lokið og umferð var hafin um hann sem fullgerðan veg. Verður því ekki talið, að starfsmenn Vegagerðarinnar hafi ólöglega numið umferðarmerkin brott. Eigi létu þeir heldur undir höfuð leggjast að gera viðhlítandi varúðarráðstafanir við þá aðgerð sína, þar sem þeir komu fyrir búkkum með aðvörunarmerkinu A 10 á hægri vegjaðri gamla vegarins báðum megin vegamótanna. Skaðabótakrafa stefndu á hendur ríkissjóði og Vegagerð ríkisins er alfarið byggð á umræddu atriði, og verður að sýkna þessa áfrýjendur af kröfum hennar í málinu, en rétt er, að málskostnaður gagnvart þeim falli niður.

III.

Við það verður að miða, að gamli þjóðvegarkaflinn frá Esjubraut að Berjadalsá hafi á þeim tíma, sem hér skiptir máli, ekki verið

aðalbraut gagnvart aðliggjandi vegum samkvæmt ákvörðun, er tekin hafi verið eftir fyrirmælum 2. mgr. 65. greinar umferðarlaga. Eftir að niður höfðu verið tekin stöðvunarskyldumerkin, þar sem nýi vegarkaflinn skar hann, svo sem sagt var, gilti um biðskyldu á þeim vegamótum hin almenna regla 1. mgr. 48. greinar.

Á þessum tíma var leyfður hámarkshraði bifreiða á götum Akraneskaupstaðar 35 km miðað við klukkustund, sbr. 1. mgr. 46. greinar lögreglusamþykktar nr. 57/1963. Fyrir Hæstarétti er upplýst, að umferðarmerki, sem gaf til kynna þennan hámarkshraða, sbr. 94. gr. lögreglusamþykktarinnar, stóð í um það bil 65 m fjarlægð frá gatnamótunum Akranesmegin þeirra, hægra megin vegar, þegar ekið var til bæjarins. Á hinum vegjaðrinum, jafn langt frá vegamótunum, stóð búkkinn með umferðarmerkinu A 10, sem vegagerðarmenn settu upp samtímis því, að þeir tóku niður stöðvunarskyldumerkin. Stefnda ók að vegamótunum langt yfir hinum lögleyfða hraða, 35 km á klukkustund, fram hjá búkkanum með aðvörunarmerkinu án þess að veita því eftirtekt. Hún gætti því ekki þeirrar sérstöku varúðar, sem umferðarmerki þetta gaf tilefni til, er hún ók að vegamótunum, en ók síðan inn á þau án þess að virða þá biðskyldu, sem hún hafði gagnvart bifreiðinni E 117. Verður að telja, að með þessu aksturslagi hafi hún átt sök á árekstrinum.

Ökumaður E 117 átti umferðarrétt gagnvart bifreið stefndu. Hann virðist hafa dregið úr hraða bifreiðar sinnar, er hann nálgaðist vegamótin, en þó hafa ekið inn á þau án þess að stöðva bifreiðina, svo sem honum var eigi heldur skylt, eins og umferðarrétti var háttað. Verður ekki talið, að hann hafi sýnt af sér ógætni, sem leiða eigi til þess, að sök verði skipt og ábyrgð á tjóni stefndu að hluta lögð á áfrýjendur bæjarsjóð Akraness og Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f. eftir ákvæðum 68. greinar, sbr. 1. mgr. 69. greinar, og 2. mgr. 74. greinar umferðarlaga. Verða þessir áfrýjendur því einnig sýknaðir af kröfu stefndu í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað stefndu í héraði á að vera óraskað, en allur gjafvarnarkostnaður hennar fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, 30.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjendur, bæjarsjóður Akraness, Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Halldóru Daníelsdóttur, í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um gjafsóknarkostnað eiga að vera óröskuð, en allur gjafvarnarkostnaður stefndu fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs talsmanns hennar, Hallgríms Geirssonar héraðsdómslögmanns, 30.000,00 krónur.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Björns Sveinbjörnssonar og Guðmundar Jónssonar.

Við erum sammála meiri hluta dómara Hæstaréttar um, að sýkna beri bæjarsjóð Akraness og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f af kröfum stefndu, Halldóru Daníelsdóttur. Við erum einnig sammála meiri hlutanum um, að ekki sé fullnægt skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að koma að kröfu um, að dæmdir vextir skuli árlega lagðir við höfuðstól bótafjárhæðar. Við erum ennfremur sammála meiri hlutanum um ákvörðun málskostnaðar í þeim þætti málsins svo og gjafvarnarkostnaðar.

Eins og lýst er í héraðsdómi, voru í júní 1977 sett upp stöðvunarskyldumerki á nýja þjóðveginum gagnvart gamla þjóðveginum, þar sem vegirnir skárust. Var þetta gert samkvæmt ákvörðun lögreglustjóra, sbr. 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Starfsmenn Vegagerðarinnar, sem unnu að framkvæmdum við nýja þjóðveginn, fjarlægðu þessi stöðvunarskyldumerki hinn 16. september, daginn fyrir slysið, án þess að áður hefði verið fengið til þess samþykki lögreglustjóra, eins og skylt var. Þetta var brot á 4. og 5. mgr. 65. gr. og 2. mgr. 66. gr. umferðarlaganna.

Stefnda, Halldóra Daníelsdóttir, heldur því fram, að hún hafi staðið í þeirri trú, að stöðvunarskyldumerki væru enn á nýja þjóðveginum gagnvart þeim gamla, er slysið var. Af þeim sökum hafi

hún talið sig í fullum rétti gagnvart vörubifreiðinni E 1878. Hún kveðst hins vegar ekki hafa tekið eftir aðvörunarmerkinu A 10. Hún hefur enn fremur viðurkennt, að hún hafi ekið á um 60 til 70 km hraða, en hámarkshraði í Akraneskaupstað var á þessum tíma 35 km á klukkustund skv. 1. mgr. 48. gr. lögreglusamþykktar nr. 57/1963.

Telja verður, að hið ólöglega brottnám stöðvunarskyldumerkjanna hafi verið frumorsök þess, að áreksturinn varð á milli bifreiðanna E 117 og E 1878. Skýra verður hið sérstaka ákvæði 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 6/1977 þröngt og á þá leið, að það skjóti ekki loku fyrir, að ríkissjóður beri ábyrgð á tjóni, sem stafar af slíkum ólögmætum athöfnum starfsmanna Vegagerðarinnar, án tillits til þess, hvort stefnda Halldóra kunni að hafa einhverja sök á slysinu.

Líta verður svo á, að stefnda Halldóra hafi í umrætt skipti ekið of hratt og ógætilega miðað við aðstæður, þar sem hún ók á 60 til 70 km hraða, tók ekki eftir aðvörunarmerkinu og skeytti engu um vörubílinn, sem kom eftir nýja þjóðveginum. Eigi hún því sök á árekstrinum.

Þegar hins vegar er litið til hins ólöglega brottnáms stöðvunarskyldumerkjanna, sem ríkissjóður þykir bera ábyrgð á samkvæmt framansögðu, er rétt að skipta sök þannig, að stefnda Halldóra beri sjálf helming tjóns síns en ríkissjóður helming.

Þar sem meiri hluti dómara hefur komist að þeirri niðurstöðu, að sýkna beri ríkissjóð af öllum kröfum stefndu Halldóru, er ekki ástæða til að við tökum afstöðu til upphæðar bóta, sem við teljum að fella beri á ríkissjóð.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 18. febrúar 1981.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum málflutningi 8. janúar sl., er höfðað hér fyrir bæjarþingi með stefnu, birtri 5. og 7. desember 1979, af Halldóru Daníelsdóttur, Garðabraut 45, Akranesi, gegn bæjarstjóranum á Akranesi f.h. bæjarsjóðs Akraness sem eiganda bifreiðarinnar E-117 og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f. sem vátryggjanda bifreiðarinnar svo og gegn fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu greiði in solidum skaðabætur að fjárhæð nýkr. 251.341,14 með 13% vöxtum p.a. af kr. 299.013,93 frá 17. september 1977 til 21. nóvember s.á., en með 16% ársvöxtum frá þeim

degi til 21. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí s.á., en af kr. 287.054,38 frá þeim degi til 1. janúar 1979, en af kr. 286.120,02 frá þeim degi til 15. apríl 1979, en af kr. 249.475,14 frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 11. des. s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í. eins og málið væri ekki gjafsóknarmál. Stefnanda var veitt gjafsókn í máli þessu með bréfi dómsmálaráðuneytis hinn 18. maí 1979.

Stefndu bæjarsjóður Akraness og Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f. gera þær dómkröfur, að þeir verði alfarið sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður úr hennar hendi að mati bæjarþingsins.

Stefndu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins gera þær dómkröfur, að þeir verði að fullu sýknaðir af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður að mati réttarins. Til vara krefjast þeir verulegrar lækkunar á stefnukröfum og niðurfellingu málskostnaðar.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

Mál þetta hefur stefnandi höfðað til heimtu skaðabóta vegna slyss, er hún varð fyrir í allhörðum árekstri með bifreiðunum E-1878, sem hún ók, og vörubifreiðarinnar E-117, sem var eign stefnda bæjarsjóðs Akraness, á mótum hins gamla og hins nýja Akranesvegar hinn 17. september 1977.

Málavextir.

Vegna málsefnis er rétt að lýsa í upphafi vegalagningu á þessum stað og merkingu veganna, áður en kemur að árekstrinum.

Gamli þjóðvegurinn frá Akranesi lá frá Esjubraut að Berjadalsá. Ákveðið var að leggja nýjan veg frá Berjadalsá og inn í bæinn, og var ákveðið, að hann tengdist Esjubraut nokkru vestar en sá gamli. Nýi vegurinn var þó lagður sunnar frá Berjadalsá, og þurfti því að leggja hann yfir þann gamal u.þ.b. miðja vegu milli Berjadalsár og Esjubrautar, og skárust vegirnir þar í X-laga vegamótum. Guðbrandur Þorvaldsson vegaverkstjóri stjórnaði vinnuflokki þeim, er vann að nýbyggingu vegarins, og hafði hann starfað hjá Vegagerð ríkisins frá 1973 undir yfirstjórn umdæmisverkfræðings í Borgarnesi. Vegalagning hófst í ágúst 1976 og var byrjað frá þeim stað, er vegirnir skárust, og unnið frá eldra vegi inn að Esjubraut. Þessum kafla lauk þá um haustið, og var vegurinn tekinn í notkun af almenningi, þótt hann hefði ekki verið formlega opnaður. Að þessu verki loknu hélt vinnuflokkurinn inn að Berjadalsá til vegagerðar, og var ætlunin að hefja vegagerð þeim megin frá og tengja síðan þann veg þegar uppbyggðum vegarkafla á vegamótunum við eldri þjóðveginn. Unnið var að þessum

síðari vegarkafla hins nýja vegar fram í nóvemberlok 1976, og var þá unnt að aka um nýja veginn allan frá Berjadalsá að Esjubraut. Þó var eftir að vinna talsvert við kaflann frá Berjadalsá að gamla veginum, vegurinn var ósiginn, og í hann vantaði mikið fyllingarefni. Þannig var ástatt veturinn 1976-1977, og voru báðir vegirnir opnir fyrir almennri umferð um veturinn, og voru engin merki sett á vegamótin þar sem þeir skárust. Ekki var unnið frekar að vegagerðinni fyrr en í ágúst 1977. Um sumarið 1977 ræddu þeir Hermann G. Jónsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akranesi, og Birgir Guðmundsson, umdæmisverkfræðingur í Borgarnesi, um uppsetningu stöðvunarskyldu- eða biðskyldumerkja á nýja veginum. Í maí 1977 ræddu þeir um að setja merki til bráðabirgða til þess að viðhalda greiðri umferð um gamla þjóðveginn, þar sem nýi vegurinn var ekki fullgerður. Þeir ræddu aftur saman hinn 8. júní 1977, og var þá ákveðið að setja upp stöðvunarmerki á nýja þjóðveginum gagnvart Esjubraut, gagnvart gamla þjóðveginum, þar sem vegirnir skárust, og gagnvart gamla þjóðveginum við Berjadalsá. Samkomulag varð um það, að vegagerðarmenn settu merkin upp á þessum stöðum í samráði við lögregluna á Akranesi. Þessi ákvörðun var ekki auglýst sérstaklega, og var litið á hana sem bráðabirgðaráðstöfun, byggða á 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Vegagerðarmenn í vinnuflokki Guðbrandar vegaverkstjóra settu merki þessi upp að beiðni Birgis Guðmundssonar umdæmisverkfræðings. Vinna við að ljúka vegagerðinni hófst síðan í ágúst 1977, og var þá sett efsta lagið á vegarkaflann frá Berjadalsá að gamla þjóðveginum. Byrjað var við Berjadalsána, og haldið í átt til Akraness. Hinn 16. september 1977, sem var föstudagur, var vinnuflokkurinn kominn að vegamótum þjóðveganna tveggja, þess nýja og gamla. Þá tengdu þeir báða kafla hins nýja vegar saman þarna við vegamótin, vegarkaflinn frá Esjubraut að gamla veginum hafði verið fullgerður sumarið áður, eins og áður sagði. Luku þeir verkinu þann dag. Daginn áður, fimmtudaginn 15. september, hafði Guðbrandur vegaverkstjóri samband við Reyni Kristinsson, bæjartæknifræðing hjá Akranesbæ, og bar undir hann, hvað gera skyldi við stöðvunarskyldumerkin, sem á nýja þjóðveginum voru. Ræddu þeir um það, að það væri málefni bæjarins að fjalla um, hvernig umferðarmerkingu yrði fyrir komið í framtíðinni á þessum stað, en umdeilt er, hvað fleira þeim hafi farið í milli. Morguninn eftir, föstudaginn 16. september, kom Reynir bæjartæknifræðingur á vinnustaðinn og hitti Guðbrand vegaverkstjóra. Þeir ræddu þessar merkingar frekar, og töldu þeir, að réttast væri að taka merkin niður, þegar tenging vegarkafla nýja vegarins hefði átt sér stað, og ræddu þeir einnig um það, að haft yrði samband við bæjarfógetaembættið á Akranesi vegna þessa. Tengingu nýja vegarins var lokið um miðjan dag á föstudaginn. Nýi vegurinn var 40-50 sm hærri en sá gamli, og var hæðarmismuninum eytt á vegamót-

unum með aflíðandi fláa. Guðbrandur vegaverkstjóri sagði mönnum sínum, að þeim væri óhætt að taka niður stöðvunarmerkin, því Reynir bæjarverkfræðingur (sic) ætlaði að sjá um að setja upp merki, sem þarna ættu að vera. Menn Guðbrandar tóku stöðvunarmerkin af stöngum þeim, sem þau voru fest á, en skildu stangirnar eftir. Verkinu var þá lokið, og hélt vinnuflokkurinn á brott, og mun þetta hafa verið um miðjan dag á föstudag. Samhliða niðurtöku stöðvunarmerkjanna lét Guðbrandur setja upp tvö A-10 aðvörunarmerki á búkka á gamla þjóðveginum sitt hvoru megin við nýja veginn, í 50-60 metra fjarlægð frá vegamótunum.

Engin önnur merki voru sett upp, og ekkert var frekar unnið við vegamótin, og víkur þá að árekstrinum.

Páll Skúlason bifvélavirki hóf störf hjá Akraneskaupstað 1. maí 1977 sem bifvélavirki og bifreiðarstjóri og stundaði akstur á vegum bæjarins á vörubifreiðinni E-117, sem er Scania Vabis, græn að lit. Dagana 12. til 15. september ók hann jarðvegi úr Brekkubraut á Akranesi niður að sjó til uppfyllingar, en unnið var að jarðvegsskiptum í götunni. Um kaffileytið föstudaginn 16. september var því lokið, og þá fór Páll í að aka efni frá Stóru-Fellsöxl í Skilamannahreppi í Brekkubrautina og fór eina eða tvær ferðir á föstudeginum. Þá ók hann eftir nýja veginum frá Esjubraut inn að Berjadalsá og hefur fyrir dómi fullyrt, að engin umferðarskilti hafi verið uppi á vegamótum nýja þjóðvegarins og þess gamla föstudaginn 16. september. Hann vissi þó til þess, að stöðvunarmerki hafði áður verið á nýja veginum, þar sem vegirnir skárust.

Laugardaginn 17. september hélt Páll áfram verki frá deginum áður, og fór á bifreiðinni E-117 inn að Stóru-Fellsöxl um kl. 7:20 um morguninn. Hann fór fjórar ferðir fyrir hádegi. Hann vann í tímavinnu, og var því ekki kappsmál hjá honum að fara margar ferðir. Hann fór eina ferð eftir hádegi og var að fara sína aðra ferð eftir hádegið, er áreksturinn varð.

Um kl. 14:30 - 15:00 kom hann akandi eftir nýja þjóðveginum í átt til Akraness frá Fellsöxl. Þegar hann nálgaðist vegamótin, sló hann nokkuð af, en hélt þó áfram. Hann ók fremur hægt skv. framburði vitna í bifreiðum, sem óku á eftir honum, á 40-50 km hraða. Þá sá hann Skoda-bifreið, græna að lit, koma eftir gamla þjóðveginum frá Akranesi. Páll taldi víst, að ökumaður þeirrar bifreiðar myndi annaðhvort stöðva við gatnamótin, þar sem hægri reglan væri hér í gildi, eða beygja af gamla veginum inn á nýja veginn, svo sem ökumenn hafi þá almennt gert. Hann hélt því áfram og inn á gatnamótin, en þegar hann sá, að ökumaður Skodabifreiðarinnar hugðist ekki beygja austur nýja þjóðveginn reyndi hann að hemla. Á gatnamótunum skall Skodabifreiðin beint á vinstra framhorn bifreiðar hans, og var höggið svo mikið, að Skodabifreiðin snerist við á veginum og gjöreyðilagðist, en vörubifreiðin lenti utan vegar.

Ökumaður Skodabifreiðarinnar, stefnandi máls þessa, kom á heimili vinkonu sinnar, Ingu Lóu Hallgrímsdóttur, á Akranesi um kl. 13:30 á laugardaginn. Þar var þá staddur Svanur Jónsson úr Reykjavík, og neyttu þau Svanur og Inga Lóa áfengis. Þá var hringt til Ingu Lóu úr Stykkishólmi, og var hún beðin að koma vestur. Inga Lóa hringdi í Umferðarmiðstöðina í Reykjavík og fékk þær upplýsingar, að áætlunarbifreið á leið vestur yrði á Akranesvegamótum við Lambhaga milli kl. 14:30 og 15:00. Þá bað Inga Lóa stefnanda að aka sér í veg fyrir áætlunarbifreiðina, og varð stefnandi við þeirri bón, en færðist fyrst undan. Fóru þau þrjú út í bifreið stefnanda, en Svanur ætlaði ekki vestur á Snæfellsnes. Stefnandi ók um hringtorgið sem leið lá út á gamla þjóðveginn og stansaði stuttlega við verslunina Hjólið við þjóðveginn, og síðan var ekið af stað eftir gamla þjóðveginum út úr bænum. Stefnandi ók, og sat Inga Lóa við hlið hennar í framsæti, en Svanur sat aftur í. Öryggisbelti voru ekki spennt. Þegar stefnandi nálgaðist vegamót gamla þjóðvegarins og hins nýlagða vegar, sá hún græna vörubifreið koma sér á hægri hönd eftir nýja veginum. Vegamótin eru það gleið, að stefnandi hefur séð vörubifreiðina koma skáhallt að vegamótunum. Stefnandi taldi vörubifreiðina vera við vinnu á veginum og fannst hún ekki vera á óeðlilega mikilli ferð. Stefnandi vissi til þess, að á vegamótunum væru stöðvunarmerki gagnvart þjóðvegi þeim, sem hún ók eftir, þar sem hún hafði þá stuttu áður ekið eftir nýja veginum að hluta til, og þá tekið vel eftir stöðvunarmerkjunum við vegamótin. Hún vissi ekki til, að þessu hefði verið breytt, hvorki heyrt um það auglýsingar né umtal fólks. Hún taldi og, að nýi vegurinn hefði ekki enn verið opnaður fyrir almennri umferð, og þess vegna hugðist hún halda beint áfram eftir gamla veginum, sem hún ók á, og ekki beygja til hægri inn á nýja veginn þarna á vegamótunum. Stefnandi taldi sig því vera á aðalbraut og að hún þyrfti þess vegna ekki að gæta sérstaklega að annarri umferð á gatnamótunum. Skipti engum togum, að bifreið stefnanda kom beint á vinstra framhorn vörubifreiðarinnar, sem ekið var áfram í veg fyrir stefnanda, og gerðist þetta svo snögglega, að stefnandi taldi sig ekki hafa haft tök á að beita hemlum bifreiðar sinnar. Stefnandi taldi sig hafa verið á 60-70 km hraða, þegar áreksturinn varð.

Lögreglan á Akranesi kom á staðinn ásamt lækni og bifreiðaeftirlitsmanni. Gerð var teikning af vettvangi og ítarleg skýrsla lögreglu. Þar segir, að umferðarslysið hafi verið tilkynnt kl. 14:35. Áreksturinn hafi verið allharður, Inga Lóa og stefnandi hafi verið fastar í framsætum Skodabifreiðarinnar, sem var ónýt eftir áreksturinn. Skýrslur voru teknar af vitnum hjá lögreglu og ljósmyndir voru teknar á vettvangi. Rannsókn á málinu fór fram í sakadómi Akraness, og voru þar skýrslur teknar af stefnanda og vitnum málsins. Stefnandi slasaðist alvarlega og var flutt fyrst á sjúkrahús

Akraness og strax með flugvél til Reykjavíkur, þar sem hún var lögð inn á slysadeild Borgarspítalans, þar sem hún var þegar tekin til aðgerðar. Stefnandi hafði brotnað á vinstra lærlegg, fengið brot á báðar hnéskeljar, brot á hægri upphandlegg, auk þess 15 sm langan skurð á ennið við hársrót fyrir utan mar og skrámur á andlitið. Einnig brot á hægra úlnliði og handarbeini. Björn Önundarson læknir, mat örorku hennar í mati, dagsettu 23. mars 1979, 100% í 16 mánuði eftir slysið, eftir það 75% í 6 mánuði, en varanlega örorku 40%.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að stefndu beri fébótaábyrgð á tjóni hennar skv. 68. og 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 svo og almennum reglum um skaðabótaábyrgð. Ökumaður bifreiðarinnar E-117 hafi átt sök á árekstrinum, þar sem bifreiðinni var ekið viðstöðulaust af vegi, sem ekki hafði verið opnaður fyrir umferð, í veg fyrir bifreið stefnanda, sem ekið hafi eftir þjóðveginum á eðlilegum hraða. Orsök þess, að ökumaður vörubifreiðarinnar hafi ekki virt stöðvunarskylduna við vegamótin, hafi verið sú, að starfsmenn Vegagerðar ríkisins hafi í heimildarleysi numið á brott stöðvunarmerkin við vegamótin án vitundar og samráðs við bæjarfógetaembættið á Akranesi eða bæjaryfirvöld og beri stefndu ríkissjóður og Vegagerð ríkisins því óskipta fébótaábyrgð ásamt eiganda vörubifreiðarinnar, bæjarsjóði Akraness, og vátryggjanda bifreiðarinnar, Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., vegna þessara mistaka starfsmanna Vegagerðarinnar í starfi. Upplýst sé í málinu, að hinn nýbyggði þjóðvegur hafi ekki verið opnaður fyrir almenna umferð fyrr en 20. september 1977, eða þrettán dögum eftir að slysið varð (sic). Stefnandi hafi því verið í fullum rétti, er hún ok eftir gamla þjóðveginum, en ljóst sé af framburði ökumanns vörubifreiðarinnar, Páls Skúlasonar, að hann hafi ekki gætt þeirrar varúðar, sem honum bar. Hann hafi séð til ferða bifreiðar stefndu, sem komið hafi eftir þjóðveginum á eðlilegum hraða, u.þ.b. 60 km á klst., en þarna sé 70 km hámarkshraði út úr bænum. Páll hafi vitað, að þarna hafi stöðvunarmerki verið rétt áður, og hann hafi séð, að þau hafi verið fjarlægð, án þess að nokkur tilkynning hafi um það verið gefin. En Páll hafi gefið sér ákveðnar forsendur, sem sé, að bifreið stefnanda myndi annaðhvort stansa við vegamótin eða beygja til hægri, eins og margir hafi gert á þessum tíma. Þess vegna hafi hann haldið ótrauður út á vegamótin og beint í veg fyrir bifreið stefnanda. Engir hemlar hafi verið notaðir, bifreiðarnar hafi skollið saman í beinni akstursstefnu þeirra. Í 1. mgr. 48. gr. sé lögð sú skylda á þann, sem kemur frá hægri á gatnamótum, þar sem ekki eru sérstök merki, að gæta fyllstu varúðar. Lýsing Páls sjálfs á atferli sínu gefi ljóslega til kynna, að hann hafi ekki gætt fyllstu varúðar við þessar aðstæður, sem hann sá á vegamótunum. Stefnandi hafi ekki verið í neinni

aðstöðu til þess að sjá, að merkin voru ekki á sínum stað á stöngunum, þar sem þau höfðu verið daginn áður, og hún hafi á engan hátt getað vitað, að þau höfðu verið tekin burtu. Þegar þetta sé virt, sé einnig ljóst, að ástæða sé fyrir háttsemi Páls og þeim forsendum, sem hann gaf sér. Merkin höfðu verið tekin niður, og í ljós kom eftir á, að það hafi verið gert í heimildarleysi og varðaði því við 38. gr. umferðarlaga. Vegaverkstjórinn, Guðbrandur Þorvaldsson, hafi á sitt eindæmi tekið ákvörðun um, að stöðvunarmerkin skyldu tekin niður, þegar lokið væri tengingu nýja vegarins yfir þann gamla. Hann hafi rætt þessa hugmynd við bæjartæknifræðinginn, Reyni Kristinsson, en ákvörðunin hafi alfarið verið vegaverkstjórans. Í ljós sé leitt, að merkin hafi verið sett upp þá um sumarið í samráði umdæmisverkfræðings og fulltrúa bæjarfógeta, en við þessa aðilja hafi ekkert samráð verið haft um brottnám merkjanna. Réttur aðili hafi þannig ekki tekið merkin á brott og hafi þetta því verið heimildarlaust og andstætt 65. og 66. gr. umferðarlaga. Þetta hafi verið stórkostlegt gáleysi, sem slysið hafi beinlínis hlotið að koma af, eins og raunin hafi orðið. Hættunni hafi verið boðið heim á hinn háskalegasta hátt. Þegar þetta sé virt, verði að telja, að brottnám stöðvunarmerkjanna sé frumorsök að árekstrinum, sem hefði ella ekki orðið. Við þessa orsök bætist síðan gáleysi ökumanns vörubifreiðarinnar. Stefnandi andmælir því alfarið, að 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 6/1977 takmarki bótaábyrgð Vegagerðar ríkisins í máli þessu. Þar sé áskilið, að Vegagerðin sé ekki ábyrg fyrir tjóni, sem hljótast kunni af slysum á opinberum vegum, nema um sé að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna hennar og sannað sé, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni. Upplýst sé, að starfsmenn Vegagerðar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með brottnámi merkjanna. Um síðara skilyrðið bendir stefnandi á það, að í dómi Hæstaréttar árið 1973, bls. 584, hafi ákvæðið verið skýrt þröngt með þeim rökum, að það sé einstætt frávik frá almennum reglum, sem skýrt eftir orðum sínum myndi nær gersamlega girða fyrir bótaskyldu. Hitt sé einnig á að líta, að tilgangur löggjafans hafi með bótareglu 2. mgr. 65. gr. verið sá, að takmarka ábyrgð Vegagerðar sem framkvæmdaaðilja vegna galla á vegalagningu eða viðhalds á vegum landsins, en að ætlun löggjafans hafi alls ekki verið sú að takmarka ábyrgð starfsmanna Vegagerðar á verkum eins og að taka niður merki í heimildarleysi, sem beinlínis sé bannað í 38. gr. umferðarlaga. Þannig eigi ábyrgðarregla 2. mgr. 65. gr. vegalaga ekki við í þessu máli. Um eigin sök stefnanda sé ekki að ræða, þar sem hún hafi ekkert vitað um, að merkin höfðu verið tekin niður, enda hafi engin tilkynning verið um það gefin eða það gefið til kynna á nokkurn hátt. Þótt vegagerðarmenn hafi sett A-10 aðvörunarmerki á búkka 60 m frá vegamótunum, segi það ekki neitt um það, sem þarna hafi gerst, enda hafi engin skýring verið með

aðvörunarmerkjunum. Stefnandi hafi því hagað akstri sínum eins og merkin væru þarna enn og hún hafi ekið á eðlilegum hraða, 60 km á klst. Þarna sé 70 km hámarkshraði og aðstæður allar góðar og hafi ökuhraðinn því verið eðlilegur. Því beri ekki að skipta sök í málinu, heldur dæma stefnanda kröfur, sem fram séu settar, enda sé þeim í hóf stillt.

Stefndu bæjarsjóður Akraness og Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f. styðja sýknukröfu sína þeim rökum, að ökumanni vörubifreiðarinnar E-117 verði á engan hátt um slysið kennt, þar sem hann hafi ekið gætilega og í öllu eftir umferðarlögum og hann hafi átt ótvíræðan umferðarrétt skv. 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Stefnandi eigi sjálf alla sök á árekstrinum, þar sem hún hafi gróflega brotið ákvæði 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga með því að aka á miklum hraða og viðstöðulaust inn á vegamótin í veg fyrir ökumann vörubifreiðarinnar, sem hafi ekið að vegamótunum á hægri ferð og í góðri trú um, að stefnandi myndi virða biðskyldu sína. Nýi þjóðvegurinn hafi ekki verið merktur biðskyldu eða stöðvunarmerkjum, en það sé skilyrði þess, að vegur njóti aðalbrautarréttar, að aðliggjandi vegur sé merktur slíkum merkjum, sbr. 2. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Það séu merkin, sem skeri úr, og engu breyti um umferðarréttin samkvæmt lögum, þótt stöðvunarmerki hefðu eitt sinn verið uppi, þar sem nýi vegurinn hafi ekki verið merktur slíkum merkjum á slysdegi. Ekki skipti heldur máli að lögum, þótt vegurinn hafi ekki með einhverjum formlegum hætti verið opnaður til umferðar, þar sem hann hafi verið öllum opinn og hafi fyrir löngu verið tekinn í notkun af öllum almenningi. Stöðvunarmerkin hafi á sínum tíma aðeins verið sett upp til bráðabirgða um skamma hríð án nokkurra auglýsinga eða tilkynninga og eftir brottnám þeirra hafi samtímis verið sett upp A-10 merki á gamla þjóðveginum, stutt frá vegamótunum, vegfarendum til viðvörunar. Stefndu bæjarsjóður Akraness og Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f. telji, að ekki komi til álita, að þeir geti borið nokkra ábyrgð gagnvart stefnanda að því leyti sem orsakir slyssins kunni að verða raktar til brottnáms starfsmanna Vegagerðarinnar á stöðvunarmerkjunum, enda hafi þær athafnir verið bæjarsjóði og vátryggjanda með öllu óviðkomandi. Því sé alfarið andmælt, að nokkurt samráð hafi verið haft við bæjartæknifræðinginn, eða nokkurn annan starfsmann bæjarsjóðs um brottnám merkjanna, þannig að um ábyrgð geti verið að ræða. Af málavöxtum sé hins vegar ljóst, að stórkostlega gálaus akstur stefnanda sjálfrar hafi valdið árekstrinum.

Stefndu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins styðja sýknukröfur sínar þeim rökum, að ekki hafi stofnast bótaskylda ríkissjóðs vegna þeirra atvika, sem stefnandi grundvalli málsókn sína á. Í málinu sé í ljós leitt, að stöðvunarmerkin hafi verið tekin niður

í samráði við bæjartæknifræðing Akraness, Reyni Kristinsson. Vegaverkstjórinn, Guðbrandur Þorvaldsson, hafi hlotið að álíta, að bæjartæknifræðingur kæmi fram fyrir hönd bæjaryfirvalda á Akranesi, og muni bæjartæknifræðingur einnig hafa tekið að sér að hafa samband við bæjarfógetaembættið á Akranesi vegna brottnáms merkjanna og reyna að afla samþykkis þess til framkvæmdarinnar. Að vísu muni bæjartæknifræðingur hafa látið það undir höfuð leggjast og kannast í framburði sínum ekki við að hafa tekið það að sér. En vegaverkstjórinn hafi af þessum sökum verið í góðri trú um réttmæti niðurtöku merkjanna um miðjan dag hins 16. september 1977. Stefndu leggja áherslu á það, að engin skylda sé eða hafi verið að opna veg á einhvern sérstakan hátt fyrir umferð, og hafi nýi vegurinn því verið opinn fyrir almennri umferð eins og hinn gamli. Þetta hafi stefnandi hins vegar álitið að væri ekki og hafi hún hagað akstri sínum í samræmi við það. Í öðru lagi hafi merkin verið tekin niður að lokinni tengingu nýja vegarins á löglegan og eðlilegan hátt. Það hafi verið í verkahring vegaverkstjórans sem starfsmanns Vegagerðar ríkisins að sjá um niðurtöku merkjanna skv. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. En verði ekki á það fallist, þá bendi stefndu á það, að bæjartæknifræðingur hafi komið fram fyrir hönd Akraneskaupstaðar, og þar með hafi verið haft samráð við bæjarstjórn, verði slíkt samráð talið hafa verið nauðsynlegt. Jafnvel þótt talið verði í dóminum, að einhvers gáleysis starfsmanna Vegagerðarinnar hafi gætt, þá væri slíkt á engan hátt nægilegt skilyrði fyrir ábyrgð stefndu, sbr. 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 6/1977. Þar séu skilyrði bótaábyrgðar tvenns konar. Annars vegar sé áskilið, að starfsmenn Vegagerðarinnar hafi sýnt af sér stórkostlegt gáleysi, og hins vegar verði að liggja fyrir sönnun þess, að slysi hefði ekki orðið afstýrt, þótt ökumaður hefði sýnt ýtrustu varkárni. Í málinu sé í ljós leitt, að ekki sé um að ræða stórkostlegt gáleysi af hendi starfsmanna Vegagerðarinnar, er þeir tóku stöðvunarmerkin niður. Í málinu sé einnig í ljós leitt, að stefnandi hafi sjálf sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í akstri sínum, og komi það fram í miklum ökuhraða hennar og framburði hennar um eftirtekt hennar og athygli. Hún hafi sjálf sagt, að hún hafi talið, að hún þyrfti ekki að gæta sérstaklega að annarri umferð á gatnamótunum. Þetta sé brýnt brot á 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga, c. lið. Hún hafi einnig borið, að hún hafi alls ekki tekið eftir varúðarmerkinu, A-10, sem sett hafði verið við gatnamótin. Þannig sé upplýst, að stefnandi hafi hagað akstri sínum af stórkostlegu gáleysi, og sé því ekki um ábyrgð að ræða skv. 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga. Sjónarmiðum stefnanda um túlkun á þessu ákvæði vegalaga sé alfarið andmælt. Uppsetning umferðarmerkja sé eðlilegur þáttur í starfsemi Vegagerðarinnr og falli því undir þetta ákvæði vegalaga á sama hátt og gerð vega og viðhald þeirra.

Niðurstaða.

Vegamót nýja og gamla þjóðvegarins eru innan kaupstaðarmarka Akraness. Stöðvunarmerki þau, sem sett voru við vegamótin á nýja veginum gagnvart umferð um þann gamla, voru sett í júní 1977 af vegagerðarmönnum þeim, sem unnu við gerð nýja vegarins undir stjórn Guðbrandar Þorvaldssonar vegaverkstjóra. Ákvörðun um uppsetningu merkjanna var tekin af fulltrúa bæjarfógetans á Akranesi í samræmi við 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og var tekin í samráði við umdæmisverkfræðing Vegagerðarinnar, Birgi Guðmundsson. Slíkt bráðabirgðaákvæði um akstur á vegamótunum var því löglegt og heimilt og eðlilegt, eins og á stóð um umferð á þessum þjóðvegum, sem þarna skárust. Ekkert er fram komið um, að ákvörðunin hafi verið í samráði við bæjarstjórn Akraness, enda þess ekki þörf samkvæmt þessu ákvæði umferðarlaga. Ákvörðunin var ekki auglýst eða kynnt sérstaklega, og var þess ekki þörf, þar sem uppsetning slíkra merkja skapar ekki hættu í umferð.

Þegar tengingu kaflanna á nýja þjóðveginum lauk og kom að því að taka ákvörðun um umferðarrétt á þessum vegamótum, var full þörf á að taka slíka ákvörðun að vel athuguðu máli. Upplýst er, að Guðbrandur Þorvaldsson vegaverkstjóri hafi gefið mönnum sínum fyrirmæli um að taka stöðvunarmerkin á vegamótunum niður eftir að hafa rætt við bæjartæknifræðing Akraness, Reyni Kristinsson, um hvað gera skyldi við umferðarmekin. Jafnvel þótt bæjartæknifræðingur hafi verið sammála því að taka merkin niður, var það ekki á þeirra valdi að taka slíka ákvörðun. Bæjarfógetinn á Akranesi hafði sett bráðabirgðaákvæði um stöðvunarskyldu á nýja veginum á þessum vegamótum skv. 4. mgr. 65. gr. umferðarlaga, og höfðu stöðvunarmerkin verið sett upp í samræmi við þessi ákvæði skv. 2. mgr. 66. gr. laganna. Bráðabirgðaákvæði bæjarfógeta stóð þar til hann breytti því, og var því heimildarlaust að taka stöðvunarmerkin niður án leyfis bæjarfógeta eða samráðs við hann og brot á 4. mgr. 38. gr. umferðarlaga. Í 1. mgr. 38. gr. umferðarlaga er lögð sú skylda á vegfarendur að hlýða leiðbeiningum eða fyrirmælum, sem lögregluyfirvöld eða vegamálastjórn gefa með umferðarmerkjum, sem sett eru samkvæmt heimild í umferðarlögunum. Ákvæði þetta ber að skilja svo, að aðalbrautarréttur skv. 2. mgr. 48. gr. laganna sé takmarkaður við það, að merking við vegamótin hafi verið gerð á löglegan hátt af þar til bærum aðiljum, og hlýtur það einnig að gilda um brottnám slíkra umferðarmerkja. Stefnandi vissi ekki, að stöðvunarmerkin á nýja veginum hefðu verið tekin niður, og hafði enga möguleika að vita það, og var hún því í góðri trú um, að vegurinn, sem hún ók á, nyti aðalbrautarréttar og að ökumanni vörubifreiðarinnar bæri skilyrðislaust að nema staðar skv. 4. mgr. 48. gr. umferðarlaga.

Ökumaður vörubifreiðarinnar E-117 sá, að stöðvunarmerkin höfðu verið

tekin niður, og hann vissi, að þau höfðu verið þar rétt áður, og hann hafði engar tilkynningar heyrt um breytingu á umferðarréttinum. Hann mátti því vita, að almennt væri mönnum ekki kunnugt um, að merkin hefðu verið numin á brott. Honum bar því að sýna sérstaka varkárni við vegamótin og taka fyllsta tillit til þeirra, sem óku gamla veginn. Telja verður í ljós leitt, að hann hafi ekið hægt og gætilega og séð vel til ferða stefnanda. En hann hefur einnig borið, að hann hafi ályktað, að stefnandi myndi annaðhvort víkja fyrir honum eða beygja af gamla veginum inn á nýja veginn, „eins og ökumenn almennt gerðu", og þess vegna hafi hann haldið áfram. Þetta verður, eins og á stóð, að meta honum til sakar. Hann mátti ekki álykta, að stefnandi myndi beygja til hægri, engin ljósmerki voru um það gefin. Ályktun hans um, að stefnandi myndi víkja fyrir honum á gatnamótunum eða stöðva, byggðist hins vegar á því, að stöðvunarmerkin höfðu verið brottnumin, og hann áleit því, að umferðarrétti þarna hefði verið breytt.

Brottnám stöðvunarmerkjanna gaf því báðum ökumönnum ástæðu til að haga akstri sínum eins og þeir gerðu, sem leiddi til árekstursins. Brottnám merkjanna er frumorsök árekstursins og mátti vel sjá slíkt fyrir. Telja verður, að um stórkostlegt gáleysi hafi verið að ræða af hálfu starfsmanna Vegagerðar ríkisins að nema merkin á brott án þess að fullvissa sig fyrst um, að lögregluyfirvöld á Akranesi væru því fylgjandi og tækju þar með ábyrgð á merkingu á vegamótunum. Aðvörunarmerkin, sem sett voru á búlka áður en að vegamótunum kom, gáfu ekki til kynna, að umferðarrétti hefði verið breytt, enda virðist hafa verið næg ástæða til að setja slík aðvörunarmerki á þessum stað vegna hæðarmismunar á vegunum á vegamótunum, þótt stöðvunarmerkin hefðu ekki verið tekin.

Stefndu fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins hafa borið fyrir sig niðurlagsákvæði 2. mgr. 65. gr. vegalaga nr. 6/1977. Ákvæðið hefur þegar verið skýrt þröngt í dómi Hæstaréttar 22. júní 1973, þar sem tjón hafði orðið vegna varhugaverðs vegar. Skilja verður dóminn svo, að annaðhvort sé Vegagerð ríkisins ábyrg fyrir slíku tjóni eða ekki og að um sakarskiptingu sé þá ekki að ræða.

Þegar 65. gr. vegalaga er skoðuð í heild og borin saman við önnur ákvæði þess kafla laganna, sem hún er hluti af og fjallar um viðhald og reglur fyrir umferð á opinberum vegum, og litið er til athugasemda við lagafrumvarpið á Alþingi, verður að fallast á það með stefnanda, að tilgangur löggjafans með þessu einstæða fráviki frá almennum skaðabótareglum hafi verið sá einn að takmarka ábyrgð Vegagerðar ríkisins sem framkvæmdaraðilja vegna galla á vegarlagningu og viðhalds á vegum landsins. Heimildarlaust brottnám umferðarmerkja fellur ekki undir eðlilega starfsemi Vegagerðarinnar að þessu leyti, og verður því ekki talið, að ábyrgðar-

regla 2. mgr. 65. gr. eigi við um þessa frumorsök árekstursins. Mjög óeðlilegt væri í þessu tilviki, að Vegagerð ríkisins bæri annaðhvort alla ábyrgð á fjártjóni stefnanda eða enga.

Í 68. gr. umferðarlaga segir, að tjón, sem hlýst af árekstri skráningarskyldra ökutækja, skiptist á þau sín á milli að tiltölu við sök þeirra, sem hlut eiga að máli, og með hliðsjón af atvikum öllum.

Telja verður, að ökumaður vörubifreiðarinnar E-117 beri nokkra sök á árekstrinum með því að gæta ekki fyllstu varúðar skv. 1. mgr. 48. gr. umferðarlaga. Ber því eigandi bifreiðarinnar, stefndi bæjarsjóður Akraness, ábyrgð á tjóni stefnanda skv. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga ásamt meðstefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., ábyrgðartryggjanda bifreiðarinnar, skv. 2. mgr. 74. gr. umferðarlaga.

Meginorsök árekstursins var heimildarlaust brottnám stöðvunarmerkjanna af hálfu starfsmanna Vegagerðar ríkisins. Stefndu samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs bera fébótaábyrgð á slysi stefnanda vegna þessa.

Stefnandi, Halldóra Daníelsdóttir, ók nokkuð hratt, þótt hámarkshraði þarna sé 70 km/klst. út úr bænum, og braut þar með ákvæði 3. mgr. 49. gr. umferðarlaga. Telja verður, að þetta brot stefnanda hafi átt sinn þátt í því, að áreksturinn varð, og þykir hæfilegt að telja hana hafa átt ⅓ hluta sakar. Samkvæmt þessu ber stefndu að bæta stefnanda ⅔ hluta tjóns hennar.

Kröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1.	Tímabundin örorka			
a)	vegna heimilisstarfa	nýkr. 29.908,59		
b)	vegna starfa utan heimilis	nýkr. 23.103,98	nýkr.	53.102,57
2.	Varanleg örorka			
a)	vegna heimilisstarfa	nýkr. 116.786,39		
b)	vegna starfa utan heimilis	nýkr. 90.215,90	nýkr.	207.002,29
3.	Miskabætur vegna þjáninga og röskunar á stöðu og högum		nýkr.	40.000,00
4.	Framseld krafa Sigurðar Jónssonar vegna eigin áhættu af tjóni á E-1878		nýkr.	1.000,00

5. Útlagður kostnaður skv. dskj. nr. 8, 9, 10, 11 og 29		nýkr. 1.866,00
		nýkr. 302.880,86

Frá dragast:			
Slysadagpeningar frá alm. trygg.			
1977	kr.	200.093	
1978	"	1.195.955	
1979	"	93.436	kr. 1.489.484
ein greiðsla 15.4.79 (örorkustyrkur)	kr.	3.664.488	kr. 3.664.488
			kr. 5.153.972
			nýkr. 51.539,72

og er krafa stefnanda því kr. 251.341,14

Um 1. og 2. Stefnandi byggir þessa kröfuliði á útreikningum Guðjóns Hansen tryggingafræðings, dags. 24. apríl 1979 og 3. desember 1980. Tryggingafræðingurinn byggði á örorkumati Björns Önundarsonar læknis, dags. 23. mars 1979.

í fyrri útreikningi segir:

— — —

Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við örorkumatið reiknast mér verðmæti tapaðra tekna af vinnu utan heimilis nema á slysdegi:

Vegna tímabundins orkutaps í 22 mánuði	kr.	2.226.514,-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	"	4.288.866,-
	Samtalskr.	6.515.380,-

— — —

Í síðari útreikningi segir tryggingafræðingur:

— — —

„Miðað við þennan tekjugrundvöll og tap tekna í samræmi við örorkumatið reiknast mér verðmæti tapaðra tekna af vinnu utan heimilis nema á slysdegi:

Vegna tímabundis orkutaps í 22 mánuði	kr.	2.310.398,-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	"	9.021.590,-
	Samtals kr.	11.332.988,-

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem til greindar eru hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings."

Stefndu mótmæla þessum kröfuliðum sem allt of háum og benda á, að örorkumatið sé of hátt og óraunhæft til ákvörðunar um skerta starfsorku stefnanda. Líkindareikningur tryggingafræðings sé rangur, þar sem byggt sé á heimilisaðstæðum fyrir slys, en aðstæður eftir slysið beri að miða við. Þetta sé í raun viðurkennt í útreikningi. Húsmóðurstörf konu, sem inni af hendi verulegt starf utan heimilis, verði vart metin á sama hátt og starf húsmóður, sem eingöngu stundi heimilisstörf. Gögn vanti um tekjur stefnanda eftir slysið og tekjuöflunarmöguleika og sé ekki sýnt fram á af stefnanda hálfu, að um sannanlegt rauntjón sé að ræða. Stefndu benda og á, að miskasjónarmiða gæti mjög í örorkumötum lækna og beri að virða það til lækkunar. Einnig beri að virða til lækkunar hagræði af eingreiðslu og skattfrelsi bótanna skv. dómvenju.

Þegar litið er til hins hörmulega slyss stefnanda og afleiðinga þess, sjúkrasögu og breyttra aðstæðna eftir slysið, og þegar litið er til læknisvottorða og útreikninga á örorkutjóni, þykir rétt að ákveða fjárhæð óbætts tjóns stefnanda vegna örorku og miska í einu lagi með kr. 180.000,00. Hafa þá verið dregnar frá greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 51.539,72, og tekið tillit til hagræðis eingreiðslu og skattfrelsisbóta.

Liður 4. hefur ekki sætt andmælum og verður tekinn til greina.

Liður 5. hefur ekki sætt tölulegum andmælum, en bent hefur verið á, að hann heyri undir málskostnað. Á það ber að fallast, og verður tekið tillit til þessa liðar við ákvörðun málskostnaðar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndu verður gert að greiða stefnanda in solidum ⅔ hluta tjóns hennar, sem telst samtals nema 181.000,00, eða kr. 120.666,00 ásamt vöxtum. Dómvextir dæmast ekki af kröfu þessari, heldur almennir vextir, og dæmast þeir af tildæmdri fjárhæð frá slysdegi samkvæmt dómvenju.

Einnig verður stefndu gert að greiða málskostnað, sem ákveðst kr. 21.866,00 og renni í ríkissjóð. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, kr. 21.866,00, greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns hennar, Gests Jónssonar hdl., kr. 20.000,00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn. Dómsuppsaga hefur dregist vegna umfangs málsins.

Dómsorð:

Stefndu, bæjarsjóður Akraness, Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f.,

fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og samgönguráðherra f.h. Vegagerðar ríkisins, greiði in solidum stefnanda, Halldóru Daníelsdóttur, kr. 120.666,00 með 13% ársvöxtum frá 17. september 1977 til 21. nóvember s.á., en með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, og 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði óskipt málskostnað, kr. 21.866,00, sem renni í ríkissjóð.

Gjafsóknarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði þar með talin málssóknarlaun skipaðs talsmanns stefnanda, Gests Jónssonar hdl., kr. 20.000,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 3. apríl 1985.

Nr. 122/1983. **Jónas Halldórsson**
(Árni Grétar Finnsson hrl.)
gegn
bæjarstjóranum í Kópavogi
f.h. Kópavogskaupstaðar
og gagnsök
(Þórólfur Kristján Beck hrl.)

Byggingarleyfi. Lóðarúthlutun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason og Halldór Þorbjörnsson.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 16. júní 1983. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 588.301,00 krónu með dómvöxtum frá 25. mars 1981 til greiðsludags auk málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en með bréfi dómsmálaráðuneytisins 6.

júní 1983 var aðaláfrýjanda, sem hafði gjafsókn í héraði, veitt gjafsókn fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 13. september 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 30. ágúst s.á. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum aðaláfrýjanda, til vara sýknu gegn greiðslu á 28.167,00 krónum og til þrautavara sýknu gegn greiðslu á 39.292,00 krónum, auk 19% ársvaxta í báðum tilvikum. Gagnáfrýjandi krefst málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Líta verður á samþykkt byggingarnefndar Kópavogs 27. janúar 1972, er gerð var samkvæmt samþykkt bæjarráðs 16. nóvember 1971 og tilkynnt aðaláfrýjanda með bréfi byggingarfulltrúa 28. janúar 1972, sem leyfi til hans til að fullgera það hús, sem þá var byrjað að reisa á lóðinni, og jafnframt sem fyrirheit um, að væntanlegur lóðarsamningur mundi verða gerður við hann. Verður gagnáfrýjandi ekki sýknaður af kröfum aðaláfrýjanda vegna þess, að hann sé ekki réttur aðili málsins.

Í framangreindri samþykkt byggingarnefndar voru aðaláfrýjanda sett þau skilyrði, að hann skyldi hafa gert húsið fokhelt, gengið frá því að fullu að utan og hafa hreinsað og jafnað lóð fyrir 1. júlí 1972. Enn fremur var áskilið, að hann greiddi gjaldfallna viðbót við áður greitt gatnagerðargjald, byggingarleyfisgjald og fleiri gjöld. Þessi skilyrði um framkvæmdahraða og greiðslu gjalda hélt aðaláfrýjandi ekki.

Gagnáfrýjandi hefur lagt fram í málinu sýnishorn af úthlutunarbréfum fyrir lóðir í Kópavogi, sem hann telur hafa gilt árið 1966 og 1972. Í niðurlagi fyrrtalda úthlutunarbréfsins segir, að ef úthlutunin verði felld úr gildi vegna brots á skilmálum í því, eftir að framkvæmdir eru hafnar, verði framkvæmdakostnaður endurgreiddur eftir mati dómkvaddra manna. Í 12. gr. hins síðarnefnda úthlutunarbréfs er ákvæði um heimild bæjarráðs til að afturkalla úthlutun lóðar, ef leigutaki heldur ekki þá fresti, sem honum eru settir um framkvæmdahraða. Eftir a lið greinarinnar skal kaupstaðurinn, ef til þessa kemur, greiða leigutaka fyrir mannvirki hans á lóðinni að svo miklu leyti sem þau koma nýjum leigutaka að notum, ef framkvæmdir eru skemmra á veg komnar en að grunnplata hafi verið gerð. Ef þær eru lengra komnar, á kaupstaðurinn að greiða fyrir mannvirkin kostnaðarverð eftir mati tveggja dómkvaddra manna.

Það er þó ósannað, að úthlutunarskilmálar þeir, sem úthlutunarbréf þessi geyma, hafi verið kynntir aðaláfrýjanda eða hann undirgengist þá sérstaklega. Ekki var heldur að finna í byggingarsamþykkt fyrir Kópavog, sbr. auglýsingu nr. 63/1968 og auglýsingu nr. 23/1967, heimild fyrir gagnáfrýjanda til að taka mannvirkin sér til eignar eftir mati á ætluðum byggingarkostnaði þeirra. Þegar gagnáfrýjandi hófst handa um að svipta aðaláfrýjanda lóðinni og taka mannvirkin sér til eignar, var og mjög langt um liðið frá framkvæmdum og verðmæti mannvirkjanna orðið allt annað en kostnaðarverð þeirra. Verður að telja, þegar allt þetta er haft í huga, að gagnáfrýjandi hafi ekki mátt svipta aðaláfrýjanda rétti sínum til lóðarinnar og taka til sín mannvirkin, svo sem hann gerði, gegn því að inna af hendi sem geymslugreiðslu hinn 25. nóvember 1975 einungis þá fjárhæð, sem dómkvaddir menn mátu framkvæmdakostnað á verðlagi áranna 1964 og 1972.

Gagnáfrýjandi ráðstafaði lóðinni ásamt mannvirkjum til þriðja aðilja með kaupsamningi 1. mars 1978, en afsali 17. s.m., án þess að bjóða fram af sinni hendi fullnægjandi greiðslu til aðaláfrýjanda fyrir þau, svo sem sagt var. Eins og hér hagar til, þykir aðaláfrýjandi geta krafið gagnáfrýjanda um það fé, sem fyrir þau kom, og verði þá tillit tekið til kostnaðar gagnáfrýjanda af lagfæringum, öðrum líklegum tilkostnaði hans, sölukjara og annars sem hér skiptir máli. Þegar til alls þessa er litið, þykir mega staðfesta úrlausn héraðsdóms um þá fjárhæð, er hann dæmdi aðaláfrýjanda samkvæmt 1. kröfulið í héraði, og er þá við það miðað, að aðaláfrýjandi taki ekki til sín fyrrgreint geymslufé.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta úrlausn hans um 2.- 4.kröfulið.

Samkvæmt framansögðu á hinn áfrýjaði dómur að vera óraskaður, þó þannig, að eftir kröfugerð aðaláfrýjanda verða vextir af hinni dæmdu fjárhæð dómvextir frá 25. mars 1981 til greiðsludags.

Eftir öllum atvikum verður málskostnaður fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, 30.000,00 krónur.

Dómsorð:

Gagnáfrýjandi, bæjarstjórinn í Kópavogi f.h. Kópavogskaupstaðar, greiði aðaláfrýjanda, Jónasi Halldórssyni, 94.000,00 krónur ásamt dómvöxtum frá 25. mars 1981 til greiðsludags.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda, Jónasar Halldórssonar, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs talsmanns hans, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns, 30.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Kópavogs 23. mars 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. þ.m. að loknum aðalflutningi, er höfðað hér fyrir bæjarþinginu af Jónasi Halldórssyni verkamanni, nnr. 5255-4209, Langholtsvegi 178 í Reykjavík, með stefnu, útgefinni 17. apríl 1980, gegn bæjarstjóranum í Kópavogi f.h. Kópavogskaupstaðar, nnr. 5686-7406, og eru endanlegar dómkröfur stefnanda þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda bætur að fjárhæð kr. 588.301,00 með dómvöxtum frá 25. mars 1981 til greiðsludags auk hæfilegs málskostnaðar að mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi samkvæmt lágmarksgjaldskrá LMFÍ. Til vara krefst hann sýknu gegn greiðslu kr. 28.167,00 og til þrautavara sýknu gegn greiðslu kr. 39.292,00. Í báðum tilvikum krefst hann og málskostnaðar sér til handa.

Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum eru málavextir þeir, að með kaupsamningi, dags. 11. febrúar 1965, kaupir stefnandi byrjunarbyggingarframkvæmdir á lóðinni nr. 57 við Hrauntungu í Kópavogskaupstað af Magnúsi Björnssyni, byggingameistara í Hafnarfirði. Um var að ræða uppsteypta jarðhæð fyrirhugaðs 2ja hæða húss, og var tekið fram, að með í kaupunum fylgdi stofngjald vegna fjarhitunar „svo og önnur greidd gjöld til Kópavogskaupstaðar" og einnig gluggakarmar í efri hæð. Kaupverð var gkr. 400.000,00.

Húseign þessi í smíðum var á sunnanverðum Digraneshálsi í svonefndu

Sigvaldahverfi, en það var skipulagt árið 1962 af Sigvalda heitnum Thordarsyni arkitekt.

Upphaflegur lóðarhafi var Haukur Jackobsen, kaupmaður í Reykjavík, samkvæmt úthlutun Kópavogskaupstaðar árið 1963. Magnús Björnsson hafði eignast lóðina án samþykkis kaupstaðarins, og eigi var heldur um slíkt samþykki að ræða við kaup stefnanda.

Eigi hófst stefnandi handa um áframhaldandi byggingarframkvæmdir eftir kaupin, og sat við svo búið fram yfir 1970. Var oft kvartað yfir þessum seinagangi af íbúum næstu húsa og eins út af hættu, sem stafaði af hinu hálfsmíðaða húsi, en börn sóttust þangað til leikja. Liggja fyrir nokkrar lögregluskýrslur af þessu tilefni, ýmist vegna kvartana íbúa í grenndinni eða þáverandi byggingafulltrúa.

Í nóvember 1970 sendir byggingafulltrúi Hauki Jacobsen, skráðum lóðarhafa, bréf, þar sem hvatt er til þess, að lokið verði byggingarframkvæmdum, sem taldar hafa legið niðri síðan 1964, og nokkrum árum áður hafði Hauki verið sent bréf í svipuðum dúr. Ekki er fullkomlega upplýst, að hve miklu leyti þessar orðsendingar og aðrar slíkar svo og kvartanir bárust til vitundar stefnanda.

Með bréfi, dags. 4. ágúst 1971, er Hauki Jacobsen tilkynnt, að byggingarnefnd Kópavogs hafi fellt úr gildi byggingarleyfi á lóðinni nr. 57 við Hrauntungu og falið lögmanni bæjarins ásamt byggingafulltrúa að taka hana í vörslur og framkvæmdir á sannvirði samkvæmt mati.

Beiðni um dómkvaðningu matsmanna til að meta kostnað við byggingu mannvirkja á lóðinni er lögð fram á bæjarþingi Kópavogs hinn 25. október 1971. Auk lögmanns kaupstaðarins sótti stefnandi þing, en hann var boðaður til þess samkvæmt tilmælum í matsbeiðninni. Dómkvaðning fór fram, en stefnandi lýsti því yfir, að hann teldi sig á engan hátt við hana bundinn né á eftirfarandi mat, ef úr yrði.

Hinn 9. nóvember 1971 ritar stefnandi bæjarstjóra bréf með ósk um, að bærinn endurskoði afstöðu sína varðandi niðurfellingu byggingarleyfis og töku lóðarinnar. Í svarbréfi segir, að bæjarráð Kópavogs hafi fyrir sitt leyti samþykkt erindið með nánari skilmálum, sem byggingarnefnd setji. Beri stefnanda að sækja um byggingarleyfi að nýju. Það gerði stefnandi í ársbyrjun 1972, og segir svo í niðurlagi beiðninnar:

„Ég leyfi mér því að fara þess á leit við byggingarnefnd Kópavogs, að hún gefi út byggingarleyfi mér til handa með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega til þess að tryggja það, að byggingunni verði haldið áfram, samkvæmt framansögðu."

Í svarbréfi byggingafulltrúa 28. janúar 1972 segir á þessa leið:

„Á fundi byggingarnefndar 27. janúar s.l. var tekið fyrir erindi yðar dags. 6. janúar 1972, varðandi byggingu hússins nr. 57 við Hrauntungu.

Bygginganefnd samþykkir að veita byggingarleyfi að nýju með eftirfarandi skilyrðum:

1. Húsið verði gert fokhelt fyrir 1. júlí 1972 og fullfrágengið að utan.
2. Lóð hreinsuð og jöfnuð fyrir sama tíma.
3. Fokheldisvottorð verður fyrst veitt er fyrrnefndum skilyrðum er fullnægt.

Viðbótargjöld að upphæð kr. 54.257.- eru fallin í gjalddaga."

Stefnandi hófst nú handa um framhald á smíði hússins, en mótmælti jafnframt viðbótargatnagerðargjaldi því, sem bygginganefndin hafði lagt á. Ekki fékk hann neina úrlausn í því efni, því nefndin sat fast við sinn keip.

Ekki tókst stefnanda að fullnægja skilyrðum bygginganefndar á tilsettum tíma, en taldi húsið komið á fokhelt stig í lok október 1972. Byggingafulltrúi neitaði að gefa út svonefnt fokheldisvottorð, þar sem lóð hefði ekki verið hreinsuð og jöfnuð, húsið ekki fullfrágengið utan og ekki alveg komið á fokhelt stig að hans mati. Þá voru nefnd viðbótargjöld enn ógreidd. Sat nú eiginlega við hið sama í tæp tvö ár, að því er virðist, og komust framkvæmdir ekki á neinn rekspöl aftur. Eftir skjölum málsins að dæma er svo að sjá, að stefnandi hafi reynt fyrir sér með sölu á húsinu eins og það var, en án árangurs.

Á fundi bæjarráðs Kópavogs 17. september 1974 var ákveðið að taka af stefnanda lóðina eftir mati dómkvaddra manna. Með beiðni, dags. 11. nóvember 1974, óskar bæjarlögmaður dómkvaðningar matsmanna til að meta kostnað stefnanda vegna byggingarframkvæmda hans á lóðinni miðað við þann tíma, sem kostnaðurinn er til fallin á, eins og það er orðað. Dómkvaddir voru í þessu skyni þeir Einar Sigurðsson hæstaréttarlögmaður og Þórður Jasonarson tæknifræðingur, og skiluðu þeir matsgjörð, dags. 5. júní 1975. Niðurstaða þeirra var sú, að kostnaður stefnanda teldist vera gkr. 1.470.800,00 og væri þá miðað við verð ársins 1964 að því er neðri hæðina áhrærði, en verð ársins 1972 vegna efri hæðar.

Stefnandi hafði mótmælt töku lóðarinnar bréflega í mars 1975 og kvaðst hafa í hyggju að selja húsið á henni. Þá bauðst hann til að greiða viðbótargatnagerðargjaldið. Fram kemur í skjölum, að sölutilraunir höfðu átt sér stað allt frá því byggingarleyfið var fellt úr gildi og þar til matsmenn skiluðu af sér.

Bæjarráð Kópavogs samþykkti fyrir sitt leyti niðurstöðu matsgerðarinnar á fundi 5. ágúst 1975, og var stefnanda tilkynnt það bréflega daginn eftir af bæjarlögmanni. Í bréfi þessu segir svo:

„Ég leyfi mér að vænta þess, að þér hafið samband við mig vegna þessa

nú þegar, en eftir 5. september 1975 verður ekki um neina samninga að ræða af hálfu Kópavogskaupstaðar í þessu máli."

Hinn 25. nóvember 1975 leggur bæjarlögmaður inn á geymslureikning í Landsbanka Íslands matsfjárhæðina, gkr. 1.470.800,00 ásamt 13% ársvöxtum frá dagsetningu matsgerðar, gkr. 90.290,00, eða samtals gkr. 1.561.090,00. Þetta er stefnanda tilkynnt með bréfi, dags. 9. næsta mánaðar, og jafnframt það, að Kópavogskaupstaður myndi þá þegar taka lóðina ásamt byggingarframkvæmdum í vörslur.

Í ársbyrjun 1976 mótmælir stefnandi þeirri aðför, sem hann telur farna að sér, með því að kaupstaðurinn ætli að yfirtaka án samþykkis fasteign hans Hrauntungu 57. Hann ítrekar kvartanir sínar vegna synjunar á útgáfu fokheldisvottorðs, því ef hann fái það, muni hann hefja undirbúning að frekari byggingarframkvæmdum að vori og ljúka þá m.a. frágangi að utan og á lóð.

Eftir þetta munu hafa átt sér stað viðræður milli lögmanna stefnanda og bæjarlögmanns, en þær leiddu ekki til samkomulags.

Bæjaryfirvöld létu nú gera við ýmislegt í byggingunni, og m.a. var húsið múrhúðað að utan. Síðan var það selt hjónum í Reykjavík með kaupsamningi 1. mars 1978 á gkr. 12.050.000,00.

Þar sem stefnandi fékk enga þá úrlausn sinna mála í samningum, sem hann taldi sig geta við unað, hóf hann málarekstur þennan, svo sem framan greinir.

Í upphafi var aðalkrafa stefnanda á þá leið, að honum yrði afhent til eignar fasteignin Hrauntunga 57 gegn greiðslu byggingarkostnaðar, frá því Kópavogskaupstaður tók eignina, og þar með dæmt, að sú taka hefði verið löglaus og ógild. Í þinghaldi 5. nóvember 1980 boðaði stefnandi breytingu á aðalkröfu sinni og lagði jafnframt fram beiðni um dómkvaðningu matsmanna, en um matsefnið segir þar svo:

„Fer ég því fram á að fyrir matsmenn verði lagt að meta það fjárhagstjón, sem ég hef orðið fyrir og láti í té skriflega og rökstudda álitsgerð á eftirfarandi:

1. Hvert er markaðsverð umræddss raðhúss fokhelds miðað við að það væri staðsett að Hrauntungu 57 í Kópavogi og skal matið miðað við dagsetningu matsgerðarinnar, sem nú verður gerð.

2. Metnar verði hæfilegar fébætur til mín vegna afnotamissis umræddss raðhúss frá 1. júlí 1973 til dagsetningar þessarar umbeðnu matsgerðar. Ég tel að umrætt raðhús mitt hefði orðið fullbyggt til afnota 1. júlí 1973, ef bæjaryfirvöld Kópavogs hefðu veitt fokheldisvottorð og að nokkru hefur verið rakið.

3. Óskað er eftir mati á timbri, miðað við markaðsverð í dag, en hér er um að ræða mótatimbur af fyrstu hæð í umræddu raðhúsi, sem síðan

var notað við byggingu annarrar hæðar, en ég tel að þetta timbur hafi verið óumdeilt fyrir hendi í raðhúsinu, enda gætu lögreglumenn sem þar komu borið um það vitni.

Hjálagt sendist útreikningur Snorra Halldórssonar húsameistara á verðmæti þessa efnis."

Af hálfu stefnda var lýst ósk um að koma að viðbótarmatsbeiðni, og var henni framvísað síðar. Var ákveðið að stofna til sérstaks matsmáls af þessu tilefni, og fór dómkvaðning fram 12. nóvember 1980. Í viðbótarbeiðninni segir á þessa leið:

„1. Metið verði markaðsverð húseignarinnar nr. 57 að Hrauntungu í Kópavogi, miðað við að húsið væri fokhelt og lóð óstandsett á verðlagi fasteignamarkaðar á dagsetningardegi deponingarkvittunar 15. nóvember 1975.

2. Metið verði kostnaðarverð byggingaframkvæmda að Hrauntungu 57 miðað við verðlag á dagsetningardegi matsgerðar í matsmálinu nr. 15/1974 Kópavogi hinn 5. júní 1975. Miðað verði við fokhelt hús sbr. gögn þau, er lögð voru fram í matsmálinu nr. 15/1974."

Matsgerð var lögð fram 25. mars 1981, og var niðurstaða matsmanna í einstökum liðum sem hér segir:

„Matsbeiðni Jónasar Halldórssonar:

Liður 1.		
Núverandi markaðsverð fokhelds raðhúss að Hrauntungu 57, Kópavogi	kr.	450.000,-
Liður 2.		
Húsaleiga frá 1. júlí 1973 til dagsins í dag	kr.	60.600,-
Liður 3.		
Núverandi verð á mótatimbri	kr.	27.701,-

Matsbeiðni Kópavogskaupstaðar:

Liður 1.		
Markaðsverð húseignarinnar Hrauntungu 57, Kópavogi, fokheldrar á verðlagi fasteignamarkaðar 15. nóvember 1975	kr.	54.000,-
en miðað við verðgildi gamallar krónu = 5.400.000,- fimm miljónir og fjögur hundruð þúsund krónur.		
Liður 2.		
Kostnaðarverð byggingaframkvæmda við húseignina		

fokhelda, miðað við verðlag hinn 5. júní 1975, sbr. matsmál nr. 15/1974 kr. 42.975,-
en miðað við verðgildi gamallar krónu: 4.287.500,-
fjórar miljónir tvö hundruð áttatíu og sjö þúsund og fimm hundruð krónur."

Stefnandi lagði fram nýja kröfugerð byggða á matsgerðinni, í þinghaldi 4. desember 1981 og stefndi greinargerð af sinni hálfu hinn 22. janúar 1982. Var þá leitað sátta, en án árangurs.

Hinir dómkvöddu matsmenn, Jón Bjarnason hæstaréttarlögmaður og Jósep Halldórsson húsasmíðameistari, hafa komið fyrir dóminn og staðfest gerðina. Stefnandi hefur gefið aðiljaskýrslu, og nokkur vitni báru við aðalflutning. Ekki þykir ástæða að rekja hér úr skýrslum þessum.

Stefnandi sundurliðar dómkröfur sínar þannig:

1.	Markaðsverð fokhelds raðhúss að Hrauntungu 57, Kópavogi, samkvæmt matsgerð	kr.	450.000,00
2.	Húsaleiga frá 1. júlí 1973 til 25. mars 1981 samkvæmt matsgerð	kr.	60.600,00
3.	Verð á mótatimbri samkvæmt matsgerð	kr.	27.701,00
4.	Miska og þjáningabætur svo og bætur vegna röskunar á stöðu og högum	kr.	50.000,00
	Samtals	kr.	588.301,00

Hann vísar til matsgerðar þeirra Jóns Bjarnasonar og Jóseps Halldórssonar um tölulegan grundvöll krafnanna, en um lagarök fyrst og fremst til þess, að taka lóðarinnar og byggingarframkvæmdanna hafi verið ólögmæt með öllu. Til þessara aðgerða hafi komið vegna synjunar byggingaryfirvalda á útgáfu fokheldisvottorðs, þegar húsið sjálft hafi í raun verið komið á fokhelt stig. Þetta hafi leitt til þess, að ekki hafi verið unnt að veðsetja húsið fyrir lánum og halda áfram smíðinni. Þessi synjun sé ólögmæt og saknæm valdaníðsla og verði takan fyrst og fremst rakin til afleiðinga hennar. Takan sé ekki framkvæmd á grundvelli neinna laga eða lagaheimilda og því ógild og löglaus.

Það sé því ótvírætt, að samkvæmt 67. gr. stjórnarskrárinnar eigi hann rétt á fullum bótum fyrir allt hið fjárhagslega tjón, sem hann hafi beðið vegna töku lóðarinnar. Krafa hans um miskabætur eigi sér stoð í 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Hann leggur áherslu á, að húsið á lóðinni hafi verið orðið fokhelt hinn 31. október 1972. Um það sé ekki deilt, enda liggi fyrir vottorð þáverandi byggingafulltrúa Kópavogs því til staðfestingar. Þar með hafi hann full-

nægt meginskilyrðinu í byggingarleyfinu frá því í janúar 1972. Bæjaryfirvöld hafi svo beðið með aðgerðir í nær tvö ár og þar með samþykkt þann drátt, sem á var orðinn haustið 1972. Með ólögmætri og saknæmri synjun á útgáfu fokheldisvottorðs hafi hann verið sviptur öllum möguleikum til frekari framkvæmda. Riftun stefnda í bréfi 19. september 1974 og taka lóðarinnar og framkvæmdanna hafi því verið ólögmæt. Af þessum sökum sé augljóst, að stefndi beri óskoraða bótaábyrgð gagnvart sér fyrir öllu því tjóni, sem taka lóðarinnar og hússins hafi leitt af sér. Bætur þær, sem stefndi hafi boðið, séu fjarri lagi. Beri því að taka dómkröfur sínar til greina að öllu leyti.

Stefndi styður sýknukröfu sína aðallega þeim rökum, að hann sé ekki réttur aðili þessa máls. Ætlaðan rétt sinn í málinu verði stefnandi að sækja í hendur þeirra, er hann keypti af á sínum tíma, en þeir hafi selt honum án heimildar og því hafi kaupstaðurinn aldrei verið bundinn við þau kaup. Eignarrétti stefnanda að réttindum að lóðinni og framkvæmdum á henni sé mótmælt.

Verði ekki fallist á ofangreind rök, heldur stefndi því fram, að stefnandi og þeir, sem honum seldu, hafi svo stórlega vanefnt alla skilmála fyrir lóðarúthlutuninni, að með því hafi þeir fyrirgert öllum rétti til bóta úr hendi Kópavogskaupstaðar fram yfir það, sem boðið hafi verið fram haustið 1975 og lagt síðan inn á geymslufjárreikning.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að skilmálarnir fyrir lóðarúthlutuninni í upphafi svo og öll tök bæjaryfirvalda á málinu hafi í engu brotið í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar eða aðrar greinar hennar. Hafi allar aðgerðir í málinu verið eðlileg og skyldubundin hagsmunavarsla bæjarfélagsins.

Stefndi telur, að stefnandi hafi aldrei öðlast fullgilt byggingarleyfi og byggingarrétt á umræddri lóð, því honum hafi aldrei tekist að fullnægja þeim skilyrðum, sem sett hafi verið fyrir því, að hann eignaðist þann rétt, sem leyfið og rétturinn til lóðarinnar áskildu. Í raun hafi húsið aldrei orðið fokhelt í hans tíð, lóðina hafi hann ekki jafnað og sléttað, hann hafi ekki fullgert húsið að utan. Ekki hafi hann heldur greitt lögmæt og rétt byggingarleyfisgjöld. Stefnandi hafi verið gefinn yfrinn tími til samninga eða til sölu hússins, en allt hefði strandað á því, að hann hafi ekki getað fullnægt skilyrðum til að fá fokheldisvottorð. Það hafi verið af ástæðum, sem hann einan varðaði og hann einn hafi borið ábyrgð á.

Þar sem stefnanda hafi verið boðnar á lögmætan hátt þær bætur, sem hann átti rétt á samkvæmt gildandi úthlutunarskilmálum árið 1972, eigi hann engar frekari kröfur.

Varakrafan er á því byggð, að stefnandi eigi rétt á bótum samsvarandi mati þeirra Jóns Bjarnasonar og Jóseps Halldórssonar á kostnaðarverði

byggingarframkvæmdanna eftir verðlagi 5. júní 1975 að frádreginni fjárhæðinni á geymslufjárreikningnum. Þrautavarakrafan sé grunduð á sama hátt, en þar miðað við mat þeirra Jóns og Jóseps á markaðsverði umræddsa húss fokhelds hinn 15. nóvember 1975 að frádreginni sömu fjárhæð.

Forsendur og niðurstaða.

Telja verður, að með bréfi byggingafulltrúa Kópavogs 28. janúar 1972 hafi stefnanda verið veitt fullgilt byggingarleyfi og eðlileg og venjuleg umráð lóðarinnar nr. 57 við Hrauntungu, til að neyta þess. Þar með samþykkti stefndi í raun kaup stefnanda á lóðinni. Byggingarleyfið var að vísu með tilteknum skilyrðum, sem deilt er um, hvort stefnandi hafi fullnægt.

Stefnandi á rétt til þess að fá prófað í dómsmáli, hvort afturköllun lóðarúthlutunarinnar vegna ætlaðra vanefnda á byggingarskilmálum hafi verið lögmæt gagnvart honum. Eru því engin efni til að taka til greina sýknukröfu stefnda, byggða á aðildarskorti.

Byggingaryfirvöld í Kópavogi veittu stefnanda byggingarleyfi, eins og ofan greinir, og settu honum jafnframt lögmæt skilyrði að telja verður. Þau fylgdust með framkvæmdum eins og þeim bar réttur og skylda til.

Samkvæmt framlögðu vottorði, undirrituðu af byggingafulltrúa Kópavogskaupstaðar 8. apríl 1975, var byggingin á Hrauntungu 57 orðin fokheld hinn 31. október 1972, og verður við það að miða við úrlausn málsins. Var það fjórum mánuðum seinna en skilyrðið með byggingarleyfinu kvað á um. Þá hafði lóðin hvorki verið sléttuð og jöfnuð né húsið fullfrágengið utan. Stóðu svo sakir, þar til lóðarúthlutunin var afturkölluð.

Þegar lögmæti þessarar riftunar er metin, verður annars vegar að hafa í huga, að stefnandi gerði húsið fokhelt nokkru síðar en vera átti, og eins var hluti skilyrðanna óuppfylltur, sbr. að ofan. Var vanræksla í þessu efni ámælisverð. Á hinn bóginn ber á það að líta, að stefnandi hafði haustið 1972 fullnægt byggingarleyfisskilmálum í meginatriðum og að afturköllun byggingaryfirvalda er fyrst gerð nærri tveimur árum síðar, eða 19. september 1974. Er ljóst af málsgögnum, að staðið hefur í stappi milli aðilja þetta tímabil, en hvorki verður séð né er því haldið fram, að stefnanda hafi verið settur lokafrestur til að ljúka því, sem ábótavant þótti að viðlagðri riftun og lóðarsviptingu. Bæjaryfirvöldum hafi verið slíkt skylt til að koma fyrirætlunum sínum fram á gildandi hátt. Verður því afturköllun byggingarleyfisins og taka lóðarinnar gegn framboðnum bótum metin ólögmæt. Ber því að dæma stefnanda skaðabætur úr hendi stefnda fyrir það tjón, sem stefnandi varð fyrir af þessum sökum.

Rétt þykir að miða bæturnar við húsið ásamt lóðarréttindum í því ástandi, sem það var talið í haustið 1972, en á markaðsverði þess í mars 1978, er það varð þinglýst eign þriðja manns.

Í matsgerð þeirra Jóns Bjarnasonar og Jóseps Halldórssonar er metið markaðsverð húss stefnanda hinn 15. nóvember 1975 í því ástandi, sem það var talið í haustið 1972, og eru ekki bornar brigður á niðurstöðu þeirra í þessu efni. Upplýst er, að bæjaryfirvöld létu framkvæma endurbætur og múrhúða húsið að utan, áður en það var selt.

Þegar það er virt, sem nú er sagt, og söluverð hússins haft í huga og verðþróunin frá því í nóvember 1975 og þar til í mars 1978, þykja bætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 94.000,00. Verður stefnanda dæmd sú fjárhæð úr hendi stefnda með almennum innlánsvöxtum bankastofnana á hverjum tíma frá 20. mars 1978 til 17. apríl 1980, en með dómvöxtum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags.

Eigi þykja nein rök standa til þess að taka til greina kröfu stefnanda um húsaleigu samkvæmt matsgerð. Ber því að sýkna stefnda af þeim kröfulið.

Stefnandi hefur eigi fært sönnur á, að timbur það, sem hann krefst bóta fyrir samkvæmt 3ja lið kröfugerðar sinnar, hafi verið fyrir hendi, er stefndi lét taka lóðina í sínar vörslur snemma vetrar 1975. Verður stefndi því sýknaður að þessu leyti.

Þá verður krafa stefnanda um miskabætur heldur eigi tekin til greina, þar sem hana brestur lagastoð.

Eftir þessari niðurstöðu ber að dæma stefnanda málskostnað úr hendi stefnda, og ákveðst hann kr. 25.000,00. Skal sú fjárhæð greiðast úr ríkissjóði sem málssóknarlaun til skipaðs talsmanns stefnanda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns.

Dómur þessi er uppkveðinn af Ólafi Stefáni Sigurðssyni héraðsdómara og meðdómendunum Kristni Kristinssyni húsasmíðameistara og Stefáni Má Stefánssyni prófessor.

Dómsorð:

Stefndi, bæjarstjórinn í Kópavogi f.h. Kópavogskaupstaðar, greiði stefnanda, Jónasi Halldórssyni, kr. 94.000,00 með 19% ársvöxtum frá 20. mars 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 17. apríl 1980, en með dómvöxtum, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 25.000,00 í málskostnað - allt innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins, að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaðurinn, kr. 25.000,00, greiðist úr ríkissjóði sem málsóknarlaun til skipaðs talsmanns stefnanda, Árna Grétars Finnssonar hæstaréttarlögmanns.

Mánudaginn 15. apríl 1985.

Nr. 55/1984. **Einar Logi Einarsson persónulega og sem einkaeigandi og framkvæmdastjóri Hótel Hveragerðis**

gegn

Sanitas h/f

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Einar Logi Einarsson, persónulega og sem einkaeigandi og framkvæmdastjóri Hótel Hveragerðis, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 15. apríl 1985.

Nr. 144/1984. **Jóhannes Jónsson**

gegn

Stólpa h/f

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Jóhannes Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Fimmtudaginn 18. apríl 1985.

Nr. 265/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Ómari Jóhannssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákæruvalds til þyngingar með stefnu 11. desember 1984, en ákærði vildi una héraðsdómi. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. febrúar 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara og færslu til refsiákvæða.

Fram kemur á sakavottorði ákærða, að hann hefur sætt refsingu fyrir ölvun við akstur með dómum 17. júlí 1981, 2. júní 1982 og 7. apríl 1983 (hegningarauki) og auk þess fyrir brot á 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 (hegningarauki) með sátt 1. nóvember 1982. Refsing ákærða þykir samkvæmt 80. gr. umferðarlaga og með hliðsjón af sakaferli ákærða hæfilega ákveðin varðhald 30 daga.

Brot ákærða var framið eftir uppkvaðningu skilorðsbundins dóms 8. júní 1984, en áður en skilorðstíma lauk. Rétt þykir þó að sú skilorðsbinding haldist, sbr. 60. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 2. gr. laga nr. 20/1981.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi ævilangt, er hann framdi brot sitt. Ber því samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að áretta, að ævilöng ökuleyfissvipting hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, svo sem í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Ómar Jóhannsson, sæti varðhaldi 30 daga.

Hann skal vera sviptur ökuleyfi sínu ævilangt.

Hann greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með

talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Ragnars Aðalsteinssonar hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. október 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 3. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni Erlendssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 472/1984: Ákæruvaldið gegn Ómari Jóhannssyni, sem tekið er til dóms sama dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 26. september 1984, „fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur Ómari Jóhannssyni, verkamanni, Flúðaseli 86, Reykjavík, fæddum á Hafranesi, Fáskrúðsfjarðarhreppi, 22. mars 1948, fyrir að aka, sunnudaginn 26. ágúst 1984, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni R-53779 frá pósthúsinu í Búðahreppi að bænum Kappeyri í Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 4. mgr. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1969 14/3 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt f. brot á 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 2 mán. frá 27.1. 1969.

1981 17/7 í Reykjavík: Sátt, 4.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr., 26. gr. og 37. gr. umfl. Sviptur ökuréttindum í 12 mán. frá 12.6. 1981.

— — —

1982 2/6 í Reykjavík: Dómur: 30 daga varðhald, skb. 2 ár, og 12.000 kr. sekt f. brot g. 259. gr. hgl., 25. og 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi ævilangt.

— — —

1983 7/4 í Reykjavík: Dómur: 9.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl., hegn. auki.

— — —

Í ákæru og sakavottorði ákærða er hann talinn fæddur á Hafranesi, en að sögn ákærða á þar að standa Hafnarnesi.

Málavextir.

Ákærði hefur hjá lögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa sunnudaginn 26. ágúst 1984 ekið bifreiðinni, R-53779, frá pósthúsinu að Búðum í Fáskrúðsfirði að bænum Kappeyri í Fáskrúðsfjarðarhreppi.

Blóðsýni, sem tekið var úr ákærða, reyndist við rannsókn hafa að geyma 2.28‰ af alkóhóli. Ákærði var með dómi 2. júní 1982 sviptur ökuleyfi ævilangt.

Niðurstöður.

Með viðurkenningu ákærða, niðurstöðu blóðrannsóknar og öðrum gögnum í máli þessu telst sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæru og þar er rétt færð til refsiákvæða.

Dómar frá 2. júní 1982 og 7. apríl 1983 hafa ítrekunaráhrif við ákvörðun refsingar og annarra viðurlaga.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 20.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 20 daga varðhald í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga ber að svipta ákærða rétti til ökuleyfis ævilangt frá dómsbirtingu.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Ómar Jóhannsson, greiði 20.000 króna sekt í ríkissjóð innan 4 vikna frá dómsbirtingu, en sæti ella 20 daga varðhaldi.

Ákærði er sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 19. apríl 1985.

Nr. 124/1984. **Jón Guðmundsson**
(Hjörtur Torfason hrl.)
gegn
fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra f.h. ríkissjóðs
sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu f.h. sýslusjóðs Mýrasýslu
(Guðmundur Pétursson hrl.)
og sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu
(Eiríkur Tómasson hrl.)
og Veiðifélagi Borgarfjarðar
(Jónas A. Aðalsteinsson hrl.)

Kærumál. Frávísunardómur úr gildi felldur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Arnljótur Björnsson prófessor.

Munnlegur málflutningur fór fram í kærumáli þessu eftir ákvörðun Hæstaréttar, sbr. 31. gr., 2. mgr., laga nr. 75/1973.

Sóknaraðili kærði hinn 4. júní 1984 frávísunardóm aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 25. maí 1984 í máli sóknaraðilja gegn ríkissjóði, sýslusjóðum Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu og Veiðifélagi Borgarfjarðar. Mál þetta er í héraði auðkennt nr. 29/1983. Kæruheimild var 21. gr., 1. mgr., b liður í hæstaréttarlögum nr. 75/1973. Dómkröfur sóknaraðilja eru, að frávísunardóminum verði hrundið. Til vara krefst hann þess, að honum verði breytt á þann veg, að sóknaraðilja „verði veittur kostur á að afla mats í því skyni, sem um ræðir í dóminum á grundvelli meginreglu 120. gr. laga nr. 85/1936". Kærumálskostnaðar er ekki krafist, en áskilnaður gerður um málskostnað í efnisdómi.

Af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu er krafist staðfestingar hins kærða dóms og kærumálskostnaðar.

Af hálfu sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu er krafist aðallega frávísunar málsins í heild frá héraðsdómi, en til vara frávísunar frá

héraðsdómi á kröfum á hendur ríkissjóði, sýslusjóði Mýrasýslu og sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu Veiðifélags Borgarfjarðar er þess krafist, ef ekki verði til greina teknar kröfur sóknaraðilja, að málinu verði vísað frá héraðsdómi í heild. Þá krefst félagið þess, að kærumálskostnaður verði ekki dæmdur.

Af hálfu ríkissjóðs er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi í heild, en til vara er krafist frávísunar á kröfum á hendur ríkissjóði, sýslusjóði Mýrasýslu og sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu. Þá er krafist kærumálskostnaðar.

I.

Með úrskurði 11. júlí 1983 var hafnað frávísunarkröfu ríkissjóðs og sýslusjóðanna, sem nú eru varnaraðiljar, og er það rakið í hinum kærða dómi. Er hinn kærði dómur frá 25. maí 1984 kveðinn upp samkvæmt 108. gr. 3. mgr. einkamálalaga nr. 85/1936, þar sem segir, að dómari sé ekki bundinn við fyrri úrskurð um, að frávísunarkröfu sé hafnað, þegar ljúka skal dómi í málinu, „ef nýjar upplýsingar hafa komið fram um þau atriði, sem úrskurðuð voru".

Aðiljar áttu þess ekki kost að lögum að kæra úrskurð þann, sem gekk 11. júlí 1983, sbr. 1. málsgrein 21. greinar laga nr. 75/1973. Nú hafa tveir aðiljar, sem kröfðust frávísunar 1983, gert fyrir Hæstarétti kröfur um frávísun máls þessa í heild. Slík krafa kom fram fyrir héraðsdómi vorið 1984 frá ríkissjóði, en ekki sýslusjóði þeim, sem nú krefst frávísunar með þessum hætti. Eins og málið liggur nú fyrir Hæstarétti, verður ekki dæmt um kröfur þær, sem gerðar hafa verið um frávísun alls málsins. Verður úrskurðinum frá 11. júlí 1983 ekki haggað í Hæstarétti, nema vísa eigi málinu frá án kröfu, sbr. 108. gr., 3. mgr., einkamálalaga eða þessum úrskurði sé áfrýjað með efnisdómi, þegar þar að kemur. Sömu réttarfarsannmarkar eru í Hæstarétti að því er varðar kröfur, sem síðar hafa komið fram um frávísun málsins alls. Sá annmarki er að auki, að kröfur þessa efnis komu ekki fram í héraði vorið 1984 nema frá ríkissjóði. Af þessum sökum verður að vísa kröfunum, sem hér um ræðir, frá Hæstarétti.

II.

Með lögum um lax- og silungsveiði nr. 53/1957 var þrengd veiði-

heimild sóknaraðilja, Jóns Guðmundssonar, en hann hafði stundað laxveiðar í net í Hvítá. Bætur fyrir tjón þetta voru ákveðnar með gerðardómi. Var hann sagður upp af þeim mönnum, sem skipaðir höfðu verið yfirmatsmenn í samræmi við lögin. Varð niðurstaða gerðarmannanna sú, að bótaákvæði laganna yrðu ekki lögð til grundvallar eftir orðum sínum, heldur skyldu bæturnar vera árlegt gjald. Gerð var lagabreyting með lögum nr. 38/1970 og lögin um lax- og silungsveiði endurútgefin sem lög nr. 76/1970. Var þar að finna ákvæði, sem vörðuðu veiðiheimildir og bótarétt Jóns Guðmundssonar. Af þessu spratt deila, sem er til úrlausnar í máli þessu. Hefur Jón eigi fengið bætur, eftir að lög þessi tóku gildi, hvorki í eitt skipti fyrir öll né árlegt gjald. Hófust þó tilraunir hans til að fá bætur þegar á árinu 1974.

III.

Kröfugerð Jóns Guðmundssonar í héraði er þannig, að hann vill í málinu eiga þess kost að fá endanlegan dóm, þó að hugsanlegt sé, að bætur komi frá nokkrum aðiljum, réttargrundvöllur sé mismunandi eftir ýmsum aðstæðum og sönnunargögn sömuleiðis. Hefur því verið haldið fram hér fyrir dómi, að Jón hafi ekki markað málinu nægilega skýran farveg og ekki hagað stefnukröfum sínum á þann hátt sem skylt sé eftir 88. gr. einkamálalaga nr. 85/1936, sbr. 22. gr. laga nr. 28/1981. Efniskröfur sínar fyrir héraðsdómi hefur Jón nú sett fram í tiltekinni röð, og liggur því fyrir aðalkrafa og varakröfur, sem m.a. fela í sér að aðilja er stefnt til vara. Þó að kröfur séu margar og geri málið flókið, er þess að gæta, að sakarefnið er sjálft flókið og líta þyrfti til þess í heild, þó að Jón Guðmundsson tæki þá afstöðu að leita í upphafi aðeins bóta úr hendi þeirra, sem hann tilgreinir í núverandi aðalkröfu sinni. Þykir því ekki svo mikið réttarfarsóhagræði stafa af því, hvernig kröfur eru gerðar, að það verði frávísunarástæða.

IV.

Eins og rakið er í VIII. kafla hins kærða frávísunardóms, varð niðurstaða meiri hluta héraðsdóms sú, að unnt væri að fá mat á bótum til Jóns Guðmundssonar úr ríkissjóði og sýslusjóðum, en slíkt mat lægi ekki fyrir og bæri því að vísa kröfum á þessa aðilja frá héraðsdómi.

Svo sem fyrr er að vikið, krafðist Jón Guðmundsson fyrst bóta vegna áranna 1970-1973 með bréfi til yfirmatsmanna 19. nóvember 1974. Meiri hluti þeirra komst 5. nóvember 1975 að þeirri niðurstöðu, að Jón ætti ekki bótarétt eftir 1. tölulið 95. gr. laga nr. 76/1970, heldur eftir 2. tölulið greinarinnar. Minni hluti yfirmatsmanna taldi sóknaraðilja eiga bótarétt eftir 1. tölulið. Ekki var kveðið á um fjárhæð bóta, en í niðurstöðu meiri hluta yfirmatsmanna fólst, að sóknaraðili ætti ekki rétt til bóta úr ríkissjóði eða sýslusjóðum, en hins vegar frá eigendum veiðiréttar í fiskihverfi sínu.

Dómkvaddir matsmenn komust síðan að þeirri niðurstöðu 31. maí 1980, að ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu skyldu greiða Jóni Guðmundssyni 29.678.208 gamlar krónur auk vaxta í bætur vegna áranna 1970-1976. Hafði Jón beint kröfu að Veiðifélagi Borgarfjarðar, en til vara að ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu. Þessu mati var skotið til yfirmats, og var þess krafist, að greiðsluskylda eftir matinu yrði niður felld. Jón Guðmundsson og Veiðifélag Borgarfjarðar kröfðust staðfestingar þess. Niðurstaða meiri hluta yfirmatsmanna, hinna sömu og stóðu að úrskurðinum 5. nóvember 1975, varð sú 10. apríl 1981, að Veiðifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda skyldi greiða Jóni 104.717,37 krónur auk vaxta og matskostnaðar. Einn yfirmatsmanna vildi leggja greiðsluskyldu á með sama hætti og undirmatsmenn.

Í máli þessu krefst sóknaraðili, Jón Guðmundsson, fébóta. Meginregla íslensks réttar er sú, að menn eigi aðgang að dómstólum til að fá dóm um slíkar kröfur. Ákvæði laga um lax- og silungsveiði um möt verða ekki skýrð svo, að þau svipti sóknaraðilja þeirri réttarvernd. Hann hefur nú í mörg ár leitast við að fá tjón sitt metið, enda liggja fyrir matsgerðir, eins og fyrr segir. Málið hefur Jón lagt fyrir dómstóla, gert kröfur og reifað þær. Verður hann, eins og á stendur, að fá efnisdóm á mál sitt. Sjálfur hefur hann tekið þá áhættu, að það verði talið þannig lagt fyrir, að kröfu hans sé ekki unnt að taka til greina, heldur beri að sýkna gagnaðilja hans. Ber því að fella hinn kærða frávísunardóm úr gildi.

Ekki eru efni til að ákveða kærumálskostnað.

Dómsorð:

Vísað er frá Hæstarétti kröfum um, að aukadómþingsmáli

nr. 29/1983 í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu verði í heild vísað frá héraðsdómi.

Hinn kærði frávísunardómur er felldur úr gildi.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Í dómsmáli þessu sækir sóknaraðili sér til handa bætur vegna veiðimissis á árunum 1970-1976, er rót eigi að rekja til þeirrar skerðingar á rétti hans til laxveiði í net fyrir landi jarðarinnar Bóndhóls, er honum hafi verið gert að þola með 35. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 53/1957, sem breytt var með 15. gr. laga nr. 38/1970, sbr. nú 35. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Beinir sóknaraðili kröfum sínum að alls fjórum aðiljum, varnaraðiljum í kærumáli þessu, og setur þær kröfur fram í sex meginþáttum, þar sem kröfufjárhæð er þó oftast hin sama. Gerir hann nánar þá grein fyrir þessari kröfugerð, að líta beri á hina einstöku liði kröfugerðarinnar sem valkvæða kröfugerð, en þó eftir tiltekinni röð að því er til varnaraðildar tekur. Er málatilbúnaður þessi nánar með því marki brenndur, að í engu tilviki krefst sóknaraðili dóms á hendur öllum varnaraðiljum saman, heldur ýmist einum, tveimur eða þremur þeirra, og er þá út frá því gengið, að til greiðsluskyldu sumra þeirra geti því aðeins komið, að aðrir verði sýknaðir.

Kröfugerð sóknaraðilja á hendur einstökum varnaraðiljum er reist á mismunandi lagagrundvelli með ýmsum hætti. Um kröfur sínar á hendur sumum þeirra skírskotar hann að meginstefnu til þess, að hann eigi bótarétt á hendur þeim á grundvelli gerðardómsúrskurðar, sem upp var kveðinn 29. september 1959 til að ákveða honum bætur fyrir veiðimissi eftir fyrirmælum 35. gr. laga nr. 53/1957. Aðra sækir hann á grundvelli 95. gr. laga nr. 76/1970 og þá ýmist eftir ákvæðum 2. eða 3. tl. greinarinnar, og um 6. lið dómkrafnanna hefur hann skírskotað til grunnraka ólögfestra reglna, sem af verði leidd bótaábyrgð fyrir ríkissjóð að því leyti sem hann fái ekki bættan veiðimissi sinn úr hendi annarra varnaraðilja.

Í sumum tilvikum gengur krafa sóknaraðilja á hendur einstökum varnaraðiljum eftir kröfulið, sem samkvæmt framansögðu á að líta á sem varakröfu gagnvart kröfu í öðrum kröfulið, lengra en hin síðarnefnda. Er þessu þannig farið um kröfugerð hans á hendur

sýslusjóði Mýrasýslu eftir 2. og 3. tl. dómkrafnanna. Þá er og til þess að líta, að í ýmsum liðum dómkrafnanna er þess krafist, að þar tilgreindir aðiljar verði dæmdir til að greiða kröfu sóknaraðilja í ákveðnum hlutföllum, en þó óskipt. Er sú kröfugerð óljós og sjálfri sér ósamkvæm.

Hér að framan hefur nokkuð verið rakið, hvernig sóknaraðili hefur tekið mál þetta upp fyrir héraðsdómi. Hefur hann með kröfugerð sinni og aðiljasamlagi því, sem hann hefur stofnað til, búið málið svo úr garði, að það hefur orðið flækjukennt úr hófi og kröfugerðin um sumt óskýr. Brýtur þetta svo í bág við fyrirmæli laga nr. 85/1936 um málatilbúnað, að ég tel, að ómerkja verði hinn kærða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi, en eftir öllum atvikum megi láta kærumálskostnað falla niður.

Dómur Aukadómþings Mýra- og Borgarfjarðarsýslu 25. maí 1984.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 21. þ.m., er höfðað fyrir aukadómþingi Mýra- og Borgarfjarðarsýslu af Jón Guðmundssyni bónda, Bóndhóli, Borgarhreppi, Mýrasýslu, 5135-5318, gegn fjármálaráðherra og landbúnaðarráðherra fyrir hönd ríkissjóðs með stefnu birtri 11. apríl 1983, og með stefnu, birtri 28. apríl 1983, gegn sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, Borgarnesi, vegna sýslunefndar Mýrasýslu og sýslunefndar Borgarfjarðarsýslu fyrir hönd sýslusjóða þessarra sýslna og Veiðifélagi Borgarfjarðar, Ferjukoti, Borgarhreppi, Mýrasýslu, f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því, sem Bóndhóll heyrir til.

Í stefnu er dómkröfu stefnanda lýst þannig: „að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 900.000 eða til vara sem nemur annarri fjárhæð lægri ásamt hæstu lögleyfðum innlánsvöxtum við innlánsstofnanir, eins og þeir hafa verið og verða ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma, frá 1. janúar 1978 til greiðsludags svo og málskostnaði að skaðlausu eða eftir mati réttarins. Nánar tiltekið er þess krafist, að hver einstakur þeirra verði dæmdur til að bera greiðsluna sem hér segir og kröfunni þannig beint að þeim eftir þeirri röð, er stefnandi telur réttasta:

1. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóður Mýrasýslu að ¼ hluta, aðallega in solidum gagnvart stefnanda, en til vara hvor í sínu lagi.

2. Ríkissjóður að ¾ hlutum og sýslusjóðir Mýra- og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ¼ hluta, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar en sýslusjóðirnir sameiginlega (in

solidum) hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata, þannig að hluta sýslusjóðanna tveggja verði skipt milli þeirra að jöfnu eða í öðrum hlutföllum, sem við teljast eiga.

3. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóður Mýrasýslu að ½, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi.

4. Ríkissjóður að ½ og sýslusjóðir Mýrasýslu og Borgarfjarðarsýslu sameiginlega að ½, aðallega in solidum, en til vara hvor í sínu lagi, þannig að ríkissjóður sé annarsvegar og sýslusjóðirnir in solidum hinsvegar. Til frekari vara greiði allir pro rata eins og um getur í 1. lið.

5. Veiðifélag Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda í fiskihverfi því, sem Bóndhóll heyrir til, en það er fiskihverfi Hvítár í Borgarfirði.

6. Ríkissjóður Íslands að því leyti sem hið umstefnda tjón telst ekki að fullu bætt með greiðslum samkvæmt undanfarandi liðum, einhverjum einum eða fleirum saman.

Átt er við, að greiðsluskyldan verði aðallega felld eins og um ræðir í 1. lið, en að því frágengnu eins og mælt er í 2. lið og þannig koll af kolli. Er gert ráð fyrir því, að í hverjum lið felist tæmandi tilgreining greiðsluskyldu, þannig að ótaldir aðiljar verði sýknir, en fari svo, að greiðsluskylda verði lögð á samkvæmt tilteknum lið og greiðslan takmörkuð við minna en fullt tjón (fulla bótakröfu) stefnanda, er til þess ætlast að afgangur tjónsins verði felldur á aðila samkvæmt þeim liðum, sem taldir eru til vara þar á eftir. Er þetta sérstaklega áréttað í 6. lið, þar sem átt er við, að greiðsluskylda samkvæmt honum geti komið til hvort heldur sjálfstætt, ef greiðslu samkvæmt undanfarandi liðum yrði synjað, eða samfara slíkri greiðslu, ef hún yrði takmörkuð.

Að því er bótafjárhæð varðar er þess krafist, að hún verði ekki dæmd lægri en kr. 296.782,08, en það er sú fjárhæð, sem varð niðurstaða matsmanna við grunnmat samkvæmt ákvæðum lax- og silungsveiðilaga á hinu umstefnda tjóni hinn 31. maí 1980 svo og minnihluta yfirmatsmanna við yfirmat á tjóninu skv. sömu lögum hinn 10. apríl 1981.....

Gagnvart þessum umgetnu matsgerðum um tjón stefnanda felst sú afstaða eða krafa í ofangreindri kröfugerð hans aðallega, að í málinu beri að dæma sjálfstætt um skaðabætur honum til handa með hliðsjón af matsgerðunum og verði fjárhæð bótanna ákveðin þannig, en til vara, að matsgerðirnar verði staðfestar með þeim hætti að ofangreind bótafjárhæð þeirra verði lögð til grundvallar dómi með hækkun að tiltölu við almennar verðlagsbreytingar frá matstíma (þ.e. grunnmats í maí 1980) til dómsuppsögudags. Um aðild að bótagreiðslu verði í báðum tilvikum dæmt samkvæmt kröfuliðum 1-6 hér að framan. Til frekari vara verði umrædd bótafjárhæð lögð til grundvallar beint án verðlagshækkana og matsgerðirnar staðfestar þannig, en um aðild fari sem fyrr getur.

Um leið er þess krafist til ítrustu vara, að stefnanda verði dæmdar skaðabætur með þeim höfuðstól og vöxtum, sem um ræðir í atkvæði meirihluta yfirmatsmanna hinn 10. apríl 1981, og frá þargreindum aðila.

Vextir, sem um ræðir í dómkröfu, voru 30% á ári frá 1. janúar-20. febrúar 1978, 33% þaðan til 1. júní 1979, 34,5% til 1. sept. 1979, 39,5% til 1. des. 1979, 43,5% til 1. júní 1980, 46% til 1. mars 1981, 42% til 1. júní 1981 og 39% til 1. nóvember 1982, en 45% frá þeim degi. Eru þetta dómvextir og dómvaxta einnig krafist fram í tímann."

Með framhaldsstefnu, birtri 16. janúar 1984, hækkaði stefnandi höfuðstól aðalkröfu sinnar úr kr. 900.000,00 í kr. 1.800.000,00, en hélt að öðru leyti fast við stefnukröfurnar.

Við hinn munnlega málflutning 3. apríl 1984 lækkaði stefnandi höfuðstól aðalkröfu sinnar í kr. 1.225.703,00, en hélt að öðru leyti fast við gerðar kröfur.

Af hálfu ríkissjóðs er þess krafist aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, til vara, að sýknað verði af öllum kröfum stefnanda bæði í aðalsök og framhaldssök, en til þrautavara, að kröfufjárhæðir stefnanda verði stórlega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Stefndi sýslusjóður Mýrasýslu krefst þess nú aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, til vara, að hann verði sýknaður að svo stöddu af kröfu stefnanda, og til þrautavara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sýslusjóður Borgarfjarðarsýslu krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í aðalsök og framhaldssök, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi Veiðifélag Borgarfjarðar krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda bæði í aðalsök og framhaldssök og málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu.

Í greinargerðum lögmanna ríkissjóðs, sýslusjóðs Mýrasýslu og sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu komu fram kröfur um það, að aðalsök málsins yrði vísað frá dómi. Munnlegur málflutningur fór fram um frávísunarkröfur þessar hinn 11. júlí 1983, og sama dag var lagður á þær úrskurður með svofelldri niðurstöðu:

„Úrskurðarorð:

Hinar framkomnu frávísunarkröfur eru ekki teknar til greina.

Ákvörðun um málskostnað í þessum þætti málsins bíður endanlega dóms í málinu."

Með bréfi, dagsettu 5. desember 1983, ritaði lögmaður stefnanda eiganda Einarsness í Borgarhreppi Mýrasýslu Sigríði Guðmundsdóttur, f.h. dánar-

bús Sigþórs Þórarinssonar og ábúanda nefndrar jarðar, Óðni Sigþórssyni, bréf, þar sem vísað var til 52. gr. einkamálalaga nr. 85/1936. Í bréfinu er þeim tilkynnt um málarekstur stefnanda og jafnframt skorað á þau að veita stefnanda styrk í málinu. „Í þessu felst meðal annars áskorun um að mæta til þings í málinu, ef aðilarnir telja sig eiga þar einhverra hagsmuna að gæta, og að tjá sig um þá hagsmuni og gæta réttar síns í málinu eftir því sem við eigi, ef um slíkt sé að ræða."

Lögmaður réttargæslustefndu Sigríðar Guðmundsdóttur og Óðins Sigþórssonar mætti á dómþingi í málinu 7. desember 1983 og lagði fram yfirlýsingu, sem er dagsett sama dag. Þar segir m.a. svo:

„Samkvæmt landamerkjabréfi Einarsness frá 5. febrúar 1884 fylgja jörðinni allar þær eyjar og sker, sem umhverfis Einarsnes liggja. Þar með talið er að sjálfsögðu Skurðshalasker (Skurðshólasker). Landamerkjalína milli Bóndhóls og Einarsness út á ósasvæði Hvítár, þ.e. fram af bakkanum, markast eftir þeim meginreglum sem m.a. koma fram í 4. og 5. gr. vatnalaga nr. 15/1923, um að vatnsbotn fylgi þeim bakka sem hann verði talinn áframhald af, þ.m.t. út frá eyjum og skerjum, og að hver botndepill skuli fylgja þeim bakka sem hann er næstur.

Sérstaklega skal fram tekið að þeim skilningi Jóns Guðmundssonar, sem fram kemur í fyrrgreindu bréfi Hjartar Torfasonar að landamerkjalínan liggi „skáhalt út yfir ósasvæðið um Skurðshólasker eftir línu, þar sem Skurðshólasker er miðað í Djúpadal í Hafnarfjalli" er alfarið mótmælt. Hefur skilningur Jóns Guðmundssonar hvorki stoð í landamerkjabréfi Einarsness, því sem fyrr getur, né landamerkjabréfi Bóndhóls frá febrúar 1884.

Öllum málatilbúnaði Jóns Guðmundssonar Bóndhóli, sem fer í bága við þessi sjónarmið umbjóðenda minna, er harðlega mótmælt.

Ég tek fram, að af hálfu umbjóðenda minna er ekki talin þörf á að sækja frekari þinghöld í máli þessu."

Hinn reglulegi dómari, sýslumaðurinn í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, vék sæti í máli þessu með úrskurði, uppkveðnum 29. apríl 1983.

Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, dagsettu 9. maí 1983, var Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari skipaður setudómari í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til að fara með og dæma mál þetta. Dæmir hann málið ásamt meðdómendunum Má Péturssyni héraðsdómara og Steingrími Gauti Kristjánssyni borgardómara, sbr. 2. tl. 37. gr. A laga nr. 85/1936 og 9. gr. laga nr. 28/1981.

II.

Í máli þessu krefur stefnandi, sem er eigandi jarðarinnar Bóndhóls í Mýrasýslu, um skaðabætur vegna skerðingar á laxveiði í net í Hvítá í

Borgarfirði fyrir landi Bóndhóls árin 1970-1976 vegna ákvæða laga um lágmarksbil milli fastra veiðivéla í straumvatni.

Tildrög málsins eru þau, að með 3. tl. 35. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði voru tekin af öll tvímæli um það, að „til lengdar fastrar veiðivélar....telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar."

Í athugasemdum um frumvarpið, sem síðar varð að lögum nr. 53/1957, segir m.a. svo um 35. gr.:

„Greinin kemur í stað 31. gr. og 4. mgr. 33. gr. laga nr. 112/1941, en efni aukið við. Um 3. mgr. þessarar greinar frv. skal tekið fram: Þegar frv. til laga um lax- og silungsveiði frá 1930 var samið, mátti það heita föst regla, að garðar í veiðivélum væru lagðir beint út í ár frá bökkum. Akvæði þess frv. miðaðist því við þetta eins og sést á 31. gr., en þar segir svo: „Lengd fastra veiðivéla frá bakka og út í á skal miðuð við" o.s.frv., og síðar í sömu gr. segir: „Þó má bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar frá árbakka og út í á." Síðar var tekið að leggja girðingar eða girðingarspotta með gildrum langt úti í ám og ósasvæðum, og litu veiðimenn svo á, að ekki bæri að telja til veiðivélarinnar annað svæði en það sem girt var. Veiðimálastjórnin hélt hinu fram, er hún taldi felast í anda og ákvæðum laganna. Varð af þessu dómsmál, og gekk dómur Hæstaréttar á móti skoðun veiðimálastjórnarinnar. Nú hefur einn þeirra manna, er undirbjuggu lögin um lax- og silungsveiði, vottað það, að það hafi að minnsta kosti verið ætlun sín, „að lengd lagnar í veiðivatni skyldi jafnan mælast frá bakka og út að enda lagnar að leiðara meðtöldum, hvort sem fyrirstaða væri á allri þeirri leið eða ekki". Þykir verða að fallast á þessa skoðun, enda kemur ákvæðið um fjarlægð milli veiðivéla að litlu haldi, nema svo sé gert, að minnsta kosti á ósasvæðum. Í þessari mgr. frv. eru því fyrirmæli, sem væntanlega taka af öll tvímæli um þetta efni."

Ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957 eru svohljóðandi:

„1. Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömu megin í straumvatni eða sitt frá hvoru landi, skal jafnan vera 100 metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Leiðari er liggur frá fastri veiðivél, telst hluti hennar. Ráðherra er rétt að veita undanþágu frá ákvæði þessarar málsgreinar, þegar sérstaklega stendur á og veiðimálastjóri mælir með því.

2. Lengd fastrar veiðivélar skal miða við það, að meðalrennsli sé í straumvatni.

3. Til lengdar fastrar veiðivélar samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi. Leiðari telst til fastrar veiðivélar. Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna

þessa ákvæðis. Þá skal þeim, er í missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%. Skaðabætur greiðast að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi héraða, og skal greiðslan skiptast á 25 ár. Mati skal ljúka svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveim árum eftir gildistöku laga þessara.

4. Nú hagar svo til, að styttra verður milli lagna tveggja veiðieigenda en leyfilegt er samkvæmt þessari grein, en hvorugur vill víkja, og skal mat skera úr ágreiningi. Þar sem föst veiðivél er sett, skal lögn vera löggilt af lögreglustjóra í samráði við veiðimálastjóra. Nánari ákvæði um löggildingu lagna getur ráðherra sett."

Eftir gildistöku laga nr. 53/1957 hafði stefnandi uppi kröfur um bætur vegna þess, að honum var eigi lengur heimilt að veiða lax í lagnir (veiðivélar) þær, sem ekki voru lagðar út frá bakka. Samkomulag varð um, að yfirmatsmenn samkvæmt 3. tl. 107. gr. laga nr. 53/1957 skyldu sem gerðardómendur úrskurða um bæturnar, sbr. dómskjal nr. 98 og 77. Yfirmatsmenn kváðu upp *gerðardóm* sinn 29. september 1959. Þar segir m.a.:

„Í 31. gr. laga nr. 112/1941 var svo mælt, að bil milli fastra veiðivéla, hvort heldur væru sömu megin ár eða sín frá hvoru landi, skyldi jafnan vera 100 m eftir endilangri á, þar sem skemmst væri á milli þeirra. Þó mátti bilið aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivélarinnar „frá árbakka og út í á". Leiðara frá fastri veiðivél skyldi telja hluta hennar. Þá er frumvarpið að nefndum lögum var samið, mátti það heita föst regla, að garðar í veiðivélum væru lagðir beint út í ár frá bökkum, og miðuðust ákvæði frumvarpsins við þá tilhögun. Síðar var tekið að leggja girðingar eða girðingarspotta með gildrum langt út í ám og á ósasvæðum, og litu veiðimenn svo á, að eigi bæri að telja til veiðivélarinnar annað svæði en það, sem girt var.

Veiðimálastjórnin hélt því hins vegar fram, að til lengdar fastrar veiðivélar teldist fjarlægð hennar frá bakka straumvatns til fjarlægari enda hennar, hvort sem hún væri landföst eða eigi. Dómur Hæstaréttar, uppkveðinn 19. apríl 1950 í málinu ákæruvaldið gegn Benjamín Ólafssyni, gekk á móti skilningi Veiðimálastjórnarinnar. Er því í 35. gr. laga nr. 53/1957 um lax- og silungsveiði skýrt kveðið á, að til lengdar fastrar veiðivélar „skuli teljast fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt það svæði eða eigi", en að öðru leyti er ákvæði 31. gr. laga nr. 112/1941 um lengd fastra veiðivéla og bil milli þeirra tekin upp í 35. gr. laga nr. 53/1957.

Með 86. gr. laga nr. 112/1941 var veiðieiganda veittur réttur til skaðabóta, þá er hann missti veiði sína með öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmunuðu honum að nota þá veiðiaðferð, sem hann áður mátti einni við koma. Skaðabætur skyldi ákveða með mati og þær greiðast að hálfu úr ríkissjóði

og að hálfu úr sýslusjóði þeim eða sýslusjóðum, sem í hlut áttu. Ákvæði þetta var tekið upp í 108. gr. laga nr. 53/1957. En við meðferð stjórnarfrumvarpsins, sem lá til grundvallar þeim lögum, á Alþingi, var nýju ákvæði skotið inn, þar sem kveðið er á um bætur til handa þeim, er veiðiaðstaða þeirrar rýrnar vegna þess, að lögin telja til lengdar fastrar veiðivélar fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, hvort sem girt er yfir allt svæðið eða eigi, en „þá skal þeim, er missir, bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er framyfir 30%. Skaðabætur greiðast að ¾ úr ríkissjóði og að ¼ úr sýslusjóði eða sýslusjóðum viðkomandi héraða, og skal greiðslan skiptast á 25 ár. Mati skal ljúka svo fljótt sem auðið er og eigi síðar en tveimur árum eftir gildistöku laga þessara".

a) Jarðir þær, sem krafist er bóta fyrir í máli þessu, liggja allar norðan ósasvæðis Hvítár í Borgarfirði. Breiðir áin mjög úr sér á þessu svæði í álum á milli sandeyra. Breytast álar títt, þannig að aðalmagn vatns rennur einn tíma um suðurhluta ósasvæðisins og annan tíma um norðurhluta þess. Eins og áður greinir, voru lög nr. 112/1941 eigi talin varna veiðieigendum að leggja veiðivélum sínum í ála úti á ósasvæðin og skipti þá eigi nærri eins miklu máli, þótt vatnsmeiri álarnir lægju langt undan bakka, en nú leiða ákvæði 3. tl. 35. gr. laga nr. 53/1957 til þess, að álar langt undan verði eigi tiltækir veiðieigendum. Miðað við þau lög, sem nú gilda, getur veiðiaðstaða jarðar á ósasvæðinu verið mjög mismunandi á ýmsum tímum allt eftir því, hvort aðalálar renna nærri landi hennar eða langt undan. Þess vegna væri það algerlega að renna blint í sjóinn að meta jarðeigendum þeim, sem hér eiga í hlut, skaðabætur í eitt skipti fyrir öll vegna takmörkunar þeirrar á veiðiaðstöðu, sem 35. gr. laga nr. 53/1957 leggur á þá.

b) Ákvæði nefndrar lagagreinar um, að bætur, sem nú séu ákveðnar, skuli greiðast á næstu 25 árum leiða til mjög ósanngjarnar niðurstöðu, þar sem gera má ráð fyrir að verðgildi peninga breytist í framtíðinni.

Ástæður þær, sem raktar eru undir stafliðunum a og b hér að framan, sýna, að ákvæði nefndrar 35. gr. um ákvörðun skaðabóta í eitt skipti fyrir öll og greiðslu þeirra á 25 árum, skýrð eftir bókstaf sínum, leiða til ótækrar niðurstöðu, er yrði í algeru ósamræmi við meginreglur laga.

Samkvæmt þessu telja gerðardómendur eigi aðra leið færa en að kveða á árgjald, sem greiðist að loknum veiðitíma hvers árs. Aðiljum, veiðieigenda, ríkissjóði eða sýslusjóði, skal hins vegar vera rétt að bera undir matsmenn samkvæmt lögum nr. 53/1957 árgjald það, sem í gerðardómi þessum er ákveðið, þá er breyting verður á rennsli Hvítár, verð á laxi breytist eða aðrar breytingar verða á aðstæðum, er meginmáli skipta.

Svo sem rakið var, er í 3. tl. 35. gr. mælt, að þeim, sem tjón bíða vegna ákvæðisins um lengd fastrar veiðivélar, skuli „bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%". Áður en ákvæði þetta er tekið til með-

ferðar, þykir rétt að geta þess, að lög nr. 53/1957 setja ýmsar takmarkanir á veiði á laxi umfram það, sem áður var. Má hér einkum nefna, að 19. gr. laga nr. 53/1957 lengir friðun á viku hverri gegn netjaveiði úr 60 klukkustundum í 84 klukkustundir og friðun gegn ádráttarveiði úr fjórum sólarhringum í fimm sólarhringa á viku hverri. Þá geymir nefnd 19. gr. það nýmæli, að eigi má veiða með stöng og færi nema helming hvers sólarhrings. Er fiskur því nú einnig friðaður gegn stangarveiði 84 klukkustundir í viku hverri. Ákvæði laga nr. 53/1957 ber að skýra þannig, að veiðieigendur verði að hlíta takmörkunum þeim á veiði, sem felast í 19. gr., án þess að sérstakar bætur komi fyrir, enda miða takmarkanir þessar að varðveislu og aukningu fiskstofna í ám og vötnum. Nú má ætla, að veiðieigendur þeir, sem tilkall eiga til bóta samkvæmt 3. tl. 35. gr., missi veiði vegna ákvæða 19. gr. nefndra laga. Erfitt er að greina milli veiðimissis vegna takmarkana 19. gr. og veiðimissis vegna takmarkana 3. tl. 35. gr., en hinn síðarnefndi missir skal einungis bættur.

Í 3. tl. 35. gr. segir: „Nú rýrnar veiðiaðstaða vegna þessa ákvæðis. Þá skal þeim, er í missir bætt að fullu samkvæmt mati það, sem er fram yfir 30%“. Ákvæði þetta má skilja a.m.k. á tvo vegu, svo sem nú skal sýna með dæmum:

a) Jörð missir alla veiði sína. Eigandi fær bætt, ef lögin eru skýrð bókstaflega, af skaða þeim, sem hann bíður vegna ákvæða 3. tl. 35. gr. um

lengd veiðivéla,	70%
Bótalaus missir	30%
	100%

b) Jörð missir 50% af veiði vegna ákvæða nefnds 3. tl. 35. gr. Kemur þá til álita að reikna bætur til handa eiganda hennar á tvo vegu samkvæmt orðum ákvæðisins:

1) Eigandi heldur eftir veiði	50%
Bætur 70% af missinum, sem er 50% allrar veiði,	35%
Bótalaus missir	15%
	100%

2) Eigandi heldur eftir veiði	50%
Bótalaus missir	30%
Bætur	20%
	100%

Skýring nr. 1 er á því reist, að bótakrefjandi fái 70% af skaða sínum

bætt, hver sem skaðinn er, en skýring nr. 2 er hins vegar á því byggð, að bótakrefjandi verði að bera bótalaust veiðimissi, sem er 30% af allri veiði hans eða minni.

Nefndu ákvæði 3. tl. 35. gr. var, eins og áður segir, skotið inn í stjórnarfrumvarp til laganna við meðferð þess á Alþingi. Eigi er greint í nefndarálitum eða umræðum, hvernig skilja skuli ákvæðið.

Gerðardómendur telja, að nefnt ákvæði, á hvorn veginn sem skilið er, geti haft í för með sér slíka mismunun veiðieigenda, að eigi fái samrýmst sjónarmiðum þeim, sem liggja til grundvallar 67. gr. stjórnarskrárinnar. Hins vegar telja gerðardómendur rétt að hafa hliðsjón af vilja löggjafans til að takmarka bótagreiðslur vegna ákvæðis laganna um lengd fastra veiðivéla, þannig að einstökum veiðieigendum sé eigi mismunað.

Verður nú kveðið á um bætur til hinna einstöku veiðieigenda. .....

II. Bóndhóll.

Jón Guðmundsson bóndi telur sig hafa notað níu lagnir, áður en lög nr. 53/1957 komu til framkvæmda, en eftirlitsmaður með veiði í Borgarfirði telur lagnirnar hafa verið sjö. Jón bóndi hefur nú góða aðstöðu til veiði í lögn við Kóngshól, þar sem vatnsmikill áll fellur alveg með landi hans. Tvær aðrar landfastar lagnir gæti hann rækt með árangri, en notar eigi nema aðra þeirra.

Gerðardómendur hafa kannað veiðiskýrslur og veiðiframtöl Jóns Guðmundssonar bónda og gert áætlun um kostnað af veiðinni, ef allar lagnir, sem áður voru nytjaðar, væru enn í notkun, og svo áætlun af veiðinni, eins og framkvæma má hana nú. Að öllu athuguðu þykja bætur til handa Jóni Guðmundssyni hæfilega ákveðnar kr. 17000,00 fyrir árið 1958 og kr. 17000,00 fyrir árið 1959."

Niðurstaða gerðardómsins varð sú, að stefnanda voru tildæmdar í bætur kr. 34.000,00 með 6% ársvöxtum af kr. 17.000,00 frá 1. október 1958 til 1. október 1959 og af kr. 34.000,00 frá þeim degi til greiðsludags. Var ríkissjóði gert að greiða ¾ hluta fjárhæðarinnar, en sýslusjóði Mýrasýslu ¼ hluta, en ekki er í gerðardóminum neitt um það fjallað, hvort til álita hafi komið að dæma sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu til greiðslu á hluta bótanna. Sýslusjóður Mýrasýslu og ríkissjóður greiddu stefnanda ofangreindar bætur samkvæmt úrskurði gerðardómsins.

Yfirmatsmenn úrskurðuðu sem gerðardómendur mál stefnanda 11. júlí 1961 varðandi bótakröfu hans fyrir árið 1960. Í úrskurðinum segir m.a.

„Samkvæmt skýrslum hefur innlagður lax frá honum til Verslunarfélagsins Borgar h/f numið 1186,4 kg árið 1960. Öll laxveiði Jóns er tekin í eina lögn við Kóngshól, sem er mjög þægilegt að stunda, og hefur tilkostnaður hans vitaskuld minnkað mjög af þeim sökum. Er auðsætt mál, að betur veiðist í lögn hans, þar sem áin er friðuð fyrir neðan hana. Að öllum mála-

vöxtum athuguðum þykja eigi efni til að dæma honum bætur fyrir árið 1960."

Með gerðardómsúrskurði, dagsettum 21. júlí 1965, dæmdu yfirmatsmenn stefnanda bætur með svofelldum rökum:

„Samkvæmt framlögðum gögnum og með skírskotun til 35. gr. laga nr. 53/1957 eru sóknaraðilja Jóni Guðmundssyni ákveðnar bætur fyrir skerta veiðiaðstöðu fyrir Bóndhólslandi fyrir árin 1961 til 1964, samtals kr. 68.000,00."

Enn úrskurðuðu yfirmatsmenn sem gerðardómendur bætur til stefnanda hinn 25. maí 1973 með eftirfarandi rökstuðningi:

„Að athuguðum öllum gögnum og aðstæðum á vettvangi eru sóknaraðilja Jóni Guðmundssyni ákveðnar bætur fyrir 1965 til 1969, að báðum meðtöldum, samtals kr. 560.000,00 ásamt 7% ársvöxtum frá 18. júlí 1972."

Í öllum ofangreindum tilfellum var ríkissjóði gert að greiða ¾ hluta bótanna, en sýslusjóði Mýrasýslu ¼ hluta.

Stefnandi lagði mál sitt enn fyrir yfirmatsmenn með bréfum, dagsettum 19. nóvember 1974 og 14. apríl 1975, og krafðist bóta fyrir árin 1970-1973. Höfðu ný lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði þá leyst af hólmi lög nr. 53/1957. Yfirmatsmenn kváðu upp úrskurð í málinu 5. nóvember 1975. Í atkvæði meirihluta yfirmatsnefndarinnar segir m.a.:

„Yfirmatsmenn fara með mál þetta samkvæmt 4. tl. 94. gr. laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði, en ekki verður fullyrt, að gerðardómsheimild, sem var veitt, meðan lög nr. 53/1957 voru í gildi, taki til þess.....

Ákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957 um lengd fastra veiðivéla og bilið milli þeirra voru tekin óbreytt upp í lög nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði. Hins vegar voru skaðabótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957 felld niður og ný skaðabótaákvæði sett, sem telja verður í betra samræmi við grunnreglur laga.

Ákvæði núgildandi laga um lax- og silungsveiði eru í 95. gr. laga nr. 76/1970, svohljóðandi:

„1. Nú hefur veiðieigandi, er veiði átti áður en lög þessi komu til framkvæmda, misst hana að mestu eða öllu fyrir þá sök, að lögin fyrirmuna honum að nota þá veiðiaðferð, er hann áður mátti einni við koma, og á hann þá kröfu til skaðabóta eftir mati sbr. 94. gr.

2. Matsmenn samkvæmt 1. mgr. skulu leita umsagnar veiðimálastjóra og veiðimálanefndar. Skaðabætur greiðast að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sjóði sýslu þeirrar eða sýslna, sem í hlut eiga.

3. Nú hefur maður í öðrum tilvikum en í 1. mgr. segir orðið að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laga þessara, og á hann kröfu til skaðabóta eftir mati. Skaðabætur skulu greiða eigendur veiðiréttar í fiskihverfi því, sem í hlut á, eftir ákvörðun matsnefndar, og

má taka þær lögtaki. Ákveða má þeim, er tjón hefur beðið, bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæði sínu."

1. og 2. tl. 95. gr. eru samhljóða 1. og 2. tl. 108. gr. laga nr. 53/1957 að öðru en því, að eftir eldri lögunum átti sá rétt til skaðabóta, er misst hafði veiði sína að öllu vegna ákvæða laganna, en nú á sá skaðabótarétt samkvæmt ákvæðinu, sem misst hefur veiði að mestu eða öllu. Ákvæði 108. gr. voru svo þröng, að þeirra gætti ekki í framkvæmd. Þótti því rétt að bæta inn í þau orðunum „að mestu" og rýmka þannig lítið eitt merkingu ákvæðisins til þess að það gegndi nokkru hlutverki, en allt að einu ber að skýra ákvæðið í núverandi mynd sinni þröngt, enda þrengja orðin „að öllu" orðin „að mestu". Þá þykir óeðlilegt að leggja á sýslubúa, sem ekki njóta hagnaðar af veiði víðtæka skaðabótaskyldu vegna friðunaraðgerða í þágu veiðieigenda. Ákvæði 1. mgr. 95. gr. verður því einungis beitt, þegar sérstaklega stendur á, t.d. um Einarsnessveiðar.

Í 3. tl. 95. gr. er almennt ákvæði um skaðabótarétt, sem telja verður í samræmi við eðlisrök. Þar er svo kveðið á, að veiðieigendum í fiskihverfi því, sem í hlut á, sé skylt að greiða þeim, sem orðið hefur að mun öðrum fremur fyrir tjóni vegna ákvæða og framkvæmdar laganna, bætur eftir úrskurði matsnefndar. Virðist þetta vera skaðabótaregla, reist á efnislegum ástæðum: Þeir skulu bera kostnað af verndarráðstöfunum, sem njóta ávinnings af þeim.

Ummæli í athugasemdum með frumvarpi til laga nr. 76/1970, lesin í réttu samhengi, fara ekki bága við þá eðlismerkingu 95. gr. nefndra laga, sem að framan er rakin.

Jón bóndi Guðmundsson í Bóndhóli gerir í máli þessu kröfu til fébóta vegna hafta þeirra, sem ákvæði 35. gr. laga nr. 76/1970 leggja á veiði fyrir landi hans. Bótakrafan tekur til misstrar veiði í fjögur ár, þ.e. 1970-1973. Í kröfugerð sinni tilfærir hann bæði þá veiði, sem hann hafi raunverulega aflað þessi ár, og svo áætlaðan veiðimissi sinn vegna veiðihamla. Ef tekið er meðaltal af tölum hans, kemur fram, að hann hefur þessi fjögur ár veitt nálægt 35% þess afla, sem hann sjálfur áætlar sér, ef veiðar fyrir landi hans væru óheftar, en hér við er að athuga, að það ber undir matsnefnd að úrskurða um veiðimissi hans. Að því athuguðu, sem nú var rakið, verður ekki talið, að Jón bóndi hafi misst veiði sína „að mestu eða öllu" vegna ákvæða laganna. Á hann því ekki skaðabótarétt samkvæmt 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970, á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu.. Hins vegar á hann skaðabótakröfu samkvæmt 3. tl. 95. gr. á hendur veiðieigendum í fiskihverfi sínu."

Minnihluti yfirmatsnefndar taldi hins vegar, að matsmönnum bæri að meta stefnanda bætur eftir 1. lið 95. gr. l. 76/1970.

Stefnandi fékk dómkvadda tvo matsmenn til að meta bætur fyrir árin 1970-1976. Matsmenn luku matsgerð sinni 31. maí 1980. Mátu þeir bæturnar samkvæmt 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 samtals kr. 29.678.208, sem ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu skyldu greiða stefnanda in solidum „auk hæstu innlánsvaxta við innlánsstofnanir, eins og þeir eru ákveðnir samkvæmt lögum á hverjum tíma" frá 1. janúar 1980 til greiðsludags.

Ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu skutu málinu til yfirmatsmanna, sem luku mati sínu 10. apríl 1981. Meirihluti yfirmatsmanna tóku m.a. fram í yfirmatsgerðinni:

„Samkvæmt því, sem rakið hefur verið, ber að ákveða Jóni bónda Guðmundssyni bætur skv. 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970. Við ákvörðun skaðabóta koma eftirtalin sjónarmið til greina: Kröfuhafi getur ekki með því að draga árum saman að fylgja eftir kröfum sínum á hendur réttum skuldunaut verðtryggt þær á kostnað skuldunautsins. En í þessu sambandi er þess að geta, að Jón bóndi Guðmundsson beindi ekki kröfum sínum, svo séð verði, gegn Veiðifélagi Borgarfjarðar f.h. veiðiréttareigenda fyrr en síðla árs 1978. Otal dæmi eru þess í lögum, að menn skerða rétt sinn með athafnaleysi. Hér er um að tefla eitt slíkt tilvik. Hins vegar er í máli þessu rétt að taka nokkurt tillit til verðlags, þar sem um skaðabótamál er að tefla og kröfuhafi og skuldunautar, sem höfðu lengi vel einn og sama málflytjanda, áttu í framkvæmd samleið um að draga málið í viðleitni sinni að velta skaðabótaskyldunni andstætt lögum yfir á ríkissjóð og sýslusjóð Mýrasýslu....

Samkvæmt ótvíræðum orðum og tilgangi 94. og 95. gr. laga nr. 76/1970 ber fullnaðarákvörðun skaðabótaskyldu og skaðabóta undir nefnda yfirmatsmenn, sbr. hins vegar 1. og 17. gr. laga nr. 11/1973.

Loks vilja nefndir tveir yfirmatsmenn taka þetta fram: Þeir áttu hlut að því að semja ákvæði 95. gr. laga nr. 76/1970. Það hvarflaði þá ekki að þeim, að reynt yrði að teygja undantekningarákvæði 1. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970, sem sett voru af tilhliðrunarsemi með Einarsnesveiðar í huga, svo sem tilburðir hafa verið viðhafðir um í þessu máli. Slík útþensla ákvæðisins fer í bága við skoðun Alþingis fyrr og síðar. Akvæði 96. gr. laga nr. 76/1970 um ákvörðun bóta eftir eignarnámsreglum var lögfest með lögum nr. 61/1932 og samið af höfundum þeirra laga, þeim Jörundi Brynjólfssyni, Olafi Lárussyni og Pálma Hannessyni, sem tempruðu stórlega frjálsan fiskveiðirétt ósabænda, án þess að veita þeim bótarétt. Skýra ber nefnt ákvæði í ljósi þessa aðdraganda síns. Það raskar á engan hátt þeirri skýringu á hinni nýju 95. gr. laga nr. 76/1970, sem að framan er gefin, og útilokar eigi að beitt sé þeirri grunnreglu laga, að bótakrefjandi verði að hlíta nokkru verðfalli peninga, þá er hann dregur óhóflega lengi að heimta gjaldfallnar kröfur hjá réttum skuldunaut.

Með hliðsjón af því, hversu háttað hefur verið rekstri máls þessa, þykir rétt að leggja kostnað og þóknun yfirmatsmanna á ríkissjóð."

Niðurstaða meirihluta yfirmatsmanna var sú, að Veiðifélag Borgarfjarðar var úrskurðað að greiða stefnanda kr. 104.717,37 með hæstu innlánsvöxtum frá 1. febrúar 1981 til greiðsludags og kr. 7.000,00 í málskostnað.

Einn yfirmatsmanna skilaði séráliti, sem einnig er dagsett 10. apríl 1981. Í sérálitinu segir m.a.:

„Fallast ber á þann skilning undirmatsmanna og veiðimálanefndar og veiðimálastjóra, að við skýringu á 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 skipti meginmáli, hver áhrif lögákveðin veiðitakmörkun hafi á hreinan arð af veiði. Samkvæmt þeirri niðurstöðu og því, sem áður hefur verið rakið um skýringu sama lagaákvæðis, ber einnig að fallast á það með undirmatsmönnum, að í máli þessu sé um svo verulegan veiðimissi að ræða, að veiðieiganda beri bætur úr sýslusjóði og ríkissjóði eftir umræddu ákvæði. Er rétt að hafa í huga, að eigandi Bóndhóls hafði öðlast löglega ákveðinn bótarétt á hendur umræddum aðilum í tilefni af veiðitakmörkunum samkvæmt 35. gr. laga nr. 53/1957.

Samkvæmt framansögðu ber að meta eiganda Bóndhóls bætur fyrir tjón það, sem í málinu greinir, og greiðist bætur þessar að hálfu úr ríkissjóði og að hálfu úr sýslusjóði Mýrasýslu. Ekki hefur verið gerð krafa á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu. Ekki kemur hér til úrlausnar, hvort sýslusjóður Mýrasýslu eigi endurkröfu á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, né heldur stjórnskipulegt gildi ákvæða lax- og silungsveiðilaga um greiðsluskyldu sýslusjóða vegna veiðitjóns.

Óhnekkt er skýrslum þeim sem lagðar voru til grundvallar undirmati um veiði í Hvítá fyrir landi Bóndhóls, og verður að telja veiðirýrnunina hæfilega ákveðna í undirmati, enda hafa ekki verið færð viðhlítandi rök að því, að veiði hafi að neinu leyti verið ólögleg fyrir gildistöku laga nr. 38/1970. Meginsjónarmið við ákvörðun bóta, ekki síst bóta af því tagi, sem hér um ræðir, hlýtur að vera það, að tjónþoli fái tjón sitt bætt að fullu. Ber því að færa bætur fyrir aflatjón hvers árs, sem matið tekur til, í krónutölu til samræmis við breytt verðgildi peninga. Samkvæmt þessu og öðrum atriðum, sem máli skipta við ákvörðun bóta, ber að staðfesta niðurstöðu undirmats um bótafjárhæð, enda hefur ekki komið fram af hálfu tjónþola nein krafa um breytingu á því mati."

Niðurstaða í séráliti yfirmatsmannsins var sú, að úrskurðað var, að sýslusjóður Mýrasýslu og ríkissjóður skyldu greiða að hálfu hvor aðili stefnanda gkr. 29.678.208 með hæstu innlánsvöxtum frá 1. janúar 1980 til greiðsludags og gkr. 2.500.000 í málskostnað, en ríkissjóður skyldi greiða „allan kostnað af matinu".

Veiðifélag Borgarfjarðar neitaði að gangast við bótaskyldu svo og ríkis-

sjóður og sýslusjóður Mýrasýslu. Höfðaði stefnandi þá mál með stefnu birtri 17. desember 1981, á hendur ríkissjóði, sýslusjóði Mýrasýslu og Veiðifélagi Borgarfjarðar. Það mál var hafið samkvæmt ósk stefnanda hinn 22. nóvember 1983 af formsástæðum, en mál þetta höfðaði stefnandi síðan með stefnu birtri 11. og 28. apríl 1983, svo sem fyrr er frá greint.

III.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að grundvallaratriði máls þessa sé sú staðreynd, að stefnandi hafi orðið fyrir rýrnun á veiðiaðstöðu á eignar- og ábýlisjörð sinni fyrir tilverknað laxveiðilaga (35. gr.) og eigi hann rétt til bóta fyrir það tjón, sem af rýrnuninni leiði. Þær takmarkanir á netaveiði, sem þessi ákvæði mæli fyrir um, geti ekki talist almennar takmarkanir eignarréttarins, er menn verði að þola bótalaust, heldur sérstakar takmarkanir og sé bótaréttur stefnanda lögvarinn af 67. gr. stjórnarskrárinnar.

Rétt sinn til bóta byggir stefnandi þó fyrst og fremst á ákvæðum laga nr. 53/1957 og á samningum um gerðardóm, sem á komst 1959 vegna þeirra laga. Lög nr. 76/1970 skipti fyrst og fremst máli, vegna þess að þau hafi leyst fyrrnefndu lögin af hólmi formlega séð. Þau hafi hugsanlega rýmkað bótarétt stefnanda að sumu leyti, en í annan stað geti þau ekki raskað áunnum og viðurkenndum bótarétti stefnanda á grundvelli eldri laganna og lögmætum samningum.

Að því er varðar sérstaklega síðari lögin sé ótvírætt, að 1. mgr. 95. gr. laga eigi við tjón stefnanda, en einnig megi vera, að 3. mgr. geti átt þar við.

Röðunin í liði 1-6 með tilliti til greiðsluaðildar í kröfugerð stefnanda sé gerð í samræmi við þau sjónarmið, sem felist í ofangreindri afstöðu. Þannig sé 1. liður á því byggður, að um bótaskyldu fari að öllu leyti eftir lögum nr. 53/1957 eða meginsjónarmiðum þeirra og/eða eftir samningi um gerðardóm frá árinu 1959 á grundvelli þeirra laga og taki skyldan til þeirra, sem voru beinir aðiljar að gerðardómsmeðferðinni í öndverðu. Í 2. lið sé byggt á hinu sama að því viðbættu, að Borgarfjarðarsýsla geti þar einnig verið aðili. Í 3. lið sé enn byggt á hinu sama að því breyttu, að skipting bótaskyldu fari eftir 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eða meginsjónarmiðum hennar, en í 6. lið sé gert ráð fyrir, að ríkissjóði hljóti að vera skylt að bæta stefnanda þá skerðingu, sem á hann er lögð, ef eða að því leyti sem ekki sé séð fyrir bótum með öðrum hætti lögum samkvæmt.

Krafa stefnanda sé ekki borin fram gegn þeim öllum í senn, heldur valkvætt eftir þeirri tilteknu röð, sem tilgreind er í dómkröfuþætti stefnunnar. Megi orða það svo með öðrum hætti, að krafan sé gerð *aðallega* á hendur ríkissjóði og sýslusjóði Mýrasýslu einum eða ásamt sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu með greiðsluskyldu í hlutföllunum ¾:¼ milli ríkissjóðs og sýslu-

sjóða, *til vara* á hendur sömu aðiljum í hlutföllunum ½:½, til frekari vara á hendur Veiðifélagi Borgarfjarðar einu f.h. veiðiréttareigenda og til *þrautavara* á hendur ríkissjóði einum. Verði það að velta á lagalegu mati á aðstæðum, hvernig greiðsluskyldan skuli falla.

Eðlilegt sé að líta svo á, að bótaréttur stefnanda hafi komist í varanlegt horf með gerðardóminum frá 29. september 1959 og samningum aðilja í sambandi við hann, þannig að þeirri réttarstöðu, sem þannig komst á, verði ekki síðar raskað með eftirfarandi löggjöf eða lagaframkvæmd né heldur með neinum aðgerðum gerðardómsaðilja sem slíkra.

Málshöfðun stefnanda feli í sér framhald af þeim matsmálum frá 1980 og 1981 samkvæmt laxveiðilögum, sem fyrr var getið, og fyrri matsmálum allt aftur til ársins 1959. Hafi stefnandi reynt að leggja málið þannig fyrir, að sem eðlilegast samhengi verði þarna á milli og að hann geti fengið aðfararhæfan dóm á hendur stefndu á grundvelli þess sem á undan er gengið. Kröfugerð sé sett fram með tilliti til þess, að almennum dómstóli beri réttur til að ákveða sjálfur bætur vegna hins umdeilda tjóns með hliðsjón af matsgerðum eða þeim upplýsingum, sem með þeim hefur verið aflað, með eða án annarra gagna. Og sé sá skilningur vefengdur, hafi dómstóllinn þó ótvírætt vald til að staðfesta niðurstöðu matsmálanna með breytingum vegna áorðinna verðlagshækkana. Til stuðnings þessu viðhorfum beri að hafa í huga 17. gr. laga nr. 11/1973 um framkvæmd eignarnáms, en þau eigi sér þó víðtækari grundvöll.

Dómstóllinn eigi ótvírætt úrskurðarvald um þá sérstöku lækkun eða lækkunarástæðu bóta, sem meirihluti yfirmatsmanna lagði til grundvallar, enda reyni þar á laga- og réttarfarsatriði og lögmæti aðferða og sjónarmiða við matið. Úr ágreiningnum um aðild að bótaskyldu sé ekki unnt að leysa nema með atbeina dómstóla og sé sú skoðun m.a. í samræmi við hefðbundin viðhorf varðandi framkvæmd eignarnáms.

Dómstóllinn eigi ótvírætt úrskurðarvald um þá sérstöku lækkun eða lækkunarástæðu bóta, sem meirihluti yfirmatsmanna lagði til grundvallar, enda reyni þar á laga- og réttarfarsatriði og lögmæti aðferða og sjónarmiða við matið. Úr ágreiningnum um aðild að bótaskyldu sé ekki unnt að leysa nema með atbeina dómstóla og sé sú skoðun m. a. í samræmi við hefðbundin viðhorf varðandi framkvæmd eignarnáms.

Með tilliti til þess, að bætur til stefnanda beri að ákveða eftir verðlagi á matstíma að undirstöðu til, sé stefnukrafa sett nokkrum mun hærri en matsfjárhæð nemi, en á dómskjali nr. 115 sé fram settur útreikningur á dómkröfunni og þá tekið tillit til hækkunar.

Hinar umkröfðu bætur fyrir árin 1970 til og með 1976 séu miðaðar við tjón hvers árs um sig, sem metið hafi verið eftir á að veiðitíma loknum með hliðsjón af raunverulegum aðstæðum á þeim tíma. Tilviljun hafi ráðið

því, að sjö ár séu hér tekin saman, en það breyti ekki þessum grundvelli. Hér sé því um að ræða árlegt gjald í þeirri merkingu, sem á var kveðið í gerðardóminum frá 29. september 1959, í framhaldi af honum og í fullu samræmi við hann. Matsmenn hafi og lagt gerðardóminn gagngert til grundvallar við ákvörðun bóta og matsþolar samþykkt hann beint og óbeint, þótt þeir deili um bótaskyldu.

Bæturnar séu því ekki þáttur í heildargreiðslu bóta á 25 árum frá og með árinu 1958, eins og um var rætt í texta 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957. Sú eingreiðslugreiðsla, þ.e. bætur skiptar til greiðslu á 25 ár, hafi horfið úr sögunni með gerðardóminum 1959. Bæturnar séu því fyrir nettótjón hvers árs þannig, að greiðsla þeirra leysi ekki úr rétti bótahafa vegna ókominna ára.

Í samræmi við þennan bótagrundvöll hafi stefnandi þegar gert ráðstafanir til að fá ákvörðun um tjón ársins 1977 og liðinna ára þar á eftir með matsbeiðni, dagsettri 18. september 1981. Sú beiðni sé í sjálfu sér óháð þessu máli, en að áskorun matsþola hafi stefnandi þó samþykkt, að framkvæmd hennar verði frestað að svo stöddu, meðan séð verði nánar, hver framvindan verði um bætunar fyrir árin 1970-1976.

Ekki sé nauðsynlegt formsins vegna að gera beinar kröfur í málinu um ógildingu eða staðfestingu þeirra matsgerða, sem fyrir liggja í málinu. Hér sé einungis verið að leita úrlausnar dómstóls um þau álitaefni eða þann ágreining, sem matsgerðirnar fjalla um, og hljóti dómstóllinn að taka á því sem sjálfstæðu verkefni. Dómstólnum sé og heimilt að fjalla um það sjálfstætt í öllum greinum, en ekki einungis um lagaatriði, um starfssvið matsmanna og þvílíka ágreiningsþætti. Þegar lög standi til, að úrlausnarefni séu lögð til mats, eins og mælt sé fyrir um í laxveiðilögum, geti réttarstaðan væntanlega orðið sú, að ekki sé heimilt að leita til dómstóls nema matsmeðferðar hafi áður verið leitað, en eftir að mat liggur fyrir, eigi að vera fullur kostur á að leggja málið fyrir dómstóla til alhliða meðferðar.

Stefnandi sækist alls ekki eftir ógildingu eða staðfestingu á matsgerðunum, heldur leiðréttingu þeirra og samræmingu. Ljóst sé, að matsgerðirnar séu í rauninni allar samdóma um helsta matsatriði, þ.e. um umfangið á veiðitjóni stefnanda og mat þess til verðs. Hafi þetta hvort tveggja verið rétt metið af undirmatsmönnum. Krafa stefnanda í þessu máli sé því nánast ekki önnur en sú, að fjárhæð þeirra verði staðfest honum til handa með þeim breytingum, sem leiði af verðlagsbreytingum frá matstíma til dómsuppsögu. Þurfi þannig aðeins að leiðrétta þann annmarka, sem á hafi orðið við yfirmat vegna þeirrar lækkunar, sem meirihlutinn vildi gera og áður er vitnað til. Sú lækkun hafi sumpart verið byggð á misskilningi og í annan stað verði að telja hana ranga og óheimila. Sé þá bæði átt við, að lækkunin hafi verið andstæð réttum lögum og svo hitt, að matsmenn hafi í raun réttri

ekki haft vald eða umboð til að framkvæma hana, jafnvel þótt fótur væri fyrir henni. Í þessu sambandi sé rétt að taka fram, að stefnandi viðurkenni ekki, að matsgerð við yfirmat 1981 geti talist bindandi úrlausn á sakarefninu í máli þessu með bindandi áhrif gagnvart dómstólum, þannig að ekki verði haggað.

Kröfur stefnanda á hendur Borgarfjarðarsýslu, sem séu fyrst og fremst gerðar í öryggisskyni og til vara, séu byggðar á sama grundvelli og kröfur hans á hendur Mýrasýslu, sem sé þeim, að sýslusjóður hennar sé eða geti verið „sýslusjóður viðkomandi héraðs" í merkingu 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957 og hún sjálf verið „sýsla sú, sem í hlut eigi" í merkingu 1. töluliðs 95. gr. laga nr. 76/1970, þ.e. ásamt Mýrasýslu. Kröfur stefnanda geti einnig átt við gagnvart Borgarfjarðarsýslu, þótt bótaskylda sé byggð á úrskurði yfirmatsmanna sem gerðardómsmanna árið 1959, eins og fram komi í 2. aðildarkröfu í stefnu. Auk þess virðist fullheimilt að líta svo á, að Borgarfjarðarsýsla eigi að vera bundin við gerðardómsmeðferðina vegna sameiginlegra tengsla, þar sem þátttaka Mýrasýslu í að koma meðferðinni á hljóti að hafa bindandi áhrif á stöðu sýslunnar, ef hún teldist bótaskyld, þar sem um samaðild eða samhliða aðild sé að ræða. Segja megi og, að gerðardóminum hafi ekki verið ætlað fyrst og fremst að skera úr um bótaaðild, heldur umfang bótaskyldunnar og fjárhæð tjóns. Í gögnum málsins komi ekki fram, hvers vegna Borgarfjarðarsýsla var ekki aðili að bótaákvörðun gerðardómsmanna 1959 og síðar, en ætla verði, að gerðardómsmenn hafi gert ráð fyrir þeirri tilhögun, annaðhvort vegna þess, að Borgarfjarðarsýsla væri ekki bótaskyld, eða að þátttaka hennar í málinu væri ekki nauðsynleg eins og á stæði. Kunni þá einnig að hafa verið litið til þess, að bótaskylda Borgarfjarðarsýslu væri ef til vill auðveldust meðferðar milli hennar og Mýrasýslu á grundvelli endurkröfu. Ganga verði út frá því, að umboðsmenn aðilja hafi veitt þessari tilhögun samþykki sitt. Mestu skipti þó fyrir stefnanda, hver afstaða fulltrúa Mýrasýslu hefur verið. Stefnandi þurfi nú ekki að bera neinn halla af því, að fyrirsvarsmen Mýrarsýslu hafi áður kosið að vera án Borgarfjarðarsýslu í málinu. Ætla megi, að sakaraðild Borgarfjarðarsýslu skipti litlu máli, nema svo færi, að sýslurnar yrðu báðar taldar bótaskyldar pro rata.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að réttur hans til bóta sé háður orðunum „að mestu eða öllu" í 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, heldur sé hann fyrirvaralaus, eins og áður var gert ráð fyrir í 3. mgr. 35. gr. Ef talið yrði, að síðarnefnda ákvæðið hafi verið fellt niður, þannig að annað kæmi í staðinn, sé jafnframt eðlilegt að líta svo á, að við niðurfellinguna hafi áunninn réttur stefnanda samkvæmt því færst undir fyrrnefnda ákvæðið án þess fyrirvara, sem í orðunum felst. Af því myndi leiða bótaskyldu hjá ríkissjóði að hálfu og sýslusjóði að hálfu in solidum að áliti stefnanda.

Á sama hátt sé því harðlega mótmælt, að merking orðanna „að mestu eða öllu“ geti verið jafnþröng og fram kemur hjá meirihluta yfirmatsmanna. Í fyrsta lagi verði að telja, að orðin „með öllu“ í upphaflegu formi hafi ekki haft bókstaflega merkingu í lögunum, heldur hafi þau táknað „að mestöllu“ eða „að öllu verulegu“, eins og gjarna sé til orða tekið, m.a. af þeirri ástæðu, að nær útilokað sé í framkvæmd, að nokkur missi bókstaflega alla veiði sína. Þegar orðunum „að mestu“ var bætt inn árið 1970, hafi ekki í því fólgist endurtekning þess, sem var, heldur yfirlýst rýmkun ákvæðisins, Komi því ekki til álita, að orðin tákni „að mestöllu“, heldur sé merkingin mun rýmri.

Því er haldið fram, að líta beri til kostnaðar og veiðitekna við túlkun ákvæðisins, en ekki til veiðmagns eingöngu. Það sé atvinnuleg hagnýting veiðiréttindanna, sem máli skipti og höfð sé í huga, en ekki veiði til heimilisnota nema öðrum þræði.

Að því er varðar Veiðifélag Borgarfjarðar sé á það að líta, að í 3. mgr. 95. gr. sjálfri sé ekki gefið til kynna, að bótaskylda veiðiréttareigenda vegna veiðitakmarkana sé háð því, að þeir hafi sjálfir átt aðild að þessum takmörkunum, heldur virðist allteins vera átt við lögákveðnar takmarkanir samkvæmt laxveiðilögunum sjálfum. Það sé einungis í frumvarpsgreinargerð, sem hið fyrrnefnda sé gefið í skyn, eins og rakið sé í matsgerðum og víðar, og verði að ætla dómstólum að leysa úr því, hvort slíkt sé nægilegt eins og á stefndur. Bótaskylda af hálfu veiðifélagsins komi því vissulega til álita, þar sem stefnandi hafi öðrum fremur orðið fyrir mismunun í veiðiaðstöðu, eins og 3. mgr. geri ráð fyrir.

Auk þessa sé unnt að hugsa sér að túlka 3. mgr. 95. gr. á tvo vegu í senn, þegar saman eru tekin orðalag greinarinnar og túlkun frumvarpsgreinargerðarinnar þannig, að veiðiréttareigendur séu aðeins bótaskyldir vegna eigin aðgerða, en vegna takmarkana samkvæmt lögunum sjálfum sé einnig bótaskylda í samræmi við hinn skýra og fortakslausa 1. málslið greinarinnar, en þá eftir atvikum hjá öðrum aðiljum, þ.e. fyrst og fremst ríkissjóði.

Því er mótmælt, að veiðifélagið eða aðrir geti sett það skilyrði fyrir bótaskyldu gagnvart stefnanda, að bætur verði greiddar öðruvísi en með árgjöldum. Sá bóta- og greiðsluháttur sé í góðu samræmi við tilgang og efni laxveiðilaga, sbr. t.d. 85. gr.

Því er loks haldið fram, að matsmeðferð sú, sem mál stefnanda hefur fengið, sé allskostar nægileg til að bera uppi endanlega dómsúrlausn um bótagreiðslu handa stefnanda, hvaða leið sem farin yrði í málinu, þ.e. hvort sem byggt yrði á stjórnarskrá, gerðardómssamningi, lagaákvæðum eða öðru, og hvort sem greiðsla yrði felld á ríkissjóð eða aðra stefndu.

IV.

Af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu er sýknukrafan í fyrsta lagi rökstudd á þeim grundvelli, að 2. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970 hafi ekki stjórnskipulegt gildi. Það verði að telja óeðlilegt, að löggjafarvaldið geti lagt á sýslusjóði almennt að taka þátt í kostnaði við bætur til handa aðiljum, sem verða fyrir skerðingu á eignarrétti vegna ákvæða löggjafarvaldsins, einkum með tilliti til þess, að nefnd skerðing sé ekki til hagsbóta fyrir sýslufélagið í heild, heldur aðeins fáa ákveðna aðilja innan sýslufélagsins. Jafnvel þótt talið yrði, að löggjafarvaldið hafi heimild til þess að leggja slíkar kvaðir á ríkissjóð, sé ekki þar með sagt, að það hafi stjórnskipulega heimild til þess að mismuna svo íbúum viðkomandi sýslu. Ákvæði 67. gr. stjórnarskrárinnar hindri það, að bætur vegna friðunarráðstafana í Hvítá verði greiddar af öðrum en þeim, sem hagnað hafa af friðunarráðstöfununum eða þá af ríkissjóði.

Í stefnu og greinargerð málshefjanda sé tæpt á því, að sýslunefnd Mýrasýslu hafi fallist á gerðardóm um greiðsluskyldu sína á árinu 1958 og að með dómsorði gerðardómsins frá 29. september 1959 hafi sýslusjóðnum verið gert að greiða skaðabætur til stefnanda. Sýslan hafi síðan greitt stefnanda bætur bæði samkvæmt þessum gerðardómi og síðari úrskurðum yfirmatsnefndar. Á þann hátt hafi sýslan viðurkennt bótaskyldu sína og geti því ekki haldið uppi sýknukröfum í máli þessu. Þessari túlkun af hálfu stefnanda sé algerlega mótmælt. Eftir að lögin frá 1970 tóku gildi, hafi stefnandi fyrst farið fram á bætur með bréfum, dagsettum 19.11. 1974 og 14.4. 1975, og þá fyrir árin 1970 til 1973 að báðum meðtöldum. Í greinargerð, dagsettri 14.4. 1975, hafi lögmaður sýslusjóðs Mýrasýslu mótmælt, að yfirmatsmenn fjölluðu um málið sem gerðardómendur. Hafi það verið gert í því skyni að hafa möguleika á að láta Hæstarétt skera úr um það, hvort sýslusjóðurinn væri skyldugur með hliðsjón af vernd 67. gr. stjórnarskrárinnar til að greiða stefnanda bætur. Gerðardómur í málinu hafi verið óæskilegur vegna gjörbreyttra bótaákvæða laga nr. 76/1970 og því fyllsta ástæða til að láta dómstóla tjá sig um málið.

Þá er sýknukrafan studd þeim rökum, að eigendur veiðiréttar í fiskihverfinu eigi að greiða bæturnar.

Varakrafan um lækkun er í fyrsta lagi studd þeim rökum, að jafnvel þótt dómendur telji heimild til að synja um frávísun málsins, þá sé dómstóllinn eftir sem áður bundinn við sem hámark þá fjárhæð, sem yfirmatsmenn (meirihlutinn) hafi ákvarðað. Telji dómstóllinn sig á annað borð bæran til að dæma um fjárhæðir, beri honum að ómerkja niðurstöðu yfirmatsmanna hvað fjárhæð snertir og gefa þá söknaraðiljum tækifæri til að leita álits nýrra matsmanna. Meðan það hafi ekki verið gert, verði að leggja fjárhæðina kr. 104.717,37 til grundvallar í málinu.

Hvort sem síðastnefnda fjárhæðin eða einhver önnur verði endanlega lögð til grundvallar í dómi, beri að skipta þeirri fjárhæð jafnt milli Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, sem lögð hefur verið á sýslusjóð Mýrasýslu einan. Það hafi væntanlega aldrei verið ætlun stefnanda að gera kröfuna á hendur sýslusjóði Mýrasýslu einum. Heldur hafi niðurstaða bæði fyrr og síðar um greiðslu sýslusjóðs Mýrasýslu byggst á því, að bæði málflutningsmenn og matsmenn hafi staðið í þeirri meiningu, að sýslusjóðurinn væri aðeins einn.

Stefnandi hafi sýnt verulegt tómlæti með því að láta dragast von úr viti að setja fram kröfur um bætur, sem best sjáist á því, að á árnu 1983 sé enn verið að deila um skaðabætur allt frá árinu 1970.

Að lokum er af hálfu sýslusjóðs Mýrasýslu tekið undir allt það, sem fram kemur í greinargerð sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu, að því marki sem ekki stangist á við hagsmuni sýslusjóðs Mýrasýslu.

V.

Því er haldið fram af hálfu stefnda sýslusjóðs Borgarfjarðarsýslu, að gerðardómssamningurinn og gerðardómurinn sé óskuldbindandi fyrir þennan sýslusjóð, þar sem þessi sýslusjóður hafi ekki verið aðili að samkomulaginu, sem gert var á sínum tíma um gerðardóm. Þá brjóti niðurstaða gerðardómsins í bága við bótaákvæði 35. gr. laga nr. 53/1957. Af þeim sökum beri að líta alveg fram hjá úrskurði gerðardómsins.

Þá er því haldið fram, að það sé fráleitt, að 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 eigi við málsefni þetta, heldur hljóti 3. mgr. 95. gr. að taka til þess. Rök fyrir þessari lögskýringu séu eftirfarandi:

A. Skýra beri orðalagið „að mestu eða öllu" í 1. mgr. þannig, að aðeins sé átt við það, þegar veiði tapast annaðhvort að öllu eða mestöllu leyti, sbr. rökstuðning meirihluta yfirmatsmanna.

B. Skýra beri orðið „veiði" í 1. mgr. skv. hefðbundinni notkun orðsins í íslensku máli þannig, að það merki „afli", en ekki „arður af veiði". Hljóti sönnunarbyrði að því er varðar hina afbrigðilegu merkingu að hvíla á stefnanda.

C. Því er sérstaklega mótmælt, að skýra beri 3. mgr. þröngt. Sá þröngi skýringarkostur, sem minnihluti yfirmatsmanna byggir á, stangist á við orðalag ákvæðisins, þar sem berum orðum sé gert ráð fyrir, að það taki jafnt til tjóns vegna „ákvæða" laga nr. 76/1970 og tjóns vegna „framkvæmdar" laganna. Þetta sé og skilningur meirihluta yfirmatsmanna.

D. 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970 kom í stað 1. mgr. 108. gr. laga nr. 53/1957. Þeirri staðhæfingu minnihluta yfirmatsmanna, að 1. mgr. 95. gr. hafi leyst af hólmi bótaákvæði 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957, er algerlega vísað á bug. Nærtækara væri að telja, að 3. mgr. 95. gr., sem

er nýtt ákvæði að stofni til, hefði komið í stað fyrrgreinds bótaákvæðis laga nr. 53/1957.

Framangreint bendi eindregið til þess, að Veiðifélag Borgarfjarðar skuli svara stefnanda bótum, sé slík bótakrafa fyrir hendi.

Sýslumörk milli Borgarfjarðarsýslu og Mýrasýslu hafi frá fornu fari legið um Hvítá, væntanlega um miðlínu hennar. Af því leiði, að netalagnir stefnanda, sem mál þetta snýst um, hafi ætíð verið Mýrasýslumegin í ánni. Málið sé því óviðkomandi sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu, þar eð skýra verði 2. mgr. 95. laga nr. 76/1970 svo, að fleiri sýslur en ein geti því aðeins talist bótaskyldar, að mál varði veiðivatn í heild, en því sé ekki þannig farið í máli þessu.

Með vísan til 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936 beri af þessum sökum að sýkna sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu af kröfum stefnanda.

Mál þetta eigi rót sína að rekja allt aftur til þess tíma, er lög nr. 53/1957 tóku gildi. Á þeim aldarfjórðungi, sem síðan er liðinn, hafi stefnandi engar kröfur haft uppi á hendur sýslusjóði Borgarfjarðarsýslu fyrr en með stefnu í máli þessu. Stefnandi hafi ekki réttlætt þetta tómlæti. Hljóti það því að leiða til sýknu.

Stjórnarskráin geri ráð fyrir í 67. gr., að löggjafinn geti skert eignarréttindi eða veitt öðrum aðiljum heimild til þess, enda „komi fullt verð fyrir". Samkvæmt eðli máls geti löggjafinn mælt svo fyrir, að aðili, sem hagnast á slíkri eignarskerðingu, skuli svara bótum. Hins vegar verði að draga í efa, að löggjafanum sé stjórnskipulega heimilt að skylda aðilja, sem ekki hefur hag af eignarskerðingu, að greiða bætur fyrir tjón af völdum hennar. Takmarkanir á eignarrétti samkvæmt lax- og silungsveiðilögum miði fyrst og fremst að því að vernda þá fiskistofna, sem lögin taka til. Þetta sé væntanlega gert í þágu alþjóðar, en komi um leið þeim til góða, sem eiga sérstakra hagsmuna að gæta. Takmörkun sú á veiðirétti, sem mál þetta er sprottið af, sé þannig a.m.k. öðrum þræði til hagsbóta eigendum veiðiréttar í Hvítá og þverám hennar. Aftur á móti sé vandséð, að íbúar Borgarfjarðar- og Mýrasýslna njóti almennt hagnaðar af takmörkuninni. Vegna þessa verði að telja það ákvæði 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970, og reyndar einnig 3. mgr. 35. gr. laga nr. 53/1957, er leggur bótaskyldu á sýslusjóði, andstætt stjórnarskránni þ.e. meginreglu 2., 67. og 76. gr. hennar. Í samræmi við rótgróna stjórnskipunarvenju beri þar af leiðandi að sýkna sýslusjóð Borgarfjarðarsýslu af kröfum stefnanda í málinu.

Verði sýknukrafan ekki tekin til greina, sé gerð krafa um verulega lækkun á bótakröfu stefnanda.

Telji dómurinn sig bæran til að fjalla efnislega um yfirmat það, sem frammi liggur, hljóti sú umfjöllun að einskorðast við bótaskyldu. Hins vegar verði á grundvelli hefðbundinnar skýringar á 60. gr. stjórnarskrár-

innar að leggja bótafjárhæð þá, sem tiltekin er af meirihluta yfirmatsmanna, til grundvallar dómi í málinu. Beri þegar af þessari ástæðu að lækka bótakröfu stefnanda úr kr. 1.225.703,00 í kr. 104.717,37.

Hækkun stefnanda á dómkröfum er sérstaklega mótmælt og sé þar um að ræða brot á ákvæði 4. mgr. 88. gr., sbr. 2. mgr. 70. gr. laga nr. 85/1936. Verðlagsbreytingar, sem orðið hafa hér á landi, frá því að upphafleg stefna var út gefin, réttlæti ekki slíka hækkun, en auk þess skorti lagaheimild til að miða kröfur í máli þessu við breytingar á verðlagi.

Þá hefur þessi stefndi haft uppi sjálfstæða málsástæðu á því byggða, að stefnandi hafi í raun ekki orðið fyrir neinu tjóni. Að minnsta kosti hafi tjón stefnanda, ef eitthvað er, verið svo smávægilegt, að ákvæði 95. gr. laga nr. 76/1970 taki alls ekki til þess. Í því sambandi bendir þessi stefndi á, að á árunum 1950-1954 hafi stefnandi veitt 1448 laxa, en á árunum 1960-1964 hafi veiðin verið 1894 laxar og 1961 lax árin 1970 - 1974. Hin almenna takmörkun, sem stefnandi hafi orðið að þola, hafi ekki aðeins komið öðrum veiðieigendum til góða, heldur stefnanda einnig. Þá hafi veiðimöguleikar að sjálfsögðu aukist á Bóndhóli við það, að veiði var að mestu lögð niður á næstu jörð fyrir neðan, í Einarsnesi. Við þetta sé svo því að bæta, að rekstrarkostnaður stefnanda við veiðivélar sínar hafi stórlega minnkað, því að allan laxinn, sem hann veiddi, eftir að lögin nr. 53/1957 tóku gildi, hafi hann að mestu veitt í tvær veiðivélar, sem hann hafði áður nytjað. Hins vegar hafi hann ekki þurft lengur að annast hinar kostnaðarsömu veiðivélar, sem hann áður notaði úti á firðinum.

Vaxtakröfu stefnanda er mótmælt sem of hárri.

Þá er bent á það, að nú sé upplýst, að um landamerkjadeilu sé að ræða milli Bóndhóls og Einarsness. Úrslit þess máls kunni að hafa áhrif á bótarétt stefnanda. Gæti það leitt til sýknu eða lækkunar á kröfu stefnanda. Slíkur ágreiningur kunni nú að leiða til frávísunar málsins, sbr. 1. mgr. 69. gr. laga nr. 85/1936.

VI.

Frávísunarkrafa af hálfu ríkissjóðs var á ný sett fram við hinn munnlega málflutning 21. þ.m. Virðist hún studd eftirfarandi rökum: Í fyrsta lagi, að málið sé enn svo vanreifað og kröfugerð enn svo óljós, að hún brjóti í bága við skýr fyrirmæli 88. gr. laga nr. 85/1936. Í öðru lagi sé það dregið í efa, að kröfur stefnanda í máli þessu á hendur ríkissjóði og sýslusjóðum annars vegar og Veiðifélagi Borgarfjarðar hins vegar, séu þannig vaxnar, að sækja megi þær í einu og sama máli, sbr. 47. gr. laga nr. 85/1936. Í þriðja lagi geti dómstóll ekki tekið til efnislegrar endurskoðunar yfirmat það, sem fyrir liggur í máli þessu.

Sýknukrafa af hálfu ríkissjóðs er aðallega á því byggð, að sá hluti veiðiskapar stefnanda, sem telja megi lögbrot frá upphafi vegna ofveiði, samanber hið gamla lagaákvæði „Ganga skal guðsgjöf til fjalls sem til fjöru, ef gengið vill hafa", sé ekki bótaskyldur, þótt stöðvaður sé. Óhæfilegur lagnafjöldi á svo litlu veiðisvæði, hafi hlotið að leiða til ofveiði og taki þar af tvímæli sú mikla aukning á veiðinni efra með ánum, sem nú sé sannanleg, eftir að veiðin á ósasvæðunum neðra hefur verið færð í löglegt horf.

Að því leyti sem umstefndar opinberar aðgerðir í sambandi við 35. gr. laxveiðilaga teljast „erstatningsfrie reguleringer" eigi engar skaðabætur að greiða. Slíkt eigi að skila sér aftur stefnendum og öðrum til hagsbóta, er frá líði.

Útreikningur meints veiðitjóns stefnanda og ákvörðun tjónsprósentu verði auðvitað að vera með skaplegum hætti. Það verði t.d. að leiðrétta þann fráleita reikningsmáta, sem viðgengist hafi við útreikning veiðitekna að leggja til frádráttar launatekjur heils manns í laxveiðina sumarlangt.

„Veiði" í merkingu 95. gr. laxveiðilaganna þýði veiði, afli, dreginn á land, en hins vegar ekki einhvers konar „bókhaldslegar" rekstarútkomur, sem teygja megi og hagræða eins og fara geri.

Sönnunarbyrðin fyrir umkröfðum bótafjárhæðum hljóti að vera hjá stefnanda, og það því frekar sem hjá honum sé um að ræða greinilegar tómlætisverkanir.

Því er haldið fram, að stefnandi hafi í reynd ekkert tjón beðið og jafnvel þótt svo væri, verði ríkissjóður aldrei dæmdur, þar sem tjónið falli undir 3. mgr. 95. gr. laxveiðilaganna.

Hækkunarkrafa stefnanda sé algerlega órökstudd og brot á 2. mgr. 94. gr., sbr. 95. gr. og 96. gr. laxveiðilaganna, en samkvæmt þeim lagaákvæðum skulu matsmenn fjalla um slíkar kröfur. Enn fremur standist ekki kröfur stefnanda um verðtryggingar fjárskuldbindinga, sbr. lög nr. 71/1966 og lög nr. 13/1979. Slíkar verðtryggingar og vísitölubindingar hafi aldrei verið viðurkenndar af íslenskum dómstólum.

Vaxtakröfu stefnanda er einnig andmælt að því er varðar vaxtatíma og vaxtafót.

VII

Því er haldið fram af hálfu Veiðifélags Borgarfjarðar, að mál þetta hefði aldrei komið til, ef tjónbætur hefðu verið metnar, svo sem til var ætlast, eftir fortakslausum ákvæðum laga nr. 53/1957, með samkomulagi eða á annan hátt. Tjónbótauppgjörinu, sem meðstefndu sömdu um við stefnanda, sé ekki lokið, vegna þess að gerðardómendur hafi talið „ákvörðun skaðabóta í eitt skipti fyrir öll leiða til ótækrar niðurstöðu, er yrði í algjöru

ósamræmi við meginreglur laga". Gerðardómendur hafi og talið „eigi aðra leið færa en að kveða á árlegt gjald, sem greiðist að loknum veiðitíma hvers árs". Á þetta hafi meðstefndu fallist. Síðar hafi matsmenn lýst þeirri skoðun sinni, að sá hluti tjónbóta til handa stefnanda, sem samið hafði verið um greiðslu við hann á og er enn ógreiddur, verði vegna breyttra laga felldur á Veiðifélag Borgarfjarðar. Verði ekki betur séð en nú vilji yfirmatsmenn líta svo á, að setning laga nr. 53/1957 og samningar stefnanda og meðstefndu á þeim tíma hafi allt verið „ómark".

Helstu málsástæður af hálfu Veiðifélags Borgarfjarðar eru þessar:

1. Sú takmörkun veiðiaðferða, sem 35. gr. laga nr. 53/1957, nú 35. gr. laga 76/1970, feli í sér, sé takmörkun á eignarrétti, sem gera megi án bóta. Löggjafinn hafi sett þrátt fyrir það sérákvæði um tjónbótauppgjör í 35. gr. laga nr. 53/1957 og fellt greiðsluskyldu á meðstefndu ríkissjóð og sýslusjóð, en alls ekki hafi verið reiknað með bótagreiðslum frá eigendum veiðiréttar.

2. Bann 35. gr. laga 53/1957 hafi verið fortakslaust og óháð tjónbótauppgjörinu. Þegar við tilkomu bannsins hafi tjónþolar öðlast bótarétt á hendur meðstefndu. Sú krafa hafi verið einkaréttarlegs eðlis og hafi stefnandi og meðstefndu getað samið um meðferð hennar á hvern þann hátt, sem þeir náðu samkomulagi um.

3. Samningar stefnanda og meðstefndu séu ekki ítarlegir og reyndar nú orðnir umdeildir, en eftir standi þó óumdeilanlega, að greiðsluskyldan hafi að lögum alfarið verið á ríkissjóði og sýslusjóði. Af því leiði einfaldlega það, að ef Veiðifélag Borgarfjarðar yrði dæmt greiðsluskylt í máli þessu, væri verið að létta greiðslubyrði af ríkissjóði og sýslusjóði (fyrir tjón stefnanda árin 1970 til 1976), en til þess standi hvorki lög, réttarvenja né neitt annað, sem hald sé í.

4. Sú túlkun á 3. tl. 95. gr. laga nr. 76/1970, sem fram komi í ákvæði meirihluta yfirmatsnefndar og hjá meðstefndu, að Veiðifélag Borgarfjarðar eigi að greiða tjón stefnanda fyrir misstan veiðirétt, fái ekki staðist og sé alfarið mótmælt, enda sé túlkun þeirrar greinar skýrast fram sett í greinargerð fyrir lögunum, sem sé sú, að undir hana falli aðeins tjónbætur vegna friðunaraðgerða eða þess háttar aðgerða, sem ákveðnar eru af veiðifélögunum sjálfum. Auk þess sé ljóst, að ákvæði greinar þessarar geti á engan hátt virkað aftur fyrir sig til ársins 1957 og breytt því, sem þá var gert í málum þessum.

5. Veiðifélag Borgarfjarðar sé ekki réttur aðili að sakarefni þessu, þar eð stefnandi eigi eingöngu lögvarða kröfu á meðstefndu.

6. Ríkissjóður og sýslusjóður Mýrasýslu hafi margítrekað viðurkennt bótaskyldu sína gagnvart stefnanda í máli þessu með þátttöku í gerðardómsmeðferð, sáttameðferð og peningagreiðslum til uppgjörs tjónbóta.

7. Friðunaraðgerðir þær, sem ákveðnar voru með lögum nr. 53/1957, 35. gr., nú 35. gr. laga nr. 76/1970, séu til hagsbóta fyrir alla þjóðina, en ekki aðeins meðlimi aðildarfélaga Veiðifélags Borgarfjarðar. Af því leiði það, að bætur eigi að greiðast af almannafé svo sem gert sé í slíkum tilvikum. Enda þótt Veiðifélag Borgarfjarðar haldi því fram, að sýslusjóður eigi að greiða stefnanda þær bætur, sem hér um ræðir, sé Veiðifélag Borgarfjarðar því ekki sammála, að hér sé um réttmæta kröfu að ræða, enda njóti allir landsmenn hags af friðunaraðgerðum sem þessum, en ekki aðeins sýslubúar Mýrasýslu.

8. Bótakrefjendur hafi ekki fyrr en nú krafið Veiðifélag Borgarfjarðar um greiðslu tjónbóta, enda þótt nú séu u.þ.b. 25 ár liðin, frá því að stefnendur og fleiri, sem í hans aðstöðu eru, misstu veiðirétt sinn. Sama sé að segja um ríkissjóð, sem hafi t.d. greitt einni jörð bætur, jafnvel eftir árið 1970. Af þessum ástæðum sé því einnig haldið fram, að aðgerðarleysisverkanir af hálfu stefnanda og meðstefndu eigi að valda sýknu Veiðifélags Borgarfjarðar. Sömuleiðis væri krafa um tjónbætur að sjálfsögðu löngu fyrnd.

9. Komi til þess, að Veiðifélag Borgarfjarðar teljist bera ábyrgð á greiðslu stefnukröfu í máli þessu, sé stefnukröfunni mótmælt sem of hárri auk þess sem draga ætti frá henni þær tjónbætur, sem hann (sic) hefur nú móttekið, enda þótt þær séu að stofni til tilteknar vegna annarra ára. Sömuleiðis sé áskilinn réttur til athugasemda við bótagrundvöllinn. Vaxtakröfu er einnig mótmælt.

10. Dómkvaðningar þær, sem matsgerðir byggjast á sem og matsgerðirnar sjálfar, séu að mestu ef ekki að öllu leyti byggðar á sérákvæðum laga nr. 76/1970, XV. kafla um matsgerðir og skaðabætur. Þannig sé t.d. ekki lagt fyrir matsmenn að meta tjón stefnanda á grundvelli þess lagaákvæðis, sem skerti rétt hans til veiði og sagði fyrir um matsaðferð. Af þessum ástæðum séu matsgerðirnar, sem allar byggjast á öðrum grundvallarforsendum, ógildar, markleysa, að því leyti sem þær kynnu að teljast snerta

Veiðifélag Borgarfjarðar. Matsgerðunum sé þar af leiðandi öllum mótmælt á þessum grundvelli.

11. Matsgerðir matsmanna í máli þessu hafi ekki réttaráhrif umfram það að vera matsgerðir og séu þannig ekki sjálfstæðir úrskurðir, sem einungis yrði hnekkt með málskoti til Hæstaréttar. Matsgerðirnar séu og allar ófullkomnar og byggðar á röngum grundvallarforsendum á mörgum sviðum.

12. Leggja beri áherslu á, að samkvæmt Grágás og síðari ákvæðum laga um laxveiðar hafi ætíð verið um að ræða tiltölulega víðtækar takmarkanir á eignarrétti manna, sem hafi ekki haft í för með sér neina bótaskyldu.

VIII.

Að því, sem rakið er hér að framan, standa dómendur allir, en það, sem greinir í þessum kafla, er álit meirihluta dómsins, Steingríms Gauts Kristjánssonar og Más Péturssonar.

Álit dómsins.

Með úrskurði dómsins 11. júlí 1983 var hafnað þeim málsástæðum hinna stefndu ráðherra og sýslunefnda, að málið væri svo vanreifað og kröfugerð svo óljós, að varðaði frávísun, að um væri að ræða óleyfilegt málasamlag og að úrlausn yfirmatsmanna væri fullnaðarúrlausn sakarefnis málsins. Til annarra ástæðna, sem leiða kunna til frávísunar án kröfu og jafnframt varða efni málsins, hefur ekki verið tekin afstaða, sbr. 2.mgr. 108. gr. l. nr. 85/1936.

Úrskurðurinn frá 11. júlí sl. byggist á þeirri skoðun, að matsmenn skv. lögum um lax- og silungsveiði séu stjórnvald og að dómstólar hafi vald til að dæma um, hvort niðurstaða þeirra er byggð á réttum lagagrundvelli, sbr. 60. gr. stjórnarskrár. Um efni er meira álitamál, hversu dómstólar geta gengið langt í að endurskoða gerðir matsmanna.

Aðalkrafa stefnanda og fyrsta varakrafa virðast að meginstefnu til vera reistar á því ákvæði gerðardómsins frá 29. september 1959, að aðiljum sé rétt að bera undir matsmenn skv. lögum nr. 53/1957 árgjald það, sem í gerðardóminum er ákveðið. Í annarri og þriðju varakröfu er byggt á sama grundvelli að því viðbættu, að skipting bótaskyldu fari eftir 1. mgr. 95. gr. laga nr. 76/1970.

Niðurstaða meirihluta yfirmatsnefndar miðast við, að bætur greiðist úr hendi Veiðifélags Borgarfjarðar, og mótast að nokkru leyti af sérstökum atvikum varðandi skipti veiðifélagsins og stefnanda. Verður ekki með vissu dregin óyggjandi ályktun um álit yfirmatsnefndarinnar á því, hverjar bætur

stefnandi skuli nú hljóta fyrir nefnt tímabil úr hendi annarra aðilja. Hvorki gildandi lög né ákvæði gerðardómsins þykja leiða til þeirrar niðurstöðu, að dómendur eigi við þessar aðstæður að leggja sjálfstætt mat á bætur til stefnanda, sbr. 109. gr. laga nr. 53/1957, lög nr. 38/1970, 96. gr. laga nr. 76/1970 og 1. og 17. gr. laga nr. 11/1973.

Hlutverk matsmanna samkvæmt lax- og silungsveiðilögum er tvíþætt, annars vegar að kveða á um bótaskyldu og hins vegar að leggja mat á fjárhæð bóta.

Aðiljar hafa ekki freistað þess að fá neytt heimildar 4. mgr. 71. gr. laga nr. 55/1936 til að fá dóm um bótaskyldu sérstaklega.

Hvað sem líður skoðun meirihluta yfirmatsnefndar á bótaskyldu verður ekki annað séð en að unnt eigi að vera að afla mats á fjárhæð bóta til stefnanda úr ríkissjóði og sýslusjóðum miðað við þann réttargrundvöll, sem kröfur á hendur þessum aðiljum eru byggðar á.

Matsgerð matsmanna samkvæmt ákvæðum laga um lax- og silungsveiði er þess háttar skilyrði fyrir, að dómur verði lagður á sakarefni máls þessa, að ekki þykir fært að neyta úrræðis 120. gr. laga nr. 85/1936.

Þar sem þannig þykir skorta nauðsynlegan grundvöll til, að efnisleg afstaða verði tekin til krafna á hendur landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs og sýslumanni Mýra- og Borgarfjarðarsýslu fyrir hönd sýslusjóða sýslnanna, þykir bera að vísa kröfum á hendur þeim frá dómi. Framangreind rök eiga ekki við um kröfu á hendur Veiðifélagi Borgarfjarðar, og ekkert virðist standa því í vegi, að efnisafstaða verði tekin varðandi kröfu stefnanda og þessa varnaraðilja hvors á hendur öðrum.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður milli stefnanda og stefndu falli niður að öðru leyti en því, að málskostnaðarákvörðun varðandi Veiðifélag Borgarfjarðar bíður efnisdóms.

Dómsorð:

Kröfum stefnanda, Jóns Guðmundssonar, á hendur landbúnaðarráðherra og fjármálaráðherra, f.h. ríkissjóðs, sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu, f.h. sýslusjóðs og sýslunefnd Mýrasýslu f.h. sýslusjóðs er vísað frá dómi.

Málskostnaður milli þessara aðilja fellur niður.

Sératkvæði
Bjarna Kristins Bjarnasonar

Í bréfum veiðieftirlitsmanns á Hvítársvæðinu, dagsettum 15. júlí og 31. júlí 1959, til yfirmatsnefndar, dómskjölum nr. 110 og 111, sem lögð voru fram við hinn munnlega málflutning, segir m.a. svo:

„Sendi hér með kort þau, sem nokkrir netjaveiðimenn í Hvítá í Borgarfirði hafa tölusett veiðivélar sínar inn á, eins og þeir telja þær hafa verið 1957 og 1959. Ekki reyndist unnt að staðsetja þær rétt á kortin, til þess eru þau ekki nógu nákvæm. Það, sem hér getur því verið um að ræða, er því einungis lagnafjöldi .....

Í Bóndhól tel ég ... ekki hafa verið nema 7 lagnir samtímis sumarið 1957. Þar var neðsta lögnin gerð upptæk vegna nálægðar hennar við lögn frá Einarsnesi, og tel ég hana því ekki. Ein var tekin upp á miðju sumri en önnur sett niður á öðrum stað. Tel ég þar um tilfærslu að ræða á sömu veiðivélinni".

„Í Bóndhól hafa flest árin verið tvær veiðivélar landfastar, önnur við Kóngshól og hin inn við Bakkann. Þar gætu þó vegna landrýmis komist 3 veiðivélar við land, sbr. að 1957 voru 2 í álnum inn með Bakkanum."

Við hinn munnlega málflutning lýsti stefnandi yfir, að sumarið 1957 hefði hann og Sigþór bóndi í Einarsnesi tekið upp netalagnir í grennd við Skurðhólasker að ósk sýslumanns Jóns Steingrímssonar vegna merkjadeilu.

Þá er upplýst, að stefnandi ritaði sýslumanni bréf, dagsett 18. júní 1981, svohljóðandi:

„Vegna ágreinings um landamerki á milli jarðanna Bóndhóls og Einarsness í Borgarhreppi leyfi ég mér hér með að fara þess á leit við yður herra sýslumaður, að þér hlutist til um að athugun fari fram á því máli.

Með vinsemd

Jón Guðmundsson, Bóndhól"

Í kafla 1 hér að framan er rakin yfirlýsing réttargæslustefndu Sigríðar Guðmundsdóttur og Óðins Sigþórssonar. Þar kemur fram, að grundvallarágreiningur er um landamerkjalínu milli Bóndhóls og Einarsness frá bakka og út á ósasvæði Hvítár. Af kortinu á dómskjali nr. 55 má sjá, að 4 eða 5 veiðistaðir, sem stefnandi telur sig hafa orðið að leggja niður með gildistöku laga nr. 53/1957, eru á hinu umdeilda svæði.

Bótakröfur stefnanda virðast byggjast á því, að stefnandi eigi rétt á skaðabótum úr hendi stefndu um aldur og ævi. Úrslit landamerkjadeilunnar milli jarðanna Bóndhóls og Einarsness kunna að hafa verulega þýðingu um ákvörðun bóta til stefnanda.

Gerðardómendur og matsmenn virðast ekki hafa haft viðhlítandi kort af veiðistöðum þeim, sem um var fjallað í gerðardóminum og matsmálunum. Það kort, sem þeir virðast hafa haft til afnota, er kortið á dómskjali nr. 52, en það er ársett 1957. Um það segir stefnandi hér fyrir dómi, að kort þetta hafi verið gert í sambandi við væntanlegt skaðabótamál. „Ég man eftir því, að ég gerði athugasemdir við staðsetningu á lögnum þarna,

á þessu korti, það er merkingu á þeim við Sveinbjörn Jónsson, hæstaréttarlögmann. Hann tók það fram þá, að það skipti ekki meginmáli þó að þetta væri kannski mismerkt á milli bæja.“ Samkvæmt þessu kvað stefnandi lagnirnar nr. 9-17 ekki nákvæmt staðsettar á kortinu.

Svo sem kröfum stefnanda var háttað, var nauðsynlegt að afla sem nákvæmastra upplýsinga um staðsetningu veiðistaða, sem stefnandi notaði fyrir gildistöku laga nr. 53/1957, upplýsinga sérkunnáttumanna um rennsli árinnar, rekstrarkostnað við einstakar lagnir og sérstaka könnun á því, hvort allur tilgreindur lagnafjöldi frá Bóndhóli væri í fullu samræmi við gildandi reglur lax- og silungsveiðilaga þeirra, sem lög nr. 53/1957 leystu af hólmi. Í því sambandi má nefna, að áhöld eru um, hvort lagnir nr. 5 og nr. 8, sem sýndar eru á kortinu, dómskjali nr. 55, voru heimilar báðar í einu með hliðsjón af 2. tl. 31. gr.laga nr. 112/1941, þar sem kveðið var á, að milli fastra veiðivéla skyldi jafnan vera 100 metra bil eftir endilangri á.

Svo sem til háttaði, var nauðsynlegt, að rækileg könnun færi fram á veiðimöguleikum út frá bakka umfram aðallögnina við Kóngshól og lögnina, sem sýnd er upp við Bakka á kortinu nr. 55. Samkvæmt upplýsingum stefnanda hefur hann notað þrjár til fjórar lagnir frá landi, en hugsanlegt er að nýta fleiri veiðistaði, og er þá einkum haft í huga svæðið frá aðallögninni við Kóngshól og að lögninni upp við Bakkann. Var eftir atvikum nauðsynlegt að fá álit sérfróðra kunnáttumanna í því sambandi, svo sem laxveiðilögin heimiluðu. Var og rétt að afla álits sérfróðra manna um þau áhrif, sem það kynni að hafa á veiðina í Bóndhól, að margar lagnir voru með lögtöku laga nr. 53/1957 lagðar niður í Einarsnesi, næstu jörð fyrir neðan. Einnig var nauðsynlegt að kanna í því sambandi gönguvenjur laxins úr sjónum og upp á ósasvæðið, einkum með tilliti til þess, að hve miklu leyti hann ætti eðli til að sveima tímabundið um ósasvæðið, áður en hann tæki göngu sína rakleiðis upp eftir ánni.

Svo sem mál þetta er í pottinn búið, verður að líta svo á, að niðurstöður matsmanna séu ekki viðhlítandi til þess, að efnisdómur verði á málið lagður, eins og það liggur hér fyrir dómi.

Telja verður nauðsynlegt, að matsmenn taki málið á ný til meðferðar að fengnum nauðsynlegum viðbótarupplýsingum og leggi á það nýtt mat. Við hina nýju matsmeðferð ber að taka tillit til þeirra greiðslna, sem stefnandi hefur móttekið frá upphafi.

Úrskurður dómsins frá 11. júlí 1983 þykir eigi nú standa í vegi fyrir frávísun, sbr. 3. mgr. 108. gr. laga nr. 55/1936, sbr. 2. mgr. sömu gr.

Samkvæmt öllu framansögðu þykir bera að vísa máli þessu frá dómi.

Þrátt fyrir ákvæði 180. gr. laga nr. 85/1936 þykir rétt, að hver aðilja beri sinn kostnað af málinu.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi.
Málskostnaður fellur niður.

Föstudaginn 19. apríl 1985.

Nr. 225/1982. **Guðmundur Hafsteinn Hjaltason**
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)
gegn
Auði Torfadóttur
(Benedikt Blöndal hrl.)

Skuldamál. Nafnnúmer. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Þorgeir Örlygsson, fulltrúi yfirborgardómarans í Reykjavík, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 18. nóvember 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. s.m. Hann krefst þess, að nafnnúmer áfrýjanda verði leiðrétt þannig, að það verði 3075-4840 í stað 3511-3827, eins og tilgreint er í héraðsdómi, og stefnda, Auður Torfadóttir, verði dæmd til að greiða áfrýjanda 30.000,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. október 1981 til 1. október 1982, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, 47% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvöxtum frá þeim degi til 27. ágúst s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvöxtum frá þeim degi til 25. október s.á., 27,5% ársvöxtum frá þeim degi til

1. janúar 1985, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar s.á., en 37% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms í máli þessu og síðan með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Áfrýjandi krefst enn fremur staðfestingar á málskostnaðarákvæði héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að vextir verði ekki dæmdir hærri en almennir innlánsvextir á hverjum tíma. Hún samþykkir leiðréttingu þá á nafnnúmeri áfrýjanda, sem í kröfugerð hans getur. Þá krefst stefnda, að málskostnaður fyrir Hæstarétti verði látinn niður falla.

Í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti gerir áfrýjandi svofellda grein fyrir ástæðum til áfrýjunar máls þessa:

„Við gerð stefnu til héraðsdóms í ofangreindu máli urðu þáverandi lögmanni þau mistök á að greina nafnnúmer stefnanda rangt sem 3511-3827 en ekki 3075-4840 sem er hið rétta nafnnúmer. Ástæða þessara mistaka var sú að áfrýjandi hefur alltaf gengið undir skírnarnafninu Hafsteinn en ekki Guðmundur. Þegar lögmaðurinn leitaði til þjóðskrár var honum tjáð að aðeins einn Hafsteinn Hjaltason væri á skrá í Reykjavík og væri nafnnúmer hans 3511-3827. Tók lögmaðurinn það nafnnúmer upp í stefnu sína.

Stefnda lét ekki sækja þing í héraði en áfrýjaði síðan dómnum af sinni hálfu og beindi áfrýjuninni gegn Hafsteini Hjaltasyni nnr. 3511-3827 en birti ekki áfrýjunarstefnuna fyrir áfrýjanda þessa máls. Mátti stefndu þó vera fullljóst hver áfrýjandi er því aðilar voru áður í hjónabandi".

Samkvæmt því, sem að framan segir, ber að taka kröfu áfrýjanda um leiðréttingu á nafnnúmeri hans til greina og dæma stefndu til að greiða honum 30.000,00 krónur með vöxtum, sem, eins og hér stendur á, ákveðast eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Stefnda, Auður Torfadóttir, greiði áfrýjanda, Guðmundi Hafsteini Hjaltasyni, nafnnúmer 3075-4840, 30.000,00 krónur með 37% ársvöxtum frá 1. október 1981 til 1. nóvember 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 21. september 1983, 37% árs-

vöxtum frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, 32% ársvöxtum frá þeim degi til 1. febrúar s.á., en 37% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. apríl 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 13.4. sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri föstudaginn 26.3. 1982, af Hafsteini Hjaltasyni, nnr. 3511-3827, Hvassaleiti 18 í Reykjavík, gegn Auði Torfadóttur, nnr. 0886-6007, Máshólum 4 í Reykjavík, til greiðslu skuldar að fjárhæð, kr. 30.000,00 auk 4,5% dráttarvaxta fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 1.10. 1981 til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkv. **gjaldskrá LMFÍ.**

Stefnandi kveður málavexti vera þá, að þann 15. desember 1980 hafi verið gert skilnaðarsamkomulag milli hjónanna Auðar R. Torfadóttur, stefndu, og stefnanda, Hafsteins Hjaltasonar, sem lagt hafi verið fram hjá yfirborgardómara í Reykjavík í hjónaskilnaðarmáli þeirra. Skv. þeim samningi hafi stefnda yfirtekið fasteignina að Máshólum 4 og skuldbundið sig til að greiða stefnanda út hans hlut í fasteigninni með ákveðnum greiðslum á gjalddögum, sem teknir hafi verið fram í skilnaðarsamkomulaginu. Þegar komið hafi að síðustu greiðslunni, kr. 45.000,00, þann 1.10. 1981, hafi stefnda greitt stefnanda kr. 15.000,00, en hafi hafnað frekari greiðslum til stefnanda. Þar sem stefnandi hafi ekki fengið greiddar eftirstöðvarnar, kr. 30.000,00, þrátt fyrir ítrekuð tilmæli, sé honum nauðugur sá kostur að höfða mál til greiðslu skuldarinnar.

Stefnda hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er henni þó löglega stefnt. — Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfu stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 4.009,00.

Dóminn kvað upp Þorgeir Örlygsson.

Dómsorð:

Stefnda, Auður Torfadóttir, greiði stefnanda, Hafsteini Hjaltasyni,

kr. 30.000,00 ásamt 37% ársvöxtum frá 1.10. 1981 til greiðsludags, og kr. 4.009,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 19. apríl 1985.

Nr. 90/1985. **Ákæruvaldið**
gegn
Hilmari Þóri Ólafssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir, Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1985, sem barst réttinum s.d. Ríkissaksóknari krefst þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og varnaraðilja gert að sæta gæsluvarðhaldsvist til 15. maí 1985, kl. 17:00, og honum verði á þeim tíma gert að gangast undir rannsókn á geðheilbrigði sínu með tilliti til sakhæfis.

Af hálfu varnaraðilja er krafist staðfestingar hins kærða úrskurðar og réttargæsluþóknunar úr ríkissjóði verði það gert. Að öðrum kosti er eigi gerð krafa um réttargæsluþóknun fyrir Hæstarétti.

Varnaraðilja er gefið að sök, að hann hafi framið verknað, sem talinn er geta varðað við 211. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga, en brot gegn 211. gr. varða fangelsi 5 ár hið minnsta. Ber því samkvæmt 4. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að taka kröfu ákæruvalds um gæsluvarðhald til greina, þó svo, að ákveða verður að því ljúki 1. maí, þar sem krafa var eigi gerð í sakadómi um lengra gæsluvarðhald. Krafa um rannsókn á geðheilbrigði varnaraðilja var ekki höfð uppi fyrir sakadómi, og kemur hún því eigi til álita í Hæstarétti.

Dómsorð:

Varnaraðili, Hilmar Þórir Ólafsson, skal sæta gæsluvarðhaldsvist til 1. maí 1985, kl. 17:00.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 13. apríl 1985.

Ár 1985, laugardaginn 13. apríl, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Höllu Bachmann Ólafsdóttur fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur krafist þess, að Hilmari Þóri Ólafssyni sjómanni, t.h.a. Miðgarði 6, Egilsstöðum, fæddum 17.04. 1966 á Norðfirði, verði með úrskurði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 1. maí n.k., kl. 17:00, vegna gruns um brot gegn 211. gr., sbr. 20. gr. alm. hegningarlaga, 218. gr. sömu laga (sic).

Málavextir.

Síðastliðna nótt var ungur maður, Kolbeinn J.B. Einarsson, stunginn með hnífi fyrir utan veitingastaðinn Traffic. Pilturinn var fluttur á sjúkrahús og gerð á honum skurðaðgerð vegna innvortis blæðinga. Líðan hans nú er eftir atvikum, og er hann talinn úr lífshættu.

Kærði, Hilmar Þórir Ólafsson, hefur viðurkennt í skýrslu hjá RLR og fyrir dómi að hafa stungið Kolbein J.B Einarsson á kvið s.s. rakið hefur verið. Kærði kveður þá hafa verið að rífast og hnífsstungan fylgt í kjölfar þess.

Þrjú vitni voru að framangreindum atburði, þeir Níels Hafsteinsson, Níels Helgi Níelsson og Ragnar Georgsson, vinir Kolbeins. Hafa þeir allir gefið skýrslu hjá lögreglunni í Reykjavík, en hafa eigi gefið skýrslu hjá RLR.

Fatnaður sá, er Kolbeinn var í, er nú í vörslu RLR til rannsóknar og hnífur sá, er notaður var við árásina.

Kærði hefur skýlaust játað brot sitt, en nánar um atvik en að framan greinir hefur hann ekki treyst sér til að bera um vegna minnisleysis.

Ekki verður séð, að kærði geti torveldað rannsókn máls þessa með þeim hætti, að gæsluvarðhaldi verði beitt á grundvelli 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974.

Brot það, er kærði er grunaður um, getur varðað fangelsisrefsingu samkvæmt 218. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 20, 1981. Enda þótt kærði sé grunaður um alvarlegt brot, þykir óvarlegt að telja, að refsing fari fram úr 2 ára fangelsi. Samkvæmt því þykir eigi heldur unnt að beita gæsluvarðhaldi á grundvelli 4. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974. Verður kröfu RLR um gæsluvarðhald því synjað.

Úrskurðarorð:

Kröfu RLR um gæsluvarðhald er synjað.

Fimmtudaginn 22. apríl 1985.

Nr. 89/1985. **Ákæruvaldið**

gegn

X

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur að ósk varnaraðilja með heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 16. apríl 1985, sem barst réttinum sama dag. Krefst hann þess, að hin kærða dómssátt verði felld úr gildi. Frá varnaraðilja hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Hinn 13. desember 1983 gekkst varnaraðili undir dómssátt í sakadómi Sauðárkróks, þar sem honum var gert að greiða 400,00 króna sekt til ríkissjóðs fyrir brot á 21., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978. Grundvöllur sáttar þessarar var skýrsla lögreglunnar á Sauðárkróki um ölvun og óspektir varnaraðilja í heimahúsum. Slík hegðun er ekki brot á 21. gr. áfengislaga, og var óheimilt að ljúka málinu með þeim hætti sem gert var. Dómssáttina ber því að fella úr gildi samkvæmt 6. mgr. nefndrar 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er felld úr gildi.

Dómssátt sakadóms Sauðárkróks 13. desember 1983.

Ár 1983, þriðjudaginn 13/12, var sakadómur Sauðárkróks settur og haldinn á lögreglustöðinni á Sauðárkróki af fulltrúa bæjarfógeta Hilmari Baldurssyni við undirritaða votta.

Fyrir var tekið nr. 253/1983: Rannsókn vegna kæru lögreglu um ölvun og óspektir.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1 svohljóðandi:

Kl. 12:00 mætti í dómi X ..., fæddur ... 1940 á ..., til heimilis að ...

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74, 1974.

Mætti viðurkennir, að framl. dskj. varði hann og sé efnislega rétt, og hann kannast við þargreint brot sitt, sem dómarinn telur varða við 21., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82, 1969 sbr. lög nr. 52, 1978.

Mætti samþykkir að greiða hæfilega sekt auk sakarkostnaðar, enda falli niður málsókn út af brotinu. Þykir sekt hans, með hliðsjón af framanrituðu hæfilega ákveðin kr. 400 til ríkissjóðs. Var þá gerð svofelld

Dómssátt:

Mætti, X, greiði kr. 400 í sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 2 daga, sé sektin eigi greidd innan 14 daga frá gerð dómssáttar þessarar.

Hann greiði ennfremur kr. 100 í sakarkostnað.

Framangreint brot hafi ítrekunaráhrif á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19, 1940. Málsókn fellur niður.

Upplesið játað rétt bókað og samþykkt.

Föstudaginn 23. apríl 1985.

Nr. 17/1983. **Jónas H. Traustason**
f.h. dánarbús Guðnýjar Jakobsdóttur
(Jón Finnsson hrl.)
gegn
bæjarstjóranum á Akureyri
f.h. Hafnarsjóðs Akureyrar
og gagnsök
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Leigusamningur. Brottnám húss af leigulóð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 21. janúar 1983. Hann krefst sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 3. mars 1983, og krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og honum tildæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Nokkur ný skjöl hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Lóðin Skipagata 21 var leigð Jakob Karlssyni til lífstíðar. Hús það, sem honum var leyft að reisa á lóðinni árið 1929, var einungis leyft sem „bráðabirgðabyrgi" að því er segir í samþykkt byggingarnefndar 29. apríl 1929, er bæjarstjórn staðfesti næsta dag.

Eftir að leigutíminn rann út við andlát Jakobs, lét gagnáfrýjandi það viðgangast, að einn erfingja hans, Guðný Jakobsdóttir, héldi afnotum lóðarinnar, og tók við leigugreiðslum úr hendi hennar árin 1958 til 1979 að báðum árum meðtöldum. Heimilaði gagnáfrýjandi henni með því í verki leiguafnot lóðarinnar. Aðaláfrýjandi hefur hins vegar ekki sýnt fram á, að gagnáfrýjandi hafi í orði eða athöfnum látast undir, að þau leiguafnot fengi Guðný til lífstíðar eða jafnvel til enn lengri tíma, svo sem hann virðist telja, að verið hafi. Verður þetta ekki heldur leitt af almennum réttarreglum. Gagnáfrýjandi mátti því segja henni upp leiguafnotum með hæfilegum fyrirvara miðað við not lóðarinnar og brottflutning hússins. Því er ekki sérstaklega haldið fram í málinu, að Guðný hafi átt rétt til annars og lengri uppsagnarfrests en henni var veittur með uppsagnarbréfinu 18. október 1978.

Samkvæmt framansögðu og þar sem aukin lóðarréttindi eiganda hússins gátu ekki unnist fyrir hefð, svo sem til umráðanna yfir lóðinni var stofnað, ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að frestur til að rífa húsið eða flytja það á brott verði 12 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir atvikum þykir málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti eiga að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur

til að nema húsið brott af lóðinni skal vera 12 vikur frá birtingu dóms þessa.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Sigurgeirs Jónssonar.

Í hinum áfrýjaða dómi eru raktar samþykktir hafnarnefndar Akureyrar og bæjarstjórnar Akureyrar varðandi leigu lóðarinnar nr. 21 við Skipagötu. Ekki liggur þó fyrir skriflegur samningur um leigu lóðarinnar, svo sem ráð var gert fyrir.

Byggir gagnáfrýjandi á því, að réttindi þau, sem Jakob Karlssyni voru veitt til nýtingar umræddrar lóðar, hafi fallið niður við andlát hans, en þau hafi verið veitt til lífstíðar, svo sem fram komi í samþykkt hafnarnefndarinnar. Hafi því verið heimilt að segja samningnum upp, svo sem gert var.

Við andlát Jakobs Karlssonar árið 1957 féll skipaafgreiðslan ásamt umræddri lóð og varanlegum mannvirkjum, sem bæjaryfirvöld höfðu veitt heimild til að reisa, til Guðnýjar dóttur hans samkvæmt skiptayfirlýsingu 19. nóvember s.á. Var rekstri skipaafgreiðslunnar haldið áfram að Skipagötu 21. Gagnáfrýjandi innheimti leigu fyrir lóðina allt til ársins 1980. Gat það ekki dulist fyrirsvarsmönnum gagnáfrýjanda, að nýr aðili hafði tekið við rekstri skipaafgreiðslunnar og afnotum lóðarinnar. Gagnáfrýjandi sagði leiguafnotum upp 18. október 1978. Guðný andaðist 27. janúar 1981.

Hvernig sem efni samnings þess, sem gerður var við Jakob Karlsson, verður skýrt að öðru leyti, þá verður að telja, að með því að heimila fyrirvaralaus áframhaldandi afnot lóðarinnar eftir lát Jakobs og innheimta lóðarleigu með breyttum og hækkuðum fjárhæðum hafi gagnáfrýjandi samþykkt í verki leiguafnot hins nýja aðilja. Því hafi verið ólögmæt uppsögn hins nýja leigumála meira en 20 árum eftir upphaf hans, án þess að henni væru tengd kaup eða bótagreiðsla vegna þeirra varanlegu mannvirkja, sem reist höfðu verið á lóðinni með fullu og formlegu samþykki réttra yfirvalda Akureyrarkaupstaðar.

Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda.
Við erum sammála málskostnaðarákvæði meiri hluta dómenda.

Dómur bæjarþings Akureyrar 6. desember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 15. f.m. að undangengnum munnlegum málflutningi þann sama dag, hefur Helgi M. Bergs, bæjarstjóri á Akureyri, f.h. hafnarsjóðs Akureyrar höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefinni á Akureyri 24. júní 1981, á hendur Jónasi H. Traustasyni framkvæmdastjóra, Ásvegi 29, Akureyri, vegna dánarbús Guðnýjar Jakobsdóttur.

Krefst stefnandi þess, að stefndi verði dæmdur til að fjarlægja húseignina nr. 21 við Skipagötu á Akureyri af því landi, er hún stendur á. Þá krefst hann málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi, Jónas H. Traustason, v/dánarbús Guðnýjar Jakobsdóttur, gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda um, að hann verði dæmdur til að fjarlægja húsið nr. 21 við Skipagötu á Akureyri af því landi, er húsið stendur á, svo og sýknaður af málskostnaðarkröfu stefnanda.

Stefndi krefst málskostnaðar úr hendi stefnanda að skaðlausu eftir mati dómara.

Helstu málsatvik eru þau, að á árunum 1926-1929 létu Akureyrarbær og Akureyrarhöfn gera mikla uppfyllingu og hafnarmannvirki á Torfunefi og í Oddeyrarbót hér í bæ. Árið 1927 var nyrðri Torfunefsbryggjan byggð. Landi því, sem varð til við uppfyllinguna í Torfunefsbót, var skipt milli hafnarsjóðs og bæjarsjóðs þannig, að hafnarsjóður hlaut það land, sem skipulagsuppdráttur gerði ráð fyrir, að vöruskemmur yrðu reistar á austan Skipagötu, en bæjarsjóður það svæði, sem byggja átti á verslunar- og íbúðarhús vestan götunnar. Á fundi hafnarnefndar Akureyrar þann 24. janúar 1927 lagði nefndin til, að Jakob Karlssyni yrði leigð lóð á Torfunefi eftir nánari samningi, en þann 6. janúar það ár hafði hann sent inn beiðni til nefndarinnar, þar sem hann fór þess á leit að fá leigða lóð ca 25 × 15 metra að flatarmáli til þess að byggja á skýli fyrir vörugeymslu og skipaafgreiðslu. Á þessum fundi hafnarnefndar ályktaði hún jafnframt svo:

„Hvað leigu snertir fyrir þessa lóð og aðrar á Torfunefi, vill nefndin að saminn sé sérstakur leigutaxti og upplagslóðirnar allar sundurstykkjaðar og leigðar eftir ákveðnu flatarmáli og leigu pr. fermeter."

Þessi ályktun hafnarnefndar var samþykkt í bæjarstjórn Akureyrar þann 27. janúar 1927.

Á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 4. febrúar 1927 var Jakob Karlsson kjörinn í hafnarnefnd Akureyrar.

Á fundi hafnarnefndar Akureyrar þann 7. janúar 1928 lagði nefndin til, að leiguskilmálar fyrir upplagslóðir á Torfunefi yrðu þannig:

„a) Leiga fyrir upplagslóðirnar á milli bryggjanna sje:
fyrir hornlóðirnar báðar kr. 2.25 ferm.
Do. millilóðirnar og hornlóðina norðan við norðari bryggjur kr. 2.00 ferm.

b Gjalddagi sé 1. ágúst ár hvert.

c) Lóðirnar sjeu leigðar til lífstíðar.

d) Eftirgjaldið gildir fyrir 5 ár í senn, og skal það þá metið að nýju ef annar hvor aðili æskir þess.

e) Leigurjettindin eru ekki framseljanleg, en leigutaki hefir rétt til að segja þeim upp með 6 mánaða fyrirvara.

Sjé (sic) gerður um þetta nánari samningur undirritaður af báðum aðilum.“

Var þessi ályktun hafnarnefndar síðan samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 12. janúar 1928.

Með bréfi, dagsettu 27. apríl 1929, til bæjarstjórnar Akureyrar óskar Jakob Karlsson síðan eftir: „að byggja einlyft hús samkvæmt með fylgjandi uppdrætti, 24 × 15 mtr. á leigulóð minni austan Skipagötu á Torfunefi. Húsið á að byggjast úr bárujárni og timbri og er aðallega ætlað fyrir skipaafgreiðslu.“

Erindi þetta var afgreitt á fundi byggingarnefndar Akureyrar 29. apríl 1929 með eftirfarandi bókun:

„Jakobi Karlssyni leyft að byggja bráðabirgðabyrgi á leigulóð hans austan Skipagötu, 24 15 (sic) m á stærð, eftir framlagðri teikningu og beiðni dags. 27. þ.m.“

Var þessi ályktun byggingarnefndar samþykkt óbreytt á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 30. apríl 1929.

Með bréfi til byggingarnefndar Akureyrar, dagsettu 22. júní 1933, sækir Jakob Karlsson um leyfi til að breyta skrifstofu- og geymsluhúsi Eimskipafélags Íslands á Torfunefi samkvæmt meðfylgjandi uppdrætti, og voru breytingarnar í því fólgnar að setja útidyr á vesturhlið hússins, færa norðaustur gluggann um ca 50 cm til suðurs og að innrétta skrifstofu í geymsluherbergi, að setja þrísettan glugga í suðurhlið hússi•s austan inngangsins og innrétta undir suðurhlið stóra stofu til tollgæslu. Herbergin verði einangruð með reiðingstorfi og hituð upp frá miðstöð hússins.

Á fundi byggingarnefndar Akureyrar þann 29. júní 1933 var umbeðin breyting á húsinu leyfð og síðan samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akureyrar 1. ágúst 1933.

Með bréfi til bæjarstjórnar Akureyrar, dagsettu 12. apríl 1939, sækir Jakob Karlsson enn um leyfi til að breyta afgreiðsluhúsi sínu við Skipagötu

og þá að setja venjulegar dyr og tvo glugga, sömu gerðar og fyrir voru á suðurhlið hússins, til þess að geta innréttað þar tvö lítil herbergi. Einnig að færa geymsluhúsdyr á suðurhlið hússins á austurstafn þess.

Á fundi byggingarnefndar Akureyrar 13. apríl 1939 lagði hún til, að umbeðið leyfi væri veitt, og var það samþykkt á fundi bæjarstjórnar Akureyrar þann 18. apríl 1939.

Í húsinu var rekin skipaafgreiðsla til ársloka 1980, og til haustsins 1979 hafði tollgæslan á Akureyri bækistöðvar sínar í húsinu svo og er ennþá rekin þar lögfræðiskrifstofa, og samkvæmt framburði stefnda hér fyrir dómi þann 26. nóv. 1981 var húsið þá allt notað.

Jakob Karlsson andaðist árið 1957 og við skipti á dánarbúi hans 19. nóvember 1957:

„Kom Skipaafgreiðsla Jakobs Karlssonar við Kaupvangsstræti ásamt tilheyrandi lóð í hlut meðerfingja okkar Guðnýjar Jakobsdóttur, Ásvegi 29 hér í bæ, á kr. 77.034,58, sem er arfshluti hennar í búinu og getur hún þinglýst yfirlýsingu þessari sem eignarheimild sinni fyrir nefndri fasteign" eins og segir í skiptayfirlýsingu þessari, sem þinglýst var athugasemdalaust samdægurs.

Með bréfi, dagsettu 18. október 1978, tilkynnti bæjarstjórn Akureyrar, að samþykkt hefði verið á fundi hennar 26. september það ár, eftir tillögu hafnarstjórnar að segja upp lóðarsamningi við Skipaafgreiðslu Jakobs Karlssonar h.f. vegna lóðar austan Skipagötu, talinnar vera nr. 21 við Skipagötu. Uppsögnin var miðuð við 1. júní 1979, og skyldu mannvirki hafa verið fjarlægð af lóðinni fyrir þann tíma, nema um annað hefði verið samið.

Með bréfi, dagsettu 31. janúar 1979, mótmælti Friðrik Magnússon hrl. fyrir hönd hjónanna Guðnýjar Jakobsdóttur og Jónasar H. Traustasonar, eigenda hússins Skipagötu 21, uppsögn bæjarstjórnar Akureyrar og kröfunni um að fjarlægja mannvirki af lóðinni. Jafnframt var þess farið á leit við bæjaryfirvöld, að samkomulags yrði leitað um afhendingu hússins og lóðarréttinda og greiðslu bóta vegna skipulagsbreytinga á svæðinu, ef til kæmi.

Þann 9. júlí 1980 kom síðan fram skriflega tillaga bæjaryfirvalda til eiganda hússins þess efnis, að tilkvaddir yrðu tveir matsmenn til að meta umrædda húseign, og skyldi það mat lagt til grundvallar í sambandi við hugsanlegar bætur í dómsmáli og húsið síðan fjarlægt að mati loknu. Þessu höfnuðu eigendur hússins með bréfi, dagsettu 15. júlí 1980.

Guðný Jakobsdóttir, eiginkona stefnda Jónasar H. Traustasonar, andaðist þann 27. janúar 1981, og situr stefndi Jónas H. Traustason í óskiptu búi með börnum þeirra hjóna.

Málsástæður og lagarök stefnanda eru þau, að réttindi þau, sem Jakob

Karlsson (sic) á sínum hafi (sic) verið veitt til nýtingar á lóðinni, hafi í raun fallið niður við andlát hans árið 1957, sbr. orðalagið til lífstíðar í áðurgetinni samþykkt hafnarnefndar. Þessa túlkun hans styðji það, að er annar rétthafi slíkrar lóðar, Axel Kristjánsson kaupmaður, lést árið 1947 eða 1948, hafi Akureyrarbær mótmælt því, að lóðarrétturinn yrði framseldur erfingjum eða öðrum, enda teldist slíkt ekki bindandi fyrir bæjarsjóð og á þennan skilning hafi erfingjar Axels Kristjánssonar fallist. Í máli þessu sé um sams konar tilvik að ræða þó ekki hafi farið fram formleg uppsögn á lóðarréttindum fyrr en með samþykkt bæjarstjórnar á fundi þann 26. september 1978. Breyti það engu, þó að Guðnýju Jakobsdóttur hafi verið úthlutað húsinu nr. 21 við Skipagötu við einkaskipti á dánarbúi Jakobs heitins Karlssonar, þar sem henni hafi verið framseldur þessi réttur án samþykkis rétthafans, Akureyrarbæjar. Hafi þeirri yfirlýsingu verið þinglýst á sínum tíma án þess að vera borin undir Akureyrarbæ, en á þeim tíma hafi ekki verið skylt að sýna lóðarskrárritaranum á Akureyri afsöl eða aðrar eignarheimildir til áritunar eins og nú sé. Aldrei hafi heldur neinum lóðarsamningi verið þinglýst, enda þessi réttindi ekki veðsetjanleg fyrir aðra en stefnanda. Uppsögn réttindanna og krafa um að fjarlægja húsið á sínum tíma hafi byggst á því, að í vinnslu hafi þá verið miðbæjarskipulag fyrir Akureyri og þegar hafi verið ljóst, að þetta hús og önnur yrðu að hverfa. Að húsið nr. 21 við Skipagötu hafi fengið að standa svo lengi, hafi fyrst og fremst stafað af því, að brýna nauðsyn hafi ekki borið til, að það færi fyrr en nú. Sé það skilningur og meining stefnanda, að einungis hafi verið um bráðabirgðaréttindi fyrir húsið að ræða, þ.e.a.s. lífstíð þess, er réttinn fékk upphaflega, og samkvæmt því, sem um slík réttindi gildi, beri að fjarlægja mannvirki með hæfilegum fyrirvara, þegar krafist er. Með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda nr. 255 frá 13. maí 1981 sé deiliskipulag miðbæjarins á Akureyri staðfest og síðan birt 29. maí s.á. og samkvæmt skipulaginu eigi að koma opið eða grænt svæði, þar sem húsið stendur nú. Þá heldur stefnandi því fram, að það, að ekki hafi verið gerður neinn lóðarleigusamningur á þann formlega hátt sem ella sé gert, er lóðir séu leigðar til bygginga, styðji þann skilning sinn, að um bráðabirgðaréttindi hafi verið að ræða enda sé hér um að ræða upplagslóð, sem þýði nánast geymslulóð, enda hafi sumar aðrar lóðir, sem þarna voru leigðar öðrum, aldrei verið notaðar til annars og ekki byggð á þeim hús, heldur hafi þær e.t.v. verið girtar bárujárni eða timburgirðingum. Upplagslóðir þessar á Torfunefi hafi þeir, sem rétt til þeirra fengu, heldur ekki getað veðsett, aftur hafi Akureyrarbær vegna hafnarsjóðs Akureyrar a.m.k. þrívegis veðsett þessar lóðir til tryggingar lánum.

Stefndi styður sýknukröfu sína þeim rökum, að við andlát Jakobs Karlssonar árið 1957 hafi stefnandi ekki hreyft neinum athugasemdum eða haft

afskipti af lóðarafnotum eða leigukjörum og hafi þinglýsing skiptagerðarinnar 19. nóvember 1957 verið nægjanleg tilkynning til stefnanda um aðiljaskipti eignarréttindanna. Hafi rekstur skipaafgreiðslunnar haldið óslitið áfram í húsinu. Hafi stefnandi samþykkt í verki leigunot stefnda af lóðinni eftir skiptin, krafið um umsamda leigu af lóðinni og fasteignagjöld af eigninni, svo sem leigukjör og lög ákveða. Hafi bæjarstjórn þannig endurnýjað „lóðarleigusamninginn". Sé því mótmælt, að réttindi til nýtingar lóðarinnar hafi í raun fallið niður við andlát Jakobs Karlssonar og erfingjar hafi með úthlutun skipaafgreiðslunnar til Guðnýjar dóttur hans framselt þennan rétt án samþykkis rétts aðilja. Skipaafgreiðslan hafi við arftökuna orðið sameign erfingjanna, sem þeir áttu rétt á að ráðstafa sín á milli við búskiptin. Afhending til eins þeirra við skiptin hafi ekki verið framsal lóðarréttinda til þriðja aðilja í bága við leigukjörin. Þinglýsing erfingjanna um úthlutun eignarinnar sem arfshluta Guðnýjar Jakobsdóttur við skiptin hafi ekki verið ráðstöfun á lóðarréttindunum úr umráðum þeirra sem þeim barst sjálfkrafa í hendur við arftökuna.

Stefndi mótmælir því, að viðskipti stefnanda við erfingja Axels Kristjánssonar um leigulóð hans austan Skipagötu sýni á nokkurn hátt viðhorf stefnanda til lóðarafnota stefnda eða sé á nokkurn hátt bindandi fordæmi um þau. Hafi stefndu haft afnot leigulóðarinnar í meira en 20 ár, eftir að umráð þeirra hófust á lóðinni. Hafi stefndu á allan hátt staðið við skyldur sínar gagnvart lóðareiganda og hafi stefndu unnið rétt til leigulóðarinnar í samræmi við hin upphaflegu leigukjör með afnotum sínum þann tíma. Er stefnandi sagði upp lóðarsamningnum miðað við 1. júní 1979 og að mannvirki skyldu hafa verið fjarlægð af lóðinni fyrir þann tíma, nema um annað hefði verið samið, hefði því verið mótmælt og stefndu talið, að uppsögnin hefði ekki gildi gagnvart þeim, þar sem leigukjörin væru óbreytt frá því, sem upphaflega var ákveðið með samþykkt hafnarnefndar, þegar lóðin var leigð. Hafi verið bent á, að yrði lóðin tekin til almenningsnota samkvæmt staðfestum skipulagsuppdrætti, yrði það ekki gert án greiðslu bóta fyrir hús og lóðarréttindi eftir samkomulagi eða að undangengnu eignarnámi. Hér væri um lögvarin réttindi skv. 67. gr. stjórnarskrárinnar að ræða, sem eigendur yrðu ekki sviptir, nema fullar bætur kæmu fyrir. Er stefnandi sagði upp lóðarsamningnum og krafðist brottflutnings mannvirkja af lóðinni, hafi ekki nein breyting verið orðin á skipulagi bæjar og hafnar á lóðarsvæðinu. Ekki hafi heldur orðið breyting á högum húseiganda og afnotahafa lóðarinnar miðað við hin upphaflegu leigukjör til lífstíðar. Hafi uppsögnin ekki verið gild og ekki skilyrði til þess samkv. skipulagsreglum að krefjast þess, að eigendur fjarlægðu mannvirki sín af lóðinni, án þess að bætur kæmu fyrir. Telja verði, að húsið og afnotaréttur af lóðinni falli undir hugtakið eign í merkingu 67. gr. stjórnarskrárinnar

og njóti verndar samkvæmt því. Verði stefndu fyrir miklu tjóni, verði þeir að rífa húsið og láta lóðarréttindin af hendi, en húseignin sé brunatryggð samkvæmt virðingargjörð, nú á kr. 1.137.000,00 og fasteignamat lóðar sé kr. 178.000,00 og hússins kr. 279.000,00, eða alls kr. 457.000,00. Verði ekki bornar á það brigður, að stefnandi geti, eftir að deiliskipulag bæjarins hefur verið staðfest, krafist þess, að húsið og lóðarréttindin, þ.e.a.s. eignin Skipagata 21, verði látin af hendi, svo að skipulagsbreytingin á þessu svæði geti komið til framkvæmda. Hins vegar sé það því aðeins skylt að láta þessi réttindi af hendi og hlíta því, að húsið verði að víkja, að fullt verð komi fyrir eignina eftir mati dómkvaddra manna eða að undangengnu eignarnámi, sbr. 29. gr. skipulagslaga nr. 14, 1964. Í samræmi við það ákvæði skipulagslaga hafi stefndu gert kröfu á hendur stefnanda um bætur.

Stefndi kveðst hafa boðið fram greiðslu lóðarleigunnar fyrir árið 1980 og 1981, en bæjarstjórn hafi synjað móttöku greiðslunnar. Samkvæmt þessu telur stefndi, að leiguréttur hans til lóðarinnar, sem hús hans stendur á, sé í fullu gildi og beri því að sýkna hann af kröfum stefnanda í máli þessu. Krafa stefnanda um afhendingu eignar og réttinda hlíti reglu skipulagslaga um eignarnám og skaðabætur, verði stefndi að láta eignina af hendi.

Niðurstaða dómsins.

Það er álit dómsins, að leggja verði til grundvallar samþykkt hafnarnefndar Akureyrar frá 7. janúar 1928 um upphafleg leigukjör Jakobs heitins Karlssonar á lóðinni nr. 21 við Skipagötu að því leyti, að hún hafi verið leigð honum til lífstíðar, og leiguréttindin ekki verið framseljanleg og hafi því leigutíminn runnið út við andlát hans árið 1957 og stefnanda þá verið heimilt að segja upp lóðarafnotum eftir þann tíma með hæfilegum fyrirvara. Þó svo að stefndi hafi greitt lóðarleigu athugasemdalaust frá árinu 1958 til og með ársins 1979, liggur ekki fyrir ótvíræð yfirlýsing stefnanda um, að stefnda hafi verið veitt lóðarréttindi með upphaflegum skilmálum eftir andlát Jakobs Karlssonar.

Við einkaskipti á dánarbúi Jakobs Karlssonar, er húsið og lóðin féllu í hlut Guðnýjar heitinnar dóttur hans og þeirri skiptayfirlýsingu var þinglýst athugasemdalaust, þá fól það ekki (sic) meiri rétt henni til handa til lóðarinnar en fyrir hendi voru. Er Jakob heitinn Karlsson fékk leyfi til að byggja á lóðinni árið 1929 er það „bráðabirgðabyrgi", sem hann fær að byggja, þó svo hann sæki um leyfi til þess að byggja einlyft hús á lóðinni. Síðari breytingar á húsinu árið 1933 og 1939, sem leyfi voru veitt fyrir athugasemdalaust, miðuðust við útlits- og innanhússbreytingar. Byggingarleyfi á lóðinni veitir í sjálfu sér engan aukinn rétt til lóðarinnar. Eins og

notum stefnda af lóðinni hefur verið háttað, eru skilyrði hefðar ekki fyrir hendi, sbr. 2. gr. laga nr. 46, 1905.

Samkvæmt framansögðu og þar sem stefndi hefur að öðru leyti ekki sannað aukin réttindi til lóðarinnar frá upphaflegum skilmálum, þykir verða að taka kröfu stefnanda til greina um, að stefndi, Jónas H. Traustason v/dánarbús Guðnýjar Jakobsdóttur, fjarlægi húseignina nr. 21 við Skipagötu á Akureyri af landi því, er hún stendur á. Eftir atvikum þykir rétt að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kvað upp Ásgeir Pétur Ásgeirsson.

Dómsorð:

Stefndi, Jónas H. Traustason, Ásvegi 29, Akureyri, v/dánarbús Guðnýjar Jakobsdóttur, skal fjarlægja húseignina nr. 21 við Skipagötu á Akureyri af landi því, er hún stendur á, innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaður fellur niður.

Miðvikudaginn 24. apríl 1985.

Nr. 98/1983. **Verk h/f**
(Guðmundur Pétursson hrl.)
gegn
Þorgils Axelssyni
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

Höfundaréttur. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi skaut héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 4. maí 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. apríl s.á. samkvæmt 16. gr. og 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Fallast ber á niðurstöðu héraðsdóms með þeim röksemdum, sem þar greinir um höfundarétt stefnda að þeim teikningum, sem málið snýst um. Þessar teikningar hagnýtti áfrýjandi sér með atbeina Sigurðar Sigurðssonar, sem áður hafði unnið að teikningunum í teiknistofu stefnda. Samkvæmt 3. gr. höfundalaga nr. 73/1972 var þetta óheimilt. Ber því að dæma stefnda skaðabætur úr hendi áfrýjanda eftir 1. mgr. 56. gr. höfundalaga. ekki er ágreiningur um fjárhæðir sérstaklega, þar á meðal vexti.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Dæma ber áfrýjanda til þess að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, og þykir hann hæfilega ákveðinn 14.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Verk h/f, greiði stefnda, Þorgils Axelssyni 14.000,00 krónur í málskotnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. október 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. október sl., höfðaði Þorgils Axelsson byggingatæknifræðingur, nnr. 9580-3903, Brekkubyggð 20, Garðabæ, áður til heimilis að Miðbaut 4, Seltjarnarnesi gegn Kjartani Blöndal, nnr. 5598-6207, Sólbraut 1, Seltjarnarnesi, og Verki h.f., Laugavegi 120 Reykjavík, með stefnu, birtri 25. apríl 1980.

Í þinghaldi 5. október sl. féll stefnandi frá kröfum sínum á hendur Kjartani Blöndal.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum skaðabætur og/eða vangreidda þóknun og útlagðan kostnað að fjárhæð kr. 21.601,38 með 31% ársvöxtum af kr. 20.245,34 frá 1. apríl 1980 til 1. maí s.á., en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í., aukatekjulögum og reikningum um útlagðan kostnað.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af kröfum stefnanda og honum tildæmdur hæfilegur málskostnaður að mati dómsins.

Sættir voru reyndar, en tókust ekki.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Krafa stefnanda er á því byggð, að stefndi hafi heimildarlaust notfært sér teikningar að einingahúsum úr steinsteypu, sem teiknaðar hafi verið á Teiknistofunni Kvarða, sem var einkafyrirtæki stefnanda, með því að selja þær viðskiptavinum sínum lítt breyttar.

Á árinu 1975 hafi a.m.k. 6 hús verið byggð eftir þessum teikningum og þá hafi fullt endurgjald fyrir hverja teikningu verið gkr. 362.225.

Stefnandi gerir kröfu til þess að fá greiddan helming þessa gjalds, gkr. 181.113 × 6, eða samtals gkr. 1.086.678 ásamt vöxtum og kostnaði, en útreikningum hans þar að lútandi verður lýst síðar.

Aðdragandi þessa máls er sá, að á árunum 1968-1969 hófu forráðamenn stefnda undirbúning að verksmiðjuframleiðslu staðlaðra steinsteyptra eininga til notkunar í útveggi einlyftra bygginga. Á árinu 1973 var reist eitt hús úr einingum þessum, sem notað var til að sýna þessa framleiðslu, og fjöldaframleiðsla veggeininga þessara mun hafa hafist á því ári.

Forráðamenn stefnda segja að það hafi verið hugmynd sín frá upphafi, að hverjum, sem það vildi, væri frjálst að teikna hús, sem byggja mætti með þessum hætti, og skyldu þeir fá aðgang að öllum tæknilegum lausnum og upplýsingum, sem stefndi hefði yfir að ráða.

Stefnandi, sem var einkaeigandi Teiknistofunnar Kvarða á þessum tíma, eins og fyrr greinir, var einn þeirra, sem þetta gerði. Kveður stefnandi þetta hafa atvikast þannig, að framkvæmdastjóri stefnda hafi komið til sín og spurt sig að því, hvort hann gæti tekið að sér hönnun húsa úr einingum fyrir væntanlega viðskiptamenn stefnda. Framkvæmdastjóri stefnda, Kjartan Blöndal, segir að vísu, að stefnandi hafi komið til sín og lýst áhuga sínum á því að teikna hús, sem byggja mætti úr veggeiningum stefnda. Þetta misræmi má einu gilda, því að sammæli aðilja er, að stefnandi hafi aldrei beðið um né öðlast einkarétt á því að teikna hús fyrir viðskiptavini stefnda.

Nokkurt misræmi er og í frásögnum stefnanda og forráðamanna stefnda af því, hve mikið stefnandi vann að lausnum á tæknilegum vandamálum, sem samfara voru þessari byggingaraðferð, en það þykir ekki skipta máli um deilu aðilja, og verður því ekki lýst.

Mál þróuðust þannig, að stefnandi hóf að teikna einingahús og kveðst hafa verið búinn á árinu 1973 að teikna 5-7 gerðir (typur) af húsum og hafi teikningarnar verið tiltækar viðskiptavinum stefnda. Á þessu ári hafi 59 einbýlishús verið teiknuð upp úr þessum gerðum og á árunum 1973-1974 hafi ein gerð húsanna verið teiknuð 70 sinnum. Um hafi verið að ræða allar teikningar, sem húsbyggjanda hafi verið nauðsynlegar, að raflagnateikningum undanskildum. Verð hverrar teikningar hafi numið helmingi af þeim taxta, sem þá hafi verið í gildi, án tillits til þess, hve oft sama húsið

var teiknað. Stefnandi kveðst á árinu 1974 hafa teiknað fleiri húsagerðir og hafi þá fjöldi þeirra verið orðinn 15-20. Þessar teikningar hafi allar legið frammi hjá stefnda.

Þeir viðskiptavinir stefnda, sem höfðu hug á að byggja hús eftir teikningum stefnanda, snéru sér beint til hans, bæði varðandi breytingar á teikningum og eins greiðslur fyrir þær. Engin bein fjárviðskipti fóru því fram milli stefnanda og stefnda.

Framkvæmdastjóri stefnda á þessum tíma sagði, að vel gæti verið, að stefnandi hefði teiknað 15-20 gerðir af húsum og þær teikningar hafi legið frammi hjá stefnda, en kvaðst þó ekki vita þetta með vissu. Að öðru leyti staðfesti framkvæmdastjórinn, að viðskiptin hefðu farið fram, eins og að framan er lýst.

Framkvæmdastjórinn sagði, að mun fleiri hefðu snúið sér til Teiknistofunnar Kvarða en annarra þeirra, sem teiknuðu einingahús. Framan af hefði samstarf þetta gengið vel, en á síðari hluta árs 1974 hafi heyrst óánægjuraddir frá viðskiptavinum um, að seinagangur væri á afgreiðslu teikninga frá Teiknistofunni Kvarða. Hann hefði rætt þetta við stefnanda og hafi þá verið ákveðið að stefnandi réði sér tæknifræðing, sem hann hefði auglýst eftir, en ekkert hefði út úr því komið.

Framkvæmdastjórinn kvað niðurstöðu forráðamanna stefnda hafa verið þá, að stefndi setti sjálfur á fót teiknistofu, og hafi það verið gert haustið 1974. Á teiknistofunni hafi starfað Sveinn G. Sveinsson verkfræðingur og Sigurður Sigurðsson teiknari, sem áður hafði starfað hjá Teiknistofunni Kvarða.

Stefnandi sagði, að síðla árs 1974 hefði nær tekið fyrir öll viðskipti við teiknistofu sína um teikningar af einingahúsum og þær teikningar, sem í vinnslu hefðu verið, hefuðu ekki verið sóttar. Ýmsir viðskiptavinir hefðu sagt sér, að þeim hefði verið tjáð af forráðamönnum stefnda, að þeir væru sjálfir komnir með teiknistofu og verkfræðing og myndu annast allar teikningar fyrir viðskiptavini sína. Stefnandi kvað þó eitthvað hafa verið haldið áfram að teikna einingahús á teiknistofunni fram á vorið 1975, en þá hafi tekið fyrir það. Þetta hafi haft þær afleiðingar fyrir teiknistofuna, sem sérhæft hefði sig í þessum teikningum og varla sinnt öðrum verkefnum, að hana hafi orðið nánast að leggja niður.

Stefnandi kvað forráðamenn stefnda ætíð hafa vísað á bug staðhæfingum sínum um, að þeir notuðu teikningar sínar til þess að stæla og teikna eftir.

Framkvæmdastjóri stefnda kvað stefnda hafa hætt rekstri um áramótin 1975-1976 og selt Húsasmiðjunni verksmiðjuhús og land í einu lagi og teiknistofuna þar með.

Með bréfi, rituðu 6. september 1977, til yfirborgarfógetans í Reykjavík

krafðist stefnandi innsetningar hjá Húsasmiðjunni h.f. í teikningar, m.a. þær sem um er deilt í þessu máli. Þeirri beiðni var synjað með úrskurði, uppkveðnum 16. nóvember 1977.

Með bréfi, rituðu 9. maí 1978, til yfirborgardómara í Reykjavík beiddist stefnandi dómkvaðningar tveggja matsmanna, og segir svo um matsbeiðni og dómkvaðningu í matsgerð þeirra Ólafs Sigurðssonar arkitekts og Braga Þorsteinssonar verkfræðings, dags. 6. mars 1979, en þeir voru dómkvaddir til að framkvæma matið:

„Þriðjudaginn 20. júní 1978, dómkvaddi Guðmundur Jónsson, borgardómari, okkur undirritaða, Ólaf Sigurðsson, arkitekt, og Braga Þorsteinsson, verkfræðing, til þess að „framkvæma sérfræðilega könnun á því hvort hús þau sem í matsbeiðninni greinir séu sjálfstæðar hannanir eða stælingar og hvort notkun ákveðinna tiltekinna byggingarstaðla séu því til fyrirstöðu að hannanir matsbeiðanda séu sjálfstæðar hannanir gagnvart meintum stælingum, sem á er minnst", eins og segir í matsbeiðninni.

Til grundvallar matsgerðar þessarar hefur Jón E. Ragnarsson, hrl., fyrir hönd matsbeiðanda lagt m.a. fram teikningar af eftirtöldum húsum:

1. N-gata 12, Þorlákshöfn/Jaðarsbraut Búðardal.
2. Hús Einars Helgasonar, Stokkseyri/Mýrar 19, Patreksfirði.
3. Grenigrund 16, Akranesi/Laufskálar 15, Hellu.
4. Barmahlíð 11, Sauðárkróki/Miðengi 9, Selfossi.
5. Hús Jóns Magnússonar, Drangsnesi/Gilsbakki 2, Neskaupstað.
6. Leiguíbúðir A og B, Kópaskeri/Laufskálar 13, Hellu.

Því er haldið fram af matsbeiðanda að teikningar þær sem gerðar eru af Verk h.f., nefndar á eftir í upptalningu, séu stælingar á teikningum Kvarða, nefndar á undan í upptalningu."

Niðurstöðum sínum lýsa matsmennirnir svo:

„Athuganir á umræddum teikningum leiddi eftirfarandi í ljós, tölusetning eins og hér að framan:

1. Stærðir nákvæmlega þær sömu.
   Lausn grunnmynda svo til eins.
   Gluggastærðir og gerðir svo og þök frábrugðin.
2. Stærðir þær sömu.
   Lausn grunnmynda eins.
   Gluggastærðir og gerðir svo og þök frábrugðin.
3. Stærðir svo til þær sömu.
   Lausn grunnmynda lík.
   Útlit nokkuð frábrugðið.
4. Stærðir svo til þær sömu.
   Lausn grunnmynda svo til eins.
   Útlit nokkuð frábrugðið.

5. Stærðir eru þær sömu.
   Lausn grunnmynda eins.
   Útlit nokkuð frábrugðið.
6. Stærðir nákvæmlega þær sömu.
   Lausn grunnmynda eins.
   Útlit nokkuð frábrugðið.

Almennt má segja að lausn grunnmynda á húsum 1-5 séu mjög venjulegar. Lausn grunnmynda á húsum 6 er óvenjulegri að gerð en þar virðist Kvarði aftur á móti hafa haft til fyrirmyndar teikningar af einingahúsi, sem Manfreð Vilhjálmsson, arkitekt, gerði fyrir Verk h.f., dags. 15.04.70, eða um 4 árum áður en teikningar Kvarða eru gerðar, annaðhvort er teikning Kvarða notuð sem fyrirmynd að teikningu Verks h.f., eða þá að teikning Manfreðs Vilhjálmssonar er notuð sem fyrirmynd bæði að teikningum Kvarða og Verks h.f.

Matsmenn treysta sér ekki til að meta hvort sömu eða lík vinnubrögð hafi verið notuð við hús 1-5.

Þrátt fyrir framansagt telja matsmenn að bersýnilegt sé að teikningar Kvarða eru fyrirmyndir að teikningum Verks h.f., af umræddum húsum.

Þegar matsbeiðandi talar um ákveðna tiltekna byggingarstaðla, virðist okkur að átt sé við staðlaða byggingarhluta og mátkerfi. Notkun á því teljum við á engan hátt geta verið til fyrirstöðu sjálfstæði hönnunar."

Af hálfu stefnanda var lögð fram svofelld yfirlýsing frá Sigurði Sigurssyni teiknara, en hans er að framan getið:

„Í tilefni af málarekstri Kvarða á hendur Verki h.f., þar sem hann fullyrðir að Verk h.f. hafi stolið hugverkum og höfundarrétti vil ég upplýsa að mitt hlutverk hjá Kvarða var einmitt að leysa byggingarnefndarteikningar frá grunni. Þessar teikningar vann ég sjálfstætt í samráði við byggjendur og án afskipta eða leiðsagnar Þorgils Axelssonar. Tel ég mig ótvírætt vera höfund þessara teikninga, og höfundarrétt að þeim fráleitt geta verið eign Þorgils Axelssonar, þótt Kvarði hafi afnotarétt ásamt mér að þessum teikningum.

Ég tel engan mun á því, hvort ég starfa hjá Kvarða eða Verk h.f. og löggildingaraðili heiti Þorgils Axelsson eða Sveinn G. Sveinsson. Þó að ég hafi ekki rétt á að löggilda teikningar (lauk ekki námi), þá tel ég víst, að ég hefði ekki undirritað teikningar hjá Kvarða, þar sem Þorgils Axelsson var eigandi Kvarða og rak hana á eigin ábyrgð.

Í höfundarlögum er sagt, að höfundur sé sá sem áriti eigin hendi á teikningar, *uns annað reynist*. Aðrir starfsmenn Kvarða á því tímabili geta borið vitni um að ég vann sjálfstætt að byggingarnefndarteikningum án afskipta Þorgils Axelssonar.

Starf mitt hjá Verk hf. var beint framhald af starfi mínu hjá Kvarða, og fæ

ég ekki séð, hvernig ég geti stolið hugverkum, sem ég átti sjálfur hugmynd að."

Þessa yfirlýsingu sagði Sigurður fyrir dóminum vera rétta. Sigurður kvaðst hafa verið í full þrjú ár í Tækniskóla Íslands, en ekki lokið þaðan prófi. Á þessum tíma tók nám í Tækniskólanum yfirleitt 5 ár. Fram kom hjá Sigurði, að hann hefði unnið í byggingavinnu, áður en hann hóf störf hjá Kvarða, sem mun hafa verið á árinu 1971. Fyrstu störf sín hjá Kvarða kvað Sigurður hafa verið að stækka upp grunnmyndir, en vinnan hafi smám saman þróast upp í það, að hann hafi teiknað byggingarnefndarteikningar af húsum.

Sigurður sagði, að hann minntist þess ekki að hafa nokkru sinni fengið ákveðin fyrirmæli frá stefnanda, á meðan hann vann hjá honum, um það, hvernig ákveðnir hlutir skyldu leystir. Þeir hafi skipst á skoðunum um ýmsa hluti og stefnandi hafi gert vinnuteikningar í samræmi við byggingarnefndarteikningarnar og þá hafi þeir þurft að ræða ýmis atriði og þeir hafi haft eitthvert samráð, sem Sigurður vildi sem minnst gera úr.

Stefnandi hafi áritað byggingarnefndarteikningar, sem Sigurður kveðst hafa teiknað, og engar breytingar á þeim gert. Þeir stefnandi hafi aldrei rætt höfundarétt.

Sigurður kvaðst hafa byrjað störf á teiknistofu stefnda í október 1974. Þar hafi hann notað teikningar, sem hann hafi gert hjá Kvarða, á þeim forsendum, að hann ætti að þeim höfundarétt, eins og fram kemur í framangreindri yfirlýsingu hans. Sigurður skoðaði þær teikningar, sem matsmenn fjölluðu um í matsgerð sinni, en þær voru lagðar fram á 6 dómskjölum, sem eru tvö blöð hvert, þ.e. á fyrra blaðinu eru teikningar gerðar á Teiknistofunni Kvarða, en á síðara blaðinu teikningar gerðar á teiknistofu Verks h.f. Síðari teikningarnar telur stefnandi vera eftirmynd hinna fyrri. Sigurður staðfesti fyrir dóminum, að hann hefði notað teikningar Kvarða á fyrra blaðinu til fyrirmynda teikninga á síðara blaðinu og þau frávik, sem um sé að ræða, séu ekki tilkomin vegna óska frá kaupendum, heldur vegna tæknilegra breytinga, sem orðið hafi á framleiðslu stefnda, svo sem á burðarvirkjum. Sigurður kvað hafa verið byggð um 20-30 hús samkvæmt teikningum, sem hann hafi gert hjá Kvarða, sem breytt hafi verið með þessum hætti.

Í málinu var lögð fram af hálfu stefnanda svofelld yfirlýsing frá manni að nafni Einar Matthíasson:

„Undirritaður sem starfaði sem tækniteiknari á teiknistofunni Kvarða (eigandi Þorgils Axelsson byggingafræðingur) á tímabilinu apríl-sept. 1972 og febrúar-júlí 1973, lýsi hér með yfir að Sigurður Sigurðsson, Byggðarholti 2, Mosf., sem einnig starfaði á Kvarða á sama tíma, vann einn og án afskipta eiganda Kvarða en í samráði við hina ýmsu húsbyggjendur við að leysa fjölda byggingarnefndarteikninga að öllu leyti frá frumhugmyndum til fullnaðar-

teikninga eða þar til eigandi Kvarða undirritaði þær þar eð hann var sá eini á teiknistofunni sem hafði löggildinu."

Fyrir dóminum sagði Einar, að hann væri kunningi Sigurðar Sigurðssonar og hefði Sigurður beðið sig um að gefa yfirlýsingu þessa. Einar kvað stefnanda oft hafa þurft að vera mikið frá og afskipti hans af starfi Sigurður hafi verið mjög lítil, en taldi sig þó ekki geta fullyrt, að Sigurður hefði unnið algerlega án afskipta stefnanda, eins og í vottorðinu stæði, en ítrekaði, að Sigurður hefði unnið mjög sjálfstætt.

Framburði Einars fyrir dóminum var mótmælt af hálfu stefnanda sem röngum og óstaðfestum, og var þess þá óskað af hálfu stefnda, að Einar staðfesti framburð sinn fyrir dóminum með drengskaparheiti eða eiði, sem hann var reiðubúinn til að gera. Í framhaldi af því kvað dómarinn upp úrskurð þar sem hann synjaði vitninu um heimild til að staðfesta framburð sinn með þessum hætti. Úrskurðurinn var kveðinn upp 31. mars s.l. Af hálfu stefnda var úrskurðurinn kærður til Hæstaréttar, og var honum þar hnekkt með dómi, uppkveðnum 4. júní s.l.

Við munnlegan flutning málsins lýsti lögmaður stefnanda því yfir,að hann tæki framburð vitnisins Einars gildan sem staðfestur væri, þannig að staðfesting fór ekki fram.

Þá lagði stefnandi fram óundirritaða yfirlýsingu Önnu Pálu Pálsdóttur, dags. 6. janúar 1978 á Akureyri:

„Undirrituð starfaði hjá Kvarða 1973-1974 sem tækniteiknari til undirbúnings náms í innanhússarkitektúr. Ég vann öll venjuleg störf sem teiknari í samvinnu við Sigurð Sigurðsson og Þorgils Axelsson. Á þessu tímabili gerði Sigurður Sigurðsson allar nýjar byggingarnefndarteikningar að einingarhúsum sjálfstætt og án íhlutunar Þorgils Axelssonar."

Stefnandi mótmælti þessari yfirlýsingu sem vísvitandi rangri og vilhallri og kvaðst benda á, að hún væri óstaðfest.

Stefnandi kvað Sigurð Sigurðsson hafa verð ráðinn á Teiknistofuna Kvarða algerlega kunnáttulausan og hafi hann unnið kauplaust fyrstu tvo mánuðina. Að því búnu hafi hann verið ráðinn sem teiknari og fengið laun greidd samkvæmt því. Smám saman hafi vinna hans þróast upp í það, að hann hafi getað teiknað útlitsteikningar af húsum, sem áður hafi verið teiknuð, þ.e.a.s. að hann hafi breytt teikningum lítillega. Sigurður hefði ekkert starfað að sjálfstæðum verkefnum, en alfarið starfað undir sinni stjórn. Allar teikningar, sem hann hafi gert, hafi verið gerðar að sínum fyrirmælum.

Af hálfu stefnanda var því haldið fram, að hann væri höfundur þeirra teikninga, sem teiknaðar voru á Teiknistofunni Kvarða, einkafyrirtækis hans, en þær séu áritaðar af honum. Engu máli skipti, þótt Sigurður Sigurðsson teiknari hafi unnið að gerð þeirra. Það skapi honum ekki höfundarétt, en

hann hafi og enga löggildingu til þess að hanna mannvirki. Tækniteiknarar öðlist ekki höfundarétt að teikningum, sem þeir teikni, heldur sá, sem þeir vinni hjá.

Fram komi í matsgerð dómkvaddra matsmanna, að teikningar þær, sem um sé deilt, séu stælingar af teikningum stefnanda. Því hafi verið stældar teikningar, sem stefnandi sé höfundur að, og eigi hann því rétt á að fá greidda þóknun fyrir notkun þeirra, sem miðast eigi við þann taxta, sem í gildi hafi verið, þegar notkunin fór fram, en á honum séu stefnukröfurnar byggðar. Ekki skipti máli, hvaða gjald stefnandi hafi tekið af viðskiptavinum sínum fyrir teikningarnar. Af því sé stefnandi ekki bundinn.

Af hálfu stefnanda var krafa hans um greiðslu vaxta og kostnaðar eigi reifuð í málflutningi. Um hana segir svo í stefnu, eftir að lýst hefur verið kröfu stefnanda um greiðslu frá stefnda fyrir notkun teikninganna:

„Matskostnaður var kr. 196.000,00 til matsmanna og til lögmanns kr. 74.000,00 í júní 1979. Er hér um að ræða mjög vægt áætlaðan taxtaútreikning. Grunntalan er kr. 1.086.678,00, 13% vextir frá 1.1.1976 til 20.11.1977 eru kr. 125.400,00, 16% vextir frá 21.11.1977 til 20.2.1978 eru kr. 43.348,00 og 19% vextir frá 21.2.1978 til 31.12.1978 eru kr. 177.055,00. Vextir áfallnir eru höfuðstólsfærðir 1.1.1979, en þá er höfuðstóllinn kr. 1.432.481,00. 19% ársvextir af kr. 1.432.481,00 frá 1.1.1979 til 31.5.1979 eru kr. 113.343,00. 22% vextir frá 1.6.1979 til 31.8.1979 eru kr. 79.434,00, 27% vextir frá 1.9.1979 til 31.12.1979 eru kr. 129.276,00. Þessir áföllnu vextir eru að nýju höfuðstólsfærðir og er þá kominn nýr höfuðstóll pr. 1.1.1980 kr. 1.754.534,00. 31% vextir frá 1.1.1980 til 1.4.1980 eru 135.604,00. Þetta er samanlagt kr. 1.890.138,00 og þannig fundin stefnukrafan."

Af hálfu stefnda var því haldið fram við munnlegan flutning málsins, að máli þessu bæri að vísa frá ex officio á grundvelli ákvæða 46. gr. laga nr. 85/1936, þar sem líta bæri svo á, að Verk h.f., Sigurður Sigurðsson teiknari, og Sveinn G. Sveinsson verkfræðingur, sem áritaði þær teikningar, sem Sigurður teiknaði á teiknistofu Verks hf., beri saman óskipta skyldu gagnvart stefnanda, ef einhver sé, en aðeins einum þessar aðilja hafi verið stefnt.

Þá var sú krafa gerð af hálfu stefnda við munnlegan flutning málsins að málinu yrði vísað frá dómi samkvæmt 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936, eins og henni var breytt með lögum nr. 28/1981. Studdi hann þessa kröfu sína sömu rökum og þá skoðun, að vísa ætti málinu frá ex officio.

Þessum kröfum mótmælti stefnandi sem of seint fram komnum.

Þá var við munnlegan flutning málsins færð fram sú málsástæða að stefnda bæri að sýkna á grundvelli aðildarskorts skv. 45. gr. laga nr. 85/1936, þar sem stefndi Verk h.f., væri einungis persóna að lögum og hefði engan stuld getað framið og ætti því stefnandi engar kröfur á hendur fyrirtækinu. Hafi einhver stuldur verið framinn, þá hljóti það að hafa verið

Sigurður Sigurðsson teiknari eða Sveinn G. Sveinsson verkfræðingur, sem hann framdi og væri því stefnanda rétt að beina kröfum sínum gegn þeim. Þessari málsástæðu mótmælti stefnandi sem of seint fram kominni.

Aðalmálsástæðu sína fyrir sýknukröfu kvað stefndi þó vera þá, að Sigurður Sigurðsson ætti höfundarétt að þeim teikningum, sem hann gerði á Teiknistofunni Kvarða, enda hafi stefnanda ekki tekist að sanna höfundarétt sinn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Sigurði hafi því verið heimilt að nýta teikningarnar eins og honum sjálfum sýndist. Þess beri að gæta, að hægt sé að eiga höfundarétt að teikningum, enda þótt menn hafi ekki löggildingu sem hönnuður. Sannað sé með framburði vitna, að Sigurður hafi starfað sjálfstætt að teikningunum, enda séu þær allar merktar með fangamarki hans og það eina, sem stefnandi hafi gert, hafi verið að leggja blessun sína yfir þær með áritun sinni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga nr. 73/1972 hafi áritun stefnanda enga þýðingu, því að leitt hafi verið í ljós, að Sigurður Sigurðsson sé höfundur teikninganna. Þá njóti aðeins teikningar af útliti húsa verndar höfundalaga, ekki skipulag þeirra að innan og teikningum sé heimilt að breyta samkvæmt ákv. 13. gr. laga nr. 72/1973.

Vaxtakröfu stefnanda sé alfarið mótmælt sem rangri. Því sé ekki mótmælt út af fyrir sig, að kröfur stefnanda séu ekki í samræmi við þá gjaldskrá, sem í gildi var á árinu 1975 um teikningar eins og þær, sem um er deilt í málinu. Það þýði þó ekki, verði litið svo á, að stefnandi eigi rétt á greiðslum frá stefnda, að miða eigi við hana. Réttara sé að miða við það gjald, sem stefndi hafi tekið af viðskiptavinum sínum á þessum tíma, sem hafi verði mun lægra, eða á bilinu frá gkr. 70.000 til gkr. 95.000.

Forsendur og niðurstaða.

Kröfur stefnda um frávísun þessa máls, sem hann gerði fyrst við munnlegan flutning þess, eru of seint fram komnar skv. 113. gr., sbr. 106. gr. laga nr. 85/1936. Vegna þeirra þykir þó rétt að taka fram, að samkvæmt 1. og 2. mgr. 108. gr. laga nr. 85/1936 hafði dómari tekið afstöðu til þess, hvort þeir gallar væru á málatilbúnaði stefnanda, að frávísun varðaði ex officio, og eins það að 1. mgr. 47. gr. laga nr. 85/1936 nær til svokallaðrar samlagsaðildar, sem felur í sér rétt, en ekki skyldu, til að stefna fleiri en einum í sama máli að ákveðnum skilyrðum fullnægðum, og er því kröfugerð stefnda samkvæmt þessari málsgrein á misskilningi byggð.

Telja verður þá málsástæðu stefnda, sem fyrst kom fram við munnlegan flutning málsins, að hann beri að sýkna vegna aðildarskorts samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, of seint fram komna samkvæmt 113., sbr. 106. gr. sömu laga.

Óumdeilt er, að stefndi, Verk h.f., átti og rak um skeið teiknistofu, og unnu þar tveir menn sem launþegar, þeir Sigurður Sigurðsson teiknari og

Sveinn G. Sveinsson verkfræðingur. Á þessum starfsmönnum sínum bar stefndi húsbóndaábyrgð.

Þá er og óumdeilt, að stefnandi átti einn og rak um skeið Teiknistofuna Kvarða, en þar var framannefndur Sigurður starfsmaður frá árinu 1971, sennilega seinni hluta þess, fram til hausts 1974, er hann réð sig á teiknistofu stefnda.

Stefndi heldur því fram, að Sigurður eigi höfundarétt að teikningum, sem hann teiknaði á teiknistofu stefnanda.

Fallst má á það, að teikningar eins og þær, sem um er deilt, njóti verndar höfundalaga nr. 73/1972 skv. 2. mgr. 1. gr. þeirra. Sigurður Sigurðsson var ráðinn sem teiknari á teiknistofu stefnanda og starfaði þar í u.þ.b. þrjú ár. Hann var þá reynslulítill eða reynslulaus, en hafði verið þrjá vetur í Tækniskóla Íslands. Hann hafði ekki aflað sér starfsréttinda teiknara á þessum tíma. Hann hafði ekki heimild til þess að löggilda teikningar. Ekki var gerður skriflegur ráðningarsamningur við Sigurð og ekki munu hann og stefnandi hafa rætt höfundarétt að teikningum.

Stefnanda og Sigurði ber ekki saman um, að hve miklu leyti Sigurður vann sjálfstætt og að hve miklu leyti undir handleiðslu stefnanda. Ákveðnar líkur benda til þess, að Sigurður hafi starfað allsjálfstætt, þegar frá leið, en tæplega í upphafi starfstímabilsins. Það þykir þó ekki breyta því, eins og háttað var menntun, ráðningu og starfi Sigurðar, að telja verður stefnanda eiganda höfundaréttar að hinum umdeildu teikningum.

Sigurður skýrði frá því fyrir dóminum, að hann hefði notað þær teikningar, sem hann kveðst hafa teiknað á Teiknistofunni Kvarða og um er deilt í máli þessu, en gert á þeim þær breytingar, sem tæknibreytingar á framleiðslu stefnda kröfðust. Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 73/1972 var honum þetta óheimilt. Telja verður, að stefnda sem vinnuveitanda Sigurðar sé vegna þessa skylt að greiða stefnanda skaðabætur samkvæmt 3. mgr. 56. gr. laga nr. 73/1972, og þykja þær hæfilega ákveðnar kr. 5.000,00. Af þeirri fjárhæð greiði stefndi vexti sem hér segir: Frá 1. janúar 1976 13% ársvexti til 21. nóvember 1977, 16% ársvexti frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvexti frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvexti frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvexti frá þeim degi til 1. desember s.á., 31% ársvexti frá þeim degi til 1. maí 1980, 43,5% ársvextri frá þeim tíma til 1. júní 1980, 46% ársvexti frá þeim tíma til 1. mars 1981, 42% ársvexti frá þeim tíma til 1. júní s.á., 39% ársvextir frá þeim tíma til dómsuppsögudags og frá þeim degi hæstu lögleyfðu innlánsvexti, eins og þeir verða á hverjum tíma, til greiðsludags.

Málskostnaður, sem stefndi greiði stefnanda, þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.000,00.

Friðgeir Björnsson borgardómari kvað upp þennan dóm. Dómarinn fékk málið til meðferðar 6. nóvember 1981.

Dómsorð:

Stefndi, Verk h.f., greiði stefnanda, Þorgils Axelssyni, kr. 5.000,00 með 13% ársvöxtum frá 1. janúar 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1 desember s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. maí 1980, 43,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., 39% ársvöxtum frá þeim degi til dómsuppsögudags og með hæstu lögleyfðu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 10.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30. apríl 1985.

Nr. 117/1984. **Dagblaðið h/f**
(Skúli Pálsson hrl.)
gegn
Pétri Péturssyni
(Arnmundur Backman hrl.).

Umboðsmennska. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 7. júní 1984, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí 1984. Dómkröfur hans eru þær aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda, en til vara, að kröfur hans verði lækkaðar verulega. Þá krefst hann

og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann þess, að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur með þeirri breytingu, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum 32.791,20 krónur. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málavextir eru raktir í hinum áfrýjaða dómi. Svo sem þar kemur fram, hafði stefndi verið umboðmaður á Selfossi fyrir Dagblaðið, frá því að það hóf göngu sína 8. september 1975. Hann sá um alla dreifingu til áskrifenda, tók upp lausasölu á blaðinu og skipulagði störf varðandi umboðsmennskuna. Við sameiningu Dagblaðsins og Vísis í lok október 1981 var honum fyrirvaralaust sagt upp umboðsstarfinu. Við þá uppsögn hefur stefndi, sem ráðinn var ótímabundið til umboðsmennskustarfans, orðið fyrir tjóni, sem áfrýjandi ber skaðabótaábyrgð á, þótt samningar aðilja kvæðu eigi á um, hvernig með skyldi fara, ef til fyrirvaralausrar uppsagnar á umboðsmennskunni kæmi.

Við ákvörðun bóta þessara þykir rétt að hafa hliðsjón af þeim umboðslaunum, er telja má, að stefndi hefði samkvæmt fyrri reynslu borið úr býtum næstu þrjá heilu mánuðina eftir uppsögn að frádregnum eðlilegum sölu- og dreifingarkostnaði á blaðinu. Þegar þetta er haft í huga, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar 30.000,00 krónur.

Verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda téða fjárhæð auk vaxta, svo sem dæmt var í héraðsdómi, enda krefst stefndi staðfestingar á því.

Eftir þessum málalokum verður áfrýjandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst samtals 21.000,00 krónur.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Dagblaðið h/f, greiði stefnda, Pétri Péturssyni, 30.000,00 krónur auk vaxta, svo sem í héraðsdómi greinir, svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 21.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 31.janúar 1984.

Mál þetta, sem dómtekið var 13.12. sl., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. des. 1983, af Pétri Péturssyni, nnr. 7108-3268, Engjavegi 49, Selfossi, gegn Dagblaðinu h.f., nnr. 1530-6483, Þverholti 11, Reykjavík, til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 40.989,00 með 34% ársvöxtum frá 1.1. 1982 til 1.11. 1982, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 20.9. 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 20.10. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim tíma til 20.11. 1983, en með 27% ársvöxtum frá þeim tíma til stefnubirtingardags, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Í stefnu er málavöxtum lýst svo: „Málavextir eru þeir að þegar Dagblaðið hóf göngu sína 8. sept. 1975 var stefnandi ráðinn umboðsmaður þess á Selfossi. Hann sá um alla dreifingu til áskrifenda og tók upp lausasölu á blaðinu ásamt því að skipuleggja öll störf varðandi slíka umboðsmennsku. Við sameiningu Dagblaðsins og Vísis í lok okt. 1981 var stefnanda tilkynnt að hann hefði tapað í hlutkesti um það hvor skyldi halda umboðum beggja blaðanna. Er hann mótmælti slíku var honum boðið að halda helmingi áskriftanna en hann hafnaði slíku, en vildi halda sínum hlut áfram a.m.k. fyrst um sinn, en því var hafnað. Gerði stefnandi þá kröfu um að fá greidd þriggja mánaða umboðslaun, sem hann hélt síðan eftir af uppgjöri, en það var síðan innheimt með stefnu þingfestri 28.4. 1983. Greiddi stefnandi þá inneign blaðsins, en gerði kröfu um umboðslaun í þrjá mánuði fyrir áskrift og lausasölu, sem stefndi hafnaði alfarið."

Stefnandi byggir kröfur sínar á, að umboðslaun fyrir 218 áskriftir í desember 1981, janúar og febrúar 1982 séu kr. 19.620,00, en 30% af lausasölu í desember 1981, janúar og febrúar 1982 sé kr. 21.369,00. Áskriftir 218 áskrifta fyrir þennan tíma geri kr. 65.400,00. Lausasala vegna þessara þriggja mánaða hafi numið kr. 71.230,00, en lausasala vegna sept. og okt. 1981 hafi numið kr. 54.834,00. Miðast stefnukrafan við, að stefnandi eigi rétt til 30% af lausasölu DV fyrstu þrjá mánuðina.

Stefnandi kveðst byggja kröfur sínar á meginreglum samningalaga og kröfuréttar. Kröfu sína um bætur byggir hann á meginreglum skaðabótaréttar, að stefnda beri að bæta honum upp tjón hans á þann hátt, að hann verði eins settur og honum hefði verið sagt upp með löglegum hætti.

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing, og er honum þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, en skýra verður þau á þann veg, að stefnanda hafi fyrirvaralaust verið sagt upp umfangsmiklum umsýslustörfum, er hann hafði með höndum fyrir stefnda. Verða kröfur stefnanda því teknar til greina að öðru leyti en því, að dómvextir dæmast ekki í útivistarmáli

þessu, sbr. 2. mgr. 1. gr. l. nr. 56/1979, en í þeirra stað dæmast vextir eins og í dómsorði greinir.

Málskostnaður ákveðst kr. 6.700,00.

Dóminn kvað upp Lilja Ólafsdóttir, fulltrúi yfirborgardómara. Uppkvaðning dóms þessa hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarans.

Dómsorð:

Stefndi, Dagblaðið h.f., greiði stefnanda, Pétri Péturssyni, kr. 40.989,00 með 34% ársvöxtum frá 1.3. 1982 til 1.11. 1982, en frá þeim degi með 42% ársvöxtum til 21.9. 1983, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 9.12. 1983, en með 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, en með 21,5% ársvöxtum frá þeim degi til 21.1. 1984, en frá þeim degi með 15% ársvöxtum til greiðsludags, og kr. 6.700,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 30.apríl 1985.

Nr. 10/1985. **Ákæruvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Baldvin Guðmundi Ragnarssyni
(Jón Oddsson hrl.)

Skjalafals. Brot gegn 233. gr. alm. hegningarlaga. Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Máli þessu var áfrýjað til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 11. desember 1984. Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til þyng-

ingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 22. febrúar sl.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt, þar á meðal hnífur sá, sem um ræðir í málinu.

Ákæra 28. september 1983. Í átökum þeim, sem urðu milli ákærða og Viðars Helga Guðjohnsen, tók ákærði upp hníf, sem hann hafði á sér. Var hér um að ræða skeiðarhníf með 12 ½ sm löngu blaði. Viðar kveður ákærða hafa beint hnífnum að sér, en ákærði kannast ekki við það og ber því við, að hann hafi tekið upp hnífinn sakir óþæginda af honum. Sú skýring þykir þó marklaus, og verður að líta svo á, að hnífinn hafi hann mundað til þess að ógna Viðari. Styðst sú niðurstaða við skýrslu, sem ákærði gaf fyrir rannsóknarlögreglu, en í henni skýrði hann svo frá, að hann hefði otað hnífnum að Viðari og enn fremur að hugsun sín hefði aðeins verið að hræða hann. Telja verður, að sú ógnun hafi verið til þess fallin að vekja hjá Viðari ótta um líf eða heilbrigði. Er því fallist á þá niðurstöðu héraðsdómara, að þetta atferli varði ákærða refsingu samkvæmt 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þess er að gæta, að Sigurður Einarsson, sem héraðsdómari vitnar til í sambandi við niðurstöður sínar um þennan ákærulið, kom ekki fyrir dóm, og verður skýrsla hans fyrir rannsóknarlögreglu eigi metin sem sönnunargagn á sama hátt og vitnisburður fyrir dómi.

Ákærur 24. október 1983 og 5. apríl 1984. Staðfesta ber þá niðurstöðu héraðsdóms, að ákærði hafi gerst sekur um öll þau brot, sem þessar ákærur lúta að. Með því að aka bifreið ölvaður 9. apríl, 9. september og að kvöldi 8. október 1983 hefur hann brotið gegn 2., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 (í héraðsdómi hefur hér misritast 24. gr. í stað 25. gr.). Ölvunarakstur ákærða að morgni 8. október 1983 varðar við 2., sbr. 3. mgr. nefndrar 25. gr. Þar sem ákærði hafði verið sviptur rétti til ökuleyfis, hefur hann með akstri sínum í þessi fjögur skipti brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga.

Ákæra 20. júlí 1984. Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um þessa ákæru.

Refsing ákærða er samkvæmt 233. gr. og 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga og 80. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 54/1976, og með hliðsjón af 77. og 78. gr. hegningarlaga og löngum sakaferli ákærða hæfilega ákveðin 8 mánaða fangelsi.

Staðfesta ber úrlausn héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, svo sem greinir í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Baldvin Guðmundur Ragnarsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 12.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 12.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 31. október 1984.

Ár 1984, miðvikudaginn 31. október, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Jóni A. Ólafssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í máli nr. 492/1984: Ákæruvaldið gegn Baldvin Guðmundi Ragnarssyni, sem tekið var til dóms 2. þ.m.

Málið var höfðað gegn Baldvin Guðmundi Ragnarssyni matsveini, til heimilis að Oddabraut 24, Þorlákshöfn, fæddum 30. desember 1953 í Reykjavík, með 4 eftirgreindum ákærum:

I.

Ákæra, dagsettt 28. september f.á., „fyrir að hafa, föstudaginn 4. febrúar 1983, þá er ákærði dvaldi á Gistiheimilinu, Brautarholti 22, Reykjavík, veist þar að forstöðumanninum, Viðari Helga Guðjohnsen, með hótunum um líkamsmeiðingar og því til áréttingar dregið upp hníf og gert sig líklegan til að leggja til Viðars Helga, sem tókst að afvopna ákærða og kalla til lögreglu.

Telst þetta varða við 233. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

II.

Ákæra, dagsett 24. október f.á., „fyrir að aka, tvisvar sinnum á árinu 1983, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, eftirgreindum bifreiðum í Reykjavík, svo sem rakið verður:

1. Laugardaginn 9. apríl 1983, bifreiðinni E-2321 frá Kleppsvegi 140

um götur þar í nágrenninu og aftur að Kleppsvegi 140, en þar hafði lögreglan afskipti af honum strax að loknum akstri.

2. Föstudaginn 9. september 1983, bifreiðinni Ö-3897 frá veitingahúsinu Óðali við Austurvöll að Laugavegi 43 og þaðan stuttu síðar að húsi í Hlíðunum og aftur að Laugavegi 43, en þar hafði lögreglan afskipti af honum strax að loknum akstri.

Telst hvort tveggja varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

III.

Ákæra, dagsett 5. apríl sl., ,,fyrir að aka, tvisvar sinnum laugardaginn 8. október 1983, undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum ævilangt, bifreiðinni Ö-3897, svo sem hér verður rakið:

1. Um kl. 04, frá Meistaravöllum 21, Reykjavík, áleiðis að Austurgerði 10, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á Miklatorgi.

2. Um kl. 20, úr bifreiðastæði við lögreglustöðina Hverfisgötu 113, Reykjavík, um Snorrabraut, Skúlatorg, Skúlagötu og Rauðarárstíg, en þar stöðvaði lögreglan frekari akstur hans.

Telst hinn fyrri liður varða við 2. mgr., sbr. 3. mgr., 25. gr., en hinn síðari við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., allt við 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

IV.

Ákæra, dagsett 20. júlí sl., ,,fyrir skjalafals, með því að hafa þann 26. ágúst 1983 afhent í Bifreiðaeftirliti ríkisins á Patreksfirði tilkynningu um sölu bifreiðarinnar R-34718, dagsetta 2. júní 1983, þar sem Magnús D. Hjartarson, nnr. 6264-0014, Þórufelli 6, Reykjavík, er greindur seljandi bifreiðarinnar og kaupandi Ragnar Hafsteinn Guðbjörnsson, nnr. 7165-0596, Neðri-Rauðsdal, V.-Barðastrandarsýslu, eftir að hafa falsað skjalið að efni til og ennfremur nafnritun Magnúsar D. Hjartarsonar undir tilkynninguna.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu skipaðs verjanda ákærða, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, eru gerðar þær kröfur í málinu, að ákærði verði sýknaður af

öllum kröfum í ákæru frá 28. september 1983 og af fyrri ákærulið í ákæru frá 24. október 1983 svo og að ákærði hljóti vægustu refsingu, sem lög leyfa, fyrir önnur brot, sem hann er saksóttur fyrir. Loks er gerð krafa um greiðslu á málsvarnarlaunum.

I. Um ákæru frá 28.09.83.

Í skýrslu lögreglunnar í Reykjavík segir, að kl. 13:07 föstudaginn 4. febrúar 1983 hafi borist tilkynning um, að ölvaður maður væri með hníf í Brautarholti 22. Er lögreglumenn komu á vettvang, hittu þeir fyrir Viðar Helga Guðjohnsen, þar til heimilis, „er þá hélt Baldvin í gólfinu." Haft er eftir Viðari Helga í skýrslunni, að hann hafi vísað ákærða út af gistiheimilinu, sökum þess að hann hafi barið aðra gesti. Ákærði hafi þá „þrifið upp hníf og otað að sér", en Viðar Helgi hafi náð taki á hendi ákærða og tekið af honum hnífinn. Ákærði var færður á lögreglustöðina og síðar í blóðtöku á Borgarspítalann. Í sýninu reyndist magn alkóhóls vera 1,83‰.

Kl. 15:15 samdægurs kom Viðar Helgi Guðjohnsen, fæddur 14. janúar 1958, á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins og lagði fram kæru á ákærða um: „Árás og meinta morðtilraun." Kærandi kvaðst reka gistiheimili að Brautarholti 22 og hefði ákærði falast hinn 24. janúar 1983 eftir herbergi í einn mánuð. Kærandi féllst á tilmæli ákærða, enda þekkti kærandi ekki til ákærða, sem hefði „komið prýðilega fyrir." Ákærði greiddi mánaðarleigu fyrirfram, eða 5.000 krónur. Strax og ákærði var kominn í herbergið vöruðu kunningjar kæranda hann við ákærða, sem hefði „grugguga" fortíð. Kærandi fór því í herbergi ákærða, ræddi þetta við hann og benti honum á, að brot á reglum hússins væru brottrekstrarsök. Tók ákærði hvoru tveggja vel, en strax á 2. dvalardegi lagðist ákærði í óreglu og safnaðist að honum „alls konar fólk sem var með drykkjulæti." Urðu aðrir gestir af þessum sökum fyrir miklu ónæði. Ákærði var ítrekað aðvaraður, og þurftu starfsmenn hússins auk þess oft að skerast í leikinn vegna slagsmála og annars ónæðis vegna framkomu ákærða. Ákærði hefði um morguninn komið lítillega undir áfengisáhrifum í gestamóttökuna. Kærandi sagði ákærða, að vegna framferðis hans yrði hann að víkja af heimilinu og væri þess óskað, að hann hyrfi brott með „hafurtask" sitt. Síðar segir orðrétt í skýrslu kæranda:

„Viðar kveður Baldvin hafa mótmælt þessu og farið að vera með hótanir gagnvart sér, meðal annars hótanir um líkamsmeiðingar og jafnvel morð. Viðar kveðst þá hafa sagt við Baldvin að hann skyldi koma sér út úr húsinu strax og farið að ýta honum í átt til útidyranna. Þá hafi komið til smá átaka en Baldvin síðan snúið sér frá eins og hann ætlaði að ganga frá en skyndilega snúið sér við með hníf á lofti í hægri hendi og byrjað að leggja

til sín en hann getað gripið um handlegg Baldvins og stöðvað lagið til að byrja með. Þeir hafi síðan tekist á, Baldvin reynt að reka hnífinn í kvið sér en hann haldið á móti eins og hann gat. Þegar svo hafi verið komið að hnífurinn hafi átt skammt ófarið í kvið sér hafi hann bitið í handlegg Baldvins sem missti hnífinn við það í gólfið. Viðar kveðst síðan hafa gefið Baldvin olnbogaskot en Baldvin hafi staðið fyrir aftan sig. Við það hafi Baldvin fallið niður í eitt hornið í anddyrinu. Viðar kveðst hafa tekið hnífinn og síðan haldið Baldvin þangað til lögreglan kom á vettvang og handtók Baldvin.

Viðar kveðst fullyrða að ætlun Baldvins hafi verið að myrða sig með því að reka hnífinn í kvið sér og gerir kröfu til þess að Baldvin verði refsað að lögum fyrir ætlun sína.

Þá vill Viðar bæta við að er hann og Baldvin lentu í smá átökum þeim sem áður er lýst og gerðust áður en Baldvin brá hnífnum, þá hafi Baldvin sagt: „Þetta er allt í lagi, ég er rólegur, ég fer bara upp og geng frá þessu." Eftir að Baldvin hafði sagt þetta kveðst Viðar hafa sleppt honum og hann þá snúið sér við með hnífinn á lofti. Viðar kveðst ekki hafa haft hugmyndum að Baldvin var með hníf innanklæða."

Kærandi kom á ný eftir hádegi næsta dag til rannsóknarlögreglu ríkisins. Kærandi kvaðst þá „vera mótfallinn" fréttum í tveim dagblöðum borgarinnar, sem honum voru sýndar af atburðinum. Þó taldi hann frétt annars blaðsins vera í megindráttum rétta en hina „samhengislausa." Framkoma ákærða hefði verið góð í byrjun enda var hann þá laus við áfengisáhrif. Honum hefðu verið kynntar reglur hússins munnlega, en þær hefðu ekki verið færðar í letur fyrir gesti. Viðbrögð ákærða við reglunum hefðu verið jákvæð, og taldi kærandi því, að þær hefðu komist vel til skila. Ákærði hefði fyrirgert gistirétti sínum með ólátum. Er ákærða var vísað á brott, mótmælti hann harðlega og hafði uppi hótanir um líflát og fleira. Síðan segir í framburðinum:

„Hann hafi fylgt því eftir að Baldvin færi út með því að ýta við honum og áleiðis að útidyrum en þá upphafist einhverjar smá stimpingar. Segist mætti hafa náð að taka með hægri handlegg utan um og fram fyrir hálsinn og haldið honum þannig um stund. Baldvin hafi þá sagst orðinn rólegur og hyggðist fara upp með góðu og sækja sitt dót en síðan hafa sig á brott. Þá segist mætti hafa sleppt takinu lausu en skyndilega hafi Baldvin snúið sér við og með hægri hendi haldið á hnífi. Mætti segist ekki hafa veitt því athygli að Baldvin tók upp hnífinn meðan hann hélt honum í þeim tökum sem fyrr er lýst en telur sig hafa átt að sjá ef svo væri. Þannig segist hann telja mestar líkur á, að Baldvin hafi ekki tekið upp hnífinn fyrr en hann hafði gengið aðeins frá mætta og heldur hnífnum þá fyrir ofan höfuð. Segist mætti þá hafa farið á móti honum með því að taka

fyrst með hægri hendi í þá hægri á Baldvin og síðan til viðbótar með þeirri vinstri. Í þessari stöðu segist mætti hafa haldið Baldvin, en síðan snúið sér að honum þannig að bakið á mætta var að maga Baldvins, en hnífurinn beindist þá í stefnu að kviðnum á mætta. Þrátt fyrir tökin segir hann Baldvin hafa haft kraft til að beina hnífnum nær og raunar mjög nálægt og hann því gripið til þess að bíta í, sennilega annan lið þumalfingurs Baldvins, sem við það missti hnífinn en ekki fyrr eða með öðrum hætti. Mætti segist hafa bitið það fast að hann hafi verk í einni tönn eftir og án efa ætti merki þessa að sjást á Baldvin."

Kærandi kvaðst í lok skýrslugerðar ekki hafa í hyggju að halda uppi refsikröfunni frá deginum áður.

Er kærandi kom fyrir dóm, kvað hann ákærða hafa verið mjög prúðan fyrstu dagana, en fljótlega hefði borið á óreglu hjá honum, og olli hann miklu ónæði á heimilinu. Ákærði hefði jafnan verið kurteis, er hann var án áfengisáhrifa. Vitnið hefði lent í átökum við ákærða kvöldið fyrir atburð þann, sem kærandi kærði. Þá var ákærði að valda ónæði í herbergi annars gests. Vitnið hefði tekið ákærða með valdi út úr því herbergi og fært hann fram á gang. Ákærði róaðist fljótt og baðst afsökunar. Skapgerð ákærða hafi virst sveiflukennd, hann hafi stundum æstst upp en róast fljótt.

Vitnið var ekki á gistiheimilinu næstu nótt, en er það kom til vinnu morguninn eftir, frétti það hjá öðrum næturverðinum, Jóni Atla, að ákærði hefði valdið frekara ónæði, eftir að vitnið fór.

Næsta morgun kom ákærði niður í móttökuna og var þá eitthvað undir áfengisáhrifum. Vitnið sagði ákærða þá, að hann yrði að rýma herbergið. Ákærði tók ekkert undir það, barði í borðið og var með heitingar, en vitnið mundi ekki, hverjar þær voru, enda hefi vitnið ekki tekið þær þá svo alvarlega, enda altítt hjá ölvuðum mönnum. Vitnið bar, að ákærða hefði verið sýnt óvenjulegt langlundargeð, þar sem hann var nýkominn frá Svíþjóð og hafi mikið af húsmunum verið í herberginu, m.a. sjónvarp og videótæki. Ákærði hefði ekki verið fáklæddur, heldur venjulega klæddur, þó ef til vill jakkalaus, og ekki búinn til að fara út. Vitnið mundi ekki, hvernig ákærði var klæddur. Vitnið hefði skorað á ákærða að fara upp á herbergi, en hann hafi þá verið orðinn æstur og byrjaður með heitingarnar. Vitnið ýtti þá ákærða út úr afgreiðslunni, en ekki hafi verið meiningin að láta hann út úr húsinu.

Vitnið upplýsti, að tvær tröppur væru frá afgreiðslunni og niður á stigapall, sem mun vera af stærðinni ca 1,6 x 2,5 metrar. Gegnt stiganum upp á 2. hæð er útidyrahurðin og afgreiðslan til hægri miðað við inngöngu.

Vitnið kvaðst hafa fært ákærða út úr afgreiðslunni með því að halda honum fyrir framan sig og halda hægri hendi um háls hans og vinstri um kvið hans. Er þeir voru komnir niður tröppurnar og í anddyrið, varð

ákærði rólegur, og vitnið spurði, hvort hann ætlaði ekki upp. Ákærði játaði því og kvað allt vera í lagi. Vitnið sagði, að ákærði hefði gengið frá því og það verið um það bil að snúa inn í afgreiðsluna, þegar það sá allt í einu, að ákærði var með hníf á lofti í hægri hendi. Vitnið kvaðst hafa haft lítið svigrúm til athafna þar sem forvitnir gestir voru í afgreiðsludyrunum. Vitnið kvaðst hafa gripið með hægri hendi um úlnlið ákærða og síðan með þeirri vinstri. Í þessum tökum snéri vitnið sér þannig, að ákærði varð fyrir aftan það, en vitnið hélt handlegg hans fyrir framan sig. Hnífurinn hefði nálgast brjóst sitt, en vitnið gat ekki fullyrt, hvort það var vegna ásetnings ákærða eða sviptinganna og þrengsla. Einnig var hugsanlegt að mati vitnisins, að ákærði hefði verið að draga hnífinn að sér. Vitnið taldi ofmælt í lögregluskýrslu, að ákærði hefði reynt að reka hnífinn í brjóst þess, heldur sé það, sem að framan greinir, eins líklegt. Vitnið kvaðst hafa gripið til þess ráðs að bíta í höndina á ákærða.

Vitnið hélt, að ákærði hefði sagt eitthvað, er vitnið sá hann með hnífinn á lofti, en mundi ekki eftir beinum hótunum í því sambandi.

Vitnið kvaðst ekki vita, hvort ákærði hefði ætlað að vinna því tjón eða hvort hann var aðeins að ógna því. Vitnið hefði metið aðstæður svo, að vissara væri að taka ekki neina áhættu, enda því ríkt í huga nýlegur voveiflegur atburður, er vinur þess var veginn með hnífi. Vegna þeirrar fullyrðingar ákærða, sbr. síðar, að ákærði hefði gripið til hnífsins, er vitnið hafði hann í hálstaki, kvaðst vitnið ekki hafa séð hnífinn fyrr en í hægri hendi ákærða. Vitnið kvaðst ekki vilja fullyrða, eins og orðað væri í lögregluskýrslu, að ákærði hefði ætlað að myrða sig.

Ákærði var yfirheyrður af rannsóknarlögreglu ríkisins morguninn eftir atburðinn. Ákærði kannaðist við að hafa lent í átökum við kæranda og að hafa tekið upp hníf og otað í átt að kæranda, sem hefði náð að afvopna ákærða „svo til strax." Ákærði hefði borið hnífinn „fyrir innan skyrtu sína" í slíðri. Hnífurinn væri sín eign og hefði ákærði keypt hann í Svíþjóð. Ákærði kvaðst hafa verið mjög ölvaður eftir „samfellda drykkju í sólarhring", er átökin urðu.

Ákærði kvaðst hafa komið frá Svíþjóð 20. janúar 1983 og tekið herbergi á leigu til eins mánaðar og greitt leigugjaldið fyrirfram. Ákærði kannast við, að kærandi hefði kynnt honum skömmu eftir komuna, að brot á húsreglum væri brottrekstrarsök. Ákærði bar, að fyrir sér hefði vakað að virða reglurnar, en hann hefði byrjað að drekka fljótlega. Hann var þó ekki við samfellda drykkju þar til daginn áður. Ekki hefði hann lent í átökum við starfsmenn heimilisins áður og sér væri ókunnugt um, að ölvaðir gestir sínir hefðu lent í deilum við starfsmennina. Nokkrum dögum fyrr hefði kærandi beðið sig að fara úr herbergi kunningja ákærða og í sitt eigið. Ákærði hefði ekki andmælt því, en svo hefi farið, að kærandi hefði tekið hann tökum.

Ákærði hefði sætt sig illa við þetta.

Ákærði kannaðist við, að kærandi hefði á ný gert athugasemd við sig morguninn áður og vísað honum brott með sitt. Ákærði hefði mótmælt. Komið hefði til átaka, er kærandi hugðist vísa ákærða „fáklæddum og lítt undir það búnum að fara". Kærandi hefði tekið ákærða „haustaki" svo harkalega, að tönn virtist hafa losnað í efri-gómi. Vera kynni, að ákærði hefði verið með einhverjar hótanir, en ákærði mundi ekki orðaskipti þar um nánar. Ákærði ítrekaði, að hann hefði verið mjög ölvaður og ósofinn. Síðan er skýrslan um yfirheyrsluna yfir ákærða á þessa leið:

„Mætta hefir verið kynnt einstök atriði kærunnar og meðal annars um þann þáttinn þar sem viðureigninni með hnífinn er lýst. Mætti segir þarna orðum aukið mjög og segir áfram, að Viðar hafi staðið fyrir aftan sig og haldið sér með föstu „haustaki". Mætti þá og í þeirri stellingu gripið til hnífsins, er hann geymdi undir skyrtunni en Viðar strax náð að taka um þá hendi mætta, sem var sú hægri, og það fast að hann missti hnífinn úr hendinni. Hann segist ekkert hafa náð hnífnum eftir það. Þannig kveðst mætti vilja mótmæla alfarið þeirri lýsingu Viðars, að mætti hafi lagt hnífinn að eða í áttina að Viðari. Hugsun mætta með því að taka hnífinn upp í þessari stöðu hafi aðeins verið sú að hræða hann en við hafi verið slíkt ofurefli að etja að öll brögð mætta reyndust árangurslaus. Viðar hafi síðan haldið honum þar til lögreglan kom.

Mætti segist vilja neita því harðlega að Viðar hafi bitið í handlegginn eins og hann lýsir enda geti hann hvergi fundið merki þess. Auðveldlega hafi honum tekist að fá mætta til að missa hnífinn eftir að hafa tekið um hægri höndina, þar sem hnífurinn var.

Þá segist hann og vilja mótmæla þeirri lýsingu Viðars að hann hafi verið búinn að sleppa mætta, er hann greip um hnífinn. Viðar hafi greinilega ekki ætlað að sleppa takinu enda ætlun hans sú að mætti færi út en ekki upp.

Aðspurður um ástæðu þess að mætti bar á sér hnífinn segir hann, að stuttu áður hafi hann inni á herbergi sínu verið að handleika hnífinn og m.a. hent honum upp í loft og gripið um skaftið á leið hans niður. Við þessar æfingar hafi hann skorið sig, eins og sjá má. Í framhaldi af þessu hafi hann komið hnífnum fyrir undir skyrtu sinni.

Mætta hefir verið kynnt að framburður hans og Viðars stangist nokkuð á og sama sé um framburð vitnis að segja.

Mætti kveðst þegar hafa greint réttilega frá málavöxtum eins og hann man þau og ítrekar að Viðar hafi ekki látið sig lausan áður en mætti greip til hnífsins. Þá vilji hann og ítreka að Viðar hafi ekki bitið sig hvorki í hægri hönd eða aðra staði líkamans enda beri hann engin slík merki".

Eftir birtingu ákæru málsins í dóminum neitaði ákærði að hafa verið

með hótanir um líkamsmeiðingar við kæranda, en neitaði að tjá sig um þetta ákæruatriði frekar.

Á dómtökudegi kom ákærði á ný fyrir dóm, enda var hann þá reiðubúinn til að tjá sig frekar. Ákærði kvaðst hafa verið staddur í herbergi Vestmannaeyinga „í sjómann". Ákærði hefði unnið Vestmannaeying, en annar eyjaskeggi hefði unað því illa og vildi líka reyna sig. Ákærði var ekki reiðubúinn til þess. Í þessu hefði kærandi komið og skipað ákærða að fara upp á sitt herbergi, sem var á næstu hæð. Vestmannaeyingarnir vildu ekki, að ákærði færi, og óskaði ákærði eftir að fá að sitja ögn lengur. Kærandi sinnti því engu og tók ákærða hálstaki og dró hann aftur á bak upp stigann og skildi hann eftir fyrir utan herbergi hans. Þar kvaðst ákærði hafa vaknað.

Næsta morgun hefði komið maður frá Viðari og beðið ákærða að koma niður í móttöku að tala við Viðar. Ákærði hefði farið niður eins og hann stóð, í skyrtu, buxum og sokkaleistum. Í móttökunni sat Viðar fyrir innan skrifborð og vísaði ákærða umsvifalaust út. Ákærði hefði óskað eftir að fá að fara upp til að ná í veski sitt, jakka og skó. Viðar hefði þá sagt, að ákærði færi hvorki eitt né neitt, „þú ferð út". Ákærði hefði neitað að fara, eins og hann stóð, þar sem hann taldi sig eiga rétt á að ná sér í fötin. Viðar hefði sprottið upp og ætlað að taka ákærða kverkataki með handleggnum, en ákærði hefði náð að beygja hökuna niður í bringu, þannig að takið herti ekki að hálsinum. Einhver opnaði dyrnar, og náði ákærði þá tökum á dyrakörmunum, eftir að Viðar var búinn að draga hann þangað. Ákærða hefði tekist að spyrna Viðari frá sér. Viðar hefði þá slegið ákærða hnefahögg við hægra augað og gripið síðan um handleggi ákærða með annan alveg aftur fyrir bak og spenntan niður. Þá hefði ákærði fundið til óþæginda fyrir hnífnum, sem var „óslíðraður" við beltisstað. Ákærði hefði kallað upp, að hnífurinn væri að stingast í sig, en tókst að losa um aðra höndina og grípa hnífinn og lyfta honum lítillega með oddinn niður. Annar maður hefði gripið um höndina á ákærða, sem sleppti hnífnum. Mennirnir hefðu síðan farið áfram með ákærða út á stétt og héldu honum, þar til lögreglan kom.

Ákærði kvaðst hafa verið með hnífinn í beltinu, vegna þess að tveir kunningjar sínir hefðu hver á eftir öðrum tekið hann upp úr skúffu og verið að leika sér ógætilega með hann.

Ákærði mótmælti því að hafa verið með nokkrar hótanir eða að hafa haldið hnífnum á lofti.

Ákærði bar, að hann hefði ekki farið á slysavarðstofuna, hann hefði verið fluttur beint í fangageymslu lögreglunnar á Hverfisgötu og þaðan til rannsóknarlögreglu ríkisins. Ákærði kvað öll ör á mynd, sem lögð hefði verið fram í málinu af honum, vera af völdum Viðars.

Vitnið Jón Atli Ólafsson, næturvörður í gistiheimilinu að Brautarholti 22, fæddur 27.01.58, skýrði rannsóknarlögreglu ríkisins svo frá hinn 4. febrúar 1983, að ákærði hefði frá því hann tók herbergið á leigu fyrir einum 10 dögum, verið í stöðugri óreglu og af honum hefði stafað mikill hávaði og ónæði á heimilinu. Vitnið hefði sjálft lent tvívegis í átökum við hann. Í fyrra sinnið bað vitnið ákærða að hætta hávaða, sem olli öðrum gestum ónæði. Ákærði hefði orðið alveg óður og ráðist á vitnið. Vitnið hefði komist frá honum án meiðsla. Hitt sinnið hefði verið nóttina áður, er vitnið vildi ekki hleypa inn gestum ákærða, sem hann átti von á skömmu eftir að hann kom heim um kl. 03:00. Ákærði hefði verið hinn versti og ráðist að vitninu. Vitnið gat slitið sig laust og náð í Viðar, sem leysti málið. Ákærði hefði einungis verið með hávaða og hótanir ,,og sagðist skyldi lemja og drepa Viðar ef ég næði í hann".

Vitnið bar, að það hefði verið á leið út um hádegisbilið, líklega um kl. 13:00. Þá sá vitnið, að ákærði og Viðar voru eitthvað að stimpast. Virtist vitninu Viðar vera að ýta ákærða út úr húsinu. Skipti vitnið sér ekkert af þessu og vissi ekkert um hnífamálið fyrr en því var sagt frá því eftir á. Vitnið taldi ákærða ,,stórhættulegan" og mætti ekkert bera út af, svo að hann yrði alveg brjálaður. Þess á milli gæti hann verið svona venjulegur og kurteis.

Vitnið Sigurður Einarsson, vaktmaður gistiheimilins, til heimilis að Laugavegi 69, fæddur 19. maí 1938, Tjörn, Rangárvallasýslu, skýrði rannsóknarlögreglu ríkisins svo frá, að ekkert hefði verið undan ákærða að kvarta á 2-3 fyrstu vöktunum, en síðan hefði farið að bera á óreglu hjá ákærða og gestum hans. Kvartað hefði verið undan ákærða og vitnið hefði heyrt Viðar segja ákærða, að hann yrði að hætta óreglu ella fara. Vitnið kvaðst einkum hafa fylgst með honum á vöktum sínum síðustu tvo sólarhringana. Varð vitnið þá m.a. þess vart, að ákærði veittist a.m.k. tvívegis að hótelgestum, en Viðar hefði tekið í taumana.

Vitnið kvaðst um kl. 13:00 hafa verið á leið út úr húsinu ásamt Viðari. Þeir hefðu komið úr hliðarsal, og er þeir komu í anddyrið, var ákærði að koma niður stigann. Viðar snéri sér að ákærða og spurði, hvort hann væri búinn að ,,pakka niður". Ákærði hefði sagt, að hann færi út hinn 24. Viðar hefði sagt ákærða að fara upp, gagna frá dóti sínu og yfirgefa síðan húsið, en farangurinn mætti hann geyma, þar til runnið væri af honum. Vitnið taldi ákærða ,,mjög lítið ölvaðan". Síðan segir í framburðinum:

,,Baldvin neitaði þessu með öllu og æsti sig upp og fór að hóta Viðari. Baldvin sagðist geta lamið Viðar í klessu og eitthvað fleira í þeim dúr, sem ég ekki man orðrétt og síðan er þeir töluðu meira saman þá heyrði ég Baldvin hóta að drepa Viðar.

Viðar sagðist þá ekki þola slíkar hótanir lengur og sagði um leið að nú færi Baldvin út og það á stundinni. Við svo búið þá ýtti Viðar Baldvin á undan sér þarna fram ganginn og fram undir dyr og sá ég Viðar taka Baldvin þar tökum um leið og hann ætlað að opna dyrnar. Þarna urðu einhverjar smá stimpingar, en alls ekki þó átök.

Ég heyrði Baldvin síðan segja, að hann skyldi fara upp og ganga frá dóti sínu og sá síðan að Viðar sleppti tökunum á Baldvin og snéri um leið frá honum, en um leið og Viðar snéri sér frá Baldvin þá sá ég Baldvin taka upp boginn slíðurhníf, sem hann virtist taka úr beltinu og beindi hann hnífnum strax að Viðari.

Ég veit ekki hvort Viðar átti von á einhverju sem þessu, en ég sá Viðar taka um hægri hendi Baldvins. Í þeirri hendi hafði Baldvin hnífinn.

Þá hófust mikil átök sem stóðu mjög stutt. Ég sá að Baldvin beindi hnífnum að kviðarholi Viðars og er hnífurinn átti stutt ófarið að kviðnum á Viðari þá sá ég Viðar beygja sig niður og bíta í hægri hendi Baldvins, sem um leið missti hnífinn á gólfið. Viðar sneri sér síðan við og gaf Baldvin högg með olnboga og féll Baldvin þá niður og út í horn og þar hófst stutt en hörð viðureign þeirra og Viðar náði að halda Baldvin þar föstum."

Vitnið hefði hringt til lögreglunnar, sem hefði komið fljótt. Ákærði var mjög æstur og viðhafði stóryrði í garð Viðars, en róaðist síðan og var rólegur, er lögreglan kom. Allt hefði skeð mjög snöggt og vitnið var á leiðinni til þeirra, er Viðari tókst að bíta í hönd ákærða, sem þá lét hnífinn lausan.

II.

Um ákæru frá 24. október 1983.

1. Kl. 08:00 laugardaginn 9. apríl 1983 tilkynnti ökumaður leigubifreiðar, að trúlega væri ölvaður maður að aka bifreiðinni E-2321 á Sundlaugavegi. Tilkynnandi fylgdist með bifreiðinni, uns henni var lagt fyrir framan hús nr. 142 við Kleppsveg. Er lögreglumenn komu á bifreið á vettvang, sáust þrír menn vera að fara inn í stigagang hússins, ,,og voru þeir greinilega ölvaðir". Var ákærði þarna á ferð ásamt Tryggva Bjarna Kristjánssyni og Stefáni Þorkeli Karlssyni. Voru þeir allir færðir á lögreglustöðina og ákærði til blóðtöku. Í blóðsýninu reyndist magn alkóhóls vera 1,41‰.

Framangreindur leigubifreiðarstjóri, Valdimar Guðjón Valdimarsson, fæddur 12.08.44, skýrði rannsóknardeild lögreglunnar svo frá, að hann hefði verið kallaður að Kleppsvegi 140. Er vitnið kom þangað, gaf sig fram við það sloppklæddur piltur og bað vitnið að kalla til lögregluna til að fjarlægja menn, sem væru inni hjá honum. Vitnið dokaði við, og eftir um 20 mínútur komu út piltar, einn og einn. Vitnið heyrði, að þeir höfðu orð á því, að þeir hefðu ekki pantað leigubifreið, og einnig heyrði vitnið, að þeir voru að ræða um, hver ætti að aka. Síðan fóru þeir allir inn í bílinn,

og ekið var brott. Vitnið hafði samband við stöð sína og bað um, að lögreglunni yrði gert viðvart. Vitnið ók síðan á eftir bíl piltanna. Piltarnir óku stóran hring um Laugarneshverfið og Langholtið og námu staðar við Kleppsveg 140. Þar fóru piltarnir inn í stigaganginn við Kleppsveg 142. Lögreglan hefði síðan komið og tekið piltana.

Í dóminum kvaðst vitnið Valdimar Guðjón hafa séð, er bifreiðinni var ekið frá Kleppsvegi 140 upp Holtaveg og út á Langholtsveg. Þar missti vitnið sjónar á bílnum, en sá hann aftur á Sundlaugavegi. Þaðan var bílnum ekið inn á Hrísateig, Laugalæk, Sundlaugaveg og Brúnaveg. Þar missti vitnið aftur sjónar á bifreiðinni og datt þá í hug að fara aftur að Kleppsvegi 140. Þá var bifreiðin kyrr á sama stæði og hún var fyrir ökuferðina, en piltarnir voru að skjótast inn í hús nr. 142 nema einn, sem vitnið sá síðar á gangi á Holtavegi, eftir að lögreglan var komin. Vitnið kvaðst hafa orðið vart við ferð lögreglubifreiðar, á meðan á ökuferð framangreindrar bifreiðar stóð. Lögreglubifreiðin hefði komið tæpri mínútu á eftir vitninu að Kleppsvegi 140.

Vitnið Stefán Þorkell Karlsson sjómaður, Seljavegi 7, fæddur 15. maí 1954 í Reykjavík, skýrði svo frá við frumyfirheyrslu hjá lögreglunni, að hann hefði verið með ákærða daginn áður og um nóttina. Um morguninn (sem vitnið var yfirheyrt) hefði ákærði farið einn hring á bíl sínum um Kleppsholtið og síðan aftur að Kleppsvegi 140. Þá kom lögreglan að þeim. Þeir hefðu verið fjórir í bílnum og „Jens" hefði setið fram í hjá ökumanninum, ákærða, en vitnið og Tryggvi aftur í. Enginn annar en ákærði hefði ekið.

Vitnið Stefán Þorkell kvaðst í dóminum kannast við málavexti og rétt væri, að ákærði hefði ekið bifreiðinni E-2321 frá Kleppsvegi 140 um götur í grenndinni og aftur að Kleppsvegi 140. Þeir hefðu verið nýkomnir út úr bifreiðinni, er lögreglan kom.

Hinn pilturinn, sem var tekinn með ákærða, var Tryggvi Bjarni Kristjánsson, fæddur 7. október 1959 í Ytri-Njarðvík. Hann skýrði lögreglunni svo frá, að hann hefði verið í gleðskap um nóttina og síðan farið að Kleppsvegi 140 til „Ragnars". Þar voru tveir menn, sem vitnið kannaðist vel við, ákærði og vitnið Stefán Þorkell. Einnig var þar „Jens". Mikill hávaði var í þremenningunum, og reyndi vitnið að koma þeim brott. Endaði þetta með því, að vitnið fór með þremenningunum út og í bíl ákærða. Ók ákærði brott. Þar sem bíllinn var mjög hávær, bauð vitnið fram sinn bíl. Því var farið aftur til baka. Þá kom lögreglan.

Í dóminum kvaðst vitnið Tryggvi Bjarni muna óljóst eftir atburðinum og að hafa gefið um hann skýrslu. Vitnið minnti, að þeir hefðu ekið um. Vitnið staðfesti framburðinn hjá lögreglunni.

Ákærði hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins neitað sakargiftum.

Hann hefur kannast við að hafa átt bifreiðina E-2321 og að hafa ekið henni að Kleppsvegi 140 heim til Ragnars Haukssonar. Þar hefði hann neytt áfengis, en ekki ekið eftir þá drykkju.

2. Aðfaranótt föstudagsins 9. september 1983 komu lögreglumenn að ákærða undir stýri bifreiðarinnar Ö-3897 við Laugaveg 43. Töldu lögreglumennirnir ákærða bersýnilega vera ölvaðan. Var hann færður til yfirheyrslu og í blóðtöku. Magn alkóhóls í sýninu reyndist vera 1,80‰.

Ákærði hefur bæði við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni Ö-3897 undir áhrifum áfengis og sviptur ökuréttindum föstudaginn 9. september 1983 þá leið, sem í ákæru greinir.

III.

Um ákæru frá 5. apríl 1984.

1. Árla morguns laugardaginn 8. október 1983 stöðvaði lögreglan akstur ákærða á bifreiðinni Ö-3897 við Miklatorg. Þar eð ákærði bar merki þess að hafa neytt áfengis, var hann færður til yfirheyrslu og í blóðrannsókn. Í sýninu reyndist magn alkóhóls vera 1,27‰.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa ekið bifreiðinni Ö-3897 umrætt sinn undir áfengisáhrifum frá Meistaravöllum 21 áleiðis að Akurgerði 10, uns aksturinn var stöðvaður við Miklatorg.

2. Kl. 20:17 framangreindan laugardag veittu lögreglumenn því athygli, að stúlka var að ýta bifreið til vesturs frá bifreiðastæðum lögreglustöðvarinnar við Hverfisgötu 113 að Snorrabraut. Þar virtist vél bifreiðarinnar „fara í gang", og var henni ekið um Skúlatorg og austur Skúlagötu. Fóru lögreglumennirnir að aðkeyrslu bifreiðastæða lögreglunnar við Rauðarárstíg í því skyni að stöðva bifreiðina. Var henni ekið suður Rauðarárstíg og þar til vesturs um akbraut um stæðin, og tókst að stöðva hana við Rauðarárstíg. Reyndist ákærði vera þar á ferð. Þar eð hann bar merki þess að hafa neytt áfengis, var hann færður til yfirheyrslu og í blóðtöku. Reyndist magn alkóhóls í sýninu vera 2,00‰.

Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins viðurkennt þennan akstur. Við rannsóknina kvaðst hann hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn, en við meðferðina, að hann hefði verið „hálf þunnur" vegna undanfarandi áfengisdrykkju.

IV.

Um ákæru frá 20. júlí 1984.

Með bréfi, dagsettu 14. september 1983, snéri Magnús D. Hjartarson, Jórufelli 6 hér í borg, sér til lögreglustjóraembættisins í Reykjavík út af því, að nafn hans hefði verið falsað á sölutilkynningu bifreiðarinnar R-34718. Kærandi greindi svo frá í bréfi sínu, að hann hefði selt Rafni Arnari

Guðjónssyni, Hverfisgötu 49, Hafnarfirði, bifreiðina R-34718, Ford Cortina, árgerð 1972, en ekki Ragnari Hafsteini Guðbjörnssyni, Neðri-Rauðsdal, Vestur-Barðastrandarsýslu, eins og sölutilkynning bæri með sér.

Hinn 16. nóvember sl. var Ragnar Hafsteinn yfirheyrður af lögreglunni á Patreksfirði og skýrði svo frá, að sonur sinn, ákærði, hefði selt sér bifreiðina R-34718, og hann sjálfur hefði staðið í þeirri trú, að sonur sinn hefði keypt hana af Magnúsi D. Hjartarsyni. Ragnar Hafsteinn sagði, að sonur sinn hefði gengið frá kaupum og þar með sölutilkynningunni. Mætti (sic) hefði látið umskrá bifreiðina á skráningarmerkið B-239 og þá afhent sölutilkynninguna.

Við yfirheyrslu hjá lögreglunni í Reykjavík hinn 19. desember sl. skýrði ákærði svo frá, að hann hefði keypt bifreiðina R-34718 í næstliðnum júnímánuði af Rafni Arnari Guðjónssyni á vegum einhverra millilliða. Ákærði hefði átt bifreiðina í um einn mánuð og hefði þurft að láta hana standa vegna tíðra bilana. Ákærði hefði aldrei látið umskrá bifreiðina á sitt nafn, hún hefði ávallt verið skráð á nafn Magnúsar D. Hjartarsonar. Ákærði hefði síðan farið vestur og gefið föður sínum bifreiðina, „þar sem hún var eiginlega verðlaus." Ákærði hefði þá ætlað að umskrá bifreiðina, en skort rétta sölutilkynningu. Ekki hefði hann haft símanúmer skráðs eiganda og ekki athugað að gá í símaskrá að því. Einnig hefði sér fundist „málið vera allflókið með fullar hendur af pappírum og illt að átta sig á þeim", því hafi hann gripið til þess ráðs að rita sölutilkynningu, „sem dugði" til að fá bifreiðina umskráða. Er umrætt afrit sölutilkynningar, sem er meðal skjala málsins, var sýnt ákærða, viðurkenndi hann að hafa ritað frumritið á Patreksfirði og lagt það þar inn. Ákærði kvaðst aldrei hafa átt í bifreiðaviðskiptum og því hafi sér verið ókunnugt um, að undirskriftin, sem hann reit á tilkynninguna, væri ólögmæt.

Rafn Arnar Guðjónsson, Hverfisgötu 49, Hafnarfirði, fæddur 24. júlí 1956, skýrði við rannsókn málsins svo frá, að hann hefði keypt bifreiðina R-34718 af Magnúsi Hjartarsyni hinn 2. júní 1983 og hefði farið í Bifreiðaeftirlit ríkisins nokkrum dögum síðar til að umskrá bifreiðina. Hann hefði síðan selt bifreiðina manni, sem hann myndi ekki nafn á, en hefði það á afriti afsals. Samkvæmt ljósriti sölutilkynningar seldi Rafn ákærða bifreiðina 13. júlí 1983. Ákærði ritaði nafn sitt á hana sem samþykkur. Eiginkona ákærða afhenti lögreglunni afritið 7. maí 1984.

Skjölum málsins fylgdi hvorki frumrit skjalsins, sem ákærði er sakaður um að hafa ritað nafn sitt á, né afrit af sölutilkynningu frá kæranda til Rafns.

Eftir birtingu ákærunnar í dóminum skýrði ákærði svo frá, að hann hefði ætlað að tilkynna eigendaskipti á Patreksfirði að bifreiðinni R-34718, en í ljós hefði komið, að hún hefði gengið kaupum og sölum milli nokkurra

manna án formlegra sölutilkynninga. Því hefði hann gripið til þess ráðs að tilkynna skráðan eiganda Magnús D. Hjartarson sem seljanda til föður síns og skráð slíkt á sölutilkynninguna.

Á dómtökudegi málsins kvaðst ákærði hafa reynt að hafa símasamband við Magnús D. Hjartarson, en það ekki tekist. Ákærði hefði því gripið til þess ráðs að rita nafn hans sjálfur, „enda talið sig vera að gera manninum greiða og talið þetta lítilfjörlegt atriði".

Álit dómsins.

I.

Með framburðum vitnanna Viðars Helga Guðjohnsen og Sigurðar Einarssonar og að nokkru með játningu ákærða við frumyfirheyrslu er sannað, að ákærði hafði í orði og verki frammi hótun um líkamsmeiðingar, svo að það varðar við 233. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn telur síðbúinn framburð ákærða í dómi haldlítinn og nánast haldlausan. Í upphafi kvaðst hann hafa verið með hnífinn í slíðri og síðar án slíðurs. Þegar framburðir vitna eru virtir um hegðun hans á gistiheimilinu fyrir atburðinn og ítrekuð afskipti starfsmanna þar af honum, verður að telja eðlilegt, að starfsmennirnir hafi litið svo á, að ákærði væri vís til vafasamra athafna og því framferði hans vel til þess fallið að vekja hjá Viðari Helga ótta um „líf, heilbrigði eða velferð sína eða annara," er hann sá hnífinn í hendi ákærða.

II.1.

Þrátt fyrir neitun ákærða er sannað með framburðum vitna, sem raktir hafa verið, að ákærði ók bifreiðinni E-2321 frá Kleppsvegi 140 um götur þar í grenndinni, og aftur að Kleppsvegi 140. Með játningu ákærða á áfengisneyslu, alkóhólgreiningu í blóði og öðrum gögnum er sannað, að ákærði var undir áfengisáhrifum við aksturinn.

II.2.

Með játningu ákærða á áfengisneyslu, áfengisáhrifum o.fl., alkóhólgreiningu á blóðsýni og öðrum gögnum málsins er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem í öðrum tölulið ákæru frá 24.10.83 greinir.

II.3.

Bæði háttsemin, sem rakin er í 1, og háttsemin í 2 varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 24. gr. (sic.) og 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga nr. 40/1968. Ákærði hefur því unnið til refsingar samkvæmt 80. gr. sömu laga, sbr. lög nr. 54/1976.

III.

Með játningum ákærða, alkólhólgreiningu á blóðsýnum hans og öðrum

gögnum málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um hvora tveggja þá háttsemi, sem lýst er í ákæru frá 5. apríl sl. Brot ákærða ber að heimfæra undir sömu lagaákvæði og brotin, sem lýst er í II, að öðru leyti en því, að fyrra brotið í ákærunni varðar við 2. mgr., sbr. 3.mgr., en ekki 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga.

IV.

Með játningu ákærða og öðrum gögnum málsins, er sannað, að ákærði hefur gerst sekur um brotið, sem lýst er í ákæru frá 20. júlí sl. Þegar það er virt, að sölutilkynningar um breytingar á eignarhaldi bifreiða hafa grundvallarþýðingu um, að bifreiðaskrár, sem haldnar eru af hinu opinbera í almannaþágu, m.a. til að greiða fyrir áreiðanlegum upplýsingum um eignarhald, fellst dómurinn ekki á, að um lítilræði hafi verið að ræða. Því ber að heimfæra brot ákærða undir 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga, en ekki 2. mgr., eins og verjandi hefur krafist.

V.

Ákærði hefur sætt refsingum eins og hér greinir:

1970 Reykjavík: Uppvís að brotum á 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 14/5 1970.

1970 26/11 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og áfengis- og umferðarlagabrot. Sviptur rétti til ökuleyfis ævilangt.

1971 30/4 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. umferðarlaga, en ekki gerð sérstök refsing.

1972 10/2 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og umferðarlaga. (Dómar 26/11'70 og 30/4'71 dæmdir með).

1972 28/9 Reykjavík: Dómur: Refsing felld niður (hegningarauki) fyrir brot á 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, 25. gr. og 3. mgr. 80. gr. umferðarlaga.

1971 28/10 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

1972 13/12 Reykjavík: Dómur: Sakfelldur fyrir brot á 259. gr. hegningarlaga og 25. og 27. gr. umferðarlaga, en refsing ekki dæmd.

1973 23/10 Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot á 155., 244. og 259. gr., sbr. 20. gr. hegningarlaga.

1973 9/10 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 2. gr. laga nr. 73, 1952.

1974 1/2 Reykjavík: Dómur: 1 mánaðar fangelsi fyrir brot á 4., 26., 27., 37., 11. og 18. gr. umferðarlaga.

1974 1/2 Reykjavík: Sátt, 15.000 kr. sekt fyrir brot á 231. og 257. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur.

1975 5/2 Reykjavík: Dómur: 45 daga varðhald fyrir brot á 219. gr. hegningarlaga og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 5/2 1975.

1975 23/4 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga, 259. gr. og 25. gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.

1976 3/12 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. hegningarlaga.

1978 10/3 Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. og 259. gr. hegningarlaga og 24. gr. og 27. gr. umferðarlaga.

1981 18/8 Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1982 26/3 Kópavogi: Dómur: 25 daga varðhald fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., 1. mgr. 37. gr., 1. og 2., mgr. 41. gr. og 1., 2. og 3. mgr. a-lið 49. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi ævilangt frá 18.7.'81. (sic)

1983 28/4 Reykjavík: Ávana- og fíkn., sátt, 1.500 kr. sekt fyrir brot gegn 2., sbr. 5. og 6. gr. laga nr. 65, 1974 og 2., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974, sbr. lög nr. 60, 1980 og 9. gr. laga nr. 75, 1982.

1984 8/3 Reykjavík: Dómur Hæstaréttar varðandi dóm uppkveðinn 26/3 1982: 45 daga varðhald. Staðfest er svipting réttar ákærða til að öðlast ökuleyfi.

Með hliðsjón af 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 6 mánuði.

Ekki liggur fyrir í málinu krafa um, að ákærði verði sviptur rétti til ökuleyfis.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun skipaðs verjanda, Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna verkfalls starfsfólks innan B.S.R.B.

Dómsorð:

Ákærði, Baldvin Guðmundur Ragnarsson, sæti fangelsi í 6 mánuði.

Ákærði greiði sakarkostnaðinn, m.a. málsvarnarlaun Páls Arnórs Pálssonar hæstaréttarlögmanns, að fjárhæð 15.000 krónur.

Fimmtudaginn 2. maí 1985.

Nr. 12/1985. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Guðna Fal Stefánssyni
(Örn Clausen hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 9. janúar 1985. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar héraðsdóms, þó þannig, að refsing verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdóms og færslu til refsiákvæða.

Dómssáttin frá 5. maí 1980 hefur ekki ítrekunaráhrif samkvæmt 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, þar sem ákærði var ekki orðinn 18 ára gamall þá, sbr. 1. mgr. 71. gr. hegningarlaga nr. 19/1940. Dómssáttirnar frá 19. maí og 13. október 1981 og dómarnir frá 4. júní 1982 og 11. júlí 1984 hafa ítrekunaráhrif að því er varðar ökuleyfissviptingu ákærða, sbr. áðurnefnda 3. mgr. 81. gr. umferðarlaga en ekki varðandi refsingu hans, þar sem ekki er sérstaklega heimiluð aukin hegning við ítrekun brots í 80. gr. umferðarlaga. Hins vegar ber að hafa hliðsjón af sakaferli ákærða við ákvörðun refsingar hans, og ber að staðfesta ákvörðun héraðsdóms um hana.

Ákærði hafði verið sviptur ökuleyfi sínu ævilangt, er hann framdi brot sitt. Ber því samkvæmt 81. gr. umferðarlaga að áætta, að ævilöng ökuleyfissviptin hans haldist.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærða, Guðmundar Fals Stefánssonar, og sakarkostnað er staðfest.

Ákærði skal vera sviptur ökuleyfi ævilangt.

Hann greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 10. desember 1984.

Ár 1984, mánudaginn 10. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni fulltrúa, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 584/1984: Ákæruvaldið gegn Guðna Fal Stefánssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 23. nóvember sl., á hendur ákærða, „Guðna Fal Stefánssyni, verkamanni, Nýlendugötu 16, Reykjavík, fæddum 5. febrúar 1963 þar í borg, fyrir að aka, sunnudaginn 19. ágúst 1984, undir áhrifum áfengis og sviptur ökurétttindum ævilangt, bifreiðinni A-8490 frá heimili sínu áleiðist upp í Breiðholt, þar til lögreglan stöðvaði akstur hans á gatnamótum Kleppsvegar og Laugarnesvegar.

Telst þetta varða við 2. mgr. sbr. 3. mgr. 25. gr., 1. mgr. 27. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar eða til sviptingar réttar til að öðlast ökuleyfi samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Málavextir eru þessir samkvæmt framburði ákærða og öðru því, sem fram er komið í málinu:

Sunnudaginn 19. ágúst sl. ók ákærði bifreiðinni A-8490 undir áhrifum áfengis og sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 4. júní 1982 frá Nýlendugötu 16 hér í borg áleiðis upp í Breiðholt, þar til lögreglan stöðvaði aksturinn á gatnamótum Kleppsvegar og Laugarnesvegar kl. 21:00 um kvöldið. Ákærði kvaðst hafa verið að skemnmta sér kvöldið áður. Kvaðst hann hafa vaknað rétt fyrir hádegi og þá fundið enn til lítilsháttar áfengisáhrifa. Kvaðst hann hafa einhvern tíma eftir hádegið drukkið einn bjór og ekki hafa fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Ákærði neytti ekki áfengis við aksturinn eða eftir að honum lauk.

Í þágu rannsóknar málsins var ákærða tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 21:40 sama kvöld. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða vera 1,29‰.

Með niðurstöðu alkhólrannsóknar og eigin framburði ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, er sannað, að ákærði hafi gerst sekur

um háttsemi þá, sem honum er gefin að sök í ákæruskjali og þar þykir rétt færð til refsiákvæða.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt eftirtöldum refsingum:

1978 21/12 í R.vík: Sátt, 100.000 kr. sekt f. brot g. 259. gr. hgl. og 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi í 12 mán. frá 21/12 1978.

1980 5/5 í R.vík: Sátt, 250.000 kr. sekt f. brot g. 259. gr. hgl., 25., 27. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 5/5 1980.

1981 19/5 R.vík: Sátt, 3000 kr. sekt f. brot g. 27. og 48. gr. umfl.

1981 13/10 R.vík: Sátt, 5000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. umfl. Sviptur ökuleyfi 12 mán. frá 25/9 1981.

1982 4/6 R.vík: Dómur: 8.000 kr. sekt f. brot g. 25. gr. og 1. mgr. 27. gr. umfl. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi ævilangt frá 4.6. '82.

1983 1/12 R.vík: Sátt, 12.000 kr. sekt f. brot g. 27. gr. umfl.

1984 11/7 R.vík: Dómur: 24.000 kr. sekt f. brot g. 25. og 27. gr. umfl.

Dómssáttirnar frá 5. maí, 19. maí og 13. október 1980 (sic) og 1. desember 1983 og dómarnir frá 4. júní 1982 og 11. júlí 1984 hafa ítrekunaráhrif á brot ákærða, sem hér er fjallað um, samkvæmt 71. gr. alm. hegningarlaga nr. 19, 1940.

Ákærði hefur með greindri háttsemi sinni unnið sér til refsingar samkvæmt 80. gr. umferðarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 54, 1976. Með hliðsjón af sakarferli ákærða þykir refsing hans hæfilega ákveðin varðhald í 60 daga.

Ákærði er sviptur ökuleyfi ævilangt, og verður honum því ekki gerð frekari ökuleyfissvipting.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Dómsorð:

Ákærði, Guðni Falur Stefánsson, sæti varðhaldi 60 daga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Föstudaginn 3. maí 1985.

Nr. 105/1985 **Logi Pétursson**

gegn

Iðnaðarbanka Íslands h/f

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Logi Pétursson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 3. maí 1985.

Nr. 205/1982 **Hafskip h/f**

(Björn Ólafur Hallgrímsson hdl.)

gegn

Royal Insurance Company Ltd.

(Skúli Th. Fjeldsted hrl.)

Farmflutningar. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. október 1982. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa: Að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda í málinu og honum dæmdur málskostnaður úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Varakrafa: Að hann verði einungis dæmdur til að greiða stefnda £ (GBP) 8.952,35 með 8% ársvöxtum frá 30. október 1981 til 1. október 1982, með 7 % ársvöxtum frá þeim degi til 15. mars 1983, með 8% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1983, með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 11. ágúst 1984, með 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til 19. nóvember 1984, með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1985, með 7,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. janúar 1985, með 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1985, með 8,5% ársvöxtum frá þeim degi til 11. mars 1985, en með 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir Hæstarétti verði látinn falla niður.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, þó þannig, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð verði 8% ársvextir frá 30. október 1981 til 1. október 1982, 7% ársvextir frá þeim degi til 15. apríl 1983, 8% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 7% ársvextir frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 9,5% ársvextir frá þeim degi til 11. mars 1985, en 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Farmskírteini áfrýjanda var ritað á svonefnt „Conlinebill" eyðublað og hafði að geyma í 2. gr. hinna prentuðu skilmála meginskildaga (Paramount Clause), er gilda skyldi um flutning á vörugámi þeim, sem um ræðir í málinu. Íslensk þýðing skildaga þessa, svo sem hann var orðaður í farmskírteininu, er greind í hinum áfrýjaða dómi. Af skildaganum leiddi, að Haag-reglurnar í þeirri gerð sem þær höfðu verið lögleiddar í Bretlandi, réðu sem samningsákvæði réttarstöðu áfrýjanda gagnvart farmskírteinishafa, þar á meðal um ábyrgð hans vegna glataðs eða skemmds farms, að því leyti sem ófrávíkjanlegar réttarreglur stóðu þessu ekki í vegi. Jafnframt verður að líta á skildagann sem meginákvæði gagnvart öðrum prentuðum ákvæðum farmskírteinisins um flutningsskilmála.

Samkvæmt 2. mgr. 143. gr. siglingalaga nr. 66/1963 getur farmflytjandi ekki borið fyrir sig, að vara hafi verið flutt á þilfari, ef þess er ekki getið í farmskírteini. Ekki leiðir af áður greindum meginskildaga og lögum þeim, sem hann vísar til, að áfrýjanda beri

meiri réttur að þessu leyti. Þykir áfrýjandi samkvæmt þessu ekki geta borið fyrir sig ákvæði 19. gr. hinna prentuðu skilmála í farmskírteininu því til framdráttar, að honum hafi verið heimilt að flytja gáminn á þilfari m/s Rangár, sem ekki var gerð til gámaflutninga sérstaklega, án þess að taka þetta gagngert fram í farmskírteininu. Ekki hefur áfrýjandi heldur leitt rök að því, að honum hafi verið þetta heimilt vegna almennrar venju, sem myndast hafi um vöruflutninga á sjó til íslenskra hafna, þegar vörur eru fluttar í gámum.

Fyrir Hæstarétti hefur áfrýjandi ekki uppi andmæli gegn kröfum stefnda á þeim grundvelli, að eftir farmskírteininu sé ábyrgð hans vegna hins týnda vörugáms takmörkuð við aðra og lægri fjárhæð en nemur dómkröfu stefnda. Leggja aðiljar til grundvallar í málflutningi, að lög þau í Bretlandi, sem til eigi að teljast vísað í meginskildaga farmskírteinisins, séu Carriage of Goods by Sea Act 1971, sem byggist á Brüsselsamþykktinni 25. ágúst 1924 ásamt viðauka, undirrituðum í Brüssel 23. febrúar 1968 (Haag-Visby reglunum), þó að í skildaganum sé ekki skírskotað til greinds viðauka sérstaklega.

Samkvæmt framansögðu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó þannig, að vextir af dæmdri fjárhæð verða þeir, sem stefndi krefst fyrir Hæstarétti og í dómsorði segir.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 70.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó þannig, að vextir af hinni dæmdu fjárhæð verði 8% ársvextir frá 30. október 1981 til 1. október 1982, 7% ársvextir frá þeim degi til 15. apríl 1983, 8% ársvextir frá þeim degi til 21. nóvember 1983, 7% ársvextir frá þeim degi til 13. ágúst 1984, 9,5% ársvextir frá þeim degi til 11. mars 1985, en 13% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags.

Áfrýjandi, Hafskip h/f, greiði stefnda, Royal Insurance Company Ltd., 70.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. júlí 1982.

Mál þetta er höfðað með stefnu, útgefinni 26. október 1981. Var það dómtekið, að loknum munnlegum málflutningi 29. f.m.

Stefnandi er Benedikt Blöndal, hæstaréttarlögmaður hér í borg, fyrir hönd Royal Insurance Company Limited, New Hall, Liverpool, Englandi.

Stefndi er Hafskip hf., Hafnarhúsinu við Tryggvagötu hér í borg.

Dómkröfur stefnanda:

Að stefnda verði gert að greiða £ 9.694,25 ásamt 15% ársvöxtum frá 13. maí 1979 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda:

Aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati dómsins, en til vara, að stefnufjárhæðin verði lækkuð verulega, vextir lækkaðir og málskostnaður látinn falla niður.

Krafa stefnanda er byggð á því, að hann hafi sem tryggingasali selt vátryggingu fyrir vörur, sem firmað Twyfords Ltd. í Stoke on Trent í Englandi seldi fyrirtækinu Vatnsvirkjanum hf. hér í borg. Vátryggingarfjárhæðin hafi numið £ 9.685,00. Hafi seljandi séð um að senda kaupanda vörurnar. Vörum þessum hafi sendandi komið fyrir í gámi. Hafi fylgt honum þau fyrirmæli, að ekki mætti flytja hann á þilfari nema að tilkynna það skriflega, ella yrði farmflytjandi gerður ábyrgur fyrir tjóni, sem vörurnar yrðu fyrir. Gámurinn hafi verið fluttur frá Ipswich til Reykjavíkur með skipi stefnda ms. Rangá í maímánuði 1979, en þrátt fyrir fyrirmæli þau, sem honum fylgdu, hafi honum verið komið fyrir á þilfari skipsins, án þess að það væri tilkynnt sendanda. Þess hafi ekki verið getið í farmskírteini því, sem stefndi gaf út, að gámurinn væri fluttur á þilfari, og hafi sendandi því mátt treysta því, að svo yrði ekki gert. Ms. Rangá hafi fengið á sig brotsjó í þessari ferð og hafi gámurinn farið útbyrðis og týnst. Stefnandi hafi bætt eiganda varanna tjón það, sem hann varð fyrir, og fengið framselda kröfu hans á hendur stefnda.

Er því haldið fram, að stefndi hafi rofið samningsskyldur sínar sem farmflytjandi með því að flytja gáminn á þilfari skipsins þrátt fyrir fyrirmæli sendanda og án þess að geta þess sérstaklega á farmskírteini með sérstakri áritun. Sé ljóst, að ekki hefði orðið tjón á gáminum, ef hann hefði verið í lest skipsins. Sendandi varanna og viðtakandi þeirra, sem verið hafi grandlausir um þetta atriði, hafi mátt treysta því, að gámurinn væri fluttur í lest skipsins. Á þessum tíma hafi flutningar á gámum ekki verið orðnir svo tíðir, að menn hafi almennt mátt búast við, að gámar væru fluttir á þilfari. Ekki hafi almennt verið farið að nota til flutninga til landsins skip, sem byggð eru sérstaklega til að flytja gáma, og ekki hafi ms. Rangá verið byggð til slíkra flutninga. Af öllum þessum ástæðum geti stefndi ekki borið

fyrir sig fyrirvara í 19. gr. farmskírteinisins um þennan flutning, svo sem hann hafi gert.

Þá er því haldið fram, að veður það, sem skipið fékk á leiðinni, hafi ekki verið verra en búast megi við á þessari siglingaleið á þessum tíma árs. Því megi rekja tjónið til ófullnægjandi búnaðar fyrir gáminn á þilfari og ófullnægjandi festinga hans. Sönnunarbyrði um þessi atriði hvíli á stefnda og hafi hann ekki fullnægt henni. Fram hafi komið, að krókur í einni af festingum gámsins hafi rést, og gefi það til kynna, að festingarnar hafi ekki verið nógu traustar. Sé með öllu ósannað, að þarna hafi verið um að ræða leyndan galla.

Þá er því að lokum haldið fram, að samkvæmt 2. gr. farmskírteinis þess, sem stefndi gaf út um flutning þennan, gildi um hann svonefndar Haagreglur frá 1924, eins og þær hafi verið lögfestar í landi því, sem varan var flutt frá. Umræddur gámur hafi komið frá Englandi og því gildi hér ákvæði Haagreglnanna, eins og þær hafi verið lögfestar í Carriage of Goods by Sea Act frá 1924 ásamt breytingum, sem gerðar hafi verið á Haagreglunum með svonefndum Haag-Visbyreglum, eins og þær voru lögfestar í Carriage of Goods by Sea Act frá 1971. Haagreglurnar geri ekki ráð fyrir þilfarsflutningi, sbr. c-lið 1. gr. Þá felist einnig í ákvæðum 2. tl. 3. gr., að ekki sé gert ráð fyrir, að vörur séu fluttar á þilfari. Flutningssamningurinn, sem gerður var á grundvelli þessara ákvæða, feli í sér, að þar sem þess hafi ekki verið getið sérstaklega með áritun á farmskírteinið, að gámurinn væri fluttur á þilfari, hafi sendandi mátt treysta því, að hann yrði fluttur í lest skipsins. Annað sé brot á farmsamningnum samkvæmt farmskírteinisreglum og séu ákvæði farmskírteinisins, sem fara í bága við það, ógild. Því geti stefndi ekki borið fyrir sig fyrirvara í 19. gr. farmskírteinisins.

Er því haldið fram, að með því að brjóta farmsamninginn með þessum hætti hafi stefndi glatað rétti til að bera fyrir sig ýmsa fyrirvara, sem Haagreglurnar heimili, svo sem að undanskilja sig ábyrgð á tjóni á farmi af völdum Perils of The Sea, samkvæmt 4. gr. reglnanna.

Er því einnig haldið fram, að flutningur gámsins á þilfari jafngildi ófullnægjandi stúun samkvæmt ákvæðum Haagreglnanna, eins og þær eru lögfestar í Carriage of Goods by Sea Act, og því geti stefndi ekki borið fyrir sig neina af fyrirvörum 4. gr. reglnanna.

Fjárhæð kröfu stefnanda er byggð á vátryggingarfjárhæð, eins og hún kemur fram í vátryggingarskírteini því, sem stefnandi gaf út, £ 9.685,00 að viðbættum kostnaði við tjónkönnun, £ 9,25.

Sýknukrafa stefnda er byggð á því, að á undanförnum árum hafi flutningar á vörum í gámum aukist mikið. Hafi Twyfords Ltd., sem selt hafi vörur sínar um árarаðir til Íslands, sjálft óskað eftir að hlaða vörum sínum í gáma. Öll skipafélög, sem annast flutninga á sjó til landsins, áskilji sér

rétt í farmskírteinum sínum til að mega flytja vörur í gámum á þilfari. Þetta sé þekkt staðreynd í viðskiptaheiminum. Hafi fyrirsvarsmenn Twyfords því hlotið að vita, að verulegar líkur væru til þess, að gámurinn með vörum fyrirtækisins yrði fluttur á þilfari. Í 19. gr. farmskírteinis um flutning þennan sé afdráttarlaus heimild farmflytjanda til að mega flytja vöruna á þilfari, ef honum sýnist svo. Þeim rétti hafi stefndi ekki afsalað sér. Ekki fái staðist sú staðfhæfing stefnanda, að sendandi hafi mátt treysta því, að varan yrði ekki flutt á þilfari. Hann hafi þvert á móti fastlega mátt gera ráð fyrir því. Hafi því ekki verið um neitt samningsrof að ræða af hálfu stefnda. Umboðsmenn stefnda hafi ekki fengið neina orðsendingu frá stefnanda um sendinguna og jafnvel þótt svo hefði verið, hefði það ekki haft áhrif á rétt stefnda til að flytja gáminn á þilfari. Skjal það, sem sendandi telji hafa fylgt gáminum, hafi enga þýðingu í málinu, enda hafi sendandi ekki glatað neinum rétti gagnvart vátryggjanda farmsins, sem þegar hafi bætt tjónið að fullu.

Þá er því haldið fram, að umbúnaður farmsins hafi ekki verið með öðrum hætti en venjulegt er á þessum árstíma. Festingar, sem hafi verið nýjar, hafi rést upp, þegar brotsjórinn kastaði skipinu til. Hljóti þar að hafa verið um að ræða leyndan galla í festingu. Í Haagreglunum, sem eigi við um sendingu þessa, sé einmitt ákvæði í c-lið 2. tl. 4. gr., sem kveði á um, að farmflytjandi beri ekki ábyrgð á tjóni, sem stafar af „Perils of the sea". Hafi brotsjór sá, sem kastaði skipinu til, augljóslega verið slíkt tilvik. Í p-lið sömu greinar sé jafnframt tekið fram, að farmflytjandi ábyrgist ekki tjón, sem stafi af leyndum göllum í festingum.

Þá er því haldið fram, að í nútíma farmflutningum fái ekki staðist sá skilningur stefnanda á ákvæði c-liðar 1. gr. og 2. tl. 3. gr. Haagreglna, að ekki sé gert ráð fyrir, að farmur sé fluttur á þilfari. Hefði það í för með sér, að allur sá farmur, sem skipafélög flytji nú til landsins í gámum á þilfari, sé fluttur þannig í blóra við samningsákvæði farmsamnings.

Í greinargerð stefnda var varakrafa hans í fyrsta lagi byggð á því, að fram komi, að vörur þær, sem í gáminum voru, hafi verið seldar með CIF skilmálum og hafi verð þeirra verið £ 7.741,24.

Móttakandi virðist hafa greitt farmgjaldið, sem numið hafi £ 847,24. Cif verð varanna hafi þannig numið £ 8.592,35, sem sé hámark ábyrgðar stefnda.

Í öðru lagi var því haldið fram, að hér eigi við Haag-Visby reglurnar um hámark ábyrgðar farmflytjanda og hafi stefnandi ekki sýnt fram á, hverju það nemi.

Við munnlegan flutning málsins var því hins vegar haldið fram, að í Paramount Clause farmskírteinisins sé Haag-Visbyreglnanna ekki getið og verði þeim því ekki beitt í máli þessu. Hins vegar beri að beita ákvæði

Haagreglnanna, eins og þær voru lögfestar með Carriage of Goods By Sea Act frá 1924, en þar sé hámarksábyrgð farmflytjanda £ 100,00.

Þá kemur einnig fram í greinargerð stefnda, að þótt talið verði, að stefndi beri fébótaábyrgð á vörum þeim, sem fórust, þá beri að lækka bætur með hliðsjón af því ofsaveðri, sem var orsök tjónsins. Einnig er því haldið fram, að lækka beri bætur samkvæmt 25. gr. laga um vátryggingasamninga.

Ályktun dómsins.

Eðli málsins samkvæmt er farmi, sem fluttur er á þilfari, meiri hætta búin en farmi, sem fluttur er í lest. Hefur þessarar staðreyndar gætt í reglum um farmflutninga á sjó.

Hefur það verið grundvallarregla, að þess sé getið sérstaklega af farmflytjanda í farmskírteini, ef farmur er fluttur á þilfari eða hversu mikill hluti af tilteknum farmi er fluttur á þilfari, þegar um slíkt hefur verið að ræða.

Á undanförnum árum hefur sú breyting orðið á flutningum stykkjavöru á sjó, að tekið er að búa um þær í gámum. Hafa einnig verið smíðuð skip, sem eru hönnuð sérstaklega til að flytja gáma. Ms. Rangá er ekki hönnuð sérstaklega til að flytja gáma.

Fyrirtækið Twyfords lét búa um hinar seldu vörur í umræddum gámi og sendi með honum fylgiskjal, er hann var fluttur frá verksmiðju fyrirtækisins til útskipunarhafnar. Auk upplýsinga um vörusendinguna sjálfa var í fylgiskjali þessu gerð grein fyrir því, að vátrygging sú, sem keypt hafði verið fyrir vörurnar, miðaðist við, að gámurinn yrði fluttur í lest skipsins. Var jafnframt mælt fyrir um, að ef ekki yrði unnt að koma því við, yrði það tilkynnt sendanda skriflega. Að öðrum kosti yrði viðkomandi gerður ábyrgur fyrir tjóni, sem yrði á sendingunni.

Skjal þetta var ekki ritað til stefnda, og virðist það vera fylgiskjal til leiðbeiningar fyrir þann, sem flutti gáminn til uppskipunarhafnar, eða fyrir miðlara þann, sem sá um að senda gáminn til Íslands fyrir hönd hins erlenda seljanda varnanna.

Gegn mótmælum stefnda er ósannað, að fylgiskjal þetta eða fyrirmæli þau, sem þar komu fram, hafi borist þeim, sem störfuðu í umboði stefnda á fermingarstað skipsins. Verður því ekki byggt á því, að fyrirmæli þessi hafi lagt á stefnda þær skyldur, sem í þeim fólust.

Eintak farmskírteinisins, sem lagt hefur verið fram í málinu, ber með sér, að fyrirtækið Twyfords Ltd. sendi Vatnsvirkjanum hf. hér í borg gám með „Sanitary Ware & Fittings" með skipi stefnda, ms. Rangá. Er skráð sérstaklega á farmskírteinið, að það sé ekki til framsals, og jafnframt að farmgjald skuli greitt á ákvörðunarstað, hvort sem skipið og/eða varan hafi farist eða ekki. Þá kemur og fram í prentaðri yfirlýsingu, svo sem venja

er, að varan virðist vera í góðu ástandi, er tekið er við henni á skipsfjöl, en ekki sé vitað um magn, gæði o.s.frv. og að farmflytjandi taki að sér að flytja vöruna og afhenda hana í góðu ástandi gegn greiðslu farmgjalds. Þá er í þessari prentuðu yfirlýsingu ákvæði þess efnis, að með því að veita farmskírteininu viðtöku samþykki sendandi sérstaklega og viðurkenni öll ákvæði farmskírteinisins á báðum síðum þess, hvort sem þau séu skrifuð, prentuð, áletruð með stimpli eða skráð á annan hátt, svo sem þau væru skráð af sendandanum sjálfum.

Hinir almennu prentuðu skilmálar farmskírteinisins hafa í 2. gr. að geyma svokallað aðalákvæði (Paramount Clause). Hljóðar það svo í íslenskri þýðingu:

„Hagreglurnar, sem eru í alþjóða samþykktinni til samræmingar á vissum reglum tengdum farmskírteinum og dagsettar eru í Brüssel 25. ágúst 1924, skulu ná til þessa samnings, eins og lög segja til um í landi því sem afskipun fer fram. Ef engin slík lög eru í gildi í því landi skulu tilsvarandi lög í móttökulandinu eiga við. En ef um er að ræða skipsfarma, sem engin slík lög geta náð til, skal fyrrnefnd alþjóðasamþykkt ráða."

Í a-lið 19. gr. þessara almennu skilmála er kveðið á um, að farmflytjanda sé heimilt að búlka vörur í skipið í því ástandi sem hann tekur við þeim eða koma þeim fyrir í gámum eða öðrum flutningsumbúðum, ef hann kýs það.

Ákvæði b-liðar 19. gr. er svohljóðandi í íslenskri þýðingu:

„Gáma, tengivagna og flytjanlega geyma, hvort sem þeir eru hlaðnir af farmflytjanda, eða hann tekur við þeim úr hendi sendanda, má flytja í lest eða á þilfari, án tilkynningar þar um til sendanda."

Í c-lið þessarar sömu greinar er ákvæði þess efnis, að ábyrgð farmflytjanda á farmi, sem komið er fyrir samkvæmt ákvæðum a- og b-liða, skuli ráðast af Haagreglunum, eins og þær hafi verið skilgreindar í fyrri ákvæðum skilmálanna, þrátt fyrir að vörurnar séu fluttar á þilfari, og skuli slíkar vörur teknar með við niðurjöfnun sameiginlegs sjótjóns og verða bættar við slíka niðurjöfnun.

Svo sem áður er rakið, byggir stefndi á því, að heimilt hafi verið að flytja umræddan gám á þilfari samkvæmt ákvæði b-liðar 19. gr. skilmálanna.

Við skýringu á ákvæði þessu verður í upphafi að líta til aðalákvæðis skilmálanna (Paramount clause). Samkvæmt því skulu svokallaðar Haagreglur, sem dagsettar eru í Brüssel 25. ágúst 1924, ná til samnings þess, sem felst í farmskírteininu, eins og lög segja til um í landi því, sem útskipun fer fram.

Með Carriage of Goods by Sea Act frá 1924 voru Haagreglurnar lögteknar í Bretlandi. Með svonefndum Visbyreglum, sem samþykktar voru

í Stokkhólmi 1963, var gerð breyting á ákvæðum Haagreglnanna. Með Carriage of Goods by Sea Act frá 1971 var á grundvelli Visbyreglnanna gerð breyting á ákvæðum laganna frá 1924. Var þá m.a. breytt hámarksfjárhæð bóta, sem farmflytjandi skyldi greiða fyrir hverja flutningseiningu, úr £ 100,00 í 10.000 franka (Poincare franka), eða 30 franka fyrir hvert kíló af heildarþunga vörusendingar hvort sem hærra yrði.

Þykir mega leggja til grundvallar, að með lögunum frá 1971 hafi verið breytt ákvæðum Haagreglnanna, eins og þær höfðu verið lögfestar 1924, og séu þau lög þannig breytt núgildandi ensk lög um þetta efni.

Það er eitt af grundvallarákvæðum Haagreglnanna, að þær gildi ekki um farm, sem fluttur er á þilfari. Kemur það m.a. fram í c-lið 2. gr., þar sem kveðið er á um, að orðið vörur í reglunum taki ekki til lifandi dýra og farms, sem sagður er fluttur á þilfari samkvæmt flutningssamningi og er raunverulega fluttur þannig.

Fyrirvari b-liðar 19. gr. hinna almennu skilmála farmskírteinisins í þessu máli fer því í bága við þetta grundvallarákvæði Haagreglnanna. Reglurnar gera að vísu ráð fyrir því, að unnt sé að semja sérstaklega um, að þær gildi um farm, sem fluttur er á þilfari. Farmskírteini það, sem hér er fjallað um, felur ekki í sér samning um, að umræddur gámur yrði fluttur á þilfari. Er ekki unnt að líta svo á, að fyrirvari 19. gr. almennu skilmálanna og viðtaka farmskírteinisins eftir áritun þess af hálfu stefnda veiti því samningsgildi um það atriði. Bar stefnda að láta það koma fram með sérstakri áritun á farmskírteinið, ef aðeins var unnt að flytja gáminn á þilfari. Hefði það einnig verið í samræmi við vilja fyrirsvarsmanna Twyfords Ltd. svo sem kom fram í áðurgreindum fyrirmælum, sem fylgdu sendingunni frá þeim. Var slík áritun til fyllingar á efni samnings þess, sem fólst í farmskírteininu. Verður að líta svo á, að farmsendandi og viðtakandi farmsins hafi átt rétt á að fram kæmi í farmskírteininu í samræmi við framangreint grundvallarákvæði Haagreglnanna, að gámurinn yrði fluttur á þilfari.

Er ósannað, að það sé viðtekin venja við flutninga á gámum á sjó, að þess sé ekki getið í farmskírteini, þótt gámur sé fluttur á þilfari. Er einnig ósannað, að slík venja hafi myndast um flutning farms í gámum frá Twyfords Ltd. með skipum stefnda.

Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, verður að líta svo á að með því að flytja umræddan gám á þilfari án þess að geta þess ótvírætt í farmskírteini hafi stefndi brotið gegn farmsamningnum, sem fólst í farmskírteininu, og geti hann því ekki borið fyrir sig fyrirvara Haagreglnanna, sem hann byggir á og kynnu að hafa firrt hann ábyrgð á tjóni sem þessu. Ber stefndi því fébótaábyrgð á tjóni því, sem varð, er gámurinn með umræddri vörusendingu fór fyrir borð og sökk.

Í bréfi Vatnsvirkjans hf. frá 30. maí 1979 kemur fram, að tjón fyrirtækisins nemi þessum fjárhæðum:

1. Verð varanna samkvæmt vörureikningi	£	7.745,11
2. Flutningskostnaður	—	847,24
3. Kostnaður við gám	—	285,31
4. 10% ágóði	—	888,69
5. Kostnaður við könnun á tjóni	—	9,25
Samtals	£	9.775,60

Það verður að telja, að kostnaður við sérstakan umbúnað um vörusendinguna, svo sem gámurinn var, sé hluti af tjóni því, sem varð. Verður einnig að líta svo á, að ágóði og tjónkönnun séu almennt viðurkenndir þættir í tjóni sem þessu.

Fjárhæð vátryggingar þeirrar, sem keypt hafði verið hjá stefnanda, nam £ 9.685,00. Hefur ekki verið vefengt, að stefnandi hafi einnig greitt kostnað við tjónkönnun. Verða þær fjárhæðir því lagðar til grundvallar kröfum stefnanda.

Af hálfu stefnda hefur því ekki verið haldið fram, að stefnanda hafi verið óskylt að greiða fjárhæðir þessar. Ekki hefur heldur verið byggt á því,að málshöfðunarfrestur hafi verið liðinn, er mál þetta var höfðað, eða aðrir frestir hafi liðið, sem valdi því, að krafa stefnanda sé fallin niður.

Eins og atvikum málsins er háttað, þykir ekki grundvöllur til að lækka fjárhæð kröfu stefnanda með tilliti til veðurs, er umræddur atburður gerðist.

Ekki þykir heldur grundvöllur til að beita heimild 25. gr. laga um vátryggingasamninga til að lækka kröfu stefnanda.

Verður niðurstaða málsins því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda £ 9.694,25. Ekki kemur fram, að stefnandi hafi greitt tjónþola vexti af fjárhæðinni. Það kemur ekki ótvírætt fram, hvenær hann innti greiðsluna af hendi, og ekki kemur ótvírætt fram, hvenær hann krafði stefnda um greiðslu. Af þessum sökum verða 15% ársvextir dæmdir af fjárhæðinni frá þingfestingu málsins 30. október 1981.

Eftir þessum úrslitum málsins verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda kr. 34.000,00 í málskostnað.

Guðmundur Jónsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Guðmundi Hjaltasyni skipstjóra og Hrafnkeli Guðjónssyni stýrimanni.

Dómsorð:

Stefndi, Hafskip hf., greiði stefnanda, Benedikt Blöndal hæstaréttarlögmanni fyrir hönd Royal Insurance Company Ltd., £ 9.694,25

með 15% ársvöxtum frá 30. október 1981 til greiðsludags og kr. 34.000,00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. maí 1985.

Nr. 195/1983. **Ásrún Auðbergsdóttir**
(Páll A. Pálsson hrl.)
gegn
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Uppboð. Skattar.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 13. október 1983. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og synjað um nauðungaruppboð á fasteigninni Breiðási 1 í Garðakaupstað. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og í hinum kærða úrskurði greinir, var bókuð sátt í fógetarétti Garðakaupstaðar 11. september 1980, þar sem Kristján P. Vilhelmsson lofaði að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík skuldir á nafni Goðaborgar s/f og Christians P. Willardsens að fjárhæð gkr. 2.737.047 með þeim vöxtum, sem þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma. Í sáttinni var sá fyrirvari, að Kristján áskildi sér rétt til að koma að sönnunargögnum um, að hann væri ekki réttur aðili kröfunnar eða að um ranga álagningu á Goðaborg s/f og/eða Christian P. Willardsen væri að ræða. Síðan var með samþykki eiginkonu

Kristjáns, áfrýjanda þessa máls, gert fjárnám í fasteign hennar, Breiðási 1, Garðakaupstað, til tryggingar skuldinni.

Af gögnum máls þessa kemur fram, að framangreind skuld er vegna opinberra gjalda, sem lögð voru á Goðaborg s/f og Christian P. Willardsen, svo sem rakið er í úrskurði uppboðsréttar. Skuld þessi hefur ekki verið greidd. Áðurnefndri fjárnámsgerð, sem er grundvöllur hins umbeðna uppboðs, hefur ekki verið áfrýjað, og áfrýjandi hefur ekki hreyft neinum athugasemdum við hana sem slíka. Engir þeir gallar þykja vera á henni, sem valdi ógildi hennar ex officio, sbr. 13. gr. laga nr. 57/1949, og verður hún því talin fullnægjandi uppboðsheimild. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða úrskurð.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ásrún Auðbergsdóttir, greiði stefndu, Gjaldheimtunni í Reykjavík, 15.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður uppboðsréttar Garðakaupstaðar 16. september 1983.

Mál þetta var tekið til úrskurðar, að loknu munnlegum málflutningi 30. ágúst 1983.

Uppboðsbeiðandi er Gjaldheimtan í Reykjavík, Tryggvagötu 28, Reykjavík. (Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.).

Uppboðsþoli er Ásrún Auðbergsdóttir, Breiðási 1, Garðakaupstað (Páll Arnór Pálsson, hrl.).

Í máli þessu gerir uppboðsbeiðandi þær kröfur, að húseignin Breiðás 1 í Garðakaupstað verði boðin upp og seld til lúkningar eftirstöðvum opinberra gjalda í samræmi við sátt, sem gerð var í fógetarétti Garðakaupstaðar 11. september 1980 um greiðslu gjaldaskulda Goðaborgar s.f., nafnnr. 2712-6243, og Christians P. Willardsen, nafnnr. 5890-9483, þá samtals að eftirstöðvum gkr. 2.737.043, með þeim vöxtum, sem þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma auk kostnaðar við uppboðið og málskostnaðar að mati réttarins. Grundvöllur uppboðsbeiðninnar frá 7. október 1980 er fjárnám, sem gert var í fógetaréttinum í beinu framhaldi af réttarsáttinni og þinglýst 16. september 1980.

Af hálfu uppboðsþola eru gerðar þær kröfur, að nauðungaruppboð að kröfu uppboðsbeiðanda nái eigi fram að ganga. Við munnlegan flutning málsins var af hálfu uppboðsþola einnig krafist málskostnaðar úr hendi uppboðsbeiðanda.

Sem áður greinir er umrædd uppboðsbeiðni frá 7. október 1980. Uppboðsheimildin og réttarsáttin, sem hún byggist á, koma fram í endurriti úr fógetabók Garðakaupstaðar. Bókunin í fógetaréttinum er svohljóðandi

„Ár 1980, fimmtudaginn 11. september, er fógetaréttur Garðakaupstaðar settur að Breiðási 1, Garðakaupstað, og haldinn af Má Péturssyni, héraðsdómara.

Fyrir er tekið: Fógetaréttarmálið nr. /1980:

1) Gjaldheimtan í Reykjavík gegn Kristjáni P. Vilhelmssyni.

Fógeti leggur fram nr. 1, bréf skiptaráðandans í Hafnarfirði til skiptaráðandans í Reykjavík, dags. 6.3. 1980, ásamt þeim 11 fylgiskjölum sem þar eru greind.

Af hálfu gerðarbeiðanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, mætir Valgarður Sigurðsson, fulltrúi bæjarfógetans í Hafnarfirði.

Gerðarþoli, Kristján P. Vilhelmsson, er mættur. Dómari gætir leiðbeiningarskyldu.

Gerðarbeiðandi beinir því nú til gerðarþola að greiða kröfur þær sem greindar eru undir lið 1 og 2 á dskj. nr. 1, fylgiskjali 8, í endurriti af þinghaldi hinn 30. janúar 1980, en þær nema nú með dráttarvöxtum til 30.8. 1980:

1. Krafa á nafni Goðaborgar s.f., nnr. 2712-6243	kr.	2.410.788
2. Krafa á nafni Christians P. Willardsen, nnr. 5890-9483	"	326.259
Samtals	kr.	2.737.047.

Með aðilum verður nú svofelld

SÁTT:

Kristján P. Vilhelmsson, Breiðási 1, Garðakaupstað, lofar að greiða Gjaldheimtunni í Reykjavík skuldir á nafni Goðaborgar s.f. og Christians P. Willardsen að fjárhæð kr. 2.737.047 með þeim vöxtum er þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma frá 1. sept. 1980. Sátt þessi er þegar gjaldfallin og aðfararbær. Gerðarbeiðandi muni ekki krefjast uppboðs ef fram koma af hálfu gerðarþola sönnunargögn um að fyrirtæki það er gerðarþoli rak undir nafninu Goðaborg s.f. sé ekki réttur aðili kröfunnar eða að um sé að ræða ranga álagningu á Goðaborg s.f. og/eða Christian P. Willardsen.

Valgarður Sigurðsson. K. Vilhjálmsson. (sic)

Þá mætir í réttinum Ásrún Auðbergsdóttir, eiginkona gerðarþola. Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms fyrir sáttaskuldinni.

Eiginkona gerðarþola, Ásrún Auðbergsdóttir, lýsir því nú yfir að hún samþykki að fjárnám fari fram í fasteign hennar að Breiðási 1 fyrir sáttinni sem persónulegri skuld Kristjáns. Fógeti gætir leiðbeingarskyldu gagnvart mættu.

Fógeti lýsir nú yfir fjárnámi fyrir framangreindri sáttaskuld Gjaldheimtunnar, að fjárhæð kr. 2.737.047 auk vaxta frá 1. sept. 1980, í fasteigninni Breiðási 1, Garðakaupstað.

Fallið er frá virðingu.

Fógeti skýrir þýðingu gerðarinnar.

Upplesið.

Ásrún Auðbergsdóttir.

Valgarður Sigurðsson.

Vottar:
Eggert B. Ólafsson.
Pétur Guðmundsson."

Samkvæmt framlögðu vottorði Hagstofu Íslands - þjóðskrár-, dags. 12. nóvember 1981, kom Christian P. Willardsen inn á þjóðskrá 1. október 1964 og fékk nafnúmerið 5890-9483. Hann skipti um nafn árið 1970 og heitir þá Kristján P. Vilhelmsson, nafnnúmer 5890-6344.

Kristján P. Vilhelmsson var persónulega ábyrgur fyrir sköttum og skyldum Goðaborgar s/f (2712-6243) sem aðili að því félagi. Kristján og Ásrún Auðbergsdóttir, uppboðsþoli, eru hjón. Uppboðsandlagið, fasteignin Breiðás 1 í Garðakaupstað, er þinglesin eign uppboðsþola samkvæmt kaupmála, dags. 27. febrúar 1973.

Í greinargerð uppboðsþola tekur málflutningsmaður hans fram, að hann mæti einnig í máli þessu sem umboðsmaður Kristjáns P. Vilhelmssonar, Kristján hafi andmælt kröfum uppboðsbeiðanda, en við sáttargerðina í fógetaréttinum 11. september 1980 ekki fengið neitt svigrúm til að rökstyðja mál sitt. Honum hafi aðeins verið settir úrslitakostir af hálfu fógeta/skiptaráðanda, sem hafi sagt, að gengi hann ekki að sáttinni, yrði bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Þó hafi náðst að gera í sáttinni fyrirvara, sem þar greinir. Er því haldið fram, að ekki hafi verið fyrir hendi skilyrði til þess að ganga að uppboðsþola og Kristjáni P. Vilhelmssyni þann 11. september 1980. Uppboðið eigi ekki að fara fram, þar sem uppboðsheimildin sé fjárnám, gert til tryggingar kröfum, sem ekki hafi lengur verið fyrir hendi.

Í fyrsta lagi hafi skuld Christians P. Willardsen, nafnnúmer 5890-9483, verið greidd upp 30. ágúst 1972, eins og fram komi á ljósriti af gjaldheimtu-

spjaldi (rskj. 64). Krafa á hendur honum sé einnig fyrnd samkvæmt 3. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Upphaf fyrningartíma verði að telja, þegar skuld sé gjaldkræf, þ.e. líklega í ágúst 1971. Þann 22. október 1975 sé kröfunni lýst í þrotabú Kristjáns P. Vilhjálmssonar (sic). Skipti hafi aldrei farið fram og skiptamálið verið fellt niður árið 1980. Krafan hafi verið fyrnd við kröfulýsingu. Ef ekki, hafi hún að minnsta kosti verið fyrnd, er fjögur ár voru liðin frá kröfulýsingunni. Hér eigi ekki að miða við 10 ára fyrningartíma, þar sem engin skipti hafi farið fram. Ennfremur er því haldið fram, að aðgerðir uppboðsbeiðanda, svo sem kröfulýsingar og þess háttar, hafi engin áhrif haft á fyrningartímann, úr því málum hafi eigi verið haldið fram á réttum hraða og engin skipti farið fram.

Varðandi gjöld Goðaborgar s.f., nafnnúmer 2712-6243, sem eru frá 1971 og 1972, er því haldið fram, að þau séu fyrnd af sömu ástæðum og greinir um gjöld Christians P. Willardsen. Uppboðsbeiðandi hafi beðið um gjaldþrotaskipti á Goðaborg s/f 25. janúar 1974 og það úrskurðað gjaldþrota 5. júlí 1974. Þann 22. október 1975 hafi komið fram kröfulýsing í þrotabú Kristjáns P. Vilhelmssonar og síðan hafi málið verið í frestum allt þar til 11. september 1980, er dómssáttin var gerð. Á því tímabili hafi komið fram mótmæli af hálfu Kristjáns og einu sinni hafi hann fengið greiðslufrest.

Þá er á það bent, að báðar kröfurnar séu orðnar ævagamlar, nú ellefu tólf ára, en átta og níu ára, er dómssáttin var gerð, og því verði að telja öll sanngirnissjónarmið mæla með því að meta þær fyrndar.

Í greinargerð uppboðsþola segir að lokum:

„Umbjóðandi minn Ásrún Auðbergsdóttir telur að við fjárnámið 11. sept. 1980 hafi verið beitt þvingunum og hótunum sem ekki geta talist til eðlilegra réttarfarslegra athafna. Hún var kölluð í skyndi til fógeta og henni settir þeir kostir að benda á séreign sína til tryggingar skuldum eiginmannsins, ella yrði hann þá þegar úrskurðaður gjaldþrota og að myndi leiða til þess að þrotabúið fengi fullnægju í séreignum hennar. Hún fékk ekki frest til þess að ráðfæra sig við lögmann, sem hefði þó verið eðlilegt, þar sem hún var nýr aðili og ekki gerðarþoli og miklir hagsmunir í húfi. Krafa Gjaldheimtunnar var aðeins ein af mörgum og hafði hún enga möguleika né aðstöðu til þess að kynna sér kröfurnar eða réttmæti þeirra."

Við munnlegan flutning málsins var ítrekað af hálfu uppboðsþola, að uppboðsheimildin væri ekki lögleg, m.a. af þeirri ástæðu, að réttarsáttin hafi verið skilyrt. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1887 sé ekki rétt að framkvæma fjárnám samkvæmt skilyrtri sátt, nema gerðarbeiðandi sanni, að skilyrðinu sé fullnægt. Sönnunarbyrðin hvíli á gerðarbeiðanda, en ekki gerðarþola, eins og fram komi í fyrirvaranum.

Af hálfu uppboðsbeiðanda er öllum staðhæfingum og málsástæðum uppboðsþola mótmælt. Af hans hálfu hefur með gögnum verið skilmerkilega

hrakin sú fullyrðing uppboðsþola, að gjöld Christians P. Willardsen, nafnnúmer 5890-9483, séu að fullu greidd, þar sem kvittun sú, sem gerðarþoli byggir á, sé vegna gjalda frá árinu 1969. Gjöld þau, sem fjárnám var gert fyrir, séu frá árunum 1970 og 1971 hjá Christian P. Willardsen og 1971 og 1972 hjá Goðaborg s/f. Gjöld þessi hafi aldrei fyrnst, enda stöðugt til meðferðar hjá dómstólum, þar til réttarsáttin var gerð. Hafi gjöldin fyrnst á einhverju tímabili, hafi þau raknað við við sáttina. Engin sönnunargögn hafi komið fram, enda ekki til um að Goðaborg s/f hafi ekki verið réttur aðili að kröfunni eða álagningarnar rangar. Uppboðsþoli geti því ekki haldið uppi vörnum, byggðum á því loforði uppboðsbeiðanda við sáttargerðina, að hann myndi ekki biðja um uppoð, kæmi gerðarþoli fram með slík sönnunargögn. Af hálfu uppboðsbeiðanda eru ásakanir um nauðung, sem fram koma í greinargerð uppboðsþola, taldar ósannaðar og þeim mótmælt.

Ljóst er af því, sem að framan greinir, að gjöld þau, sem uppboðsmál þetta varða, höfðu um árabil verið til meðferðar dómstóla, fógetaréttar og skiptaréttar, þar til gerð var um þau réttarsátt 11. september 1980 og síðan fjárnám í fasteigninni Breiðási 1 í Garðakaupstað í beinu framhaldi af því. Eigi verður séð, að sú framvinda varðandi þessar kröfur, sem lýst hafi verið á hendur Kristjáni P. Vilhelmssyni, og aðrar hafi valdið uppboðsbeiðanda réttarspjöllum, þótt Kristján og uppboðsþoli hafi kosið að forða með þeim hætti, að bú Kristjáns yrði tekið til skiptameðferðar sem gjaldþrota.

Telja verður umrædda réttarsátt fullgilda aðfararheimild. Sáttinni hefur ekki verið hnekkt með dómi samkvæmt 2. mgr. 17. gr. laga nr. 85/1936, sbr. nú 5. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 28/1981 um breytingu á þeim lögum. Eigi þykir það vera á valdi uppboðsréttar að úrskurða um, hvort fógeta hafi verið rétt að gera fjárnám á grundvelli réttarsáttarinnar sem aðfararheimildar vegna þess loforðs gerðarbeiðanda, uppboðsbeiðanda í máli þessu, að hann myndi ekki krefjst nauðungaruppboðs á því, sem fjárnumið yrði, fullnægði gerðarþoli þar greindum skilyrðum. Gætt var leiðbeiningarskyldu gagnvart gerðarþola. Uppboðsréttur er ekki bær að úrskurða um, hvort gerðarþoli var að lofa að greiða fyrndar kröfur. Reyndar hefur hvorki verið sannað, að svo hafi verið, né heldur, að gjöldin séu greidd.

Fjárnámsgerðinni hefur ekki verið áfrýjað, og ekkert er fram komið um réttarfarslega annmarka á henni, sem leiði til þess, að hún verði talin ógild sem uppboðsheimild. Samkvæmt framangreindu skal nauðungaruppboð á fasteigninni Breiðási 1 í Garðakaupstað fara fram að kröfu uppboðsbeiðanda fyrir fjárnámsskuldinni, kr. 27.370,47, auk þeirra vaxta frá 1. september 1980 er þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma.

Dæma ber uppboðsþola til að greiða uppboðsbeiðanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 10.000,00 krónur.

Það er athugavert, að í greinargerð uppboðsþola og málflutningi hér fyrir dómi koma fram ásakanir um, að fógeti sá, er fjárnámið framkvæmdi, hafi ekki gætt eðlilegra réttarfarslegra athafna. Þær ásakanir hafa ekki verið réttlættar og skoðast því sem ómerkar.

Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Nauðungaruppboð skal fara fram á fasteigninni nr. 1 við Breiðás í Garðakaupstað, þinglesinni eign uppboðsþola, Ásrúnar Auðbergsdóttur, samkvæmt kröfu og á ábyrgð uppboðsbeiðanda, Gjaldheimtunnar í Reykjavík, til lúkningar kr. 27.370,47 með þeim vöxtum, er þinggjaldaskuldir bera á hverjum tíma, frá 1. september 1980.

Uppboðsþoli greiði uppboðsbeiðanda 10.000,00 krónur í málskostnað innan 15 daga frá birtingu úrskurðar þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. maí 1985.

Nr. 235/1983. **Birna Bjarnadóttir**
(Guðjón Steingrímsson hrl.)
gegn
Friðriki Hafberg
og gagnsök
(Brynjólfur Kjartansson hrl.)

Fasteignakaup. Gallar. Skaðabótamál. Málsástæður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 1. s.m. Stefnan var birt 30. janúar 1984. Dómkröfur hans eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda og honum dæmdur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. janúar 1984. Dómkröfur hans eru þær, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda 37.548,33 krónur auk 34% ársvaxta frá 22. júní 1982 til 16. nóvember 1982, 47% ársvaxta frá þeim degi til 21. september 1983, 39% ársvaxta frá þeim degi til 21. október s.á., 36% ársvaxta frá þeim degi til 21. nóvember s.á., 32% ársvaxta frá þeim degi til 21. desember s.á., 25% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar 1984, 19% ársvaxta frá þeim degi til 13. ágúst s.á., 24% ársvaxta frá þeim degi til 27. ágúst s.á., 25% ársvaxta frá þeim degi til 18. september s.á., 25,5% ársvaxta frá þeim degi til 11. október s.á., 26% ársvaxta frá þeim degi til 25. október s.á., 27,5% ársvaxta frá þeim degi til 1. janúar 1985, 34% ársvaxta frá þeim degi til 21. janúar s.á., en með 37% ársvaxta frá þeim degi degi til dómsuppsögudags í máli þessu, og síðan með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, var orsök rakaskemmdanna sú, að klapparhöft og björg hindruðu framrás vatns eftir þerrilögninni, þar eð þau höfðu upphaflega ekki verið fleyguð niður í

fullnægjandi dýpt, þ.e. niður fyrir neðstu gólfplötu. Hér var um leyndan galla að ræða. Ekkert er fram komið, er bendir til, að aðaláfrýjandi, sem eignaðist húsið árið 1975, þ.e. 20 árum eftir byggingu þess, hafi vitað eða mátt vita um galla þennan. Þar sem bótakrafa gagnáfrýjanda hefur einvörðungu verið reist á þessari málsástæðu, ber samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Birna Bjarnadóttir, á að vera sýkn af öllum kröfum gagnáfrýjanda, Friðriks Hafbergs, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 13. apríl 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. mars 1983, hefur Friðrik Hafberg, 2454-6330, sjómaður, Gerðavöllum 5, Grindavík (lögm. Brynjólfur Kjartansson hrl.), höfðað fyrir dóminum hinn 16. nóvember 1982 gegn Birnu Bjarnadóttur, 1145-3937, Brekkuhvammi 2, Hafnarfirði (lögm. Guðjón Steingrímsson hrl.).

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði dæmd til þess að greiða honum kr. 37.548,33 með 34% ársvöxtum frá 22.6. 1982 til 16.11. 1982, en dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá L.M.F.Í., þ.á m. matskostnað kr. 8.217,00.

Af hálfu stefndu er aðallega krafist sýknu af öllu kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu, en til vara, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og málskostnaður felldur niður.

Í máli þessu krefur stefnandi Friðrik stefndu Birnu um skaðabætur samkvæmt matsgerð vegna galla á íbúð á jarðhæð hússins Garðstígur 3, Hafnarfirði, en með kaupsamningi, dags. 2. júlí 1980, og afsali, dags. 19. ágúst 1981, seldi stefnda stefnanda greinda íbúð, og fór afhending fram 15. ágúst 1980. Íbúðin telst ⅓ hluti hússins Garðstígur 3.

Dómkröfur sínar sundurliðar stefnandi þannig:

1. Kostnaður við þerrilögn (drenlögn) ⅓ hluti af kr. 34.345,00	kr.	11.448,33
2. Endurnýjum eldhúsgólfs	—	13.100,00
3. Veggfóðrun og málun	—	13.000,00
	Samtalskr.	37.548,33.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna, Jóns Sigurjónssonar verkfræðings og Jóns Kr. Jóhannessonar húsasmíðameistara, er dagsettt 22.8. 1982, en matið var framkvæmt samkvæmt dómkvaðningu, dags. 29. mars 1982, og matsbeiðni, dags. 19. mars 1982. Í matsgerðinni kemur fram, að við matsskoðun voru sjáanlegar rakaskemmdir í öllum herbergjum íbúðarinnar, einkum í gólfkverkum við útveggi, en einnig í loftkverkum við útveggi. Alvarlegastar voru þó rakaskemmdirnar í eldhúsi. Matsmenn rufu eldhúsgólfið. Lýsing þeirra á eldhúsinu hljóðar svo:

„Rakaskemmdir eru í gólfkverkum á báðum útveggjum, mjög útbreiddar. Útveggirnir eru einangraðir með 2" korkeinangrun sem er orðin mjög morkin og illa farin í gólfkverkum á hluta veggsins sem snýr frá Garðstígnum. Gólfplata er steinsteypt en ofan á hana koma timburbitar 2" x 4 " með 48-50 cm millibili. Ofan á bitana kemur síðan 1" þykk timburklæðning. Ofan á klæðningunni eru síðan masoniteplötur og loks linoleum gólfflísar efst. Gólfbiti og klæðning næst SA-vegg reyndist sundurmorkin af fúa, sem stafar af langvarandi raka. Steinullareinangrun var umhverfis rör milli gólfbita en ekki annarsstaðar. Rakaskemmdir eru einnig eins og séð verður (að eldhúsinnréttingu) í gólfkverk SV-veggjar. Einnig eru sýnilegar rakaskemmdir í horni milli SV-útveggjar og milliveggjar að svefnherbergi við gólf (í horni innréttingar).

Eldhúsveggur sem snýr að WC og skála er með sýnilegum rakaskemmdum í gólfkverkum. Veggfóður hefur verið bætt við gólfkverk með því að líma veggfóðursbúta frá gólfkverk og um 30 cm upp á veggfóðrið. Þetta bendir til að skemmdirnar séu ekki nýjar.

Rakaskemmdir eru í S-horni við loft sem eru vegna steypuskila eða kuldabrúar í horninu.

Loks má nefna að á þeim 94 cm langa millivegg sem er án eldhússinnréttingar og snýr að svefnherbergi eru rakaskemmdir í gólfkverk. Á þeim vegg er einnig ofn eldhússins.

Niðurstaða skoðunar eldhúss eru því:

— Verulegar rakaskemmdir í gólfkverkum
— Öll gólfbygging yfir steyptri plötu þarfnast endurnýjunar
— Eldhúsinnrétting er orðin léleg vegna raka í gólfkverkum og neðri skápar ónothæfir við útvegg vegna fúkkalyktar og raka."

Fram er komið í málinu, að timburgólf var einnig í öðrum herbergjum íbúðarinnar.

Um orsakir rakaskemmdanna segja matsmenn:

„Orsakir rakaskemmda í gólfkverkum og neðri hluta útveggja og aðlægra milliveggja við útvegg auk rakaskemmda í eldhúsgólfi og eldhússkápum eru tvímælalaust ófullnægjandi frágangur þerrilagnar (drenlagnar) við húsið. Einkum við SA-hlið og SV-hlið. Aðstæður við húsið eru þannig að þerrilögn verður skilyrðislaus forsenda til varnar því að jarðraki komist að útveggjum undir jarðvegsyfirborði.

Raki sem berst inn í íbúðina við gólfkverkar hjálpar síðan til að hækka hlutfallslegt innirakastig og verður þannig hvati að slagablettum í hornum við loft.

Ófullnægjandi þerrilögn verður því a.m.k. að hluta til orsök fyrir slagablettum í loftkverkum við horn (þar sem kuldabrúaráhrifa gætir mest).“

Um nauðsynlegar endurbætur segja matsmenn:

„Utan við útvegg er klöpp og stór björg hindrun fyrir því að leggja þerrilögn í réttri dýpt (þ.e. neðan við neðstu gólfplötu). Í S-horni mældist klöpp utan við útvegg um 50 cm hærri en yfirborð steyptrar gólfplötu. Þannig virðist S-horn hússins vera fleygað inn í klapparbrúnina. Vegna þessara erfiðleika hefur heldur ekki verið lögð eiginleg þerrilögn með SV-vegg eftir því sem séð verður og þerrilögn með SA-vegg liggur allt of hátt ef gert er ráð fyrir að afrennslislögn fyrir þakvatn sé einnig þerrilögn (hálfpökkuð) en önnur lögn var ekki sjáanleg. Með SV-vegg hefur verið púkkað með grjóti til að mynda þerrilögn (dren) en nú hefur moldarjarðvegur þétt þetta grjótræsi að því er séð verður, þar sem grafið var frá húsinu.

Nauðsynlegar úrbætur verða því að okkar mati þessar: Leggja nýja þerrilögn meðfram húsinu a.m.k. með SA-, SV- og NV-hlið. Lögnina verður að leggja neðan við gólfplötu og ganga frá þerrilagi (drenmöl) umhverfis lögnina og að húsinu eins og hefðbundið er . Þetta krefst þess að klöpp og stórgrýti við húsið verði fleygað sundur og fjarlægt þannig að rétt lega þerrilagnar fáist. Áður en fyllt er að þerrilögn þarf að bera þéttiefni (thoroseal foundaition coating) á kjallaravegginn a.m.k. tvær umferðir). Þerrilögn þarf að tengja götulögn svo frárennsli fáist. Taka þarf upp eldhúsgólf og endurnýja það. Veggfóðra og mála þarf íbúðina.“

III.

Það er ágreiningslaust með aðiljum, að þegar kaupin fóru fram um mánaðamótin maí-júní 1980, þá var sýnileg sprunga ofantil á útvegg í eldhúsi og ummerki eftir rakamyndun á eldhúsvegg í tengslum við hana og fleiri sprungur voru sýnilegar á húsinu. Stefnandi kveður stefnda hafa sagt sér, að búið væri að gera við sprunguna á útvegg eldhúss. En hvað sem

því líður, þá gerði stefnandi aftur við þá sprungu, og er eigi ágreiningur útaf henni og eigi heldur útaf öðrum sprungum á húsinu ofan jarðvegs, en stefnandi kveðst ásamt eiganda efri hæðar hafa látið taka allt húsið í gegn þarna um sumarið 1981 og greitt ⅓ hluta af þeirri viðhaldsaðgerð. Sú viðgerð hafi þó ekki reynst nægileg til þess að koma í veg fyrir raka, rakamyndun hafi haldið áfram haustið og veturinn 1981-1982. Ástæðuna fyrir því, að stefnandi gerði ekki fyrirvara eða kvörtun, er hann tók við afsali 19. ágúst 1981, kvað hann þá, að þá hafi utanhússviðgerðinni verið lokið og hann treyst því, að hann væri búinn að komast fyrir rakann.

Viðgerð þeirri, er stefnandi lét framkvæma að matinu loknu sumarið 1982, lýsti hann svo, að auk þess að grafa frá húsinu og leggja þerrilögn, svo sem matsmenn mæltu fyrir um, þá hafi hann rifið upp eldhúsgólf og hreinsað út úr eldhúsinu. Þegar farið var að rífa, hafi alltaf komið meira og meira í ljós og það hafi endað þannig, að öll gólf hafi verið hreinsuð út. Steypt plata hafi verið undir nema á baði, þar hafi verið vikursalli undir. Komið hafi í ljós, að pípulögn, sem var undir timburgólfinu, hafi verið ónýt. Skipt hafi verið um hana, þ.e. pípulögn og vatnslögn fyrir báðar hæðir. Að því loknu seldi stefnandi íbúðina haustið 1982, þ.e. með upprifnum gólfum og án eldhúsinnréttingar, en með endurnýjaðri drenlögn og pípulögn. Söluverð var kr. 700.000.

IV.

Steingrímur Benediktsson, húsasmíðameistari í Hafnarfirði, byggði húsið að Garðstíg 3 árið 1955, þá 26 ára gamall og meistari í iðn sinni. Hann seldi neðri hæð hússins, þá er mál þetta snýst um, árið 1956, en bjó sjálfur á efri hæðinni, þar til hann seldi hana 1972. Engar kvartanir kvaðst hann hafa fengið vegna raka eða leka á neðri hæðinni og ekki vitað til þess, að þar væri neinn raki, fyrr en mál þetta kom til sögunnar. Hann taldi, að frágangur þerrilagnar hefði verið venjulegur og í samræmi við fyrirmæli og kröfur byggingaryfirvalda á þessum tíma og úttekt varðandi undirstöður og frágang þeirra hefði farið fram án athugasemda. Hann taldi, að timburgólf sem þetta hefði verið þekktur byggingarmáti og talinn fullkomlega forsvaranlegur.

Fram hafa verið lögð í málinu afsöl, er sýna, að Steingrímur Benediktsson afsalaði íbúðinni til Steinþórs Magnússonar 1. nóvember 1956, hann afsalaði íbúðinni 1. nóvember 1962 til Guðmundar Jafetssonar, hann afsalaði íbúðinni 31. júlí 1969 til Rúnars Más Jóhannessonar og hann afsalaði íbúðinni 20. júní 1975 til stefndu, Birnu Bjarnadóttur, sem síðan afsalaði, eins og fyrr segir, stefnanda íbúðinni 19. ágúst 1981. Í afsölum frá 1. nóv. 1962 og 31. júlí 1969 er tekið fram, að trégólf sé í íbúðinni, en þess er

ekki sérstaklega getið í hinum þrem afsölunum. Í engu af afsölunum er minnst á raka eða leka.

Stefnandi kvaðst ekki hafa veitt því athygli, fyrir gerð kaupsamnings, að trégólf var í íbúðinni, enda hafi verið teppi á forstofu og stofu. Hann kvaðst hafa uppgötvað það, að trégólf var eftir að hann flutti inn 15. ágúst 1980.

Stefnda, Birna Bjarnadóttir, var sammála stefnanda um, að hún hafi sýnt stefnanda fyrir kaupin sprungu ofanjarðar á útvegg eldhúss. Hún kvað það ekki hafa leynt sér, að trégólf var í íbúðinni. Ofna kvað hún hafa verið bak við hurðir, en ekki á útveggjum.

Hún kvaðst aldrei hafa búið sjálf í íbúðinni, foreldrar hennar hefðu búið þar, öldruð móðir hennar hefði búið þar ein, eftir að faðir hennar lést 1977. Hún kvaðst hafa komið oft til móður sinnar, en aldrei hafa orðið vör við raka í íbúðinni né fúkkalykt úr skápum. Hana minnti, að móðir hennar hefði látið mála eldhúsið, en kannaðist ekki við að hafa vitað um neinar viðgerðir við gólfkverkar eða á betrekki né aðrar slíkar viðgerðir á raka-skemmdum.

V.

Í matsgerð gera matsmenn ráð fyrir, að hluti af rakaskemmdum stafi frá yfirfalli baðkers, en kaflinn um skála hljóðar svo:

„Skáphlið og bak skáps við fatahengi er með dökkum rakaskemmdum. Bakhlið skápsins snýr að geymslu eða hlið skápsins að baðherbergi. Þessar skemmdir virðast stafa frá yfirfalli baðkers þótt ekki sé hægt að fullyrða um það nema opna og skoða frágang yfirfallsins. Ekki þótti þó ástæða til þess enda eru þessar rakaskemmdir ekki alvarlegar að mati undirritaðra. Sjá einnig grein 2.7.

Í skála er ennfremur upphlaupin málning á enda steypts milliveggjar milli eldhúss og svefnherbergis og sömuleiðis á steyptum vegg milli fatahengis og skála. Þetta hrúður virðist þó fremur stafa af efnafræðilegum orsökum en raka og verður ekki gerð frekari skil enda smávægilegt að mati undirritaðra.“

Um geymslu segir svo í matsgerð:

„Rakahrúður er hér útbreitt í gólfkverk SA-veggjar og allt upp í 60 cm hæð á útveggnum. Auk þess er rakahrúður á hlöðnum innvegg sem snýr að baðinu. Rakinn í innveggnum getur stafað frá baðinu eða raka frá útveggnum sem leiðir eftir þessum hlaðna millivegg. Seinni skýringin virðist líklegri og á þá einnig við um rakahrúður í skápnum í skála sem áður er nefnt.“

VI.

Sem fyrr er greint, seldi stefnandi íbúðina, áður en viðgerð var lokið,

á kr. 700.000. Kaupverð íbúðarinnar var kr. 30. milj., útborgun á árinu 22 milj. Byggingarvísitala var 490 stig í júní 1980, en 1140 í júní 1982. 300.000 x 1140 : 490 = 697.959. Telur stefnda þetta sýna, að ekki hafi verið um umtalsvert tap stefnanda að ræða á greindum fasteignakaupum.

Álit réttarins.

Er stefnandi keypti íbúðina að Garðstíg 3, vissi hann um sprungu á útvegg eldhúss og sá ummerki eftir raka í nálægð hennar. Gaf það honum sérstakt tilefni til þess að huga nánar að því, hversu víðtæk ummerki eftir raka væru, en í matsgerð kemur fram, að yfirlímingar á veggfóðri á eldhúsvegg bentu til eldri skemmda og ummerki eftir raka á gólfdúk bentu til, að rakamyndun þar væri ekki ný.

Fallast má á það með stefndu, að það hafi ekki átt að fara framhjá stefnanda við venjulega skoðun, að trégólf var í íbúðinni.

Þar sem stefnandi átti þannig við þá skoðun, sem hann hafði tilefni til að framkvæma, að gera sér ljóst, að trégólf væri í íbúðinni og sjá, að raki hafði komist í gólf, þá mátti hann ætla, að til beggja vona gæti brugðið um það, hversu fúi í gólfbitum og öðrum gólfviðum væri útbreiddur.

Með því að sprungur voru á húsinu ofan jarðvegs, gat stefnandi ætlað, að rakamyndun stafaði frá þeim, og hafði því ekki ástæðu til tortryggni gagnvart þerrilögn umhverfis húsið. Frágangur sá, sem var á þerrilögn, þ.e. grjótpúkk og möl, var algengur og taldist forsvaranlegur á þeim tíma sem hús þetta var byggt. Þess er að vænta að slíkur umbúnaður þarfnist viðalds eða endurnýjunar með árunum, m.a. vegna þess að jarðvegur berst með vatni og með öðrum hætti niður í fyllingarefnið, sem þéttist þá. Sá annmarki var þó á umræddri þerrilögn umfram það, sem stefnandi mátti búast við, að klapparhöft og björg hindruðu framrás vatns eftir þerrilögninni og höfðu upphaflega orsakað það, að hún hafði á tilteknu bili ekki verið lögð í fullnægjandi dýpt, þ.e. neðan við neðstu gólfplötu. Hinir sérfróðu meðdómsmenn telja fram komið, að síðastgreindir annmarkar, en ekki eðlileg fyrning, hafi verið höfuðástæður fyrir því, að þerrilögnin reyndist ekki fullnægjandi.

Það verða því úrslit máls þessa, að stefnda verður dæmd til þess að bæta samkvæmt matsgerð stefnanda kostnað hans af endurnýjun þerrilagnar, sem var haldin stórfelldum annmörkum umfram það, sem stefnandi mátti gera ráð fyrir, en á hinn bóginn verður stefnda sýknuð af kröfu stefnanda vegna viðgerða innanhúss, þar eð stefnandi mátti með hliðsjón af sýnilegum rakamerkjum ætla, að eldhúsgólf þyrfti endurnýjunar við og íbúðin veggfóðrunar og málningar. Í málinu eru ekki gerðar kröfur vegna pípulagnar, en ljóst er, að tilfærsla ofna frá innveggjum á útveggi var endurbót eða úrbót á annmarka í íbúðinni, sem var sýnilegur.

Dómkröfur stefnanda verða því teknar til greina með kr. 11.448,33 og vöxtum eins og krafist er.

Málskostnaður ákveðst kr. 10.500,00.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómsmönnunum Ólafi Pálssyni húsasmíðameistara og Guðmundi Hjálmarssyni tæknifræðingi.

Dómsorð:

Stefnda, Birna Bjarnadóttir, greiði stefnanda, Friðrik Hafberg, kr. 11.448,33 með 34% ársvöxtum frá 22. júní 1982 til 16. nóvember 1982, en 47% ársvöxtum frá þeim degi til 13. apríl 1983, en dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 10.500 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 7. maí 1985.

Nr. 172/1982. **Símon Björnsson**
(Hilmar Ingimundarson hrl.)
gegn
Guðmundi Gestssyni
(Jón Finnsson hrl.)
og Jóni Tómassyni
(Garðar Garðarsson hrl.)

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 2. september 1982, að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 250.000,00 krónur með 13% ársvöxtum frá 25. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní

1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóv. 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst áfrýjandi þess, að staðfest verði kyrrsetning sem fram fór hinn 9. nóvember 1978 á fasteign stefnda Guðmundar Gestssonar að Brekkustíg 21 í Njarðvík.

Áfrýjandi krefst málskostnaðar úr hendi stefndu í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur krefst aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti, en til vara krefst hann lækkunar á kröfum áfrýjanda og verði málskostnaður þá látinn niður falla.

Stefndi Jón krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Jón hefur ekki gagnáfrýjað málinu. Verður kröfu hans um málskostnað í héraði því vísað frá Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétti byggir áfrýjandi kröfur sínar ekki á því, að stefndu beri ábyrgð á tjóni hans samkvæmt 67. gr., sbr. 69. gr. umferðarlaga.

Áfrýjanda var kunnugt um ástand ámokstursvélarinnar. Var vélin notuð í námunni við rætur Stapafells eingöngu til að moka lausu efni á bifreiðar og þá aðeins ekið á sléttu svæði og mjög stuttar vegalengdir, 5-10 metra. Kveður áfrýjandi þá ekki hafa reynt á hemlana, enda annar búnaður vélarinnar notaður til að hemla, svo sem hann hafði vanist. Verður að telja, að áfrýjandi hafi farið út fyrir starfssvið sitt, er hann fór í vélinni upp í Stapafell. Þykir hann með því jafnframt hafa sýnt af sér slíkt gáleysi og stofnað sér í svo mikla hættu, að hann verði að bera tjón sitt sjálfur.

Verður því niðurstaða hins áfrýjaða dóms staðfest.

Eftir öllum atvikum verður málskostnaður fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Dómsorð:

Framangreindri málskostnaðarkröfu er vísað frá Hæstarétti.

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Keflavíkur og Njarðvíkur 4. desember 1981.

Mál þetta, sem var dómtekið 30. nóvember sl., hefur Símon Björnsson verkstæðismaður, Suðurvöllum 14, Keflavík, höfðað á hendur Guðmundi Gestssyni vinnuvélastjóra, Brekkustíg 21, Njarðvík, með stefnu, birtri í 88. tbl. Lögbirtingablaðsins, 16. nóvember 1978 (stefndi þá talinn vera með óþekkt heimilisfang í Noregi), og með framhaldsstefnu, birtri 19. desember 1979. Með sakaukastefnu, birtri 24. september 1980, er málið einnig höfðað á hendur Jóni Tómassyni umboðsmanni, Vatnsnesvegi 11, Keflavík.

Í frumstefnu segir, að stefnukrafa, gkr. 5.000.000, sé áætluð, enda hafi enn eigi verið unnt að meta örorku stefnanda vegna slyssins. Hinn 9. nóvember 1978 var gert löghald í húseign stefnda Guðmundar Gestssonar, Brekkustíg 21, Njarðvík, til tryggingar nefndri kröfu auk vaxta og kostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum dæmdir til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 250.000,00 ásamt 13% ársvöxtum frá 25. maí 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 20. febrúar 1978, 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981 og 34% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og staðfestingar á löghaldi í fasteigninni Brekkustíg 21, Njarðvík, gerðu 9. nóvember 1978. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefndu að skaðlausu samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

Bótakrafa stefnanda er þannig sundurliðuð:

1. Vinnutekjutap	kr.	200.000,00
2. Bætur fyrir óþægindi, sársauka, lýti og röskun á stöðu og högum	—	50.000,00
	Samtalskr.	250.000,00

Af hálfu stefnda Guðmundar Gestssonar eru þær dómkröfur gerðar aðallega, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda, en til vara, að kröfurnar verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda samkvæmt lágmarksgjaldskrá Lögmannafélags Íslands.

Af hálfu stefnda Jóns Tómassonar eru gerðar þær dómkröfur aðallega, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda, en til vara krefst hann verulegrar lækkunar á dómkröfum hans. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Sátta hefur verið leitað fyrir dómi, en án árangurs.

II.

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar í Keflavík var hringt á lögreglustöðina kl. 14:00 þriðjudaginn 25. maí 1976 og tilkynnt, að slys hefði orðið í vinnuvél í norðausturhluta Stapafells (í Gullbringusýslu). Lögreglumenn fóru á slysstað, og var þar sjúkrabifreið komin. Segir í skýrslunni, að slysið hafi orðið með þeim hætti, að Payloader Caterpillar 944, hjólaskóflu með húsi, hafi verið ekið út af 7 til 8 m háum malarvegi og lent á toppi hússins með þeim afleiðingum, að húsið lagðist saman, en hjólaskóflan staðið á hjólunum, er að var komið. Stjórnandi vélarinnar, stefnandi í máli þessu, hafi legið þversum í húsinu og hafi þurft að skera húsið af með logsuðutækjum til að ná honum út. Hann hafi verið með rænu og kvartað undan eymslum í hægri mjöðm, hægri fæti og báðum handleggjum og lítið sár verið á enni hægra megin. Stefnandi var fluttur á Sjúkrahúsið í Keflavík og þaðan strax á Borgarspítalann í Reykjavík. Gerður var vettvangsuppdráttur. John Hill rannsóknarlögreglumaður athugaði vettvang og tók ljósmyndir. Starfsmenn Öryggiseftirlits ríkisins, sem kvaddir voru á staðinn, skoðuðu vélina.

Í skýrslu John Hill segir m.a. svo: „Hjólaskóflan virtist hafa verið við vinnu nokkuð hátt uppi í fellinu. Henni hafði síðan verið ekið eftir veginum áleiðis niður. Af einhverjum ástæðum virðist sem stjórnandi skóflunnar hafi ætlað að stöðva hana með því að setja skófluna niður, en þá virðist sem skóflan hafi verið komin á allmikla ferð. Þegar mótstaða myndaðist framan við skúffuna, þá hefur hjólaskóflan snúist í svo til hálfhring og runnið síðan afturábak út af vegkantinum með þeim afleiðingum að hún valt."

Samkvæmt vettvangsuppdrætti er vegurinn upp í Stapafell, þar sem slysið varð, um 8 metra breiður og hallinn u.þ.b. 25° frá suðri til norðurs. Hjólför eftir hjólaskófluna liggja frá hægri vegarbrún að malarbingi í útskoti vinstra megin vegarins og þaðan skáhallt um 20 metra leið að hægri vegarbrún. Þar, 7 til 8 metrum lægra og nokkru norðar, er hjólaskóflan sýnd og snýr framendi að veginum.

Í skýrslum Öryggiseftirlits ríkisins segir, að hjólaskóflan, Caterpillar 944, árg. 1963, hafi verið skoðuð, þar sem hún var á leið af slysstað á verkstæði, og greinir svo frá niðurstöðu skoðunarinnar: „Reyndir voru hemlar og stýrisbúnaður. Hemlun var nánast engin. Hlaup var í stýrisbúnaði sem gæti orsakað erfiðleika í stjórnun á mikilli ferð. Búið var að logskera stjórnhúsið af. Stjórnandinn, Símon Björnsson, var réttindalaus á hjólaskóflu."

Hér fyrir dómi gáfu skýrslur aðiljar málsins og vitnin Guðmundur Helgi Adólfsson vélaviðgerðarmaður, Laufskálum 5, Hellu, Rangárvallasýslu, og Pétur Sigurbjörnsson verkamaður, Arnarhrauni 8, Grindavík. Þeir höfðu einnig allir nema stefndi Jón Tómasson gefið skýrslur hjá rannsóknarlögreglu. Verður nú greint frá framburðum þeirra:

Stefnandi kvaðst frá því um mánaðamót apríl-maí 1975 hafa verið starfsmaður hjá fyrirtæki, sem hann taldi hafa verið kallað Vélaleiga Guðmundar Gestssonar og starfsemi þess verið fólgin í vélaleigu, malarnámi, efniskeyrslu og fleiru. Stefndi Guðmundur Gestsson hafi annast kaupgreiðslur og framkvæmdastjórn á vinnustað og Guðmundur Helgi Adólfsson verið verkstjóri og verkstæðismaður. Starf sitt kvað stefnandi hafa verið fólgið í því að moka möl með Caterpillar 944 ámoksturssköflu í námu í Stapafelli á Reykjanesskaga. Þegar vantaði efni, hafi stefndi Guðmundur Gestsson eða Guðmundur Helgi Adólfsson farið með ýtu ofarlega í fellið, losað upp jarðveg og ýtt fram af brún niður að rótum fellsins. Þar niðri í stórri gryfju var hjólaskóflan, sem stefnandi vann á, er slysið varð. Með henni var lausu efninu mokað á vörubifreiðar, og sáu bifreiðastjórarnir um að moka á sína bíla. Hjólaskóflunni var við þessa notkun ekið á takmörkuðu svæði og mjög stuttar vegalengdir. Henni var ekið að skriðunni, skóflan fyllt, ekið til baka 5-10 metra og síðan að vörubifreiðinni og efnið losað. Við þessa notkun þurfti ekki að nota hemla en glussagírskipting notuð sem hemlar. Stefnandi kvaðst hafa vitað, að hemlar ámoksturssköflunnar voru lélegir - bilaðir - og höfðu verið í nokkrar vikur fyrir slysið. Skóflan hafi einnig verið notuð til að slétta úr efni í húsgrunnum og í þeim tilvikum verið ekið sjálfri á viðkomandi stað, en um vorið 1976 hafi hún svo til eingöngu verið í gryfjunni í Stapafelli eða í malarnámi í Svartsengi. Hann kvaðst ekki hafa kvartað við stefnda Guðmund Gestsson eða Guðmund Helga Adólfsson yfir hemlunum. Hann skýrði svo frá, að hann og starfsfélagi hans, Pétur Sigurbjörnsson, hefðu báðir unnið á verkamannataxta, en verkstjórnin aðallega verið fólgin í því, að þeim var komið af stað á morgnana og sagt, hvað þeir ættu að gera, en í aðalatriðum hafi þeim verið treyst fyrir framkvæmdinni, án þess að verkstjóri væri „yfir þeim". Í umrætt sinn hafi þeir Pétur verið að aka efni í plan fyrir framan flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli. Þar sem af hálfu móttakanda hafi verið beðið um einn eða tvo bílfarma af grófara efni en þeir höfðu komið með úr gryfjunni, hafi þeir farið mjög ofarlega í Stapafellið og stefnandi mokað grófu efni á bifreið Péturs. Þetta hafi verið hægra megin við veginn, þegar ekið er upp, en ýtt hafi verið af svæði vinstra megin við veginn í sömu eða svipaðri hæð. Ýtan hafi ekki verið þar daginn sem slysið varð. Kvaðst hann aldrei áður hafa farið upp í fellið til að moka efni. Hann kvað stefnda Guðmund yfirleitt hafa tekið við efnispöntunum og ákveðið, hvað skyldi afgreitt, og kvaðst hann halda, að Guðmundur hefði vitað, að það mundi vanta grófara og sandlausara efni í eitt horn plansins við flugstöðvarbygginguna, og réð það af því, að hann hefði verið búinn að segja honum, að ef vantaði efni, mætti hann fara og sækja það upp í Stapafellið. Stefnandi skýrði svo frá atvikum að

slysinu, að strax er Pétur hafði ekið brott, fór hann á hjólaskóflunni áleiðis niður, en rétt eftir að hann lagði af stað, hrökk hún úr drifgír og fór því að renna hraðar. Ekki gat hann hemlað, þar sem hemlarnir reyndust ekki koma að neinu gagni. Stýrisbúnaður hafði einnig verið í ólagi, en verið lagfærður skömmu fyrir slysið, þó ekki til fulls, og kom fram sá galli á leiðinni niður brekkuna, að hjólin slógust til vegna hlaups eða slits í stýrisliðum. Skúffa skóflunnar var í akstursstöðu, þ.e. rétt ofan við jarðveginn. Stefnandi beygði út af vinstra megin til að reyna að stöðva skófluna, en þá snerist hún við og kastaðist út af veginum hægra megin. Við það valt skóflan eina veltu og staðnæmdist síðan á hjólunum. Hann kvað hafa verið nokkuð algengt, að skóflan hrykki úr gír, þegar hún fór að hossast. Hann kvaðst ekki hafa reynt að hægja ferðina með því að setja skófluarmana niður, enda teldi hann það ekki mundu hafa komið að gagni. Lokað stýrishús hafi verið á skóflunni og hafi hann ekki séð nein færi á að komast út úr henni, er hún rann niður Stapafellið

Stefndi Guðmundur Gestsson skýrði svo frá, að um nokkurt árabil hefðu þeir stefndi Jón Tómasson rekið saman fyrirtæki til vélaleigu og jarðefnissölu. Hann kvað þá Jón Tómasson hafa verið jafngilda aðilja varðandi eignaraðild, en félagsform hafi ekki verið á rekstrinum. Sum tækin hafi þeir átt alfarið hvor um sig, en hjólaskófluna, sem um ræðir í málinu, hafi þeir átt saman. Hann kvaðst hafa starfað einn sem framkvæmdastjóri fram yfir þann tíma, er slysið varð. Hann hafi oftast tekið við efnispöntunum, en einnig hafi stundum verið pantað hjá bifreiðastjórunum, stefnanda sem öðrum, og þeir þá mátt afgreiða samkvæmt því. Mannskapurinn hjá fyrirtækinu hafi verið ágætur og unnið að ýmsu leyti sjálfstætt. Hann skýrði svo frá, að umrædd hjólaskólfa hefði verið aðalámoksturssköfla fyrirtækisins. Hún hefði sjaldan verið notuð í námunni í Svartsengi, en komið hefði fyrir, að hún væri notuð til annars, t.d. að slétta uppfyllingar í húsgrunnum, og þá verið ekið á staðinn. Hann kvaðst hafa vitað eins og allir aðrir, sem unnu hjá fyrirtækinu, þó ekki stefndi Jón Tómasson að hann hélt, að hemlarnir á hjólaskóflunni voru ekki allt of góðir og hefði sennilega verið svo alla tíð. Hins vegar kvaðst hann ekki hafa vitað af sérstakri bilun, en hemlarnir hefðu verið þannig, að ekki var unnt að snögghemla. Hann kvað sér ekki hafa verið kunnugt um, að stýrisbúnaður hefði verið bilaður, en minnti, að einhver viðgerð hefði nýlega verið framkvæmd á verkstæði fyrirtækisins. Hann taldi, að hjólaskóflan hefði ekki verið skráningarskyld, enda keypt óskráð af fyrri eiganda. Hann kvað hjólaskóflunni aldrei áður hafa verið ekið upp á Stapafellið, svo hann vissi, og kvaðst alls ekki hafa sagt stefnanda, að hann mætti fara á henni og ná í efni upp í fellið, enda ekkert vitað um, að þurfa mundi gróft efni á Keflavíkurflugvöll, þangað sem stefnandi og Pétur voru að aka. Þá staðfesti hann þá lýsingu á

almennri aðferð við efnistöku, sem greinir hér að framan við lýsingu framburðar stefnanda.

Stefndi Jón Tómasson skýrði svo frá, að hann hefði haft umráð yfir malarnámi í hluta Stapafells. Til samstarfs hefði komið með honum og stefnda Guðmundi Gestssyni í aðalatriðum þannig, að sjálfur lagði hann til land og efnistökurétt og sumt af tækjum, en Guðmundur önnur tæki. Þeir hafi átt saman vörubifreiðar, en Guðmundur verið einn eigandi að umræddri hjólaskóflu. Hann kvað félag ekki hafa verið stofnað um reksturinn, sem hófst árið 1972 og stóð fram á árið 1977, en rekstursreikningur gerður árlega, þar sem fram komu afskriftir vegna allra tækja, sem voru notuð við reksturinn. Rekstursreikningarnir hafi síðan fylgt framtölum þeirra Guðmundar Gestssonar og tapinu skipt á milli þeirra. Hann kvað stefnda Guðmund hafa stjórnað framkvæmdum alfarið og haft allar fjárreiður með höndum, en sjálfur hefði hann aðeins séð um að gera rekstursreikninga. Kvaðst hann ekki hafa haft neina vitneskju um ástand þeirra tækja, sem voru notuð við reksturinn. Stefndi skýrði svo frá, að miðað við það, sem fram hefði komið í málinu, gæti hann fullyrt, að þar sem stefnandi náði í efni í umrætt sinn, hafi verið á landsvæði, sem stefndi hafði ekki umráð yfir. Stefnandi hafi tæplega getað gert sér grein fyrir nákvæmum landamærum, en hins vegar stefndi Guðmundur Gestsson, enda hafi það verið í verkahring hans eða Guðmundar Helga Adólfssonar að ýta efni niður til bifreiðastjóranna, þegar þörf var á.

Vitnið Guðmundur Helgi Adólfsson kvaðst hafa starfað við umræddan rekstur svo til allan tímann, verið verkstjóri árið 1975 og 1976, annast viðgerðir á tækjum og bifreiðum og unnið við að ýta efni fram af Stapafellinu og aðallega séð um hið síðasttalda, um það leyti sem slysið varð. Hann kvaðst telja ólíklegt, að stefndi Guðmundur Gestsson hefði sagt stefnanda, að hann gæti farið með skófluna upp í Stapafellið og náð í grófara efni, ef þyrfti, og væri honum ekki kunnugt um, að bifreiðastjórarnir hefðu í annan tíma farið upp í fellið með hjólaskóflu að sækja efni. Hann kvað umræddda hjólaskóflu hafa verið í ágætu lagi, er slysið varð, að því undanskyldu, að hemlarnir voru lélegir, eins og öllum, sem unnu með skóflunni, hafi verið ljóst. Ekki hafi verið unnt að snögghemla. Eftir slysið hafi komið í ljós, að hemlaskál var brotin, en það gæti hafa gerst við slysið, þótt hún bæri með sér að hafa verið léleg og slitin fyrir. Eftir slysið hafi einnig komið í ljós, að hemlakjálki var brotinn að framan, að hann minnti hægra megin, en þetta hafi ekki verið nýtt brot. Af þessum sökum hafi hemlarnir ekki virkað nema að hálfu leyti þeim megin, sem brotið var. Hann kvaðst hafa vitað, að hemlarnir tóku verr í öðru megin, og svo hefði einnig verið um stefnanda. Hann kvað ástand hemlanna ekki hafa komið að sök alla jafna, þegar unnið var með skóflunni á sléttu plani og glussaskiptingin dugði til

að draga nægilega úr ferð. Hann kvað hjólabúnaðinn hafa verið í lagi að öðru leyti en því, að hlaup (slit) var í upphengju í stýrisbúnaði, án þess að það kæmi að sök við venjulega notkun, en hins vegar við akstur með ámokstursskóflunni á undan. Hann hefði ekki talið óhætt að aka hjólaskóflunni upp á fellið öðru vísi þá en að bakka aftur niður. Allir starfsmennirnir hafi haft meirapróf bifreiðastjóra, sem heimilaði þeim að aka hjólaskóflu, en hins vegar enginn haft skírteini, sem heimilaði að vinna með slíkum tækjum.

Vitnið Pétur Sigurbjörnsson kvaðst hafa unnið við umræddan rekstur u.þ.b. hálft árið 1976 sem tækjamaður og bifreiðastjóri. Hann kvað tölu-vert slit hafa verið í hjólaskóflunni, sem um ræðir í málinu, svo sem í stýrisbúnaði og hemlun verið lítil, þó að þessa gætti ekki mjög inni í gryfjunni. Hann skýrði svo frá, að daginn fyrir slysið hefðu þeir, sem tóku við efni, sem hann og stefnandi unnu við að aka í plan við flugstöðvarbygginguna á Keflavíkurflugvelli, látið þá vita, að það vantaði einn bílfarm af grófara efni. Þeir hafi þá um kvöldið látið stefnda Guðmund vita af þessu og hann hafi beðið þá að reyna að finna grófara efni. Allnokkru áður hafi Guðmundur sagt vitninu, stefnanda og fleirum, að gróft efni væri upp í Stapafellinu og væri eftir að ýta því niður. Hann skýrði svo frá, að ýtan hefði ekki verið uppi í fellinu í umrætt sinn, og kvað sig minna, að hún hefði verið biluð. Hann kvaðst ekki hafa getað ímyndað sér, að gróft efni væri annars staðar en uppi í fellinu, enda hafi ekki verið annað en fínn salli í gryfjunni. Hann kvað verkstjóra yfirleitt aldrei hafa verið þarna á svæðinu. Hann kvaðst ekki minnast þess, að stefndi Guðmundur hefði sagt honum, að hann mætti fara með hjólaskófluna upp í fellið að sækja gróft efni, ef vantaði.

Dómarinn og lögmenn aðilja hafa farið á vettvang og athugað aðstæður.

III.

Hinn 15. nóvember 1979 mat Jón Guðgeirsson læknir örorku stefnanda vegna slyssins. Í niðurlagi örorkumatsins segir svo:

Ályktun: Um er að ræða 28 ára gamlan mann, sem slasaðist fyrir þrem og hálfu ári síðan, er hann var að vinna á ámokstursstæki, en það steyptist fram af háum kanti. Hann hlaut brot á hægri framhandlegg, brot á vinstri upphandlegg, auk þess þrjú rifbrot og brot á pelvis. Erfiðlega gekk að fá handleggsbrotin til að gróa og varð að gera aðgerðir hvað eftir annað. Nokkru eftir að Rushpinni var fjarlægður úr hægri framhandlegg og Küntscher-nagli var fjarlægður úr vinstri upphandlegg í júlí 1976 hlaut hann refracturu bæði á hægri handlegg og vinstri upphandlegg. Hann var því settur aftur í gips og í september 1976 gerð resectio capitulum radii dxt.

Slasaði gat byrjað að vinna að einhverju leyti í mars 1977, var síðan aftur

frá vinnu af völdum slyssins frá 21.04. 1978-09.07. 1978. Afleiðingar slyssins eru skert hreyfigeta í hægri olnboga og snúningsgeta í hægri framhandlegg. Radialis-lömunareinkenni, sem slasaði hafði frá upphafi vinstra megin virðast alveg horfin, nema hvað hann kvartar um hvað hann eigi erfitt með að stjórna IV. og V. fingri vinstri handar, að öðru leyti hefur hann enginn einkenni upp á skaða á nervus radialis.

Þar sem ekki er að búast við frekari bata en orðinn er, þykir tímabært að meta nú bæði þá tímabundnu og varanlegu örorku, sem slasaði telst hafa hlotið af völdum þessa slyss og telst hún hæfilega metin, sem hér greinir:

Frá slysdegi til 14.03. 1977	100%
eftir það til 14.05. 1978	50%
eftir það til 09.07. 1978	100%
eftir það í tvo mánuði	50%
eftir það í tvo mánuði	20%
eftir það varanlega	10%“

Þórir Bergsson tryggingafræðingur hefur á grundvelli þessa örorkumats þrívegis reiknað út örorkutjón stefnanda, síðast hinn 26. nóvember sl.

Tryggingafræðingurinn hefur umreiknað laun, sem stefnandi aflaði sem stjórnandi stórvirkra vinnuvéla síðustu þrjú heilu almanaksárin fyrir slysið til kauplags á slysdegi og síðan samkvæmt breytingum á taxta Dagsbrúnar fyrir þau störf. Við síðustu útreikningana voru notaðar tvær mismunandi aðferðir við áætlun vinnutekna og nokkrar mismunandi vaxtaforsendur um liðinn tíma, en um ókomin ár notaðar fjórar mismunandi vaxtaforsendur.

Niðurstaða tryggingafræðingsins samkvæmt þeirri aðferð, sem lögmaður stefnanda lýsti yfir við munnlegan málflutning, að dómkröfur væru reistar á, er þannig:

„Ársvextir allan tímann		5%
v/tímab. örorku		189.097.-
v/varanl. “	til 1.12.81	71.372.-
v/varanl. “	síðan	171.742.-
		432.211.-“

Þá upplýsir tryggingafræðingurinn, að stefnandi hafi fengið greidd laun til 3. júlí 1976, dagpeninga frá Tryggingastofnun ríkisins fyrir tímabilið frá 4.7. 1976 til 14.3. 1977 kr. 4.777,60 og tímabilið frá 5.4. til 9.7. 1978 kr. 3.491,34 og loks greiðslu hinn 14.12. 1979 að fjárhæð kr. 2.458,00 með vöxtum vegna samningsbundinnar slysatryggingar launþega.

Í málinu hafa verið lögð fram gögn, sem sýna, að stefndi Guðmundur keypti umrædda hjólaskóflu árið 1974 (dskj. nr. 26), að hún er talin eign beggja stefndu, þ.á m. varðandi frádráttarbæra fyrningu, samkvæmt fylgiskjölum með skattframtölum vegna áranna 1975 og 1976 (dskj. 9, 10 og 36) og að þeir eru báðir tilgreindir seljendur við afsal hennar árið 1977 (dskj. nr. 37).

Undir rekstri málsins var leitað úrskurðar dómsmálaráðuneytisins skv. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968 um það, hvort hjólaskófla af gerðinni Caterpillar 944, árgerð 1963, teljist skráningarskylt ökutæki í skilningi 11. gr. umferðarlaga. Í svarbréfi ráðuneytisins er að meginefni vísað til upplýsinga Bifreiðaeftirlits ríkisins og bæjarfógetans í Keflavík þess efnis, að umrædd hjólaskófla hafi ekki verið skráð fremur en aðrar skóflur svipaðrar gerðar. Þegar hún hafi verið flutt til landsins, hafi ekkert legið fyrir um, að hún teldist skráningarskyld. Hraðamælingar liggi ekki fyrir og verði ekki framkvæmdar, þar sem ökutækið sé ógangfært.

Af hálfu stefnanda var lögð fram prentuð lýsing „Caterpillar 944 Wheel Loader," þar sem hámarkshraði er tilgreindur 47,2 km/klst.

IV.

Bótakröfur stefnanda eru byggðar á 67. gr. umferðarlaga og hinni almennu skaðabótareglu. Stefndu beri bæði sem eigendur að vinnutæki því, sem hér um ræðir, og sem vinnuveitendur stefnanda skaðabótaábyrgð á slysinu. Vinnutækið hafi verið vanbúið að ýmsu leyti. Samkvæmt skýrslu Öryggiseftirlits ríkisins hafi komið fram við skoðun vélarinnar, að hún var nánast hemlalaus, og hlaup var í stýrisbúnaði, en samkvæmt 6. gr. umferðarlaga skuli vera stýris- og hemlabúnaður, að sjálfsögðu í fullkomnu lagi, í hverri vinnuvél. Orsök slyssins verði fyrst og fremst rakin til vanbúnaðar á stýris- og hemlabúnaði. Þá verði að telja, að ófullnægjandi verkstjórn hafi verið meðorsök að slysinu, en í málinu hafi komið fram, að engin verkstjórn var á vinnustað til að leiðbeina starfsmönnum og segja fyrir um, hvernig staðið skyldi að verkinu.

Sýknukrafa stefnda Guðmundar Gestssonar er byggð á eftirfarandi: Ábyrgðarregla 67. gr. umferðarlaga eigi ekki við, þar sem umrædd hjólaskófla hafi ekki verið skráningarskyld. Vanbúnaður á stýris- og hemlabúnaði stafi ekki af saknæmri athöfn eða athafnaleysi stefnda, enda hafi ekki þurft að nota hemla við mokstur og hafi þeir verið eins góðir og þörf krafði miðað við þann stað og það verk, sem vinna skyldi með hjólaskóflunni. Reglur um húsbóndaábyrgð eigi ekki við, þar sem þær snúi að ábyrgð húsbænda á athöfnum starfsmanna sinna gagnvart þriðja aðilja. Eins og staðið

hafi verið að verki við efnistökuna, hafi ekki verið þörf fyrir verkstjóra á staðnum. Vörubifreiðastjórarnir hafi ekki þurft neinar leiðbeiningar og stefndi (sic) að auki verið þaulvanur vinnustaðnum.

Krafa stefnda Guðmundar Gestssonar um lækkun dómkrafna er byggð á eftirfarandi: Verði bótaskylda felld á hann á grundvelli 67. gr. umferðarlaga, beri jafnframt að taka tillit til 3. mgr. greinarinnar og lækka fébætur eða fella þær niður vegna eigin ábyrgðar tjónþola á slysi eða tjóni. Verði bótaskylda felld á stefnda samkvæmt almennu skaðabótareglunni, beri einnig að taka tillit til þess, að stefnandi kunni að vera meðvaldur að slysinu, en sú skoðun sé rökstudd með: a) Stefnandi viðurkenni að hafa vitað, að hemlar hjólaskóflunnar voru lélegir. b) Stefnandi hafi ekið hjólaskóflunni út af vinnusvæðinu og upp á Stapafell, sem hafi verið algjörlega óheimilt og óþarft og á ábyrgð og áhættu hans sjálfs. Í stað þess að aka vélinni upp á fjallið hefði átt að láta stefnda Guðmund Gestsson eða Guðmund Helga Adólfsson vita, að grófara efni vantaði. c) Að öðru leyti er kröfunum mótmælt sem allt of háum, órökstuddum og ósönnuðum.

Sýknukrafa stefnda Jóns Tómassonar, er byggð á eftirfarandi: Stefndi hafi ekki verið eigandi hjólaskóflunnar og beri því að sýkna hann, þótt einhver bótagrundvöllur væri úr hendi eiganda hennar, sem hafi verið stefndi Guðmundur. Hlutlæg ábyrgð samkvæmt 67. gr. umferðarlaga eigi ekki við í málinu, enda sé umrætt tæki flokkað sem vinnuvél samkvæmt orðskýringum 2. gr. umferðarlaga og vinnuvélar séu ekki nefndar í tæmandi upptalningu 11. gr. umferðarlaga á skráningarskyldum ökutækjum. Ákvæðið eigi ekki heldur við um slysið, sbr. 2. mgr. 67. gr. umferðarlaganna. Reglur um húsbóndaábyrgð vegna ófullnægjandi verkstjórnar eigi ekki við, þar sem stefnandi hafi ekki, er slysið varð, verið að vinna verk, sem húsbændur hans höfðu falið honum. Stefnandi hafi ekki sinnt fyrirmælum um, hvernig honum bæri að haga sér, ef vantaði annað efni en það, sem var í gryfjunni í það og það sinnið. Því er mótmælt, að hemlar og stýrisgangur vélarinnar hafi verið í lakara lagi en venjuleg notkun hennar gaf tilefni til, og vakin athygli á því, að skoðun Öryggiseftirlitsins hafi verið framkvæmd eftir „gandreið" stefnanda og a.m.k. heila veltu. Stefnandi hafi með leyfislausum, of hröðum og gáleysislegum akstri tekið áhættu á eigin ábyrgð og beri hann einn alla ábyrgð á tjóni sínu.

Af hálfu stefnda Jóns Tómassonar er einnig vísað til framangreindra raka um eigin sök stefnanda til stuðnings kröfu um verulega lækkun bótakrafna, sem að auki sé allt of háar og órökstuddar. Vaxtakröfu er mótmælt sérstaklega og því haldið fram, að vexti ætti einungis að dæma frá stefnubirtingardegi. Að lokum er vakin athygli á því, að ekki sé sjálfgert að dæma stefndu solidariskt til greiðslu bóta, þar sem ekki séu að öllu sömu málsástæður hjá þeim báðum.

V.

Það er álit dómsins, að ekki hafi verið leitt í ljós, að umrædd hjólaskófla hafi verið skráningarskyld. Það verður ekki talið eðlilegt eða venju samkvæmt, að verkstjóri sé á efnistökusvæðinu, en að auki verður stefnandi talinn hafa farið út fyrir verksvið sitt og starfssvæði í umrætt sinn. Stefnandi var vanur starfsmaður stefndu og vissi um þá ágalla hjólaskóflunnar - að hrökkva úr gír og hemla illa -, sem virðast hafa verið hin beina orsök slyssins, en sem komu ekki að sök við venjulega notkun. Efnistökuferð stefnanda upp í Stapafellið, sem var glæfraleg miðað við aðstæður, var leyfislaus og án tilefnis af hálfu stefndu eða starfsmanna þeirra. Fram hefur komið, að betra hefði verið að bakka aftur niður og enn öruggari aðferðir eru næsta augljósar. För þessi þykir því hafa verið á eigin ábyrgð og áhættu stefnanda, og hefur ekki verið sýnt fram á, að réttarreglur leiði til ábyrgðar stefndu á því tjóni, sem af slysinu hlaust.

Samkvæmt framansögðu ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda í máli þessu og fella framangreinda löghaldsgerð úr gildi. Rétt þykir þó, að hver aðili beri kostnað sinn af rekstri málsins.

Sigurður Hallur Stefánsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Gestsson og Jón Tómasson, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Símonar Björnssonar, í máli þessu, og er framangreind löghaldsgerð úr gildi felld.

Málskostnaður fellur niður.

Löghaldsgerð fógetaréttar Keflavíkur og Njarðvíkur 9. nóvember 1978.

Ár 1978, fimmtudaginn 9.11., var fógetaréttur Keflavíkur, Njarðvíkur, settur að Brekkustíg 21, Njarðvík, og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta Valtý Sigurðssyni með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 162/1978: Löghaldsbeiðni Símonar Björnssonar gegn Guðmundi Gestssyni.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Hilmar Ingimundarson hrl. og leggur fram nr. 1, löghaldsbeiðni og nr. 2, lögregluranns0kn, nr. 3 ljósmyndir, nr. 4, bankatryggingu. Skjölin fylgja. Gerðarbeiðandi krefst löghalds til tryggingar skaðabótum allt að kr. 5.000.000 auk 13% ársvaxta frá 25.5. 1976 til 21.11. 1977, en 16% frá þeim degi til 20.2. 1978, en með 19% ársvöxtum frá þ.d. til greiðsludags, málskostnaðar að skaðlausu og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi staðfestingarmáls og uppboð, ef til kemur (sic.)

Gjörðarþoli er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans Hafdís Hreiðarsdóttir, sem þar býr.

Skoraði fógeti á mættu að benda á eignir gjörðarþola til löghalds og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætta bendir á eftirtalda húseign til löghalds, húseignina að Brekkustíg 21, Njarðvík.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði löghald í húseigninni Brekkustíg 21, Njarðvík, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gjörðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu löghaldna á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gjörð þessa, að viðlagðri refsiábyrgð að lögum.

Fimmtudaginn 9. maí 1985.

Nr. 100/1985. **John Anton Furrow**
gegn
Jennie Furrow

Kærumál. Synjað kröfu um töku bús til opinberra skipta. Alþjóðlegur einkamálaréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar 1. apríl 1985 með heimild í 21. gr., 1. mgr., 2. tl., laga nr. 75/1973. Kæran barst Hæstarétti 24. apríl. Sóknaraðili krefst þess, að synjað verði kröfu varnaraðilja um, „að bú hennar og sóknaraðila John Anton Furrow verði tekið til opinberra skipta vegna hjónaskilnaðar".

Varnaraðili hefur hvorki sent Hæstarétti kröfur né greinargerð.

Aðiljar þessa máls gengu fyrir vígslumann í Alaska 1976 og voru lýst hjón. Hinn 6. febrúar sl. var kveðinn upp dómur í Alaska, þar sem því er lýst, að „svonefndur hjúskapur" þeirra hafi verið ógildur frá upphafi. Dóm þennan verður að leggja til grundvallar í máli

þessu. Verður þess vegna að hafna kröfu varnaraðilja um opinber skipti í skiptarétti Reykjavíkur á eigum málsaðilja. Verður hinn kærði úrskurður því felldur úr gildi.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur, og er synjað kröfu varnaraðilja, Jennie Furrow, um opinber skipti á eigum hennar og sóknaraðilja, John Anton Furrow.

Úrskurður skiptaréttar Reykjavíkur 19. mars 1985.

I.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 6. mars 1985.

Sóknaraðili, Jennie Furrow, nafnnr. 4897-9777, Hverfisgötu 47, Reykjavík, krefst þess, að bú hennar og varnaraðilja verði tekið til opinberra skipta vegna hjónaskilnaðar.

Varnaraðili, John Anton Furrow, nafnnr. 5130-8646, Hvassaleiti 155, Reykjavík, krefst þess *aðallega* að kröfu sóknaraðilja verði synjað, en *til vara,* að um skipti á búinu skuli fara samkvæmt ákvæðum 27. gr. laga nr. 60/1972.

Sáttaumleitanir dómara hafa ekki borið árangur.

II.

Málsaðiljar, sem bæði eru bandarískir ríkisborgarar, gengu í hjúskap 25. maí 1976, og fór hjónavígslan fram í Kodiak í Alaskafylki í Bandaríkjum Norður-Ameríku. Sóknaraðili mun hafa verið í hjúskap áður, og er ekki um það deilt, að þeim hjúskap hafði ekki verið slitið, er hún stofnaði til hjúskaparins með varnaraðilja. Samkvæmt gögnum máls þessa var hinum fyrri hjúskap sóknaraðilja slitið með dómi um skilnað að borði og sæng hinn 16. júlí 1982, uppkveðnum í San Francisco í Bandaríkjunum, og lokadómur um hjúskaparslitin var kveðinn upp 16. nóvember 1982 af sama dómstóli, (Superior Court of California, County of San Francisco).

11. október 1984 var tekin fyrir hjá yfirborgardómaranum í Reykjavík ósk málsaðilja um skilnað að borði og sæng, og voru þau þar bæði mætt ásamt lögmönnum sínum. Lögheimili þeirra var þá að Hvassaleiti 155 í Reykjavík. Kom þá fram, að af hálfu varnaraðilja væri vefengt gildi hjónabands hans og sóknaraðilja. Ekki tókust samningar um skilnaðarkjör með aðiljunum, og var búskiptum vísað til skiptaréttar Reykjavíkur 19. nóvember 1984.

Með bréfi, dags. 10. desember 1984, til skiptaráðandans í Reykjavík, óskaði sóknaraðili þess, að búið yrði tekið til skiptameðferðar, og var málið tekið fyrir hinn 15. janúar 1985. Lögmaður varnaraðilja bar þá fram mótmæli gegn því, að búið yrði tekið til opinberra skipta, þar sem ekki hefði stofnast til lögformlegs hjúskapar með aðiljunum. Sóknaraðili hafi verið í hjúskap, er hún og varnaraðili voru gefin saman, og samkvæmt lögum Alaskafylkis í Bandaríkjunum sé síðari vígslan af þessum sökum markleysa og hafi ekki lögfylgjur hjúskapar.

Hinn 27. nóvember 1984 lagði varnaraðili fram í áfrýjunardómi Alaskafylkis kæru til ógildingar hjúskapar síns og sóknaraðilja og gerði þær kröfur, að „dómstóllinn lýsi því yfir að svonefndur hjúskapur hans og varnaraðila (þ.e. sóknaraðilja í þessu máli) sé ógildur, og hafi verið ógildur frá 25. maí 1976 og verði honum einnig veitt önnur lagaúrræði sem rétt eru og við eiga."

Dómstóll þessi gaf út fyrirkall á hendur stefndu í umræddu máli, þ.e. sóknaraðilja þessa máls, og er henni þar gert að leggja fram svar innan 20 daga frá móttöku fyrirkallsins og tekið fram, að ella megi hún búast við, að útivistardómur verði kveðinn upp í samræmi við kröfugerð í málinu.

Af hálfu Jennie Furrow var ekki lagt fram svar við ofangreindu, og gekk útivistardómur í málinu 6. febrúar 1985 í áfrýjunardómi Alaskafylkis, þriðja dómssvæði í Kodiak. Í forsendum þess dóms segir m.a.:

„NIÐURSTÖÐUR UM MÁLSATVIK.

1. Stefnandi er heimilisfastur í Alaska.
2. Hinn 25. maí 1976 tóku stefnandi og stefnda þátt í giftingarathöfn í Kodiak, Alaska, fyrir Charlene A. Glynn, settum dómara við rannsóknardóm í Alaska.
3. Í umsókn sinni um hjúskaparleyfi kvaðst stefnda ógift og hefði hún aldrei gifzt og tjáði hún það einnig stefnanda.
4. Þó hafði stefnda gifzt Arthur Nalus hinn 23. desember 1974 í Manila, Filippseyjum, og var gift hr. Nalus þá er hún lézt giftast stefnanda. Stefnda og hr. Nalus skildu að lögum hinn 16. nóvember 1982 í San Franciscosýslu í Kaliforníu.

LAGALEGAR NIÐURSTÖÐUR.

1. Stefnda var ekki enn skilin að lögum við fyrri eiginmann sinn þá er giftingarathöfn hennar og stefnanda fór fram.
2. Stefnda hlaut samþykki stefnanda til svonefnds hjúskapar þeirra með sviksamlegum hætti.
3. Svonefndur hjúskapur stefnanda og stefndu var, og er, óheimill sam-

kvæmt lögum Alaska, AS 25.05.021(1), og er ógildur frá upphafi, sbr. AS 25.04.020."

III.

Krafa sóknaraðilja um, að búið verði tekið til opinberra skipta, er á því reist, að við fyrirtöku hjónaskilnaðarmálsins hjá valdsmanni hinn 19. nóvember hafi verið bókað m.a.: „Samkomulag hefur ekki orðið um búskipti og óska aðilar og lögmenn þeirra að búskiptum verði vísað til skiptaréttar Reykjavíkur og er svo gert .." . Þessa bókun hafi lögmaður varnaraðilja undirritað.

Einnig bendir sóknaraðili á, að málsaðiljar eigi lögheimili í Reykjavík og eignir þeirra séu hér á landi. Ríkisfang aðilja skipti hér ekki máli né heldur sú staðreynd, að til hjúskaparins hafi verið stofnað í Alaska. Vísar sóknaraðili í þessu sambandi til laga nr. 60/1972, 55. gr. og 66. gr., og til laga nr. 20/1923, 41. gr.

Varðandi réttaráhrif fyrri hjúskapar sóknaraðilja við hjúskaparslit hennar og varnaraðilja nú vísar sóknaraðili til ákvæða 24. gr. laga nr. 60/1972.

IV.

Aðalkrafa varnaraðilja er á því reist, að samkvæmt lögum Alaskafylkis í Bandaríkjum Norður-Ameríku sé hjúskapur markleysa, þegar til hans er stofnað af aðilja, sem er í hjúskap fyrir. Þegar meta skuli, hvort til hjúskapar hafi stofnast með aðiljum þessa máls, beri að fara eftir þeim lagareglum, sem gilda í því ríki, þar sem vígsla fór fram, bæði varðandi forms- og efnisreglur. Hafi hjúskapur ekki stofnast þann 25. maí 1976 með aðiljum skv. þeim lögum, sem í gildi voru í Alaska, vegna þeirra meinbuga, að sóknaraðili var þegar í hjónabandi fyrir, verði því að telja, að hjúskapur hafi ekki stofnast með aðiljum. Það sé óeðlileg niðurstaða að meta það, hvort hjúskapur standi á milli aðilja, eftir lögum þess lands, sem hjón búi í hverju sinni, því þá kynni niðurstaðan að vera sú, að þau væru ýmist gift eða ekki, allt eftir reglum þess lands, sem þau byggju í hverju sinni.

Til þess að sporna við slíkum vafa um gildi hjúskapar sé eðlilegast að lögð séu til grundvallar þau lög, sem í gildi eru á þeim stað, sem til hjúskaparins er stofnað.

Með hliðsjón af þessu telur varnaraðili, að ekki sé ástæða til að efna til búskipta með aðiljum, þar sem enginn hjúskapur hafi stofnast.

Við munnlegan málflutning útlistaði lögmaður varnaraðilja aðalkröfu sína þannig, að hann teldi, að með uppgjör hans og sóknaraðilja ætti að fara eins og gerist við slit óvígðrar sambúðar og falli slíkt uppgjör utan verksviðs skiptaréttar.

Varakrafa varnaraðilja er á því reist, að verði búið tekið til opinberra skipta, eigi að framkvæma skiptin eftir reglum 27. gr. laga nr. 60/1972, þ.e. reglum um skipti eftir ógildingu hjúskapar.

V.

Þegar varnaraðili hófst handa við að afla dómsúrlausnar um, að hjónavígsla hans og sóknaraðilja væri markleysa, átti sóknaraðili varnarþing í Reykjavík, og hafði hún þá þegar sett fram kröfu um skilnað að borði og sæng. Ef hann vildi freista þess að fá dómsúrlausn um ógildi hjónavígslunnar, bar honum að höfða mál í því skyni fyrir dómstóli hér á landi samkvæmt reglum VII. kafla laga nr. 60/1972 um stofnun og slit hjúskapar. Verður áðurgreindur dómur áfrýjunarréttar Alaskafylkis, þar sem hjónavígsla málsaðilja er lýst markleysa, ekki lagður til grundvallar niðurstöðu í þessu máli um það, hvort bú aðiljanna skuli tekið til opinberra skipta.

Hjúskapur málsaðilja hefur ekki verið lýstur markleysa, svo bindandi sé fyrir íslenska dómstóla. Samkvæmt því og með vísan til VII. kafla laga nr. 20/1923 um réttindi og skyldur hjóna og 6. kapítula laga nr. 3/1878 um skipti á dánarbúum og félagsbúum o.fl., sbr. 55. gr. laga nr. 60/1972, ber að taka bú þeirra til opinberra skipta.

Varakrafa varnaraðilja varðar atriði, sem afstöðu verður að taka til, eftir að skiptameðferð á búinu er byrjuð. Verður því að hafna henni að svo stöddu.

Ragnar Halldór Hall borgarfógeti kvað upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Bú málsaðilja, Jennie Furrow og John A. Furrow, er tekið til opinberra skipta.

Varakröfu varnaraðilja, John Anton Furrow, um, að skiptin skuli fara fram að hætti 27. gr. laga nr. 60/1972, er hafnað að svo stöddu.

Fimmtudaginn 9. maí 1985.

Nr. 19/1985. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Einari Björgvini Sigfússyni
(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

Ómerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 9. janúar 1985. Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að ákærða verði dæmd refsing. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Eftir uppsögu héraðsdóms hefur ákærði komið fyrir dóm til skýrslugjafar svo og fjögur vitni.

Ákærði kom fyrir dóm 25. ágúst 1983, er málið var þingfest. Var honum þá kynnt ákæruskjal og afhent afrit þess og önnur málsgögn. Þá var honum veittur frestur til þess að ákveða, hvort hann óskaði eftir verjanda. Um sakarefnið var þetta eitt bókað eftir ákærða:

„Ákærði kveðst mótmæla ákærunni og ítrekar enn, að um nauðvörn hafi verið að ræða og kveðst ætla að halda uppi vörnum í málinu."

Hinn 30. ágúst 1984 skipaði dómarinn ákærða verjanda, er skilaði vörn, sem lögð var fram á dómþingi 29. nóvember s.á. Var málið þá tekið til dóms, án þess að skýrsla hefði verið tekin af ákærða framar því, sem áður greinir, og án þess að nein sönnunargögn hefðu verið færð fram fyrir dómi í málinu. Var hér um að ræða brýnt brot á 2. mgr. 122. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 24. gr. laga nr. 107/1976, sbr. ennfremur 1. mgr. 75. gr. laga nr. 74/1974, sbr. 13. gr. laga nr. 107/1976, og var málið öldungis ódómhæft, er það var dómtekið og dæmt. Verður eigi hjá því komist að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð frá þinghaldi 25. ágúst 1983 að telja og vísa málinu heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, enda kemur fyrir eigi þótt ákærði og

vitni hafi komið fyrir dóm, eftir að héraðsdómur gekk.

Eftir þessum úrslitum ber að leggja allan áfrýjunarkostnað sakarinnar á ríkissjóð, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, að meðtöldum ferðakostnaði, 20.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð frá þinghaldi 25. ágúst 1983 að telja eru ómerkt, og er málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju.

Allur áfrýjunarkostnaður sakarinnar greiðist úr ríkissjóði, þar með talin laun skipaðs verjanda ákærða, dr. Gunnlaugs Þórðarsonar hæstaréttarlögmanns, 20.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Suður-Múlasýslu 5. desember 1984.

I

Mál þetta, sem dómtekið var 29.11. 84, er höfðað af ákæruvaldinu með ákæruskjali, útgefnu 19. ágúst 1983, á hendur Einari Björgvini Sigfússyni, bónda, Efra-Skálateigi II, Norðfjarðarhreppi, Suður-Múlasýslu, fæddum þar 17. apríl 1942, „Fyrir líkamsárás, með því að hafa 20. janúar 1983 við dælustöð vatnsveitu Neskaupstaðar á Seláreyrum við Norðfjarðará í Norðfjarðarhreppi veist að Benedikt Sigurjónssyni, verkstjóra hjá Neskaupstaðarbæ með höggum og spörkum og valdið honum áverkum í andliti: bólgu yfir hægra gagnauga, bólgu á efri vör vinstra megin, sem náði út á vinstri kinn, rispum á vinstri kinn og roða í slímhúð vinstra auga.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 10 gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og skaðabóta, verði þeirra krafist".

— — —

Dóminn kvað upp Bjarni Stefánsson fulltrúi.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Einars Björgvins Sigfússonar, skal fresta og refsiákvörðun falla niður að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Fimmtudaginn 9. maí 1985.

Nr. 145/1983. **Pétur Jónsson og**
Baldur Jónsson
(Skarphéðinn Þórisson hrl.)
gegn
Straumi h/f
(Svala Thorlacius hrl.)

Áfrýjunarstefna. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Guðmundur Sigurjónsson, aðalfulltrúi bæjarfógetans á Ísafirði, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjendur áfrýjuðu máli þessu með stefnu 3. ágúst 1983. Þeir krefjast þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar að nýju, en til vara er þess krafist, að þeim verði einungis gert að greiða stefnda 68.937,90 krónur. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst aðallega, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Málsmeðferð í héraði er rakin í hinum áfrýjaða dómi. Fyrir héraðsdómara lágu ekki efniskröfur af hálfu áfrýjenda. Í áfrýjunarstefnu lýsa áfrýjendur dómkröfum sínum svo, að þeir krefjist þess, „að hinum áfrýjaða dómi verði ... hrundið og breytt á þá leið, að allar kröfur þeirra í héraði verði teknar til greina og þeim dæmdur hæfilegur málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti ...“. Með

hinum tilvitnuðu orðum er ekki nægilega greint, í hvaða skyni áfrýjað er og hverjar séu dómkröfur áfrýjenda. Áfrýjunarstefnan fullnægir því ekki fyrirmælum 3. tl. 2. mgr. 34. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að taka til greina kröfu stefnda um frávísun málsins frá Hæstarétti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur til að greiða stefnda 13.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Áfrýjendur, Pétur Jónsson og Baldur Jónsson, greiði stefnda, Straumi h/f, 13.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Ísafjarðar 26. maí 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí sl., er höfðað fyrir bæjarþingi af Straumi h.f., nnr. 8527-7820, Ísafirði, gegn Baldri Jónssyni nnr. 0922-3770, Álfhólsvegi 149, Kópavogi, og Pétri Jónssyni, nnr. 7100-2004, Barónsstíg 13, Reykjavík, in solidum með stefnu, birtri hinn 1. og 2. mars 1983 á heimilum stefndu, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 199.798,00, auk vaxta, 37% á ári frá 1. sept. 1982 til 1. nóv. 1982, en 45% ársvaxta frá þeim degi til þingfestingardags, dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags svo og málskostnaðar skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í.

Hina umræddu skuld kveður stefnandi vera tilkomna vegna tilboðsverks, sem stefnandi hafi tekið að sér sem undirverktaki hjá stefndu, við byggingu íbúða aldraðra að Torfunesi, Ísafirði, sem hafi verið unnið á árunum 1981 og 1982. Stefnandi hafi skilað verkinu fullunnu í ágústmánuði 1982. Verkið skyldi unnið skv. tilboði. Heildarkostnaður verksins skv. útreikningi eftirlitsmanns við byggingu hússins hafi numið kr. 1.083.793,00 að meðtöldum verðbótum og kostnaði vegna breytinga á verkinu. Stefndu hafi greitt á verktímanum kr. 883.995,00 til stefnanda á tímabilinu 11. febrúar til 26. júní 1982. Eftirstöðvarnar, kr. 199.798,00, hafi eigi fengist greiddar þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, en verkinu hafi verið lokið fyrir 1. sept. 1982. Mál þetta var þingfest hinn 10. mars sl. og var þá frestað til 17. mars að ósk stefnanda. Í því þinghaldi var lögð fram greinargerð stefnanda og málinu frestað til 14. apríl til framlagningar greinargerðar af hálfu stefndu. Hinn 14. apríl var málinu enn frestað til 28. apríl til framlagningar greinargerðar stefndu. Þann dag var málinu enn frestað til 5. maí til framlagningar

greinargerðar af hálfu stefndu. Allir þessir frestir voru samkvæmt ósk stefndu með samþykki stefnanda. Hinn 5. maí sl. var greinagerð af hálfu stefndu ekki enn til staðar, og synjaði umboðsmaður stefnanda um frekari fresti og krafðist dómtöku málsins.

Umboðsmaður stefndu óskaði eftir vikufresti til framlagningar greinargerðar, og var krafist úrskurðar dómarans, sem hafnaði frekari fresti og úrskurðaði, að málið skyldi dómtekið. Verður því eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Málskostnaður ákveðst kr. 21.500.-.

Dóminn kvað upp Guðmundur Sigurjónsson.

Dómsorð:

Stefndu, Pétur Jónsson, Barónsstíg 13, Reykjavík, og Baldur Jónsson, Álfhólsvegi 149, Kópavogi, greiði in solidum stefnanda, Straumi h.f., Ísafirði, kr. 199.798,00 auk 37% ársvaxta frá 1. sept. 1982 til 1. nóv. 1982, en með 45% ársvöxtum frá þeim tíma til 10. mars 1983, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 21.500,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1985.

Nr. 48/1985. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Árna Þór Friðrikssyni
(Páll A. Pálsson hrl.)

Líkamsárás. Skilorð. Skaðabótakröfum vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Máli þessu var áfrýjað af hálfu ákæruvalds með stefnu 11. desember 1984 og þess krafist, að ákærði yrði sakfelldur samkvæmt ákæru og honum gerð refsing. Einnig var þess krafist, að fébætur yrðu hækkaðar. Ákærði vildi una héraðsdómi.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 25. mars 1985.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta sakarmat hans og færslu til refsiákvæða.

Ákærði var 18 ára, er hann framdi brotin. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 20 daga varðhald, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveim árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Gunnlaugur Tóbíasson lýsti yfir því fyrir lögreglu 25. október 1982, að hann krefðist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 10.000,00 krónur vegna fataskemmda og áverka í andliti. Krafa þessi var borin undir ákærða við lögregluyfirheyrslu 3. nóvember 1982 og fyrir dómi 1. febrúar 1983, en hann neitaði greiðslu. Við dómsuppsögu 23. október 1984 lagði héraðsdómari fram skriflega bótakröfu frá Gunnlaugi á hendur ákærða fyrir vinnutap, fataskemmdir og miska, samtals að fjárhæð 27.000,00 krónur. Þessi nýja krafa var aldrei borin undir ákærða.

Jakob Einarsson lýsti því fyrir lögreglu 27. desember 1982, að hann teldi hæfilegt, að ákærði greiddi sér 10.000,00 krónur í þjáningabætur, en áskildi sér rétt til frekari bóta. Þessi krafa var borin undir ákærða við lögregluyfirheyrslu 12. janúar 1983 og síðan fyrir dómi 1. febrúar 1984. Kvaðst hann þá samþykkja að greiða reikning fyrir læknisvottorðið, en ekki annað. Fyrir dómi 29. febrúar 1984 krafðist Jakob þess að ákærði greiddi sér 17.000,00 krónur vegna sársauka og miska. Ekki var þessi krafa borin undir ákærða. Þá lagði héraðsdómari við dómsuppsögu í málinu fram vottorð um, að Jakob hefði orðið fyrir launamissi, sem næmi 16.500,00 krónum, vegna áverka þess, er ákærði veitti honum. Þykir verða að líta svo á, að þar hafi verið um viðbótarkröfu að ræða á hendur ákærða, þó að hennar sé ekki getið í héraðsdómi. Ekki var skjal þetta borið undir ákærða.

Kröfugerð þeirra Gunnlaugs og Jakobs hefur samkvæmt framansögðu verið hvarflandi og kröfugerð Jakobs óskýr. Bótakröfurnar

hafa ekki verið bornar undir ákærða, eins og þær voru settar fram endanlega. Ber af þessum sökum að vísa þeim frá héraðsdómi.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, en dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði greinir.

Dómsorð:

Ákærði, Árni Þór Friðriksson, sæti 20 daga varðhaldi, en fresta skal fullnustu refsingar og hún niður falla að liðnum tveim árum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Framangreindum skaðabótakröfum er vísað frá héraðsdómi.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Páls A. Pálssonar hæstaréttarlögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Sauðárkróks 23. október 1984.

Ár 1984, þriðjudaginn 23. október, var í sakadómi Sauðárkróks af Hilmari Baldurssyni, fulltrúa bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 402/1982. Ákæruvaldið gegn Árna Þór Friðrikssyni.

Mál þetta er höfðað af ríkissaksóknara með ákæruskjali, dags. 15. júlí 1983, „Á hendur Árna Þór Friðrikssyni, Ægisstíg 2, Sauðárkróki fæddum þar í bæ 21. febrúar 1964, fyrir eftirgreindar líkamsárásir:

I. Aðfaranótt 24. október 1982 við félagsheimilið Bifröst, Skagfirðingabraut 2, Sauðárkróki, slegið Gunnlaug Tobíasson nokkur hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann hlaut sár á vör og bólgnaði og marðist í andliti.

II. Þann 23. desember 1982 á Hótel Mælifelli, Aðalgötu 7, Sauðárkróki slegið Jakob Einarsson hnefahögg í andlitið með þeim afleiðingum, að hann marðist um hægri kjálkalið.

Teljast framangreind brot ákærða varða við 1. mgr. 217. gr. laga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði hefur ákærði sætt kærum og refsingum sem hér segir:

1983 á Sauðárkr.: Uppvís að broti g. 244. gr. hgl. Ákæru frestað skb. í 2 ár frá 4/3 1983.

Samkvæmt framburði ákærða og öðrum gögnum málsins eru málavextir þessir:

I. Ákæruliður.

Aðfaranótt 24. október var ákærði, Árni Þór Friðriksson á dansleik í félagsheimilinu Bifröst á Sauðárkróki. Að dansleiknum loknum var ákærði ásamt fleira fólki staddur fyrir utan skemmtistaðinn, skammt þar frá var bifreið, sem í voru þeir Jón Ingi Björgvinsson, er sat undir stýri, og Gunnlaugur Tobíasson, sem var í farþegasæti við hlið ökumanns. Ákærði gekk að bifreið þessari og ræddi við Gunnlaug, sem hafði bílgluggann opinn. Ræddu þeir saman skamma stund, en samræðunum lauk með því, að ákærði sló Gunnlaug þrjú hnefahögg í andlitið gegnum opinn gluggann og hljóp að því búnu á brott, Gunnlaugur veitti ákærða eftirför og náði til hans á móts við útstillingarkassa á austurhlið félagsheimilisins, og áttust þeir þar við skamma stund, eða þar til Gunnlaugur hrasaði og féll á jörðina, tókst Árna þá að komast undan.

Áverkar þeir, er Gunnlaugur hlaut umrætt sinn, voru samkvæmt læknisvottorði þeir, að neðri vör var bólgin og sár á innra byrði hennar, mar undir hægra augnloki og eymsli í nefi.

Gunnlaugur telur sig einnig hafa orðið fyrir tjóni á fötum, þar sem þau ötuðust blóði auk þess sem hann hafi misst vinnutekjur vegna áverka þeirra, er hann hlaut, gerir hann kröfu á hendur Árna Þór Friðrikssyni fyrir þetta ásamt miska, samtals kr. 27.000,00

II. Ákæruliður.

23. desember 1982 var ákærði á barnum á Hótel Mælifelli, sat hann við borð ásamt fleira fólki, þar á meðal Þórði Þórðarsyni, sem sat við borðsenda þann, er sneri að gangveginum. Um kvöldið átti leið framhjá borði þessu Jakob Einarsson. Einhverjar orðahnippingar urðu milli Þórðar og Jakobs, stóð Árni Þór þá upp, gekk á milli þeirra, ýtti við Jakobi og sló hann síðan eitt högg á kjálkann hægra megin, án þess að Jakob hefði slegið til hans að fyrra bragði.

Samkvæmt læknisvottorði brákaðist kjálkabein Jakobs ekki við höggið, heldur marðist hann illa, og blæddi að líkindum í hægri kjálkalið.

Jakob Einarsson gerir þær kröfur, að ákærði greiði sér kr. 17.000 vegna vinnutaps, kostnaðar svo og miska.

Ákærði fellst ekki á að greiða neinar bætur til tjónþola, þeirra Jakobs

Einarssonar og Gunnlaugs Tobíassonar, utan það að greiða lækniskostnað til Jakobs.

Niðurstöður.

Með framburði ákærða og öðrum gögnum málsins þykir vera sannað, að ákærði, Árni Þór Friðriksson, hefur gerst sekur um þá háttsemi, sem greinir í ákæru og varðar við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981.

Þegar ákærði framdi þá verknaði, sem hann hér er ákærður fyrir, var hann 18 ára gamall og hafði ekki áður orðið uppvís að líkamsmeiðingum eða skyldum brotum. Auk þess er ljóst, að líkamstjón það, er hann olli með brotum sínum í máli þessu, er lítilsháttar í báðum tilvikum.

Með tilliti til þessa telur dómarinn rétt samkvæmt heimild í 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 að fresta ákvörðun refsingar í 2 ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja og skuli hún falla niður að þeim tíma liðnum, enda haldi ákærði hið almenna skilorð 57. gr. alm. hgl., sbr. 4. mgr. laga nr. 22, 1955, og einnig er það skilyrði sett niðurfellingu refsiákvörðunar, að ákærði greiði að fullu þær bætur, sem honum er gert að inna af hendi í dómi þessum, samanb. 6. tl. 4. mgr. 57. gr. alm. hgl., sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði bætur, sem teljast hæfilega ákveðnar, til Gunnlaugs Tobíassonar kr. 7.000 og Jakobs Einarssonar kr. 4.500, skulu bætur þessar hafa verið greiddar innan 3 mánaða frá birtingu dóms þessa.

Ennfremur greiði ákærði allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Árna Þórs Friðrikssonar, skal frestað og hún niður falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, enda sé almennt skilorð 57. gr. laga nr. 19, 1940 haldið svo og skilyrði 6. tl. 4. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærði greiði bætur til Gunnlaugs Tobíassonar, kr. 7.000,00, og Jakobs Einarssonar, kr. 4.500,00, innan 3 mánaða frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 10. maí 1985.

Nr. 23/1983 **Árni Ág. Gunnarsson**
(Jón Oddsson hrl.)
gegn
Guðfinni Karlssyni
Guðmundi Þorleifssyni
Haraldi Eyvindssyni
Karli Karlssyni
Sigríði Jónsdóttur og
Sigurði Þorleifssyni
og til réttargæslu Guðna Sturlaugssyni
(Þorsteinn Júlíusson hrl.)

Hlutafélög. Áfrýjun. Aðild. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. janúar 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 20. s.m. Dómkröfur hans eru, að kröfur hans í héraði verði teknar til greina, þ.e. að stefndu „verði gert að þola, sbr. 115. gr. l. nr. 32/1978 að hlutafélaginu Þorláksvör, Þorlákshöfn, sé slitið með dómi". Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar fyrir báðum dómum. Þegar málið var munnlega flutt fyrir Hæstarétti, lýsti lögmaður áfrýjanda því yfir, að hann teldi, að Þorláksvör h/f væri varnaraðili hér fyrir dómi. Væri félagið að vísu ekki nefnt í áfrýjunarstefnu, en stjórnarmenn þess væru þar meðal þeirra, sem stefnt væri, og bæri að líta svo á, að þeim væri stefnt bæði persónulega og fyrir félagsins hönd.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu tekur áfrýjun héraðsdóms ekki til Þorláksvarar h/f, sem ásamt stefndu hér fyrir dómi var aðili máls í héraði. Kemur héraðsdómurinn því ekki til endurskoðunar að því leyti. Þó að rétt hafi verið að beina málsókninni að félaginu, svo sem gert var í héraði, þykir það ekki standa því í vegi, að dómur verði lagður á málið, eins og það hefur verið borið undir Hæstarétt, enda er áfrýjun héraðsdóms beint að stjórnarmönnum og öllum

öðrum hluthöfum en áfrýjanda sjálfum og engin andmæli höfð uppi af þeirra hálfu varðandi málsaðildina.

Stjórnarfundur í Þorláksvör h/f var haldinn 1. mars 1980. Fundinn sátu allir stjórnarmenn, Karl Karlsson og Sigurður Þorleifsson (stefndu) og Árni Ág. Gunnarsson (áfrýjandi). Einnig sat Hjálmar Styrkársson fundinn. Frá því var skýrt, að fiskvinnsla hefði engin verið á vegum félagsins 1979. Framkvæmdastjóri félagsins, Karl Karlsson, skýrði frá viðræðum við Guðna Sturlaugsson (réttargæslustefnda) um, að Guðni keypti fiskverkunarhús félagsins, útbúnað til starfrækslunnar og hjalla fyrir 110 milljónir gamalla króna. Skyldu 20 milljónir greiddar á 6-8 mánuðum og eftirstöðvar með skuldabréfum til um 8 ára með um 16% ársvöxtum. Karl kvaðst því meðmæltur, að selt yrði með þessum skilmálum, og hið sama sagði Sigurður Þorleifsson. Kom til orðaskipta milli stjórnarmanna, og að svo búnu gekk áfrýjandi af fundinum.

Boðað var til hluthafafundar 8. mars 1980. Óumdeilt er, að símskeyti hafi verið sent áfrýjanda til að boða hann á fundinn, en hann kveðst eigi hafa fengið skeytið. Skeytið var sent 4. mars, en eftir 10. gr. samþykkta hlutafélagsins skal boða slíka fundi með viku fyrirvara. Áfrýjandi sat ekki fund þennan, en samkvæmt fundargerð voru þar hluthafar og umboðsmenn hluthafa, sem áttu 79% hlutafjár. Sala eigna til Guðna Sturlaugssonar var samþykkt á fundi þessum. Á framhaldsaðalfundi Þoláksvarar h/f 21. október 1980 var samþykkt að staðfesta söluna. Er ekki um það deilt, að framhaldsaðalfundurinn hafi verið löglega boðaður og gerðir hans réttar að formi.

Áfrýjandi byggir kröfur sínar á 115. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978, en lagagreinin er þannig:

„Hluthafar, sem ráða yfir 1/5 hluta hlutafjárins, geta krafist þess, að félagi sé slitið með dómi, ef hluthafar hafa af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða tekið þátt í brotum á lögum þessum eða samþykktum félags."

Í máli þessu er komið fram, að áfrýjandi átti 20% hlutafjár í Þorláksvör h/f og var fram á haustið 1980 einn af stjórnarmönnum þess. Hann deildi við aðra stjórnarmenn um það, hvort tilteknar eignir, sem virðast hafa verið nær allt, sem félagið átti af fasteignum og lausafé, skyldu seldar, eftir að starfsemi félagsins, fiskverk-

un, hafði legið niðri um skeið. Stjórn félagsins gat ekki selt, meðan áfrýjandi sat í stjórn, þar sem stjórnarmenn þurftu eftir samþykktum félagsins að vera sammála um þessa ráðstöfun. Var þá efnt til hluthafafundar, en ósannað er, að áfrýjandi hafi verið boðaður þangað með löglegum hætti, og sat hann ekki fundinn sem fyrr segir. Engu að síður var gerð samþykkt um, að selt skyldi. Enn var gerð samþykkt um söluna á lögmætum framhaldsaðalfundi í október 1980.

Málsástæður áfrýjanda eru þrjár. Í fyrsta lagi sú, að söluverð eigna félagsins hafi verið langt undir sannvirði og að meiri hluti hluthafa hafi með sölunni misnotað af ásetningi aðstöðu sína í félaginu. Í málinu hafa ekki komið fram gögn, sem á verði byggt um það, hvert var sannvirði hinna seldu eigna eða neitt, sem til þess bendir, að hluthafar hafi misnotað aðstöðu sína. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina á grundvelli þessarar málsástæðu.

Í öðru lagi reisir áfrýjandi kröfur sínar á því, að samþykktir hlutafélagsins hafi verið brotnar, með því að haldinn hafi verið hluthafafundur 8. mars 1980, þó að hann hefði ekki verið til hans boðaður fyrr en með símskeyti 4. mars, er ekki hafi heldur komið til skila. Það er að vísu ljóst, að sú fundarboðun var með of skömmum fyrirvara samkvæmt 10. gr. samþykkta félagsins, sem mælti fyrir um, að félagsfundi skyldi boða með viku fyrirvara. Ekkert er þó komið fram, sem bendir til þess, að ætlunin hafi verið sú að bægja áfrýjanda frá fundarsetu. Ákvörðun sú, sem tekin var á fundi þessum um sölu eigna Þorláksvarar h/f til réttargæslustefnda, var og borin undir og löglega staðfest af framhaldsaðalfundi 21. október 1980, sem áfrýjandi sat ásamt lögmanni sínum. Verða kröfur áfrýjanda ekki teknar til greina á þeim grundvelli, sem hér um ræðir.

Loks byggir áfrýjandi á þeirri málsástæðu, að í raun hafi tilgangi félagsins verið gerbreytt með hinni umdeildu sölu. Í stofnsamningi segir, að tilgangurinn sé rekstur fasteigna, fiskverkun, útgerð og annar skyldur atvinnurekstur. Hið sama segir í samþykktum félagsins. Eftir eignasöluna 1980 hefur engin starfsemi sem þessi verið á vegum félagsins. Ekki verður þó talið, að stofnsamningurinn og samþykktirnar hafi verið brotnar, þó að starfsemin hafi legið niðri eins og lýst var, enda ekki fram komið, að félagið hafi haft fé til

framkvæmda, kröfur komið um þær frá hluthöfum, áfrýjanda eða öðrum, og mál þetta hefur verið rekið fyrir dómstólum síðan í ársbyrjun 1981. Verða kröfur áfrýjanda því ekki teknar til greina á þessum grundvelli.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta héraðsdóm að því leyti sem honum er áfrýjað. Rétt er, að áfrýjandi greiði stefndu 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Stefndu, Guðfinnur Karlsson, Guðmundur Þorleifsson, Haraldur Eyvindsson, Karl Karlsson, Sigríður Jónsdóttir og Sigurður Þorleifsson, eiga að vera sýkn af kröfum áfrýjanda Árna Ág. Gunnarssonar.

Áfrýjandi greiði stefndu 20.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Við flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hálfu áfrýjanda að hann teldi, að Þorláksvör h/f væri varnaraðili hér fyrir dómi og að sömu kröfur væru gerðar á hendur félaginu og gerðar voru í héraði. Af stefndu hálfu var ekki hreyft athugasemdum við þessari skoðun áfrýjanda eða því, að kröfur væru gerðar á hendur hlutafélaginu fyrir Hæstarétti.

Í stefnu málsins til Hæstaréttar er hlutafélagsins Þorláksvarar ekki getið meðal þeirra, sem stefnt er fyrir Hæstarétt, né fyrirsvarsmanna hlutafélagsins sem slíkra. Í áfrýjunarleyfi dómsmálaráðherra frá 20. janúar 1983 er hlutafélagsins Þorláksvarar eigi heldur getið. Samkvæmt meginreglum 113. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga um Hæstarétt Íslands nr. 75/1973, ber því ex officio að vísa frá Hæstarétti öllum kröfum á hendur Þorláksvör h/f.

Kröfu um slit hlutafélags samkvæmt 115. gr. laga um hlutafélög verður aðeins beint að hlutafélaginu sjálfu, en ekki hluthöfum þess, hvorki einstökum hluthöfum, tilteknum fjölda þeirra né þeim öllum. Hinir stefndu fyrir Hæstarétti eru því ekki réttir aðiljar til

að svara til saka um kröfur þær, sem uppi eru hafðar í málinu. Ber því að sýkna þá af öllum kröfum í málinu samkvæmt 2. mgr. 45. gr. laga nr. 85/1936, sbr 58. gr. laga nr. 75/1973.

Ég tel afgreiðslu meiri hluta dómenda Hæstaréttar í máli þessu á kröfum áfrýjanda á hendur Þorláksvör h/f jafngilda frávísun frá Hæstarétti, þó að þeir hafi kosið aðra aðferð en ég tel rétt samkvæmt 113. gr. laga nr. 85/1936, sbr. 58. gr. laga nr. 75/1973, svo sem að framan greinir. Tel ég því ekki skilyrði til þess, að ég fjalli um efni málsins eftir 1. mgr. 53. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Ég tel, að eftir öllum málavöxtum sé rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu fyrir Hæstarétti.

Dómur aukadómþings Árnessýslu 12. júlí 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 22. júní sl. að loknum munnlegum málflutningi að nýju, hefur Árni Ág. Gunnarsson viðskiptafræðingur, Víðilundi 6, Garðabæ, höfðað á hendur Karli Karlssyni skipstjóra, Heinabergi 24, Þorlákshöfn, Sigríði Jónsdóttur húsfreyju, s.st. með stefnu, birtri 13.2.81, Sigurði Þorleifssyni verkamanni, Oddabraut 1, Þorlákshöfn, með stefnu birtri s.d., Guðfinni Karlssyni skipstjóra, Lýsubergi 5, Þorlákshöfn, með stefnu, birtri s.d., Guðmundi Þorleifssyni stýrimanni, Laugalæk 7, Reykjavík, með stefnu, birtri 12.2.81. og Haraldi Eyvindssyni rennismið, Bárugötu 14, Reykjavík, og til réttargæslu Guðna Sturlaugssyni, Klébergi 15, Þorlákshöfn.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði gert með dómi aukadómþingsins að þola samkvæmt 115. gr. laga nr. 32, 1978 að hlutafélaginu Þorláksvör h.f. verði slitið með dómi. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu óskipt, að skaðlausu skv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í., aukatekjulögum og reikningum um útlagðan kostnað. Í réttarhaldi hinn 16. mars sl. samþykkti lögmaður stefndu og réttargæslustefnda jafnframt að mæta f.h. h.f. Þorláksvarar samkv. kröfu stefnanda, sem gerði sömu kröfu á hendur hlutafélaginu og á hendur öðrum stefndu. Jafnframt gerði hlutafélagið sömu kröfu á hendur stefnanda og stefndu gerðu.

Á hendur réttargæslustefnda eru engar kröfur gerðar.

Dómkröfur stefndu eru þær, að hafnað verði með öllu kröfum stefnanda um það, að stefndu þurfi að þola slit á hlutafélaginu Þorláksvör h.f., Þorlákshöfn. Þá er einnig krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda samkv. lágmarksgjaldskrá L.M.F.Í. svo og reikningum um útlagðan kostnað svo og sýknu af málskostnaðarkröfu stefnanda.

Af hálfu réttargæslustefnda er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnanda.

Sættir í málinu hafa verið reyndar, en án árangurs.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefnandi er eigandi 1/5 hlutafjár í Þorláksvör h.f., en stefndu eiga saman 4/5 hluta. Hann hafi verið einn þriggja stjórnarmanna h.f. Þorláksvarar frá aðalfundi 4.11. 1976 til aðalfundar 30. sept. 1980. Tilgangur starfsemi Þorláksvarar h.f. muni vera rekstur fasteigna, útgerð og annar skyldur atvinnurekstur skv. 2. gr. samþykkta félagsins. Skv. 17. gr. samþykktanna þurfi samþykki allra hluthafa félagsins til að breyta tilgagni félagsins „að verulegu leyti". Félagið hafi átt og rekið myndarlega fiskvinnslustöð í Þorlákshöfn, fiskverkunarhús 1200 m^2 að brunabótamati gkr. 122.835.000 og gkr. 45.621.000 auk 4,2 hektara leigulóðar ásamt undirbúningi og efni í nýbyggingu, öll tæki og vélar til saltfisk- og skreiðarvinnslu, hjalla o.fl.

Með kaupsamningi 1. mars 1980 selja tveir stjórnarmenn, stefndu Karl og Sigurður réttargæslustefnda öll hús, vélar og tæki fyrir gkr. 110.000.000, og skyldi greiða hluta kaupverðsins með veðbréfum.

Í samþykktum félagsins, 20. gr., er gert ráð fyrir samþykki allrar stjórnarinnar til þess m.a. að selja og veðsetja fasteignir félagsins.

Samningur þessi var síðar samþykktur á aðalfundi félagsins hinn 30. september 1980 með atkvæðum allra stefndu gegn harðorðum mótmælum stefnanda.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi heldur því fram, að með sölu eigna h.f. Þorláksvarar skv. kaupsamningi, dagsettum 1. mars 1980, hafi ekki verið gætt þess ákvæðis 20. gr. samþykkta félagsins, sem kveður á um það að samþykki allrar stjórnarinnar þurfi til að selja og veðsetja eignir félagsins.

Stefnandi heldur því einnig fram, að til viðbótar því, að samningurinn sé ólöglega gerður, sé kaupanda bersýnilega ívilnað.

Jafnframt heldur stefnandi því fram, að með umræddri sölu sé tilgangi félagsins breytt að verulegu leyti og að til þess þurfi einróma samþykki hluthafa.

Stefndu halda því fram, að skilyrði 15. gr. hlutafélagalaga nr. 32/1978 eigi alls ekki við í máli þessu og beri því með öllu að hafna kröfum stefnanda um slit á h.f. Þorláksvör.

Stefndu halda því fram, að samkv. 9. gr. samþykkta hins stefnda félags hafi lögmætir félagsfundir æðsta vald í öllum félagsmálum með þeim takmörkunum, sem landslög og samþykktir þessar setja. Samkv. 17. gr. sam-

þykktanna ráði afl atkvæða úrslitum á félagsfundum, en þar er jafnframt tekið fram, að félaginu verði eigi slitið nema á löglega boðuðum fundi, þar sem mættir séu eigendur eða umboðsmenn þeirra fyrir ¾ hlutum hlutafjárins og þurfi slíkt samþykki 4/5 greiddra atkvæða á fundinum.

Stefndu halda því fram, að á stjórnarfundi hinn 1. mars 1980, þar sem allir stjórnarmenn hins stefnda félags hafi verið mættir, þ. á m. stefnandi þessa máls, hafi komið fram tilboð um kaup á fiskverkunarhúsi félagsins. Stefnandi hafi hlaupið af fundi, áður en málið var útrætt. Þá hafi hinir stjórnarmennirnir tveir, stefndu Karl Karlsson og Sigurður Þorleifsson, undirritað samning þann, sem deilt er um í þessu máli, með fyrirvara um samþykki hluthafafundar, eins og fram komi í kaupsamningnum. Telja stefndu, að undirritun þeirra tveggja stjórnarmanna, sem hér greinir, hafi ekki verið annað en viljayfirlýsing þeirra um, að salan færi fram, en að sjálfsögðu yrði boðaður hluthafafundur að skera úr um málið.

Til þess hluthafafundar hafi verið boðað hinn 8. mars 1980 og stefnandi hafi verið boðaður með símskeyti, sem sent hafi verið hinn 4. mars s.á. kl. 12:50.

Hluthafafundinn hafi sótt hluthafar, sem hafi ráðið 79% allra atkvæða í félaginu. Samningurinn hafi verið lagður fyrir fundinn og hann samþykktur að efni til með öllum greiddum atkvæðum allra viðstaddra hluthafa.

Félaginu verði eigi slitið nema á félagsfundi, þar sem mættir eru umboðsmenn eigenda 75% hlutafjár, enda sé slíkt samþykkt með 4/5 greiddra atkvæða á fundinum. Sala á eignum félagsins geti tæpast talist mikilvægari ákvörðun en slit þess og verði því ekki ríkari krafa til atkvæðamagns þess, er til slíkrar ákvörðunar þarf, en til félagsslita. Ákvörðunin sé því fyllilega lögleg, enda tekin á löglega boðuðum félagsfundi með svo gífurlegum meirihluta atkvæða hluthafa.

Stefndu telja fullyrðingar stefnanda um annarlegar ástæður hluthafa til sölunnar algerlega út í loftið og ósannaðar, þar sem allir hluthafar hlytu að hafa hug á því að fá sem mest út úr hlutafjáreign sinni við söluna.

Hvað þá fullyrðingu stefnanda varðar, að með þessari ráðstöfun hafi verið um að ræða breytingu á tilgangi félagsins, sé því mótmælt. Aðeins hafi verið um að ræða að bjarga fjárhagsvanda fyrirtækisins í bili.

Eins og fyrr er greint, eru engar kröfur gerðar á hendur réttargæslustefnda, en hann gerir aftur á móti kröfu um málskostnað.

Álit dómarans.

Í máli þessu er um það deilt, hvort í fyrsta lagi ákvörðun um sölu eigna h.f. Þorláksvarar hafi verið tekin með lögmætum hætti og í öðru lagi, hvort stefndu hafi af ásetningi misnotað aðstöðu sína í félaginu eða brotið hluta-

félagalög eða samþykktir h.f. Þorláksvarar, þ.e. brotið 115. gr. laga um hlutafélög nr. 32. 12. maí 1978.

Um það er ekki ágreiningur, að gerðar höfðu verið tilraunir til að selja eignir félagsins, áður en sala til réttargæslustefnda kom til álita.

Á stjórnarfundi hinn 1. mars 1980 hefur verið rætt um hugsanlegan kaupsamning þann við réttargæslustefnda, sem deilt er um í máli þessu. Á þennan fund mætti öll stjórn félagsins, en áður en útrætt varð um kaupsamninginn, gekk stefnandi af fundi, eftir því sem ráðið verður af fundargerð áður en fundi lauk (dskj. nr. 5).

Þá þegar höfðu stefndu Sigurður Þorleifsson og Karl Karlsson lýst skoðun sinni, þ.e. að ganga til samninga við réttargæslustefnda. Stefnandi hefur ekki borið á móti því að hafa vikið af fundi með þessum hætti. Honum var þó kunnugt um hugsanlega sölu til réttargæslustefnda, er hann (stefnandi) vék af fundi stjórnarinnar.

Ekki er unnt að sjá né heldur hefur komið fram undir rekstri málsins, að stefnandi hafi óskað eftir, að færð yrðu til bókar mótmæli hans gegn greindum samningi. Sömuleiðis hefur ekki komið fram, hvers vegna stefnandi vék af umræddum fundi.

Telja verður, að stefndu hafi mátt gera ráð fyrir því, að stefnanda væri kunnugt um hluthafafundinn 8. mars 1980, þar eð símskeyti var sent til hans hinn 4. mars s.á. Hins vegar segir í 10. gr. samþykkta félagsins, að slíkt skuli gera með viku fyrirvara. Þó verður ekki talið, að þessi boðun valdi ógildi ákvörðunar hluthafafundarins, þar sem reglna um sannanleika boðunar var gætt. Stefnandi átti þess einnig kost að hafa ákvörðunarvald, a.m.k. umsögn um fundartímann á stjórnarfundinum 1. mars 1980. Hann kaus að sinna ekki skyldum sínum sem stjórnarmaður og víkja af fundi, að því er best verður séð án nokkurrar tilgreindrar ástæðu. Með þessu athæfi virðist stefnandi hafa fyrirgert rétti sínum til að hafa frekari áhrif á ákvarðanir stjórnarfundarins, sem samþykkti að ganga til samninga með fyrirvara um samþykki hluthafafundar.

Ekki er unnt að telja, að þeir hluthafar, sem sóttu hluthafafundinn 8. mars 1980, hafi af ásetningi verið að misnota sér aðstöðu sína í félaginu eða á annan hátt brotið gegn 115. gr. laga nr. 32/1978.

Um þá málsástæðu stefnanda, að réttargæslustefnda hafi bersýnilega verið ívilnað, vísast til þess, að bæði stefnandi og vitnið Hjálmar Styrkársson bera, að við samningsgerðina hafi verið mæst á miðri leið eða ákveðið bil brúað, svo notuð séu orð vitnisins. Það hefur komið fram, að fyrirtækið átti í vandræðum. Rekstur hafði enginn verið í u.þ.b. tvö ár, engir bátar höfðu verið í viðskiptum og rekstrarfjárstaða var slæm. Stefnandi hefur ekki mótmælt lýsingu réttargæslustefnda á ásigkomulagi hinna seldu húsa,

sem að sögn þess síðarnefnda var slæmt. Vélar hafi verið ónotaðar í tvö ár og loks hafi hjallar verið lélegir.

Ekki verður fallist á það með stefnanda, að breytt hafi verið tilgangi hlutafélagsins, þó eignir hafi verið seldar til að komast hjá nauðungarsölu, enda hafði stefnandi látið það óátalið, að enginn rekstur ætti sér stað í u.þ.b. tvö ár, eftir því sem ráðið verður af gögnum málsins. Stefnandi sat reyndar í stjórn félagsins þann tíma.

Það er því niðurstaða dómarans, að ekki sé unnt að taka kröfu stefnanda til greina um, að stefndu þoli slit á h.f. Þorláksvör í samræmi við 115. gr. laga nr. 32/1978, þar sem ekki eru leidd að því nein viðhlítandi rök, að um misnotkun af ásetningi hafi verið að ræða, né heldur að hluthafar hafi af ásetningi brotið eða tekið þátt í brotum á framangreindum lögum eða samþykktum h.f. Þorláksvarar.

Hæfilegt þykir, að stefnandi greiði hinum stefndu óskipt í málskostnað kr. 14.695,00.

Dóm þennan kvað upp Ólafur Helgi Kjartansson fulltrúi sýslumannsins í Árnesssýslu.

Dómsorð:

Hafnað er kröfu stefnanda, Árna Ág. Gunnarssonar, um, að stefndu, h.f. Þorláksvör og hluthafarnir Karl Karlsson, Sigríður Jónsdóttir, Sigurður Þorleifsson, Guðfinnur Karlsson, Guðmundur Þorleifsson og Haraldur Eyvindsson, skuli þola slit félagsins með dómi.

Stefnandi greiðir stefndu óskipt í málskostnað kr. 14.695,00.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 14. maí 1985.

Nr. 22/1985. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Herði Karlssyni
(Örn Clausen hrl.)

Þjófnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða með stefnu 20. september 1984. Af hálfu ákæruvalds er krafist staðfestingar hins áfrýjaða dóms að því er ákærða varðar, þó þannig, að refsing hans verði þyngd.

Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann að því er ákærða varðar.

Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað sakarinnar, eins og í dómsorði segir.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að því er ákærða Hörð Karlsson varðar.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 8.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 8.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 6. júlí 1984.

Ár 1984, föstudaginn 6. júlí, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er að Borgartúni 7 af Ingibjörgu Benediktsdóttur, settum sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 324-327/1984: Ákæruvaldið gegn Herði Karlssyni, Ó, S og Þ, sem tekið var til dóms sama dag.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með ákæru dagsettri 26. apríl 1984,

gegn ákærða Herði Karlssyni sjómanni, Völvufelli 46, Reykjavík, fæddum þar í borg 15. júlí 1964, Ó, S og Þ „fyrir eftirgreind þjófnaðarbrot:

I.

Ákærðu Herði Karlssyni og Þ er gefið að sök að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 14. mars 1982, brotist inn í söluskemmu Olíufélagsins hf. að Laugarvatni í Árnessýslu og stolið þar ótilgreindu magni af olíum og frostlegi.

II.

Ákærðu Herði, Ó, S og Þ er gefið að sök að hafa, framangreinda nótt, brotist inn í verslunina Allabúð á Stokkseyri og stolið þar 1.200 krónum, allt að 120 vindlingapökkum og ótilteknu magni af sælgæti.

Telst framangreint atferli ákærðu varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og greiðslu alls sakarkostnaðar."

I.

Aðfaranótt sunnudagsins 14. mars 1982 var brotist inn í olíuskúr Esso við Kaupfélagið á Laugarvatni. Þjófarnir komust inn með því að brjóta upp hurð á skúrnum, og virtist svo sem ekið hefði verið á hana.

Ákærðu Hörður Karlsson og Þ hafa játað að hafa verið þarna að verki. Hafa þeir viðurkennt að hafa komist inn í olíuskúrinn með framangreindum hætti og að hafa stolið þar einhverju af olíu og frostlegi.

Með játningu ákærðu Harðar og Þ, sem er í samræmi við önnur málsgögn, telst sannað að þeir hafi gerst sekir um framangreindan verknað, sem varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

Ákærðu hafa báðir samþykkt skaðabótakröfu vegna innbrots þessa frá Kaupfélagi Árnesinga, Selfossi, að fjárhæð kr. 5.409,35.

II.

Framangreinda nótt var ennfremur tilkynnt um innbrot í verslunina Allabúð á Stokkseyri, Árnessýslu. Eigandi verslunarinnar taldi, að horfið hefði samtals um kr. 1.300 í peningum auk skiptimyntar og talsvert magn vindlinga, eða ca 15-16 lengjur og 50-60 pakkar, sem ekki voru í lengjum.

Ákærðu, Hörður, Ó, S og Þ, hafa allir játað að hafa verið hér að verki. Komust þeir inn með því að brjóta spjald á hurð verslunarinnar. Hins vegar hafa þeir allir borið brigður á, að þeir hafi stolið eins miklu magni af vindlingum og kærandi hefur borið. Þeir hafa allir borið, að þeir hafi sameiginlega tekið þarna nokkra pakka af vindlingum og nokkur hundruð krónur

í skiptimynt, en ekki eins mikið og fram kemur í ákæru. Hefur ákærði S sagt, að í mesta lagi hafi verið um að ræða 200—300 krónur, og ákærði Hörður, að um hafi verið að ræða nokkrar krónur.

Með játningu ákærðu þykir sannað, að þeir hafi gerst sekir um að hafa stolið allt að 300 kr. í peningum og nokkrum pökkum af vindlingum, þó ekki eins miklu magni og í ákæru greinir, sem varðar við 244. gr. alm. hegningarlaga.

III.

Ákærði Hörður hefur frá árinu 1980 sætt eftirtöldum kærum og refsingum:

Hann hefur 6 sinnum gengist undir dómsátt, tvívegis vegna ölvunar á almannafæri, einu sinni vegna nytjastuldar, tvívegis vegna réttindaleysis við akstur og einu sinni vegna ölvunar við akstur. Þá var hann árið 1980 uppvís að þjófnaði o.fl., en ákæru frestað skb. í 2 ár.

Hann hefur sætt þessum refsidómum:

1980 16/12 sakfelldur fyrir nytjastuld og réttindaleysi við akstur. Ákvörðun um refsingu frestað skb. í 2 ár.

1981 20/5 30 daga varðhald, skb. 2 ár, og 2.000 kr. sekt fyrir nytjastuld, ölvun og réttindaleysi við akstur, sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 6 mánuði.

1983 21/6 3 mán. fangelsi, skb. í 2 ár, fyrir þjófnað og tilraun til þjófnaðar. Dómur 20. maí 1981 dæmdur með.

1983 1/9 4 mán. fangelsi, skb. í 2 ár, vegna þjófnaðar. Dómur frá 21/6 dæmdur með.

1983 19/9 4 mánaða fangelsi fyrir þjófnað.

1983 14/12 3 mán. fangelsi (hegn.auki) fyrir þjófnað, nytjastuld og brot gegn 11. gr., 59. gr. og 60. gr. umfl.

1983 12/12 sakfelldur fyrir þjófnað og fjársvik (hegn.auki). Refsing ekki gerð.

— — —

Brot ákærða Harðar eru bæði framin áður en 5 síðustu refsidómar yfir honum eru upp kveðnir, og ber því að ákveða honum hegningarauka skv. 77. gr. og 78. gr. alm. hegningarlaga, sem telst hæfilega ákveðinn 2 mánaða fangelsi.

— — —

Ákærðu Hörður og Þ hafa sem fyrr segir samþykkt skaðabótakröfu Kaupfélags Árnesinga á Selfossi að fjárhæð kr. 5.409,35, og eru þeir dæmdir til greiðslu hennar.

Með játningum ákærðu telst sem fyrr segir sannað, að þeir hafi stolið allt að kr. 300 í peningum frá Allabúð, Stokkseyri, en ekki er sannað, hversu mörgum vindlingapökkum þeir stálu greint sinn, og verður ekki talið sannað, að þeir hafi stolið eins miklu magni og í ákæru greinir. Ákærðu verða allir dæmdir in solidum til að greiða framangreindri verslun kr. 1.000 vegna skemmda, sem þeir ollu á hurð verslunarinnar, enda þykir sú krafa sanngjörn, svo og til greiðslu kr. 300 í peningum, en kröfu verslunarinnar er að öðru leyti vísað frá vegna vanreifunar og sönnunarskorts.

Ákærðu eru allir dæmdir til að greiða sakarkostnað in solidum.

Dómsorð:

Ákærði Hörður Karlsson sæti fangelsi í 2 mánuði.

— — —

Ákærðu Hörður Karlsson og Þ greiði Kaupfélagi Árnesinga Selfossi, kr. 5.409,35 in solidum.

Ákærðu, Hörður, Ó, S og Þ greiði versluninni Allabúð á Stokkseyri, kr. 1.300 in solidum.

Ákærðu greiði allan sakarkostnað in solidum.

Þriðjudaginn 21. maí 1985.

Nr. 111/1983. **Hagkaup h/f**
(Helgi V. Jónsson hrl.)
gegn
verðlagsráði
(Gísli G. Ísleifsson hrl.)
og Félagi íslenskra bókaútgefenda
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Samkeppnishömlur. Andmælaréttur í stjórnsýslu. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 31. maí 1983. Hann krefst þess, að stefndu „verði gert að þola ógildingu á samþykkt samkeppnisnefndar frá 11. nóvember 1981 og greiða áfrýjanda in solidum málskostnað fyrir héraðsdómi og Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar".

Báðir hinir stefndu krefjast staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi.

Nokkur ný gögn hafa verið lögð fyrir Hæstarétt.

Með tilvísun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, sem þykir hæfilega ákveðinn 25.000,00 krónur til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hagkaup h/f, greiði stefndu, verðlagsráði og Félagi íslenskra bókaútgefenda, málskostnað fyrir Hæstarétti, 25.000,00 krónur hvorum.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Sigurgeirs Jónssonar og Þórs Vilhjálmssonar.

Meðal þess, sem áfrýjandi færir fram til stuðnings dómkröfum sínum, er, að fyrirtækið hafi ekki átt þess kost að láta í ljós álit, áður en stefnda Félagi íslenskra bókaútgefenda var veitt undanþága frá tilteknum ákvæðum laga nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta verslunarhætti.

Í 47. gr. laga þessara sagði:

„Verðlagsstofnun skal eftir því, sem kostur er, ráðgast við hlutaðeigandi aðila eða samtök þeirra, áður en ákvarðanir eru teknar varðandi verð, samkeppnishömlur eða óréttmæta viðskiptahætti.

Nefndir aðiljar og samtök þeirra geta lagt skriflegar greinargerðir

fyrir verðlagsráð og samkeppnisnefnd. Greinargerðum skal skilað til verðlagsstofnunar innan þess frests, sem hún ákveður.

Ákvarðanir skulu tilkynntar hlutaðeigandi aðilum skriflega.

Fundir verðlagsráðs og samkeppnisnefndar skulu haldnir fyrir luktum dyrum."

Eftir þá atburði, sem mál þetta snýst um, hefur þessari lagagrein verið breytt með 3. gr. B í lögum nr. 52/1982 til samræmis við það, er segir á öðrum stað í lögum þessum, að samkeppnisnefnd skuli lögð niður.

Því er að vísu haldið fram af hálfu verðlagsráðs, að áfrýjandi hafi fylgst með því, er umsókn Félags íslenskra bókaútgefenda um undanþágu var til meðferðar í samkeppnisnefnd, og að áfrýjandi hefði, ef hann hefði óskað þess, getað lagt fyrir nefndina greinargerð um sjónarmið sín. Gegn andmælum áfrýjanda verður eigi á þessu byggt, enda bera fundargerðir samkeppnisnefndar og önnur gögn málsins ekki með sér, að ráðgast hafi verið við áfrýjanda um umsóknina.

Að þessu athuguðu þarf að skera úr því, hvort telja beri áfrýjanda „hlutaðeigandi aðila" í þessu sambandi.

Hagkaup höfðu sótt þrívegis um bóksöluleyfi, sem svo var nefnt, til Félags íslenskra bókaútgefenda, en leyfi þetta var skilyrði þess, að fyrirtækið gæti fengið til sölu útgáfubækur félagsmanna. Jafnan var synjað um leyfið, síðast 1980. Hófu Hagkaup þá bóksölu án þess að hafa leyfi af þessu tagi, en afgreiðsla til fyrirtækisins á bókum félagsmanna í Félagi íslenskra bókaútgefenda var stöðvuð. Er ljóst, að félagið og áfrýjandi deildu fyrst og fremst um, að Hagkaup veittu afslátt af bókum og seldu þær því á lægra verði en félagar, sem samið höfðu við útgefendur í samræmi við samkomulag Félags íslenskra bókaverslana og Félags íslenskra bókaútgefenda. Eftir þetta kærðu Hagkaup til verðlagsstofnunar brot á ýmsum reglum í lögum nr. 56/1978. Leiddi þetta til afskipta stofnunarinnar og samkeppnisnefndar og bráðabirgðasamkomulags 14. desember 1980 milli áfrýjanda og Félags íslenskra bókaútgefenda. Skyldi það gilda til 31. mars 1981. Sama dag í desember 1980 var gert annað samkomulag til sama tíma milli sama félags og verðlagsstofnunar „um leiðbeinandi skilyrði fyrir bóksöluleyfi". Ekki hafði verið fundin lausn til frambúðar hinn 31. mars, en viðskipti áfrýj-

anda og útgefenda héldu áfram enn um skeið með óbreyttum hætti. Málið var tekið fyrir í samkeppnisnefnd 25. mars, og 12. júní ritaði Félag íslenskra bókaútgefenda nefndinni svohljóðandi bréf:

„Með vísan til bráðabirgðasamkomulags Félags ísl. bókaútgefenda og samkeppnisnefndar frá 15. des. 1980 sendum við yður tillögur okkar að fyrirkomulagi bóksölu. Okkur er ljóst að þetta fyrirkomulag er að hluta til frávik frá „Lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti" ... Skv. 24. gr. nefndra laga getur samkeppnisnefnd veitt undanþágu frá ákvæðum þeirra.

Meðfylgjandi tillögur leyfum við okkur að senda samkeppnisnefnd í þeirri von að hún geti fallist á sjónarmið okkar, sem þar eru sett fram, og veiti okkur undanþágu skv. 24. gr. áðurnefndra laga."

Málið var tekið fyrir á fundum samkeppnisnefndar 17. júlí, 14. september og 11. nóvember 1981, og var málið þá afgreitt sem fyrr segir. Var veitt undanþága frá 21. og 23. gr. laga nr. 56/1978, en í þessum ákvæðum er bannað að sammælast um verð og álagningu, þegar verðlagning er frjáls, og að setja ófrávíkjanlegt lágmarksverð við endursölu. Á sama fundi var ákveðið að gera ekki athugasemdir við drög, sem lágu fyrir að reglum Félags íslenskra bókaútgefenda um veitingu bóksöluleyfa og fleira.

Ýmis gögn lágu fyrir samkeppnisnefnd, þegar hún fjallaði um undanþágubeiðnina, og virðast mörg þeirra hafa stafað frá umsækjandanum.

Ljóst er, að meginástæðan til þess, að samkeppnisnefnd og verðlagsstofnun hófu afskipti af fyrirkomulagi bóksölu var kæra áfrýjanda, sem fram kom vegna deilu hans og Félags íslenskra bókaútgefenda. Sú deila snerist um mikilvæg atriði verslunarhátta og varðaði verulega almenna hagsmuni og hagsmuni deiluaðilja. Eins og á stóð, teljum við, að áfrýjandi hafi verið „hlutaðeigandi" aðili allt til þess, að undaþága var veitt. Getur Félag íslenskra bókaútgefenda ekki skákað mótaðilja sínum út úr málinu fyrir samkeppisnefnd með því að sækja um undanþágu, eins og gert var. Félagið og áfrýjandi deildu um atriði, sem þörf var á að fá upplýst frá báðum hliðum, og leiða bæði almenn andmælaregla stjórnarfarsréttar og hér brýn fyrirmæli 47. gr. laga nr. 56/1978 til þess, að

skylt var að ráðgast við áfrýjanda um undanþágubeiðnina.

Þar sem réttarfarsástæður standa því ekki í vegi, að kröfur áfrýjanda í málinu verði teknar til greina, teljum við, að það beri að gera. Þá teljum við, að dæma ætti stefndu til að greiða áfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem við teljum hæfilega ákveðinn samtals 100.000,00 krónur. Við teljum ekki ástæðu til að fjalla um aðrar málsástæður og lagaröksemdir áfrýjanda en gert er hér að framan.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 13. maí 1983.

Mál þetta, sem var dómtekið í dag, hefur Hagkaup h.f., 3525-0883, Skeifunni 15, Reykjavík, höfðað fyrir dóminum 15. júní 1982 á hendur verðlagsráði, 9165-6884, Borgartúni 7, Reykjavík, og Félagi íslenskra bókaútgefenda, 2308-2979, Laufásvegi 12, Reykjavík, til ógildingar á samþykkt samkeppnisnefndar frá 11. nóvember 1981 og til greiðslu málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að mati dómsins.

Þann 12. júní 1981 fór Félag íslenskra bókaútgefenda þess á leit við samkeppnisnefnd að hún veitti félaginu undanþágu skv. 24. gr. laga 56/1978. Á 15.fundi samkeppnisnefndar 11. nóvember 1981 gerði nefndin svofellda ályktun: „Með hliðsjón af byggðastefnu og því menningarhlutverki, sem bókinni er ætlað, veitir samkeppnisnefnd undaþágu frá 21. gr. og 23. gr. laganna um verðlag, samkeppishömlur og óréttmæta viðskiptahætti frá 16. maí 1978 á grundvelli c. liðar 24. gr. laganna.“ Verðlagsstofnun tilkynnti síðan stefnda Félagi íslenskra bókaútgefenda um ályktun þessa með bréfi 18. nóvember 1981, en félagið tilkynnti síðan stefnanda með bréfi 12. desember 1981, að samkeppnisnefnd hefði með bréfi, dags. 18. nóvember 1981, samþykkt reglur Félags íslenskra bókaútgefenda um veitingu bóksöluleyfa o.fl., þar sem m.a. væri mælt fyrir um, að útgefandi ákvæði útsöluverð bóka sinna og að þær skyldu seldar á einu og sama útsöluverði um allt land. Stefnandi krefst þess, að stefndu verði dæmdir til að þola ógildingu á framangreindri samþykkt, en af hálfu hinna stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar.

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 52/1982 heyrir það nú undir verðlagsráð að veita undanþágur skv. 24. gr. laga 56/1978.

Stefnandi byggir málsókn sína á því, að skv. 47. gr. laga 56/1978 og meginreglum laga hafi verðlagsstofnun borið að ráðgast við stefnanda, áður en samþykktin var gerð, og gefa honum kost á að koma að sjónarmiðum sínum. Í þessu sambandi er og bent á, að um helmingur bóksala sé ekki í félagi bóksala og að enginn þeirra hafi, svo vitað sé, fengið tækifæri til

að tjá sig um málið. Í annan stað er því haldið fram, að borið hafi að birta ákvörðun samkeppnisnefndar skv. 51. gr. laga 56/1978, og loks er því haldið fram, að þau skilyrði, sem talin eru í 24. gr. laga 56/1978 til þess að veita undanþágu frá banni 23. gr. sömu laga við því að ákveða ófrávíkjanlegt lágmarksverð (brúttóverð) við endursölu á næsta sölustigi, hafi ekki verið fyrir hendi, reglur Félags íslenskra bókaútgefenda feli í sér, að tilteknum verslunum og aðiljum sé veitt einokunaraðstaða til sölu bóka á föstu útsöluverði í andstöðu við megintilgang laga 56/1978, reglurnar heimili útgefendum sjálfum að selja á lægra verði, en hins vegar banni þær samþykktum útsöluaðiljum að gera slíkt hið sama; reglur þessar skapi því slíkan mismun og skerðingu á frelsi til atvinnurekstrar, að þær verða að teljast ólögmætar. Vegna þessara annmarka er því haldið fram af hálfu stefnanda, að samþykkt samkeppnisnefndar á verðlagsreglum stefnda Félags íslenskra bókaútgefenda geti ekki talist gild.

Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram, að umrædd ákvörðun hafi verið samþykkt og gerð á formlegan og efnislega óaðfinnanlegan hátt og með heimild í c lið 24. gr. laga 56/1978. Því er haldið fram, að öll efnisrök liggi til þeirrar niðurstöðu, sem felst í ákvörðun samkeppnisnefndar. Af hálfu Félags íslenskra bókaútgefenda er sérstaklega bent á, að verðlagsreglur félagsins feli það í sér, að bækur séu seldar á sama verði hvar sem er á landinu, en það sé bæði sanngjarnt og réttlátt. Þá er því haldið fram, að stefnandi hafi haft færi á að koma sjónarmiðum sínum að og að engin lög standi til þess, að samkeppnisnefnd hafi átt að birta ákvörðun sína, sem hafi ekki falið í sér frávik frá ríkjandi bóksölufyrirkomulagi.

Af hálfu verðlagsráðs er því haldið fram, að stefnandi hafi ekki verið sérstakur eða formlegur aðili máls og því ekki verið ástæða til að hafa sérstakt samráð við hann; hann hafi enga tilraun gert til þess að koma að kröfu eða greinargerð, þótt honum væri ljóst, að málið var í höndum samkeppnisnefndar og að þaðan mætti vænta ákvörðunar.

Í 51. gr. laga 56/1978 segir, að ákvarðanir þriggja manna nefndar, áður samkeppnisnefndar og verðlagsstofnunar, sem almenning varða, skuli birtar á þann hátt sem ákveða skal með reglugerð. Reglugerð þessi hefur ekki verið sett, og telur verðlagsráð því, að ekki geti komið til þess, að samþykkt samkeppnisnefndar verði ógild vegna skorts á birtingu.

Við munnlegan flutning málsins hafa komið fram nánari rök til stuðnings málsástæðum aðilja.

Álit dómsins.

Ekki hefur komið fram af hálfu hinna stefndu, að máli þessu bæri að vísa frá dómi. Stefnandi fór þess á leit við Félag íslenskra bókaútgefenda

með bréfi, dags. 1. febrúar 1978, að honum yrði veitt leyfi til bóksölu, og ítrekaði þá beiðni tvisvar, eftir að félagið hafði synjað beiðni hans á félagsfundi 30. október 1979. Stefnandi kvartaði yfir synjun stefnda við verðlagsstofnun, sem leitaði sátta með aðiljum. Á viðræðufundi starfsmanns verðlagsstofnunar og forsvarsmanna stefnanda 16. október 1980 var því haldið fram af hálfu stefnanda, að reglur Félags íslenskra bókaútgefenda fælu í sér brot á lögum um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Var í því sambandi bent á 2. gr., 20. gr., 21. gr., 23. gr., 25. gr. og 26. gr. laganna. Af þessu tilefni var þess krafist í bréfi Félags íslenskra bókaútgefenda til samkeppnisnefndar, dags. 27. október 1980, að nefndin ákvarðaði, að félagið hefði hvorki brotið gegn lögum 56/1978 með höfnun sinni á umsókn stefnanda né með gildandi sölufyrirkomulagi. Þann 12. desember 1980 gerðu stefnandi og stefndi Félag ísl. bókaútgefenda samkomulag um heimild til sölu bóka til stefnanda með staðgreiðslukjörum á tímabilinu 15. desember 1980 til 31. mars 1981, en stefnandi skuldbatt sig til að selja bækur á því verði, sem útgefendur ákvæðu sem útsöluverð, og virða að öðru leyti gildandi samkomulag útgefenda og Félags ísl. bókaverslana.

Eftir lok samningstímabilsins hélt stefnandi áfram að kaupa bækur af félagsmönnum Félags ísl. bókaútgefenda og selja þær í smásölu í samræmi við samkomulagið, en þann 12. desember 1981 auglýsti stefnandi 10% afslátt á íslenskum bókum. Var þá lokað fyrir sölu til stefnanda á bókum frá félögum í Félagi ísl. bókaútgefenda, og félagið mótmælti afsláttarboði stefnanda sem samningsbroti jafnframt því sem hann (sic) upplýsti stefnanda um ályktun samkeppnisnefndar á þann hátt sem áður greinir.

Með bréfi, dags. 3. febrúar 1982, var því lýst yfir af hálfu stefnanda, að félagið féllist á að hækka verð á bókum, en mundi beita sér fyrir að fá ákvörðun samkeppnisnefndar breytt, jafnvel með því að leita álits dómstóla.

Samkvæmt þessu þykir verða að telja, að stefnandi hafi þeirra hagsmuna að gæta, að hann eigi rétt á að fá úr því skorið í máli þessu, hvort greind samþykkt skuli hafa gildi gagnvart sér. Nefnd ákvörðun er einstakleg ákvörðun um undanþágu frá almennu lagaákvæði, og þykja ekki efni til að vísa málinu frá dómi ex officio vegna kröfugerðarinnar eða af öðrum ástæðum.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að reglur laga nr. 64/1943 gildi um birtingu ákvörðunar samkeppnisnefndar, þar sem birtingarreglur 51. gr. verðlagslaga hafi ekki verið mótaðar enn. Af hálfu hinna stefndu er því haldið fram, að ákv. 51. gr. verðlagslaga hafi komið í stað ákvæða laga 64/1943 varðandi ákvarðanir verðlagsyfirvalda.

Samkvæmt 7. gr. laga 64/1943 má eigi almennt beita ákvæðum almenns

efnis, sem birta á í Stjórnartíðindum, fyrr en birting hefur farið fram. Þetta lagaákvæði tekur ekki til auglýsinga um opinber verðlagsákvæði, sem birta ber í Lögbirtingablaði skv. 3. gr. laga 64/1943. Slíkar auglýsingar geta bundið mann, sem um þær veit, þótt ekki hafi þær verið birtar í Lögbirtingablaði. Í 51. gr. laga 56/1978 er ekki kveðið nákvæmlega á um, hvernig birta skuli ákvarðanir samkeppnisnefndar, og verður þá ekki talið, að almenn birting sé skilyrði þess, að þær bindi þann, sem um þær er kunnugt.

Telja verður skv. því, sem rakið hefur verið, að ákvörðun samkeppnisnefndar, sem um ræðir í málinu, sé þess háttar, að hvorki beri að ógilda hana vegna ákvæða laga 64/1943 né vegna ákvæða 51. gr. laga 56/1978, enda var hún sérstaklega tilkynnt umsækjanda sjálfum, sem síðan gerði stefnanda kunnugt um aðalefni hennar, og stefnandi hefur eftir það kynnt sér efni ákvörðunarinnar til hlítar.

Af gögnum málsins kemur fram, að hér á landi hefur þróast sérstakt skipulag á bóksölu frá stofnun samtaka íslenskra bókaútgefenda árið 1889, og hafa samtök bókaútgefenda, sem nú nefnast Félag ísl. bókaútgefenda, gegnt lykilhlutverki við mótun þess.

Megineinkenni þessa skipulags er, að bækur eru að mestu leyti seldar í sérverslunum, ýmist í umboðssölu eða með blönduðum skilmálum, staðgreiðslu og umboðssölu. Hver útgefandi ákveður útsöluverð sinna bóka, þannig að sama verð er á öllum útgáfustöðum (sic)á landinu. Útsölumenn geta endursent bókaleifar, og viðskiptavinir geta skipt keyptum bókum í hvaða bókaverslun sem er. Bóksalar gera upp við forlögin einu sinni á ári.

Ekki eru allir bókaútgefendur í Félagi ísl. bókaútgefenda, en utanfélagsmenn geta hagnýtt sér bóksölukerfið. Smásalar hafa með sér sérstakt félag, Félag ísl. bókaverslana, sem gerir heildarsamninga við Félag ísl. bókaútgefenda um sölufyrirkomulag. Ekki eru allir smásalar í Félagi ísl. bókaverslana, t.d. ekki kaupfélögin. Útgefendur reka sjálfir forlagsverslanir, sem selja útgáfubækur þeirra á niðursettu verði. Venja er, að sá, sem hyggst hefja smásöluverslun með bækur, sækir um bóksöluleyfi til Félags ísl. bókaútgefenda, en bóksöluleyfi þetta er í reynd gagnkvæmur viðskiptasamningur. Til að geta öðlast bóksöluleyfi þurfa umsækjendur að uppfylla tiltekin skilyrði varðandi menntun, starfsreynslu, húsnæði o.fl. Þeir verða að skuldbinda sig til að hafa allar útgáfubækur síðustu þriggja ára á boðstólum og úrval eldri bóka og að hafa opna sölubúð allt árið, þótt aðalsalan fari fram í mánuðunum september og desember. Bóksölukerfi þetta á að tryggja, að sérhæft afgreiðslufólk annist samskiptin við kaupendur í smásölu og að bóksalar, sem hafa opna sérverslun allt árið, sitji að viðskiptunum í þeim mánuðum, sem salan er mest. Þá á kerfi þetta að stuðla að því, að góðar bækur séu sem víðast á boðstólum, þótt þær séu ekki miklar sölubækur.

Reglur Félags ísl. bókaútgefenda um lágmarksverð eru þannig hluti af sölukerfi, sem hefur þróast hér á landi um langan tíma, en áþekkt verðlagningarkerfi mun vera við lýði í flestum Evrópulöndum. Eftir að ábending kom frá stefnanda um, að verðlagningarreglur Félags ísl. bókaútgefenda mundu ekki samrýmast ákvæðum laga 56/1978, leitaði verðlagsnefnd sátta með aðiljum, sem leiddi til samkomulags þeirra 14. desember 1980, eins og áður greinir. Jafnframt var gert bráðabirgðasamkomulag Félag ísl. bókaútgefenda og verðlagsstofnunar um leiðbeinandi skilyrði fyrir bóksöluleyfi, sem felur í sér skyldu til að veita hverjum þeim bóksöluleyfi, sem æskir þess og uppfyllir skilyrði. Þá lagði verðlagsstofnun að kröfu samkeppnisnefndar fyrir Félag ísl. bókaútgefenda og Félag ísl. bókaverslana að láta stofnuninni í té samninga sína og samþykktir, og hefur það verið gert. Verðlagsstofnun samdi síðan uppkast að meginreglum um veitingu bóksöluleyfa o.fl., sem Félag ísl. bókaútgefenda virðist hafa fallist á. Í framhaldi af því var síðan gerð sú samþykkt, sem í málinu greinir, og loks samskiptareglur Félags ísl. bókaútgefenda og Félags ísl. bókaverslana þann 11. maí 1982.

Af beggja aðilja hálfu, stefnanda og Félags ísl. bókaútgefenda, hafa komið fram rök með og á móti ákvörðun samkeppnisnefndar auk upplýsinga um bóksölu og verðlagsmál hér á landi og erlendis. Af þessum gögnum og málflutningi virðist ekki vera önnur ályktun dregin en að samkeppnisnefnd hafi gætt lögmætra sjónarmiða við ákvörðun sína um undanþágu frá ákvæðum 21. gr. og 23. gr. laga 56/1978, sbr. c lið 24. gr. sömu laga.

Ljóst er af gögnum málsins, að verðlagsyfirvöld hafa kynnt sér sjónarmið Félags ísl. bókaútgefenda og Félags ísl. bóksala, áður en ákvörðun var tekin. Sömuleiðis virðist hafa verið leitað eftir sjónarmiðum Rithöfundasambands Íslands. Ítarlegar greinargerðir komu fram af hálfu Félags ísl. bókaútgefenda, en ekki verður séð, að nefndin hafi gefið öðrum aðiljum sérstaklega kost á að skila skriflegum greinargerðum eins og mælt er fyrir um í 47. gr. laga 56/1978.

Sú skoðun stefnanda, að reglur Félags ísl. bókaútgefenda færu í bága við ákvæði laga 56/1978, var kynnt á fundum samkeppnisnefndar, en nefndin virðist ekki hafa litið á stefnanda sem aðilja varðandi það álitaefni, hvort veita bæri undanþágu frá banni við lágmarksverði, og hefur bent á, að stefnandi hafi samþykkt að hlíta verðákvörðunum útgefenda með samkomulagi við Félag ísl. bókaútgefenda.

Stefnandi hefur komið að sjónarmiðum sínum og upplýsingum í þessu máli, en ekki þykir hann hafa sýnt fram á, að ákvörðun nefndarinnar hafi verið byggð á ófullnægjandi upplýsingum eða ólögmætum sjónarmiðum.

Ákvörðun nefndarinnar var að formi til undanþága frá lögum til handa stefnda Félagi ísl. bókaútgefenda og ívilnandi stjórnvaldsathöfn gagnvart

félaginu. Þótt stefnandi hafi upphaflega vakið athygli verðlagsyfirvalda á því, að reglur félagsins væru ekki í samræmi við ákvæði laga 56/1978, þykir hann ekki með því eða með öðrum hætti hafa orðið beinn málsaðili varðandi nefnt erindi fyrir samkeppnisnefnd. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, þykja þá ekki efni til að telja ákvörðun samkeppnisnefndar óskuldbindandi gagnvart stefnanda vegna ákvæða 47. gr. laga 56/1978.

Samkvæmt þessum niðurstöðum þykir bera að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda og gera honum að greiða þeim málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000,00 til stefnda Félags ísl. bókaútgefenda og kr. 25.000,00 til stefnda verðlagsráðs.

Steingrímur Gautur Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, verðlagsráð og Félag ísl. bókaútgefenda, skulu vera sýknir af öllum kröfum stefnanda, Hagkaupa h.f.

Hagkaup h.f. greiði stefnda Félagi ísl. bókaútgefenda, kr. 25.000,00 í málskostnað og stefnda verðlagsráði kr. 25.000,00.

Miðvikudaginn 22. maí 1985.

Nr. 27/1983. **Verslunarfélagið Grund h/f**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
Árdísi Sveinsdóttur
og gagnsök
(Arnmundur Backman hrl.)

Skaðabótamál. Sýkna. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Aðaláfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 28. janúar 1983. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst

hann þess, að kröfur gagnáfrýjanda verði lækkaðar og málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti látinn falla niður.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 7. febrúar 1983 og krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér 206.327,00 krónur með 31% ársvöxtum frá 14. desember 1979 til 1. júní 1980, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Ekki er leitt í ljós, að svell hafi legið á stéttinni við hús aðaláfrýjanda eða að hálka sú, sem þar myndaðist að morgni þess dags, er slysið varð, hafi verið meiri en annars staðar á umferðarleiðum í kauptúninu og einatt má búast við í óstöðugu tíðarfari hér á landi. Samkvæmt þessu ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í málinu, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Verslunarfélagið Grund h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Árdísar Sveinsdóttur, í málinu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar og Magnúsar Þ. Torfasonar.

Verslunarhús aðaláfrýjanda stendur við Hrannarstíg í Grundarfirði. Meðfram akbrautinni er gangstétt. Frá henni að húsinu er allbreitt malarborið svæði, þó þannig, að meðfram miðhluta hússins hefur verið gerð stétt milli inngöngudyra og útgöngudyra verslunarinnar. Er stétt þessi nokkru hærri en hið malarborna svæði og myndar einskonar pall við inngöngu- og útgöngudyr og á milli þeirra. Liggur leið þeirra, sem erindi eiga í verslunina, um stétt þessa.

Ætla má, að meiri hætta hafi verið á hálku vegna ísingar á stéttinni við inngöngu- og útgöngudyrnar heldur en á hinu malarborna svæði milli götunnar og hússins. Leið allra viðskiptavina verslunar-

innar lá um stéttina, svo sem áður var sagt. Bar af greindum ástæðum sérstaka nauðsyn til að gerðar væru ráðstafanir til varnar gegn þeirri slysahættu, sem af þessu stafaði, svo sem því að bera sand eða íseyðandi efni á stéttina.

Við það verður að miða, að forstöðumenn áfrýjanda hafi vitað um ísinguna á stéttinni þegar að morgni þess dags, er slysið varð, og a.m.k.áður en versluninni var lokað vegna hádegisverðarhlés starfsfólks, en engar varúðarráðstafanir gert. Þykir þetta hafa verið vanræksla, sem aðaláfrýjandi verði að bera skaðabótaábyrgð á gagnvart gagnáfrýjanda.

Asi virðist hafa verið á gagnáfrýjanda og hann hraðað för sinni meira en varlegt var eftir þeirri hálku, sem hann vissi, að var á vettvangi, svo og eftir fótabúnaði hans. Þykir hann af þessum sökum hafa átt nokkra sök á slysi sínu. Telst hæfilegt, að hann beri tjón sitt að ⅓ hluta sjálfur, en aðaláfrýjandi bæti honum það að ⅔ hlutum, svo sem héraðsdómari hefur dæmt.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð ný áætlun Jóns E. Þorlákssonar tryggingafræðings, dags. 16. nóvember 1984, um tjón gagnáfrýjanda vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku. Er hin nýja áætlun reist á sömu forsendum og fyrri áætlanir um tekjur gagnáfrýjanda fyrir slysið svo og um áhrif hinnar læknisfræðilegu örorku á tekjuöflun hans eftir slysið, en tillit hins vegar tekið til þeirra launabreytinga, sem orðið hafa frá síðustu áætlun. Er hin nýja áætlun um tekjur og tekjutap fyrstu þrjú árin eftir slysið nær óbreytt frá fyrri áætlun, en síðan áætlar hann gagnáfrýjanda tekjur sem hér segir:

4. árið eftir slysið:	Tekjur	154.500,00 kr.	Tekjutap	30.900,00 kr.
5. — — —	—	184.200,00 —	—	36.800,00 —
Síðan árlega:	—	211.300,00 —	—	42.300,00 —

Reiknar hann höfuðstólsfjárhæð hins áætlaða tekjutaps til slysdags sem hér segir:

Vegna tímabundinnar örorku:	32.700,00 krónur.
Vegna varanlegrar örorku:	253.800,00 —

Við hinn nýja útreikning hefur tryggingafræðingurinn notað ein-

falda vexti, eins og þeir hafa verið af almennum sparireikningum milli slysdags og útreikningsdags, en 6% ársvexti og vaxtavexti eftir það.

Gagnáfrýjandi sundurliðar kröfur sínar þannig:

1. Tjón vegna örorku samkvæmt framangreindu	286.500,00 kr.
2. Ófjárhagslegt tjón	60.000,00 —
Samtals	346.500,00 kr.
Frá dragast örorkubætur frá Tryggingastofnun ríkisins	140.173,00 —
Alls	206.327,00 kr.

Þegar framangreint er virt, teljum við, að staðfesta megi hinn áfrýjaða dóm og dæma aðaláfrýjanda til að greiða gagnáfrýjanda 30.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. nóvember 1982.

Mál þetta, sem dómtekið var 1. nóvember sl., höfðaði Árdís Sveinsdóttir, nafnnr. 0414-7766, til heimilis að Borgarbraut 10, Grundarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 17. mars 1982, gegn verslunarfélaginu Grund h.f., nafnnr. 2779-3282, Grundarfirði.

Samkomulag er með málsaðiljum að reka málið fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda skaðabætur að fjárhæð kr. 300.000,00 með 31% ársvöxtum frá 14. desember 1979 til 1. júní 1980, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnað samkvæmt framlögðum reikningi.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og að honum verði dæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda að mati dómsins. Til vara er krafist verulegrar lækkunar á dómkröfum og að málskostnaður verði felldur niður.

Sáttatilraunir dómsins hafa reynst árangurslausar.

Málavextir.

Föstudaginn 14. desember 1979, um kl. 14:00, kom stefnandi í verslunarerindum að verslunarhúsi stefnda við Hrannarstíg 6, Grundarfirði. Stefnandi datt á stéttinni fyrir framan verslunarhúsið og slasaðist á vinstra fæti.

Í örorkumati Björns Önundarsonar læknis, dags. 7. október 1981, dskj. 5, kemur m.a. fram, að stefnandi hafi orðið fyrir því að þríbrjóta vinstri ökla og fara úr vinstra öklalið við slys 14. desember 1979, er stefnandi datt á gangstétt.

— — —

Læknirinn mat örorku stefnanda vegna afleiðinga slyssins þannig: 100% í 8 mánuði, síðan 50% í næstu 3 mánuði og varanlega 20%.

Jón Erlingur Þorláksson tryggingafræðingur reiknaði út örorkutjón stefnanda 26. október 1981.

— — —

Síðasti útreikningur tryggingafræðingsins er frá 15. október 1982, dskj. 20. Útreikningur þessi er miðaður við sömu forsendur og framangreindur útreikningur að teknu tilliti til breytinga á kauptöxtum, frá því að fyrri útreikningar voru gerðir, og telst samanlagt verðmæti vinnutekjutaps þá vera kr. 127.320.

Í framlagðri lögregluskýrslu Gísla Guðmundssonar lögreglumanns á dskj. 8 kemur fram, að stefnandi hafi dottið á gangstéttinni, sem var ísuð og mjög hál, framan við aðaldyr verslunar stefnda. Í skýrlsu sama manns á dskj. 10 segir, að stéttin hafi verið mjög hál. Um morguninn hafi gert ca. 2 til 3 gráðu frost og hafi þá myndast ísing yfir allt. Gísli taldi, að engar ráðstafanir hafi verið gerðar til að koma í veg fyrir ísinguna á stéttinni. Gísli tók fram, að þegar hann steig á stéttina, hafi hann verið nærri dottinn. Skýrslur þessar staðfesti Gísli Guðmundsson við yfirheyrslu hér fyrir dómi.

Hinn 28. janúar 1981 gaf Emil Magnússon stjórnarformaður og framkvæmdastjóri stefnda, skýrslu fyrir lögreglu, dskj. 11. Í skýrslunni kvaðst Emil muna eftir að hafa komið að versluninni um kl. 14:00 og hafi stefnandi þá legið á stéttinni fyrir framan aðaldyr verslunarinnar. Hann mundi eftir, að hálka hafi verið yfir öllu þennan dag. Hann tók fram, að þegar hann og starfsfólk hans verði þess vör að hálka sé á stéttum verslunarinnar, beri þau alltaf íseyðandi efni á stéttarnar. Emil tók fram, að hann hafi ekki verið kallaður fyrir fyrr en 13 mánuðum eftir að atburðurinn átti sér stað og muni hann því ekki eins gerla og ella hefði verið. Skýrslu þessa staðfesti stjórnarformaðurinn við yfirheyrslu hér fyrir dómi. Hann kvaðst muna eftir því, að hálka hafi verið á götunni, sem stefnandi gekk yfir. Alla jafna sé reynt að koma í veg fyrir hálku í nágrenni verslunar stefnda. Stjórnarformaðurinn véfengdi ekki, að stéttin hafi verið hál.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi bar vitnið Ragnar Ingi Haraldsson bif-

reiðastjóri, að hann hafi setið inn í bifreið sinni við verslunarhús stefnda og hafi hann líklega verið að bíða eftir, að verslunin yrði opnuð eftir hádegið. En verslunin væri lokuð á milli kl. 12:30 og 14:00. Vitnið kvaðst hafa séð stefnanda skilja bílhurðina eftir opna og skokka yfir að verslunarhúsi stefnda og síðan hafi vitnið séð stefnanda liggja á stéttinni. Vitnið var spurt, hvað það meinti með orðinu skokka, og svaraði vitnið því til, að stefnandi hafi ekki hlaupið og ekki heldur gengið í rólegheitum, en svona skokkað. Vitnið sagði, að hálka hafi verið á stéttinni, og sá það ekki merki um, að borið hafi verið á stéttina til þess að eyða hálku, en kvaðst ekki þora að fullyrða, hvort svo hafi verið gert eða ekki, en stéttin hafi verið hál.

Í skýrslu stefnanda fyrir lögreglu 26. janúar 1981, dskj. 9, kemur fram, að stefnandi hafi lagt bifreið sinni við Hrannarstíg lögreglustöðvarmegin og hafi hún gengið að verslun stefnda. Klukkan hafi verið að verða 14:00. Í bifreiðinni með stefnanda hafi verið dóttir hennar. Er stefnandi steig upp á gagnstéttina við aðaldyr verslunarinnar, datt stefnandi á stéttinni, sem stefnandi taldi mjög hála. Stefnandi hafi kallað á dóttur sína, eftir að hún datt, og dóttirin farið á lögreglustöðina að tilkynna slysið og sækja hjálp. Lögreglan hafi komið mjög fljótt á staðinn með sjúkrabörur og hafi lögreglumennirnir vart getað fótað sig á stéttinni fyrir hálku. Stefnandi hafi verið í skóm með hælbandi og ca. 5 cm hæl.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi staðfesti stefnandi lögregluskýrsluna. Fram kom hjá stefnanda, að skórnir sem hún var í þá er hún varð fyrir slysi því, sem málið er af risið, hafi verið háir upp á ristina með hælbandi, ca. 5 cm hæl og rifluðum sóla. Stefnandi kvaðst nú vinna 4 tíma á dag í leikskóla, en fyrst þegar hún byrjaði að vinna eftir slysið, hafi hún unnið 2 tíma á dag. Rétt fyrir slysið hafi hún verið byrjuð að vinna fulla vinnu utan heimilis.

Málsástæður og lagarök.

Stefnandi telur hið stefnda hlutafélag bera óskoraða skaðabótaskyldu á slysi stefnanda, það sé eigandi að verslunarhúsnæðinu við Hrannarstíg 6 og reyndar einnig húsinu Grundargötu 35 auk þess sem félagið reki verslun þá, sem í húsinu er. Bótaskyldan byggist á almennu skaðabótareglunni og við sakarmatið verði að hafa í huga, að slysið hafi orðið á flughálli gangstétt fyrir framan aðaldyr verslunar stefnda þar sem öruggt sé og reyndar til þess ætlast, að veruleg umferð gangandi fólks sé. Að morgni slysdagsins hafi gert ísingu, en slysið orðið kl. 14:00 og verði það að teljast óhæfileg vanræksla af hálfu starfsmanna stefnda að hafa ekki stráð íseyðandi efni á stéttina og koma þannig í veg fyrir hálku og slys. Starfsmönnum stefnda hafi verið í lófa lagið að koma í veg fyrir slysið, en vanræksla þeirra í þessu efni hljóti að teljast saknæm og baka stefnda bótaábyrgð eftir regl-

unni um húsbóndaábyrgð. Hið stefnda félag sé eigandi húseignanna, sem hér skipti máli, og beri stefndi einnig skyldur sem slíkur, en þessar skyldur hafi verið vanræktar með saknæmum hætti og leiði því sjálfstætt til skaðabótaábyrgðar stefnda.

Kröfur stefnanda eru annars vegar skaðabótakrafa fyrir fjárhagslegt tjón, byggð á niðurstöðu útreiknings Jóns Erlings Þorlákssonar tryggingafræðings, sem lagt hefur örorkumat Björns Önundarsonar tryggingayfirlæknis til grundvallar útreikningum sínum. Niðurstaða tryggingafræðingsins var sú þann 15. október 1982, að höfuðstólsandvirði vinnutekjutaps væri kr. 127.320. Hins vegar er skaðabótakrafa fyrir ófjárhagslegt tjón, og nemur fjárhæð þessa kröfuliðar kr. 60.000.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að við engan sé að sakast um slys það, sem varð kveikjan að máli þessu, annan en stefnanda sjálfa. Slysið stafi beinlínis af vangæslu stefnanda, sem hafi mátt segja sér, eins og veðri var háttað umræddan dag, að hálka væri á götum og gagnstéttum. Bótafjárhæð stefnanda er mótmælt sérstaklega, enda byggist hún ekki á þeim skjölum, sem lögð séu fram, og sé því í alla staði órökstudd. Stefnandi geymi sér rétt til að láta endurreikna tjónið og sé föst venja fyrir slíku. Af þeim sökum hafi verið óþarfi að spenna stefnufjárhæðina upp úr öllu valdi svo sem gert sé. Miskabótaþættinum er sérstaklega mótmælt sem of háum og órökstuddum.

Það sé meginregla íslensks skaðabótaréttar, að eigendur fasteigna verði ekki skaðabótaskyldir vegna hálkuslysa, er verði á umráðasvæði þeirra. Til þess að unnt sé að draga fasteignaeigendur til ábyrgðar, verði að vera hægt að benda á einhverja lagareglu, sem leggi þá skyldu á herðar húseigendum, að þeim beri að sjá til þess, að stéttir við hús þeirra séu hreinsaðar af snjó og hálku. Ef slíkri lagareglu væri til að dreifa og húseigandi hefði vanrækt hana með þeim afleiðingum, að tjón hlytist af, væri unnt að draga húseigandann til ábyrgðar og láta hann greiða bætur fyrir tjónið. Í þessu sambandi er bent á, að í þéttbýli, svo sem Reykjavík og öðrum kaupstöðum landsins, sé það algengt, að menn detti á gangstéttum og götum og beinbrotni af þeim sökum. Ekki detti nokkrum manni í hug að stefna t.d. borgarsjóði Reykjavíkur út af slíku, enda vonlaust, meðan ekki sé beinlínis lögð sú lagaskylda á borgarsjóð Reykjavíkur að halda gangstéttum og götum hreinum. Ef slík lagaskylda væri lögð á borgarsjóð Reykjavíkur, þá hefði það óhjákvæmilega í för með sér auknar álögur fyrir borgarana.

Það sé ljóst, að almennu skaðabótareglunni verði ekki beitt í þessu máli, meðan skorti beina jákvæða lagareglu, sem feli í sér skyldur fyrir húseigandann að halda gangstéttum, lóðum sínum og lendum hálkulausum.

Við munnlegan málflutning var því lýst yfir af hálfu stefnda að óumdeilt væri að hálka hafi verið á stéttinni, en hálkan hafi verið af veðurfarslegum

ástæðum, en ekki fyrir tilverknað stefnda. Almennt verði menn að bera tjón sitt sjálfir, ef þeir detta. Engar jákvæðar réttarreglur séu í íslenskum rétti um skyldur fyrir húseigendur til þess að halda umhverfi húsa sinna hálkulausu. Orsök slyssins hafi fyrst og fremst verið varúðarskortur stefnanda, enda muni stefnandi hafa verið að flýta sér, það að stefnandi skildi eftir opna bílhurð sýni flýti stefnanda.

Vegna varakröfu stefnda var vakin athygli á því, að dómkrafa stefnanda væri órökstudd. Við örorkutjónsútreikninginn væri ekki litið til skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu. Krafa um miskabætur væri of há og órökstudd. Málskostnaðarreikningi stefnanda, sem miðaður væri við stefnufjárhæð, var sérstaklega mótmælt.

Niðurstaða.

Fram þykir komið, að stéttin við verslunarhús stefnda hafi verið mjög hál, þá er stefnandi datt á stéttinni rétt fyrir kl. 14:00 hinn 14. desember 1979. Jafnframt, að hálka hafi myndast strax um morguninn. Ekki hafa verið færðar líkur að því, að gerðar hafi verið tilraunir til þess að eyða hálku á stéttinni, sem samkvæmt framlögðum ljósmyndum er einkastétt stefnda, en ekki hluti af almennum gangstéttum.

Þegar litið er til rekstrar stefnda, þykir það vítaverð vanræksla að hafa enn ekki um hádegi gert tilraun til þess að eyða hálku á stéttinni. Vanræsklu þessa verður að telja meginorsök slyss stefnanda, og fellir hún fébótaábyrgð á stefnda vegna tjóns stefnanda.

Það, sem að framan hefur verið rakið um ferðir stefnanda, gefur til kynna, að asi hafi verið á stefnanda, og færir líkur að því, að stefnandi hafi ekki sýnt þá aðgæslu sem vera bar. Þykir því rétt, að stefnandi beri sjálf tjón sitt að einum þriðja hluta.

Eftir atvikum þykir rétt að ákveða í einu lagi bætur fyrir tímabundna og varanlega örorku ásamt miskabótum. Þegar til þess er litið, sem eftir dómvenju ber að hafa í huga við ákvörðun bóta sem þessara, þ.e. skattfrelsis og hagræðis af eingreiðslu, þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar kr. 135.000. Af þeirri fjárhæð ber stefnda að greiða stefnanda ⅔, eða kr. 90.000, með vöxtum eins og krafist var.

Málskostnaður ákveðst kr. 17.850.

Dóminn kvað upp Auður Þorbergsdóttir borgardómari.

Dómsorð:

Stefndi, verslunarfélagið Grund h.f., greiði stefnanda, Árdísi Sveinsdóttur, kr. 90.000 með 31% ársvöxtum frá 14. desember 1979 til 1. júní 1980, en 34% ársvöxtum frá þeim degi til 17. mars 1982,

en 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 17.850.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. maí 1985.

Nr. 196/1983. **Haukur Leósson**
(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn
Tómasi Zoëga
(Benedikt Sveinsson hrl.)
Gjaldheimtunni í Reykjavík
(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)
Framkvæmdasjóði Íslands
Landsbanka Íslands
Útvegsbanka Íslands
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Sparisjóði vélstjóra
Jóni Magnússyni
Boga Ingimarssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Guðmundi Jónssyni
(Hákon Árnason hrl.)
Magnúsi Fr. Árnasyni
Ara Ísberg
Olíufélaginu Skeljungi h/f
Huxley Ólafssyni
Diðrik Sigurðssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Reinholt Kristjánssyni
Jóni Ingólfssyni
Hirti Torfasyni
(sjálfur)

Einari Bergmann
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Pétri Valdimarssyni,
Grétari Haraldssyni
(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)
Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f
Gunnari Sæmundssyni
(sjálfur)
Sveini Finnssyni f.h. dánarbús
Baldvins K. Sveinbjörnssonar
Einari Sigurðssyni,
Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins,
Þórarni Árnasyni og
Þorsteini Thorarensen borgarfógeta.

Uppboðsafsal. Málskostnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1983. Hann gerir þær dómkröfur, ,,að afsal uppboðsréttar Reykjavíkur hinn 29. september 1983 á fasteigninni Viðjugerði 8, Reykjavík, til Tómasar Zoëga, verði fellt úr gildi.“ Þá krefst hann þess, að stefndu aðrir en Gjaldheimtan í Reykjavík verði hver fyrir sig dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Tómas Zoëga gerir þær dómkröfur, að kröfu áfrýjanda verði hrundið. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefnda Gjaldheimtan í Reykjavík krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu Diðrik Sigurðsson, Einar Bergmann, Útvegsbanki Íslands, Bogi Ingimarsson og Grétar Haraldsson krefjast þess, að kröfu áfrýjanda verði hrundið og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur Jónsson gerir þær dómkröfur, að kröfu

áfrýjanda verði hrundið og að staðfest verði útgáfa afsals uppboðsréttar Reykjavíkur hinn 29. september 1983 á fasteigninni Viðjugerði 8, Reykjavík, til Tómasar Zoëga. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hjörtur Torfason krefst sýknu af málskostnaðarkröfu áfrýjanda.

Stefndi Gunnar Sæmundsson krefst sýknu af málskostnaðarkröfu áfrýjanda og krefst málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Stefndi Sparisjóður Vélstjóra krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en krefst að öðrum kosti sýknu af kröfum áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Útgáfa hins áfrýjaða uppboðsafsals fór fram í uppboðsrétti Reykjavíkur, sem háður var af Þorsteini Thorarensen borgarfógeta hinn 29. september 1983. Er afsalsgerðin svohljóðandi:

„Fyrir var tekið:

að gefa út uppboðsafsal til Tómasar Zoëga, læknis um húseignina Viðjugerði 8 hér í borg, þinglýsta eign Hauks Leóssonar.

Ofangreind fasteign var seld á nauðungaruppboði, sem fór fram þann 23. mars 1982.

Hæstbjóðandi var Kristinn Sigurjónsson hrl., og bauð hann kr. 2.400.000.-.

Með yfirlýsingu í uppboðsrétti Reykjavíkur þann 5. apríl 1982 framseldi hæstbjóðandi Tómasi Zoëga boð sitt, og var boðið og framsal þess samþykkt.

Uppboðssalan var staðfest með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 29. júní 1983.

Þann 18. ágúst 1983 úrskurðaði uppboðsrétturinn að orðið skyldi við kröfu Tómasar Zoëga um útgáfu uppboðsafsals fyrir eigninni. Þessi úrskurður var kærður til Hæstaréttar, sem vísaði kærunni frá með dómi sínum, uppkveðnum 28. september 1983. Er hinn reglulegi áfrýjunarfrestur nú liðinn, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949.

Með því að Tómas Zoëga hefur greitt allan kostnað uppboðsins og að fullu greitt boð sitt, kr. 2.400.000,- til uppboðshaldara að undanskildum kr. 40.000.-, sem hann greiddi beint til Magnúsar Fr. Árnasonar hrl. og Þórarins Árnasonar hdl. upp í kröfur þeirra, lýsti uppboðshaldari því yfir að hann afsalaði Tómasi Zoëga lækni, hús-

eigninni nr. 8 við Viðjugerði, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, með öllum sama rétti og fyrri eigandi átti.

Afmá ber af veðmálaskrá allar þinglýstar veðskuldir, sem hvíla á hinni seldu eign.“

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því, að fjalla hafi átt um útgáfu afsalsins á uppboðsþingi, sem aðiljar uppboðs hefðu átt kost á að sækja. Þá hafi uppboðskaupandi ekki efnt uppboðskaupin, þar sem hann hafi ekki greitt uppboðsverðið á réttum tíma né heldur vexti af því frá gjalddögum þess til greiðsludags, en það sé almenn regla íslensks réttar að greiða beri vexti af gjaldfallinni skuld, nema tvímælalaus lagafyrirmæli eða samningsákvæði leysi skuldara undan greiðslu vaxta. Hafi uppboðshaldari hvorki haft umboð né lagaheimild til að gefa eftir vexti af uppboðsverði.

Svo sem fram kemur í hinni áfrýjuðu afsalsgerð, kærði áfrýjandi úrskurð uppboðsréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 18. ágúst 1983 um að orðið skyldi við kröfu stefnda Tómasar Zoëga um útgáfu uppboðsafsals. Var því kærumáli vísað frá Hæstarétti 28. september 1983. Þrátt fyrir það á áfrýjandi rétt á að áfrýja afsalsgerningnum sjálfum, svo sem hann nú hefur gert.

Það var niðurstaða uppboðsréttar 18. ágúst 1983, að stefndi Tómas Zoëga hefði efnt uppboðsskilmálana og að taka ætti til greina kröfu hans um útgáfu uppboðsafsals honum til handa. Þeim úrskurði var ekki áfrýjað til Hæstaréttar lögum samkvæmt, og er hann því bindandi um úrslit sakarefnis þess, sem þar var fjallað um. Var uppboðshaldara því heimilt að gefa út uppboðsafsal til stefnda Tómasar Zoëga 29. september 1983, enda eigi skylt að kveðja aðilja uppboðsins til þinghalds þessa, eins og málum var þá komið. Ekki hefur verið sýnt fram á annmarka á uppboðsafsalinu. Ber því að hrinda kröfu áfrýjanda.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Kröfu áfrýjanda, Hauks Leóssonar, um að fellt verði úr gildi afsal uppboðsréttar Reykjavíkur hinn 29. september 1983 á fasteigninni Viðjugerði 8 hér í borg til Tómasar Zoëga, er hrundið.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Sératkvæði
hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar
og Halldórs Þorbjörnssonar.

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um annað en málskostnað. Við teljum, að dæma beri áfrýjanda til þess að greiða stefndu Tómasi Zoëga, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Guðmundi Jónssyni, Gunnari Sæmundssyni, Diðrik Sigurðssyni, Einari Bergmann, Boga Ingimarssyni, Útvegsbanka Íslands og Grétari Haraldssyni 5.000.00 krónur hverjum í málskostnað.

Miðvikudaginn 22. maí 1985.

Nr. 230/1984. **Ákæruvaldið**
(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn
Steinari Guðmundssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar af ákæruvaldsins hálfu samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974. Af ákæruvaldsins hálfu er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd.

Ágrip barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Lögð hefur verið fyrir Hæstarétt ályktun Læknaráðs, þar sem fallist er á niðurstöðu Hannesar Péturssonar yfirlæknis um sakhæfi ákærða.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að eigi sé sannað, að ákærði hafi tekið fyrirfram ákvörðun um að svipta Guðmundu lífi hinn 31. janúar 1984, þótt hann hafi viðhaft ummæli í þá átt skömmu

áður. Hins vegar má ályktа það af ummælum þessum, sem telja verður sönnuð, að ákærða hafi þá verið fullljóst, hverju hægt væri að valda með því að toga í trefil þann, sem vafinn var um háls konunni. Það atferli ákærða að taka í trefil þennan, sem tvívafinn var um háls Guðmundu, og draga hana þannig niður í rúm og halda síðan fast í trefilinn nærri hálsi hennar, svo sem lýst er í héraðsdómi, var stórháskalegt, og gat ákærða ekki dulist, að yfirgnæfandi líkur væru á því, að hún hlyti af því líftjón. Ber að heimfæra verknað hans undir 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, enda fær ölvun hans, er hann framdi verknaðinn, eigi leyst hann undan refsingu samkvæmt þeirri grein, sbr. 17. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir með hliðsjón af 8. tölulið 70. gr. og 9. tölulið 74. gr. almennra hegningarlaga, svo og því, að ákærði hefur ekki, svo vitað sé, gerst brotlegur við almenn hegningarlög áður, hæfilega ákveðin fangelsi í 6 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 1. febrúar 1984 komi refsingu til frádráttar, sbr. 76. gr. almennra hegningarlaga.

Staðfesta ber ákvörðun héraðsdóms um sakarkostnað. Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, svo sem greint er í dómsorði.

Dómsorð:

Ákærði, Steinar Guðmundsson, sæti 6 ára fangelsi, en gæsluvarðhaldsvist ákærða óslitið frá 1. febrúar 1984 komi refsivist hans til frádráttar. Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 25,000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. september 1984.

Ár 1984, fimmtudaginn 13. september, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem yfirsakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 433/1984: Ákæruvaldið gegn Steinari Guðmundssyni, sem tekið var til dóms 29. f.m.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 29. maí sl., fyrir sakadómi Reykjavíkur á hendur „Steinari Guðmundssyni verkamanni, Njálsgötu 48A, Reykjavík, nú gæsluvarðhaldsfanga í Hegningarhúsinu, fæddum í Reykjavík 4. apríl 1947, fyrir að hafa, síðdegis þriðjudaginn 31. janúar 1984, svipt Guðmundu Gísladóttur, til heimilis Öldugötu 48, Hafnarfirði, lífi í íbúð sinni í húsinu Njálsgötu 48A, með því að hafa í átökum við hana, er hún hugðist fara á brott úr íbúðinni, hert að trefli er hún hafði tvívafinn um háls sér og ekki linað þau tök fyrr en ákærði sá, að Guðmunda hafði misst meðvitund og hann varð þess áskynja, að hún var látin.

Verknaður ákærða telst varða við 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar."

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

1965 12/4 Reykjavík: Sátt, 400, kr. sekt fyrir ölvun.
1969 7/5 Reykjavík: Sátt, 3.500 kr. sekt fyrir brot á 25. og 27. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuréttindi í 4 mánuði.
1973 10/5 Reykjavík: Sátt, 1.200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir:

Þriðjudaginn 31. janúar sl., kl. 18:57, hringdi Steinar Guðmundsson, ákærði í máli þessu, á lögreglustöðina og tilkynnti, að hann héldi, að hann hefði orðið unnustu sinni að bana í átökum á heimili hans að Njálsgötu 48A hér í borg. Ákærði var að heyra mjög ölvaður og æstur og erfitt að skilja hann. Hann bað um, að lögreglumenn kæmu á staðinn og kvaðst bíða þeirra. Héldu tveir lögreglumenn þegar heim til ákærða. Þegar þangað kom, hittu þeir fyrir ákærða og mann að nafni Jón Yngvi Yngvason. Ákærði var mjög áberandi ölvaður að sögn lögreglumannanna og Jón Yngvi talsvert ölvaður. Lögreglumönnunum var vísað inn í stofu, sem er inn af eldhúsi í íbúð Steinars. Þar lá kona á svefnbekk, og virtist hún látin. Samkvæmt skilríkjum hét kona þessi Guðmunda Gísladóttir, fædd 24. febrúar 1944, til heimilis að Öldugötu 48, Hafnarfirði. Rannsóknarlögreglumenn voru kvaddir á staðinn svo og aðstoðarborgarlæknir. Kannaði hann ástand Guðmundu og kvað hana látna.

Þeir ákærði og Jón Yngvi voru fluttir á lögreglustöðina og settir í fangageymslu. Að sögn Bertrams Möllers aðstoðarvarðstjóra var ákærði mjög áberandi ölvaður og virtist í mikilli geðshræringu. Sagðist hann hafa drepið kærustu sína. Ákærði var annars nánast óviðræðuhæfur vegna þessa

ástands síns. Jón Yngvi sagðist hafa komið heim til Steinars að Njálsgötu 48A um kl. 18:00 þetta kvöld. Hefði Steinar verið grátandi og sagt honum, að hann hefði kyrkt kærustu sína í trefli. Kvaðst Jón Yngvi hafa ætlað að hringja á lögregluna, en Steinar bannað sér það. Hefði síðan liðið nokkur stund, þar til Steinar hringdi sjálfur á lögregluna.

Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður athugaði lík Guðmundu Gísladóttur. Segir svo í skýrslu hans:

„Á svefnbekk í stofu inn af eldhúsi liggur kona, sem er látin. Sæng er breidd yfir líkið og hylur það frá tám upp að hálsi. Undir höfði líksins er svæfill og á honum tveir blóðlitaðir blettir. Sængurver sængurinnar (svo) er blautt neðan til og sú bleyta rauðleit. Líkið liggur á svampdýnu og virðist dýnan snúa öfugt á svefnbekknum.

Líkið liggur á bakinu, höfuð hallar til hægri, hægri handleggur liggur niður með síðu, vinstri upphandleggur liggur með síðu, en framhandleggur og hendi hvíla á maga. Líkið er lítilsháttar snúið um mjöðm, þannig að þungi hvílir á hægri mjöðm. Vinstri fótur er beinn, en hægri fótur lítilsháttar krepptur um hné. Bláleitur blær er á andliti líksins.

Líkið er klætt svörtum jakka, kragi hans dreginn niður fyrir axlir, svartri stutterma peysu og dökkum gallabuxum.

Framan á hálsi líksins er ljós rönd á hörundinu 5 til 6 cm breið og liggur frá barka aftur og upp að vinstra eyra. Á handarbaki hægri handar eru 3 lítil hringlaga sár, sem virðast ekki ný, þar sem hrúður er yfir þeim. Á svefnbekknum við vinstri hlið líksins er gervitanngarður úr neðri góm. Líkið er volgt viðkomu.

Á gólfi við höfðalag svefnbekksins er lítil dökk hárflygsa. Í dyraopi í herbergi inn af stofu liggur hvítur ullartrefill með kögri á báðum endum. Á treflinum eru blóðlitaðir blettir, kám og hárflygsa."

Rannsóknarlögreglumenn fóru til Hafnarfjarðar og tilkynntu fyrrverandi eiginmanni Guðmundu, Gísla Gunnarssyni, Skúlaskeiði 28, lát hennar. Gísli upplýsti, að þau Guðmunda hefðu skilið að lögum haustið 1980. Guðmunda hefði átt við mikið áfengisvandamál að stríða og farið í meðferð tvívegis hjá SÁÁ vegna þess, í fyrra skiptið árið 1979. Að öðru leyti sagði Gísli, að heilsufar hennar hefði verið gott. Hann sagði, að þau hefðu átt saman fjögur börn, þrjú hefðu búið hjá Guðmundu að Öldugötu 48, Hafnarfirði, en elsta dóttirin væri gift og búsett í Hafnarfirði.

— — —

Vitnið Kristgeir Sigurgeirsson leigubifreiðarstjóri, Leirubakka 2, ekur á bifreiðastöð Steindórs. Vitnið hefur skýrt frá því, að það hafi ekið ákærða, Steinari Guðmundssyni, frá Hótel Loftleiðum laugardagskvöldið 25. janúar sl. milli kl. 19:00 og 20:00.

Steinar var að sögn vitnisins mikið undir áhrifum áfengis og e.t.v. lyfja. Hann var mjög æstur í skapi og talaði um, að honum hefði verið vísað út af hótelinu, en Guðmunda unnusta hans væri með einhverjum manni þar uppi á herbergi. Var hann mjög ósáttur með þetta. Sagðist hann ætla að drepa þau bæði og dyraverðina og talaði um að skera þá á háls. Steinar fór úr bifreiðinni við Hótel Esju.

Vitnið kveður Steinari hafa verið ekið talsvert í bifreiðum frá bifreiðastöð Steindórs. Hefur það nokkrum sinnum ekið honum. Hann hefur alltaf verið einstakt prúðmenni nema í þetta eina skipti.

Vitnið Jónas Haraldsson leigubifreiðastjóri, Súluholti 3, Villingaholtshreppi, ekur leigubifreið frá bifreiðastöð Steindórs. Vitnið hefur skýrt frá því, að það hafi verið sent frá bifreiðastöðinni þriðjudaginn 31. janúar sl. um kl. 14:00 að veitingahúsinu Rán við Skólavörðustíg. Þar kom ákærði, Steinar Guðmundsson, í bifreiðina, og var hann talsvert ölvaður. Bað hann vitnið um að aka að Laugavegsapóteki. Á leiðinni þangað var hann eitthvað ör í skapi að sögn vitnisins og megi segja, að þegar þeir mættu öðrum bifreiðum, hafi hann sífellt verið að tala um að berja bifreiðastjórana. Fannst vitninu á Steinari sem honum fyndist bifreiðarnar vera fyrir þeim.

Þegar að Laugavegsapóteki kom, fór Steinar úr bifreiðinni og inn í apótekið. Á meðan hann var þar, var kallað í vitnið um talstöð og sagt, að hringt hefði verið frá veitingahúsinu Rán, vegna þess að Steinar hefði ekki greitt reikninginn, og var beðið um að fá að ræða við hann.

Þegar Steinar kom í bifreiðina aftur, sagði vitnið honum frá þessu, og kannaðist hann við að hafa ekki greitt reikninginn á Rán. Féllst hann á að fara þangað eftir nokkurt þras.

Vitnið ók aftur að Rán, og fór Steinar þar inn. Vitnið beið talsverða stund í bifreiðinni, um 15 til 20 mínútur. Fór það þá inn í veitingahúsið til þess að athuga, hvort Steinar væri þar ekki. Vitnið sá, að hann var að ræða við dyravörð, og var kona hjá honum. Konan var mjög ölvuð og átti erfitt með að standa á fótunum. Vitninu virtist sem sættir væru að takast milli Steinars og dyravarðarins, og fór það því aftur út í bifreiðina. Vitnið beið síðan 5 til 10 mínútur, en þá kom Steinar út í bifreiðina. Hann var einn, og fannst vitninu hann talsvert hugsandi. Þegar vitnið ætlaði að aka af stað, bað Steinar það að bíða og sagði, að konan vildi ekki koma með honum. Sagði hann, að hún vildi heldur fara með lögreglunni en honum. Steinar fór síðan aftur inn í veitingahúsið Rán. Kom hann aftur eftir skamma stund, og var þá konan með honum. Þau settust inn í bifreiðina, og bað konan vitnið um að aka að húsinu við Njálsgötu, sem það man ekki númerið á. Steinar vildi hins vegar fara að Laugavegsapóteki.

Vitnið ók aftur að Laugavegsapóteki, og vildi Steinar þá, að konan kæmi með sér inn í apótekið. Vitnið neitaði því og sagði, að þau færu ekki bæði

úr bifreiðinni, nema greiða ökugjaldið fyrst. Steinar varð þá reiður og heimtaði að fara á lögreglustöðina. Sagði vitni það vera í lagi. Vitnið spurði konuna, hvort hún ætlaði að greiða ökugjaldið. Sagði hún svo vera og vildi gera gott úr þessu.

Vitnið ók af stað áleiðis að lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Steinar var að rífast við það, en konan var sífellt að segja honum, að þetta væri tómt rugl í honum. Vitnið bað Steinar að þegja, og varð hann þá mjög æstur og reiður. Hótaði hann því barsmíðum og líkamsmeiðingum, kreppti hnefana og gerði sig líklegan til árásar. Vitnið kallaði þá um talstöð bifreiðarinnar og bað um að hringt yrði til lögreglunnar og sagt, að það væri á leiðinni að lögreglustöðinni við Hverfisgötu með farþega. Á þessum tíma var vitninu ekki orðið sama. Óttaðist það, að Steinar myndi ráðast á það, og vildi því láta vita af sér. Þegar að lögreglustöðinni kom, komu tveir lögreglumenn fljótlega út. Steinar fór út úr bifreiðinni, en konan ekki strax, og fannst vitninu, sem hún vildi ekki fara inn á lögreglustöðina. Konan greiddi ökugjaldið með Visa kreditkorti og reyndi að skrifa nafn sitt á reikninginn, en það varð nær ólæsilegt. Eftir það fór konan út úr bifreiðinni. Þegar vitnið ók í burtu, stóðu þau fyrir utan lögreglustöðina. Hélt Steinar utan um hana og virtist halda henni uppi.

Um kl. 15:30 framangreindan dag var óskað aðstoðar lögreglu frá biðskýlinu á Hlemmi. Var sagt, að þar væru maður og kona, sem væru annað hvort blindfull eða í dópi. Væri maðurinn alveg að hengja konuna. Togaði hana á hárinu og lemdi allt og barði. Kvaðst sá, er hringdi, aldrei hafa séð fólk þetta áður í biðskýlinu. Konan stæði, þar sem áður var ísbúð og gréti.

Lögreglumenn fóru á staðinn. Þegar þangað kom, skýrði umsjónarmaður í biðskýlinu þeim frá því, að maðurinn og konan hefðu verið í áflogum og að kýta. Vísaði hann þeim á þau Steinar Guðmundsson og Guðmundu Gísladóttur. Voru þau flutt á lögreglustöðina vegna ölvunar og leidd fyrir Bertram Möller varðstjóra. Þau sögðust vera í sambýli. Kváðust þau ekki hafa verið í áflogum í biðskýlinu, heldur hefði einhver maður ráðist þar að Steinari. Að boði varðstjóra var þeim Steinari og Guðmundu ekið heim til Steinars að Njálsgötu 48A.

Nokkur vitni, er voru í biðskýlinu, hafa mætt í dómi.

Vitnið Magnús Dalmann Hjartarson umsjónarmaður hefur skýrt frá því, að það hafi verið við störf í biðskýlinu hinn 31. janúar sl. Einhvern tímann síðdegis þennan dag komu þar inn maður og kona, sem vitnið þekkti ekki. Þau voru bæði ölvuð. Þau áttu í rifrildi, og átti maðurinn aðallega þátt í því. Vitnið kveðst hafa hringt í lögregluna, fljótlega eftir að fólkið kom, vegna drykkjuláta í því. Lögreglan kom ekki, og þar sem deilur milli fólksins virtust aukast, hringdi það aftur, enda hafði afgreiðslufólk í verslunum

í biðskýlinu kvartað við vitnið út af fólkinu. Vitnið kveðst hafa séð er maðurinn lenti í átökum við ungan mann, er var í biðskýlinu. Var það um það bil sem átökunum var að ljúka. Vitnið kveðst hafa farið og hringt tvisvar til lögreglunnar, eins og áður greinir, og því ekki hafa séð allt það, sem gerðist í biðskýlinu umrætt sinn.

Vitnið Sólrún Jósefína Valsdóttir verslunarmaður, Hamraborg 4, Kópavogi, kveðst vinna í biðskýlinu á Hlemmi. Framangreindan dag, um kl. 15:00, er vitnið var við vinnu í biðskýlinu, komu þangað inn maður og kona, sem vitnið þekkir ekki. Þau voru bæði ölvuð og maðurinn sýnu meira. Konan settist á bekk skammt frá, þar sem vitnið var að vinna. Maðurinn stóð fyrir framan hana og virtist vera mjög æstur. Hann bað konuna að koma með sér, en hún neitaði, og veittist maðurinn þá að henni. Kom þá að unglingspiltur og skarst í leikinn. Lenti hann í átökum við manninn, og féllu þeir báðir í gólfið. Pilturinn lenti ofan á manninum. Vitnið sagði piltinum að sleppa manninum. Hann væri sjálfur ódrukkinn, en maðurinn fullur. Pilturinn sleppti þá manninum, og stóðu þeir báðir upp.

Það næsta, sem vitnið sá, var það, að konan var staðin upp og virtist vera á leiðinni að söluopinu til Nínu Hafdísar Arnold. Maðurinn kom þá æðandi aftan að konunni, tók í trefilinn, sem hún hafði um hálsinn og kippti í. Hann sagði eitthvað á þá leið: „Svona fer ég að því að drepa þig.“ Maðurinn sleppti síðan treflinum, tók um hár konunnar aftanvert og keyrði höfuð hennar aftur á bak. Maðurinn sleppti síðan tökum á konunni. Hélt hún að söluopinu, þar sem ís er seldur, og stóð þar grátandi.

Vitnið kveðst hafa hringt í lögregluna vegna þess, er að framan greinir, en auk þess hafði Steinunn Ágústa hringt að því er vitnið frétti síðar. Kom lögreglan skömmu síðar og flutti manninn og konuna á brott.

Vitnið Steinunn Ágústa Jónsdóttir verslunarmaður, Bólstaðarhlíð 40, starfar í biðskýlinu á Hlemmi. Vitnið kveðst hafa lokið vakt sinni í biðskýlinu um kl. 13:00 hinn 31. janúar sl. og farið á brott. Vitnið kom aftur um kl. 15:00 og fór að söluopi, þar sem verslað er með ávexti, en þar var þá við vinnu Nína Hafdís Arnold, dóttir þess. Vitnið kveðst hafa veitt athygli manni og konu, sem sátu á bekk, skammt frá söluopinu. Virtist því fólk þetta vera undir áfengisáhrifum eða í einhvers konar óeðlilegu ástandi. Maðurinn var mjög æstur, en konan virtist vera róleg, en mjög slöpp öll að sjá.

Vitnið heyrði aldrei neitt af því, sem manninum og konunni fór á milli, en sá til þeirra. Talsvert af fólki var í biðskýlinu, m.a. unglingspiltur, sem vitnið heyrði, að sagði við manninn: „Þú ert kvenníðingur.“ Maðurinn gekk þá frá konunni og rauk í piltinn. Þeir tókust á, og féllu báðir í gólfið og pilturinn ofan á. Þegar þeir höfðu risið á fætur, æddi maðurinn aftan

að konunni, greip með hægri hendi um sitthvorn enda á trefli, sem hún var með um hálsinn, og herti að, að því er vitninu virtist. Hann greip og með vinstri hendi í hár konunnar og keyrði hana aftur á bak. Vitnið kveðst hafa farið í símann og hringt til lögreglunnar. Á meðan vitnið var að tala við lögregluna, sleppti maðurinn konunni. Fór hún að söluopi, þar sem ís hefur verið seldur, og stóð þar og grét. Konan gekk síðan eitthvað í burtu og hvarf vitninu sjónum. Skömmu síðar kom lögreglan á vettvang og flutti manninn og konuna á brott.

Vitnið Nína Hafdís Arnold verslunarmaður, Ásgarði 4, Garðabæ, hefur skýrt frá því, að það hafi verið að vinna í biðskýlinu á Hlemmi 31. janúar sl. Um kl. 15:00 veitti vitnið athygli þar inni Steinari Guðmundssyni, sem það kannast við. Virtist vitninu hann töluvert ölvaður eða undir áhrifum lyfja. Steinar var í æstu skapi. Vitnið kveðst hafa heyrt, að Steinar sagði við konu, sem sat á bekk í biðskýlinu, að koma með sér. Þegar konan neitaði, sagðist Steinar ætla að hringja á lögregluna og láta hirða hana. Eftir þetta kom piltur á vettvang og bað Steinar um að láta konuna í friði og kallaði hann kvenníðing. Lentu pilturinn og Steinar í átökum og féllu í gólfið.

Á meðan Steinar og pilturinn voru í áflogum, kom konan að söluopinu til vitnisins og bað um pakka af vindlingum. Benti vitnið henni á næsta söluop, og fór konan þangað. Það næsta, sem gerðist, var það, að Steinar kom aftan að konunni, tók í sitthvorn enda á trefli, sem hún var með um hálsinn, og herti að. Sagði hann um leið eitthvað á þessa leið: „Svona get ég hengt þig, helvítið þitt." Hann tók síðan í hár konunnar aftan til, sveigði höfuð hennar aftur á bak og hvíslaði einhverju í eyra hennar. Steinar sleppti síðan konunni, og gekk hún frá honum. Kallaði Steinar þá klúryrði á eftir henni. Á meðan þetta gerðist, hafði verið hringt á lögregluna. Kom hún nokkru síðar og fór með konuna og Steinar á brott.

Vitnið Birgir Guðbjartsson verkamaður, Búðargerði 9, kveðst hafa verið statt í biðskýlinu á Hlemmi einhvern tímann eftir hádegi 31. janúar sl. Komu þangað inn maður og kona, sem vitnið þekkti ekki. Þau voru bæði ölvuð og maðurinn undir áhrifum lyfja að vitninu virtist. Vitnið kveður konuna hafa verið með trefil um hálsinn, en man að öðru leyti ekki, hvernig hún var klædd. Maðurinn var í æstu skapi. Fór hann að áreita konuna. Hann hristi hana til og togaði í trefilinn, sem hún var með um hálsinn, og herti að. Maðurinn hótaði að stytta konunni aldur, þar sem hún væri að bera upp á hann sögur.

Vitnið kveðst hafa gengið að manninum og sagt við hann eitthvað á þessa leið: „Er þetta það eina sem þú getur ráðist á?" Maðurinn sló þá til vitnisins. Vitnið bar fyrir sig höndina, og lenti hún í andliti mannsins. Heldur vitnið, að við það hafi farið að blæða úr vör hans. Vitnið og maðurinn

tókust síðan á. Féllu þeir báðir í gólfið, og lenti vitnið ofan á manninum. Átökum þeirra var þar með lokið, og stóðu þeir báðir upp. Lögreglan var kvödd á staðinn í lok átakanna.

Vitnið Leó Örn Guðmundsson, Völvufelli 44 hér í borg, kveðst hafa komið að Njálsgötu 48A um kl. 14:00, þriðjudaginn 31. janúar sl., en þar býr frændi þess Vilhjálmur Sigurðsson. Gluggi í stofu íbúðarinnar snýr móti vestri og er við eða mjög stutt frá innganginum að íbúð Steinars Guðmundssonar. Vitnið var eitt í íbúðinni. Um kl. 16:00 sat það við símann í stofunni, þegar það heyrði umgang fyrir utan. Vitnið stóð upp og leit út um stofugluggann. Sá það Steinar frænda sinn og dökkklædda konu með honum. Þegar vitnið varð þeirra vart, virtist því konan vera hálfbogin, eins og hún hefði hrasað og væri að standa upp. Steinar hélt í hönd hennar, og heyrði vitnið, að hann sagði: „Fyrirgefðu, fyrirgefðu, fyrirgefðu." Vitnið þekkti Guðmundu Gísladóttur allsæmilega, en var ekki visst um, að þetta væri hún, þar sem því virtist kona þessi þybbnari og einhvern veginn með öðruvísi hár. Vitnið kveðst hafa orðið þess vart, að konan og Steinar voru ölvuð. Vitnið fylgdist með Steinari og konu þessari, meðan þau gengu upp tröppurnar, og sá síðast til þeirra, þegar þau fóru inn um dyrnar að íbúð Steinars að Njálsgötu 48A.

Vitnið var í stofunni þar til kl. um 17:00, en fór þá niður í 1. hæð hússins og var þar þangað til kl. 18:20, en þá skömmu áður hafði faðir þess komið og farið með því á brott.

Vitnið kveðst ekki hafa heyrt neitt frá íbúð Steinars, frá því hann og konan komu þangað um kl. 16:00, og ekki orðið vart mannaferða.

Vitnið Jón Yngvi Yngvason rithöfundur kveðst hafa þekkt ákærða, Steinar Guðmundsson, frá því þeir voru saman í áfengismeðferð að Staðarfelli vorið 1982. Það hafi hitt hann nokkrum sinnum síðar, einkum frá því vorið 1983, en þá kom það fyrst heim til hans. Þeir drukku stundum saman. Vitnið fékk að liggja inni hjá Steinari síðla sumars 1983 í nokkrar nætur. Vitnið kveður Steinar hafa notað mikið af lyfjum, en veit ekki, hvaða lyf það voru.

Vitnið hitti Guðmundu Gísladóttur nokkrum sinnum heima hjá Steinari, og var það ávallt í sambandi við áfengisneyslu. Þau Steinar og Guðmunda kýttu oft, og fannst vitninu Guðmunda eiga ávallt upptökin. Fékk Guðmunda eins og æðiskröst, að því er vitninu fannst án ástæðna.

Vitnið hitti Steinar um 2 vikum fyrir framangreindan atburð, en Guðmundu hafði það ekki hitt frá því einhvern tíma haustið 1983.

Vitnið kveðst hafa verið á leið heim til vinar síns hinn 31. janúar sl. upp úr kl. 18:00 og átt leið fram hjá heimili Steinars. Vitnið var töluvert mikið ölvað. Hafði það verið að drekka af og til þennan dag. Vitninu datt í hug að athuga, hvort Steinar væri heima, og barði að dyrum hjá honum.

Vitnið kveðst ekki geta sagt um, hvort ljós var í íbúðinni. Þegar það heyrði í einhverjum inni í íbúð Steinars, kallaði það: „Þetta er Jón Yngvi." Síðan barði vitnið aftur að dyrum, og alveg um leið kom Steinar til dyra. Steinar var hágrátandi og í miklu uppnámi. Hann sagði eitthvað á þá leið: „Ég held ég sé búinn að drepa hana Mundu." Vitnið kveðst hafa farið strax með Steinari inn í herbergi inn af eldhúsi. Þar var ljós, en myrkur í eldhúsinu. Guðmunda lá þar á bakinu í svefnsófa með sæng undir fótum. Vitnið kveðst hafa komist í mikið uppnám. Það kveðst ekki hafa séð áverka á Guðmundu. Vitnið kannaði strax, hvort lífsmark væri með henni. Lagði það hægri hönd á brjóst hennar, en fann ekki hjartslátt, en áður hafði það tekið á púlsi beggja handa og engan fundið. Vitnið lagði vanga að vitum Guðmundu, en fann engan andardrátt. Það tók á fótum Guðmundu, en hún var berfætt, og fann það, að fætur hennar voru byrjaðir að kólna. Steinar sagðist vera búinn að kanna þetta allt saman og sagðist viss um, að Guðmunda væri látin. Sagði hann vitninu, að hann hefði hengt hana í hvítum trefli, sem lá á gólfinu við höfðalag svefnsófans. Vitnið minnir, að Steinar hafi tekið trefilinn upp af gólfinu og hent honum inn í næsta herbergi.

Steinar lá yfir Guðmundu, á meðan vitnið athugaði hana. Hann hágrét og endurtók í sífellu: „Elsku Guðmunda hvað hefi ég gert?" Vitnið kveðst einnig hafa grátið.

Vitnið sagði Steinari, að það ætlaði að hringja strax í lögregluna, en hann sagðist vilja gera það sjálfur. Steinar hellti síðan brennivínslögg úr flösku í glas og ávaxtasafa út í og drakk það. Hann tók og pilluglös úr hillu og hellti í sig einhverjum pillum, en um magnið veit vitnið ekki. Vitnið var með flösku af léttu víni, tæplega hálfa, og drakk úr henni á mjög skömmum tíma.

Steinar fór síðan í símann og hringdi á lögregluna. Hann kynnti sig, og vitnið minnir hann hafa játað á sig morð strax, en man ekki, hvað hann sagði orðrétt.

Vitnið og Steinar fóru báðir fram í dyr og út, þegar lögreglan kom.

Vitnið varð ekki vart við ummerki um, að átök hefðu átt sér stað í íbúð Steinars.

Vitnið kveður þá Steinar eitt sinn hafa rætt um Guðmundu. Steinar sagði, að sér þætti vænt um hana og gæti ekki slitið sig frá henni, þrátt fyrir það að hún gengi á milli karlmanna, eins og hann orðaði það. Hann sagði, að hún færi til annarra karlmanna, þegar peningar væru búnir hjá honum, en kæmi aftur, þegar hann ætti peninga. Þá sagði vitnið, að það hefði heyrt Guðmundu a.m.k. einu sinni og jafnvel oftar kvelja Steinar með því, að hún ætti vingott við aðra karlmenn, og fannst því hún hafa einhverja nautn af því að kvelja Steinar með þessu móti.

Vitninu fannst Steinar mjög niðurbrotinn vegna þessa og taldi hann á að slíta þessu sambandi, en hann sagðist elska Guðmundu.

Vitnið Bertram Möller aðstoðarvarðstjóri hefur skýrt frá því, að framangreint kvöld, um kl. 19:20, hafi verið óskað eftir vitninu í fangamóttöku. Lögregluþjónar, sem þar voru staddir með tvo ölvaða menn, skýrðu vitninu frá því, að þeir hefðu skömmu áður tekið menn þessa í íbúð að Njálsgötu 48A, en þar hefði orðið dauðsfall og gæti hugsanlega verið um manndráp að ræða.

Vitnið ræddi við annan manninn, ákærða Steinar Guðmundsson. Steinar virtist mjög ölvaður og í mikilli geðshræringu. Var hann nánast óviðræðuhæfur vegna ástands síns. Hann kvaðst halda, að hann hefði drepið kærustu sína, en talaði ekki frekar um þetta.

Síðan var rætt við hinn manninn, sem kvaðst heita Jón Yngvi Yngvason. Jón Yngvi virtist greinilega undir áhrifum áfengis. Hann kvaðst hafa komið að Njálsgötu 48A um kl. 18:00 til að heilsa upp á Steinar kunningja sinn, en þeir hefðu verið saman í áfengismeðferð. Jón Yngvi kvað Steinar hafa komið til dyra grátandi og sagt sér, að hann hefði drepið kærustu sína með því að hengja hana í trefli. Jón kvaðst þegar hafa farið inn og séð konuna liggja í rúmi, að því er virtist meðvitundarlausa. Hann hefði athugað púls hennar og talið sig finna veikan slátt. Hann kvaðst þá þegar hafa ætlað að hringja á lögregluna, en Steinar hefði hindrað hann í því. Eftir dágóða stund hefði Steinar sjálfur hringt til lögreglunnar og tilkynnt um atburðinn.

Ákærði, Steinar Guðmundsson, hefur viðurkennt að hafa orðið Guðmundu Gísladóttur að bana í átökum að Njálsgötu 48A framangreindan dag.

Ákærði hefur skýrt frá því, að hann hafi kynnst Guðmundu um áramótin 1979-80, er þau voru í áfengismeðferð að Sogni, og hafi tekist með þeim náin kynni á árinu 1980. Skildi Guðmunda við eiginmann sinn það ár. Ákærði og Guðmunda hafa síðan verið mikið saman, en á ýmsu hefur gengið með samskipti þeirra. Bjó ákærði stundum um tíma hjá henni að Öldugötu 48A í Hafnarfirði, en þar bjó hún með þremur börnum sínum. Þetta endaði þó venjulega með því, að þau fóru að neyta áfengis og upp úr sambandinu slitnaði.

Einnig kom Guðmunda til ákærða. Var hún þá oft með áfengisáhrifum. Kom fyrir, að hún var heima hjá honum í tvo daga og allt að einni viku.

Síðastliðið ár var samband þeirra ákærða og Guðmundu orðið mjög erfitt. Hafði ákærði fullan hug á að losna úr því, en þá var þetta orðið öfugt, hún gekk á eftir honum. Að sögn ákærða átti Guðmunda við vaxandi fjárhagsvandamál og lyfjamisnotkun að stríða, og kom stundum fyrir, að hún var með öðrum karlmönnum.

Laugardaginn 21. janúar 1984 buðu þau pilti heim til ákærða að Njálsgötu 48A, og að sögn ákærða fór Guðmunda á brott með piltinum. Þau ákærði og Guðmunda ræddust ekki við í eina viku eftir þetta, og gekk honum mjög illa að sofa þennan tíma. Lenti hann á fylleríi eitt kvöldið og reyndi að hafa samband við Guðmundu. Hann kveðst hafa fengið bréf frá henni á föstudegi, þar sem hún sagði, að sér hefði liðið mjög illa og þyrfti nauðsynlega að hafa samband við hann. Guðmunda mun einnig hafa tekið fram, að sér þætti leitt það, sem gerst hefði laugardaginn áður, en ekkert hefði skeð milli hennar og piltsins.

Þessa daga kveðst ákærði hafa átt bágt með svefn, eins og áður greinir. Hann svaf í rúmi ömmu sinnar á neðri hæð hússins í öllum fötunum, eins og hann gerði oft við svipaðar aðstæður. Kveðst hann stundum fyllast miklum kvíða og sett svefnbekk upp við hurðina (sic), þar eð tvisvar hafi verið brotist inn á hann. Ákærði kveðst hafa farið heim til Guðmundu á föstudag, eftir að hafa hellt sig fullan áður, en hún hefði þá verið farin á dansleik. Guðmunda hafi síðan komið til hans daginn eftir, laugardag 28. janúar. Kom Gísli Birgir, sonur hennar, með henni, en fór strax á brott. Guðmunda var þá mjög sjúskuð og undir áhrifum lyfja eftir því sem hún sagði sjálf.

Hún sagðist hafa verið að skemmta sér í veitingahúsinu Skiphóli og hitt þar fólk. Nefndi hún bróður fyrrverandi eiginmanns hennar, Gunnar að nafni, og einhvern pilt, sem hefði verið eitthvað með dóttur hennar. Guðmunda sagðist og hafa hitt einhvern skipstjóra og hefði hann viljað fara með henni heim, en hún neitað því. Hefði hann þá talað um að fara í einhvern bát, en hún einnig neitað. Þau hefðu síðan hitt einhverja tvo pilta, sem hún sagðist hafa verið með í áfengismeðferð. Hefði þetta síðan endað með því, að hún og skipstjórinn fóru með piltunum í eitthvert hús í Hafnarfirði. Í húsi þessu sagðist Guðmunda hafa fengið amfetamínduft í nös, og skildist ákærða að flestir eða allir nema skipstjórinn, sem hefði sofnað, hefðu neytt af þessu.

Guðmunda sagðist eftir einhvern tíma hafa ætlað að fara, en henni hefði verið meinað það. Hefði henni verið hent inn í herbergi og læst þar inni. Síðan hafi ein stúlknanna, sem þarna var, komið inn í herbergið og ráðist á hana. Hefði hún m.a. rifið hana úr að ofan, og talaði Guðmunda um, að stúlkan hefði verið með eitthvert barefli, sem hún hefði lamið sig með. Þá sagði Guðmunda, að piltarnir hefðu lagt á hana hendur, og talað um, að þeir hefðu ætlað að nauðga henni, en ekki tekist það. Henni hefði síðan verið varpað á dyr. Guðmunda kvaðst hafa komist í hús skammt frá og þaðan hefði verið hringt í lögreglu og lækni. Lögreglan hefði komið, en lögreglumennirnir hefðu sagt, að þeir gætu ekkert gert. Hún sagðist hafa sagt þeim frá líkamsárásinni og jafnvel nauðgunartilrauninni og einnig getið

um fíkniefni. Guðmunda sagði, að læknir hefði komið og hefði hann sagt henni, að hún þyrfti að leggja sig í 3 til 4 tíma og koma þá til skoðunar, en hún sagðist hafa viljað fá áverkavottorð. Guðmunda sagði ákærða, að hún hefði orðið fyrir andlegu og líkamlegu ofbeldi. Ákærði minnist þess ekki, að Guðmunda nefndi nöfn á fólki þessu.

Guðmunda var hjá ákærða til hádegis, en þá fóru þau á barinn á Hótel Loftleiðum. Ákærði kveðst hafa verið ódrukkinn. Á barnum hittu þau tvo pilta, sem báðir höfðu verið í áfengismeðferð með Guðmundu á Staðarfelli. Þeir buðu þeim upp á herbergi, sem þeir höfðu á leigu á hótelinu. Neyttu þau þar áfengis og urðu bæði mjög ölvuð.

Guðmunda fór í bað uppi á herberginu, og bað hún ákærða að líta á áverka, sem hún sagðist hafa hlotið í húsinu í Hafnarfirði. Ákærði kveðst muna eftir tveimur dökkum blettum á baki hennar rétt við hrygginn. Þá man ákærði eftir marblettum og klóri á handleggjum. Minnir ákærða, að marblettirnir hafi verið á framhandleggjum og klór eða blettir á öðrum handlegg og eitthvað af áverkum á öðru handarbaki. Þá minnir hann, að einhver áverki hafi verið á öðru læri og við rassinn.

Drykkjan á herberginu endaði með því, að þau Guðmunda rifust. Fór ákærði niður og ætlaði á barinn, en var neitað um inngöngu. Hann beið þarna smá stund og ræddi við dyravörð, en því næst fór hann heim að sofa. Ákærði telur, að þetta hafi verið á tímanum frá kl. 19:00 til 20:00.

Um kl. 09:00 á sunnudagsmorgninum vaknaði ákærði við símhringingu, og var Guðmunda í símanum. Hún sagðist vera á herberginu á Hótel Loftleiðum. Guðmunda spurði, hvort hún mætti koma, og játti ákærði því.

Guðmunda var lítillega ölvuð, er hún kom. Hún var heima hjá ákærða um daginn. Ákærði vildi, að þau hættu drykkju, en Guðmunda vildi fá áfengi, og um kl. 18:00 til 19:00 fóru þau á veitingahúsið Rán. Þar fengu þau sér að borða og drukku áfengi. Þau voru í veitingahúsinu, uns því var lokað, og fóru á brott um kl. 24:00. Þau voru þá töluvert ölvuð. Fóru þau beint heim til ákærða og fóru að sofa.

Mánudagsmorguninn 30. janúar vöknuðu þau nokkru fyrir hádegið. Fóru þau aftur á veitingahúsið Rán og borðuðu þar og drukku áfengi. Ákærði man síðan ekkert eftir mánudeginum.

Hinn 31. janúar, er þau vöknuðu um hádegisbilið, fóru þau enn á veitingahúsið Rán. Þar borðuðu þau og drukku áfengi.

Ákærði fór í leigubifreið frá veitingahúsinu Rán og ætlaði að sækja lyf í Laugavegsapótek, en var ekki með greiðslukort sitt og fékk ekki afgreiðslu. Þegar ákærði kom út í leigubifreiðina, sem var frá Steindóri, sagði bifreiðarstjórinn, að kallað hefði verið í hann og hann beðinn um að sækja Guðmundu á veitingahúsið Rán. Þegar ákærði kom inn á veitingahúsið, var Guðmunda lögst þar út af í einn básinn. Starfsfólk sagði ákærða, að

hún væri til óþæginda, og bað hann um að koma henni út, svo að ekki þyrfti að kalla til lögreglu. Ákærði fékk Guðmundu til að koma með sér út í leigubifreiðina. Guðmunda var mjög drukkin en ákærði sjálfur nokkuð ölvaður. Þau höfðu tekið inn nokkrar töflur af diazepam, 5 mg. Ákærði telur, að hann hafi tekið 6-8 töflur frá því hann vaknaði, en Guðmunda sennilega eitthvað minna.

Þetta lyf kveðst ákærði hafa notað meira og minna í um 10 ár. Einnig hafði hann dagana áður tekið inn nokkrar töflur af mogadon og eitthvað af concordin. Ákærði kveður Guðmundu hafa notað þessi lyf eitthvað í nokkurn tíma, en veit ekki hve lengi.

Þegar út í leigubifreiðina kom, urðu deilur um greiðslu á ökugjaldi. Voru þau flutt á lögreglustöðina af því tilefni. Greiddi Guðmunda þar ökugjaldið, en síðan var þeim sleppt.

Fóru þau beint út í biðskýli strætisvagnanna við Hlemmtorg. Fannst ákærða Guðmunda þá vera komin út úr heiminum, og minnir hann, að hann væri að reyna að fá hana til að koma heim. Einhver piltur fór að blanda sér í orðaskipti þeirra, og endaði það með með því, að ákærði lenti í átökum við piltinn. Ákærði heldur, að pilturinn hafi fyrst slegið hann á munninn, a.m.k. var hann með bólgna neðri vör. Pilturinn hafði ákærða undir, og heldur ákærði, að lögreglan hafi komið í því.

Lögreglumenn fóru með ákærða og Guðmundu á lögreglustöðina. Þar ræddi Bertram Möller varðstjóri við þau, en lét síðan aka þeim heim til ákærða.

Ákærði kveðst lítið muna eftir sér, er heim kom, en hann hafi sofnað. Hann telur, að Guðmunda hafi einnig lagt sig, en getur ekki sagt um það nánar. Hann kveðst ekki muna eftir henni í rúminu hjá sér.

Ákærði man ekki, hvað klukkan var, þegar hann vaknaði í rúmi sínu. Hann segist hafa vaknað illa. Dimmt var í herberginu. Guðmunda stóð yfir honum við höfðagaflinn á rúmi hans. Hún talaði um, að hún væri að fara á brott. Guðmunda var klædd og með hvítan trefil um hálsinn. Ákærði heldur, að einhver maður hafi skilið eftir trefil þennan heima hjá honum. Ákærði vildi ekki, að Guðmunda færi á brott, og bað hana að vera kyrra, en hún vildi ekki á það fallast. Guðmunda var með trefilinn tvívafinn um hálsinn, og löfðu endarnir niður á brjóst. Ákærði kveðst hafa gripið í tefilinn með annarri hendinni og dregið Guðmundu niður eða kippt henni að sér til að hindra að hún færi. Guðmunda lenti ofan á brjósti ákærða, og kom hann henni upp fyrir sig í rúminu. Sjálfur settist hann á rúmstokkinn að hann heldur. Guðmunda barðist eitthvað á móti og reyndi að losa sig. Ákærði hélt fast í trefilinn nærri hálsi Guðmundu, þar sem hún lá í rúminu. Átökin héldu áfram, og Guðmunda reyndi áfram að losa sig. Ákærði kveðst hafa reynt að tala Guðmundu til, en hún hafi

reynt að komst fram úr rúminu. Ákærði hélt í trefilinn, átökin jukust og hann reyndi eins og hann gat að halda henni fastri í rúminu. Ekki kveðst ákærði geta gert sér grein fyrir, hve átökin stóðu lengi yfir, en hann varð þess var, að Guðmunda varð máttlaus, og taldi, að liðið hefði yfir hana. Sleppti ákærði þá taki á treflinum og losaði hann af hálsi Guðmundu, en trefillinn var tvívafinn um háls hennar og þétt fastur, eins og áður greinir.

Ákærði kveðst hafa lagst í rúmið hjá Guðmundu og fundið að sængurfötin voru blaut og að hún hefði misst þvag. Hann tók trefilinn af hálsi Guðmundu og henti honum í gólfið.

Ákærði varð mjög órólegur. Hann lagði eyrað að brjósti Guðmundu, en heyrði ekki hjartslátt. Einnig athugaði hann púls hennar, en fann engan. Ákærði kveðst hafa slegið Guðmundu létt högg á kinnarnar og hrist hana til, en ekkert lífsmark hafi verið með henni. Ákærði settist á stól við fótagafl svefnbekksins, og varð honum ljóst, að Guðmunda var látin. Hann tók á fótum hennar og fannst þeir vera kaldir. Ákærði hafði breitt sængina yfir Guðmundu. Ákærði sat í stólnum, þegar barið var að dyrum. Var það stuttu eftir það, er gerst hafði að ákærði telur. Ákærði fór til dyra, og var þar Jón Yngvi Yngvason, sem ákærði þekkti. Ákærði var grátandi og sagði Jóni, hvað gerst hafði, þ.e. að hann héldi, að hann hefði orðið Guðmundu að bana. Jón Yngvi var eitthvað ölvaður. Hann athugaði Guðmundu, en fann hvorki hjartslátt né púls. Jón Yngvi vildi hringja á lögregluna, en ákærði sagðist vilja gera það sjálfur. Ákærði neytti síðan áfengis, en hringdi að því búnu á lögregluna og skýrði frá átökunum og að hann héldi, að hann hefði orðið Guðmundu að bana. Lögreglumenn komu fljótt á vettvang. Fóru ákærði og Jón Yngvi til dyra. Ákærði kveðst hafa hlaupið út á móti lögreglumönnunum og vísað þeim inn, þar sem ákærði bjó í bakhúsi og torvelt að finna innganginn.

Ákærði og Jón Yngvi voru fluttir á lögreglustöðina. Þar ræddi Bertram Möller varðstjóri við hann, og sagði ákærði honum, hvað gerst hafði.

Þá ræddu rannsóknarlögreglumenn við ákærða uppi í fangageymslunni, og endurtók ákærði sögu sína. Ákærði var færður á slysadeild Borgarspítala og tekið þar úr honum blóðsýni og gerð á honum líkamsskoðun. Þvagsýni var tekið frá ákærða.

Ákærði var spurður um blóð, sem fannst á vegg í íbúð hans. Ákærði telur þá einu skýringu vera á því, að þau Guðmunda hafi verið að drekka saman 19. eða 20. janúar sl. og orðið sundurorða. Hafi hann slegið hana utan undir svo að hún fékk blóðnasir.

Vakin var athygli ákærða á því, er greinir í skýrslu rannsóknarlögreglu, að á gólfi við höfðalag svefnbekksins, sem Guðmunda lá á, hafi verið lítil dökk hárflygsa, svo og að í dyraopi í herbergi inn af stofu hafi verið trefill,

er á voru blóðlitaðir blettir, kám og hárflygsa. Ákærði kveðst ekki geta sagt um, hvort hann hafi tekið í hár Guðmundu í átökunum.

Ekki getur ákærði gert sér grein fyrir því, hvort Guðmunda var í kuldastígvélunum, þegar hún ætlaði á brott og átökin urðu. Hann getur ekki heldur staðhæft um það, hvort hann klæddi Guðmundu úr stígvélunum að átökunum loknum.

Ákærði kveðst ekki hafa ætlað að svipta Guðmundu lífi, en einungis að koma í veg fyrir, að hún færi á brott.

Ákærða var kynntur framburður Kristgeirs Sigurgeirssonar leigubifreiðarstjóra um, að ákærði hefði viðhaft þau ummæli laugardagskvöldið 28. janúar sl., að hann ætlaði að drepa Guðmundu, unnustu sína, og dyraverði og talað um að skera þá á háls. Ákærði kveðst ekki muna eftir þessu og ekkert geta sagt um, hvort hann hafi viðhaft þessi ummæli. Hann kveðst ekki neita að hafa sagt eitthvað í þessa átt. Hann sé oft stórorður og viti, að hann hafi látið sér svona orð um munn fara.

Ákærða var kynnt skýrsla Jónasar Haraldssonar leigubifreiðarstjóra, sem hefur verið rakinn, og kvaðst hann ekkert hafa við hana að athuga.

Ákærða var bent á framburði Nínu Hafdísar Arnold, Sólrúnar Valsdóttur og Steinunnar Ágústu Jónsdóttur. Ákærði kvaðst ekkert muna um það, sem í framburðum þeirra greinir, en ekki vefengja það. Hann man þó eftir átökum við pilt á Hlemmi. Þá kveður ákærði sig ráma í, að Guðmunda hafi ætlað burt úr biðskýlinu á Hlemmi, en hann man ekki til þess, að hann hafi reynt að hindra það.

Ákærði gerði þá athugasemd við ákæru, að hann hefði ekki séð, er Guðmunda missti meðvitund, enda hafi verið dimmt í herberginu. Hann hafi slakað á treflinum, þegar hann fann, að Guðmunda gaf eftir og hann taldi, að hún hefði misst meðvitund.

Í vottorði Leifs Jónssonar, læknis á slysadeild Borgarspítalans, dags. 16.3. sl., um skoðun á ákærða Steinari segir á þessa leið:

„Þann 31/1 1984, kl. 21.05 kom lögreglan með ofanskráðan sjúkling á Slysadeild Borgarspítalans. Kemur hann til skoðunar á áverkum, nýjum og gömlum. Sjúklingur er auðsjáanlega undir áhrifum áfengis eða annarra vímugjafa, að öðru leyti finnst ferskur áverki á neðri vör vinstra megin. Það er um að ræða mar og hrufl, bæði á vörinni utan og innanverðri. Að öðru leyti finnst mar á hægri öxl, sem gæti verið nýtt en víðs vegar um bol og handleggi er gamalt hrufl og marblettir. Engin meðferð var viðhöfð."

Í bréfi Þorkels Jóhannessonar prófessors, dags. 8. mars sl. um rannsókn á blóð- og þvagsýni frá ákærða segir á þessa leið:

„Þéttni etanóls í blóði var 2.69% og í þvagi 3.60%. Leitað var að

benzódíazepínsamböndum í blóðinu. Í blóðinu var diazepam 1.37 míkróg/ml og nordíazepam 1.26 míkróg/ml. Í blóðinu var enn fremur nítrazepam 70 ng/ml og með blettagreinigu á þynnu mátti greina í þvagi umbrotsefni þess (7-amínóumbrotsefni). Við leit að geðdeyfðarlyfjum í blóði og þvagi urðu engin geðdeyfðarlyf greind.

Niðurstöðutölur þessara rannsókna styðja ekki það álit, að hlutaðeigandi muni hafa tekið prótriptýlín (Concordin (R)) skömmu fyrir sýnistöku, né tríazólam (Halcion (R)). Magn nítrazepams í blóði svarar til töku þess lyfs (Mogadon (R)) í fremur litlum lækningalegum skömmtum. Magn díazepams og nordíazepams, umbrotsefnis þess, svarar til töku díazepams í stórum lækningalegum skömmtum eða stærri skömmtum í marga daga. Þar að auki hefur maðurinn verið mjög drukkinn, þegar blóðsýni var tekið."

Í skýrslu Ólafs Bjarnasonar prófessors um krufningu á líki Guðmundu Gísladóttur segir m.a. á þessa leið:

„Líkið er af 163 cm háum kvenmanni fremur grannholda. Líkið er alstirt og dökkrauðbláleitir líkblettir dreifðir um aftanverðan líkamann. Framan á hálsinum vottar aðeins fyrir ljósri rönd á húðinni en greinilegt þrýstingsfar niður í yfirborð húðarinnar er ekki fyrir hendi. Rönd þessi er um 5-6 cm á breidd. Ofan við röndina er húð á hálsi og öll andlitshúð áberandi cyanotisk. Um allt ennið og einnig á ofanverðum kinnum eru útbreiddar fjölmargar punktblæðingar í húðinni. Í augnhvítum og innan á augnlokum eru einnig áberandi svipaðar punktblæðingar. Ofan til á hálsi sitt hvoru megin eru grunnar rispur og litlir hruflblettir í húðinni. Gervitennur eru í efri góm, en neðri gómur er tannlaus."

— — —

Samkvæmt réttarefnafræðilegu mati (Rannsóknastofa Háskólans í lyfjafræði), sem fylgir hér með í ljósriti, var magn etanóls í blóði 2.73‰ og í þvagi 3.57‰. Í blóðinu var díazepam 0.31 míkróg/ml og magn nordíazepams 0.17 míkróg/ml.

Niðurstaða:

Samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því sem fannst við krufninguna virðist ljóst að konan hafi verið kyrkt og að köfnun hafi verið dánarorsökin. Hún hefir verið mjög drukkin er hún lést. Auk þess var magn díazepams í blóði sem svaraði til töku lækningalegra skammta, en samverkandi áhrif alkóhóls og díazepams hafa valdið alvarlegri eitrun."

Í bréfi Ólafs Bjarnasonar prófessors, dags. 28. f.m., til verjanda ákærða segir á þessa leið:

„Sem svar við fyrirspurn yðar vil ég taka fram að það er álit undirritaðs að hið mikla magn etanóls í blóði og þvagi hinnar látnu, sem og innihald

díazepams og nordíazepams í blóði og vefjum (sbr. réttarefnafræðilegt mat prófessors Þorkels Jóhannessonar dags. 16.5.1984) hljóti að teljast samverkandi orsök að dauða hennar. Hversu þungt sú orsök vegur tel ég mér hins vegar ekki fært að meta."

Hannes Pétursson yfirlæknir rannsakaði geðheilbrigði ákærða, Steinars Guðmundssonar. Segir svo í ályktun hans í niðurlagi skýrslu, dags. 30. apríl sl., um rannsóknina:

„Að mínu áliti er Steinar Guðmundsson ekki haldinn formlegri geðveiki né heldur greindarskorti. Hins vegar tel ég að Steinar sýni merki um persónuleikatruflanir, áfengissýki, lyfjamisnotkun og einkenni um taugaveiklun. Á undanförnum 10-12 árum hefur hann oftlega vistast á meðferðarstofnunum vegna framangreindra vandamála, eins og skýrslur um fyrra heilsufar hans greina frá. Persónuleikatruflanir Steinars hafa meðal annars komið fram sem kvíði allt frá bernsku og síðar atferlistruflanir, skapgerðarbrestir og áfengismisnotkun allt frá unglingsárum. Í þessu sambandi má ef til vill rekja hluta vandans til lélegra uppeldisskilyrða í bernsku og á unglingsárum. Steinar virðist einnig hafa átt erfitt með að mynda varanleg tilfinningasambönd og auk þess er ljóst, að skóla- og atvinnusókn hans hefur verið mjög óregluleg. Skapgerðarbresta Steinars virðist helst verða vart undir áhrifum áfengis og virðist hann þá stundum eiga erfitt með sjálfstjórn. Í sambandi við aðdragandann að því atviki, sem Steinar er kærður fyrir, þá hafði hann að eigin sögn átt við langvarandi vandamál að stríða í sambandi sínu við Guðmundu heitna. Hins vegar er einnig ljóst, að Steinar var að öllum líkindum ofurölvi þegar atburðurinn átti sér stað. Þó líklegt megi því teljast að dómgreind og sjálfstjórn Steinars hafi verið sljóvguð vegna ölvunar þegar atburðurinn átti sér stað, þá tel ég að raunveruleikamat og dómgreind Steinars Guðmundssonar sé annars óskert og hann teljist því sakhæfur."

Niðurstöður:

Ákærði, Steinar Guðmundsson, hefur viðurkennt að hafa orðið Guðmundu Gísladóttur, unnustu sinni, að bana í íbúð hans að Njálsgötu 48A framangreint sinn. Kveður ákærði það hafa gerst með þeim hætti, að hann hafi tekið í trefil, sem Guðmunda var með um hálsinn, og dregið hana að sér til að hindra, að hún færi á brott. Hafi hún lent ofan á brjósti hans, þar sem hann lá í rúmi sínu, og hann komið henni upp fyrir sig í rúminu. Guðmunda hafi barist á móti og reynt að losa sig. Ákærði kveðst hafa haldið fast í trefilinn nærri hálsi hennar, uns hann fann, að hún varð máttlaus. Hafi hann talið, að liðið hefði yfir Guðmundu, en hún hafi verið látin, er hann athugaði hana nánar. Nokkru síðar hringdi ákærði til lögreglu og tilkynnti um það, er gerst hafði.

Svo sem að framan er rakið, segir í krufningarskýrslu, að samkvæmt upplýsingum rannsóknarlögreglu og því, sem hafi fundist við krufninguna, virðist ljóst, að Guðmunda hafi verið kyrkt og að köfnun hafi verið dánarorsökin. Að áliti prófessors Ólafs Bjarnasonar, er framkvæmdi krufninguna, hlýtur hið mikla magn etanóls í blóði og þvagi hinnar látnu sem og innihald díazepams og nor-díazepams í blóði og vefjum að teljast samverkandi orsök að dauða Guðmundu, en hversu þungt sú orsök vegi, telji hann sér hins vegar ekki fært að meta.

Ákærði hefur neitað að hafa ætlað að svipta Guðmundu lífi. Þótt ákærði hafi viðhaft ummæli í þá átt skömmu áður, að vitni hafa skýrt frá, og tekið í trefil, sem hún var með um hálsinn um leið, þykir varhugavert að telja sannað gegn neitun hans, að þetta hafi verið ásetningur hans. Verður því brot hans ekki heimfært undir 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940. Hins vegar var um vísvitandi og stórhættulega líkamsárás ákærða á Guðmundu að ræða, sem honum mátti vera ljóst, að bani gæti hlotist af. Þykir háttsemi ákærða varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981. Er heimilt að beita refsiákvæðum þessum, þótt þau séu eigi greind í ákæru, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74, 1974, enda var saksóknara og verjanda gefinn kostur á að reifa málið á þeim grundvelli, að háttsemi ákærða kynni að varða við þau.

Ákærði er að áliti dómsins sakhæfur, sbr. og geðheilbrigðisrannsókn.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 5 ára fangelsi. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhald hans frá 1. febrúar sl. til dagsins í dag.

Ákærða ber að dæma til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur hdl., kr. 45.000.

Dómsorð:

Ákærði, Steinar Guðmundsson, sæti fangelsi í 5 ár. Til frádráttar refsingunni komi gæsluvarðhald ákærða frá 1. febrúar til 13. september 1984.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Eddu Sigrúnar Ólafsdóttur hdl., kr. 45.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 24. maí 1985.

Nr. 88/1983. **Jóhannes Guðvarðarson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f**
(Benedikt Blöndal hrl.)
gegn
Sigríði Sigurðardóttur
(Guðjón Styrkársson hrl.)

Bifreiðar. Skaðabætur. Miski. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 20. apríl 1983. Þeir krefjast þess, að þeir verði aðeins dæmdir til að greiða stefndu 3.000,00 krónur með 34% ársvöxtum frá 13. maí 1982 til 26. október 1982, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefjast þeir málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefndu, en málskostnaður í héraði verði látinn falla niður.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Áfrýjendur hafa viðurkennt óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefndu. Bættu þeir henni að fullu fjártjón hennar vegna árekstrarins, er hún krafðist þess, að því er ætla verður samkvæmt málflutningi í nóvember 1979.

Kröfur sínar reisa áfrýjendur á því, að fébætur til stefndu vegna ófjárhagslegs tjóns hennar beri að ákvarða eftir verðlagi, þegar slys bar að höndum. Verði þær hins vegar ákveðnar eftir núverandi verðlagi, beri ekki að dæma vexti á bótafjárhæð frá fyrri tíma en dómsuppsögudegi. Sú bótafjárhæð, sem áfrýjendur fallist á að greiða stefndu í kröfugerð sinni hér fyrir dómi, hafi henni staðið til boða þegar í nóvember 1979, en hún hafnað því boði og ekki hafist handa um kröfugerð að nýju fyrr en með kröfubréfi, dags. 13. maí 1982. Vegna þess tómlætis stefndu um að halda fram kröfum sínum beri einungis að dæma henni vexti af bótafjárhæðinni frá síðastgreindum tíma.

Áverkum stefndu er þannig lýst í vottorði Tryggva Þorsteinssonar læknis, dags. 22. apríl 1982:

„Grunn fleiður og hruflsár á enni. Þverskurður, 4. cm langur, á hægri kinn, sem náði að hægra nasavæng. Framan við hægra eyrað, ca. 5 cm framan við hlustina var 4,5 cm langur, mjög rifinn og tættur skurður, sem reyndist all djúpur, en lá þó utan við munnvatnskirtilinn. Í þessu sári var stórt glerbrot. L-laga skurður hægra megin á nefhrygg. Þverskurður, 15 mm langur, á hægri nasavæng. Þverskurður, 15 mm langur á vinstri nasavæng. Báðir þessir skurðir voru djúpir. Hægra megin á efri vör var óreglulegt sár, W-laga og náði þessi skurður í gegnum vörina. 2 cm skurður yfir hægri neðri kjálka. Grunnt sár hægra megin á höku. Neðan á miðri hökunni var 4 cm langt sár, sem náði dálítið upp á kjálkabarðið til vinstri. Þetta sár náði inn að beini og hafði holdið rifnað frá á allstóru svæði yfir neðri kjálkanum. Þar fundust 4 smá glerbrot."

Stefnda þurfti ekki á sjúkrahúsvist að halda eftir slysið, en var frá vinnu allt að tveimur vikum. Eftir fyrstu læknisaðgerð á slysadeild Borgarspítalans þurfti hún þrisvar að fara á slysadeildina til eftirlits. Á árinu 1978 leitaði hún tvisvar til Árna Björnssonar lýtalæknis til að láta lagfæra örin eða fjarlægja úr þeim glerbrot, og árið 1981 lagfærði sami læknir enn sum öranna á göngudeild Landspítalans. Lýsing hans á örunum eftir þá aðgerð er tekin upp í héraðsdóm.

Ljóst er, að stefnda, sem var 22 ára, þegar slysið bar að höndum, hefur við það orðið fyrir ófjárhagslegu tjóni bæði vegna sársauka og andlegra þjáninga, en þó aðallega vegna óprýði af örunum. Eru ör þessi vel sýnileg á fleiri en einum stað í andliti stefndu, þó að ekki virðist þau sérstaklega áberandi. Ber áfrýjendum að bæta stefndu tjón hennar, svo sem þeir viðurkenna.

Boð það er áfrýjendur gerðu stefndu um bætur fyrir miska í nóvember 1979, þykir ekki hafa verið slíkt, að það eigi að hafa áhrif á fébótakröfu hennar, þó að hún hafnaði því. Við ákvörðun bótanna þykir mega taka tillit til verðlags, eins og það er nú. Þegar bótafjárhæð er dæmd þykir rétt að líta til þess, að við það verður að miða, að vextir þeir, sem dæmdir verða á bótafé, hafi verið ákveðnir þannig, að verulegt tillit hafi verið tekið til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Með framangreindum athugasemdum og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann að öðru en því, að leiðrétta ber þessar dagsetningar í dómsorði: Þar sem stendur 1. júlí 1980, á að standa 1. júní 1980, og þar sem stendur 1. júní 1980, á að standa 1. júní 1981.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjendur in solidum til að greiða stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, er ákveðst 19.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur með þessum breytingum á dagsetningum í dómsorði hans: Þar sem stendur 1. júlí 1980, á að standa 1. júní 1980, og þar sem stendur 1. júní 1980, á að standa 1. júní 1981.

Áfrýjendur Jóhannes Guðvarðarson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h/f, greiði in solidum stefndu, Sigríði Sigurðardóttur, 19.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullægja að viðlagri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meiri hluta dómenda aftur að orðunum „Boð það, er áfrýjendur gerðu stefndu...“ Í stað þess tel ég að eigi að koma:

Boð það, er áfrýjendur gerðu stefndu um bætur fyrir miska í nóvember 1979, þykir ekki hafa verið slíkt, að það eigi að hafa áhrif á fébótakröfu hennar, þó að hún hafnaði því. Við ákvörðun bótanna þykir mega taka tillit til verðlags, eins og það er nú. Viðurkennt er, að stefnda krafði áfrýjendur bóta eigi síðar en í nóvember 1979. Verða vextir á bótaféð því dæmdir frá 1. desember s.á. Við ákvörðun bótafjárhæðarinnar þykir þó rétt að líta til þess, að við það verður að miða, að vextir þeir, sem dæmdir verða á bótaféð, hafi verið ákveðnir þannig, að verulegt tillit sé tekið til þeirra verðbreytinga, sem orðið hafa á þeim tíma, er hér skiptir máli.

Þegar framangreint er virt, þykja fébætur til stefndu hæfilega

ákveðnar 30.000,00 krónur með 31% ársvöxtum frá 1. desember 1979 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 26. október 1982, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum tel ég, að dæma beri áfrýjendur til að greiða stefndu málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, sem ákveðst samtals 30.000,00 krónur.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. janúar 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var fyrr í dag, hefur Sigríður Sigurðardóttir, nnr. 7661-8879, bankafulltrúi, Hlíðarbraut 7, Hafnarfirði, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 26. október 1982, á hendur Jóhannesi Guðvarðarsyni, nnr. 5078-1526, Breiðvangi 30, Hafnarfirði, og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f., nnr. 8134-7344, Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 120.000,00 með 19% ársvöxtum frá 2. febrúar 1978 til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981, en með 42% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní s.á., en með 37% ársvöxtum frá þeim degi til 26. október 1982, en með hæstu innlánsvöxtum, dómvöxtum skv. l. nr. 56/1979, frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu skv. gjaldskrá L.M.F.Í.

Stefndu gera þær kröfur, að þeim verði einungis gert að greiða kr. 3.000,00 með 34% ársvöxtum frá 25. maí 1982 til birtingardags stefnu, en með dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, en málskostnaður falli niður.

Sættir hafa verið reyndar árangurslaust.

I.

Málavextir eru þeir, að þann 9. febrúar 1978 ók stefnandi í bifreið sinni, G-5001, suður Reykjavíkurveg í Hafnarfirði og lenti þá í árekstri við bifreiðina G-830. Skráður eigandi þeirrar bifreiðar var stefndi Jóhannes, en bifreiðin var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvátryggingarfélagi Íslands h.f. Við slysið hlaut stefnandi varanleg ör í andliti.

Það er ágreiningslaust, að stefndi Jóhannes ber óskipta fébótaábyrgð á slysinu.

Stefnandi byggir kröfur sínar á því, að hún hafi hlotið mikil og varanleg ör í andliti, sem hafi bakað henni óþægindi og þjáningar og raski alvarlega

högum svo ungrar stúlku, en hún sé fædd 15. nóvember 1955. Hún hafi verið frá vinnu í nokkrar vikur eftir slysið, en hún hafi starfað við afgreiðslu í banka. Hún hafi ekki getað tekið upp sín fyrri störf í bankanum við afgreiðslu fyrstu sex mánuðina eftir slysið, heldur hafi hún unnið aflokuð í bakherbergi.

Þá byggir stefnandi kröfur sínar á 67. gr., 68. gr., sbr. 1. mgr. 69. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 að því er varðar stefnda Jóhannes, en á 74. gr., 2. mgr., og 70. gr., 1. og 3. mgr., sömu laga að því er varðar stefnda Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f.

Stefndu styðja kröfur sínar þeim rökum, að bætur þessar, kr. 3.000,00, hafi verið boðnar fram í samningaviðræðum við stefnanda með milligöngu Egils Gestssonar tryggingamiðlara og hafi boð þetta verið í samræmi við dómvenju þess tíma. Sé því enn haldið við þetta boð. Þá hafi stefnandi með því að neita boðinu og aðhafast ekkert frá því í nóvember 1979 firrt sig rétti til vaxta fyrr en frá dagsetningu kröfubréfs á dskj. nr. 7. Þá sé því sérstaklega mótmælt, að krafa stefnanda sé verðtryggð. Af þessum sökum eigi málskostnaður að falla niður.

Við munnlegan málflutning mótmælti lögmaður stefndu sérstaklega vaxtafæti og dómvaxtakröfu stefnanda af stefnufjárhæðinni.

II.

Í máli þessu er einungis deilt um fjárhæð miskabóta, en ágreiningur er ekki um bótaskyldu.

Í læknisvottorði á dskj. nr. 4 er lýst ástandi stefndu við komu á slysadeild Borgarspítalans eftir slysið, svo og sjúkrasögu hennar til 23. febrúar, er hún var útskrifuð af slysadeild. Læknisvottorð á dskj. nr. 5 er dagsett 20. september 1979 og lýsir ástandi stefnanda, eins og það var þá. Þar kemur fram, að á árinu 1978 þurfti stefnandi tvívegis að fara í aðgerðir til að láta lagfæra ör í andliti hennar og fjarlægja úr þeim glerbrot. Síðasta læknisvottorðið á dskj. nr. 10 er dagsett 21. janúar 1983, undirritað af Árna Björnssyni, yfirlækni lýtalækningadeildar Landspítalans. Þar segir svo m.a.:

„Kvartanir slösuðu varðandi útlit sitt eru þær, að örin verða meira áberandi við hitabreytingar, sérstaklega í kulda, en hún hefur ekki frá þeim önnur óþægindi.

Við skoðun sjást ör eins og fyrr á víð og dreif um andlitið þó að þau séu mun minna áberandi en var við fyrstu skoðun. Mest áberandi eru ör á nefi og út í hægri kinn, ör á höku og ör á hægra kjálkabarði. Það eru ekki líkur til að frekari aðgerðir mundu breyta miklu um örin og þau verða alltaf til lýta."

Samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja um sjúkrasögu og áverka

stefnanda, svo og við skoðun á andlitslýtum hennar þykir ljóst, að hún hafi orðið fyrir miska vegna óþæginda og lýta af völdum slyssins, og teljast miskabætur til hennar hæfilega ákveðnar kr. 40.000,00 með 16% ársvöxtum frá 9. febrúar 1978 til 21. s.m., en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á, en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 26. október 1982, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningardags dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir úrslitum þessa máls ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 10.800,00.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Jóhannes Guðvarðarson og Sjóvátryggingarfélag Íslands h.f., greiði in solidum stefnanda, Sigríði Sigurðardóttur, kr. 40.000,00 með 16% ársvöxtum frá 9. febrúar 1978 til 21. sama mánaðar, en með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s.á., en með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s.á., en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júlí 1980, en með 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, en með 34% ársvöxtum frá þeim degi til 26. október 1982, en með 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember s.á., en með 47% ársvöxtum frá þeim degi til 27. janúar 1983, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða ákveðnir á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 10.800,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 31. maí 1985.

Nr. 187/1983. **Anna Sigríður Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson**
(Jón Bjarnason hrl.)
gegn
Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen
(Gunnar Sæmundsson hrl.)
og
Haflliða Guðjónssyni
og gagnsakir
(Jóhann H. Níelsson hrl.)

Fasteignakaup. Skaðabætur. Aðild. Áfrýjun. Ómerking. Frávísun. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson.

Aðaláfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 27. september 1983. Dómkröfur þeirra eru þær: „að gagnáfrýjendum, Björgu Árnadóttur og Rolant Dahl Christiansen, verði að viðlögðum allt að 1000 króna dagsektum frá uppkvaðningu dóms, gert að afsala aðaláfrýjendum 5 herbergja íbúð á 2. hæð í húsinu nr. 25 við Nóatún í Reykjavík, ásamt því er henni fylgir, gegn greiðslu umsamins kaupverðs, kr. 1.250.000 eins og hér greinir:

1. Kr. 150.000 með bók nr. GA 7449 við Landsbanka Íslands, aðalbanka, en innstæða hennar nemur framangreindri fjárhæð auk áfallinna og áfallandi vaxta.

2. Kr. 750.000 með 47% ársvöxtum af kr. 200.000 frá 20. september 1982 til 1. nóvember s.á., en dómvöxtum frá þeim degi til 15. sama mánaðar, með dómvöxtum af kr. 300.000 frá þeim degi til 15. janúar 1983, af kr. 400.000 frá þeim degi til 15. mars 1983, af kr. 480.000 frá þeim degi til 15. apríl 1983, af kr. 580.000 frá þeim degi til 15. júlí 1983, af kr. 660.000 frá þeim degi til 15. ágúst 1983 og af kr. 750.000 frá þeim degi til greiðsludags.

3. Kr. 350.000 með tveim veðskuldabréfum, útgefnum af aðaláfrýjendum, tryggðum með 1. veðrétti í framangreindum eignarhluta fasteignarinnar nr. 25 við Nótatún, Reykjavík, er beri 20 af hundraði í ársvexti frá 15. júlí 1982 að telja, og greiðist með fjórum jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn 15. október 1983.

Að gagnáfrýjendum verði gert að greiða aðaláfrýjendum bætur vegna afnotamissis framangreindrar íbúðar fyrir tímabilið 15. júlí 1982 til 28. desember 1982, kr. 38.500 auk 47% ársvaxta frá 1. desember 1982 til 28. sama mánaðar en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags, allt in solidum."

Aðaláfrýjendur gera ekki kröfur á hendur Hafliða Guðjónssyni og telja hann ekki hafa verið aðilja málsins í héraði.

Aðaláfrýjendur krefjast málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjenda Bjargar og Rolants í aðalsök og gagnsök.

Gagnáfrýjendur, Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen, hafa áfrýjað málinu með stefnu 20. desember 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. s.m. samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga nr. 75/1973. Þau gera þær dómkröfur, að þau verði sýknuð af kröfum aðaláfrýjenda og þeir dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti in solidum.

Hafliði Guðjónsson fékk útgefna gagnáfrýjunarstefnu 13. desember 1983, að fengnu áfrýjunarleyfi hinn 30. nóvember s.á. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms, þó þannig, að aðaláfrýjendur verði dæmdir til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt afsal Bjargar Árnadóttur og Rolants Dahl Christiansen til Hafliða Guðjónssonar fyrir íbúð þeirri, sem fjallað er um í málinu, útgefið 4. ágúst 1983. Var það afhent til þinglýsingar 9. ágúst 1983 og innfært í fasteignabók næsta dag. Hefur þinglýsingardómari fært eftirfarandi áletrun á afsalið við þinglýsingu þess:

„Þinglýst er kaupsamningi seljenda við Önnu Guðmundsdóttur og Svein Ívarsson sem kaupendur, dags. 30/6 '82, 16257/82, enn fremur er þinglýst mótmælum Bjargar Árnadóttur við þinglýsingu kaupsamningsins, dags. 12/7 '82, einnig er nú þinglýst dómi uppkveðnum í bæjarþingi Reykjavíkur 27/6 '83 í málinu nr. 359/1983."

I.

Hafliða Guðjónssyni var stefnt til réttargæslu fyrir héraðsdómi. Hann gerðist ekki meðalgönguaðili skv. 50. gr. laga nr. 85/1936. Var því ekki grundvöllur fyrir efniskröfum hans í málinu. Ber því að ómerkja ákvæði héraðsdóms um sýknu Hafliða af kröfum áfrýjenda og vísa kröfum hans frá héraðsdómi. Enn fremur ber að vísa áfrýjun hans á málinu frá Hæstarétti. Svo sem kröfugerð í málinu er háttað þarf eigi að fjalla um málskostnað úr hans hendi fyrir Hæstarétti, og ekki eru efni til að dæma honum málskostnað úr hendi aðaláfrýjenda.

II.

Fallast ber á þá niðurstöðu héraðsdóms, að gagnáfrýjendur, Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen, hafi samþykkt kauptilboð aðaláfrýjenda innan tilskilins samþykkisfrests, sbr. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, og að samþykki þeirra hafi ekki verið afturkallað réttilega. Hafi því komist á bindandi samningur um kaup aðaláfrýjenda á íbúð gagnáfrýjenda í húsinu nr. 25 við Nótatún. Bar þeim því að efna samninginn af sinni hálfu. Aðaláfrýjendur sýndu í verki vilja sinn til að efna samninginn. Síðari samningsgerð Bjargar og Rolants við Hafliða Guðjónsson braut því í bága við samningskyldur þeirra gagnvart aðaláfrýjendum.

Eigi verður fallist á ákvæði í forsendum héraðsdóms um tómlæti aðaláfrýjenda. Þau létu þinglýsa kaupsamningi sínum þegar í stað og allar athafnir þeirra sýndu, að þau ætluðu að standa á rétti sínum samkvæmt samningnum.

Samkvæmt þessu eiga aðaláfrýjendur lögmæta kröfu til að fá afsal fyrir íbúðinni úr höndum gagnáfrýjenda Bjargar og Rolants í samræmi við efni hins samþykkta kauptilboðs, svo sem greinir í aðalkröfu þeirra.

Einnig ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um skaðabótakröfu aðaláfrýjenda.

Eftir þessum úrslitum málsins verða gagnáfrýjendur Björg og Rolant dæmd til að greiða aðaláfrýjendum 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti að því er varðar áfrýjun Hafliða Guðjónssonar, og ákvæði héraðsdóms um sýknu hans af kröfum aðaláfrýjenda, Önnu Sigríðar Guðmundsdóttur og Sveins Ívarssonar, er ómerkt og kröfu hans vísað frá héraðsdómi.

Gagnáfrýjendur, Björg Árnadóttir og Rolant Dahl Christiansen, skulu innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa að viðlögðum 1.000 króna dagsektum til aðaláfrýjenda láta þeim í té afsal fyrir 5 herbergja íbúð á 2. hæð í húsinu nr. 25 við Nóatún hér í borg ásamt því, er henni fylgir og fylgja ber, gegn greiðslu umsamins kaupverðs, 1.250.000,00 króna, svo sem hér greinir:

1. 150.000,00 krónur með bók nr. GA 7449 við Landsbanka Íslands, aðalbanka, auk áfallinna og áfallandi vaxta.

2. 750.000,00 krónur með 47% ársvöxtum af 200.000,00 krónum frá 20. september 1982 til 1. nóvember s.á., en dómvöxtum frá þeim degi til 15. s.m., með dómvöxtum af 300.000,00 krónum frá þeim degi til 15. janúar 1983, af 400.000,00 krónum frá þeim degi til 15. mars 1983, af 480.000,00 krónum frá þeim degi til 15. apríl 1983, af 580.000,00 krónum frá þeim degi til 15. júní 1983, af 660.000,00 krónum frá þeim degi til 15. ágúst 1983 og af 750.000,00 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

3. 350.000,00 krónur með tveimur veðskuldabréfum, útgefnum af aðaláfrýjendum, tryggðum með 1. veðrétti í framangreindum eignarhluta fasteignarinnar nr. 25. við Nóatún hér í borg, er beri 20% ársvexti frá 15. júlí 1982 að telja, og greiðist með fjórum jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn 15. október 1983.

Gagnáfrýjendur Björg og Rolant greiði aðaláfrýjendum in solidum 35.725,00 krónur með 42% ársvöxtum frá 1. desember 1982 til 15. janúar 1983, en síðan með hæstu innlánsvöxtum

á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Gagnáfrýjendur greiði aðaláfrýjendum 100.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Guðmundar Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er samþykkur þeirri niðurstöðu meiri hluta dómara, að Hafliði Guðjónsson sé ekki aðili málsins og því beri að ómerkja ákvæði hins áfrýjaða dóms að því er hann varðar og vísa áfrýjun hans frá Hæstarétti.

Ég er einnig sammála þeirri niðurstöðu meiri hluta dómara, að komist hafi á bindandi samningur um kaup aðaláfrýjenda á íbúðinni að Nóatúni 25 af gagnáfrýjendum. Hins vegar tel ég kröfu aðaláfrýjenda um útgáfu afsals þeim til handa svo nátengda hagsmunum Hafliða, að ekki verði um hana dæmt, án þess að henni verði að honum beint sem aðilja málsins og honum gert skylt að þola dóm í samræmi við hana. Því tel ég samkvæmt því, sem áður segir, að vísa beri þeim hluta kröfugerðar aðaláfrýjenda frá héraðsdómi.

Ég er sammála niðurstöðu meiri hluta dómara varðandi skaðabótakröfu aðaláfrýjenda og tel unnt að leggja efnisdóm á hana.

Samkvæmt því, sem að framan segir, tel ég, að staðfesta megi málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms, en málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara.

Við það verður að miða, að fastmælum hafi verið bundið milli fasteignasölunnar Gimli og aðaláfrýjenda, að þeim yrði tilkynnt þegar í stað, ef hið skriflega tilboð þeirra yrði samþykkt, og að svo hafi verið gert.

Aðaláfrýjendur létu birta Hafliða Guðjónssyni stefnu sem réttargæsluaðilja í héraði. Segir þó í stefnunni, að ekki séu hafðar uppi sérstakar kröfur á hendur honum, „nema hann sæki þing í máli þessu, komi að öllum þeim athugasemdum og vörnum, sem hann

telur sig eiga eða kunna að eiga gagnvart framangreindum dómkröfum stefnenda varðandi nefndan fasteignarhluta en sæti að öðrum kosti dómi samkvæmt kröfum stefnenda". Hafliði lét mæta á dómþingum og hafði þar uppi án andmæla kröfugerð og flutti mál sitt um, að hrundið yrði kröfum aðaláfrýjenda um útgáfu afsals fyrir íbúðinni á 2. hæð hússins nr. 25 við Nóatún. Verður að telja, að eins og hér hagar sérstaklega til, að með þessu hafi hann gerst málsaðili, sbr. 50. gr. laga nr. 85/1936, svo sem héraðsdómari taldi.

Héraðsdómari dæmdi Hafliða sýknu. Verður að líta svo á, að í því dómsákvæði felist, að honum sé fyrir sitt leyti óskylt að hlíta því, að gagnáfrýjendurnir Björg og Rolant gefi út afsal fyrir eignarhlutanum til aðaláfrýjenda.

Eftir uppsögu héraðsdóms gáfu Björg og Rolant út afsal til Hafliða hinn 4. ágúst 1983. Aðaláfrýjendur áfrýjuðu málinu 27. september 1983 og stefndu Björgu, Rolant og Hafliða öllum fyrir Hæstarétt. Hinn síðastnefndi áfrýjaði málinu 13. desember 1983 til staðfestingar héraðsdóms, þó með þeirri breytingu, að honum yrði dæmdur málskostnaður úr hendi aðaláfrýjenda. Var honum áfrýjun heimil, þar sem hann hafði gerst málsaðili í héraði, dómsorð varðandi hann og aðaláfrýjendur höfðu stefnt honum fyrir Hæstarétt. Gagnáfrýjendur Björg og Rolant áfrýjuðu málinu af sinni hendi 20. desember 1983.

Aðaláfrýjendur hafa engar skýrar kröfur gert fyrir Hæstarétti á hendur Hafliða Guðjónssyni, en bent á í greinargerð sinni til Hæstaréttar, að þeir telji hann ekki hafa verið aðilja málsins í héraði. Geti hann því engar kröfur gert í málinu. Hafi héraðsdómari í raun réttri ekki átt að lúka dómsorði á kröfur hans.

Svo sem málið liggur fyrir Hæstarétti og kröfugerð er háttað samkvæmt því, sem nú hefur verið rakið, tel ég, að héraðsdómi verði ekki raskað um það, að Hafliða sé eigi skylt að þola, að gagnáfrýjendur Björg og Rolant gefi út afsal til aðaláfrýjenda fyrir íbúðinni. Þá fengi það ekki samrýmst óraskaðri niðurstöðu héraðsdóms um þetta, ef Björg og Rolant yrðu dæmd til að láta aðaláfrýjendum í té slíkt afsal. Tel ég því, að kröfur aðaláfrýjenda gagnvart þeim í þessum þætti málsins verði ekki heldur teknar til greina.

Ég fellst á atkvæði meiri hluta dómenda um skaðabætur. Enn fremur um það, að dæma beri gagnáfrýjendur Björgu og Rolant

til að greiða aðaláfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti sem ég tel hæfilega ákveðinn 30.000,00 krónur. Þá er ég einnig sammála því, að málskostnaður að því er varðar Hafliða Guðjónsson falli niður í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 27. júní 1983.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 14. júní sl., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af Önnu Sigríði Guðmundsdóttur skrifstofustúlku, nnr. 0333-3698, og Sveini Ívarssyni arkitekt, nnr. 8748-7245, báðum til heimilis að Gnoðarvogi 50, Reykjavík, gegn þeim Björgu Árnadóttur verslunarmanni, nnr. 1257-5513, til heimilis að Drápuhlíð 6, Reykjavík, og Rólant Dahl Christiansen vélvirkja, nnr. 7363-3338, til heimilis að Klapparstíg 18, Reykjavík, svo og til réttargæslu gegn Hafliða Guðjónssyni, nnr. 3497-8808, til heimilis að Nóatúni 25, Reykjavík, með stefnu, útgefinni 28. desember 1982.

Dómkröfur stefnenda eru þær aðallega, að stefndu verði dæmt skylt að við lögðum allt að 1.000,00 kr. dagsektum frá lögbirtingu dóms í máli þessu að gefa út til stefnenda afsal fyrir íbúð á 2. hæð í húsinu nr. 25 við Nóatún í Reykjavík ásamt því, er henni fylgir, skv. samþykktu kauptilboði (kaupsamningi) aðilja 30. júní 1982 gegn greiðslu kaupverðsins, kr. 1.250.000,00 eins og hér segi:

1. kr. 150.000,00 með bók nr. GA 7449 við Landsbanka Íslands.
2. kr. 200.000,00 með 47% ársvöxtum frá 20. september 1982 til dagsins í dag, en dómvöxtum síðan til greiðsludags.
3. kr. 100.000,00 með 47% ársvöxtum frá 15. nóvember 1982 til dagsins í dag, en dómvöxtum síðan til greiðsludags.
4. kr. 100.000,00 með dómvöxtum frá 15. janúar 1983 til greiðsludags.
5. kr. 80.000,00 með dómvöxtum frá 15. mars 1983 til greiðsludags.
6. kr. 100.000,00 með dómvöxtum frá 15. apríl 1983 til greiðsludags.
7. kr. 80.000,00 með dómvöxtum frá 15. júlí 1983 til greiðsludags.
8. kr. 90.000,00 með dómvöxtum frá 15. ágúst 1983 til greiðsludags.
9. kr. 350.000,00 með skuldabréfi, er greiðist með jöfnum árlegum afborgunum, í fyrsta sinn 15. október 1983 og síðan árlega sama dag og beri 20% ársvexti frá 15. júlí 1982 að telja, með 1. veðrétti í framangreindum eignarhluta hússins nr. 25 við Nóatún, Reykjavík.

Til vara er höfð uppi sú krafa, að viðurkennt verði með dómi, að gilt sé sem samningur um framangreinda íbúð kauptilboð stefnenda hinn 30. júní 1982, sem samþykkt var af stefndu sama dag.

Í báðum tilvikum krefjast stefnendur þess, að stefndu verði dæmt að

greiða stefnendum bætur vegna afnotamissis íbúðarinnar frá 15. júlí 1982 til útgáfudags stefnu, kr. 38.500,00 auk 47% ársvaxta frá 1. desember 1982 til útgáfudags stefnu, en dómvaxta frá þeim degi til greiðsludags. Áskilinn er réttur til þess að hækka bótakröfu þessa síðar. Gerð er krafa um greiðslu in solidum.

Loks krefjast stefnendur málskostnaðar úr hendi stefndu.

Að því er varðar réttargæslustefnda eru ekki hafðar uppi sérstakar kröfur á hendur honum, nema að hann sæki þing í máli þessu, komi að öllum þeim athugasemdum og vörnum, sem hann telur sig eiga eða kunna að eiga gagnvart framangreindum dómkröfum stefnenda varðandi nefndan fasteignarhluta, en sæti að öðrum kosti dómi skv. kröfum stefnenda.

Dómkröfur stefndu eru þær, að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnenda í máli þessu og að stefnendum verði in solidum dæmt að greiða þeim málskostnað að skaðlausu samkvæmt gjaldskrá L.M.F.Í.

Dómkröfur réttargæslustefnda eru þær, að hrundið verði með dómi kröfu stefnenda um, að stefndu verði dæmt að gefa út afsal til stefnenda fyrir íbúð á 2. hæð í húsinu nr. 25 við Nóatún, Reykjavík ásamt því, er henni fylgir. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnenda skv. mati réttarins.

Aðalflutningur í máli þessu fór fram dagana 10. og 11. maí sl. Var málið dómtekið að loknum munnlegum málflutningi 11. maí sl. Málið var endurupptekið hinn 9. júní sl. og aðiljum gefinn kostur á öflun frekari gagna og málinu frestað í því skyni. Gagnaöflun í málinu lauk hinn 14. júní sl., og þann dag fór og fram munnlegur málflutningur og dómtaka málsins að nýju.

Sáttaumleitanir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

II.

Tildrög máls þessa eru þau, að í maímánuði 1982 var Fasteignasölunni Gimli, Reykjavík, falið að selja 5 herbergja íbúð á 2. hæð í húsinu nr. 25 við Nóatún, Reykjavík, þinglesna eign stefndu Bjargar Árnadóttur. Hinn 30. júní 1982 gerðu stefnendur, Anna S. Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson, skriflegt tilboð í eign þessa að fjárhæð kr. 1.250.000,00, og skyldi útborgun vera kr. 900.000,00 og greiðast á tímabilinu frá 15. júlí 1982 til 15. ágúst 1983, en eftirstöðvarnar, kr. 350.000,00, skyldu greiðast á 4 árum og bera 20% ársvexti. Samkvæmt upphaflegum texta tilboðsins skyldi það gilda til kl. 10:00 30. júní 1982, en var síðar breytt í kl. 11:30 þann dag, og er sú breyting merkt stefnandanum Önnu Sigríði. Stefnda Björg og maki hennar, stefndi Rólant Christiansen, samþykktu kauptilboð þetta síðdegis sama dag á fasteignasölunni. Skömmu síðar þennan dag frétti stefnda Björg af því, að réttargæslu-

stefndi, Hafliði Guðjónsson, hefði sýnt áhuga á þessari íbúð, og hafði honum verið vísað á að skoða hana af hálfu fasteignasölunnar. Stefnda Björg hafði þá samband við nefndan Hafliða, sem síðan skoðaði íbúðina og lýsti sig reiðubúinn til að kaupa íbúðina á hærra verði en stefnendur höfðu boðið. Samdægurs gerði réttargæslustefndi, Hafliði Guðjósson, tilboð í greinda íbúð, sem hljóðaði upp á kr. 1.100.000,00, og skyldi kaupverðið vera að fullu greitt hinn 30. nóvember 1982. Haft var samband við stefnendur þetta sama kvöld, en ekki féllust þau á að falla frá tilboði sínu í eignina, enda höfðu þau þá ráðstafað eigin íbúð með sölu. Með bréfi, dags. 1. júlí 1982, er því lýst yfir af Stefáni Skarphéðinssyni hdl. f.h. stefndu, að rift sé samþykki á tilboði stefnanda í greinda íbúð, dags. 30. júní 1982. Þann dag var síðan gengið frá kaupsamningi um íbúð þessa til réttargæslustefnda, Hafliða Guðjónssonar, á grundvelli kauptilboðs hans. Stefnendur, Anna Guðmundsdóttir og Sveinn Ívarsson, fengu hið samþykkta kauptilboð sitt afhent á fasteignasölunni þennan sama dag. Með símskeyti, dags. 5. júlí 1982, mótmæltu stefnendur formlega riftun á kaupum greindrar íbúðar og létu þinglýsa kauptilboði sínu. Með yfirlýsingu, dags. 12. júlí 1982, mótmælti stefnda Björg þinglýsingu kauptilboðsins af hálfu stefnenda. Með bréfi til stefndu Bjargar, dags. 14. júlí 1982, gerðu stefnendur kröfu til þess að fá íbúðina afhenta hinn 15. júlí í samræmi við ákvæði kauptilboðsins gegn greiðslu á kr. 100.000,00. Afhending íbúðarinnar til stefnenda fór ekki fram, og greiddu stefnendur þá fyrsta hluta útborgunar inn á geymslureikning hjá Landsbanka Íslands þann dag. Réttargæslustefnda var síðan afhent íbúðin hinn 20. júlí 1982 í samræmi við kaupsamning þar um. Stefnendur greiddu annan hluta útborgunar kr. 50.000,00 með geymslugreiðslu hinn 3. ágúst 1982. Stefnendur leituðu til embættis borgarfógeta í Reykjavík og fóru þess á leit, að þeim yrði með beinni fógetagerð fengin umráð framangreindrar íbúðar. Þeirri kröfu var hrundið með úrskurði fógetaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 6. ágúst 1982. Auk fyrrnefndra geymslugreiðslna hafa stefnendur útvegað bankaábyrgðir til efnda á samningskyldum sínum skv. tilboðinu, eins og nánar verður rakið síðar. Samkomulagstilraunir aðilja utan réttar hafa ekki borið árangur, og því er mál þetta höfðað.

III.

Stefnendur byggja kröfur sínar á því, að við undirritun og samþykki stefndu á framangreindu kauptilboði í íbúðina í húsinu nr. 25 við Nóatún, Reykjavík, hafi stofnast bindandi kaupsamningur, sem bæði stefnendur og stefndu séu bundin af, og er í því sambandi vísað til laga nr. 7/1936. Hafi aðiljum verið þetta ljóst, enda sé skýrum stöfum tekið fram á hinu prentaða tilboðseyðublaði, að þegar tilboðið hafi verið samþykkt af báðum aðiljum (tilboðsgjafa og tilboðshafa), sé kominn bindandi kaupsamningur þeirra á

milli. Í annan stað telji stefnendur sig hafa beðið mikið tjón við það að fá ekki íbúðina afhenta á hinum umsamda tíma og beri stefndu að bæta allt það tjón, sem þau þegar hafi valdið með þessum vanefndum og verði áfram, þar til afhending fari fram. Sé ekki unnt að ákvarða fjárhæðina nú nema til stefnuútgáfudags, m.a. vegna breytinga á vísitölu húsnæðiskostnaðar íbúðarhúsnæðis, og sé því áskilinn réttur til þess að framhaldsstefna vegna þesss síðar undir rekstri máls þessa.

Stefnendur telja sig hafa rækt skyldur sínar skv. nefndu samþykktu tilboði á eftirfarandi hátt:

1. Sótt fund í fasteignasölunni Gimli hinn 15. júlí 1982, þá er afhending íbúðarinnar og greiðsla fyrsta hluta kaupverðsins skyldi fram fara.
2. Með greiðslu á kr. 100.000,00 sama dag inn á geymslufjárreikning nr. GA 7449 í Landsbanka Íslands, aðalbanka, Reykjavík.
3. Með greiðslu kr. 50.000,00 í sama reikning hinn 3. ágúst 1982.
4. Með útvegun ábyrgðaryfirlýsingar Búnaðarbanka Íslands hér í borg, dags. 21. september 1982, þar sem bankinn takist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu allt að fjárhæð kr. 300.000,00 þ.e. greiðslum skv. 2. og 3. tl. hins samþykkta kauptilboðs, kr. 200.000,00 með gjalddaga hinn 20. september 1982 og ennfremur kr. 100.000,00 með gjalddaga hinn 15. nóvember 1982.
5. Rétt sé talið að geta þess, að stefnendur hafi þegar hafið að því undirbúning, þótt ekki séu í gjalddaga fallnar frekari greiðslur skv. ákvæðum hins samþykkta kauptilboðs, að fá ábyrgðaryfirlýsingu varðandi greiðslur á árinu 1983. Stefnendur hafi því í einu og öllu staðið við sinn hluta og hafi margsinnis skorað á stefndu að gera hið sama, en algjörlega án árangurs.

Stefnendur hafi reynt á sínum tíma að fá umráð íbúðarinnar með beinni fógetagerð, en þeirri kröfu hafi verið hrundið.

Eftir það hafi farið fram sáttaumleitanir og sáttatilraunir, síðast í október sl., en án árangurs, og í byrjun desember hafi verið leitað til réttargæslustefnda í sama skyni, en það hafði heldur engan árangur í för með sér. Málshöfðun þessi sé því óhjákvæmileg fyrir stefnendur til þess að ná rétti sínum.

Í hinu samþykkta kauptilboði sé þess ekki getið, hvenær afsal eigi fram að fara. Virðist því ekkert vera því til fyrirstöðu, sérstaklega þar eð fyrir virðist liggja, að stefndu gefi ekki út afsal nema skv. dómsákvörðun, að slíkt afsal fari fram, þegar stefnendur óski, enda yrðu greiðslur þær, sem þá kynnu að vera ógjaldfallnar, annaðhvort tryggðar með ábyrgðaryfirlýsingu banka og/eða með veði í eigninni í samræmi við ákvæði hins samþykkta kauptilboðs.

Kynni svo ólíklega að fara, að ekki yrði fallist á þetta, sé til ýtrustu vara gerð

krafa um það, að gilt verði metið sem samningur um eignina hið samþykkta kauptilboð stefnenda.

Stefnendur hafi átt að fá íbúðina afhenta hinn 15. júlí 1982, en afhending hafi ekki enn átt sér stað þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir. Ljóst sé, að tjón stefnenda af þessum vanefndum stefndu sé mikið hvern mánuð og fari að sjálfsögðu hraðvaxandi eftir því sem vanefnd stefndu standi lengur. Sé því ógerningur nú að meta tjón stefnenda fram í tímann, enda hljóti það m.a. að ráðast af ýmsu, sem ekki verði nú séð fyrir, t.d. eftirspurn eftir húsnæði, vísitölubreytingum o.fl., sem of langt mál sé að taka til hér.

Sé því nú einungis stefnt fyrir tjóni fyrir tímabilið frá 15. júlí 1982 til útgáfudags stefnu, þ.e. kr. 38.500,00. Sé ljóst, að sú tala sé mjög lág, og verði gerð frekari grein fyrir henni við meðferð málsins, sé þess óskað. Þá séu stefnendur reiðubúnir til greiðslu fasteignagjalda að sínu leyti strax við framvísun uppgjörs í því sambandi.

Að því er varði samningsgerð réttargæslustefnda þá liggi fyrir, að honum hafi þá þegar verið kunnugt um hið samþykkta kauptilboð málsaðilja, og muni hann einnig hafa lýst því yfir, að verði hið samþykkta kauptilboð viðurkennt af dómstólum, geri hann enga kröfu á hendur viðsemjendum sínum. Ljóst sé, að slíkur „kaupsamningur" haggi hvorki rétti stefnenda né hafi áhrif á gildi hins samþykkta kauptilboðs.

Stefndu byggja sýknukröfu sína á sömu málsástæðum og hafðar voru uppi fyrir fógetarétti og fram koma á dskj. 17. Málsástæður þessar séu fyrst og fremst þær, að samningur hafi ekki stofnast milli stefndu og stefnenda um sölu á eignarhluta stefndu í Nóatúni 25, Reykjavík. Samþykki kauptilboðsins hafi verið afturkallað, áður en það var komið til stefnenda. Ekki hafi verið búið að afhenda stefnendum tilboð þetta, er kaupsamningurinn við réttargæslustefnda var gerður, og þar sem samþykki hafi verið skriflegt eins og tilboðið, hafi það ekki verið komið til tilboðsgjafa fyrr en þeir höfðu sjálfir kynnt sér efni þess. Jafnframt sé á því byggt af hálfu stefndu, að þar sem þeir hafi þegar afhent réttargæslustefnda umrædda eign með óafturkallanlegum hætti, sé þeim ómögulegt að fullnægja kröfu stefnenda um afsal. Í sambandi við meginmálsástæðuna sé á það bent, að samþykki við tilboði stefnenda á dskj. nr. 3 hafi ekki komið fram innan samþykkisfrests og virðist því rétt að líta á það sem nýtt tilboð. Um afturköllun þess hafi þá gilt almennar reglur um afturköllun tilboðs.

Mótmælt sé þeirri málsástæðu stefnenda í greinargerð, að þau hafi rækt skyldu sína skv. tilboði sínu, og sé í því sambandi vísað til dskj. nr. 19, þar sem segi berum orðum, að ábyrgð sú, sem þar um ræði, gildi til 30. desember 1982 og falli þá niður án uppsagnar eða fyrirvara, hafi hún ekki verið framlengd fyrir þann tíma. Ekki verði séð, að þessi ábyrgð hafi verið framlengd

né heldur að nýrrar ábyrgðar hafi verið aflað vegna greiðslna á árinu 1983. Loks sé því mótmælt, að slík ábyrgð skapi sama rétt að lögum og geymslugreiðsla. Varðandi lagarök vísa stefndu til 1., 2., 4., 7. og 38. gr. laga nr. 7/1936.

Réttargæslustefndi byggir kröfur sínar á því, að hann hafi gert kaupsamning um hina umdeildu eign við aðalstefndu hjá fasteignasala hér í borg þann 1. júlí 1982, aðalstefnda Björg hafi haft formlega eignarheimild fyrir hinu selda og hafi hún afhent honum umráð þess í samræmi við ákvæði kaupsamningsins og ekki notað tímabundna heimild sína til riftunar samningsins. Réttargæslustefndi hafi greitt andvirði hinnar keyptu íbúðar að fullu og lagt í talsverðan kostnað og innt af hendi mikla vinnu við standsetningu íbúðarinnar, allt í trausti þess, að hann væri réttur eigandi hennar. Að svo vöxnu máli telji hann fráleitt, að hann verði sviptur umráðum íbúðarinnar og þau fengin öðrum. Eigi stefnendur einhverjar kröfur á hendur stefndu, hljóti það að vera bótakröfur og honum óviðkomandi með öllu.

Varðandi lagarök vísar réttargæslustefndi til reglna íslensks réttar um góða trú og um tómlætisverkanir.

IV.

Teknar hafa verið á dómþingi aðiljaskýrslur í málinu af stefnendum, Önnu Guðmundsdóttur og Sveini Ívarssyni, af stefndu, Björgu Árnadóttur og Rólant Christiansen, svo og af réttargæslustefnda, Hafliða Guðjónssyni. Þá komu fyrir dóminn og gáfu skýrslur vitnin Stefán Skarphéðinsson, Ástríður Grímsdóttir, Viðar Friðriksson, Árni Stefánsson, Hilmar Valdimarsson og Lilja Steingrímsdóttir.

Verða framburðir þessir raktir að því marki sem ástæða þykir til.

Stefnandi Anna Sigríður Guðmundsdóttir skýrði frá því fyrir dómi, að fyrra tilboð það, sem þau gerðu í eignina að Nóatúni 25, hafi ekki þótt nógu gott. Þau hafi því komið á fasteignasöluna að morgni 30. júní 1982, milli kl. 9 og 10, og gert annað tilboð. Aftur hafi þau komið um kl. 11.30 og þá betrumbætt það tilboð með því að færa fram 50.000,00 króna greiðslu. Þá kvaðst stefnandi hafa sagt, að tilboðið mætti standa út daginn, og í framhaldi af því kvaðst hún hafa farið á fasteignasöluna Norðurveri, þar sem tilboð í hennar íbúð átti að renna út kl. 1:00 þennan dag. Kvaðst hún hafa skrifað undir það tilboð með fyrirvara um, að tilboði þeirra í Nóatún 25 yrði tekið. Stefnandi kvaðst hafa skýrt Ástu á fasteignasölunni Gimli munnlega frá því, að tilboð sitt mætti standa út daginn, það er meðan fasteignasalan var opin. Um kl. 5:00 kvaðst stefnandi hafa fengið vitneskju um það, að tilboðið hefði verið samþykkt. Hafi Ásta hringt til sín og óskað sér til hamingju með kaupin og sagt, að búið væri að skrifa undir. Mætta (sic) kvaðst þá hafa hringt í mann sinn, Svein, og skýrt

honum frá þessu, en hringt síðan í fasteignasöluna Norðurveri og látið þar vita, að búið væri að ganga að þessu tilboði þeirra í Nóatún 25. Mætta sagði, að seint um þetta kvöld, milli 10:00 og 11:00, hafi Viðar Friðriksson á fasteignasölunni Gimli hringt og spurt að því, hvort þau væru reiðubúin að hætta við, en mætta kvaðst hafa svarað því neitandi, búið væri að samþykkja tilboðið í þeirra íbúð og þau væru búin að selja ofan af sér. Í símtalinu við Viðar hefði komið fram, að komið væri betra tilboð í íbúðina. Mætta skýrði frá því, að þann 1. júlí 1982, um kl. 3:00, hafi þau farið á fasteignasöluna Gimli og fengið þar í hendur tilboð sitt í íbúðina að Nóatúni 25. Þá hafi þau einnig komist að því, að búið var að selja íbúðina öðrum aðilja. Mætta skýrði frá því, að þau hefðu afhent kaupanda íbúð sína í Gnoðarvogi 50, 1. september 1982, og eftir þann tíma hafi þau búið í leiguhúsnæði til 20. desember 1982, er þau hafi flutt í húsnæði á Álfhólsvegi, sem þau hafi fest kaup á í ágústmánuði síðastliðnum.

Stefnandinn Sveinn Ívarsson skýrði frá því, að það hafi orðið munnlegt samkomulag um það, að tilboð þeirra 30. júní 1982 í íbúðina að Nóatúni 25 mætti standa út þann dag. Kvaðst hann hafa fengið vitneskju um það, að búið væri að samþykkja þetta tilboð, er kona sín hefði hringt í sig um kl. 5:00 og skýrt sér frá því. Viðar Friðriksson á fasteignasölunni Gimli hafi hringt um kvöldið milli kl. 10:00 og 11:00 og skýrt frá því, að komið hefði betra tilboð í íbúðina, og spurt að því, hvort þau væru reiðubúin að draga sig til baka. Hafi þau tjáð Viðari, að þau myndu halda sér við samninginn, þar sem þau væru búin að selja íbúð sína á grundvelli hans. Ekki hafi frekar verið haft samband við þau þetta kvöld, en á fasteignasölunni daginn eftir hafi þau fyrst fengið vitneskju um það, að til hefði staðið að rifta þessum kaupum.

Stefnda Björg Árnadóttir skýrði frá því fyrir dómi, að ekki hefðu komið önnur tilboð í íbúðina að Nóatúni 25 en frá stefnendum. Hún kvaðst hafa skrifað undir tilboð þetta um kl. 5:30 þann 30. júní 1982. Hringt hefði verið í sig og hún beðin að koma og athuga þetta tilboð, en hún kvaðst ekki hafa getað mætt fyrr en þetta, þar sem hún hafi sjálf verið að leita sér að húsnæði þennan dag. Hún kvaðst ekki muna, hvað tilboð þetta hefði átt að standa lengi eða hvort einhver breyting hafi verið gerð munnlega í því sambandi. Mætta (sic) kvað sér hafa verið ljóst, að með því að skrifa undir tilboðið hafi hún verið að ráðstafa íbúðinni, selja hana með þessum hætti. Mætta sagði, að milli kl. 6:00 og 7:00 hafi hún verið látin vita, að annar kaupandi hefði áhuga. Var þar um að ræða réttargæslustefnda, Hafliða Guðjónsson, og kvaðst mætta hafa haft samband við hann. Þá kvaðst hún hafa talað við Stefán Skarphéðinsson lögmann, sem hafi strax talað við þá á fasteignasölunni og beðið um, að þessi samningur yrði geymdur eða honum rift — allavega að láta það ekki fara lengra, þar sem

fyrir lægi allt annað og miklu betra tilboð. Taldi mætta, að stuttur tími hefði liðið frá því að hún skrifaði undir tilboðið og þar til Stefán hafi talað við þá á fasteignasölunni um að láta þetta ekki fara lengra. Mætta skýrði frá því, að áður en gengið var frá undirskrift á fasteignasölunni Gimli, hafi hún áður verið búin að sjá sér út íbúð.

Stefndi Rólant Christiansen skýrði svo frá fyrir dómi, að tilboðið frá 30. júní 1982 hafi staðið til kl. 10:00 fyrir hádegi en því hafi verið breytt að einhverju leyti og frestur til að samþykkja færður fram til 10:30 fyrst og síðan eitthvað fram eftir degi. Mætti (sic) skýrði frá því, að hringt hefði verið í sig í vinnuna eftir kl. 4:00 og kvaðst hann hafa farið á fasteignasöluna og skrifað undir á tímabilinu frá 4:00 til 6:00 þann dag. Þá hafi Björg verið búin að skrifa undir. Mætta kvað sér hafa verið ljóst (sic) þegar hann skrifaði undir tilboðið, hvers konar skuldbinding fólst í því. Hins vegar virtist sem mistök hefðu átt sér stað, því að það hafi verið annað tilboð á leiðinni, sem þau hafi ekki vitað um. Mætti sagði, að Björg hefði hringt í sig um kvöldið og látið sig vita, að komið væri tilboð frá réttargæslustefnda, sem væri miklu hagstæðara en fyrra tilboðið. Mætti kvaðst hafa verið samþykkur því, að lögmanninum Stefáni Skarphéðinssyni hefði verið falið að gera ráðstafanir til að rifta eða afturkalla samþykkt kauptilboð við stefnendur og á þeim forsendum, að skrifað hefði verið undir vegna ónógra upplýsinga. Mætti kvaðst hafa haft þörf fyrir, að íbúð þeirra yrði seld — sjálfur kvaðst hann vera búinn að festa kaup á annarri íbúð og þyrfti að standa við sínar skuldbindingar, einnig hefði Björg fest kaup á íbúð og hefði hún þurft að standa skil á ákveðinni útborgun.

Réttargæslustefndi, Hafliði Guðjónsson, skýrði svo frá fyrir dómi, að um kl. 5:30 þann 30. júní 1982 hafi hann hringt í fasteignasöluna Gimli og fengið þær upplýsingar, að íbúðin hafi verið seld. Síðan hafi það verið nokkru seinna sem Björg hringdi, og kvaðst hann ekki geta munað nákvæmlega, hvenær það var, en þau hafi talað saman að minnsta kosti tvisvar fram eftir kvöldinu. Mætti (sic) sagði, að Björg hefði skýrt sér frá því, að þeir pappírar, sem hún hafði skrifað undir, væru því ekki til fyrirstöðu, að þau gætu ræðst við. Mætti tók fram, að ekki hafi komið til tals, að kaupsamningi hans um íbúðina að Nóatúni 25 yrði rift, en varðandi yfirlýsinguna á dómskj. nr. 26 kvaðst hann hafa haft þann skilning á, að með því væri hann að hliðra til, ef einhverjir erfiðleikar vegna fyrra kauptilboðs ættu sér stað fram til 10. júlí 1982. Gildistími þeirrar yfirlýsingar hafi að öllu leyti miðast við þann dag. Mætti kvaðst hafa hafist handa um framkvæmdir í íbúðinni, eftir að hann fékk vitneskju um fógetaréttarúrskurðinn, þar sem innsetningarbeiðni hafði verið hafnað. Hafi hann lagt í mjög mikla vinnu við að endurbæta íbúðina.

Vitnið Stefán Skarphéðinsson kvaðst hafa komið í fasteignasöluna Gimli

ásamt Björgu Árnadóttur um kl. 5:30 þann 30. júní 1982 og hafi þar verið lagt fyrir Björgu kauptilboðið, sem hún skrifaði undir. Næst hafi það svo gerst, að Björg hafi hringt í sig um kl. 7:30 og sagt, að maður hafi ítrekað reynt að ná sambandi við þau gegnum fasteignasöluna Gimli með tilboð. Vitnið kvaðst samstundis hafa haft samband við sölumanninn Viðar á fasteignasölunni og tilkynnt honum um það, að Björg myndi reyna á allan mögulegan hátt að vera laus frá þessu tilboði sínu. Viðar Friðriksson hafi skýrt vitninu frá því að væntanlegir kaupendur væru ekki komnir með kauptilboðið í hendurnar. Vitnið kvað Viðar Friðriksson hafa hringt í sig aftur, eftir að hann hafði rætt við stefnendur, og skýrði hann vitninu frá því, að þau væru mjög óhress með framvindu mála. Vitnið kvaðst hafa litið á það tilboð, sem Björg skrifaði undir, sem nýtt tilboð, þar sem tímasetningar voru útrunnar, sem á því voru, að auki vantaði inn á tilboðið áhvílandi veðskuldir og ýmsa skilmála. Vitnið gat þess, að ekkert hefði verið tekið fram sérstaklega varðandi samþykkisfrest eða tímamörk tilboðsins.

Varðandi bréfið á dómskj. nr. 4 tók vitnið fram, að það væri meint þannig, að fasteignasalan hefði eitthvað skriflegt í höndunum um breyttar aðstæður. Þetta hafi verið hin formlega riftun og bréfið afhent á fasteignasölunni þennan dag milli kl. 1:00 og 2:00. Þá hafi legið fyrir, að tilboðsgjafar væru ekki búnir að fá tilboðið í hendurnar. Vitnið kvaðst ekki minnast þess að hafa gert Björgu það sérstaklega ljóst við undirritun tilboðsins af hennar hálfu, að skoða bæri það sem nýtt tilboð. Varðandi yfirlýsinguna á dómskj. nr. 26 tók vitnið fram, að þetta hefði verið umþóttunartími gagnvart Hafliða Guðjónssyni. Vitnið kvaðst líta þannig á, að þessi yfirlýsing hefði ekkert skuldbindingargildi eftir 10. júlí 1982.

Vitnið Ástríður Grímsdóttir sölumaður kvaðst hafa tilkynnt Önnu Guðmundsdóttur um það, að búið væri að samþykkja tilboðið. Vitnið minnti, að það hefði hringt í Önnu, eftir að Björg var búin að skrifa undir, og þegar vitnið vissi, að Rólant var á leiðinni til þess að skrifa undir. Kvaðst vitnið hafa óskað Önnu til hamingju með íbúðina. Vitnið kvaðst hafa haft samband við Önnu um morguninn og um hádegið varðandi framlengingu tilboðsins. Vitnið sagði, að erfitt hefði verið að ná í Björgu þennan dag og þau Anna og Sveinn hefðu framlengt tilboð sitt munnlega fram eftir degi.

Vitnið Viðar Friðriksson, sölumaður á fasteignasölunni Gimli, skýrði frá því fyrir dómi, að íbúðin að Nóatúni 25 hefði verið til sölumeðferðar hjá þeim í alllangan tíma og hefði gengið erfiðlega að fá fram tilboð í eignina. Ekkert tilboð hafi komið fyrr en tilboð það, sem þau Anna og Sveinn gerðu í íbúðina, og sem þau síðan ákveða að taka Björg og Rólant, þegar gerðar höfðu verið á tilboðinu þær breytingar, sem þau óskuðu eftir. Það hafi

komið í ljós upp úr hádeginu þann 30. júní 1982, að þau ætluðu sér að gangast inn á þetta. Vitnið tók fram, að seljendur hefðu látið að því liggja mjög sterklega, að tilboðinu yrði tekið með áorðnum breytingum, og kaupendur hefðu framlengt tilboði sínu fram yfir þau skriflegu tímamörk, sem í tilboðinu stóðu. Vitnið kvaðst hafa verið viðstatt undirritun stefndu, ekki hafi sérstaklega verið rætt um skuldbindingagildi undirskriftar, en langflestum væri það ljóst, að tilboðið væri orðið skuldbindandi við undirskrift. Vitnið skýrði frá því, að Stefán Skarphéðinsson lögfræðingur hefði hringt til sín um kl. 20:00 og skýrt frá því, að betra tilboð hefði fengist í íbúðina. Kvaðst vitnið hafa bent Stefáni á, að búið væri að gera bindandi samning, en hann óskaði eftir því, að kannað yrði, hvort Anna og Sveinn væru reiðubúin til að draga tilboð sitt til baka. Vitnið kvaðst hafa hringt til þeirra um kvöldið og skýrt þeim frá þessari málaleitan. Hafi þau þvertekið fyrir það að draga tilboð sitt til baka, og kvaðst vitnið hafa skýrt Stefáni frá því. Hafi þá komið fram hjá Stefáni, að kaupum þessum yrði rift. Vitnið kvaðst hafa talað við Önnu og Svein aftur um kvöldið og skýrt þeim frá ákvörðun seljenda um riftun, hafi þau tekið þessu illa og tekið fram, að þau mundu standa á sínum rétti í þessu máli. Vitnið tók fram, að Hafliði Guðjónsson hefði ekki leitað til sín, og kvaðst vitnið ekki frekar haft með mál þetta að gera (sic).

Vitnið Árni Stefánsson skýrði frá því, að Viðar Friðriksson hefði haft samband við sig og skýrt sér frá máli þessu. Vitnið kvaðst ekki hafa talað við Stefán Skarphéðinsson fyrr en 1. júlí 1982, og kvaðst vitnið ekki hafa verið sátt við þessa málsmeðferð. Vitnið kvaðst hafa bent á, að samningur væri kominn á, þegar tilboð hefði verið undirritað af báðum aðiljum. Stefán hafi borið því við, að þar sem riftunarkrafa hefði komið það fljótt fram, myndi þetta standast. Varðandi yfirlýsinguna á dómskj. nr. 26 kvaðst vitnið hafa haldið, ef þau Anna og Sveinn stæðu fast á rétti sínum, þá myndu seljendur notfæra sér þetta ákvæði, sem hafi ekki verið gert. Riftun hafi ekki komið til tals, og kvaðst vitnið ekki hafa orðið vart við það, að aðiljar hefðu hug á að rifta þessum kaupum. Vitnið kvaðst telja, að það hafi afhent Önnu og Sveini tilboðið, en kvaðst ekki muna nákvæmlega, hvort það hafi verið fyrir eða eftir samningsgerð við Hafliða Guðjónsson, en alla vega um það leyti. Vitnið tók fram, að þau Anna og Sveinn hefðu verið verulega óánægð og látið í það skína, að þau myndu ekki láta þar við sitja. Vitnið kvaðst minnast þess, að Hafliði Guðjónsson hefði hringt í sig eftir hádegi þann 30. júní 1982 og hafi spurt um íbúðina í Nóatúni 25. Vitnið kvaðst hafa vitað, að til stæði að samþykkja tilboð í íbúðina, kvaðst hafa kannað það og komist þá að raun um, að búið væri að skrifa undir, taka þessu tilboði, og kvaðst vitnið hafa sagt Hafliða, að þessi íbúð

væri seld. Fleira hefði þeim ekki farið á milli, og kvaðst vitnið hafa gefið Hafliða samband við starfsstúlku á fasteignasölunni.

Vitnið Hilmar Valdimarsson, sölumaður á Fasteignasölunni Norðurveri, skýrði frá því, að Gunnar Ingólfsson hefði gert kauptilboð í íbúð stefnenda að Gnoðarvogi 50 hinn 28. júní 1982. Fram hafi komið, að íbúðin yrði ekki seld, nema eigendur hefðu tryggt sér aðra íbúð, og hafi þeir verið að leita fyrir sér. Fram hafi komið, að vegna íbúðar í Nóatúni, sem þau hafi haft áhuga á, hafi Anna haft samband við sig til að athuga, hvort Gunnar Ingólfsson væri reiðubúinn að bæta tilboð sitt. Hann hafi samþykkt að flytja fram 50.000,00 krónur af júlígreiðslu 1983 yfir á september 1982. Kauptilboð Gunnars í íbúðina að Gnoðarvogi stóð til hádegis 30. júní, en Anna tjáði vitninu, að hún myndi frá vitneskju um það síðar um daginn, hvort hennar tilboð í íbúð að Nóatúni myndi ganga, og kvaðst hún reiðubúin til að samþykkja tilboð Gunnars með þeim fyrirvara. Kvaðst vitnið hafa látið Gunnar vita af þessu og hann fallist á að bíða fram eftir degi. Síðan hafi það gerst, að Anna hafi hringt í sig í eftirmiðdaginn um kl. 5:00 og tjáð sér, að búið væri að samþykkja með undirskrift kauptilboð sitt í Nóatún 25, jafnframt því sem hún lýsti því yfir, að fyrirvarinn gagnvart Gunnari væri þar með úr gildi fallinn. Í framhaldi af þessu kvaðst vitnið hafa látið Gunnar vita, að allt væri klappað og klárt varðandi tilboð hans. Vitnið gat þess, að enginn afturkippur hefði komið í þetta mál af hálfu Önnu Guðmundsdóttur.

Vitnið Lilja Steingrímsdóttir, starfsmaður á fasteignasölunni Gimli, skýrði frá því, að hún hefði vísað á íbúðina að Nótaúni 25, áður en hún seldist. Á þeim degi, sem tilboð Önnu og Sveins átti að renna út, líklegast kringum tvö leytið, þá hafi komið tvær konur á fasteignasöluna, sem vildu fá að skoða íbúðina í Nóatúni. Vitnið kvaðst hafa vitað það, að til staðar var tilboð í eignina, sem renna átti út kl. 5:00, og kvaðst hún hafa skýrt frá því. Hún kvaðst hafa hringt í Rólant, sem hafi fallist á að sýna íbúðina korter yfir fjögur. Stuttu seinna hafi Hafliði Guðjónsson hringt og spurt um þessa íbúð og gert grein fyrir greiðslumöguleikum sínum. Vitnið kvaðst hafa skýrt honum frá því, að komið væri tilboð í þessa íbúð, sem væntanlega yrði tekið, ef ekkert betra kæmi fram. Hins vegar hafi honum verið bent á, að hann gæti skoðað íbúðina um kl. 4:00 ásamt fyrrnefndum konum. Vitnið gat þess, að um 5 leytið, þegar Björg Árnadóttir var að skrifa undir, þá hafi Hafliði hringt aftur og fyrst talað við Árna Stefánsson, en síðan kvaðst vitnið hafa talað við Hafliða og skýrt honum frá því, að það væri verið að skrifa undir tilboðið, og spurði vitnið hann að því, hvort hann hefði skoðað íbúðina, en það kvaðst hann ekki hafa gert. Björgu hafi ekki verið sagt frá Hafliða þarna á skrifstofunni, þá hafi ekki legið fyrir,

að hann ætlaði að gera tilboð í íbúðina, og ekki væri viturlegt að gefa upplýsingar um slíka hluti fyrr heldur en á reyni.

V.

Svo sem fram er komið, er í máli þessu deilt um skuldbindingargildi kauptilboðs þess, sem aðiljar undirrituðu hinn 30. júní 1982 og varðaði íbúð stefndu að Nóatúni 25, Reykjavík.

Telja verður nægilega í ljós leitt fyrir dóminum með framburðum stefnenda, stefnds Rólants Christiansen, vitnanna Viðars Friðrikssonar og Ástríðar Grímsdóttur, að stefnendur hafi framlengt munnlega tilboð sitt í greinda eign fram eftir degi hinn 30. júní 1982. Þá liggur og fyrir, að stefndu, Björg Árnadóttir og Rólant Christiansen, undirrituðu tilboð stefnenda milli kl. 17 og 18 þennan dag, og verður litið svo á, að kauptilboðið hafi verið samþykkt innan samþykkisfrests, sbr. 1. mgr. 2. gr. laganna um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga nr. 7/1936.

Í greindu kauptilboði er tekið sérstaklega fram, að þegar tilboð hafi verið samþykkt af báðum aðiljum (tilboðsgjafa og tilboðshafa), sé kominn bindandi kaupsamningur þeirra á milli. Þetta ákvæði tilboðsins þykir bera að túlka í samræmi við áður tilvitnaða 1. mgr. 2. gr. samningalaga, sem hljóðar svo: „hafi sá maður, sem boðist hefur til að gera samning (tilboðsgjafi), krafist svars innan ákveðins frests (samþykkisfrests), verður svar, sem tekur tilboðinu (samþykki) að vera komið til hans áður en sá frestur er liðinn."

Ómótmælt er, að stefnanda Önnu Guðmundsdóttur var tilkynnt um það símleiðis af hálfu fasteignasölunnar Gimli, skömmu eftir að stefnda Björg hafði skrifað undir, að greint kauptilboð hefði verið samþykkt. Með vísan til þess verður þar með talið, að fullnægt hafi verið því skilyrði greinds lagaákvæðis samningalaganna, að samþykkið hafi verið komið til stefnenda, enda ber að líta svo á, að nægjanlegt sé, að samþykki tilboðs sé komið til vitundar tilboðsgjafa, þótt hann hafi ekki fengið það sjálft í hendur. Þá liggur fyrir, að á grundvelli þess, að til kaupa hafði þannig stofnast með aðiljum, ráðstöfuðu stefnendur íbúð sinni að Gnoðarvogi 50, að því er virðist innan sömu stundar, en sala þeirrar íbúðar hafði verið bundin þeim fyrirvara, að tilboði stefnenda í íbúð stefndu yrði tekið. Ennfremur liggur fyrir, að íbúð stefndu hafði verið lengi í sölu, án þess að tilboð kæmi í hana, og hagsmunir stefndu við það bundnir að samningar tækjust við stefnendur, enda viðurkennt í málinu, að stefndu höfðu þá báðir fest sér aðra íbúð.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, verður talið, að komist hafi á bindandi samningur milli aðilja um sölu íbúðar stefndu að Nóatúni 25 til stefnenda í samræmi við kauptilboðið frá 30. júní 1982.

Samþykki stefndu var ekki afturkallað innan þeirra tímamarka, sem tilskilið er samkvæmt 7. gr. samningalaga, og formleg riftun þess var fyrst sett fram af hálfu stefndu hinn 1. júlí 1982. Ómótmælt er, að stefnendur hafi frá upphafi viljað halda kaupum sínum upp á stefndu og gert ráðstafanir í því sambandi, og verður því ekki talið, að riftun á samþykki kauptilboðsins af hálfu stefndu fái staðist gegn mótmælum stefnenda, enda leiða lagasjónarmið ekki til annars.

Sé litið til upphafsráðstafana stefnenda til þess að halda rétti sínum til laga með því að geymslugreiða tvær fyrstu greiðslur kaupverðsins og með því að fara fram á innsetningu í umráð íbúðarinnar að Nóatúni 25 með beinni fógetagerð, verður ekki annað séð en þau hafi haft vilja og getu til að efna samninginn að sínu leyti.

Aðalkrafa stefnenda um efndir in natura af hálfu stefndu með útgáfu afsals stefnendum til handa fyrir íbúðinni að Nóatúni 25 varðar og hagsmuni réttargæslustefnda, Hafliða Guðjónssonar, sem keypti greinda íbúð samkvæmt kaupsamningi, dags. 1. júlí 1982. Er gengið var frá kaupum um greinda eign milli stefndu Bjargar og Rólants annars vegar, og réttargæslustefnda Hafliða hins vegar, var gerður áskilnaður af hálfu seljenda um heimild þeim til handa til að rifta þeim samningi fyrir 10. júlí 1982, og var Hafliða ljóst, að sá áskilnaður stóð í sambandi við tilboðsgerðina við stefnendur. Ekki neyttu seljendur þessarar heimildar til riftunar samningsins, og ekki liggur fyrir, að slík riftun hafi staðið til. Með úrskurði, uppkveðnum í fógetarétti Reykjavíkur hinn 6. ágúst 1982, var beiðni stefnenda um innsetningu í umráð íbúðarinnar hafnað, og virðast þau úrslit hafa styrkt Hafliða í þeirri trú, að kaupin stæðust gagnvart honum. Að eigin sögn hófst hann eftir það handa um standsetningu og lagfæringu íbúðarinnar.

Ekki liggur fyrir, að réttargæslustefnda Hafliða hafi verið ljóst, að stefnendur hefðu í hyggju að leita réttar síns frekar fyrir dómstólum, fyrr en honum barst í hendur bréf lögmanns þeirra, dags. 3. desember 1982. Þykja stefnendur að þessu leyti ekki hafa haldið rétti sínum nægilega til laga að því er Hafliða varðar, sem virðist hafa öðlast góða trú um samningsstöðu sína.

Að þessu virtu þykja ekki vera næg efni til að taka aðalkröfu stefnenda til greina um efndir in natura.

Að því er réttargæslustefnda Hafliða varðar ber reyndar að líta á hann sem stefndan í málinu, eftir að sótt var þing og settar fram kröfur af hans hálfu, sbr. áskilnað í stefnu þar um.

Samkvæmt framansögðu og eins og dómkröfur eru fram settar á hendur stefnda Hafliða, ber að sýkna hann af öllum kröfum stefnenda í málinu, en hins vegar þykir rétt, að málskostnaður falli niður að því er hann varðar.

Að því er varakröfu stefnenda varðar um viðurkenningu á samningsgildi kauptilboðsins frá 30. júní 1982 hefur þegar verið leyst úr því álitaefni í umfjöllun um aðalkröfu. Samkvæmt þeirri niðurstöðu ber að taka til úrlausnar bótakröfu stefnenda í málinu, sbr. 67. gr. einkamálalaga nr. 85/1936.

Fallast þykir mega á sjónarmið stefnenda um rétt til bóta vegna afnotamissis íbúðarinnar að Nóatúni 25. Hafa stefnendur lagt fram reikninga að fjárhæð samtals kr. 37.725,00 til stuðnings þeirri kröfu sinni. Þykir mega leggja þá til grundvallar bótakröfu stefnenda, en þó að frádregnum reikningi að fjárhæð kr. 2.000,00 vegna ferða milli Stuðlasels 46 og Nóatúns 25, sem mótmælt hefir verið sérstaklega sem ósönnuðum.

Samkvæmt framansögðu ber að dæma stefndu, Björgu Árnadóttur og Rólant Dahl Christiansen, til að greiða stefnendum in solidum kr. 35.725,00. Vaxtakröfu stefnenda hefur verið mótmælt sérstaklega sem of hárri, og verða vextir af tildæmdri fjárhæð ákveðnir 42% ársvextir frá 1. desember 1982 til stefnubirtingardags, 15. janúar 1983, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefndu til að greiða stefnendum óskipt málskostnað, sem telst hæfilega ákveðinn kr. 12.500,00.

Eggert Óskarsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Björg Árnadóttir og Rólant Dahl Christiansen, greiði in solidum stefnendum, Önnu Sigríði Guðmundsdóttur og Sveini Ívarssyni, kr. 35.725,00 með 42% ársvöxtum frá 1. desember 1982 til 15. janúar 1983, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.500,00 í málskostnað.

Stefndi, Hafliði Guðjónsson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnenda í máli þessu, en málskostnaður fellur niður að því er hann varðar.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 3. júní 1985.

Nr. 245/1984. **Gunnar A. Pálsson**
gegn
Valgarði Magnússyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Gunnar A. Pálsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Mánudaginn 3. júní 1985.

Nr. 106/1985. **Sverrir Ragnars**
gegn
Rögnu G. Ragnars

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Sverrir Ragnars, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 480,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Miðvikudaginn 5. júní 1985.

Nr. 116/1983. **Ákæruvaldið**
(Jónatan Sveinsson saksóknari)
gegn
Gísla Grétari Sigurjónssyni
(Örn Clausen hrl.)
Þorvaldi Bergmann Björnssyni
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
Halldóri Erni Magnússyni
(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
Geir Guðmundssyni
(Örn Clausen hrl.) og
Hrafnkeli Óskarssyni
(Örn Clausen hrl.)

Fjársvik. Fjárdráttur. Tolllagabrot. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Máli þessu var að ósk ákærðu skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 16. febrúar 1983. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. febrúar sl.

Af hálfu ákæruvalds er málinu áfrýjað til staðfestingar á sakarmati héraðsdóms um einstaka ákæruliði, en til þyngingar á refsingu. Héraðsdómur hefur sýknað ákærðu að öllu leyti af þeim atriðum ákæru 11. janúar 1980, sem varða vörupantanir merktar 0007, 0014, 0015, 0021 og 0025 á 1. samningstímabili, KS06, KS10, KS17 og KS32 á 2. samningstímabili og KS04 og KS05 á 3. samningstímabili. Svo sem málið er lagt fyrir Hæstarétt, verður þeim niðurstöðum eigi haggað né heldur þeim ákvæðum héraðsdóms, þar sem sumir hinna ákærðu eru sýknaðir af einstökum ákæruliðum (pantanir einkenndar 0013, 0014, 0020, 0026, KS01, KS16, KS30 og KS02). Sama á og við um dómsúrlausn um pöntun KS06 á 3. samningstímabili, þar sem ákærði Gísli Grétar er sýknaður að nokkru leyti, svo sem lýst er í héraðsdómi.

Af hálfu ákærðu allra hefur krafa verið gerð um, að ákvæði héraðsdóms um fébætur verði tekin til meðferðar í Hæstarétti. Gera þeir aðallega þá kröfu, að þeir verði sýknaðir af kröfum dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna um skaðabætur. Verði sú krafa eigi tekin til greina, er þess krafist til vara, að bótafjárhæðir verði ákveðnar í íslenskum krónum á gengi þess tíma, er dollaratékkar voru innleystir í banka, og vextir verði ákveðnir jafnháir sparisjóðsvöxtum af óbundnum innstæðum á hverjum tíma frá innlausn hvers tékka til greiðsludags. Til þrautavara er þess krafist, ef bætur verða dæmdar í dollurum, að vextir miðist við vexti af gjaldeyrisreikningum í íslenskum bönkum samkvæmt ákvörðunum Seðlabanka Íslands.

Þá krefst ákærði Gísli Grétar þess, að bætur til Continental Rubber B.V. og TBA Trading Kolding Aps. verði dæmdar í íslenskum krónum, en til vara, að ákvæði héraðsdóms um bótakröfur þessar verði staðfest.

Saksóknari hefur fyrir hönd kröfuhafanna krafist staðfestingar á niðurstöðum héraðsdóms um bótakröfur.

I. Ákæra 11. janúar 1980

Með skírskotun til raka héraðsdóms ber að staðfesta niðurstöður hans um þá liði þessarar ákæru, sem hér eru til úrlausnar. Brot ákærðu voru fólgin í því að afla sér fjárvinnings á kostnað varnarliðsins með þeim hætti að leggja fyrir það röng gögn og koma því þannig til leiðar, að greiðslur voru inntar af höndum fyrir vörur, sem ekki höfðu verið afhentar. Þetta atferli varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, eins og í héraðsdómi segir.

II. Ákæra 11. júní 1981

Með vísun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta þá niðurstöðu hans, að ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson hafi tekið með ólögmætum hætti úr tollvörugeymslu þær 16 vörusendingar, sem lýst er í dóminum, án þess að greiða áður af þeim tilskilin aðflutningsgjöld og með því gerst brotlegur við 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59/1969, sbr. lög nr. 71/1976. Þá er sannað, að ákærði hafi ekki greitt kaupverð tólf af sendingum þessum. Líta verður svo á, að vörurnar hafi verið sameiginlega í vörslum ákærða og Toll-

vörugeymslunnar, og hefur ákærði því með því að draga sér þær gerst brotlegur við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga, svo sem í héraðsdómi segir. Eins og grein er gerð fyrir í héraðsdómi, hefur ákærði síðar greitt að hluta aðflutningsgjöld af vörum þessum og enn fremur verulegan hluta af kaupverði þeirra og bætt þannig að nokkru fyrir þessi brot sín.

III. Refsingar

Með skírskotun til raka héraðsdóms, sbr. einnig 2. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga, þykir rétt að staðfesta niðurstöður dómsins um refsingu hinna ákærðu. Við rannsókn málsins sætti ákærði Þorvaldur gæsluvarðhaldi 7 daga (frá 10. des. 1978 kl. 14:28 til 17.des., kl. 12:50), Halldór 7 daga (11. des. kl. 1:05 til 17. des. kl. 12:03) og Geir 2 daga (10. des. kl. 15:30 til 11. des. kl. 18:47), og ber skv. 76. gr. hegningarlaga að draga vist þessa frá refsingu ákærðu.

IV. Skaðabætur.

Kröfu sína um sýknu af bótakröfum dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna reisa ákærðu á því, að vafi sé um aðild þess gagnvart ákærðu. Samkvæmt grunnreglum þeim, sem fram komi í varnarsamningi Íslands og Bandaríkjanna, er veitt var lagagildi með lögum nr. 110/1951, einkum 12. gr. viðbætis við samninginn, skuli beina bótakröfum af hálfu varnarliðsins að íslenska ríkinu, er síðan geti haft uppi endurgreiðslukröfur eftir því sem við á.

Í varnarsamningnum er hvorki í nefndri 12. gr. né annars staðar að finna ákvæði, er standi því í vegi, að bandarísk yfirvöld geti sótt íslenska menn til bótagreiðslu fyrir dómstólum hér á landi. Verður sýknukrafa ákærðu þannig eigi tekin til greina.

Brot ákærðu leiddu til fjártjóns fyrir ríkissjóð Bandaríkjanna, sem dómsmálaráðuneyti þess ríkis er í fyrirsvari fyrir, eins og greinir í héraðsdómi. Gjaldkerar hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli greiddu með tékkum í Bandaríkjadölum, en ákærðu seldu þá jafnharðan í íslenskum bönkum. Tjón þetta varð á Íslandi, þar sem varnarliðið hefur lengi haft starfsemi. Staða þess að lögum er að sönnu með sérstökum hætti, en ekki verður þó talið, að lagagrundvöllur sé til að telja það hafa sérstöðu í bótamálum á þann veg,

að því verði í þessu máli dæmdar bætur í Bandaríkjadölum sbr. 10. gr. viðbætis með samningnum. Ber samkvæmt þessu að dæma bætur í íslenskum krónum, og verður miðað við gengi á þeim dögum, er greiðslur voru inntar af höndum, eins og gert er í ákæru. Ekki var heldur af hálfu bótakrefjanda gerð krafa um, að farið yrði eftir öðru gengi, ef bætur yrðu tilteknar í íslenskum krónum. Svo sem áður greinir, var sú varakrafa gerð af hálfu ákærðu, að miðað yrði við gengi á innlausnardögum tékka, en ekki hefur verið gerð grein fyrir því, hvenær tékkar voru innleystir, og það verður eigi ráðið af gögnum málsins nema að nokkru leyti.

Um einstaka liði í kröfu dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna ber samkvæmt þessu að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms um greiðendur og um fjárhæðir, nema hvað þær verða tilgreindar í íslenskum krónum, svo og um upphafstíma vaxta, allt svo sem nánar verður greint í dómsorði. Í samræmi við varakröfu bótakrefjanda ber að ákveða, að vextir af dæmdum kröfum skuli vera jafnháir vöxtum af almennum sparisjóðsreikningum, eins og þeir voru á hverjum tíma, frá upphafsdögum vaxta til 7. apríl 1981, en dómvextir frá þeim tíma til greiðsludags.

Continental Rubber B.V. og TBA Trading Kolding Aps. eru útflytjendur, sem hafa starfsemi erlendis, og varð tjón þeirra vegna auðgunarbrota, sem fólst í ólögmætri hagnýtingu muna, sem þeir höfðu sent til Íslands til sölu. Söluverð var tilgreint í erlendri mynt, og þessir tjónþolar hefðu fengið kröfur um greiðslu kaupverðs varningsins dæmdar í erlendri mynt, ef slíkar kröfur hefðu verið gerðar í einkamálum. Þykir þess vegna eiga að tiltaka bætur til þeirra í erlendri mynt eftir kröfu þeirra. Ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um þessar kröfur.

V. Sakarkostnaður

Staðfesta ber ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað og dæma ákærðu til greiðslu áfrýjunarkostnaðar, þannig að ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell greiði málsvarnarlaun verjanda síns in solidum, en af öðrum áfrýjunarkostnaði, þar á meðal saksóknarlaunum, greiði ákærði Gísli Grétar ¼ hluta, en ákærðu allir in solidum ¾ hluta.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms um refsingu ákærðu, Gísla Grétars Sigurjónssonar, Þorvalds Bergmanns Björnssonar, Halldórs Arnar Magnússonar, Geirs Guðmundssonar og Hrafnkels Óskarssonar, skulu vera óröskuð. Frá refsingu ákærðu skal draga gæsluvarðhaldsvist þeirra Þorvalds í 7 daga, Halldórs í 7 daga og Geirs í 2 daga.

Ákærðu greiði dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna skaðabætur sem hér segir:

Ákærðu allir in solidum 94.449,23 krónur með vöxtum af 41.924,66 krónum frá 30. september 1977 til 2. febrúar 1978, af 69.261,51 krónu frá þeim degi til 16. mars 1978 og af 94.449,23 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell in solidum 57.489,92 krónur ásamt vöxtum af 25.787,43 krónum frá 19. apríl til 9. júní 1977 og af 57.489,92 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór in solidum 76.988,89 krónur með vöxtum af 456,29 krónum frá 27. september til 1. október 1976, af 2.183,23 krónum frá þeim degi til 19. nóvember 1976, af 27.942,62 krónum frá þeim degi til 16. desember 1976, af 47.199,99 krónum frá þeim degi til 14. febrúar 1977, og af 76.988,89 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell in solidum 17.494,26 krónur með vöxtum frá 30. ágúst 1978 til greiðsludags.

Ákærðu Gísli og Þorvaldur in solidum 32.968,85 krónur með vöxtum af 3.152,21 krónu frá 14. febrúar til 27. apríl 1977, af 10.765,37 krónum frá þeim degi til 8. ágúst 1977, af 15.723,15 krónum frá þeim degi til 5. janúar 1978, af 22.753,64 krónum frá þeim degi til 20. júní 1978 og af 32.968,85 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Gísli einn 2.989,32 krónur ásamt vöxtum frá 28. júlí

1977 til greiðsludags.

Vextir af dæmdum kröfum skulu jafnháir vöxtum af almennum sparisjóðsinnstæðum frá upphafsdögum vaxta til 7. apríl 1981, en dómvextir frá þeim tíma til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um kröfur Othars Arnar Petersen f.h. Continental Rubber B.V. og Guðmundar Jónssonar hdl. f.h. TBA Trading Kolding Aps. skulu vera óröskuð.

Staðfest eru ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað.

Ákærði Gísli Grétar, Geir og Hrafnkell greiði in solidum málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 70.000,00 krónur. Ákærði Þorvaldur Bergmann greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur, og ákærði Halldór Örn málsvarnarlaun verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur. Af öðrum áfrýjunarkostnaði, þar á meðal saksóknarlaunum í ríkissjóð, 70.000,00 krónum, greiði ákærði Gísli Grétar einn ¼ hluta, en ákærðu allir in solidum ¾ hluta.

Sératkvæði
Sigurgeirs Jónssonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála öðrum dómendum Hæstaréttar í máli þessu um allt, sem í dóminum segir, annað en ákvæði dómsins um skaðabætur, bæði í forsendum og dómsorði.

Í íslenskum dómaúrlausnum um skaðabætur vegna tjóna, sem með hegningarlagabrotum er valdið á erlendum verðmætum, verður ekki greind nein föst regla um, að bætur skuli greiðast með íslenskum gjaldmiðli, en ekki þeim erlenda gjaldmiðli, sem tjóni er valdið í. Eru eldri dómaúrlausnir, sem ég hefi í huga, þó frá tímum, þar sem verðfall íslenskrar krónu í samanburði við erlenda gjaldmiðla á tímabilinu frá tjónsatviki til uppkvaðningar dóms var ósambærilega miklu minna en orðið hefur frá tjónsatvikum til dóms í þessu máli. Sú niðurstaða, að tjónþoli í þessu máli, ríkissjóður Bandaríkja

Ameríku, ætti að fá bætur fyrir tjón það, sem hann varð fyrir af hegningarlagabrotum þeim, sem hér er dæmt um, miðað við skiptaverð íslenskrar krónu, er greiðslur voru inntar af hendi svo sem meiri hluti dómenda ákveður, er í mínum augum svo ósanngjörn, að sú viðmiðun gæti því aðeins komið til mála, að ótvíræð lagaákvæði eða dómvenja útilokuðu aðra niðurstöðu. Það tel ég ekki vera.

Ég hef áður vikið að dómaúrlausnum.

Meiri hluti dómenda vitnar til 10. gr. fylgiskjals með lögum nr. 110/1951 um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess til rökstuðnings þeirri niðurstöðu, að dæma skuli bætur í íslenskum gjaldmiðli. Þetta tel ég ekki eiga við. Í hinni tilvitnuðu lagagrein er annars vegar fjallað um, að lið Bandaríkjanna, menn í því, svo og skyldulið þeirra, skuli hlýða íslenskri gjaldeyrislöggjöf, og hins vegar um ráðstafanir til þess að afstýra því, að laun séu greidd í bandarískum gjaldeyri. Ákvæði íslenskrar gjaldeyrislöggjafar, sem giltu á þeim tíma, sem brot voru framin, voru í lögum nr. 30/1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyrismála o.fl. Í lögum þessum sé ég ekki nein ákvæði, sem bannað hafi hérlendum aðiljum að selja varnarliði Bandaríkjanna vörur fyrir erlendan gjaldeyri. Hins vegar er um skilaskyldu að ræða til innlendra gjaldeyrisbanka svo sem hjá öðrum hérlendum aðiljum, sem láta í té vörur eða þjónustu til erlendra aðilja.

Þá get ég ekki fallist á þá niðurstöðu meiri hluta dómenda að mismuna þolendum hegningarlagabrota þeirra, sem hér er dæmt um, með þeim hætti, að ríkissjóður Bandaríkjanna fái greitt með íslenskum gjaldmiðli, en aðrir þolendur hegningarlagabrota, sem dæmt er fyrir í sama dómi, í erlendum gjaldmiðli. Bótagrundvöllur er nákvæmlega hinn sami, þ.e. hegningarlagabrot. Ég tel ekki koma þeim bótagrundvelli neitt við, þó að bótakrefjendur hefðu getað fengið dæmdar einkaréttarkröfur á hendur innflytjanda um greiðslu kaupverðs í erlendri mynt, enda verður ekki með vissu séð af gögnum málsins, hvort ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson var sjálfur innflytjandi og greiðsluskyldur samkvæmt samningi eða fyrirtæki, sem hann stjórnaði.

Samkvæmt því, sem ég hef hér að framan rakið, tel ég, að stað-

festa beri einnig ákvæði héraðsdóms um höfuðstól skaðabótagreiðslna svo og vexti frá 1. júní 1980.

Með ákvörðun vaxta, svo sem þeir voru af innlendum sparifjárreikningum fyrir 1. júní 1980, tel ég hins vegar um tvöfalda verðtryggingu að ræða að hluta, þar sem verulegur hluti vaxta var til að vega á móti verðfalli íslensks gjaldmiðils, svokallaður verðbótaþáttur vaxta. Ég tel því rétt að ákveða vexti frá þeim upphafsdögum vaxta, sem í héraðsdómi greinir, til 1. júní 1980 hina sömu og Seðlabanki Íslands ákvað af innlendum gjaldeyrisreikningum í Bandaríkjadollurum fyrir 1. júní 1980 eða sjö af hundraði á ári.

Samkvæmt þessu tel ég að dómsorð ætti að vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að vextir af skaðabótakröfum ríkissjóðs Bandaríkjanna skulu vera sjö af hundraði ársvextir frá upphafsdögum þeim, sem í héraðsdómi greinir, til 1. júní 1980, en síðan svo sem greinir í héraðsdómi.

Ákærðu Gísli Grétar, Geir og Hrafnkell greiði in solidum málsvarnarlaun verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 70.000,00 krónur. Ákærði Þorvaldur Bergmann greiði málsvarnarlaun verjanda síns, Guðmundar Ingva Sigurðssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur, og ákærði Halldór Örn málsvarnarlaun verjanda síns, Kjartans Reynis Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, 50.000,00 krónur. Allan annan áfrýjunarkostnað, þar á meðal saksóknarlaun í ríkissjóð, 70.000,00 krónur, greiði ákærðu allir in solidum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 29. desember 1982.

Ár 1982, miðvikudaginn 29. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er að Borgartúni 7 af Haraldi Henryssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 534-538/1982: Ákæruvaldið gegn Gísla Grétari Sigurjónssyni, Þorvaldi Bergmann Björnssyni, Halldóri Erni Magnússyni, Geir Guðmundssyni og Hrafnkeli Óskarssyni, sem tekið var til dóms 15. desember sl.

Mál þetta höfðar ríkissaksóknari með tveimur ákærum, dagsettum 11. janúar 1980 og 11. júní 1981. Með ákærunni frá 11. janúar 1980 er málið höfðað gegn öllum ákærðu, Gísla Grétari Sigurjónssyni framkvæmdastjóra, Laugarásvegi 67, Reykjavík, fæddum þar í borg 4. apríl 1938, Þorvaldi Bergmann Björnssyni, fyrrverandi starfsmanni varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, Holtagerði 56, Kópavogi, fæddum 19. janúar 1936 í Reykja-

vík, Halldóri Erni Magnússyni, einnig fyrrverandi starfsmanni varnarliðsins, Kríuhólum 2, Reykjavík, fæddum 11. mars 1932 í Hafnarfirði, Geir Guðmundssyni, einnig fyrrverandi starfsmanni varnarliðsins, Hraunbæ 38, Reykjavík, fæddum 15. mars 1948 á Ísafirði, og Hrafnkeli Óskarssyni, einnig fyrrverandi starfsmanni varnarliðsins, Smáratúni 4, Keflavík, fæddum 8. september 1942 í Reykjavík. Málið er höfðað gegn ákærðu „fyrir að hafa á tímabilinu frá því í september 1976 til og með októbermánuði 1978 í sameiningu svikið út hjá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli og skipt með sér samtals kr. 32.832.924.- eða jafnvirði $ 153.754.- á gengi greiðsludags hverrar greiðslu, svo sem seinna verður rakið.

Fjársvikin framkvæmdu ákærðu með þeim hætti, að ákærði, Gísli Grétar Sigurjónsson, náði á árinu 1976 samningum við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, í nafni einkafirma síns, Hjólbarðasölunnar, Borgartúni 24, Reykjavík, um sölu á hjólbörðum og hjólbarðaslöngum til varnarliðsins. Í framhaldi af þessu sammæltust ákærði, Gísli Grétar, og ákærðu, Þorvaldur Bergmann og Halldór Örn, sem önnuðust m.a. þessi viðskipti af hálfu varnarliðsins, að svíkja út fé með skipulegum hætti í gegnum þessi viðskipti, ýmist með því að afhenda alls ekkert eða aðeins hluta einstakra pantana á þessum vörum, en ákærði Þorvaldur Bergmann sá aðallega um að árita pöntunar- og greiðsluheimildarskjöl um að vörumagn það, sem pantað var hverju sinni, væri móttekið af hálfu kaupanda, varnarliðsins, jafnframt því sem þeir ákærðu, Þorvaldur Bergmann og Halldór Örn, sáu um að birgðabókhald varnarliðsins væri rangfært að sama skapi. Ákærði, Gísli Grétar, annaðist síðan innheimtu reikninganna og skiptingu hinnar erlendu myntar í íslenskar krónur, sem þeir skiptu svo á milli sín.

Ákærðu, Hrafnkell Óskarsson og Geir Guðmundsson, sem báðir störfuðu um þær mundir við birgðavörslu hjá varnarliðinu, gengu svo nokkru seinna inn í svikastarfsemina og hirtu hlut af ávinningi hennar, ákærði Hrafnkell, frá og með pöntun 0014, dagsettri 2. febrúar 1977, og ákærði, Geir, frá og með pöntun KS11, dagsettri 29. september 1977, að undanskildum tveimur síðustu pöntununum, dagsettum 16. og 27. október 1978, sem ákærði, Gísli Grétar, hirti einn ávinning af.

Fjársvikin má rekja til eftirgreindra pantana, sem raktar verða eftir samningstímabilum, númerum og dagsetningum pantananna, heildarfjárhæð hverrar pöntunar fyrir sig og heildarfjárhæð þess varnings, sem ekki var skilað úr hverri pöntun og ákærðu náðu undir sig með framanlýstum hætti:

1. samningstímabil.

Nr. og dags.	Pöntunarfjárh. í U.S.$	Vöntun í U.S.$.	Ísl. kr.
0002, 13/9 '76	4.527,50	244,40	45.629,47
0003, 17/9 '76	8.464,40	923,00	172.693,30
0007, 2/11 '76	13.474,78	366,50	69.451,75
0008, 8/11 '76	13.593,35	13.593,35	2.575.939,81
0010, 1/12 '76	1.271,90	1.271,90	241.025,05
0011, 2/12 '76	8.890,30	8.890,30	1.684.711,85
0013, 27/12 '76	1.871,60	1.652,10	315.220,68
0014, 2/2 '77	15.612,64	15.612,64	2.978.891,72
0014, 24/3 '77	2.832,00	2.832,00	390.323,31
0015, 29/3 '77	7.817,20	604,80	96.364,80
0016, 4/4 '77	13.423,96	13.423,96	2.578.742,68
0020, 20/4 '77	3.959,00	3.959,00	761.315,68
0021, 23/5 '77	1.638,50	710,00	137.342,00
0023, 1/6 '77	16.366,80	16.366,80	3.170.249,16
0025, 15/6 '77	992,00	426,00	82.771,80
0026, 30/6 '77	1.527,50	1.527,50	298.931,76
	2. samningstímabil.		
KS01, 27/7 '77	6.294,80	2.517,92	495.778,43
KS06, 26/8 '77	1.638,70	1.638,70	159.805,10
KS10, 28/9 '77	17.497,06	892,80	34.850,50
KS11, 29/9 '77	20.146,40	20.146,40	4.192.465,80
KS16, 4/1 '78	3.303,80	3.303,80	703.048,64
KS17, 10/1 '78	4.879,50	1.202,00	256.867,40
KS20, 20/1 '78	12.437,15	12.437,15	2.733.685,55
KS25, 7/3 '78	9.912,52	9.912,52	2.518.771,32
KS30, 26/4 '78	3.987,20	3.987,20	1.021.520,62
KS32, 7/6 '78	3.953,89	804,70	208.819,64
	3. samningstímabil.		
KS02, 24/8 '78	6.733,74	6.733,74	1.749.425,64
KS04, 20/9 '78	15.448,53	123,92	38.055,83
KS05, 16/10 '78	17.597,80	5.007,80	1.542.402,40
KS06, 27/10 '78	17.650,60	5.122,80	1.577.822,00
	Samtals	$ 153.753,81	Kr. 32.832.923,69

Framanlýst atferli allra ákærðu telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940."

Með ákærunni frá 11. júní 1981 er málið höfðað gegn ákærða Gísla Grétari Sigurjónssyni einum, og er honum gefið að sök að hafa "sem framkvæmdastjóri og einn aðaleigandi firmanna Hjólbarðasölunnar, Bílasports sf. og Nitto-umboðsins, allra í Reykjavík, á tímabilinu frá því síðast á árinu 1975 en einkum á árinu 1976 og allt fram á árið 1978, tekið út úr geymslurými Hjólbarðasölunnar í húsakynnum Tollvörugeymslunnar hf. við Héðinsgötu í Reykjavík, mikið magn af vörum, einkum hjólbörðum, sem hann hafði flutt inn í nafni fyrrgreindra firma, án þess að hafa áður greitt af þeim aðflutnings- og sölugjöld og eigi heldur, nema annnars sé getið, greitt vörurnar í banka. Ákærði setti vörurnar í sölu og hagnýtti andvirði þeirra.

Hinar heimildarlausu vöruúttektir ákærða má rekja, að því er varðar magn, tegund og verðmæti í erlendri mynt, til eftirgreindra sendingarnúmera og komutíma vörunnar til landsins:

Liður:	*Sendingarnúmer og komutími til landsins:*	*Vörutegund og magn:*	*Verðmæti í erl. gjaldeyri:*
1.	TM 1024, 25/3 1975 -	1114 stk. hjólbarðar -	HFL. 25.176,08
2.	TM 1048, 17/3 1975 -	20 stk. hjólbarðar -	HFL. 397,80
3.	TM 1050, 19/12 1974 -	135 stk. hjólbarðar -	HFL. 6.142,50
4.	TN 2005, 29/6 1975 -	62 stk. hjólbarðar -	HFL. 4.165,20
5.	TM 3024, 17/11 1975 -	328 stk. hjólbarðar -	HFL. 11.135,35
6.	TN 116, 30/12 1975 -	96 stk. hjólbarðar -	HFL. 2.925,60
	TN 116, 30/12 1975 -	5000 stk. snjónaglar -	HFL. 1.400,00
7.	TN 746, 5/4 1976 -	79 stk. hjólbarðar -	HFL. 4.114,00
8.	TN 1452, 30/6 1976 -	8 stk. hjólbarðar -	HFL. 2.008,00
9.	TN 148, 23/4 1975 -	9 stk. hjólbarðar -	US$. 1.414,98
10.	TN 2528, 31/10 1976 -	94 stk. hjólbarðar -	D.kr. 14.388,00
11.	TR 3207, 20/9 1978 -	111 stk. hjólbarðar -	US$. 2.447,41
12.	TM 499, 15/2 1975 -	13 stk. bílav. hl. -	US$. 504,96
13.	TM 2078, 3/2 1975 -	99 stk. bílav. hl. -	US$. 842,77
14.	TN 1337, 19/1 1976 -	27 stk. bílav. hl. -	US$. 1.103,48
15.	TN 146, 11/11 1975 -	440 stk. bílav. hl. -	US$. 280,34
16.	TL 3107, 14/11 1974 -	260000 stk. snjónaglar-	HFL. 10.140,00

Framanlýst háttsemi ákærða telst varða við 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga nr. 59, 1969, um tollheimtu og tolleftirlit, sbr. lög nr. 71, 1976, um breytingu á þeim lögum, og ennfremur að undanskildum liðum 9, 11, 13

og 15, við 1. mgr. 247. gr. en til vara við 2. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.“

Þess er krafist af hálfu ákæruvalds, að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.

Málavextir eru þessir:

A. *Ákæra, dagsett 11. janúar 1980.*

I.

Upphaf máls þessa er það, að hinn 1. desember 1978 kom á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins, John R. Michaud, sem var lögreglumaður hjá rannsóknarlögreglu bandaríska hersins á Keflavíkurflugvelli. Skýrði hann svo frá, að grunur lægi á því hjá yfirvöldum herstöðvarinnar, að misferli hefði átt sér stað varðandi innflutning og sölu á hjólbörðum til herstöðvarinnar á undanförnum tveimur árum. Íslenskt fyrirtæki, Hjólbarðasalan sf., hafi haft með höndum innflutning og sölu á hjólbörðum til hersins samkvæmt samningi, sem gerður var við fyrirtækið í október 1976. Hafi íslensk yfirvöld séð um að tollar af þeim hjólbörðum, sem fyrirtækið flutti inn og seldi hernum, væru felldir niður, enda væru þeir eingöngu ætlaðir til notkunar undir farartæki í eigu bandarískra yfirvalda.

Samkvæmt frásögn lögreglumannsins er það birgðadeild hersins, sem sér um að panta hjólbarða hjá Hjólbarðasölunni sf. Viðkomandi deildarstjóri þar sér um að panta hjólbarðana, og virðist hann ákveða sjálfur, hversu mikið magn hjólbarða er pantað á hverjum tíma. Þessi starfsmaður þarf að fylla út þar til gerð eyðuform eða pantanir, þar sem skráð er stærð og magn þeirra hjólbarða, er pantaðir eru hverju sinni, og einnig skráir hann þar verð hvers hjólbarða í hverjum stærðarflokki, eins og það er hverju sinni, og að lokum er skráð heildarverð pöntunarinnar.

Hjólbarðasalan sf. annast flutning á hjólbörðunum til herstöðvarinnar, þar sem sérstök deild, svokölluð „Shop store three“, tekur við þeim, og heldur hún skráningu yfir fjölda innkominna hjólbarða. Þegar hún hefur veitt hjólbörðunum viðtöku, sér deildarstjóri birgðadeildar um að kvitta undir fyrrgreinda pöntun og sendir síðan eintak til gjaldkera hjá hernum, sem síðan greiðir pöntunina.

Þriðja deildin, sem hér kemur við sögu, er flutningamiðstöðin „Motor pool“, en þar eru hjólbarðarnir teknir til notkunar á bifreiðar og önnur tæki í eigu hersins. Heldur flutningamiðstöðin nákvæma skrá yfir fjölda þeirra hjólbarða, sem hún fær frá „Shop store three“ og eru síðan í notkun.

Í framhaldi þessa skýrði lögreglumaðurinn frá aðdraganda þeirra grunsemda, sem upp komu varðandi misferli á sölu og pöntunum á umræddum hjólbörðum. Sagðist honum svo frá, að u.þ.b. sex vikum áður hafi yfir-

manni birgðadeildar hersins, sem er bandarískur, borist í hendur óeðlilega háir reikningar vegna viðgerðarkostnaðar á verkstæði í Reykjavík á bifreiðum í eigu hersins. Þar sem til staðar væri á vegum hersins á Keflavíkurflugvelli fullkomin viðgerðarþjónusta, hafi þetta þótt einkennilegt. Ekki þótti þó ástæða til að gera neitt mál úr þessu, þar sem ekki var um mörg skipti að ræða, en hins vegar var ákveðið, að rannsóknarlögregla hersins athugaði starfsemi birgðadeildar, og var hann settur yfir þá rannsókn.

John R. Michaud kvaðst fljótlega hafa orðið var við, að um óeðlilega stórar pantanir væri að ræða á hjólbörðum af gerðinni Mohawk frá Hjólbarðasölunni í Reykjavík. Sýndist sem þessar óeðlilegu pantanir hafi byrjað, þegar umrætt fyrirtæki tók við þessum viðskiptum, og virtust þeir Íslendingar, sem sáu um að panta hjólbarðana hjá birgðadeildinni, einnig hafa staðið fyrir, að herinn gerði samning við Hjólbarðasöluna sf. um, að hún flytti inn og seldi hernum hjólbarða. Tímabil það, sem hér um ræddi, var frá 1. október 1976 til 17. nóvember 1978.

Lögreglumaðurinn gerði þessu næst grein fyrir athugunum sínum og talningu á hjólbörðum og samanburði við greiddar pantanir, og kvað hann hafa komið í ljós talsvert misræmi. Frá 1. október 1976 fram til nóvember 1978 hafi verið pantaðir alls 6556 hjólbarðar. Fyrir 1. október 1976 voru birgðir hjólbarða í „Shop store three" alls 381 og væru þetta því samtals 6937 hjólbarðar. Flutningamiðstöðin („Motor pool") hefði á þessum tíma notað 4241 hjólbarða, en bæði hún og fyrrnefnda deildin hefðu nú í geymslu 908 hjólbarða, en samanlagt eru þetta 5149 hjólbarðar. Mismunur væri því hér 1788 hjólbarðar, sem varnarliðið á Keflavíkurflugvelli hafi greitt fyrir, en aldrei fengið. Reiknað meðalverð á þessum hjólbörðum væri $ 153.252,00. Hann vakti þó á því athygli, að hér væri um meðalverð að ræða, en stærstu pantanirnar voru á síðasta árinu, 1978, og verð á hverjum hjólbarða mun hærra á því ári heldur en 1977 og 1976. Geti því verð það eða fjárhæð, sem greidd var fyrir hjólbarðana, orðið mun hærra heldur en fyrrgreint meðalverð.

Lögreglumaðurinn kvað mál þetta komið á það stig, að nokkrir Íslendingar, sem ynnu á vegum hersins, virtust alvarlega flæktir í það og einnig blandaðist inn í málið áðurnefnt íslenskt fyrirtæki, Hjólbarðasalan sf. Því væri þess óskað af hálfu yfirstjórnar varnarliðsins á Keflavíkurflugvelli, að fram fari opinber rannsókn í máli þessu.

Fram kom í skýrslu þessari, að deildarstjóri birgðadeildar hersins væri ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson og að sá Íslendingur, sem hefði þann starfa með höndum að taka við hjólbörðum í „Shop store three", væri ákærði Geir Guðmundsson.

Rannsóknarlögregla ríkisins hófst þegar handa um rannsókn máls þessa. Í ljós kom, að fyrirtækið Hjólbarðasalan sf. í Reykjavík var á því tímabili, sem hér um ræðir, rekið nær eingöngu af ákærða Gísla Grétari Sigurjónssyni.

Við rannsókn málsins kom í ljós, að tollfrjáls innflutningur á vöru, sem fer til Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli, er háður leyfi varnarmáladeildar utanríkisráðuneytisins. Innflytjandi þarf í slíkum tilfellum að fá þar til gerða úttektarbeiðni, stimplaða af varnarmáladeild, ef um er að ræða flutning á vöru úr tollvörugeymslu. Ef hins vegar um er að ræða flutning á vörum úr vörugeymslu skipafélags, er aðflutningsskýrsla stimpluð af varnarmáladeild.

Hjá tollstjóranum í Reykjavík er haldin skrá yfir alla slíka flutninga til Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli frá Reykjavík. Þegar vara er flutt til varnarliðsins er útbúinn sérstakur tollseðill, sem sendur er með vörunni. Tollgæslan á Keflavíkurflugvelli vottar síðan á seðilinn, að varan sé komin þangað. Tollseðillinn er síðan endursendur til tollgæslunnar í Reykjavík.

Rannsóknarlögrelga ríkisins aflaði sér upplýsinga hjá tollstjóraembættinu í Reykjavík varðandi framangreinda flutninga á hjólbörðum af hálfu fyrirtækja þeirra, sem ákærði Gísli Grétar hafði með að gera. Sömuleiðis var aflað upplýsinga um flutninga Hjólbarðasölunnar sf. á hjólbörðum til varnarliðsins í gegnum Tollvörugeymslu Suðurnesja hf. Þá var aflað ýmissa gagna frá varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli, svo sem pantana eða innkaupabeiðna frá birgðadeild þess á hjólbörðum.

Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður, Barrholti 35, Mosfellssveit, sem að mestu annaðist rannsókn þessa máls af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að við rannsókn hafi verið byggt á eftirtöldum gögnum frá varnarliðinu:

Greiðslu eða pöntunarformi, ljósriti af reikningum Hjólbarðasölunnar sf. og að lokum ljósriti af tékkum til greiðslu á pöntunum, sem lágu fyrir í öllum tilvikum, þar sem grunur var fyrir hendi um vöntun. Hins vegar bárust ekki frá varnarliðinu ljósrit af beiðnum, sem lágu til grundvallar pöntunum né birgðaskrá. Taldi Guðmundur, að eftir birgðaskrá hafi verið gengið, en ekki hafi verið unnt að leggja hana fram.

Til að komast að raun um, hvað hefði verið flutt af hálfu Hjólbarðasölunnar sf. og Nitto-umboðsins ótollafgreitt til varnarliðsins, hafi hann fengið skrá hjá tollstjóranum í Reykjavík yfir alla slíka flutninga. Síðan hafi hann fengið hjá ríkisendurskoðun þau skjöl, sem áttu við, þ.e. tollseðla, úttektarbeiðnir og aðflutningsskýrslur. Jafnframt hafi hann fengið hjá ákærða Gísla Grétari sömu gögn, og minntist hann þess ekki, að neitt misræmi hafi verið milli þeirra og þeirra gagna sem lágu fyrir hjá ríkisendurskoðun.

Í upplýsingaskýrslu, er Guðmundur Guðjónsson gerði hinn 28. desember 1978 og hann hefur staðfest fyrir dómi, segir meðal annars:

„Með því að bera saman tollseðlana og viðeigandi aðflutningsskýrslur er hægt að sjá út stærð hjólbarðanna og slangnanna sem flutt var til varnarliðsins.

Eftir stærðunum var síðan hægt að sjá út við hvaða pöntun varnarliðsins hver tollseðill átti.

Til að tryggja að allir tollseðlar kæmu fram voru númer þeirra borin saman við þá tollseðla sem tollgæslan á Keflavíkurflugvelli hafði afrit af varðandi Hjólbarðasöluna og Nitto-umboðið, en tollgæslan á Keflavíkurflugvelli heldur eftir afriti af öllum tollseðlum. Eins hefur Gísli Sigurjónsson framkvæmdastjóri Hjólbarðasölunnar lagt fram afrit af þeim tollseðlum sem hann hefur varðandi flutning til varnarliðsins.“ Í framhaldi af þessu kom í skýrslunni yfirlit yfir allar pantanir varnarliðsins á hjólbörðum og slöngum, frá því samningur var gerður við Hjólbarðasöluna sf., svo og kemur þar fram, hvaða pantanir hafa ekki verið sendar varnarliðinu undanþegnar aðflutningsgjöldum. Samkvæmt þessu yfirliti voru pantaðir 6703 hjólbarðar og 2254 hjólbarðaslöngur á þessu tímabili, og greiddi varnarliðið fyrir þessar pantanir samtals $ 448.319,66. Hins vegar væri fjöldi hjólbarða, sem greiddir hefðu verið, en ekki væru til tollpappírar um sendingu á til varnarliðsins 2198 og hjólbarðaslangna 690. Fjárhæð þeirra hjólbarða og hjólbarðaslangna, sem varnarliðið hefði greitt fyrir, en ekki væru til tollpappírar um sendingu á til varnarliðsins, næmi $ 159.651,96.

Í framhaldi þessa gerði rannsóknarlögreglumaðurinn lista yfir „ætlaðar falspantanir“ í tveimur dálkum. Annars vegar eru skráðar þær pantanir, sem varnarliðið greiddi fyrir, en ekki eru til tollskjöl um sendingu á. Er niðurstöðutala þess dálks sú, sem hér að framan greinir. Hins vegar er dálkur yfir það, sem ákærði Gísli taldi, að varnarliðið hafi greitt fyrir, en ekki fengið. Niðurstöðutala þess dálks er $ 153.753,81 og kr. 32.832.923,69. Er ákæran í málinu byggð á þessum síðarnefnda dálki alfarið.

II.

Yfirheyrslur hófust vegna máls þessa hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 8. desember 1978. Þann dag var ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson yfirheyrður. Skýrði hann svo frá við yfirheyrsluna, að hann væri nú deildarstjóri í birgðadeild Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli og hefði hann haft það starf með höndum síðastliðið eitt og hálft ár. Áður hafði hann verið deildarstjóri í „Shop store three“, en þann starfa hafi nú Geir Guðmundsson. Ákærði skýrði svo frá, að sá, sem gegndi þessi starfi, ákvæði, hversu mikið væri pantað af hjólbörðum hverju sinni. Þessi deildarstjóri útfyllti

sérstakt form, þegar hann óskaði eftir, að hjólbarðar væru pantaðir. Hann tók fram, að þar til fyrir um hálfu ári, hafi ekki þurft að undirrita þetta form með nafnritun, en síðan hafi þessu verið breytt og krafist nafnritunar. Deildarstjóri í umræddri deild eigi að kvitta fyrir móttöku vörunnar, en hins vegar hafi það komið alloft fyrir, að hann sjálfur hafi verið beðinn að kvitta fyrir móttöku á hjólbörðum, þrátt fyrir það að deildin, þar sem tekið er á móti hjólbörðunum, sé í nokkuð mikilli fjarlægð frá þeim stað sem hann vinni á. Ástæðan fyrir því, að hann sé beðinn um þetta, sé sú, að því er hann telji, að hann hafi áður verið deildarstjóri þarna, en hann kvaðst þó ekki hafa spurst fyrir um ástæðuna. Hann var spurður að því, hvernig hann gæti staðfest, að það magn af hjólbörðum væri komið í deildina, sem pöntunin hljóðaði upp á, og svaraði hann því til, að hann aflaði sér upplýsinga um það hjá Geir Guðmundssyni áður en hann undirritaði, en gengi ekki sjálfur úr skugga um það, hvort magnið kæmi heim og saman við reikninginn. Kvaðst hann ekki hafa ástæðu til að vantreysta undirmönnum sínum, þ.e. Geir Guðmundssyni, en þessi deild heyrði undir sig. Aðspurður kvaðst ákærði ekkert vita um hugsanlega vöntun á hjólbörðum, og vissi hann ekki til þess, að fleiri hjólbarðar hafi verið greiddir heldur en komið hafi, né vissi hann um neitt óeðlilegt í sambandi við hjólbarðakaupin.

Ákærði Geir Guðmundsson kom til yfirheyrslu 9. desember 1978. Kvaðst hann hafa starfað í framangreindri deild á Keflavíkurflugvelli síðan 18. júní 1975, en hann hefði verið deildarstjóri þar síðan í júní 1977, er hann tók við því starfi af ákærða Þorvaldi Bergmann. Áður en hann hafi orðið deildarstjóri, hafi hann ekki séð um pantanir á hjólbörðum eða kvittað fyrir móttöku á þeim. Gerði hann ráð fyrir, að það hafi ákærði Þorvaldur gert, án þess, að geta fullyrt um það, enda kvaðst hann einungis hafa verið afgreiðslumaður þá. Eftir að hann hafi sjálfur orðið þarna deildarstjóri, hafi hann útbúið pöntunarbeiðnir og þá haft það í huga að fullnægja eftirspurn þeirra aðilja, sem eiga að fá dekk hjá þessari deild, en þessa pöntunarbeiðni hafi hann síðan sent til innkaupadeildar. Þessi beiðni fari þó áður í hendur fleiri aðilja, sem gangi úr skugga um, að umbeðin vara sé ekki til í öðrum deildum hersins, þannig að hennar sé þörf.

Síðan sagði ákærði, að þegar hjólbarðarnir kæmu, bæri hann pöntunina saman við pöntunarbeiðnina og ef þessu bæri saman, sem ætíð hafi gerst, þá hafi hann undirritað eitt afrit af pöntunarbeiðninni, sem síðan færi til innkaupadeildar. Hann kvað þó það hafa verið ýmist, að hann eða ákærði Þorvaldur hafi kvittað fyrir þessu. Í þeim tilvikum, þar sem Þorvaldur hafi kvittað fyrir vörunni, þá hafi hann, þ.e. Geir, látið hann vita, að varan væri öll komin. Það væri engin sérstök regla á því, hvor þeirra Þorvalds kvittaði fyrir vörunni.

Varðandi grun um misferli í sambandi við dekkjakaupin sagði ákærði, að hann hefði ekki orðið var við annað en að allt væri með felldu.

Framangreindir ákærðu, þ.e. Þorvaldur Bergmann Björnsson og Geir Guðmundsson, voru færðir fyrir dómra þennan sama dag, þ.e. 9. desember 1978, vegna kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins um gæsluvarðhaldsúrskurð yfir þeim. Staðfestu þeir báðir þar framangreindar skýrslur sínar og neituðu að eiga hér aðild að nokkru misferli. Ákærðu voru næsta dag úrskurðaðir til að sæta gæsluvarðhaldi vegna rannsóknar máls þessa allt til miðvikudagsins 20. desember 1978.

Ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson kom til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 10. desember 1978. Skýrði hann svo frá, að það hafi sennilega verið haustið 1976 sem hann gerði samning við bandaríska herinn á Keflavíkurflugvelli um innflutning og sölu á Mohawk hjólbörðum til hersins í gegnum fyrirtæki sitt, Hjólbarðasöluna sf. Taldi hann sig hafa gert lægsta tilboð og því hafi samningur verið gerður við fyrirtæki sitt. Áður en þessi samningur var gerður, seldi hann varnarliðinu hjólbarða af og til um nokkurra mánaða skeið. Var þar um frjálsa sölu að ræða og enginn samningur þar um, enda keypti varnarliðið á þeim tíma hjólbarða af fleiri aðiljum.

Ákærði skýrði síðan frá því, að fljótlega eftir að hann gerði umræddan samning við varnarliðið, hafi ákærði Þorvaldur Bergmann, þá deildarstjóri í þeirri deild hersins, sem veitti hjólbörðunum viðtöku, komið að máli við sig. Fór hann fram á það, að þeir gerðu samkomulag með sér um, að hann, þ.e. Þorvaldur, gerði pantanir á hjólbörðum, sem ákærði síðan fengi greiddar að fullu, en kæmi hins vegar ekki með til hersins nema að hluta. Fengi ákærði þannig greitt fyrir fleiri hjólbarða en hann kæmi með. Talaði Þorvaldur um, að Gísli fengi 25% af hagnaðinum, sem af þessu yrði, en Þorvaldur sjálfur fengi 75%. Kvaðst ákærði hafa fallist á að gera þetta.

Ákærði kvað þetta hafa verið gert þannig, að hann hafi komið með reikning fyrir þeim pöntunum á hjólbörðum, sem gerðar voru, er hann lét Þorvald hafa og kom hann reikningnum síðan áleiðis til greiðslu. Var síðan ýmist, að ákærði kæmi með hluta af pöntuninni til hersins eða kæmi ekki með neitt af pöntuninni eða í sumum tilvikum, að hann kæmi með alla pöntunina. Yfirleitt sótti hann ávísanir, sem pantanirnar voru greiddar með, og skiptu þeir Þorvaldur síðan hagnaðinum. Gekk þetta þannig allt fyrsta samningstímabilið og í byrjun þess næsta, sem hófst í júlí 1977.

Haustið 1977 kom Þorvaldur að máli við hann og fór fram á að fá einnig hagnaðarhluta af þeim hjólbörðum, sem ákærði lét herinn fá. Ákærði neitaði því, en féllst í staðinn á að fá aðeins 10% af þeim ólöglega hagnaði, sem þeir höfðu áður samið um, að hann fengi 25% af.

Varðandi það, hvort fleiri aðiljar hafi staðið að þessum ólöglegu við-

skiptum, skýrði ákærði svo frá, að Geir Guðmundsson, sem hefði tekið við starfi Þorvalds, vissi að einhverju leyti um þetta, en ákærði taldi útilokað, að hann ætti nokkurn hlut þarna að máli. Þá sagði ákærði, að Halldór Magnússon, háttsettur yfirmaður þarna og góður kunningi Þorvalds, hlyti að hafa haft um þetta vitneskju eða jafnvel átt þarna hlut að, þótt svo að hann sjálfur hafi einungis átt samskipti við Þorvald í þessu sambandi. Þá sagði ákærði, að Hrafnkell Óskarsson, sem starfaði á hjólbarðaverkstæði hersins, hefði hugsanlega haft vitneskju um þetta.

Varðandi það, hversu mikið fé þeir hefðu svikið út eða um hve marga hjólbarða væri að ræða, sem herinn hafi greitt fyrir, en ekki fengið, þá kvaðst hann ekki vita það. Varðandi grun um, að þessi vöntun á hjólbörðum næmi milli 17-1800 stk. þá fannst honum ólíklegt, að um svo mikið magn væri að ræða. Tók hann fram í þessu sambandi, að hann hefði flutt til hersins hjólbarða af eigin heildsölulager og þá tollafgreidda hjólbarða, þar sem ekki var til í Tollvörugeymslu umbeðin stærð hjólbarða. Gæti hér verið um að ræða milli 2 og 300 hjólbarða fyrir allt samningstímabilið.

Ákærði kom fyrir sakadóm þennan sama dag að beiðni rannsóknarlögreglu, og staðfesti hann framangreinda skýrslu sína. Kvaðst hann hafa skýrt eftir bestu vitund frá því, hvernig umrætt misferli hófst, hvernig það var framkvæmt og hverjir hafi átt hlutdeild í því.

Ákærði var yfirheyrður frekar um mál þetta hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 16. desember 1978. Skýrði hann svo frá að í upphafi, þ.e. í byrjun fyrsta samningstímabils, þá hafi eingöngu verið látið vanta í sendingar, sem pantaðar höfðu verið og greiddar, nema pöntun í nóvember 1976 að fjárhæð $ 13.593,35, sem algjörlega hafi verið fölsuð. Þegar fór að líða á fyrsta samningstímabilið eða í byrjun þess næsta, hafi þeir hins vegar reynt að mestu leyti að láta greiða fyrir heilar pantanir, sem síðan var ekki komið með. Þó kom það einnig fyrir og alveg fram undir það síðasta, að greitt var fyrir pantanir, sem viljandi var látið vanta í. Þó tók hann fram í þessu sambandi, að í sumar sendingar hafi vantað hjólbarða, þar sem hann átti þá ekki til og hafi hann fengið reikninginn greiddan engu að síður að fullu og skilað síðar þeim hjólbörðum, sem vantaði. Þá kvað hann stundum hafa komið fyrir, að hann hafi orðið að nota þær pantanir, sem þeir hefðu viljandi látið vanta í eða fengið greiddar, án þess að neinum dekkjum væri skilað á móti, til þess að geta fengið tollpappíra stimplaða, svo unnt væri að láta varnarliðið fá það, sem vantaði í sendingar, er ráðgert var að kæmu síðar. Taldi hann því mjög erfitt að segja til um, hvaða pantanir væru falsaðar og hverjar ekki, sérstaklega fyrir þá hina, sem stóðu að þessu með honum. Hann ætti þó að geta sagt til um þetta að mestu leyti, eftir að búið væri að bera saman tollseðla við pantanir þær, sem greiddar voru.

Þá sagði ákærði, að hann hefði nú borið saman tollseðlana, sem væru

sönnun þess, að hann hafi farið með þá hjólbarða, er þeir hljóða á, til varnarliðsins, og greiddar pantanir. Virtist sér eftir því, að misferlið hjá þeim næmi á milli 150-160.000 dollurum.

Ákærði Halldór Örn Magnússon kom fyrst til yfirheyrslu vegna máls þessa 10. desember 1978. Kannaðist hann þá ekki við neitt misferli í sambandi við pöntun eða pantanir á hjólbörðum hjá varnarliðinu. Kvaðst hann starfa hjá birgðadeild Bandaríkjahers og væri hann aðstoðarmaður yfirmanns deildarinnar. Kvaðst hann ekki hafa bein afskipti af hinum ýmsu deildum birgðadeildar nema hvað varðaði ýmis stjórnunaratriði, t.d. starfsmannahald, ráðleggingar varðandi starfstilhögun o.fl. Kvað hann sér koma mjög á óvart, ef um misferli væri að ræða í sambandi við hjólbarða, og gæti hann varla séð, hvernig hægt væri að falsa skjöl og aðra pappíra í þessu sambandi. Hann kvað þá ákærða Þorvald Bergmann vera mjög góða kunningja og vini og ætti hann mjög erfitt með að trúa því, að hann væri viðriðinn eitthvert misferli í sambandi við vinnuna.

Ákærði kom fyrir dóm þennan sama dag, og kvaðst hann þar ekki hafa neinu við þessa skýrslu sína að bæta, þar sem hann hafi hvorki átt þátt í ætluðu misferli né vitað til, að það hafi átt sér stað. Ákærði var í framhaldi af þessu úrskurðaður að kröfu rannsóknarlögreglu til að sæta gæsluvarðhaldi til 20. desember 1978.

Hinn 12. desember 1978 kom ákærði Halldór Örn aftur til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, og sagði hann þá, að í fyrri skýrslu sinni hafi hann ekki skýrt rétt frá í öllum atriðum og vildi hann nú skýra frá málinu sannleikanum samkvæmt.

Hann kvað þetta hafa byrjað þannig, að ákærði Þorvaldur hafi komið til sín, skömmu eftir að samningurinn við Hjólbarðasöluna hafi fyrst verið gerður, og farið að ræða um möguleika á því að láta varnarliðið greiða fyrir fleiri hjólbarða heldur en það fengi. Þorvaldur hafi þá verið búinn að ræða þetta mál við Gísla og fá hann til þátttöku í þessu, ef af yrði. Þeir Þorvaldur hafi þá farið að hugsa málið, þ.e. hvernig þetta væri framkvæmanlegt, og kvaðst ákærði strax hafa séð, að þeir yrðu að fá í lið með sér Hrafnkel Óskarsson, sem vann á dekkjaverkstæðinu og sá um að skrá dekkjanotkun á hverjum bíl varnarliðsins, og hafi Þorvaldur fært þetta í tal við hann. Féllst Hrafnkell á að taka þátt í þessu.

Ákærði kvað árlega gerða vörutalningu og samanburð við bókhald, þannig að þeir hafi einungis þurft að láta bókhaldið stemma, þegar það var gert. Þeir hafi farið þannig að þessu, að Hrafnkell hafi skráð meiri dekkjanotkun á bílana heldur en hún hafi verið jafnframt því að nýta betur dekkin, sem voru til staðar. Með þessu hafi þeir safnað í bókhaldinu dekkjum, sem ekki voru til, og síðan gert pöntun upp á þá upphæð, sem aldrei kom, en var greidd. Einnig hafi þeir notað þá aðferð á tímabili að hækka

verð á hverjum hjólbarða á pappírunum, þannig að í bókhaldinu safnaðist ákveðin upphæð, sem hægt var að greiða með reikning til að stemma bókhaldið af, þannig að tala keyptra hjólbarða í bókhaldinu bæri ætíð saman við lager. Byggðist þetta því á að greiða reikninga, þar sem ekki voru afhentir hjólbarðar á móti. Á þennan hátt hafi þeir fengið greiddar pantanir í þrjú til fjögur skipti á fyrsta samningi og tvisvar til þrisvar á öðrum samningi. Hins vegar hafi ekkert misferli af þeirra hálfu átt sér stað á síðasta eða þriðja samningstímabili.

Ákærði sagði, að í upphafi hafi þeir skipt hagnaði þannig, að hver þeirra, þ.e. Gísli, Þorvaldur og Hrafnkell og hann sjálfur, hafi fengið 25% hagnað. Þetta hafi gengið svo til, þar til Þorvaldur fékk stöðuhækkun og Geir Guðmundsson tók við deildarstjórastarfi af honum. Þá hafi þeir orðið að taka Geir með, til að þetta gæti gengið. Var hagnaðarhlutföllum þá breytt þannig, að Gísli hafi fengið 10%, hann sjálfur og Þorvaldur 25% hvor og Geir og Hrafnkell sín 20% hvor.

Varðandi það, hve hagnaður af þessu misferli hafi verið mikill, þá kvaðst ákærði geta trúað, að heildarhagnaðurinn, þ.e. hagnaður þeirra allra, hafi numið um það bil 20-25 milljónum króna. Taldi hann fullvíst, að ákærðu Gísli og Þorvaldur gætu bent á þá reikninga, sem ranglega höfðu verið greiddir. Hann tók fram, að hann hefði sjálfur ekki komið nálægt framkvæmdinni, þannig að hann vissi ekki algjörlega um öll atriði í þessu sambandi.

Hann tók fram, að sú fjárhæð, sem varnarliðið gæfi upp um svik, gæti ekki staðist og væri hún mun hærri heldur en rétt væri. Vildi hann einnig benda á, að Hjólbarðasalan hafi flutt til varnarliðsins hjólbarða, sem tollar hafa verið greiddir af, og sýni úttektarbeiðnir Tollvörugeymslu því ekki rétta mynd af því magni hjólbarða, sem herinn fékk. Kvaðst hann ekki vita um, hversu mikið hefur hér verið um að ræða, en hann hafi vitað til þess, að slíkir hjólbarðar hafi verið í nokkru magni, sérstaklega fyrsta árið.

Ákærði kom enn til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 16. desember, og var þar bókað eftir honum, að samkvæmt þeim gögnum, sem hann hafi séð hjá rannsóknarlögreglu, þ.e. aðallega hjólbarðapantanir ásamt fleiri skjölum, þá virtist sér, að heildarupphæð sú, sem þeir ákærðu hafi aflað í sambandi við þetta misferli, væri um 150-160.000 dollarar. Hann hafi áður sagt í yfirheyrslu, að þessi upphæð gæti ekki staðist, en það hafi ekki verið rétt hjá sér, enda hafi hann þá ekki verið búinn að sjá þau gögn, sem fyrir lágu í málinu.

Ákærði kvaðst halda, að þeir hafi svikið út meira fé fyrsta árið, þ.e. tímabilið 1976-1977, því að á seinna tímabilinu 1977-1978 eða reyndar í janúar 1978 þá hafi varnarliðið sjálft byrjað að leggja 8-12% á hvern hjól-

barða, sem seldur var út frá „Shop store three". Hafi þeir orðið að hætta að leggja sjálfir á hvern hjólbarða eða allavega að minnka það mikið.

Varðandi einstakar pantanir, sem falsaðar hafa verið, kvaðst ákærði eiga erfitt með að benda á þær með fullri vissu, þar sem hann hafi ekki komið nálægt framkvæmdinni. Einnig ber þess að geta að fyrsta árið, þegar þeir byrjuðu á þessu, hafi þeir stundum látið vanta í pantanir, þ.e. aðeins hluti af pöntuninni hafi verið falsaður. Annars var ekkert fast munstur á þessum aðgerðum þeirra að sögn ákærða, þannig að erfitt væri að gera sér grein fyrir einstökum atriðum. Einnig væri þess vegna erfitt að gera sér grein fyrir heildarupphæð þeirri, sem þeir hefðu svikið út, en eins og hann hafi áður sagt, þá liggi hún í um það bil 150.000 dollurum og gæti verið eitthvað hærri.

Að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins var ákærði yfirheyrður fyrir dómi 17. desember 1978. Staðfesti hann þar skýrslur sínar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 12. og 16. þ.m. Var ákærði látinn laus úr gæsluvarðhaldi þennan dag.

Eins og fyrr greinir, neitaði ákærði Þorvaldur Bergmann við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 8. desember og fyrir dómi 9. desember allri aðild að misferli vegna sölu á hjólbörðum til varnarliðsins. Ákærði kom til yfirheyrslu á ný hjá rannsóknarlögreglu 12. desember. Var honum þar bent á, að rannsókn málsins hafi leitt í ljós, að færri hjólbarðar væru fluttir til varnarliðsins en greitt hafi verið fyrir. Er síðan orðrétt bókað eftir ákærða:

„Ég þræti ekki fyrir að það hafi átt sér stað og hefi ég átt þar sjálfur hlut að máli. Ég man ekki ljóslega tildrög að þessu en þetta þróaðist bara á milli manna. Ég get ekki fullyrt nákvæmlega um það hvenær þetta byrjaði en gæti trúað að það hafi verið nokkrum mánuðum eftir að fyrsta samningstímabilið hófst."

Ákærði kvað hafa verið í þessu í upphafi auk sín þá Halldór Magnússon og Gísla Sigurjónsson. Hann muni ekki, hvort Hrafnkell hafi komið strax inn í myndina eða síðar. Geir hafi síðan komið inn í þetta, þegar ákærði sjálfur var gerður að deildarstjóra í annarri deild og Geir hafi tekið við hans starfi.

Ákærði lýsti atferli þeirra þannig, að í einhver skipti hafi þeir útbúið pantanabeiðnir og reikninga, sem greitt var fyrir, án þess að hjólbarðasendingarnar kæmu. Eins hafi þeir lagt 6-8% á þá hjólbarða, sem seldir voru frá „Shop store three", en allir hjólbarðar væru seldir þaðan og þeir hafi skipt hagnaðinum á milli sín. Þó hafi þessi 6-8% ekki verið allt hagnaður, heldur komi og inn í þetta slöngur í hjólbarða og naglar fyrir snjóhjólbarða, sem ekki var sérstök heimild fyrir og varð að fóðra á þennan hátt. Hann gat ekki sagt til um það, hvort þessi framangreinda álagning hafi

verið sett á allar sendingar frá Hjólbarðasölunni eða bara í einstökum tilfellum. Eins tók hann fram, að herinn legði sjálfur 5% álagningu á hjólbarða, sem seldir væru frá „Shop store three".

Varðandi þátt einstakra manna í þessu kvaðst ákærði hafa útbúið allar hjólbarðapantanir sjálfur, meðan hann hafi starfað í „Shop store three", og þar á meðal hafi verið þær pantanir, sem fyrirhugað var að ekki kæmu, og kvaðst hann einnig hafa kvittað fyrir móttöku á þeim sendingum, sem ekki komu. Þetta hafi þó átt eingöngu við, meðan hann var þarna deildarstjóri.

Eftir að hann hafi tekið við sínu núverandi starfi, hafi Geir útbúið allar pantanir, en hann kvaðst þó hafa kvittað áfram fyrir móttöku hjólbarða, en það hafi hann eingöngu gert vegna starfsfólksins, eins og hann hafi áður skýrt frá í málinu. Geir hafi séð um að útbúa allar hjólbarðapantanir, þar á meðal þær pantanir, sem ekki komu og greitt var fyrir. Þáttur Hrafnkels hafi allur verið í sambandi við álagninguna á hjólbarðana. Halldór hafi ekki komið nærri framkvæmdinni, nema hann skipulagði þetta ásamt þeim Gísla í upphafi og fékk sinn hagnað af ágóðanum.

Varðandi það, hversu mikið þeir hafi hagnast á þessu, þá kvaðst ákærði ekki geta farið nærri um það annað en að sú fjárhæð, sem herinn gæfi upp, væri langt frá raunveruleikanum, og átti ákærði þá við um það bil 50 milljónir íslenskra króna. Hann kvaðst ekki geta farið nærri um það, hversu mikið hann hefði fengið í sinn hlut.

Ákærði kvað skiptingu á hagnaði, eftir að Geir hafi komið inn í dæmið í júní 1977, vera eftirfarandi: Sjálfur hafi hann fengið 25%, Halldór 25%, Gísli 10%, Hrafnkell 20% og Geir 20%. Skipting á hagnaði fyrir þann tíma mundi hann ekki, hver var.

Þá tók ákærði fram, að bókhald hersins væri ekki ábyggilegt, þannig að oft kæmu inn afgreiddir hjólbarðar, sem gleymdist að bóka, og gæti þetta skakkað um 15-20%. Eins vildi hann taka fram, að honum væri kunnugt um, að þegar vörutalning sú fór fram, er herinn lét gera vegna rannsóknar máls þessa, þá hafi ekki verið taldir hjólbarðar í opinni geymslu og hafi þar verið um nokkuð háa fjárhæð að ræða.

Ákærði kom enn á ný til yfirheyrslu vegna máls þessa 16. desember 1978. Var hann þá spurður að því, hve háa fjárhæð hann teldi vera um að ræða í sambandi við misferli þeirra félaga við hjólbarðapantanir. Kvaðst hann ekki geta gefið skýringu á því, en taldi, að sú fjárhæð, sem um hefði verið rætt í því sambandi, þ.e. u.þ.b. 150.000 dollarar, væri fjarri sanni, að minnsta kosti hvað varði sína þátttöku. Þá kvaðst hann ekki treysta sér til að benda á ákveðnar pantanir, sem þeir hafi falsað eða látið vanta í. Í upphafi hafi þeir bæði látið vanta í pantanir og eins falsað pantanir, er þeir fengu greiddar. Sér vitanlega hafi þetta síðan þróast upp í að verða

eingöngu heilar pantanir, sem ekki komu, en ekki hafi verið látið vanta í pantanir sem komu.

Ákærði kvaðst yfirleitt hafa sótt peningana til Gísla, eftir að hann hafði skipt ávísuninni í íslenska mynt, að frádregnum hans hluta. Kvaðst ákærði síðan hafa deilt peningunum á milli hinna.

Ákærði tók fram, að sér vitanlega hafi engin pöntun verið fölsuð eða verið staðið að misferli í þessa átt síðan snemma í vor, sennilega í mars, þ.e. 1978. Ef um eitthvert misferli hafi verið að ræða eftir þann tíma, þá hafi hann ekki staðið að því.

Ákærði kom fyrir dóm að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins 17. desember 1978. Staðfesti hann þar skýrslur þær, sem hér hafa verið raktar og gefnar voru 12. og 16. s.m. Kvað hann þar allt komið fram í málinu af sinni hálfu, er hann hafi um það að segja. Ákærði var þennan dag látinn laus úr gæsluvarðhaldi.

Svo sem fyrr greinir, neitaði ákærði Geir Guðmundsson því við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og fyrir dómi 9. desember 1978, að hann ætti aðild að nokkru misferli í sambandi við mál þetta. Ákærði kom á ný til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 10. desember, og skýrði hann svo frá, að fyrri skýrsla hans í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni væri ekki rétt að öllu leyti. Vildi hann nú viðurkenna, að misferli hefði átt sér stað í sambandi við pantanir á hjólbörðum og að varnarliðið hefði verið látið borga pantanir, sem alls ekki hafi komið á Keflavíkurflugvöll, hvað þá að hjólbarðar þeir, sem pantaðir hafi verið í þessum tilvikum, hafi nokkurn tíma verið til staðar. Þeir, sem hafi verið upphafsmenn í þessu misferli og skipulagt það, væru ákærðu Þorvaldur B. Björnsson og Halldór Örn Magnússon.

Ákærði kvaðst hafa verið afgreiðslumaður í söludeild þar til í júní 1977, að Þorvaldur, sem var deildarstjóri í þessari deild, hafi skyndilega fengið stöðuhækkun yfir í aðra deild innan birgðadeildar. Hafi hann þá tekið við fyrra starfi Þorvalds, þar sem hann hafi haft mestan starfsaldur af þeim, sem fyrir voru. Þegar hann hafi verið búinn að vera í þessu starfi í um það bil hálfan mánuð, hafi Þorvaldur komið að máli við sig og skýrt sér frá því, að hann sjálfur og Halldór ásamt forstjóra Hjólbarðasölunnar s/f væru með dálítið ævintýri í kringum hjólbarðapantanir. Væri þetta fólgið í, að Þorvaldur falsaði pantanir, þ.e. pantaði hjólbarða, sem í rauninni væru ekki til, en varnarliðið borgaði þó fyrir. Til að þetta væri framkvæmanlegt, þá hefði Þorvaldur í sinni fyrri stöðu hækkað verð á hverjum einstökum hjólbarða, sem seldur var út frá deildinni til hinna ýmsu deilda varnarliðsins og þá aðallega „Motor-pool". Kvaðst hann hafa hækkað verðið frá 6 dollurum allt upp í 20 dollara eftir stærð hjólbarða, frá upprunalega verðinu. Héldi hann síðan skrá yfir fjárhæð þá, sem hækkunin

næmi, og síðan útfyllti hann pöntun á hjólbörðum fyrir upphæð þá, er hann hefði safnað saman á pappírum. Með þessu móti væri hægt að komast hjá ósamræmi, sem annars óhjákvæmilega kæmi fram við vörutalningu. Gísli fengi síðan greitt fyrir pöntunina, en þeir Þorvaldur og Halldór fengju stærstan hluta hverrar pöntunarupphæðar, en Gísli töluvert minna, eða ca. 10%. Bauð Þorvaldur ákærða Geir nú að taka þátt í þessu, enda hafi hann verið kominn í fyrri stöðu Þorvalds, þannig að þetta ráðbrugg félli um sjálft sig, þar sem Þorvaldur var ekki lengur í þeirri aðstöðu að sjá um að hækka verðið og halda skrá yfir, hve hækkunin næmi miklu eftir ákveðinn tíma. Sú deild, er Þorvaldur var nú kominn í, er yfir söludeildinni, þannig að Þorvaldur var áfram yfirmaður ákærða, og kvaðst hann því hafa leiðst út í þetta, þar sem hann þorði eiginlega ekki að neita, enda hefði hann þá sennilega misst stöðuna.

Ákærði kvað hlutverk sitt því vera að skrifa hjólbarða á hærra verði út og halda skrá yfir upphæðina, sem myndaðist við hækkunina. Þorvaldur hafi síðan ákveðið, hvenær ætti að panta fyrir þá upphæð, sem myndast hefði, og kvaðst ákærði hafa útfyllt þá pöntun og afhent Þorvaldi, en hann hafi séð um framhaldið og kvittað undir. Kvaðst ákærði hafa átt þátt í fjórum pöntunum, frá því hann flæktist í þetta, og hafi hann átt að fá 10% í sinn hlut og vissi hann, að Gísli fékk eitthvað álíka, þannig að Þorvaldur og Halldór hafi fengið meginhlutann eða alla vega 80%. Greiðsla hafi farið þannig fram, að Þorvaldur hafi greitt sér sinn hluta ca. hálfum mánuði eftir hverja falsaða pöntun. Í apríl eða maí 1978 hafi Þorvaldur verið erlendis og hafi samist um, að Gísli léti sig hafa peningana fyrir eina pöntunina, og kvaðst ákærði síðan hafa afhent Halldóri upphæðina, eins og samið hefði verið um, og hafi hann afhent sér sinn hluta, þ.e. hluta Geirs.

Ákærði kvaðst samtals hafa fengið greitt um kr. 2.000.000, frá því að fyrsta pöntun var fölsuð, en það hafi verið í september 1977. Mundi hann, að upphæð þeirrar pöntunar nam 20.000 dollurum, og kvaðst hann ekki hafa átt þátt í að útfylla þá pöntun, enda hefði Þorvaldur séð um að safna þessari upphæð eða stærstum hluta hennar, áður en ákærði hafi komið til sögunnar. Kom því eingöngu smáupphæð í hans hlut af þessari pöntun.

Ákærði sagði síðan, að það hafi verið á sl. sumri, þ.e. 1978, að hann hafi ákveðið að hætta að taka þátt í þessu, og kveðst hann hafa tilkynnt Þorvaldi það og hafi ekki verið fölsuð pöntun síðan. Ákærði taldi sig hafa leiðst út í þetta vegna sérstakra aðstæðna, t.d. taldi hann sig geta misst vinnuna, ef hann neitaði að taka þátt í þessu, þar sem bæði Þorvaldur og Halldór voru yfirmenn hans, en hann tók þó fram, að sér hafi aldrei verið hótað stöðumissi. Þá sagði hann, að hann hafi haldið, að eigandi Hjólbarðasölunnar, ákærði Gísli, hafi viljað losna út úr þessu, en átt erfitt

með það vegna þrýstings frá Þorvaldi og Halldóri. Varðandi þátt Halldórs þá hafi hann ekki tekið beinan þátt í að falsa pappíra, en hann hafi staðið jafnt á bak við þetta og Þorvaldur, enda væri Halldór yfirmaður hans.

Ákærði kom á ný til yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 13. desember 1978, og kvaðst hann nú vilja bæta við nokkrum atriðum, sem hann hafi ekki skýrt frá í fyrri yfirheyrslum. Kvað hann einn aðilja í viðbót koma inn í þetta mál og væri það Hrafnkell Óskarsson, sem starfaði í „Motorpool". Kvaðst hann telja, að hann hafi verið með frá upphafi eða þegar umræddar falsanir byrjuðu. Varðandi hlutverk hans í þessu þá kvaðst ákærði ekki hafa skilið það til fulls, alla vega ekki eftir að hann sjálfur kom inn í þetta. Hafi Hrafnkell ekki verið neinn hlekkur í því að falsa pantanir og varðandi vinnubeiðnir, sem hann falsaði, þá hafi það verið mjög lítið prósent af heildarupphæð. Gat ákærði helst látið sér detta í hug, að hans hlutverk hafi verið eitthvað öðruvísi og meira í upphafi, en hann hafi samt fengið greitt áfram. Eftir að ákærði Geir byrjaði, kvaðst hann hafa séð um að greiða Hrafnkeli hans hluta og geti það varla hafa verið meira en ca. 10%. Skildist ákærða og á Hrafnkeli sjálfum, að hann fengi bara og hefði fengið slatta af peningum af og til til þess að hafa hann góðan. Miðað við það, sem Hrafnkell sagði ákærða, að hann hefði fengið, áður en ákærði kom sjálfur í hópinn, en það var um kr. 1.500.000,00, þá ætti hann að hafa fengið samtals um kr. 3.500.000,00.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson kom fyrst til yfirheyrslu vegna máls þessa hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 12. desember 1978. Viðurkenndi hann þegar í upphafi að vera viðriðinn misferli, er hann var spurður um falsanir á pöntunum á hjólbörðum til hersins á Keflavíkurflugvelli. Hann kvað svo mál með vexti, að um vorið 1976 hafi ákærði Þorvaldur komið að máli við sig og spurt sig að því, hvort hann vildi ekki þéna aukapening. Ákærði var í dálítilli peningaþröng, þar sem hann ætlaði að kaupa sér bifreið, og vissi ákærði Þorvaldur af því. Kvaðst ákærði hafa svarað þesu játandi, og sagði Þorvaldur þá, að hann ætti að skrá fleiri hjólbarða, sem færu í notkun hjá „Motorpool," heldur en færu í rauninni í notkun. Ákærði kvaðst hafa verið verkstjóri hjá „Motorpool" og hafi hann meðal annars séð um að halda skrá yfir þá hjólbarða, sem væru settir á bíla. Er þetta skráð á svokallaðar vinnubeiðnir, sem sendar eru til söludeildarinnar, t.d. þegar hjólbarðar voru settir á ákveðna bifreið. Þá kvaðst ákærði hafa skráð á vinnubeiðni, hve margir hjólbarðar voru settir á bifreiðina og hvaða stærð hjólbarða væri um að ræða. Síðan hafi söludeildin fengið vinnubeiðnina og skráð eða reiknað út kostnað eða verð hjólbarðanna, sem settir höfðu verið á viðkomandi bifreið. Átti hann því að falsa hjólbarðafjöldann á vinnubeiðnunum til þess að sýna meiri notkun en í raun var. Kvaðst hann hafa gert þetta yfirleitt á vorin og haustin, þegar skipt var um hjólbarða.

Ákærði kvað Þorvald ekki hafa sagt sér þarna í fyrsta sinn, um hvers konar misferli væri þarna að ræða, en hann hafi sagt sér, að hann myndi fá greitt fljótlega. Síðan er það í júní, að Þorvaldur afhenti honum kr. 500.000,00, og tjáði hann honum þá, að þeir væru samtals fjórir í þessu og gengi þetta þannig fyrir sig, að þeir fölsuðu pantanir á hjólbörðum, sem væru ekki til, en fyrirtækið, sem seldi hjólbarðana, fengi greitt fyrir þessar pantanir. Væri eigandi þess með í þessu og skiptist ágóðinn í jafna fjóra parta, og skildist honum, að fjórði aðilinn væri Halldór Magnússon.

Ákærði kvaðst síðan hafa fengið greitt 6-7 sinnum, aðallega um vor og haust, og giskaði hann á, að hann hefði fengið samtals um kr. 2.500.000,00. Taldi hann sig þó vita, að Þorvaldur og Halldór hafi yfirleitt fengið mikið stærri hluta heldur en þeir hinir, eða alla vega meiri hluta en hann sjálfur. Varðandi það, hversu margar pantanir væri um að ræða, sem falsaðar hefðu verið, þá kvaðst hann ekki hafa hugmynd um það, enda hafi hann aldrei séð þær og gæti því vel verið, að um fleiri pantanir væri að ræða heldur en hann hafi fengið greitt af. Hann vissi heldur ekki, hvenær þetta misferli byrjaði, þ.e. hvort það hafi verið byrjað áður en hann kom til sögunnar.

Ákærði skýrði og svo frá, að sumarið 1977 hafi Þorvaldur fengið stöðuhækkun og hafi Geir Guðmundsson þá byrjað að vera með í þessu, enda hafi hann tekið við af Þorvaldi að panta hjólbarða. Eftir þetta hafi það verið Geir, sem sá um að greiða ákærða hans hlut, en áður hafi það verið Þorvaldur.

Varðandi það, hver væri fjöldi þeirra hjólbarða, sem hann hafi falsað á vinnubeiðnum, gat ákærði ekki gert sér grein fyrir því, en taldi, að sú tala skipti nokkrum hundruðum. Varðandi það, hvenær hann hafi síðast fengið borgað, minnti hann, að það hafi verið í október 1978 og hafi hann þá fengið kr. 3-400.000,00 og hafi Geir afhent sér þá peninga. Taldi hann sig ekki vita meira um þetta mál á þessu stigi.

Ákærði var yfirheyrður á ný um málið 13. desember 1978 hjá rannsóknarlögreglu. Kvaðst hann þá ekki vera alveg öruggur varðandi tímaröð atburða, enda væri hér um rúmlega tveggja ára tímabil að ræða. Hann minnti þó endilega, að Þorvaldur hafi fyrst talað við sig um vorið 1976 og síðan hafi hann fengið fyrstu greiðslu u.þ.b. í júnímánuði það ár, en það gæti þó hafa verið eitthvað síðar. Varðandi síðustu greiðslu haustið 1978 gæti það allt eins hafa verið í september.

Ákærði kvaðst hafa reynt að taka saman í huganum, hvað hann hafi fengið mikið greitt samtals á þessum tveimur árum, og taldi þá upphæð vera einhvers staðar á milli 3.5-4.000.000 króna.

III.

Hér að framan hefur verið rakið það helsta, sem fram kom af hálfu ákærðu á rannsóknarstigi málsins um tildrög og upphaf hins ætlaða misferlis og almennt um aðferðir þeirra við það. Næst þykir rétt að rekja það, sem fram hefur komið af hálfu ákærðu hér fyrir dómi um framangreind atriði.

Þegar ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson kom fyrir dóm 8. febrúar 1980, sagði hann, að eftir að fyrirtæki hans, Hjólbarðasalan, hafi náð samningum við varnarliðið á árinu 1976 um sölu á hjólbörðum og hjólbarðaslöngum, hafi ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson komið að máli við sig og farið fram á, að þeir stæðu saman að því að svíkja fé af varnarliðinu í sambandi við þessi viðskipti. Um aðdraganda og aðferðir við þetta vísaði hann til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu 10. desember 1978, sem hann staðfesti fyrir dómi sama dag og áður hefur verið rakin. Kvaðst ákærði við alla meðferð málsins hjá rannsóknarlögreglu hafa reynt að upplýsa það sem best í samvinnu við Guðmund Guðjónsson rannsóknarlögreglumann. Ákærði staðfesti og skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu, gefna 16. desember 1978.

Ákærði sagði, að í upphafi hafi hann eingöngu átt samskipti við ákærða Þorvald Bergmann í þessu sambandi, en síðar hafi ákærði Halldór Örn Magnússon einnig rætt um þetta við sig, og mundi ákærði ekki nákvæmlega, hvenær það var. Síðar hafi ákærði Hrafnkell Óskarsson komið til sögu og hafi ákærði Þorvaldur Bergmann sagt sér af því. Loks hafi ákærði Geir Guðmundsson komið inn í þetta, eftir að hann tók við starfi ákærða Þorvalds Bergmanns. Kvaðst ákærði í fyrstu lítið hafa rætt þetta við ákærðu Geir og Hrafnkel, en eftir því sem þeir kynntust betur hafi þeir farið að ræða þessi mál saman, einkum ákærði og Hrafnkell. Þar hafi komið, að þeir þrír hafi verið sammála um að losna út úr þessu. Reyndu þeir að standa gegn óskum frá ákærðu Þorvaldi Bergmann og Halldóri Erni og færðust undan beiðnum frá þeim.

Aðspurður kvaðst ákærði hafa haldið vel til haga öllum gögnum varðandi flutninga á hjólbörðum og slöngum til varnarliðsins og hafi t.d. allir flutningsseðlar legið fyrir í bókhaldi hans og verið til reiðu við rannsókn málsins. Hafi þessum gögnum hans og borið saman við þau gögn, sem rannsóknarlögreglan aflaði annars staðar frá.

Að því er varðar gögn um kaup á almennum markaði til að fullnægja pöntunum taldi ákærði, að hann hafi yfirleitt haldið þeim til haga, en vera megi þó að einstaka hafi glatast.

Varðandi einstök samningstímabil hafði ákærði það að segja, að í fyrstu hafi borist pantanir, sem hann hafi ekki getað staðið við að öllu leyti, en fengið þó greiddar. Ætlunin hafi verið, að hann bætti þetta upp úr síðari

sendingum til landsins. Einhvern tíma á þessu tímabili hafi ákærði Þorvaldur Bergmann komið til sín og rætt við sig um samstarf við að ná út fé með fölskum pöntunum. Hafi það þá orðið úr, að framangreind vöntun var færð ákærða til skuldar við meðákærðu, og hafi hún verið sléttuð út síðar á tímabilinu með falspöntun, líklega með pöntun nr. 0023.

Að því er varðar annað samningstímabilið hafi verið um færri og stærri pantanir að ræða, og taldi ákærði það stafa af því, að meðákærðu hafi verið farnir að skipuleggja þetta meira.

Ákærði mótmælti því, að vöntun vegna tveggja síðustu pantananna, þ.e. KS05 og KS06, á þriðja samningstímabili verði talin svik af sinni hálfu. Hér hafi einungis verið um það að ræða, að hann hafi afgreitt hluta af pöntunum vegna skorts á viðkomandi hjólbörðum, en hafi átt von á sendingum til að fullnægja pöntunum að öllu leyti. Þegar rannsókn máls þessa hófst, hafi verið til hjólbarðar til að fullnægja þessum pöntunum og hafi staðið til að gera það. Rannsóknarlögreglan hafi sannreynt, að umræddir hjólbarðar væru til.

Ákærði kvað útilokað, að hann hefði einn getað staðið að falspöntun, því að annaðhvort Þorvaldur eða Geir tóku við hjólbörðunum og kvittuðu fyrir, og óhjákvæmilegt var, að þeir sæju, hvort vantaði á pöntun eða ekki. Ákærði kvað Þorvald hafa fylgst vel með þessu og einu sinni hafi ákærði fengið hjá honum miða, þar sem hann hafði skrifað niður vantanir á pantanir, og afhenti ákærði rannsóknarlögreglunni miða þessa.

Við síðari yfirheyrslu sagði ákærði að gefnu tilefni vegna framburða meðákærðu, að hann héldi fast við framburð sinn um, að ekki hafi einungis verið um heilar falspantanir að ræða heldur hafi einnig verið gert upp sem hagnaður, þegar vantaði á afgreiðslu pantana. Ekki hafi ætíð verið um það að ræða, að pöntun hafi átt að vera falspöntun að hluta, heldur hafi hann ekki getað afgreitt og því hafi þetta verið gert upp á milli þeirra. Minntist hann þess sérstaklega, að hann hafi átt í basli með að gera þetta upp, þegar hinir vildu fá greiðslu vegna vantana. Hafi það yfirleitt verið Þorvaldur, sem hafi átt hér hlut að máli. Það hafi ekki breyst eftir að Geir kom inn í málið. Þorvaldur hafi alltaf tekið við greiðslum utan einu sinni eða tvisvar, að Geir tók við vegna fjarveru Þorvalds. Ákærði kvað það og hafa komið fyrir, að ekki var hægt að fullnægja pöntun strax að einhverju eða öllu leyti, en hann hafi fengið hana greidda og pöntunin hafi síðar verið afgreidd að fullu. Þá sagði hann, að síðari hluta tímabilsins hafi hann farið fram á, að einungis yrðu gerðar heilar falspantanir.

Þegar ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson kom hér fyrir dóm 13. mars 1981, skýrði hann svo frá um tildrög málsins, að á árinu 1976 hafi

maður úr bandarísku varnarliðinu, Capt. John Farell, haft samband við Halldór Magnússon varðandi kostnað, er Halldór hafði greitt vegna björgunar flugvélar varnarliðsins, sem fór út af flugbraut við Mývatn. Kom fram hjá Bandaríkjamanninum, að varnarliðið myndi ekki greiða þennan kostnað og því yrði Halldór að vinna þetta upp á annan hátt.

Ákærði kvað umræddan Farell hafa verið nokkurs konar framkvæmdastjóra varnarliðsins og þar með yfirmaður þeirra Halldórs. Hann hafi flogið umræddri vél greint sinn, þegar óhappið varð. Ákærði kvaðst ekki hafa verið þar með og aðeins hafa vitað af þessu af afspurn. Kvað hann sér hafa verið vel til Farells, enda hafi hann verið Íslendingum, er hjá varnarliðinu störfuðu, hliðhollur.

Í framhaldi þessa hafði Halldór Magnússon samband við ákærða og spurði hann hvaða leiðir þeir gætu fundið til að greiða þennan kostnað. Ákærði man ekki, um hve háa upphæð var hér að ræða. Fljótlega hafi komið upp sú hugmynd hjá þeim Halldóri að ná samkomulagi við Gísla Sigurjónsson um, að pantanir á dekkjum yrðu ekki afgreiddar að fullu, en greitt fyrir þær og fengju þeir mismuninn. Ákærði talaði við Gísla um þetta, en man ekki, hvort Halldór var með í því. Ákærði man ekki nákvæmlega hver fyrstu viðbrögð Gísla voru, en sagði, að hann hefði tiltölulega fljótt fallist á þetta. Ekki gat hann tímasett þetta, en sagði, að þetta hefði ekki verið mjög löngu eftir að samningar tókust milli varnarliðsins og Hjólbarðasölunnar.

Síðar komu inn í mál þetta þeir Hrafnkell Óskarsson og Geir Guðmundsson. Hrafnkell hafi líklega komið inn í málið um eða rétt eftir áramót 1976-1977, en Geir líklega í júní 1977. Hafði ákærði samband við þá báða, en hann var yfirmaður Geirs. Hann mundi ekki, hvort Halldór var með honum, er hann ræddi við þá.

Að öðru leyti vísaði ákærði til þess, sem hann áður hafði sagt um aðdraganda þessa máls, en hann sagði, að að minnsta kosti til að byrja með hafi hann verið sá aðili, er skipulagði misferlið.

Um aðferðir við misferlið vildi ákærði vísa til lýsinga sinna í skýrslum hjá RLR. Hann hélt því fram, að einungis hafi verið um að ræða heilar falspantanir, en ekki að vantað hafi í einstakar pantanir. Honum var lesið það, er Gísli Grétar Sigurjónsson hafði sagt fyrir dómi um þetta, og kannaðist hann ekki við, að það væri rétt. Ákærða var nú bent á, að í fyrri yfirheyrslum hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hafi hann sagt, að á fyrsta samningstímabili hafi verið látið vanta í pantanir. Kvað hann að vera mætti, að þetta hafi verið gert vegna erfiðleika Gísla á að skila pöntunum, en annað mál væri, hvort hér hafi verið um svikapantanir að ræða.

Ákærði var sérstaklega spurður um pantanir, sem hann hefur kvittað fyrir móttöku á, en jafnframt sagt, að hafi ekki legið allar fyrir, þegar

kvittað var. Var hann spurður, hvort honum hafi verið heimilt að kvitta þannig fyrir pöntun án þess að gera sérstaklega grein fyrir því. Strangt tekið sagði hann, að sér hafi ef til vill ekki verið þetta heimilt, en þetta hafi verið gert, þar sem Gísla vantaði fjármagn til að leysa út eða kaupa dekk á almennum markaði. Sagði hann, að úr vöntunum hefði ætíð verið bætt. Tók hann fram í þessu sambandi, að þess hafi verið mörg dæmi, að varnarliðið greiddi vöru, áður en hún var afgreidd, einkum í lok fjárhagsárs, þegar keppikeflið var að eyða öllu fé, sem til ráðstöfunar var.

Ákærði sagði, að í upphafi hafi skipting ágóða verið með þeim hætti, að Gísli hafi fengið 25%, en þeir Halldór skipt hinu á milli sín. Að því er síðari skiptingu varðar kvaðst hann ekki muna hana nú, en vísaði til framburðar síns hjá RLR. Þá sagði ákærði að, að minnsta kosti framan af hafi hann tekið við greiðslunum hjá Gísla, en síðar hafi það verið með ýmsu móti, en auk sín viti hann, að Geir hafi tekið við peningum af Gísla. Hann sagði, að hann hefði alltaf látið þá hina vita um þær pantanir, sem áttu að vera falspantanir, og hann hafi aldrei farið á bak við þá í þeim efnum né látið undir höfuð leggjast að greiða þeim sinn hlut. Varðandi Hrafnkel hafi þetta ekki verið mögulegt, þar sem hann sá um að útbúa kostnaðarliði, sem pantanir urðu að byggjast á. Áður en Hrafnkell kom til sögunnar, var skipulagið öðruvísi og unnt að gera þetta án hans tilverknaðar. Að því er varðar Halldór kvaðst ákærði ætíð hafa látið hann fylgjast með, enda hefði hann eflaust frétt frá hinum, ef ákærði hefði leynt hann einhverju. Varðandi Geir þá hafi hann gert allar pantanir, eftir að hann kom inn í málið.

Ákærði kvaðst hafa hætt þátttöku í falspöntunum í febrúar 1978. Þeir hafi ákveðið þetta saman hann og Halldór Magnússon. Þeir hafi ekki rætt þetta við hina ákærðu og hafi þetta aldrei komið til sérstakrar umræðu þeirra á milli. Honum var kynntur framburður Gísla Grétars um, að hann, Geir og Hrafnkell hafi viljað losna út úr þessu og reynt að standa gegn óskum ákærða og Halldórs. Hann kvað þetta í algjörri mótsögn við raunveruleikann, enda hafi hinir haldið áfram falspöntunum, eftir að þeir Halldór hættu þátttöku.

Þá var ákærði spurður í þessu þinghaldi, hvort eitthvað af hans hlut í sambandi við falspantanir hafi runnið til að greiða kostnað í sambandi við fyrrgreinda björgun flugvélar við Mývatn. Kvaðst hann ekki muna, hvort svo hafi verið.

Fram kom í þinghaldi þessu, að ákærði hafði boðið fram greiðslu bóta af sinni hálfu, gkr. 5.630.158,00. Óskaði hann bókað í því sambandi: „Þrátt fyrir þá fjárhæð sem ég tel mig hafa fengið í tilboði mínu til Arnar Höskuldssonar er ég ekki sannfærður um að sú upphæð sé rétt. Hún gæti verið lægri. Ástæðan fyrir þessu er sú að þau gögn sem ég hafði til að

vinna úr eru ekki rétt. Það kemur fram töluverður mismunur á milli gagna tollstjóra og lögreglustjóra á Keflavíkurflugvelli gagnvart tollskýrslu sem rannsóknin er byggð á. Eina leiðin sem ég sé til þess að gera mér fulla grein fyrir málinu er sú að varnarliðið leggi fram birgðakostnaðar- og greiðslubókhald í sambandi við málið".

Ákærði var í tilefni þessarar bókunar spurður að því, hvort hann hafi séð dæmi þess í málinu, að lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli hafi ekki stimplað gögn varðandi sendingar á ótollafgreiddum hjólbörðum. Hann kvaðst ekki geta bent á dæmi þess nú, en sig minnti þetta fastlega.

Ákærði Halldór Örn Magnússon skýrði svo frá um upphaf máls þessa hér fyrir dómi 17. mars 1981, að hann hafi rætt við ákærða Þorvald Bergmann um vandræði sín vegna útlagðs kostnaðar í sambandi við óhapp við Mývatn, er flugvél varnarliðsins hlekktist þar á í lendingu sumarið 1976. Ákærði var í þessari flugferð, en hér var um veiðiferð að ræða, og var þar meðal annars með John R. Farell, sem var yfirmaður flotastöðvarinnar á Keflavíkurflugvelli. Ekki var unnt að láta greiða þennan kostnað, sem ákærði telur, að hafi numið á milli 4-500.000 krónum, af hálfu varnarliðsins. Farell hafi rætt um þetta við sig og sagt, að ákærði yrði að finna einhverja leið til að fá þetta greitt. Orðrétt sagði hann: „You find a way to take care of it, Halldór". Ákærði skildi þetta svo, að Farell ætlaðist ekki til, að ákærði greiddi þetta úr eigin vasa, en þetta mætti ekki koma fram í bókhaldi varnarliðsins.

Eftir að ákærði ræddi við Þorvald um þetta, benti Þorvaldur á þá leið, að ef til vill væri unnt að ná samkomulagi við Gísla Grétar Sigurjónsson um, að pantanir yrðu ekki afgreiddar að fullu, en þó greiddar og þeir tækju til sín mismuninn. Þeir hafi orðið ásáttir um að athuga þennan möguleika og hafi Þorvaldur fyrst rætt þetta við Gísla. Hafi hann tekið þessu líklega og í framhaldi þess hafi þeir þrír rætt saman og ákveðið, hvernig standa skyldi að málinu. Þorvaldur átti að sjá um framkvæmdahliðina á þessu af þeirra hálfu. Fólst hans þáttur einkum í því að útbúa kostnaðarliði, sem réttlættu auknar pantanir á hjólbörðum. Samkomulag varð um að skipta hagnaði þannig, að Gísli fengi 25%, en þeir Þorvaldur skiptu hinum 75% jafnt á milli sín. Ákærði segir, að í upphafi hafi verið um það rætt, að hér yrði um að ræða heilar pantanir, sem ekki kæmu til afgreiðslu. Í upphafi var þó eitthvað um, að vantanir á einstaka pantanir hafi verið gerðar upp á milli ákærðu, og telur hann, að þetta hafi vart verið oftar en einu sinni, en síðar verið hætt.

Ákærði sagði, að Þorvaldur hafi sagt sér, þegar nógu mikið lá fyrir til að gera falspöntun. Minntist hann þess ekki, að hann hafi talað um, að gera þyrfti sérstaklega upp vantanir, sem orðið hefði á einstökum pöntunum. Hins vegar hafi hann oft rætt við sig um, að erfiðlega gengi að fá

pantanir afgreiddar frá Gísla. Jafnframt var ákærða kunnugt um, að Þorvaldur gekk hart fram í, að pantanir væru afgreiddar að fullu, og tókst það yfirleitt. Heyrði ákærði í því sambandi, að Gísli þyrfti oft að kaupa hjólbarða á almennum markaði til að geta afgreitt pantanir.

Ákærði sagði þetta hafa byrjað um það bil í október-nóvember 1976. Einhvern tíma síðast á fyrsta samningstímabili hafi orðið kerfisbreyting í framkvæmdadeild, sem hafði það í för með sér, að Þorvaldur gat ekki lengur skrifað út kostnaðarliði. Hrafnkell Óskarsson var á dekkjaverkstæðinu, sem átti nú að skrifa út allar beiðnir. Var því nauðsynlegt, ef halda átti þessu áfram, að fá hann með. Ræddi Þorvaldur um það við hann, og féllst hann á það. Minnir ákærða, að skiptingu ágóða hafi nú verið breytt þannig, að Gísli fékk 10%, en hinir þrír skiptu með sér 90%. Síðar hafi Geir Guðmundsson komið þarna inn til viðbótar, eftir að hann tók við starfi Þorvalds, og fékk hann þá líka hluta af 90%.

Ákærði kvaðst aldrei hafa orðið var við, að Þorvaldur hafi farið á bak við þá hina í sambandi við falspantanir eða skiptingu ágóða, og taldi hann sig ekki hafa ástæðu til að ætla, að hann hefði gert það.

Ákærði kvað þá Þorvald hafa byrjað að tala um, að þeir þyrftu að fara að hætta þessu, um það leyti sem Geir tók við af Þorvaldi. Þeim hafi hins vegar þótt rétt að halda eitthvað áfram með tilliti til þess m.a., að Geir hafi ef til vill haft einhvern grun um, hvað var á seyði, áður en hann kom í þetta starf, og því rétt að hafa hann með. Á síðari hluta árs 1977 hafi þeir svo í alvöru talað um að hætta. Kvaðst ákærði hafa rætt þetta bæði við Þorvald og Gísla, en ekki rætt við hina beint, hvorki um þetta né annað í sambandi við þessi mál. Hins vegar taldi hann, að Þorvaldur mundi ræða þetta við þá. Ákærði kannast ekki við neinn þrýsting af sinni hálfu eða Þorvalds á hina um að halda áfram.

Ákærði sagði, að hann og Þorvaldur Bergmann hafi nú í sameiningu farið yfir ákæru í málinu og hafi þeir komist að sömu niðurstöðu í sambandi við þeirra hlut, þ.e. að í hlut hvors um sig hafi komið nálægt gömlum krónum 5.630.159,00.

Þegar ákærði Hrafnkell Óskarsson kom hér fyrir dóm 6. apríl 1981, sagði hann, að upphaf máls þessa að því er hann varðaði hafi verið það, að ákærði Þorvaldur Bergmann hafi minnst á það við sig, líklega einhvern tíma á tímabilinu apríl-maí 1977, hvort hann þyrfti ekki að fá einhvern aukapening. Hafi Þorvaldur í þessu sambandi sagt, að hann gæti látið ákærða fá einhverja peninga út á það, að ákærði, sem starfaði í viðhaldsdeild varnarliðsins, skrifaði út fleiri dekk en raunverulega voru notuð. Ákærða var bent á, að Þorvaldur fullyrti, að hann hefði rætt þetta við ákærða fyrir jól 1976, en ákærði hafnaði því með öllu.

Ákærði mundi, að fljótlega hafi komið fram, að með Þorvaldi í þessu var ákærði Halldór Örn, og enn síðar frétti hann, að ákærði Gísli Grétar væri með í þessu.

Ákærði sagði, að eftir að Þorvaldur hafi talað við sig um þetta, hafi hann fallist á að gera þetta og upp úr því hafi hann byrjað á að skrifa út fleiri dekk en raunverulega voru notuð. Útfyllti ákærði sérstök eyðublöð um notkun á hvern bíl. Hér var um það að ræða, að raunverulega voru sett notuð dekk undir bílana, en þau skrifuð út sem ný á eyðublöðin. Þessi eyðublöð voru síðan afhent Þorvaldi sem pöntun á nýjum dekkjum. Við þetta jókst notkun á dekkjum hjá viðhaldsdeildinni. Hann var spurður um það, hvort skipulagsbreyting hafi orðið hjá viðhaldsdeild um það leyti sem hann kom inn í þetta. Kvað hann svo ekki hafa verið að öðru leyti en því, að nokkru áður hafi verið tekin í notkun tölva, sem mötuð var á öllum upplýsingum um varahluti á öll tæki, þar á meðal um hjólbarða. Sagði hann, að áður en þetta kom til, hafi Þorvaldur getað skrifað út dekk á bíla. Í raun hafi hann getað þetta líka, eftir að tölvan kom, en það hafi þó verið örðugra, þar sem hann hafi orðið að velja ákveðin tæki, sem nota ætti dekkin á, vegna þeirra upplýsinga, sem tölvan geymdi. Hann hafi ekki haft aðgang að tölvunni.

Ákærði kvað það ekki standast, að þessi svik hefðu ekki getað átt sér stað án síns tilverknaðar, eftir að hann kom inn í málið. Taldi hann, að þetta hafi einnig farið fram á þann veg, að Þorvaldur hafi hækkað upp verð á dekkjum, og einnig hafi birgðadeild afgreitt dekk til annarra en viðhaldsdeildar. Bæði Þorvaldur og Geir hafi sagt sér, að þetta væri gert, en hann kvaðst sjálfur enga aðstöðu hafa haft til að fylgjast með þessu. Taldi hann, að eftir að hann kom inn í þetta, hafi vegið þyngra í þessu sambandi það, sem hann skrifaði út umfram raunverulega notkun á nýjum dekkjum.

Ákærði kvaðst lítið hafa vitað í upphafi um falspantanir eða hvernig þær voru gerðar, en eftir að Geir kom inn í málið, hafi hann meira vitað um þetta. Hafi þá alltaf verið um að ræða heilar falspantanir, en hann vissi ekki til, að vantanir á einstaka pantanir kæmu til skiptingar milli ákærðu. Þá sagði ákærði, að Þorvaldur hafi í upphafi ekki talað um neina sérstaka skiptingu ágóða, heldur hafi hann sagt, að ákærði gæti haft 1-200.000 krónur upp úr þessu á mánuði. Þorvaldur hafi yfirleitt komið með peninga til sín í lokuðu umslagi, en eftir að Geir byrjaði í þessu, hafi hann greitt ákærða. Hafi þá verið ákveðin jöfn skipting milli allra ákærðu að því er ákærði vissi best.

Ákærði kvaðst ekki hafa haft neina vitneskju um, hvort hinir ákærðu stóðu í einhverju frekara atferli en hann hafði ágóða af, enda hafi hann ekki haft aðstöðu til þess að fylgjast með því. Eftir að Geir kom, hafi hann hins vegar fylgst betur með og hafi þeir talið sig verða þess vísari, að hinir

ákærðu hafi farið á bak við þá með eina pöntun. Hafi hér verið um að ræða pöntun KS11 á öðru samningstímabili, en Geir hafi orðið þessa áskynja, er hann fékk afrit pöntunarinnar í hendur, að hún væri hærri en ágóðahlutur þeirra sagði til um.

Þá sagði ákærði, að þeir Geir hafi farið að tala um það sín á milli um eða eftir áramótin 1977-1978 að hætta í þessu. Þeir hafi þó haldið eitthvað áfram fram á vor. Í maí kvaðst ákærði hafa farið í annað starf, m.a. vegna taugaspennu, er þessu fylgdi. Sagði hann, að eftir að hann hætti hafi Geir tjáð sér, að safnast hafi upphæð vegna upphækkunar á verði dekkja, er hann hefði framkvæmt, og þyrfti að slétta út þennan mismun. Varð það úr, að gerð var falspöntun til að eyða honum, og nutu þeir tveir ágóða af henni auk Gísla Grétars. Var þetta pöntun KS02 á þriðja samningstímabili.

Aðspurður sagði ákærði, að hann hefði ekki orðið fyrir neinum sérstökum þrýstingi frá Þorvaldi eða Halldóri um að halda áfram lengur en ákærði ætlaði.

Að lokum taldi ákærði, að töluleg niðurstaða ákæru standist ekki að því er hann varði. Kom fram hjá honum, að í viðræðum við lögmann varnarliðsins hefði hann gengið út frá því, að sinn hlutur hefði numið 4,2 milljónum gkr.

Ákærði Geir Guðmundsson kom fyrir dóm vegna máls þessa 7. apríl 1981. Skýrði hann þar svo frá, að ákærði Þorvaldur Bergmann hefði rætt við sig í júní eða júlí 1977 um, að ákærði tæki þátt í falspöntunum á hjólbörðum til varnarliðsins, en ákærði hafði þá fyrir um það bil mánuði tekið við starfi Þorvalds í birgðadeild. Kom fram hjá Þorvaldi, að hann hefði staðið að slíku í einhvern tíma ásamt ákærðu Halldóri, Gísla og Hrafnkeli. Þorvaldur tjáði ákærða, að hans hlutverk ætti að vera að hækka upp verð á hjólbörðum, sem teknir voru til notkunar, og panta síðan fyrir mismuninn, og komu slíkar pantanir ekki til afgreiðslu. Ákærði kveðst hafa verið lausráðinn í þessu starfi í fyrstu og hann hafi talið, að framtíðarráðning sín réðist af afstöðu Þorvalds og Halldórs til sín, en þeir voru yfirmenn hans. Kvaðst hann því hafa orðið við tilmælum Þorvalds.

Ákærði kvað Þorvald hafa sagt sér, að skipting ágóða yrði jöfn milli allra aðilja. Sagði hann, að í upphafi hafi Þorvaldur ætíð tekið á móti peningum hjá Gísla og skipt þeim, en síðan hafi ákærði gert þetta. Sagðist ákærði fyrst hafa fengið ágóða af falspöntun í september 1977 og hafi hér verið um að ræða pöntun, sem Þorvaldur hafi verið búinn að safna upp í að hluta, á meðan hann var í starfi. Þá sagði ákærði, að eftir að hann kom inn í þetta, hafi einungis verið um það að ræða, að hann hafi fengið ágóða af heilum falspöntunum. Kannast hann ekki við, að gerðar hafi verið upp sem ágóði milli ákærðu vantanir á pöntunum. Sagði hann, að það hafi

stundum skeð, að kvittað hafi verið á pöntun, þótt hún hafi ekki verið afgreidd að fullu. Hafi þetta verið gert til að Gísli fengi fé til að leysa út það, sem á vantaði. Heimild hafi ekki verið til þessa. Stundum hafi það skeð, að Gísli hefði orðið að kaupa hjólbarða á almennum markaði til að fullnægja pöntunum.

Ákærði taldi, að til lengdar hefði ekki verið unnt að fara á bak við hann með falspantanir. Þorvaldur hafi reynt þetta í sambandi við pöntun nr. KS11, þar sem hann hafði hana stærri en ákærða var í upphafi ljóst, en ákærði komst að þessu síðar, er hann nálgaðist afrit af pöntunum. Hann sagði, að Þorvaldur hefði yfirleitt gert pantanirnar eftir tölum, sem ákærði gaf honum upp, en ákærði hafi þó sjálfur gert pantanir undir lokin.

Ákærði kvaðst oft hafa rætt þessi mál við Hrafnkel, en hans hlutverk hafi verið að skrifa beiðnir, sem pantanir yrðu að byggjast á, en áður, á fyrsta samningstímabilinu, hafi slíkt ekki verið nauðsynlegt. Ákærði telur, að þáttur Hrafnkels hafi verið nauðsynlegur, til að unnt væri að gera falspantanir í einhverjum mæli.

Ákærði segir, að þeir þrír, þ.e. hann, Hrafnkell og Gísli, hafi fljótlega á árinu 1978 farið að ræða saman um að hætta þessu. Hafi þeir orðið sammála um að hætta þessu, er þriðja samningstímabil hæfist, og hafi hann sagt Þorvaldi þetta í apríl eða maí. Þorvaldur hafi tekið þessu vel. Ákærði minnist þess ekki, að hann hafi þurft að færast undan beiðnum frá Þorvaldi og Halldóri í þessu sambandi, en hann segir, að þeir hafi oft rætt við Gísla.

Þegar öðru samningstímabili var lokið, hafði safnast upp nokkur upphæð, sem þurfti að jafna út. Hann, Gísli og Hrafnkell voru sammála um að búa hér út falspöntun, og gerðu þeir það án vitundar Þorvalds og Halldórs, enda töldu þeir Hrafnkell sig vera að vinna upp það, sem Þorvaldur hafði haft af þeim í sambandi við pöntun nr. KS11.

Ákærði mótmælti tölulegri niðurstöðu ákæru að því er hann varðar. Kom fram hjá honum, að hann hefði boðið fram allt að 2,5 millj. gkr. í viðræðum við lögmann tjónþola.

Fram fór samprófun milli ákærðu vegna misræmis í framburðum. Þannig voru ákærðu Þorvaldur og Gísli samprófaðir vegna misræmis í framburðum varðandi heilar pantanir og vantanir, sem Gísli taldi, að hefðu komið til skipta. Hélt hvor fast við sinn framburð. Ákærða Þorvaldi var bent á framburð hans hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 16. desember 1978, sem staðfestur var fyrir dómi 17. sama mánaðar, þar sem segir, að í upphafi hafi bæði verið látið vanta í pantanir og heilar pantanir falsaðar. Kvaðst hann hér hafa átt við, að látið hafi verið vanta í eina eða tvær pantanir í upphafi. Gísli hélt hins vegar fram, að látið hafi verið vanta í pantanir alveg fram á síðasta samningstímabilið. Leiddi samprófun ekki til frekara samræmis.

IV.

Pálína Magnúsdóttir skrifstofustúlka, sem starfaði hjá birgðadeild varnarliðsins, sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 29. janúar 1979, að starf hennar væri aðallega fólgið í því að yfirfara reikninga og koma þeim til greiðslu. Um pantanir þær, sem hér er um að ræða, sagði hún, að þær væru gerðar í 8 eintökum. Einu eintaki, nr. 4, hafi hún haldið eftir á sérstökum stað. Varðandi það, að nafnritun sín sé á sumum þeim pöntunareyðublöðum, sem liggja frammi í málinu, þá kvað hún skýringu þess þá, að þar væri um að ræða afrit nr. 1. Hins vegar kæmi eintak nr. 4 undirritað af þeim, sem móttekur vörurnar, og er jafnframt kvittun viðkomandi fyrir því, að pöntunin megi greiðast.

Þegar rannsókn hófst í máli þessu varðandi hjólbarðana, sagði Pálína, að horfið hefðu úr skjalaskáp öll eintök nr. 4 fyrir árið 1978 varðandi viðskipti Hjólbarðasölunnar, en ekkert annað, þótt svo að fjöldi annarra gagna varðandi önnur fyrirtæki væru á þessum stað. Blöð þessi hafi ekki enn komið fram eða nein skýring fengist á hvarfi þeirra og hljóti þeim að hafa verið stolið. Varðandi það, hver hafi kvittað á umrædd eintök nr. 4, þá kvað hún Þorvald Björnsson hafa kvittað á öll eintökin nema í einu tilviki, að Geir Guðmundsson hefði gert það.

Pálína kom hér fyrir dóm 28. apríl 1981. Kvaðst hún hafa starfað hjá birgðadeild varnarliðsins frá því í október 1975. Hún hafi starfað fyrst hjá innkaupadeild, en síðar hafi hún verið flutt í aðra deild og hafi það verið líklega í byrjun árs 1977, sem hún mundi þó ekki með vissu. Starf hennar var fólgið í að yfirfara reikninga, bera þá saman við samninga og athuga, hvort varan væri komin, en síðan að koma þeim til greiðslu. Hún sagði, að þegar reikningar komu frá Hjólbarðasölunni, hafi Þorvaldur yfirleitt komið með þá. Tók vitnið þá til samning eða pöntun varðandi viðkomandi sendingu, og lét hún viðkomandi, sem átti að sjá um móttöku vörunnar, kvitta á afrit nr. 4 til staðfestingar því, að varan væri komin, og var sá ábyrgur fyrir að varan væri komin. Í fyrstu hafi það verið Þorvaldur, sem hafi kvittað á afrit nr. 4, en síðar Geir Guðmundsson. Sérstaklega aðspurð sagðist hún ekki þora að fullyrða neitt um það nú, hvort Þorvaldur kynni að hafa kvittað stundum fyrir Geir, eftir að hinn síðarnefndi tók við af honum. Eftir að kvittun lá fyrir á afriti 4, kvittaði hún sjálf á afrit 1 og sendi það ásamt reikningi til gjaldkera til greiðslu. Þá sendi hún afrit 6 ásamt beiðni til eftirlits „controllers". Afrit 4 setti hún síðan í sérstaka skúffu ásamt ljósriti reiknings í möppu, sem var stimpluð „completed". Hún kvðast aldrei hafa vitað til né heyrt um, að kvittað væri fyrir móttöku pöntunar, sem ekki væri komin að einhverju eða öllu leyti.

Nokkru áður en Pálína fregnaði af rannsókn máls þessa, hurfu úr ofangreindri skúffu öll afrit nr. 4 fyrir ákveðið tímabil, og jafnframt hurfu ljós-

ritin af reikningunum, sem voru með í möppu. Henni datt Þorvaldur strax í hug í þessu sambandi og spurði hann, hvort hann hefði tekið þetta, en hann neitaði því. Hún sagði, að Þorvaldur hefði vitað, hvar þessar möppur voru geymdar, og jafnframt hafi hann getað komist í skrifstofuna eftir vinnutíma, þar sem hún var opin og hurðarlaus. Ákærði Halldór gæti einnig haft aðgang að skrifstofunni.

Ólafur Gíslason aðstoðardeildarstjóri, sem var innkaupastjóri hjá birgðadeild varnarliðsins, hefur borið hér fyrir dómi, að hlutverk sitt hafi verið að staðfesta pantanir, sem gerðar voru eftir beiðnum, er bárust frá yfirmanni „Shop store three", en sá hafi metið þörf fyrir hjólbarða á hverjum tíma og hafði í því frjálsar hendur. Gegndi ákærði Þorvaldur og síðar Geir þessu starfi. Taldi vitnið, að Þorvaldur hafi stundum útbúið pantanir, eftir að Geir tók við starfi, enda hafi hann verið yfirmaður hans. Vitnið kvað þá Þorvald og Geir ekki hafa haft heimild til að kvitta fyrir öðrum vörum en þeim, sem voru komnar.

Þegar Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður var að yfirfara gögn, sem Gísli Grétar Sigurjónsson hafði afhent rannsóknarlögreglunni vegna viðskipta Hjólbarðasölunnar við varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, fann hann inni í einu pöntunarblaðinu tvo bréfmiða, að því er virðist úr vasabók sem á voru skrifaðir ýmsir tölustafir, og virtist þarna vera um að ræða ákveðin pöntunarnúmer. Ákærði Gísli Grétar hefur sagt varðandi þessa miða, að ákærði Þorvaldur hafi látið sig hafa þá, rétt áður en rannsókn hófst á þessu máli, og beðið sig um að stinga undan úr bókhaldinu hjá sér þeim pöntunum varðandi hjólbarðasölu til hersins, sem skráð væru á miða þessa. Var þarna um að ræða pantanir nr. 0021-0026 og KS24-KS32. Átti ákærði Gísli að koma þessum pöntunum undan, þegar farið væri að rannsaka með flutning á hjólbörðum til varnarliðsins. Kvaðst hann hafa látið ákærða Halldór hafa þessar pantanir, þar sem hann, þ.e. Gísli, væri að fara utan um þetta leyti. Kvaðst hann hafa hitt Halldór af tilviljun og sagt honum, að Þorvaldur hafi verið að biðja sig um að koma þessum pöntunum undan. Halldór hafi tekið þær til geymslu, en þegar rannsókn á máli þessu hófst, kvaðst hann hafa beðið Halldór um pantanirnar aftur til að geta borið þær saman við bókhaldið hjá sér og hafi Halldór gert það.

Geir Guðmundsson skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 20. febrúar 1979, að eftir að rannsókn hófst á þessu máli af hálfu hersins á Keflavíkurflugvelli, hafi ákærði Þorvaldur spurt sig, hvar afrit nr. 4 varðandi pantanir á hjólbörðum væru geymd. Þorvaldur hafi verið með einhverjar ráðagerðir með að koma undan hluta af þessum pöntunum til að spilla eða torvelda rannsókn. Geir vissi, hvar þessar pantanir voru, og tjáði Þorvaldi það, en pantanirnar voru í vörslu Pálínu Magnúsdóttur. Geir kvað Þorvald síðar hafa sagt sér, að ákærði Halldór hafi náð í hluta af þessum

afritum nr. 4 og látið sig hafa og hafi hann komið þeim undan. Sagði Þorvaldur Geir, að hann hefði sett þessi afrit í öskutunnu í Keflavík.

Hér fyrir dómi sagði ákærði, að hann hefði haft veður af því, er yfirmenn birgðadeildar voru að yfirfara gögn varðandi hjólbarðakaup og notkun. Um það leyti hafi ákærði Þorvaldur spurt sig, hvar afrit nr. 4 af pöntununum væru geymd, en það væri í skrifstofu birgðadeildar. Þorvaldur hafi sagt sér síðar, að þessi afrit hafi verið fjarlægð og afrit af útskriftum, og minnir hann fastlega, að hann hafi sagt, að Halldór hafi náð í þessi gögn, enda hafði Þorvaldur ekki aðgang að skrifstofum né ákærði.

Ákærði Halldór sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 20. febrúar 1979, að hann vissi ekkert um það, að eitthvað af afritum nr. 4 af pöntunum varðandi kaup á hjólbörðum hefðu horfið frá birgðadeild. Gæti hann heldur ekki séð, hvaða tilgangi það hefði átt að þjóna að koma þessum pöntunum undan.

23. febrúar 1979 var ákærði yfirheyrður aftur hjá rannsóknarlögreglu, og var honum þá kynntur framburður Gísla Grétars um þetta mál. Kvað hann það þá rétt, sem Gísli segði, að hann hefði afhent sér nokkrar pantanir og beðið sig að geyma þær, á meðan hann væri erlendis, því hann hafi verið að fara utan um þetta leyti. Vissi ákærði ekki, hverjar pantanir þetta voru og heldur ekki í hvaða tilgangi Gísli væri að biðja hann um að geyma þessar pantanir, nema hvað hann orðaði það eitthvað á þá leið, að hann vildi ekki láta þær liggja á glámbekk, meðan hann væri erlendis. Í því sambandi vildi hann geta þess, að þeir höfðu grun um, að verið væri að rannsaka þetta dekkjamál. Ákærði mundi ekki sérstaklega eftir því, að Gísli hafi sagt honum, að hann væri að þessu vegna þess, að Þorvaldur hefði beðið hann um það. Hann gæti þó hafa sagt það við sig, en honum fyndist það þó ólíklegt. Mundi ákærði, að hann hefði sagt Þorvaldi af þessu, en mundi ekki eftir neinum sérstökum viðbrögðum hjá Þorvaldi í þessu sambandi og ekki hafi hann beðið um að fá að sjá þessar pantanir. Aftur á móti hafi Þorvaldur minnst á það um svipað leyti að koma undan gögnum varðandi pantanir og sölu á dekkjum hjá „Shop store three". Taldi ákærði Halldór þetta fráleita hugmynd og varð ekkert frekar úr þessu. Eins kveðst hann mundu hafa sagt Þorvaldi, að það væri fráleit hugmynd að stela eða koma undan afriti nr. 4, þar sem það þjónaði engum tilgangi, enda minntist Þorvaldur aldrei á að koma þeim pöntunum undan.

Hér fyrir dómi sagði þessi ákærði, að hann hefði ekki átt neinn þátt í að fjarlægja gögn í sambandi við mál þetta né minnist hann þess að hafa rætt þetta við Þorvald eða hina. Var honum nú bent á, að hann hefði borið það við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. febrúar 1979, að Þorvaldur hafi minnst á þetta við sig. Kvað hann þetta geta verið, þótt hann myndi

það ekki nú, en hann hafi talið þetta fráleita hugmynd. Hann kvaðst ekki hafa haft aðgang að skrifstofu þeirri, er geymdi gögn varðandi þetta mál.

Ákærði Þorvaldur Bergmann sagði við yfirheyrslu 20. febrúar 1979 um þetta atriði, að hann hefði enga hugmynd um, að hluti bókhalds í birgðadeild hersins hefði horfið og hefði hann hvergi komið nærri því að koma gögnum undan. Hafi hann enda ekki vitað, hvar þessi gögn voru geymd. Tók hann fram, að bókhald hjá varnarliðinu væri ekki vel ábyggilegt, enda hefði hann alloft sjálfur rekið sig á, að bókhaldsgögn, sem hann hefði þurft á að halda, hafi verið glötuð.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. febrúar 1979 var ákærða kynntur framburður Gísla Grétars Sigurjónssonar varðandi það, að ákærði hafi fengið honum tvo bréfmiða með númerum pantana, sem hann hafi verið beðinn um að halda undan. Neitaði ákærði þessu algerlega og ítrekaði, að hann hefði engin tök á að nálgast umrædda pappíra. Einnig var honum kynntur framburður Geirs Guðmundssonar í málinu um, að ákærði hafi verið með ráðagerðir um að koma undan hluta af þessum pöntunarformum og spurt Geir, hvar afrit af pöntunum á hjólbörðum væru geymdar. Hann kannaðist við að hafa spurt Geir Guðmundsson, hvar afrit nr. 4. væru geymd, en neitaði hins vegar að hafa talað um það við Geir, að Halldór hafi tekið hluta af afritum nr. 4 og hann sjálfur síðan sett þau í öskutunnu í Keflavík. Tók hann fram, að það hefði ekki haft neinn tilgang að koma þessum afritum undan. Hann var spurður, hvers vegna hann hafi verið að spyrja Geir um, hvar afrit nr. 4 væru geymd. Hafi það verið vegna þess, að um það hafi verið talað milli þeirra Geirs og Halldórs og sín að koma þessum gögnum undan, en hins vegar hafi það aldrei verið gert, þar sem þeir sáu, að það myndi ekki hafa neinn tilgang, og eins hafi þeir ekki haft nein tök á að komast að þessum gögnum.

Hér fyrir dómi hafnaði ákærði því með öllu við yfirheyrslu að hafa fjarlægt nokkur gögn varðandi mál þetta. Mótmælti hann því einnig, að hann hafi rætt það við aðra ákærða, um það leyti er rannsóknin var að hefjast í málinu, að fjarlægja þyrfti ákveðin gögn. Sagði hann, að nokkru áður en rannsókn rannsóknarlögreglu hófst í máli þessu, hafi hann haft óljóst veður af einhverri athugun á vegum framkvæmdadeildar hersins, en ekki vitað, að hverju hún beindist. Sagði hann, að hann hefði ekki haft aðgang að skjölum í skrifstofu, sem var í sama húsi og starfsstofa hans. Skrifstofan hafi ekki verið læst sérstaklega, en hins vegar hafi jafnan verið vörður við húsið eftir venjulegan vinnutíma. Ákærði kvaðst stundum hafa verið þarna við vinnu eftir venjulegan vinnutíma.

Að því er varðaði miða þá, sem ákærði Gísli kvað Þorvald hafa afhent sér í þessu sambandi, þar sem tilgreind voru nefnd pöntunarnúmer, þá voru þeir sendir til athugunar hjá Maríu Bergmann rithandarsérfræðingi. Var

það niðurstaða hennar, að skrift á umræddum miðum væri ekki skrift ákærða Þorvalds Bergmanns.

Á meðan á meðferð máls þessa stóð, óskaði dómarinn eftir því við rannsóknarlögreglu ríkisins, að athugað yrði nánar hjá rannsóknarlögreglu Bandaríkjahers á Keflavíkurflugvelli, hvort fleiri gögn kynnu ekki að vera fyrir hendi en lögð hefðu verið fram. Í skýrslu, dagsettri 6/5 1981, er Guðmundur Guðjónsson lögreglumaður gerði um athugun af þessu tilefni, segir, að í möppum þeim, sem rannsóknarlögregla hersins hafði, hafi ekki verið gögn varðandi pantanir 0020-0026 á fyrsta samningtímabilinu né pantanir KS23-32 á öðru samningstímabilinu. Hins vegar hafi verið laus ljósrit í kassa af afriti nr. 4 yfir allt annað samningstímabilið og þar á meðal af afriti nr. 4 varðandi pantanir KS23-32, sem rannsóknarlögregla ríkisins hafði ekki fengið ljósrit af, þegar rannsókn málsins fór fram þar. Hafði rannsóknarlögregla hersins tjáð rannsóknarlögreglu ríkisins, að gögn þessi væru glötuð. Fékk rannsóknarlögreglan nú afhent ljósrit af þessum gögnum, og voru þau lögð fram í máli þessu. Hins vegar fundust engin afrit nr. 4 varðandi pantanir 0020-0026 á fyrsta samningstímabili.

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði athugun í sambandi við framburði ákærðu Halldórs og Þorvalds varðandi kostnað vegna flugvélaróhapps við Mývatn, sem verið hefði tilefni þess, að þeir hófu umræddu svikastarfsemi. Kom í ljós, að hótelreikningur vegna dvalar áhafnar umræddrar flugvélar og björgunarmanna nam u.þ.b. 200.000 krónum, og var það í samræmi við frásögn Halldórs. Þá bar Halldór, að hann hefði greitt einhverjum verktaka u.þ.b. 500 þúsund krónur, en hann mundi ekki, hver verktakinn var. Rannsóknarlögreglan fékk upplýsingar um, að hér hefði verið um Miðfell hf. að ræða, og fékk þaðan ljósrit af reikningi, stíluðum á varnarliðið, dags. 29.6. 1976, að fjárhæð kr. 253.180. Var hann greiddur 8.10. 1976. Samkvæmt upplýsingum frá varnarliðinu var enginn slíkur reikningur greiddur af því.

Ákærði Halldór sagði, er honum var sýndur umræddur reikningur, að sig hefði minnt, að hann hefði verið hærri. Taldi hann, að hann hefði einnig greitt öðrum verktaka, þótt hann gæti ekki sagt hvaða aðili það væri.

V.

Í málinu liggja frammi bréf Guðna Jónssonar forstjóra starfsmannahalds varnarliðsins, varðandi starfsferil og starfssvið þeirra fjögurra ákærðu, er störfuðu hjá varnarliðinu. Verður hér rakið það helsta, sem þar kemur fram.

Ákærði Þorvaldur var fyrst ráðinn til varnarliðsins 29. september 1966 sem skrifstofumaður við birgðahald. Vinnustaður var söluútibú nr. 3 (Shop store 3, Supply Department). Var hann gerður að deildarstjóra útibúsins

5. nóvember 1967. Hinn 24. júlí 1977 tók hann við nýju starfi sem aðstoðaryfirmaður birgða- og vörudeildar birgðastofnunar varnarliðsins. Í því starfi hafði hann m.a. á hendi yfirstjórn söludeildar og flutningadeildar. Framangreint söluútibú nr. 3 er ein af fjórum undirdeildum söludeildar.

Ákærði Geir var fyrst ráðinn til varnarliðsins 18. júní 1975 sem skrifstofumaður við birgðahald. Hinn 11. júlí 1976 (á skv. eigin framburði ákærða að vera 1977) var hann gerður að deildarstjóra útibúsins, en í þjálfun og undir handleiðslu yfirmanns síns, ákærða Þorvalds. Hinn 18. september 1977 var þjálfun hans talið lokið, og tók hann þá algerlega við rekstri útibúsins, en ákærði Þorvaldur var áfram yfirmaður hans.

Ákærði Halldór var fyrst ráðinn til varnarliðsins 12. september 1960 sem skrifstofumaður í birgðastofnun varnarliðsins. Frá 23. júlí 1972 gegndi Halldór starfi aðstoðarforstjóra birgðastofnunarinnar og gegndi starfi forstjóra í fráveru hans. Einnig gegndi hann áfram starfi sem umsýslu- og áætlanastjóri stofnunarinnar. Hafði hann yfirumsjón með öllum deildum birgðastofnunarinnar og bein mannaforráð yfir rúmlega 100 borgaralegum starfsmönnum og nærri 200 hermönnum, er við birgðastofnunina störfuðu. Á árinu 1977 var Halldóri vikið til hliðar í stjórnunarkeðju birgðastofnunar, að því er best verður skilið vegna áfengisvandamáls, og var hann þá gerður að sérstökum ráðgjafa forstjóra stofnunarinnar. Ekki kemur fram, hvenær á árinu þetta gerðist.

Ákærði Hrafnkell var fyrst ráðinn til starfa hjá varnarliðinu 24. maí 1962 sem viðgerðarmaður olíukynditæka. Gegndi hann síðan störfum sem bifreiðarstjóri, en hinn 9. febrúar 1964 varð hann afgreiðslumaður bifreiðastöðvar flutningadeildar. Hann hætti störfum hjá varnarliðinu 20. maí 1966, en var ráðinn aftur í sama starf 10. október 1967. 18. mars 1973 fékk hann stöðuhækkun og varð verkstjóri hjólbarðaverkstæðis varnarliðsins. Hinn 21. maí 1978 fékk hann að eigin ósk bráðabirgðafærslu í starf bifreiðarstjóra (sumarstarf). 1. október 1978 hvarf hann aftur til síns fyrra starfs sem verkstjóri.

Ákærðu var öllum vikið úr störfum sínum hjá varnarliðinu hinn 13. desember 1978 vegna máls þessa.

VI.

Hér að framan hefur verið rakið það, sem fram hefur komið almennt við rannsókn og meðferð málsins og máli þykir skipta við úrlausn þess.

Rétt þykir á þessu stigi málsins að greina frá frávísunarkröfum verjenda ákærðu í málinu, sem fram komu í munnlegum vörnum þeirra, og taka afstöðu til þeirra.

Verjendur byggja frávísunarkröfur sínar á því að ákæra í málinu sé gölluð. Þar sé um að ræða lýsingu á atferli, sem ekki sé í samræmi við

gögn málsins. Er þar m.a. tilfært, að í ákæru sé tilgreint, að ákærði Halldór Örn hafi átt þátt í rangfærslu á gögnum og annast viðskipti af hálfu varnarliðsins, en hvorugu sé til að dreifa. Einnig sé um það að ræða, að ákærðu Þorvaldur Bergmann og Halldór Örn séu ákærðir fyrir atferli, sem greinilegt sé af gögnum málsins og öllum ákærðu beri saman um, að þeir eigi ekki hlut að, og er þar átt við þriðja samningstímabil. Sömuleiðis sé ákærði Gísli Grétar ákærður fyrir svik varðandi tvær síðustu pantanir á þriðja samningstímabili, þótt greinilegt sé af gögnum málsins, að þar sé ekki um svik að ræða. Einnig megi benda á tölulegar villur í ákæru, sem beri vott um hroðvirknisleg vinnubrögð ákæruvaldsins.

Fallast má á það með verjendum, að nokkurrar ónákvæmni gæti í ákærunni í málinu. Hins vegar verður ekki séð, að annmarkar þessir séu þess eðlis, að komi í veg fyrir, að efnisdómur verði lagður á málið, né að það hafi hindrað verjendur í að halda uppi eðlilegum efnislegum vörnum í því. Verður frávísunarkröfu þeirra því hafnað.

VII.

Áður en fjallað verður um einstaka liði ákæru og afstaða tekin til þeirra, þykir dómara rétt að láta eftirfarandi koma fram, sem haft verður í huga við mat á gögnum og framburðum.

Eins og áður hefur komið fram, byggist rannsókn máls þessa fyrst og fremst á öflun gagna af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins, annars vegar frá íslenskum aðiljum, þ.e. tollstjóranum í Reykjavík, Ríkisendurskoðun og tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli, svo og frá ákærða Gísla og hins vegar frá varnarliðinu. Af hálfu varnarliðsins lágu ekki fyrir gögn, er gáfu til kynna, hvaða einstakar pantanir hefðu verið sviknar út til greiðslu að öllu eða einhverju leyti. Vísbending um slíkt fékkst við samanburð á ofangreindum gögnum af hálfu rannsóknarlögreglunnar.

Gögn þau, sem rannsóknarlögregla ríkisins hefur aflað um flutninga á tollfrjálsum hjólbörðum og slöngum til varnarliðsins, verða að teljast tæmandi heimildir um þau efni. Hefur ákærði Gísli lýst því yfir, að þessum gögnum beri í öllu saman við sambærileg gögn hans, sem hafi verið haldið vel til haga, og hefur Guðmundur Guðjónsson rannsóknarlögreglumaður staðfest það. Verður hér á því byggt. Á hinn bóginn ber að hafa í huga möguleika á flutningum á tollafgreiddum vörum til varnarliðsins til að fullnægja pöntunum, bæði af lager ákærða Gísla og vegna kaupa á almennum markaði. Ákærði Gísli kveðst yfirleitt hafa haldið gögnum yfir kaup á almennum markaði til haga, en einstöku kunni þó að hafa glatast. Hefur hann í sumum tilvikum lagt fram slík gögn varðandi þær pantanir, sem hér er ákært fyrir.

Það skal nefnt hér, að pantanir til fyrirtækis ákærða Gísla yfir samnings-

tímabilin þrjú voru 64. Ákært er hér vegna 30 pantana, og hefur ákæruvaldið því ekki séð ástæðu til aðgerða gagnvart 34 pöntunum. Rannsókn RLR ber með sér, að samkvæmt tollpappírum, sem aflað var, voru 25 þessara pantana afgreiddar að fullu. Í 9 þeirra vantaði nokkuð, en ákærði Gísli taldi, að það hefði hann afgreitt af lager eða með kaupum á almennum markaði. Lagði hann fram gögn í 5 þessara tilvika þessu til stuðnings.

Við mat á framburðum ber að hafa í huga, að framburðir ákærðu Halldórs og Þorvalds hafa að ýmsu leyti breyst hér fyrir dómi frá því, sem þeir báru við rannsókn málsins og staðfestu reyndar þá að hluta fyrir dómi. Á þetta sérstaklega við um framburði varðandi vantanir á einstaka pantanir, en einnig um fleira. Bera framburðirnir nú ýmis merki þess, að ákærðu hafi samræmt sig, og er það beinlínis yfirlýst af Halldóri, að svo sé.

Rétt þykir og að láta hér koma fram það mat dómarans, að ákærði Þorvaldur hljóti að teljast miðpunktur í umræddri svikastarfsemi, jafnt á öðru samningstímabili sem hinu fyrsta, þrátt fyrir viðleitni hans í málinu til að sýna fram á annað. Er þetta m.a. byggt á framburðum annarra ákærðu, einkum Gísla og Geirs, en einnig Halldórs að hluta, en samkvæmt þeim hefur Þorvaldur yfirleitt tekið við greiðslum af ákærða Gísla. Kom þetta og fram í framburði hans sjálfs hjá RLR 16. desember 1978, sem hann staðfesti fyrir dómi næsta dag. Einnig er þetta byggt á þeirri staðreynd, að Þorvaldur hefur oftast kvittað á pantanir, og hljóta slíkar kvittanir um móttöku vöru án nokkurra fyrirvara að vega þungt sem sönnunargögn í málinu. Ljóst er, að Þorvaldur hefur lagt áherslu á að fylgjast vel með öllu, og hafði hann öll skilyrði til þess, enda heyrði umrædd söludeild undir stjórn hans. Verður og að telja, að hann hafi haft fulla möguleika til að gera falspantanir á öðru samningstímabili, sbr. m.a. viðurkenningu hans sjálfs varðandi pöntun KS11.

VIII.

Nú verða raktir einstakir ákæruliðir og afstaða tekin til þeirra.

Fyrsta samningstímabil.

Pöntun nr. 0002, dags. 13/9 1976. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 50 stk. hjólbarða að söluverðmæti $ 1527,50 (ekki 4527,50, eins og greinir í ákæru). Pöntunin er árituð um móttöku vörunnar af ákærða Þorvaldi Björnssyni. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins, dags. 27/9 1976, að ofangreindri fjárhæð, er ákærði Gísli hefur innleyst í Landsbanka Íslands. Þá liggja fyrir tollseðlar ásamt tilheyrandi úttektarbeiðnum og aðflutningsskýrslum, en samkvæmt þeim hafa verið afgreiddir til varnarliðsins upp í þessa pöntun 42 hjólbarðar að verðmæti $ 1.283,10. Vöntun er samkvæmt því á 8 hjólbörðum að fjárhæð $ 244,40.

Við yfirheyrslu Gísla Grétars Sigurjónssonar hjá rannsóknarlögreglu, er

hann hefur staðfest fyrir dómi, hefur hann sagt um þessa pöntun, að hér hafi ekki verið um að ræða falspöntun í upphafi. Hann mundi ekki eftir henni sérstaklega, en kvaðst ekki hafa átt þessa 8 hjólbarða og átt að útvega þá síðar. Þar sem hann hafi ekki tollseðil um flutning á þessum 8 hjólbörðum, þá hafi hann ekki flutt þá undanþegna aðflutningsgjöldum, þ.e. gegnum tollvörugeymslu eða skipaafgreiðslu. Eins bendi ekkert til, að hann hafi keypt þessa hjólbarða á almennum markaði til að geta skilað þeim eða afgreitt þá af lager hjá sér, og taldi hann því, að þessi vöntun hefði fallið undir samantekt á sams konar vöntunum í öðrum pöntunum, sem síðar var skipt upp milli þeirra Þorvalds, þannig að hann sjálfur hafi fengið 25% af hagnaðinum en Þorvaldur 75%. Hafi vöntuninni því verið skipt, er varðar hagnað, þó svo að það hafi ekki verið ráðgert í upphafi.

Ákærði Halldór Örn Magnússon sagði um þessa pöntun við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar 1979, að pöntun nr. 0008 hafi verið fyrsta raunverulega falspöntunin hjá þeim, en þar á undan hafi verið nokkrar pantanir, sem vantað hafði í og ákærði Gísli ekki getað afgreitt að öllu leyti, en fengið greitt fyrir. Taldi hann, að andvirði vöntunarinnar hafi verið skipt á milli þeirra Gísla, Þorvalds og sín síðar, þegar ljóst var, að það, sem vantaði, yrði ekki afgreitt. Taldi hann, að þetta hafi átt við pöntun nr. 0002 og hafi þessu verið skipt þannig, að í hlut Gísla hafi komið 25% og 75% í hlut þeirra Þorvalds. Taldi hann örugglega, að skiptingin eða uppgjörið á þessu hafi farið fram um leið og skipting vegna pöntunar nr. 0008.

Þegar ákærði var yfirheyrður um þessa pöntun fyrir dómi, kvað hann hana sér með öllu óviðkomandi. Var honum þá bent á ofangreindan framburð hans hjá RLR og sagði hann af því tilefni, að hann vissi, að hann hefði fengið eitthvað út úr vöntunum á fyrstu pöntunum, þ.e. 0002, 0003 eða 0007, en hann viti ekki, hvaða pantanir væri um að ræða eða hversu mikið þetta var.

Þegar ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson var yfirheyrður vegna þessarar pöntunar hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar 1979, kvaðst hann ekkert geta um hana sagt með vissu, þar sem hann myndi ekki eftir þessu. Hins vegar væri öruggt, að þetta hafi ekki verið falspöntun að neinu leyti, en hann mundi, að í upphafi hafi hann gengið mjög á eftir Gísla með að skila því, sem hann hafði ekki getað útvegað strax í pantanir. Mundi hann, að á þessu tímabili vantaði mjög þessar hjólbarðastærðir og að hann gekk mjög á eftir Gísla með að afgreiða pantanir að öllu leyti. Hvort Gísli hafi afhent pöntunina að öllu leyti að lokum, mundi hann ekki, en taldi það líklegt. Hann gat þó ekkert fullyrt um þetta, þar sem hann mundi þetta ekki, annað en að hann taldi, að þetta hlyti að hafa komið. Gat hann ekki tjáð sig neitt frekar um þetta.

Þegar ákærði var yfirheyrður um þetta hér fyrir dómi, vísaði hann til ofangreinds framburðar síns hjá rannsóknarlögreglu. Hann kannaðist við að hafa kvittað fyrir móttöku þessarar pöntunar. Hann kvaðst hafa fylgst með því, þegar pöntun var ekki afgreidd í heild, að það, sem á vantaði, væri afgreitt, en hann hafi ekki gert sérstaka skilagrein út af þessu og talið nægilegt, að bókhaldið stemmdi við birgðatalningu einu sinni á ári. Taldi hann, að Gísli hefði skilað umræddum hjólbörðum og vantaði hreinlega gögn því til stuðnings. Ákærða var nú bent á, að fyrri framburð hans mætti túlka svo, að í fyrstu hafi verið um að ræða einhverjar pantanir, þar sem vantanir voru gerðar upp sem hagnaður milli ákærðu. Hann neitaði því, að svo hafi verið, heldur hafi kannski stundum verið um það að ræða, að málið hafi dagað uppi, þar sem Gísli hafi ekki getað bætt úr vöntunum. Hann bætti því þó við, að einstaka sinnum hafi þessu þó verið skipt á milli þeirra.

Niðurstaða.

Ákærði Þorvaldur hefur kvittað fyrir móttöku þessarar pöntunar að fullu. Gísli segir, að pöntunin hafi ekki verið afgreidd að fullu og umrædd vöntun hafi verið gerð upp milli ákærðu. Er framburður hans studdur framburði Halldórs um þessa pöntun við yfirheyrslu hjá RLR. Báðir báru Halldór og Þorvaldur við upphaf rannsóknar málsins, að í fyrstu hafi verið látið vanta í pantanir og gert upp milli ákærðu. Staðfestu þeir framburð um þetta fyrir dómi. Þegar allt þetta er virt, þykir sannað í málinu þrátt fyrir síðari framburði Halldórs og Þorvalds, að ákærðu hafi tekið til sín umrædda fjárhæð, $ 244,40. Hinn 27/9 1976 jafngilti þetta gkr. 45.629,47.

Pöntun nr. 0003, dagsett 17/9 1976. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 88 hjólbarða af þremur stærðum, að söluverðmæti samtals $ 8.464,40. Pöntunin er árituð um móttöku hjólbarðanna af ákærða Þorvaldi. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 1. október 1976, að ofangreindri fjárhæð, en ákærði Gísli hefur innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Þá liggja fyrir tollseðlar ásamt tilheyrandi úttektarbeiðnum og aðflutningsskýrslum. Samkvæmt þessum tollseðlum hafa verið afgreiddir til varnarliðsins upp í þessa pöntun 75 hjólbarðar, en vantar 13 hjólbarða af einni stærð að söluverðmæti $ 923,00.

Ákærði Gísli Grétar hefur sagt um þessa pöntun, að hér hafi ekki verið um að ræða falspöntun í upphafi. Sjái hann á tollpappírum, að hann hafi átt í vandræðum með að afgreiða þessa pöntun og m.a. orðið að hluta að útvega aðeins stærri hjólbarða heldur en pöntunin hljóðaði á. Hins vegar muni hann ekki eftir þessari pöntun sérstaklega, en þar sem hann hafi enga tollseðla um flutning á þeim 13 hjólbörðum, sem vanta, en hann hafi haldið

slíkum seðlum saman, þá hafi hann ekki afgreitt þá úr tollvörugeymslu eða skipaafgreiðslu, undanþegna aðflutningsgjöldum. Eins bendi ekkert til þess, að hann hafi keypt þessa hjólbarða á almennum markaði til að geta skilað þeim eða afgreitt þá af lager hjá sér. Telji hann því, að vöntun þessi hafi fallið undir samantekt á sams konar vöntunum í öðrum pöntunum, sem síðan var skipt upp á milli þeirra Þorvalds, þannig að hann sjálfur hafi fengið 25% af hagnaði, en Þorvaldur 75%.

Ákærði Halldór Örn skýrði svo frá við yfirheyrslur hjá RLR, að pöntun nr. 0008 hafi verið fyrsta raunverulega falspöntunin hjá þeim, en þar á undan hafi verið nokkrar pantanir, sem vantaði í og Gísli Sigurjónsson hefði ekki getað afgreitt að öllu leyti, en fengið greitt fyrir. Taldi ákærði, að andvirði vöntunar í pöntun nr. 0003 hafi verið skipt á milli þeirra þriggja, sín, Þorvalds og Gísla, síðar, eða þegar ljóst varð, að það sem vantaði, yrði ekki afgreitt. Taldi hann örugglega, að þessu hefði verið skipt þannig, að í hlut Gísla hefði komið 25%, en 75% saman í hlut þeirra Þorvalds. Í sinn hlut hafi því komið 37½%. Taldi hann öruggt að skipting eða uppgjör á þessu hafi farið fram um leið og skipting vegna pöntunar nr. 0008.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi vísaði ákærði Halldór Örn um þessa pöntun til framburðar síns um pöntun nr. 0002, sem hér er rakinn að framan.

Ákærði Þorvaldur Bergmann skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá RLR varðandi þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni. Hins vegar teldi hann fullvíst eftir að hafa skoðað tollpappíra varðandi hana, að ekki hafi verið um falspöntun að ræða, heldur hafi ákærði Gísli ekki átt þær hjólbarðastærðir, sem beðið var um, og látið stærri og dýrari hjólbarða í staðinn, sem not hefði verið fyrir. Taldi hann því, að hann hafi séð í gegnum fingur með, að vantaði í sendinguna, ef um vöntun hefur verið að ræða, en það gæti hann ekki fullyrt um, þar sem hann myndi ekki eftir þessu. Taldi hann því fullvíst, að vöntunin hafi ekki komið til neinna skipta milli þeirra Gísla og Halldórs.

Hér fyrir dómi kannaðist ákærði við að hafa kvittað fyrir móttöku þessarar pöntunar, en neitaði, að hér hafi verið nein brögð í tafli af sinni hálfu. Áréttaði hann, að umrædd pöntun hafi m.a. skilað sér að fullu, með því að afgreiddir voru stærri hjólbarðar en pöntunin hafi hljóðað upp á og þar með dýrari. Ákærði hafnar því, að hér hafi komið til skiptingar á hagnaði milli ákærðu vegna vöntunar.

Niðurstaða.

Þegar ofangreindir framburðir eru virtir og með tilvísan til þess, sem rakið var í rökstuðningi við niðurstöðu um pöntun 0002, þykir verða að telja sannað, að ákærðu Gísli, Halldór og Þorvaldur hafi hagnýtt sér þá

fjárhæð, sem hér um ræðir, þ.e. 923 dollara, að jafnvirði kr. 172.693,30 hinn 1/10 1976, og hafi hún skipst í sömu hlutföllum og áður greinir milli þeirra.

— — —

Pöntun nr. 0008, dagsett 8/11 1976. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 400 hjólbarða að söluverðmæti $ 13.593,35, en engin áritun um móttöku er á pöntuninni að því er séð verður. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 19/11 1976, að ofangreindri fjárhæð. Hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Gísli hefur heldur ekki getað lagt fram nein gögn, er sýna, að hann hafi afhent varnarliðinu umrædda pöntun.

Ákærði Gísli Grétar hefur skýrt svo frá, að hér sé um að ræða fyrstu heilu falspöntunina, er þeir hafi staðið að. Hafi Þorvaldur komið að máli við sig um, að hann myndi útbúa pantanir, sem ákærði myndi fá greiddar, en láta vanta í að einhverju eða öllu leyti. Þorvaldur hafi útbúið þessa pöntun, að fjárhæð $ 13.593,35, sem ákærði hafi síðan fengið greidda án þess að láta neina hjólbarða á móti. Hagnaður hafi síðan skipst með ofangreindum hætti, þannig að ákærði fékk 25%.

Ákærði Halldór Örn skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hér væri um að ræða fyrstu falspöntunina, sem þeir hafi staðið að. Andvirði hennar hafi verið skipt milli þeirra þriggja og hafi þeir Þorvaldur fengið saman 75%, en Gísli 25%. Kvaðst hann hafa notað hluta af þessum peningum, eða kr. 720.000, til greiðslu á reikningum vegna óhapps flugvélar varnarliðsins, sem hann hefur sagt, að hafi verið kveikjan að því, að farið var út í þetta misferli. Ákærði hefur staðfest þennan framburð fyrir dómi.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 1. febrúar 1979 sagði ákærði Þorvaldur, að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessari pöntun. Geti hann því ekki sagt, hvort um falspöntun hafi verið að ræða eða ekki. Hafi verið um falspöntun að ræða, hafi komið í sinn hlut og Halldórs 37½% til hvors og í hlut Gísla 25%. Hins vegar ítrekaði hann, að hann gæti ekki sagt til um, hvort um falspöntun væri að ræða. Hér fyrir dómi sagði ákærði, að hann teldi, að þessi pöntun gæti verið fyrsta falspöntunin, sem þeir gerðu, og hafi skiptingin þá verið í samræmi við það, sem að framan greinir. Hann kvaðst ekki muna sérstaklega eftir pöntuninni né muni hann, hvort hann hafi kvittað fyrir móttöku.

Niðurstaða.

Þegar virtir eru eindregnir framburðir ákærðu Gísla og Halldórs sem og framburður ákærða Þorvalds, verður að telja fyllilega sannað, að ákærðu hafi tekið í eigin þágu þá fjárhæð, sem hér um ræðir, þ.e. $ 13.593,35, en hún jafngilti ísl. kr. 2.575.939,81 hinn 19.11. 1976.

Pöntun nr. 0010, dagsett 1/12 1976. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 170 hjólbarðaslöngur að söluverðmæti $ 1.271,90. Ekki verður séð, að pöntunin sé árituð um móttöku. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 16. desember 1976, að ofangreindri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn komu fram við rannsókn málsins, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Gísli hefur heldur ekki getað lagt fram nein gögn, er sýna, að hann hafi afhent varnarliðinu pöntun þessa.

Ákærði Gísli Grétar hefur um þetta sagt, að hann muni ekki sérstaklega eftir þessari pöntun. Hins vegar hafi hann enga tollseðla í bókhaldinu hjá sér um, að hann hafi flutt þetta til varnarliðsins, en hann hafi reynt að halda þeim saman, og telur hann því, að um falspöntun hafi verið að ræða, enda sé útilokað, að hann hafi keypt þetta á almennum markaði, þar sem um það mikla fjárhæð sé að ræða. Hafi því hagnaði verið skipt milli sín og hinna tveggja, þannig að hann hafi fengið 25%, en Þorvaldur fengið 75%.

Ákærði Halldór Örn sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann teldi, að hér væri um falspöntun að ræða, þótt hann myndi ekki eftir pöntuninni sjálfri. Hann mundi, að um þetta leyti voru gerðar upp tvær falspantanir í einu, og gat hann ekki séð, að um aðrar pantanir gæti verið að ræða, enda mundi hann, að með næstu pöntun á eftir þessari, þ.e. 0011, hafi önnur svindlpöntun verið gerð upp. Hljóti þessi pöntun því að vera fölsuð og hefði þessu þá verið skipt á sama hátt og fyrr. Við samprófun síðar hjá rannsóknarlögreglu sagðist ákærði ekki viss um, að þetta hefði verið falspöntun, og studdist hann í þeim efnum við það, sem fram hafði komið hjá Þorvaldi í umræðum.

Þegar ákærði var yfirheyrður hér fyrir dómi varðandi þessa pöntun, sagði hann, að er þeir Þorvaldur hafi farið að bera sig saman um þessi mál, hafi þeir komist að raun um, að hér gæti ekki verið um falspöntun að ræða. Þorvaldur fullyrði, að pöntunin hafi verið afgreidd, og ákærði kveðst ekki sjálfur hafa haft neina aðstöðu til að fylgjast með afgreiðslu pantana. Varðandi framburð sinn hjá RLR þá hafi hann byggst á fyrirliggjandi gögnum, án þess að hann hafi athugað málið nánar.

Þegar ákærði Þorvaldur var yfirheyrður hjá rannsóknarlögreglu vegna máls þessa, kvaðst hann ekki muna sérstaklega eftir þessari pöntun. Hins vegar taldi hann, að Gísli hlyti að hafa afgreitt þetta af lager eða keypt á almennum markaði. Vildi hann í því sambandi taka fram, að þessar hjólbarðaslöngur áttu allar að koma.

Við yfirheyrslu hér fyrir dómi taldi ákærði mjög ólíklegt, að þessi pöntun hafi ekki verið afgreidd, enda verið um slöngur að ræða, sem vantaði. Hafnaði hann því, að hér hafi hagnaði verið skipt.

Niðurstaða.

Þegar hér er á það litið annars vegar, að engin gögn liggja fyrir, hvorki frá tollstjóra og ríkisendurskoðun né ákærða Gísla Grétari um afgreiðslu þessarar pöntunar, og hins vegar á framburð ákærða Gísla Grétars, sem er studdur all eindregnum framburði ákærða Halldórs hjá rannsóknarlögreglu, verður að telja sannað þrátt fyrir framburði ákærðu Þorvalds og Halldórs fyrir dómi, að ákærðu hafi stungið í sinn vasa greiðslu vegna þessarar pöntunar, sem nam, eins og fyrr segir, $ 1.271,90, en það jafngilti hinn 16.12. 1976 ísl. kr. 241.025,05.

Pöntun 0011, dagsett 2/12 1976. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 105 hjólbarða að söluverðmæti $ 8.890,30. Ekki verður séð, að pöntunin hafi verið árituð um móttöku. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, útgefnum 16. desember 1976, að framangreindri fjárhæð, sem ákærði Gísli Grétar hefur innleyst. Hins vegar finnast engin gögn, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um, að pöntunin hafi verið send varnarliðinu, og ákærði Gísli Grétar hefur engin gögn getað lagt fram, er sýna, að hann hafi afhent varnarliðinu umrædda pöntun.

Ákærði Gísli Grétar hefur skýrt svo frá, að þessi pöntun sé fölsuð að öllu leyti. Hann mundi ekki sérstaklega eftir henni, en hann sá það á hjólbarðastærðum, að hann hafi aldrei flutt þessa hjólbarða til landsins. Sé því ekki um annað að ræða en að pöntunin sé fölsuð, enda hafi hann enga tollseðla í bókhaldinu um flutning á slíkum hjólbörðum. Skipting ágóða hafi verið með sama hætti og áður.

Ákærði Halldór Örn skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu um þessa pöntun, að hér væri um falspöntun að ræða að öllu leyti. Hann myndi frekar óljóst eftir þessu annað en að pöntunarupphæðinni var skipt milli þeirra þriggja og hafi hann fengið í sinn hlut 37½%. Ákærði staðfesti þennan framburð fyrir dómi að öðru leyti en því, að hann taldi nú eftir að hafa rætt þetta nánar við Þorvald, að ákærði Hrafnkell Óskarsson hafi verið kominn inn í málið, þegar þessi pöntun hafi verið gerð, og hafi skipting verið í samræmi við það og hver um sig fengið 25%.

Ákærði Þorvaldur Bergmann sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlög-

reglu um þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni. Þó gæti verið um falspöntun að ræða eftir dekkjastærð að dæma, en hann gæti þó ekkert fullyrt um þetta. Ef um falspöntun hafi verið að ræða, hafi Hrafnkell verið kominn inn í dæmið og því ekki komið nema 25% í sinn hlut. Við yfirheyrslu hér fyrir dómi taldi hann, að hér gæti verið um að ræða falspöntun. Taldi hann, að Hrafnkell hafi verið þarna þátttakandi og hafi skipting hagnaðar miðast við það. Hafi Hrafnkell fengið sinn hlut fyllilega af þessari pöntun.

Ákærði Hrafnkell er ekki ákærður fyrir þátttöku í umræddri pöntun. Hann hefur hins vegar neitað að hafa verið kominn inn í mál þetta á þessum tíma. Hefur ekki náðst frekara samræmi milli ákærðu um þetta.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af framburðum ákærðu og öðrum gögnum málsins verður að telja fyllilega sannað, að ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór hafi staðið hér saman að falspöntun og hagnýtt sér umrædda fjárhæð, þ.e. $ 8.890,30, sem hinn 16. desember 1976 jafngilti ísl. kr. 1.684.711,85.

Pöntun 0013, dagsett 27/1 1977. (Ekki 27/12 1976, eins og segir í ákæru.)

Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 30 hjólbarða og 10 hjólbarðaslöngur, samtals að söluverðmæti $ 1.871,60. Pöntunin er árituð um móttöku varningsins af ákærða Þorvaldi Björnssyni. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 14. febrúar 1977, að fjárhæð $ 17.484,24, en tékki þessi var notaður til greiðslu á tveimur pöntunum, þ.e. þessari pöntun og pöntun 0014 að fjárhæð $ 15.612,64. Tékka þennan hefur ákærði Gísli innleyst í Landsbanka Íslands. Þá liggja fyrir tollseðlar ásamt tilheyrandi úttektarbeiðnum og aðflutningsskýrslum. Samkvæmt þessum tollseðlum hafa verið afgreiddir til varnarliðsins upp í þessa pöntun 10 hjólbarðar að verðmæti $ 219,50, en vöntun er á 20 hjólbörðum og 10 hjólbarðaslöngum að fjárhæð $ 1.652,10.

Ákærði Gísli Grétar hefur sagt varðandi þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni. Hins vegar virtist sér á öllu, að hann hafi aldrei sent varnarliðinu umrædda 20 hjólbarða og 10 hjólbarðaslöngur, enda útilokað, að hann hafi afgreitt þetta af lager hjá sér eða keypt á almennum markaði. Eins hafi hann ekki í bókhaldinu hjá sér tollseðla um flutning á þessu til varnarliðsins undanþegið aðflutningsgjöldum. Taldi hann því fullvíst, að hann hefði átt að útvega þetta síðar, en aldrei orðið af því, og þetta fallið undir samantekt á sams konar vöntunum í öðrum pöntunum, sem þeir Þorvaldur hafi síðan skipt á milli sín hagnaði af, þannig að í sinn hlut hafi komið 25%, en 75% til Þorvalds.

Ákærði Halldór Örn sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann gæti enga skýringu gefið á umræddri vöntun, en hann væri alveg viss um, að hann hefði ekki fengið greiddan hagnað af þessari pöntun. Hefur

hann staðfest þennan framburð fyrir dómi.

Ákærði Þorvaldur Bergmann sagði hjá rannsóknarlögreglu, að sig minnti örugglega, að hjólbarðaslöngurnar hafi ákærði Gísli afgreitt á löngum tíma og þær því allar komið. Eins taldi hann, að hjólbarðarnir hafi átt að koma, þótt hann gæti ekki fullyrt um það. Hefur ákærði staðfest þennan framburð fyrir dómi.

Niðurstaða.

Fyrir liggur, að ákærði Þorvaldur hefur kvittað fyrir móttöku þessarar pöntunar að fullu. Einungis liggja fyrir gögn um flutning á 10 hjólbörðum upp í pöntunina til varnarliðsins. Gísli telur útilokað, að hann hafi keypt það, sem á vantaði, á almennum markaði eða afgreitt það af lager hjá sér. Með hliðsjón af ofanrituðu telst sannað, að a.m.k. þessir tveir ákærðu hafi hér staðið að svikum varðandi þessa pöntun að því er varðar 20 hjólbarða og 10 hjólbarðaslöngur að verðmæti samtals $ 1.652,10, en hinn 14.2. 1977 jafngilti það íslenskum krónum 315.220,68.

Með hliðsjón af eindreginni neitun Halldórs og með því að ekki er unnt að útiloka, að ákærði Þorvaldur kunni hér að hafa farið bak við hann þykir rétt að sýkna hann af þessum ákærulið.

Pöntun nr. 0014, dagsett 2/2 1977. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 228 hjólbarða að söluverðmæti $ 15.612,64. Pöntunin er áritud um móttöku af ákærða Þorvaldi. Svo sem fyrr er rakið, liggur einnig fyrir í málinu tékki að fjárhæð $ 17.484,24, dagsettur 14. febrúar 1977, sem ætlaður var til greiðslu á þessari pöntun og pöntun 0013, en ákærði Gísli innleysti tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn finnast, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ákærði Gísli hefur heldur ekki getað lagt fram nein gögn er sýna, að hann hafi afhent varnarliðinu pöntun þessa.

Ákærði Gísli Grétar hefur skýrt svo frá, að umrædd pöntun sé fölsuð. Hann muni hins vegar ekkert eftir henni sérstaklega, en hann sjái það á hjólbarðastærðum, að um falspöntun sé að ræða, enda eru þarna hjólbarðastærðir, sem hann átti ekki á þessum tíma. Eins hafi hann haldið saman tollseðlum varðandi flutning á hjólbörðum og hjólbarðaslöngum til varnarliðsins og væru þeir seðlar þá í bókhaldinu hjá sér, ef hann hefði flutt þessa sendingu til varnarliðsins, en svo er ekki. Í sinn hlut hafi komið 25% af hagnaði.

Ákærði Halldór Örn skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hér væri um falspöntun að ræða, og mundi hann nokkuð glöggt eftir henni. Þegar þessi pöntun hafi verið gerð upp milli þeirra, hafi Hrafnkell Óskarsson verið kominn inn í myndina og hafi þetta verið fyrsta

pöntunin, sem hann stóð að svikum á. Það, sem hann hafði hér einkum til viðmiðunar, var sú fjárhæð, sem kom í hans hlut, en það hafi verið um kr. 740.000, eða um 25% af hagnaði. Sjái hann því, að pöntuninni hafi verið skipt í fjóra hluti. Eins gætu svik á þessari pöntun ekki hafa getað gerst nema með þátttöku Hrafnkels. Ákærði hefur staðfest þennan framburð hér fyrir dómi.

Ákærði Þorvaldur Bergmann skýrði svo frá við yfirheyrslu hjá lögreglu varðandi þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni, en hér gæti verið um falspöntun að ræða. Þó gæti hann ekkert um það fullyrt. Ef um falspöntun hefði verið að ræða, þá hefði hagnaðinum verið skipt í fjóra hluti, því Hrafnkell Óskarsson hefði þá fengið 25%. Hann gæti þó ekkert fullyrt um, hvort þetta væri falspöntun eða ekki.

Hér fyrir dómi taldi ákærði, að hér gæti verið um að ræða falspöntun, og vísaði hann til framanritaðrar skýrslu sinnar. Taldi hann, að Hrafnkell hafi verið þarna þátttakandi og skipting hagnaðar miðast við það.

Þegar Hrafnkell Óskarsson var yfirheyrður vegna þessarar pöntunar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins, kvaðst hann í upphafi vilja segja, að hann hefði aldrei vitað þarna á fyrsta samningstímabili, hvenær pantanir voru gerðar eða hversu háar þær væru. Hins vegar hafi ákærði Þorvaldur sagt sér, að hann myndi fá 25% af þeim hagnaði, sem af þessu yrði, en ekki hafi verið rætt milli þeirra, hve hagnaðurinn væri mikill, heldur hafi hann einungis af og til fengið umslag með peningum í. Hann kvaðst hafa fengið fyrstu peningana, kr. 560.000,00 hinn 22/4 1977 og hafi hann notað þá peninga til bílakaupa. Gæti hann því ekki átt þátt í umræddri pöntun að hans mati, þar sem hún var gerð rúmlega 2½ mánuði áður en hann fékk fyrstu greiðslu. Ef hann hefði átt að fá sinn hlut í þessari pöntun, hefði það verið um kr. 740.000,00 miðað við gengisskráningu á þessum tíma, en fyrsta greiðslan, þ.e. kr. 560.000,00, var jafnframt sú mesta, er hann fékk á fyrsta samningstímabili. Ákærði hefur einnig fyrir dómi mótmælt því, að hann eigi hlut að þessari pöntun. Samprófanir ákærðu, þ.e. annars vegar ákærða Hrafnkels og hins vegar ákærðu Þorvalds og Halldórs, hafa ekki leitt til frekara samræmis í málinu. Hefur komið fram hjá Halldóri, að hann byggi framburð sinn um þetta á því, sem ákærði Þorvaldur hefur tjáð honum.

Ákærði Gísli hefur lítið getað sagt um þetta, þar sem hann vissi ekki, að Hrafnkell var með í þessu máli fyrr en liðið var á fyrsta samningstímabil. Kvaðst hann aldrei hafa talað við Hrafnkel um þessar falspantanir, fyrr en eftir að Geir kom inn í málið.

Niðurstaða.

Þegar allt framanritað er virt, þ.e. eindregnir framburðir þeirra ákærðu

Gísla Grétars og Halldórs Arnar svo og framburður ákærða Þorvalds, verður að telja sannað, að a.m.k. þeir þrír hafi staðið að umræddri falspöntun og hagnýtt sér $ 15.612,64, sem jafngilti 14.2. 1977 ísl. kr. 2.978.891,72. Hins vegar þykir ekki óhætt að sakfella ákærða Hrafnkel fyrir þátttöku í þessu atferli, þar sem í raun liggur ekki annað fyrir um hann en framburður Þorvalds. Er ákærði Hrafnkell því sýknaður af þessum ákærulið.

— — —

Pöntun nr. 0016, dagsett 4/4 1977. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 250 hjólbarða að verðmæti $ 13.423,96. Ekki verður séð, að pöntunin sé árituð um móttöku. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 19. apríl 1977, að ofangreindri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Engin gögn hafa heldur komið frá ákærða Gísla um að hann kunni að hafa afgreitt þessa pöntun til varnarliðsins.

Ákærði Gísli hefur sagt, að hann teldi, að öruggt væri, að hér væri um falspöntun að ræða, enda bæði um að ræða hjólbarðastærðir í pöntuninni sem hann hafi aldrei flutt inn og eins minnti hann, að þeir hefðu falsað þessa pöntun. Taldi hann, að í sinn hlut hefðu komið 25%, en hann hafi látið Þorvald fá 75% af fjárhæðinni.

Ákærði Halldór hefur borið bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hér hafi verið um falspöntun að ræða og hafi hann fengið í sinn hlut 25% á móti ákærða Gísla, Þorvaldi og Hrafnkeli.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson hefur sagt, að þetta væri fyrsta falspöntunin, sem hann hafi staðið að. Hann taldi þó, að hann hefði ekki fengið meira en gkr. 500.000,00 fyrir þátttöku sína í þessu.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu kvaðst ákærði Þorvaldur Bergmann ekki muna sérstaklega eftir þessari pöntun og gæti hann því ekki sagt til um, hvort um falspöntun væri að ræða eða ekki. Ef svo hefði hins vegar verið, þá hefði hann fengið 25% og hver um sig af hinum ákærðu hefði fengið hið sama þ.e.a.s. þeir ákærðu Halldór, Gísli og Hrafnkell.

Hér fyrir dómi taldi ákærði, að hér gæti hafa verið um falspöntun að ræða og hafi hagnaður farið í fjóra staði. Hann hafnaði því hins vegar, að þetta hafi verið fyrsta falspöntun Hrafnkels með tilvísan til þess, sem áður er sagt.

Niðurstaða.

Með hliðsjón af ofangreindum gögnum og framburðum verður að telja

fyllilega sannað í málinu, að framangreindir fjórir ákærðu hafi hér staðið saman að falspöntun og skipt með sér umræddri greiðslu, $ 13.423,96, sem hinn 19. apríl 1977 jafngilti ísl. kr. 2.578.742,68.

Pöntun nr. 0020, dagsett 20/4 1977. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 140 hjólbarða að verðmæti $ 3.959,00. Ekki verður séð, að pöntunin sé árituð um móttöku. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 27. apríl, að fjárhæð $ 9.704,20, en tékki þessi var notaður til greiðslu á fjórum pöntunum, þ.e. 0017, 0018, 0019 og 0020. Hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Hjá ákærða Gísla hafa heldur engin gögn fundist, sem bendi til, að þessi pöntun hafi verið afgreidd til varnarliðsins.

Ákærði Gísli hefur sagt um þessi pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni, en hins vegar teldi hann, að um falspöntun væri að ræða, þar sem hann hefði enga tollseðla í bókhaldinu hjá sér um flutninga á þessum hjólbörðum til varnarliðsins. Eins væri útilokað, að hann hafi afgeitt þetta af lager hjá sér eða keypt á almennum markaði, þar sem um það mikið magn væri að ræða, að hann myndi aldrei hafa afgreitt þetta nema undanþegið aðflutningsgjöldum. Hér hafi því verið um falspöntun að ræða og í sinn hlut komið 25%, en Þorvaldur fengið 75%.

Ákærði Halldór hefur sagt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann viti ekkert um þessa pöntun og ef hún væri tengd einhverjum svikum, þá hefði hann ekki komið þar nærri eða fengið hagnað af.

Ákærði Þorvaldur sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessari pöntun og gæti hann því ekki sagt til um, hvort um falspöntun hefði verið að ræða eða ekki. Ef um slíka pöntun hefði verið að ræða, þá hafi 25% komið í sinn hlut og hið sama í hlut hvers þeirra hinna ákærðu, þ.e. Halldórs, Gísla og Hrafnkels.

Fyrir dómi taldi Þorvaldur, að hér væri ekki um falspöntun að ræða og hafi umræddar vörur verið afgreiddar.

Ákærði Hrafnkell sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hann vissi ekki, hvort um falspöntun hefði verið að ræða og hann þá fengið einhvern hagnaðarhluta greiddan. Hann hafi aldrei vitað um þessar falspantanir, hvenær þær voru gerðar eða hve háar þær voru, heldur hafi hann einungis fengið peninga í umslagi frá ákærða Þorvaldi. Það hafi ekki verið fyrr en Geir Guðmundsson kom inn í málið, að hann vissi, hvaða pantanir var um að ræða. Fyrir dómi taldi ákærði, að hér gæti verið um að ræða falspöntun, er hann hafi fengið hluta af, þótt hann hafi ekki vitað um einstakar pantanir.

Niðurstaða.

Þegar litið er til þess, að engin gögn liggja fyrir um afgreiðslu þessarar pöntunar, svo og til framburðar ákærða Gísla um, að þetta hafi verið pöntun, sem ekki hafi komið til afgreiðslu að neinu leyti, telst sannað í málinu, að hér hafi verið um svikapöntun að ræða. Ekki gat komið til greiðslu fyrir pöntun þessa án tilverknaðar Þorvalds. Verður því talið sannað, að a.m.k. þessir tveir ákærðu hafi hagnýtt sér umrædda greiðslu, þ.e. $ 3.959,00, sem jafngilti hinn 27. apríl 1977 ísl. kr. 761.315,68.

Ekki þykir hins vegar unnt að telja nægilega sannað í málinu, að ákærðu Halldór og Hrafnkell hafi fengið hluta af greiðslu þessari, og verða þeir því sýknaðir af þessum lið.

— — —

Pöntun nr. 0023, dagsett 1/6 1977. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 221 hjólbarða að fjárhæð $ 16.366,80. Ekki verður séð, að pöntun þessi sé árituð um móttöku. Fyrir liggur ljósrit af tékka varnarliðsins að ofangreindri fjárhæð, dagsettum 9. júní 1977, og hefur ákærði Gísli innleyst hann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að umrædd pöntun hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Heldur hafa ekki fundist nein gögn hjá ákærða Gísla því til staðfestu, að pöntunin hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt um pöntun þessa, að hún sé örugglega fölsuð. Taldi hann, að Þorvaldur hefði falsað hana án sinnar vitneskju, meðan hann dvaldi erlendis, enda hafi reikningurinn, sem fylgdi pöntuninni, ekki verið frá Hjólbarðasölunni, en hann minnti, að Þorvaldur hefði sagt sér af þessu, þegar ákærði kom aftur til landsins eftir stutta dvöl erlendis, og hafi hann þá látið sig fá ávísunina, sem varnarliðið hafði gefið út til greiðslu á pöntuninni, eða öllu heldur hafi hann sjálfur sótt hana. Skiptingin hafi síðan orðið með sama hætti og áður.

Ákærði Halldór sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hér væri um að ræða falspöntun að öllu leyti og hafi skipting verið með sama hætti og áður milli þeira fjögurra. Þegar ákærði kom fyrir dóm, sagði hann hér um að ræða falspöntun.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu sagði ákærði Þorvaldur, að hann myndi ekki sérstaklega eftir þessari pöntun, en hins vegar gæti verið um falspöntun að ræða, en þó gæti hann ekkert um það fullyrt. Hafi svo verið, þá hafi þetta skipst jafnt milli þeirra fjögurra. Fyrir dómi taldi ákærði, að hér gæti verið um falspöntun að ræða.

Ákærði Hrafnkell hefur sem fyrr sagt, að hann hafi ekki vitað, um hvaða

pantanir væri að ræða, er hann fékk peninga frá Þorvaldi, en hér gæti hafa verið um að ræða eina þá pöntun, sem hann fékk hagnað af.

Niðurstaða.

Þegar framanrituð gögn og framburðir eru virt verður að telja fyllilega sannað í málinu, að hér hafi verið um að ræða pöntun, sem að engu leyti hafi verið afgreidd til varnarliðsins, og hafi ákærðu fjórir skipt greiðslu fyrir hana á milli sín, en hér var um að ræða $ 16.366,80, sem hinn 9.6. 1977 jafngilti ísl. kr. 3.170.249,16.

— — —

Pöntun 0026, dagsett 30/6 1977. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 50 hjólbarða að fjárhæð $ 1.527,50. Ekki verður séð, að pöntunin sé áritуð um móttöku. Þá liggur fyrir tékki varnarliðsins, dagsettur 28. júlí 1977, að ofangreindri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli innleyst hann í Landsbanka Íslands. Engin gögn er að finna, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að umrædd pöntun hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ekki hafa heldur fundist nein gögn hjá ákærða Gísla um að pöntun þessi hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt varðandi þessa pöntun, að þar sé um falspöntun að ræða. Þetta hafi verið síðasta pöntunin á fyrsta samningstímabilinu við varnarliðið og hafi hún verið gerð til að jafna upp það, sem Þorvaldur hafði safnað upp saman á pappírum með því að skrá hjólbarðana út úr „Shop store three" á of háu verði. Hafi Þorvaldur haft samband við sig og sagt sér að koma með reikning fyrir framangreindri pöntun og hafi hann fengið reikninginn greiddan í skrifstofu varnarliðsins. Hafi hann síðan yfirfært ávísunina í Landsbankanum, en Þorvaldur síðan komið til sín á skrifstofu sína og fengið pöntunarupphæðina að frádregnum 25%, sem ákærði fékk í sinn hlut.

Ákærði Halldór hefur hafnað því bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann eigi hlut að því að hafa dregið til sín umrædda fjárhæð.

Ákærði Þorvaldur sagði varðandi þessa pöntun hjá rannsóknarlögreglu, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni og gæti hann ekki sagt til um það, hvort um falspöntun hefði verið að ræða eða ekki. Ef um falspöntun hefði verið að ræða, hafi Geir Guðmundsson verið kominn inn í þetta og fengið hluta. Fyrir dómi kannaðist ákærði ekki við, að þetta væri falspöntun. Er honum var kynntur framburður Gísla Grétars um þetta, sagði hann framburðinn ekki réttan að því er sig varði. Samprófun milli ákærðu Þorvalds og Gísla um þetta atriði bar ekki árangur.

Ákærði Hrafnkell hefur sem fyrr sagt, að hann hafi ekki vitað á þessu tímabili, af hvaða pöntunum hann hafi fengið hagnaðarhlut greiddan.

Hann hafi verið búinn að fá um það bil 2.000.000 króna, þegar Geir Guðmundsson kom til sögunnar við pöntun nr. KS11 á öðru samningstímabili.

Niðurstaða.

Þegar litið er til þess, að engin gögn liggja fyrir um afgreiðslu á pöntun þessari, svo og til eindregins framburðar Gísla um, að þetta hafi verið falspöntun, verður að telja sannað, að svo hafi verið. Ekki liggur fyrir, hver áritaði pöntunina um móttöku, svo sem fyrr greinir. Pöntunin er gerð um svipað leyti og Geir tók við starfi Þorvalds að því er best verður séð. Enda þótt flest bendi til, að Þorvaldur hafi átt hér hlut að máli, er möguleiki á öðru. Verður ákærði Gísli því einn sakfelldur hér fyrir hagnýtingu á umræddri pöntun, þ.e. $ 1.527,50, sem var jafnvirði ísl. kr. 298.931,76 hinn 28/7 1977. Ákærðu Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell eru því sýknaðir af þessum ákærulið.

Annað samningstímabil.

Pöntun nr. KS01, dagsett 27/7 1977. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 60 hjólbarða, samtals að verðmæti $ 6.294,80. Pöntunin er áritud um móttöku af ákærða Þorvaldi. Fyrir liggur í málinu tékki varnarliðsins, dagsettur 8. ágúst 1977, að ofannefndri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli innleyst tékkann í Landsbanka Íslands. Samkvæmt tollpappírum, er fyrir liggja í málinu, hafa verið afgreiddir af umræddri pöntun 36 hjólbarðar, samtals að verðmæti $ 3.776,88, og vantar því samtals 24 hjólbarða upp í pöntunina, að fjárhæð $ 2.517,92.

Ákærði Gísli hefur sagt um þessa pöntun, að hann hafi látið Þorvald vita, að hann væri með sendingu upp á 36 hjólbarða, og hafi þeir þá ákveðið, að varnarliðið myndi panta 60 hjólbarða og hann leggja fram reikning um það magn, en hins vegar aðeins senda umrædda 36 hjólbarða. Varnarliðið hafi því greitt fyrir 24 hjólbarða, sem það hafi ekki fengið, og þeir samtals svikið þarna út $ 2.517,92. Þessu hafi síðan verið skipt þannig, að Þorvaldur hafi fengið 90% af upphæðinni, en hann sjálfur 10%. Þegar þessi pöntun kom, hafi Þorvaldur verið búinn að fara fram á það við sig, að hagnaðarhlutfall hans, þ.e. Gísla, yrði lækkað í 10% úr 25%.

Ákærðu Þorvaldur Bergmann og Halldór Örn halda því ákveðið fram, að hér sé ekki um að ræða falspöntun af þeirra hálfu að neinu leyti og viti þeir ekkert um þessa pöntun. Ákærði Þorvaldur kannast að vísu við að hafa kvittað fyrir móttöku hennar. Hann hafi þó verið hættur í fyrra starfi, þar sem móttaka fór fram. Hins vegar hafi Pálína Magnúsdóttir, sem átti að koma pappírum til greiðslu, leitað til sín um að fá kvittun á pantanir, þar sem hann hafi verið staðsettur í sama húsi og skrifstofan,

og hlífðist hún við að fara í annað hús, þar sem Geir var staðsettur. Hafi ákærði í þessum tilvikum hringt í Geir og fengið upplýsingar um viðkomandi pöntun. Ákærði kvaðst ekki hafa kvittað á þessar pantanir, nema Geir hafi staðfest, að þær væru afgreiddar að fullu. Minntist hann þess ekki, að Geir hafi nokkru sinni fyrirvara á um, að pöntun væri ekki afgreidd að fullu, er ákærði leitaði staðfestingar hans.

Ákærði Hrafnkell hefur sem fyrr sagt, að hann hafi ekki vitað á þessu tímabili, af hvaða pöntunum hann hafi fengið hagnaðarhlut.

Geir Guðmundsson sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu um þessa pöntun, að hann hafi enga aðild átt að henni. Þorvaldi hafi verið í lófa lagið að útbúa þessa pöntun án sinnar vitundar, þótt hann hafi verið hættur í söludeildinni. Vissi Geir, að Þorvaldur hefði átt töluverða fjárhæð í „pottinum", sem hann hafi verið búinn að safna, áður en Geir tók við af honum. Kvaðst hann dæma þetta af því, að þegar pöntun KS11 hafi verið fölsuð um haustið þetta ár, þá hafði hann sjálfur safnað um 12.000 dollurum, en pöntunin, sem Þorvaldur útbjó, hafi hljóðað upp á u.þ.b. $ 20.000,00, þannig að hann hljóti að hafa átt töluverða upphæð í handraðanum, sem hann hafi safnað, áður en hann, þ.e. Geir, kom til sögunnar. Geir taldi, að Þorvaldur hafi hætt í deildinni einhvern tíma í júní og hafi það gerst mjög snögglega einn daginn og alveg fyrirvaralaust. Varðandi pöntun KS01 fannst honum allt benda til þess, að hún væri fölsuð varðandi þessa 24 hjólbarða og hefði það ekki verið neinum vandkvæðum bundið fyrir Þorvald að falsa hana, þótt hann hefði verið farinn úr deildinni sem fyrr segir, því hann hafi haft aðgang að öllum þeim gögnum, sem hann þurfti í þessu sambandi.

Niðurstaða.

Þegar litið er á eindreginn framburð ákærða Gísla um, að þessi pöntun hafi fyrirfram verið hugsuð sem svikapöntun að hluta af hans hálfu og Þorvalds, sem og þá staðreynd, að ekki liggja fyrir nein gögn varðandi flutning umræddra 24 hjólbarða til hersins á Keflavíkurflugvelli, þykir sannað með hliðsjón af áritun ákærða Þorvalds um móttöku allrar pöntunarinnar, að a.m.k. þessir tveir ákærðu hafi staðið að því að svíkja út andvirði hjólbarðanna, $ 2.517,92, sem hinn 8/8 1977 jafngilti ísl. kr. 495.778,43.

Hins vegar verður ekki talið sannað í málinu, að ákærðu Halldór og Hrafnkell hafi átt hér hlut að, m.a. með hliðsjón af þeim möguleika, að ákærði Þorvaldur hafi farið á bak við þá í þessum efnum.

— — —

Pöntun KS11, dagsett 29/9 1977. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 125 hjólbarða að fjárhæð $ 20.146,40. Ekki verður séð, að pöntunin hafi verið árituð um móttöku. Fyrir liggur einnig ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 30/9 1977, að fjárhæð $ 38.380,11, en tékki þessi var notaður til greiðslu á þremur pöntunum. Ákærði Gísli innleysti tékkann í Landsbanka Íslands. Engin gögn liggja fyrir, hvorki frá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ekki hafa heldur verið lögð nein gögn fram í málinu frá ákærða Gísla, sem benda til þess, að umrædd pöntun hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt, að hér sé um falspöntun að ræða. Sjái hann það á fjölda hjólbarða, að hann hafi ekki afgreitt þessa pöntun til varnarliðsins, enda mundi hann eftir einni falspöntun á þetta háa fjárhæð. Kvaðst hann hafa fengið í sinn hlut 10% af upphæðinni, en hann vissi ekki um skiptingu eftirstöðvanna, en Þorvaldur hafi tekið við mismuninum, 90%. Geir og Hrafnkell hafi síðar sagt sér, að þeir hefðu ekki fengið fullan hluta af þessari pöntun.

Ákærði Geir Guðmundsson hefur sagt, að þetta hafi verið fyrsta falspöntunin, sem hann hafi átt hlut að, og hafi hann fengið kr. 500.000,00 vegna hennar. Kvað hann það hafa verið sennilega í seinni hluta júlímánaðar 1977 sem ákærði Þorvaldur hafi komið að máli við sig og sýnt sér, hvernig hægt væri að svíkja út fé með því að skrá alla hjólbarða og hjólbarðaslöngur á hærra verði og halda síðan skrá yfir mismuninn, þannig að í „pott" kæmi upphæð, sem útbúin væri pöntun á og síðan greidd. Hafi hann, þegar þetta var, verið nýorðinn deildarstjóri í „Shop store three" eftir að hafa tekið við stöðunni af Þorvaldi.

Ákærði Þorvaldur sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, sem hann hefur staðfest fyrir dómi, að hér væri um falspöntun að ræða að öllu leyti. Er vert að vekja athygli á því, að þetta er fyrsta og eina afdráttarlausa játning ákærða Þorvalds um falspöntun. Ákærði kvaðst hafa safnað saman upphæð á pappírunum með því að skrá á of háu verði út hjólbarða frá „Shop store three" og eins hafi Geir ofskráð eitthvað, þar sem hann tók þar við deildarstjórastöðunni í millitíðinni. Höfðu þeir samanlagt safnað saman upphæð $ 20.146,40, og útbjó Geir pöntunina. Hann mundi ekki skiptingu hagnaðar, en hann taldi, að auk sín hafi verið í þessu allir hinir ákærðu. Hann viðurkenndi, er honum var kynntur framburður þeirra Gísla og Geirs, að þeir Geir og Hrafnkell hafi einungis fengið kr. 500 þúsund í sinn hlut af þessari pöntun. Taldi hann, að hann hafi verið búinn að safna saman á pappírunum upphæð, áður en Geir tók við eða vissi um. Hafi það verið ástæðan fyrir því, að hlutur þeirra Halldórs hafi verið hærri heldur en hinna. Hafi þeir Halldór skipt á milli sín pöntunarupphæðinni

að frádregnum 10%, sem komu í hlut Gísla og kr. 1.000.000,00, sem Geir og Hrafnkell fengu samanlagt.

Ákærði Halldór hefur hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi staðfest, að hér hafi verið um falspöntuna að ræða. Hafi Þorvaldur látið sig fá sinn hlut af peningunum, en ekki mundi hann, hversu mikið það var. Taldi hann, að þetta hafi verið fyrsta pöntunin, þar sem Geir tók þátt í svikum. Hann taldi við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að sitt hagnaðarhlutfall hafi verið það sama og áður, eða 25%.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson hefur viðurkennt, að hér hafi verið um falspöntun að ræða, sem hann fékk hagnaðarhluta af, en hann hafi fengið kr. 500.000,00 úr þessari pöntun.

Niðurstaða.

Með eigin framburðum ákærðu og öðrum gögnum málsins er fyllilega sannað, að hér var um pöntun að ræða, sem ekki kom til afgreiðslu að neinu leyti til varnarliðsins, og skiptu ákærðu með sér fjárhæðinni, svo sem að framan er lýst. Hafi ákærðu samtals hagnýtt sér hér $ 20.146,40, sem jafngilti hinn 30.9. 1977 ísl. kr. 4.192.465,80.

Pöntun KS16, dagsett 4/1 1978. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 20 hjólbarða að fjárhæð $ 3.303,80. Undir meðferð málsins barst ljósrit af pöntun þessari, sem bar það með sér, að ákærði Þorvaldur hefur kvittað fyrir móttöku 5. janúar 1978. Fyrir liggur í málinu tékki að framangreindri fjárhæð, útgefinn af varnarliðinu 5. janúar 1978, og hefur ákærði Gísli innleyst hann í Landsbanka Íslands. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntunin hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Ekki hafa heldur komið fram nein gögn frá ákærða Gísla um það, að pöntun þessi hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt um þessa pöntun, að hann myndi ekki sérstaklega eftir henni. Hins vegar hafi hann enga pappíra í bókhaldi sínu um, að hann hafi sent varnarliðinu þetta, og taldi hann því, að um falspöntun væri að ræða, enda útilokað, að hann hafi afgreitt þetta af lager hjá sér. Gat hann ekkert frekar tjáð sig um þetta annað en að hagnaði hafi verið skipt þannig, að hann hafi fengið 10%, enda hafi öllum falspöntunum á þessum tíma verið skipt þannig.

Enginn hinna ákærðu kannast við aðild sína að falspöntun í þessu sambandi.

Niðurstaða.

Ákærði Gísli ber, að hér sé um falspöntun að ræða, enda sé útilokað, að hann hafi afgreitt hana með hjólbörðum af almennum markaði. Engin

gögn liggja frammi um flutning á umræddum hjólbörðum til Keflavíkurflugvallar. Með þetta í huga og með hliðsjón af áritun ákærða Þorvalds um móttöku pöntunarinnar þykir sannað, að a.m.k. þeir tveir hafi svikið út greiðslu vegna hennar, þ.e. $ 3.303,80, sem hinn 5. janúar 1978 jafngiltu ísl. kr. 703.048,64.

Gegn eindregnum neitunum annarra ákærðu, þ.e. Halldórs, Hrafnkels og Geirs, þykir ekki sannað í málinu, að þeir hafi átt hér hlut að máli, og verða þeir því sýknaðir af þessum ákærulið.

— — —

Pöntun KS20, dagsett 30/1 1978 (ekki 20/1, eins og segir í ákæru.) Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 90 hjólbarða að fjárhæð $ 12.437,15. Ljósrit af pöntuninni, sem barst undir meðferð málsins, ber með sér, að ákærði Þorvaldur hefur kvittað fyrir móttöku hjólbarðanna. Þá liggur fyrir tékki frá varnarliðinu, útgefinn 2/2 1978, að sömu fjárhæð. Hefur ákærði Gísli innleyst hann í Landsbanka Íslands. Ekki hafa fundist nein gögn hjá tollstjóra eða ríkisendurskoðun um, að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá hafa heldur ekki fundist gögn hjá ákærða Gísla varðandi afgreiðslu á þessari pöntun.

Ákærði Gísli hefur fullyrt, að hér hafi verið um falspöntun að ræða. Hafi hann fengið 10% í sinn hlut, en mjög líklega afhent Þorvaldi hitt.

Ákærði Geir Guðmundsson hefur og sagt, að hér væri um falsaða pöntun að ræða, er hann hafi útbúið í samráði við ákærða Þorvald eftir þeirri uppæð, sem safnaðist í „pottinn" á pappírunum. Þorvaldur hafi síðan séð um að koma pöntuninni til greiðslu. Þorvaldur hafi viku síðar látið sig fá 500.000 krónur eða rúmlega það sem hagnað í sinn hlut, en það voru 20%. Þá hafi Þorvaldur einnig látið sig hafa sömu upphæð, er ákærði sá síðan um að koma til ákærða Hrafnkels

Ákærði Þorvaldur Bergmann sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar 1979, að hann kannaðist ekkert við þessa pöntun og ef hér væri um falspöntun að ræða, þá hefði hann ekki komið þar nærri. Þegar hann var yfirheyrður aftur hjá rannsóknarlögreglu 24. febrúar 1979 og honum hafði verið kynntur framburður annarra aðilja, sem við sögu koma varðandi þessa pöntun, viðurkenndi hann, að hér væri um falspöntun að ræða og hefði komið í sinn hlut 25% og hefði Halldór fengið sömu fjárhæð, en Geir og Hrafnkell 20% og Gísli 10%. Staðfesti ákærði þessa skýrslu sína hér fyrir dómi.

Ákærði Halldór Örn viðurkenndi við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að hér væri um falspöntun að ræða að öllu leyti. Þegar hann kom hér fyrir dóm, sagði hann hins vegar, að hann teldi þessa pöntun sér óviðkom-

andi. Að vísu hafi hann við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu talið að hér væri um falspöntun að ræða, er hann hafi notið hagnaðar af. Er þeir Þorvaldur hafi farið að ræða þessi mál, hafi þeir verið sammála um, að þeir hafi einungis fengið greitt af einni pöntun eftir áramót 1977-1978. Kvaðst hann muna, að þá greiðslu hafi hann fengið afhenta af Geir Guðmundssyni og hafi þar einnig verið hlutur Þorvalds, sem var erlendis. Hafi hann því komist að þeirri niðurstöðu, að þessi eina falspöntun 1978 hafi verið KS25. Hafnaði hann því þessum ákærulið.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson hefur talið, að hér sé um falspöntun að ræða, og byggir hann það á því, að um þetta leyti hafi ákærði Geir látið sig hafa milli 5-600.000 króna sem hans hlut af falspöntunum.

Niðurstaða.

Þegar virt eru framanrituð gögn og framburðir þykir fyllilega sannað í málinu, að allir ákærðu hafi hér átt hlut að því að svíkja umrædda greiðslu út, þ.e. $ 12.437,15, sem hinn 2/2 1978 jafngilti ísl. kr. 2.733.685,55.

Pöntun KS25, dagsett 7/3 1978. Fyrir liggur í málinu afrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 90 hjólbarða að fjárhæð $ 9.912,52. Ljósrit af pöntuninni, sem dóminum barst undir meðferð málsins, hefur ákærði Geir áritað um móttöku. Þá liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, útgefnum 16. mars 1978, að ofangreindri fjárhæð, og hefur ákærði Gísli leyst hann út í Landsbanka Íslands. Engin gögn er að finna hjá tollstjóra eða ríkisendurskoðun um, að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá hafa heldur ekki verið lögð fram nein gögn frá ákærða Gísla um, að hann hafi afgreitt pöntun þessa.

Ákærði Gísli hefur sagt, að umrædd pöntun sé falspöntun. Minnti hann endilega, að það hafi verið Geir, sem hafi haft samband við sig og sagt honum, að tilbúin væri falspöntun, er hann ætti að koma með reikning á móti og hafi verið um þessa pöntun að ræða. Eftir að ákærði hafi yfirfært greiðsluávísunina í Landsbanka Íslands, hafi Geir tekið við því, sem átti að koma í hlut hinna. Vildi Geir endilega, að ákærði fengi í sinn hlut 20% af hagnaði, en ekki 10%, eins og komið hafi í hans hlut á þessu tímabili. Hafi þetta orðið, en hins vegar hafi hann orðið síðar að endurgreiða Þorvaldi 10% af því, sem hann hefði fengið, þar sem hann var ekki sáttur við að ákærði fengi 20%.

Ákærði Geir hefur sagt, að umrædd pöntun væri fölsuð og hafi hann sjálfur komið pöntuninni í gegnum innkaupadeildina og síðan til greiðslu, þar sem ákærði Þorvaldur hafi verið erlendis um þetta leyti. Ákærði Gísli hafi síðan látið sig fá 80% af fjárhæðinni, eftir að hann hafði fengið hana

greidda og yfirfærða í banka í íslenska peninga. Hafi skipting á peningunum því verið þannig, að Gísli hafi fengið 20%, Hrafnkell 20%, hann sjálfur 20% og 40% hafi hann látið Halldór Magnússon hafa, er átti að koma til jafnra skipta milli hans og Þorvalds. Hann tók fram, að Gísli hafi sagt sér, að hann hefði einungis fengið 10% af hagnaði, síðan ákærði kom inn í dæmið, en í þessu tilviki sá ákærði sjálfur um skiptingu, og fannst honum sanngjarnt að Gísli fengi jafn stóran hlut og hinir.

Ákærði sagði hér fyrir dómi, að þetta hafi verið í fyrsta sinn, sem hann tók við peningum frá Gísla. Hann kvaðst hafa greitt Hrafnkeli út hans hluta, en afhent Halldóri hlut þeirra Þorvalds, sem var erlendis. Taldi hann fullvíst, að þeir hafi báðir fengið hlut úr þessari pöntun sem og KS20, enda hafi Þorvaldur tekið við peningum úr þeirri pöntun.

Ákærði Þorvaldur sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 23. janúar 1979 um þessa pöntun, að hún væri falspöntun og væri þetta síðasta falspöntunin, er hann hefði staðið að. Hann hafi verið erlendis, er pöntunin var fölsuð, og vissi hann ekkert um þetta, fyrr en hann kom að utan og Halldór lét hann hafa einhverja fjárhæð, sem hafi átt að koma í sinn hlut af þessari pöntun. Í tilefni framburðar Gísla minntist hann þess ekki að hafa látið Gísla endurgreiða sér vegna þessarar pöntunar.

Þegar ákærði kom hér fyrir dóm, sagði hann í sambandi við þessa pöntun, að hann væri mjög efins um, að hann hefði fengið hagnað af henni, enda þótt hann hafi játað það hjá RLR. Hafi hann hins vegar fengið ágóða af þessari pöntun, hafi hann ekki fengið ágóða af KS20. Minntist hann þess ekki að hafa fengið nema úr einni pöntun á þessu tímabili, þ.e. í febrúar-mars 1978. Honum var bent á framburði meðákærðu, m.a. um breytta skiptingu að því er Gísla varðaði. Kvaðst hann ekki muna eftir því, en að því er varðaði ferð sína til útlanda þá gæti það alveg eins hafa átt við KS20. Staðhæfði ákærði, að önnur hvor ofangreindra pantana, KS20 eða KS25, hafi verið síðasta falspöntunin, er hann átti þátt í.

Ákærði Halldór sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu um umrædda pöntun, að hún væri falspöntun. Þorvaldur hafi verið erlendis, er hún var gerð, og hafi Geir séð um þetta og látið sig síðan hafa 40% af pöntunarfjárhæðinni, sem átti að skiptast jafnt milli þeirra Þorvalds. Þegar Þorvaldur hafi komið til landsins, hafi hann látið Þorvald hafa 20% fjárhæðarinnar, en hann hafi verið mjög ósáttur yfir því, að Geir hefði látið Gísla hafa 20%, en ekki 10%, eins og Gísli hefði fengið undanfarið, og lét hann Gísla endurgreiða sér 10%. Hafi Þorvaldur síðan látið sig fá helming þess, sem Gísli skilaði honum til baka. Í sinn hlut hafi því komið 25%. Þegar ákærði kom hér fyrir dóm, staðfesti hann þessa skýrslu sína og kvað þetta hafa verið síðustu pöntunina sem hann hafi fengið greitt úr.

Ákærði Hrafnkell hefur talið, að hér hafi verið um falspöntun að ræða,

því um þetta leyti hafi ákærði Geir látið sig hafa u.þ.b. kr. 500.000,00, og taldi hann, að hann hefði fengið 20% af umræddri pöntun.

Niðurstaða.

Þegar framanritaðir framburðir og önnur gögn málsins eru virt, verður að telja fyllilega sannað í málinu þrátt fyrir framburð ákærða Þorvalds nú fyrir dómi, að allir ákærðu hafi hagnýtt sér umrædda pöntun þ.e. $ 9.912,52, sem jafngilti hinn 16.3. 1978 kr. 2.518.771,32.

Pöntun KS30, dagsett 26/4 1978. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 40 hjólbarða að fjárhæð $ 3.987,20. Ljósrit af pöntuninni, sem barst undir meðferð málsins, ber áritun ákærða Þorvalds um móttöku. Ekki liggur fyrir tékki vegna pöntunarinnar, en samkvæmt yfirliti Landsbanka Íslands hefur hann verið leystur út af ákærða Gísla. Engin gögn hafa fundist, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um, að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá hafa heldur ekki komið fram nein gögn frá Gísla, sem benda til afgreiðslu á henni.

Gísli hefur sagt varðandi þessa pöntun, að hann muni ekki sérstaklega eftir henni, en taldi alveg fullvíst, að um falsaða pöntun væri að ræða. Bæði sé, að hann muni ekki til þess að hafa flutt pöntunina til varnarliðsins og ef svo væri, ætti hann að hafa tollseðla yfir flutninginn, en þá hafi hann ekki. Eins sé þetta með seinustu pöntunum á öðru samningstímabili og því mjög líklegt, að þeir hafi verið að vinna upp það, sem offært hafi verið á pappírum hjá söludeildinni. Eins sé útilokað, að hann hafi afgreitt þessa pöntun af lager hjá sér, keypt hjólbarðana á almennum markaði eða flutt hjólbarða í gegnum Tollvörugeymslu. Taldi hann, að í sinn hlut hefði komið 10% af ofangreindri fjárhæð, en hann væri öruggur um, að Þorvaldur hafi fengið 90% af pöntunarupphæðinni, enda útilokað, að þeir þrír, þ.e. hann sjálfur, Geir og Hrafnkell, hafi staðið einir að svikum varðandi þessa pöntun, þar sem Þorvaldur hafi skipulagt allar falspantanir nema pöntun KS02 á þriðja samningstímabili. Varðandi þá fullyrðingu Þorvalds og Halldórs, að þeir hafi verið hættir þátttöku í falspöntunum um þetta leyti, sagði hann, að þeir hafi aldrei talað um það við sig að hætta. Hann tók og fram, að hann teldi, að engin falspöntun hafi farið fram hjá Þorvaldi, og hefði hann skipulagt þær allar nema hina síðustu, þ.e. KS02 á þriðja samningstímabili. Varðandi falspantanirnar yfirleitt hafi hann átt viðskipti við Þorvald og ætti hann manna best að geta sagt til um pantanir Hafi hann verið „heilinn" á bak við falspantanirnar.

Geir Guðmundsson mundi ekkert eftir að hafa átt hlut að neinu misferli í sambandi við þessa pöntun. Kannaðist hann ekki við, að hér gæti verið

um neina jöfnun á mismun að ræða vegna upphækkana á verði, sem hann hefði framkvæmt, enda hefði hann notað pöntun nr. KS02 á þriðja samningsímabili í þessu skyni. Taldi hann og, er hann var spurður nánar um þessa pöntun og pantanir KS16 og 32, að Þorvaldur hafi vel haft tök á að útbúa falspantanir án sinnar vitneskju allan þann tíma, sem hann, þ.e. Geir, var deildarstjóri í söludeildinni. Gæti Þorvaldur því hafa staðið að þessari pöntun og öðrum án þess að láta sig hafa hagnaðarhluta.

Halldór hefur sagt, að hann hafi ekki átt hlut að svikum í sambandi við þessa pöntun, enda hafi hann verið hættur þátttöku í svikum, þegar hún var gerð.

Þorvaldur hefur og neitað aðild sinni að svikum í sambandi við þessa pöntun og hafi hann ekki haft nein tök á að standa að falspöntunum, eftir að hann hætti sem deildarstjóri í söludeildinni.

Hrafnkell hefur heldur ekki kannast sérstaklega við þessa pöntun sem falspöntun.

Niðurstaða.

Ákærði Þorvaldur hefur staðfest með áritun sinni á umrædda pöntun, að hin pantaða vara hafi verið til staðar. Engin gögn liggja hins vegar fyrir um flutning á hjólbörðunum til Keflavíkurflugvallar, og ákærði Gísli heldur því fram, að þetta hafi verið pöntun, sem ekki hafi verið afgreidd, og greiðsla fallið í hlut ákærðu. Þegar á þetta er litið, þykir sannað, að a.m.k. þessir tveir ákærðu hafi tekið til sín umrædda greiðslu, $ 3.987,20, sem jafngilti hinn 26/4 1978, þegar pöntunin var gerð, ísl. kr. 1.021.520,62.

Með hliðsjón af framburðum annarra ákærðu, sem neita allri aðild að svikum í þessu sambandi, þykir ekki unnt að útiloka þann möguleika, að ákærði Þorvaldur hafi farið hér á bak við þá, og verða þeir sýknaðir af þessum lið.

— — —

Þriðja samningstímabil.

Pöntun KS02, dagsett 24/8 1978. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á 40 hjólbarða að verðmæti $ 6.733,74. Er hún áritуð um móttöku af E. Einarsdóttur. Einnig liggur fyrir ljósrit af tékka varnarliðsins, dagsettum 30. ágúst 1978, að sömu fjárhæð, og hefur ákærði Gísli Grétar innleyst hana í Landsbanka Íslands. Engin gögn fundust, hvorki hjá tollstjóra né ríkisendurskoðun, um að pöntun þessi hafi verið send varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli. Þá liggja heldur ekki fyrir nein gögn frá ákærða Gísla um að pöntun þessi hafi verið afgreidd.

Ákærði Gísli hefur sagt um þessa pöntun, að hún sé fölsuð. Hefur hann sagt, að þeir Hrafnkell og Geir hafi verið óhressir yfir því, að Þorvaldur

og Halldór höfðu ekki greitt þeim fullan hagnað af pöntun KS11, sem áður er gert grein fyrir, og þar farið á bak við þá. Hafi þeir þrír þess vegna í sameiningu ákveðið að falsa þessa pöntun og skipta hagnaði jafnt á milli þeirra þriggja. Geir hafi útbúið pöntunina og ákærði síðan fengið hana greidda og þeir síðan skipt hagnaðinum í þrjá hluti.

Ákærðu Geir og Hrafnkell hafa staðfest þessa frásögn ákærða Gísla í einu og öllu.

Niðurstaða.

Með framanritaða framburði og önnur gögn málsins í huga er fyllilega talið sannað í málinu, að þrír ákærðu, Gísli, Geir og Hrafnkell, hafa hér staðið saman að því að taka til sín greiðslu frá varnarliðinu á umræddri pöntun, án þess að hún væri afgreidd, en hér var um að ræða $ 6.733,74, sem jafngilti 30.8 1978 ísl. kr. 1.749.425,64. Verða þeir því sakfelldir fyrir þennan lið ákærunnar, en ákærðu Þorvaldur og Halldór verða sýknaðir af þessum ákærulið.

— — —

Pöntun KS06, dagsett 27/10 1978. Fyrir liggur í málinu ljósrit af pöntun þessari, sem hljóðar upp á hjólbarða og hjólbarðaslöngur að verðmæti $ 17.650,60. Pöntun þessi er árituð um móttöku af ákærða Þorvaldi Björnssyni. Ekki verður séð, að í málinu liggi fyrir tékki vegna greiðslu á þessari pöntun, en greiðsla mun hafa átt sér stað. Fyrir liggja tollseðlar ásamt tilheyrandi úttektarbeiðnum og aðflutningsskýrslum. Samkvæmt þessum tollseðlum hafa verið afgreiddir til varnarliðsins af pöntun þessari hjólbarðar fyrir $ 12.527,80, en vöntun er á 220 hjólbarðaslöngum og 20 hjólbörðum, samtals að fjárhæð $ 5.122,80.

Ákærði Gísli hefur sagt um þessa vöntun, að hér sé ekki um svikapöntun að ræða að neinu leyti. Þegar pöntunin hafi verið gerð og greidd, þá hafi hann ekki átt til í Tollvörugeymslu umræddra 20 hjólbarða og 220 hjólbarðaslöngur. Hafi hann verið með þetta í pöntun og samið um það við Geir að fá að afgreiða þetta um leið og það bærist til landsins. Hann hafi síðan ekki getað leyst þetta út, vegna þess að eftir að mál þetta kom upp, hafi hann misst ýmis viðskipti sín og því ekki haft fjármagn til að leysa það út. Skuldi hann varnarliðinu því umrædda upphæð, þ.e. $ 5.122,80.

Ákærði Geir hefur sagt varðandi þessa pöntun, að hér hafi ekki verið um neina ætlun þeirra um svik að ræða, heldur hafi ákærði Gísli átt eftir að afhenda umrædda vöntun. Hann hafi fengið pöntun þessa greidda, en gat síðan ekki afhent hana alla, þegar til kom, og hann lofaði að gera það síðar, enda kvaðst ákærði hafa skráð hjá sér þessa vöntun. Hafi aldrei

komið annað til en að Gísli myndi afhenda það, sem vantaði, en hann hafi ekki verið búinn að því, þegar mál þetta kom upp.

Af hálfu rannsóknarlögreglu ríkisins var gerð könnun á því hvort frásögn ákærðu um þetta stæðist. Í ljós kom, að hinn 20. september 1978 kom hjólbarðasending til landsins á vegum fyrirtækis ákærða Gísla, sem var til geymslu í Tollvörugeymslu Suðurnesja h/f. Með þeirri sendingu komu hjólbarðar af stærðum, sem átt gátu við í sambandi við umrædda vöntun. Af þessum hjólbörðum voru enn í Tollvörugeymslu hinn 29/8 1979 12 hjólbarðar. Hafði ákærði Gísli tekið úr Tollvörugeymslunni 8 hjólbarða, tollafgreidda þann 11. maí 1979. Var viðurkennt af hans hálfu, að hann hefði selt þá á almennum markaði. Þá kom í ljós, að hinn 18/10 1978 flutti fyrirtæki ákærða til landsins hjólbarðaslöngur, sem gátu átt við þessa pöntun að stærð og fjölda til. Voru slöngur þessar enn í Tollvörugeymslunni við athugun lögreglunnar hinn 29/8 1979 ógreiddar.

Niðurstöður.

Ákærði Gísli hafði fengið pöntun þessa greidda án þess að afgreiða hana að fullu, og fékkst hún greidd með tilstyrk ákærða Geirs. Gísli hefur borið, að hann hafi ætlað að afgreiða pöntun þessa að fullu, og svo sem fyrr hefur verið rakið voru í tollvörugeymslum hjólbarðar og hjólbarðaslöngur til að fullnægja pöntuninni á þeim tíma, er rannsóknin fór fram, að öðru leyti en því, að ákærði hafði selt 8 hjólbarða. Samkvæmt þessu þykir verða að telja ákærða sannan að sök um að hafa svikið út fé að því er varðar verðmæti umræddra 8 hjólbarða að söluverðmæti $ 1.242,00. Miðað við gengisskráningu Bandaríkjadollara þann dag, sem pöntunin er dagsett, 27/10 1978, er hér um að ræða í íslenskum krónum 382.536,00. Að öðru leyti er ákærði sýknaður af þessum ákærulið.

IX.

Samkvæmt framansögðu hafa ákærðu verið sekir fundnir um að hafa svikið út og tekið í eigin vasa greiðslur vegna eftirtaldra pantana að hluta eða að öllu leyti:

Ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór greiðslur vegna pantana 0002, 0003, 0008, 0010, 0011 og 0014 (dags. 2.2. '77), á 1. samningstímabili, samtals að fjárhæð $ 40.535,59, eða jafnvirði gkr. 7.698.891,20 á gengi greiðsludags hverrar greiðslu.

Ákærðu Gísli og Þorvaldur greiðslur vegna pantana 0013 og 0020 á 1. samningstímabili og KS01, KS16 og KS30 á 2. samningstímabili, samtals að fjárhæð $ 15.420,02, eða jafnvirði gkr. 3.296.884,05 á gengi greiðsludaga, þó þannig, að gengi greiðslu vegna pöntunar KS30 er miðað við dagsetningu pöntunar.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell greiðslur vegna pantana 0016 og 0023 á 1. samningstímabili, samtals að fjárhæð $ 29.790,76, eða jafnvirði gkr. 5.748.991,84 á gengi greiðsludaga.

Ákærðu allir greiðslur vegna pantana KS11, KS20 og KS25 á 2. samningstímabili, samtals að fjárhæð $ 42.496,07, eða jafnvirði gkr. 9.444.922,67 á gengi greiðsludaga.

Ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell greiðslu vegna pöntunar KS02 á 3. samningstímabili að fjárhæð $ 6.733,74, eða jafnvirði gkr. 1.749.425,64 á gengi greiðsludags.

Ákærði Gísli greiðslur vegna pantana 0026 á 1. samningstímabili og KS06 á 3. samningstímabili, samtals að fjárhæð $ 2.769,50, eða jafnvirði gkr. 681.467,76 á gengi greiðsludags að því er varðar pöntun 0026 og pöntunardags að því er varðar pöntun KS06.

Heildarupphæð greiðslna, er ákærðu hafa þannig hagnýtt sér, er $ 137.745,68, eða jafnvirði gkr. 28.620.583,11 á gengi greiðsludags hverrar greiðslu eða pöntunardags. Samtals er hér um að ræða greiðslur vegna 1872 hjólbarða og 180 hjólbarðaslangna.

Atferli ákærðu, sem hér hefur verið lýst, varðar við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

B. Ákæra dagsett 11. júní 1981.

I.

Hinn 11. júní 1980 sendi tollgæslustjóri rannsóknarlögreglu ríkisins skýrslu tollgæslunnar varðandi vöntun á hjólbörðum og fleiri vörutegundum, sem vera áttu á vörulager fyrirtækisins Hjólbarðasölunnar hjá Tollvörugeymslunni h/f samkvæmt birgðabókhaldi Tollvörugeymslunnar. Samkvæmt skýrslu tollgæslunnar var hér um að ræða vöntun á vörum að heildarverðmæti í íslenskum krónum miðað við tollgengi í júní 1980 kr. 20.947.226,00. Samkvæmt fylgiskjölum með skýrslunni var þetta vöntun á samtals 2182 hjólbörðum ásamt töluverðu af varahlutum og snjónöglum. Þá kom einnig fram í skýrslunni, að í klefa Hjólbarðasölunnar í Tollvörugeymslunni h/f væru 241 hjólbarði af ýmsum tegundum og stærðum, sem ekki ættu að vera þar samkvæmt birgðabókhaldi, og ennfremur lítils háttar af bifreiðavarahlutum af ýmsum tegundum, sem ekki ættu þar að vera samkvæmt birgðabókhaldi. Um verðmæti þessara vara væri ekki hægt að segja neitt, þar sem aðflutningsskjöl þeirra lægju ekki fyrir.

Framangreinda skýrslu undirrituðu tollgæslumennirnir Jón Mýrdal og Sævin Bjarnason. Hafa þeir staðfest hana fyrir dómi. Kom þá fram hjá þeim, að við skýrslugerð og talningu hafi verið byggt á birgðabókhaldi Tollvörugeymslunnar, þ.e. aðflutningsskjölum, sem eiga að sýna annars vegar,

hvaða vörur eiga að koma til geymslu þar, og hins vegar úttektir á vörum, eftir að greiðslur í banka og hjá tolli hafa átt sér stað.

Þess var óskað af hálfu tollgæslustjóra, að rannsóknarlögregla ríkisins tæki mál þetta til rannsóknar, og var á það bent, að forsvarsmaður Hjólbarðasölunnar h/f, Gísli Grétar Sigurjónsson, væri undir ákæru vegna svika í sambandi við sölu á hjólbörðum til varnarliðsins.

Rannsókn vegna máls þessa hófst hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 24. september 1980 að því er best verður séð. Þann dag hófst öflun gagna hjá Tollvörugeymslunni h/f, en næsta dag hófust yfirheyrslur í málinu.

Ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson kom fyrst til yfirheyrslu vegna máls þessa 7. október 1980. Er honum voru kynnt gögn varðandi vöntun í klefa Hjólbarðasölunnar í Tollvörugeymslunni, kvaðst hann enga skýringu geta gefið á þeim, en í byrjun maí sl. hafi hann komist að því, að mikil vöntun hafi verið í sendingar Hjólbarðasölunnar og hafi hann þá látið forráðamenn Tollvörugeymslunnar h/f vita af þessu. Var ákærði yfirheyrður ítarlega um þetta mál, en hann neitaði að hafa átt hér þátt í misferli. Hann viðurkenndi þó að hafa tekið 260.000 snjónagla út úr Tollvörugeymslunni án þess að hafa úttektarbeiðni og einnig hafi hann tekið eitthvað af varahlutum úr Tollvörugeymslunni á sama hátt og snjónaglana.

Að lokinni þessari yfirheyrslu var ákærða kynnt, að í þágu rannsóknar málsins yrði hann færður í fangelsið að Síðumúla 20, og var honum bent á rétt hans til að fá sér skipaðan réttargæslumann. Óskaði hann eftir því, að Ingvar Björnsson hdl. yrði skipaður réttargæslumaður hans. Þegar færa átti ákærða í fangelsið í Síðumúla, óskaði hann eftir því að fá að gefa aðra skýrslu í málinu, þar sem hann vildi breyta framburði sínum. Hófst síðan ný yfirheyrsla að viðstöddum réttargæslumanni ákærða.

Ákærði skýrði nú svo frá að síðari hluta árs 1975 hafi komið upp ósamkomulag milli tollgæslunnar og Tollvörugeymslunnar h/f um það, hvorum bæri að annast talningu á því, sem innflytjendur tóku út úr Tollvörugeymslu. Fyrir þann tíma hafi tollvörður séð um talningu í hliði. Frá því síðari hluta árs 1975 til áramóta 1976-1977 hafi engin talning verið framkvæmd á þeim vörum, sem teknar voru út í Tollvörugeymslunni. Eftir að þetta hafði staðið í nokkurn tíma, hafi hann farið að freistast til að taka fleiri hjólbarða út úr Tollvörugeymslunni heldur en hann hafði úttektarbeiðni fyrir. Taldi hann, að hann hefði fyrst staðið að slíku síðast á árinu 1975, en það hafi alltaf verið meiri og meiri losarabragur á því hjá Tollvörugeymslunni að fylgjast með því, sem þaðan fór út. Hann kvaðst í upphafi yfirleitt hafa greitt þessar vörur daginn eftir, þegar hann var búinn að koma hjólbörðunum í umferð og fá peninga fyrir þá. Síðan hafi komið gengisfellingar og verið sett vörugjald, hækkun á gúmmígjaldi og hafi þá sífellt dregist lengur, að hann gæti greitt tollinn og bankagreiðslur af um-

ræddum vörum, er hann hefði tekið ófrjálsri hendi í Tollvörugeymslunni. Síðan hafi verið farið aftur að telja úr Tollvörugeymslunni um áramótin 1976-1977, þannig að eftir þann tíma hafi ekki verið til umræðu að taka út vörur nema greiða fyrst af þeim.

Kvaðst ákærði á árinu 1976 hafa verið búinn að taka töluvert út úr Tollvörugeymslu af hjólbörðum og varahlutum án þess að greiða tolla eða bankagreiða, en hann hafi þó ekki gert sér grein fyrir því í fyrstu, hversu mikið magn var um að ræða, er hann átti ógreitt af. Það hafi síðan ekki verið fyrr en síðastliðið vor (1980), að honum var ljóst, hversu mikið magn var um að ræða, en hann hafði fyrst gert sér hugmynd um, að hér væri um 400-500 hjólbarða að ræða. Það, sem gerði honum erfitt með að fylgjast með, hversu mikið hann ætti ógreitt af, var, að hann hafði tekið aðrar stærðir en hann hafði úttektarbeiðnir fyrir. Var hann þá ef til vill búinn að taka út hjólbarðasendingu, sem hann síðar kom með úttektarbeiðni fyrir, og þá hafi hann tekið aðrar stærðir og úr öðrum sendingum. Þeir 241 hjólbarði, sem nú væru í klefa Hjólbarðasölunnar í Tollvörugeymslu, væru hjólbarðar, sem fyrirtækið hafi flutt inn, en ættu við sendingar, sem hann hafi að fullu úttekið samkvæmt tollpappírum, þar sem hann hafði tekið úr öðrum sendingum, þannig að þeir hafi verið eftir. Þessir 241 hjólbarði ætti því að koma til frádráttar þeim hjólbörðum, sem tollgæslan segði vanta í Tollvörugeymlu hjá Hjólbarðasölunni. Væri því þarna um vöntun á 1847 hjólbörðum að ræða. Það hafi alveg verið komið úr böndunum hjá sér, hversu mikið magn vantaði, og gæti hann ekki tjáð sig um heildartöluna. Hafi hann síðastliðið vor farið að fá bakþanka um, að það gæti verið meira en 400-500 hjólbarðar, sem hann hefði tekið án greiðslu.

Ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur næsta dag að beiðni rannsóknarlögreglu ríkisins. Er þar bókað eftir honum, að hann viðurkenni að hafa á tímabilinu frá því seinni hluta árs 1975 til áramóta 1976/1977 tekið út hjólbarða úr Tollvörugeymslunni án greiðslu aðflutningsgjalda og annarra gjalda af þeim. Hann rengdi ekki, að hér gæti verið um u.þ.b. 1800 hjólbarða að ræða, en kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir tölunni. Hann kvað það hafa verið ætlun sína að greiða gjöld, en það orðið erfiðara og erfiðara með hverju árinu, sem leið, en ákærði teldi sig þegar hafa greitt verulegan hluta af gjöldunum. Bornar voru undir ákærða skýrslur þær, er hann hafði gefið hjá rannsóknarlögreglu ríkisins varðandi mál þetta. Kvað hann rétt eftir sér haft í skýrslunum og staðfesti undirskriftir sínar undir þær.

Þegar ákærða var birt ákæra í máli þessu hér fyrir dómi 21. september 1981, sagði hann það rétt, að hann hafi á tímabili, einkum á árunum 1975 og 1976, tekið vörur út úr geymslurými Hjólbarðasölunnar hjá Tollvörugeymslunni h/f án þess að hafa áður greitt af þeim aðflutnings- og sölu-

gjöld og oft hafi hann heldur ekki verið búinn að greiða vörurnar í banka. Hér var einkum um að ræða hjólbarða, sem ákærði hafði flutt inn í nafni Hjólbarðasölunnar, Bílasports s/f og Nitto-umboðsins. Ákærði setti vörurnar í sölu og hagnýtti andvirði þeirra. Um tildrög og aðferðir í þessu sambandi vísaði hann til skýrslu sinnar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins hinn 7. október 1980, sem hann hafði staðfest fyrir dómi daginn eftir.

II.

Nú verða teknir fyrir einstakir liðir ákærunnar og það rakið, sem fram hefur komið við rannsókn og meðferð málsins um þá:

Liður 1. TM 1024. Samkvæmt gögnum málsins er hér um að ræða sendingu, er kom til landsins 25/3 1975. Er þetta innflutningur Hjólbarðasölunnar á 1450 hjólbörðum frá fyrirtækinu Continental í Hollandi. Samkvæmt birgðabókhaldi Tollvörugeymslunnar h/f var umrædd sending flutt þangað til geymslu 4/6 1976. Þá liggja fyrir í málinu gögn er sýna úttektir úr þessari sendingu á samtals 146 hjólbörðum. Í Tollvörugeymslunni voru samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu og gögnum tollgæslu 190 hjólbarðar úr þessari sendingu, en ættu að vera 1304. Því er um vöntun að ræða á samtals 1114 hjólbörðum, samtals að faktúruverði H.fl. 25.176,08, sem tollur er ógreiddur af. Ákærði greiddi í Landsbanka Íslands 23/1 og 25/4 1979 H.fl. 24.338,20 til seljandans, og er því ógreitt af framangreindri vöntun H.fl. 837,88.

Ákærði sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu ríkisins 1. desember 1980 um sendingu þessa, að þarna hafi hann tekið út 1114 hjólbarða án þess að greiða til Continental eða toll af þeim. Það hafi verið sennilega vorið 1976 sem hann hafi tekið út þessa hjólbarða eða alla vega á því ári. Síðar hafi hann greitt til Continental megnið af þessu, eins og fyrr er rakið. Hann eigi því eftir að greiða H.fl. 837,88 til seljanda svo og eigi hann eftir að greiða toll af allri vöntuninni.

Hér fyrir dómi 7. október 1981 sagði ákærði það rétt, að hann hefði tekið út 1114 hjólbarða úr þessari sendingu án heimildar og án þess að hafa greitt seljanda fyrir vöruna eða toll af henni.

Liður 2. TM 1048. Þessi sending kom til landsins 17/3 1975, en hér var um að ræða innflutning Hjólbarðasölunnar á 1450 hjólbörðum frá fyrirtækinu Continental í Hollandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Tollvörugeymslunni h/f var sendingin færð þangað til geymslu 10/6 1975. Samkvæmt birgðabókhaldi fyrirtækisins hafa verið teknir út af þessari sendingu samtals 1410 hjólbarðar. Eftir eiga þá að vera þarna samtals 40 hjólbarðar, en samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglu og gögnum tollgæslu eru þá 20

hjólbarðar í Tollvörugeymslunni. Samtals er því um vöntun að ræða á 20 hjólbörðum að verðmæti H.fl. 397,80.

Samkvæmt gögnum, sem liggja fyrir í málinu, greiddi ákærði hinn 18/12 1978 toll af eftirstöðvum sendingarinnar, og hefur því verið greiddur tollur af allri sendingunni. Hins vegar var umrædd vöntun að faktúruverði H.fl. 397,80 enn ógreidd til Continental.

Ákærði hefur við yfirheyrslu bæði hjá rannsóknarlögreglu og hér fyrir dómi viðurkennt að hafa tekið út 20 hjólbarða úr umræddri sendingu án heimildar. Hann hafi síðar greitt toll af sendingunni, en ekki greitt seljanda andvirði umræddra 20 hjólbarða.

Liður 3. TM 1050. Þessi sending kom til landsins 19/12 1974, en hér er um að ræða innflutning Hjólbarðasölunnar á 364 hjólbörðum frá fyrrgreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Tollvörugeymslunni h/f var sendingin færð þangað til geymslu þann 13/2 1976. Samkvæmt bókhaldi Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir út af sendingu þessari samtals 194 hjólbarðar. Eiga þá að vera eftir í Tollvörugeymslu samtals 170 hjólbarðar. Í fyrstu var talið samkvæmt talningu tollgæslunnar í klefa Hjólbarðasölunnar, að enginn hjólbarði af þessari sendingu væri eftir í klefanum. Samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglunnar 1. desember 1980 bar ákærði, að eitthvað af hjólbörðum, sem þarna væru taldir vanta, væru enn í klefanum. Rannsóknarlögreglumenn fóru þennan dag og könnuðu þetta í klefa Hjólbarðasölunnar. Reyndust þarna vera 35 hjólbarðar, stærð 520×10 af gerðinni Dunlop, sem virtust eiga við þessa sendingu. Svo sem fyrr greinir, kom fram í skýrslu tollgæslunnar, að í klefa Hjólbarðasölunnar væru 241 hjólbarði, sem ekki ættu að vera þar samkvæmt birgðabókhaldi. Voru umræddir 35 hjólbarðar inni í þeirri tölu, og voru þeir ekki taldir með varðandi þessa sendingu, þar sem þeir voru af Dunlop gerð, en ekki af Continental gerð. Samkvæmt upplýsingum, sem rannsóknarlögreglan aflaði sér, er fyrirtækið Continental með sölu á ýmsum hjólbörðum öðrum en Continental hjólbörðum.

Hinn 22/1 1979 greiddi ákærði Continental fyrirtækinu umrædda sendingu að öllu leyti með greiðslu í Landsbanka Íslands og þar á meðal þá 135 hjólbarða, sem vantar í sendinguna, svo og þá 35 hjólbarða, sem enn voru í geymslu. Hins vegar átti Hjólbarðasalan eftir að greiða toll af umræddri sendingu allri.

Svo sem fyrr greinir, benti ákærði á við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, að a.m.k. hluti af ætlaðri vöntun, þ.e. 170 hjólbörðum, væru enn í Tollvörugeymslunni. Hér fyrir dómi hefur ákærði viðurkennt að hafa tekið 135 hjólbarða út úr umræddri sendingu án heimildar. Hafi hann greitt

seljanda að öllu leyti sendinguna, en ekki greitt af henni toll. Faktúruverð umræddra 135 hjólbarða er H.fl. 6.142,50.

Liður 4. TM 2005. Samkvæmt ákæru er sending þessi nefnd TN 2005 og svo hefur einnig verið gert við rannsókn og meðferð málsins, en við athugun á gögnum málsins þykir greinilegt, að hér sé átt við sendingu TM 2005. Þessi sending kom til landsins 29/6 1975. Var hér um að ræða innflutning fyrirtækis ákærða á 802 hjólbörðum og 207 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Continental í Hollandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Tollvörugeymslunni var sendingin færð þangað til geymslu hinn 8/1 1976. Samkvæmt birgðabókhaldi Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir út af sendingunni samkvæmt fyrirliggjandi úttektarbeiðnum samtals 769 varahlutir og hjólbarðar. Samkvæmt því áttu að vera í Tollvörugeymslunni 168 varahlutir og 72 hjólbarðar. Þar voru hins vegar 10 hjólbarðar og allir varahlutirnir. Er því um að ræða vöntun á 62 hjólbörðum að faktúruverði H.fl. 4.165,20.

Hinn 19/12 1978 og 4/1 1979 greiddi ákærði toll af allri framangreindri sendingu, sem eftir var. Samkvæmt tollpappírum var faktúruverð sendingarinnar í íslenskum krónum 1.956.663,00, sem Hjólbarðasölunni bar að greiða toll af. Eftir tollpappírunum hefur Hjólbarðasalan greitt toll af faktúruverði í íslenskum krónum 1.966.626,00, þannig að eftir því hefur tollur verið greiddur af allri sendingunni. Hins vegar er ógreitt til Continental fyrirtækisins framangreind vöntun að faktúruverði H.fl. 4.165,20 auk þess sem ógreiddir voru til Continental þeir varahlutir, sem í geymslunni voru.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann hafi tekið 62 hjólbarða úr umræddri sendingu án heimildar. Hann hafi greitt síðar toll af þessu, en ekki greitt til seljanda.

Liður 5. TM 3024. Sending þessi kom til landsins 17/11 1975, en hér er um að ræða innflutning fyrirtækis ákærða á 523 hjólbörðum frá fyrrgreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sendingin færð þangað til geymslu þann 13/2 1976. Þá bera gögn fyrirtækisins með sér, að úr sendingunni hafi verið teknir 190 hjólbarðar og ættu þá að vera eftir 333. Hins vegar voru einungis 5 hjólbarðar eftir af þessari sendingu í Tollvörugeymslu. Því er um að ræða vöntun á samtals 328 hjólbörðum að faktúruverði samtals H.fl. 11.135,35.

Hinn 5. janúar 1979 greiddi ákærði toll af allri framangreindri sendingu. Hins vegar á eftir að greiða fyrirtækinu umrædda 328 hjólbarða, að faktúruverði H.fl. 11.135,35, sem vantaði í Tollvörugeymsluna.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að

hafa tekið án heimildar 328 hjólbarða úr umræddri sendingu. Hann hafi síðar greitt upp toll vegna sendingarinnar, en eigi enn ógreitt til seljanda umræddra upphæð.

Liður 6. TN 116. Þessi sending kom til landsins 30/12 1975. Er hér um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 419 hjólbörðum, 5000 snjónöglum, 207 varahlutum og 61 bor frá framangreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar var sendingin færð þangað frá skipaafgreiðslu til geymslu þann 23/1 1976. Samkvæmt fyrirliggjandi úttektarbeiðnum hafa verið teknir úr umræddri sendingu samtals 323 hjólbarðar og 198 varahlutir. Eftir áttu þá að vera í Tollvörugeymslunni samtals 96 hjólbarðar, 9 varahlutir, 5000 snjónaglar og 61 bor. Samkvæmt talningu tollgæslunnar voru einungis eftir í Tollvörugeymslunni samtals 9 varahlutir. Ákærði bar hins vegar við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 1. desember 1980, að umræddir borar, sem sagðir væru vanta í þessa sendingu í skýrslu tollgæslunnar, ættu enn að vera í klefa Hjólbarðasölunnar í Tollvörugeymslu. Er rannsóknarlögreglumenn gerðu leit í klefa Hjólbarðasölunnar í Tollvörugeymslunni, fundust 46 þessara bora þar í klefanum.

Hinn 9. október 1979 greiddi ákærði toll af allri framannefndri vöntun svo og öllu því, sem eftir var í Tollvörugeymslunni af þessari sendingu. Þá greiddi hann sama dag fyrirtækinu Continental fyrir 4500 snjónagla og alla hjólbarðana, 96 stk.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið út án heimildar þá 96 hjólbarða og 5000 snjónagla, sem ákæran tilgreinir. Hann hafi síðar greitt upp allan toll af umræddri sendingu og til seljandans hafi hann greitt allt nema 500 snjónagla.

Liður 7. TN 746. Sending þessi kom til landsins 5/4 1976, en hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 390 hjólbörðum frá framangreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum frá Tollvörugeymslunni h/f var sending þessi færð þangað til geymslu 28/4 1976. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafa með úttektarbeiðnum verið teknir út af þessari sendingu 311 hjólbarðar. Þá eiga að vera eftir samtals 79 hjólbarðar, en engir af þeim eru fyrir hendi. Var því um að ræða vöntun á samtals 79 hjólbörðum að faktúruverði H.fl. 3.114,00.

Hinn 21/9 1979 greiddi ákærði toll af framangreindum hjólbörðum, sem vantar í Tollvörugeymsluna. Er tollur því greiddur að fullu af allri sendingunni. Hins vegar átti eftir að greiða til fyrirtækisins vegna umræddrar sendingar.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa

tekið hér út 79 hjólbarða án heimildar. Faktúruverð hjólbarðanna nam H.fl. 3.114,00, en ekki 4.114,00, eins og segir í ákæru. Ákærði greiddi síðar upp toll af þessari sendingu, en á ógreitt til seljanda H.fl. 3.084,80 skv. yfirliti Múlaútibús Landsbankans, sem liggur fyrir í málinu.

Liður 8. TN 1452. Þessi sending kom til landsins 30/6 1976, en hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 60 hjólbörðum frá fyrrgreindu fyrirtæki í Hollandi. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sending þessi færð þangað til geymslu hinn 8. júlí 1976. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafa verið teknir úr umræddri sendingu 52 hjólbarðar, en þá eiga að vera eftir 8 hjólbarðar í Tollvörugeymslunni. Hins vegar fundust engir hjólbarðar af þessari sendingu í Tollvörugeymslunni við rannsókn málsins, og er því hér um að ræða vöntun á 8 hjólbörðum að faktúruverði H.fl. 2.008,00. Enginn tollur hefur verið greiddur af þessari sendingu, en krafa seljanda að hluta.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa tekið út 8 hjólbarða af umræddri sendingu án heimildar. Hann kvaðst ekki hafa borgað toll af vörunni, en hann hafi síðar greitt upp í kröfu seljanda og ætti ógreitt H.fl. 1.506,00.

Liður 9. TN 148. Þessi sending kom til landsins 23/4 1975. Hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 20 hjólbörðum frá fyrirtækinu Tazai Kaisha LTD í Japan. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f voru teknir úr sendingu þessari 10 hjólbarðar og því áttu 10 hjólbarðar að vera eftir í Tollvörugeymslu. Við rannsókn málsins fannst einn hjólbarði af þessari sendingu, og er því um að ræða vöntun á 9 hjólbörðum að faktúruverði $ 1.414,98. Hafa engir tollar verið greiddir af þeirri vöntun, en sendingin var að öllu leyti greidd til seljanda, að því er best verður séð í ágúst 1976.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann hafi tekið 9 hjólbarða án heimildar af þessari sendingu. Hann hafi greitt þá til seljanda, en ekki greitt af þeim toll.

Liður 10. TN 2528. Þessi sending kom til landsins 31/10 1976, en hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 332 hjólbörðum frá fyrirtækinu TBA TRADING COLDING APS í Danmörku. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sending þessi flutt þangað til geymslu 12/11 1976. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafa verið teknir úr þessari sendingu 238 hjólbarðar, og samkvæmt því ættu að vera eftir 94 hjólbarðar í Tollvörugeymslu. Engir hjólbarðar af þessari sendingu voru í Tollvörugeymslunni, er rannsókn málsins hófst. Því er um að ræða vöntun

á 94 hjólbörðum að faktúruverði danskar krónur 14.388,00. Enginn tollur hafði verið greiddur af þessum hjólbörðum, og einnig var ógreitt til fyrirtækisins í Danmörku.

Ákærði hefur bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi viðurkennt að hafa tekið út 94 hjólbarða úr umræddri sendingu án heimildar. Hann hefur hvorki greitt toll af vörunni né greitt til seljandans.

Liður 11. TR 3207. Þessi sending kom til landsins 20/9 1978, en hér er um að ræða innflutning Hjólbarðasölunnar á 200 hjólbörðum og 200 hjólbarðaslöngum frá fyrirtækinu Mohawk í Bandaríkjunum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar var sending þessi færð þangað til geymslu þann 18/10 1978. Samkvæmt birgðabókhaldi Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir út af sendingu þessari 89 hjólbarðar, og því ættu að vera eftir þar samtals 111 hjólbarðar og 200 hjólbarðaslöngur. Þar voru hins vegar 200 hjólbarðaslöngur, en engir hjólbarðar. Er því um að ræða vöntun á samtals 111 hjólbörðum að faktúruverði $ 2.447,41, sem tollur var ógreiddur af. Fyrirtækinu í Bandaríkjunum var hins vegar greidd varan að öllu leyti hinn 16/10 1978.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi, að hann hafi tekið 111 hjólbarða úr umræddri sendingu og hafi hann greitt til seljanda, en ekki greitt toll af umræddri vöru.

Liður 12.TM 499. Þessi sending kom til landsins 15/2 1975, en hér er um að ræða innflutning Bílasports s/f á 34 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Adrian Maillet í Bandaríkjunum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sending þessi færð þangað hinn 7/3 1975. Samkvæmt birgðabókhaldi fyrirtækisins hafði ekkert verið tekið úr þessari sendingu, en hins vegar fundust einungis í Tollvörugeymslu 21 bílavarahlutur úr henni. Því er um að ræða vöntun á 13 bílavarahlutum í sendinguna að faktúruverði $ 504,96. Hinn 2/10 1978 greiddi ákærði toll af allri framannefndri sendingu. Hins vegar hefur umræddu fyrirtæki ekkert verið greitt af þessari sendingu.

Ákærði hefur viðurkennt hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa tekið út 13 bílavarahluti úr þessari sendingu án heimildar. Hann hafi þó greitt toll af þessu síðar, en hins vegar hafi hann ekki getað þrátt fyrir tilraunir greitt til fyrirtækisins, þar sem það var hætt störfum.

Liður 13. TM 2078. Þessi sending kom til landsins 3/2 1975, en hér er um að ræða innflutning Bílasports s/f á 203 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Treuhaft í Bandaríkjunum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f hefur sendingin verið færð þangað til geymslu 1/9 1975.

Samkvæmt birgðabókhaldi Tollvörugeymslunnar hefur verið tekið út úr sendingu þessari 25 bílavarahlutir, en eftir eiga þá að vera 178 bílavarahlutir. Í Tollvörugeymslu voru hins vegar 79 bílavarahlutir, þegar rannsókn málsins hófst, og var því um að ræða vöntun á samtals 99 bílavarahlutum að faktúruverði $ 842,77, sem eftir var að greiða toll af. Framangreindu fyrirtæki var greidd sending þessi að öllu leyti hinn 12/3 1975 með greiðslu í Landsbanka Íslands. Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið út umrædda 99 bílavarahluti af sendingu þessari án þess að greiða toll af henni. Hann hefði hins vegar greitt sendinguna að fullu til seljanda.

Liður 14. TN 1337. Þessi sending kom til landsins 19/1 1976, en hér er um að ræða innflutning Nitto-umboðsins á 38 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Burns Scott International í Bandaríkjunum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar h/f var sending þessi færð þangað til geymslu þann 29/6 1976. Samkvæmt gögnum fyrirtækisins hafði ekkert verið tekið út af þessari sendingu. Hins vegar fundust einungis 11 varahlutir af þessari sendingu við leit við rannsókn máls þessa. Því er um að ræða vöntun á 27 varahlutum að faktúruverði $ 1.103,48 og hafði ekki verið greiddur tollur af. Sendingin hafði hins vegar verið greidd að fullu til seljanda í Landsbankanum hinn 4/12 1978.

Ákærði hefur viðurkennt að hafa tekið umrædda 27 varahluti úr þessari sendingu án heimildar. Hafi hann ekki greitt toll af þessu, en hins vegar greitt til seljanda.

Liður 15. TN 146. Þessi sending kom til landsins 11/11 1975, en hér var um að ræða innflutning Bílasports s/f á 506 bílavarahlutum frá fyrirtækinu Wolfrace í Englandi. Samkvæmt birgðabókhaldi Tollvörugeymslu var sending þessi færð þangað á árinu 1976, en samkvæmt aðflutningsskýrslu hefur það sennilega verið hinn 21/1 1976. Samkvæmt gögnum Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir úr sendingu þessari 44 varahlutir, og því ættu að vera þar eftir 462 hlutir. Eftir voru þarna 22 hlutir af þessari sendingu. Er því um að ræða vöntun á samtals 440 hlutum að faktúruverði £ 286,34, og hefur ekki verið greiddur tollur af þeirri fjárhæð. Sendingin var hins vegar að öllu leyti greidd til fyrirtækisins með greiðslu á árinu 1976.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa tekið 440 bílavarahluti úr sendingu þessari án heimildar og hafi þetta verið að verðmæti £ 280,34, en í ákæru er ranglega sagt, að þetta sé $ 280,34. Ákærði viðurkenndi og að hafa ekki greitt toll af vöru þessari.

Liður 16. TL 3107. Sending þessi kom til landsins 7. og 14/11 1974, en

hér er um að ræða innflutning Hjólbarðasölunnar á 576 hjólbörðum og 500.000 snjónöglum frá fyrirtækinu Continental í Japan. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum Tollvörugeymslunnar var sending þessi færð þangað til geymslu hinn 22/11 1974. Samkvæmt gögnum Tollvörugeymslunnar hafa verið teknir af sendingu þessari 240.000 snjónaglar sem og allir hjólbarðarnir. Eftir áttu því að vera í Tollvörugeymslunni 260.000 snjónaglar, en þar reyndust engir slíkir, er rannsókn málsins hófst. Hinn 19/4 1979 greiddi ákærði toll af eftirstöðvum sendingarinnar, og hefur því tollur verið greiddur af allri sendingunni. Einnig hafði fyrirtækinu Continental verið greidd þessi sending að öllu leyti með greiðslum í Landsbanka Íslands, og fór síðasta greiðsla fram 14.9. 1978.

Ákærði hefur viðurkennt bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi að hafa tekið út 260.000 snjónagla úr sendingu þessari án heimildar. Hann hafi hins vegar síðar greitt toll af vörunni svo og það, sem átti eftir að greiða til seljanda.

III.

Þegar ákærði hafði verið yfirheyrður hér fyrir dómi hinn 7. október 1981 um einstaka ákæruliði og skýrt frá, svo sem hér að framan hefur verið greint frá, kvaðst hann hafa þann fyrirvara á í sambandi við það, sem hann hafði nú borið, að honum fyndist tölur þær, sem hér um ræðir, þ.e. fjöldi hjólbarða og varahluta vera nokkuð háar og talsvert umfram það, sem hann hafði sjálfur gert sér í hugarlund, áður en rannsókn máls þessa hófst. Hann hafi þó ekki talið sig í aðstöðu til að mótmæla þessum tölum, sem byggðar væru á framlögðum gögnum.

Ákærði tók fram, að gæsla í Tollvörugeymslu hafi á umræddum tíma verið mjög losaraleg. Lásar hafi þá t.d. ekki verið fyrir einstökum geymslum né fyrir gámum, þar sem hjólbarðar frá honum voru geymdir um tíma. Hafi í raun hver sem er getað gengið í þessar geymslur. Taldi hann, að algengt hafi verið á þessum tíma, að menn tækju hluti úr geymslum fyrirtækja sinna á svipaðan hátt og hann gerði.

Ákærði sagði hér fyrir dómi 29. nóvember sl., að hann vefengdi ekki út af fyrir sig upphafsskýrslu tollgæslunnar í máli þessu og talningu skv. henni að öðru leyti en því, sem hann hefði leiðrétt við rannsókn málsins og hér að framan hefur verið frá greint. Hann tók fram, að aðstaða til að telja vöru í Tollvörugeymslu hafi oft verið slæm og því gæti stundum hafa vantað á sendingar, án þess að eftir væri tekið, þ.e. við komu þeirra, en þetta gæti þó ekki hafa verið nema tiltölulega lítið.

Ákærði sagði aðspurður, að enginn hafi verið með honum í vitorði í sambandi við þetta atferli, hvorki í Tollvörugeymslunni né utan. Hann kvað það fé, sem hann fékk í þessu sambandi, hafa verið hagnýtt í þágu

umræddra fyrirtækja, m.a. til að greiða upp eldri sendingar, sem hann hafi tekið út með þessum hætti. Hafði þá gengi oft lækkað talsvert, þannig að hann varð í raun að greiða meira fyrir vöruna heldur en hann fékk fyrir hana við sölu.

Helgi Konráðs Hjálmsson, framkvæmdastjóri Tollvörugeymslunnar h/f, kom hér fyrir dóm 18. nóvember 1981. Hann sagði, að Tollvörugeymslan leigi til fyrirtækja aflokað geymslurými. Leigjendur leggi til lása, en fylgst sé með því af hálfu Tollvörugeymslu, að klefar séu læstir, og taldi hann, að svo hafi verið á því tímabili, sem hér um ræðir. Þá sagði hann, að almennt væru þeir, sem kæmu inn á svæði geymslunnar, spurðir um erindi og látnir gera grein fyrir sér.

Eftirlit með úttektum kvað hann á umræddum tíma hafa fólgist í svokölluðu „stikkprufu kontróli", en það þýddi, að óreglulegt eftirlit var haft í hliðinu. Af hálfu Tollvörugeymslunnar var treyst á, að fram færi að minnsta kosti einu sinni á ári talning í hverjum klefa. Átti tollgæslan að sjá um þá talningu, enda greiddi Tollvörugeymslan sérstaklega fyrir þá þjónustu. Með þessum hætti var talið, að nægilega vel væri fylgst með því, að birgðir í klefum væru réttar. Hann sagði hins vegar, að á árinu 1978 hafi verið tekinn upp sá háttur að hafa menn í hliðinu, sem athugi hverja sendingu, sem fer út.

Vitninu var kynntur framburður ákærða fyrir dóminum 7. október um, að gæsla hafi verið mjög losaraleg á umræddum tíma og lásar t.d. ekki fyrir geymslum eða fyrir gámum. Hann taldi þetta rangt, a.m.k. almennt séð. Fylgst hafi verið með þessu af hálfu fyrirtækisins, en vera megi, að einstök fyrirtæki hafi trassað að láta lása fyrir geymslur sínar, en hann taldi slíkt ekki geta hafa viðgengist um lengri tíma, því fyrirtækið láti innsigli á geymslur, ef komið væri að þeim opnum. Að því er varðar hjólbarða frá fyrirtæki ákærða sagði hann, að hér hafi oft verið um stórar sendingar að ræða, sem komu í gámum, er voru geymdir innan umráðasvæðis Tollvörugeymslunnar. Reynt væri að fylgjast með því, að lásar væru á slíkum gámum, en alltaf væri möguleiki á því, að þeir væru skildir eftir ólæstir.

Þá sagði vitnið, að einu sinni hafi verið stolið 11 hjólbörðum frá öðru fyrirtæki, en þeir hafi verið geymdir á opnu svæði. Það mál hafi upplýstst. Hann minntist þess ekki, að ákærði hafi kvartað yfir því, að hjólbarðar hyrfu frá sér. Þá kvaðst hann hafa spurt Matthías Andrésson tollvörð oftar en einu sinni, hvort ekki væri í lagi með birgðir í geymslu ákærða, og hafi hann sagt svo vera.

Vitnið var spurt sérstaklega um sendingu samkvæmt ákærulið 11, sem kom til landsins 20. september 1978, og hvort möguleiki hafi átt að vera á, að unnt væri að komast með svo stóra sendingu út úr geymslunni, ef menn væru til eftirlits í hliðinu. Hann sagði, að það hafi verið alveg um

þetta leyti, að tekinn var upp sá háttur að hafa menn í hliðinu og hafi þessi sending hugsanlega sloppið út áður.

Þá sagði Helgi, að honum væri ekki kunnugt um nein önnur tilvik, þar sem um væri að ræða, að grunsemdir væru um óleyfilega úttekt úr geymslu. Talningar hafi farið fram einu sinni á ári að minnsta kosti, stundum oftar, hjá öllum fyrirtækjunum öðrum en fyrirtæki ákærða og hafi þær ekki gefið tilefni til slíkra grunsemda. Tollgæslan hafi framkvæmt þessar talningar og hafi lagt þar til grundvallar blöð úr birgðabókhaldi Tollvörugeymslunnar. Hafi tollgæslan stimplað á þessi blöð með dagsetningarstimpli, er talning fór fram. Hann sagði, að samkvæmt athugun sinni hafi síðasta slík stimplun á blað fyrirtækja ákærða verið frá 1975 að því er hann minnti.

Matthías Andrésson tollvörður kom fyrir dóm sama dag vegna máls þessa. Kvaðst hann hafa byrjað að starfa sem tollvörður í Tollvörugeymslunni h/f 1/8 1975. Almennt um geymsluhætti í Tollvörugeymslunni sagði hann, að geymsluklefar og gámar hafi yfirleitt verið læstir og hafi verið ýmist, að eigendur hafi verið með lykla eða Tollvörugeymslan. Þó hafi verið töluvert um það, einkum framan af starfstíma sínum, að hlutir, sem ekki komust inn í geymslu, hafi verið í stafla á gangi fyrir utan þær, t.d. hjólbarðar og sjónvörp og hafi þetta m.a. leitt af sér, að nokkur litasjónvörp hurfu úr geymslunni. Kvaðst hann hafa gert athugasemd við þennan geymslumáta og eftir að sjónvörpin hurfu, hafi þessu verið breytt.

Þegar Matthíasi var kynntur framburður ákærða um losaralega gæslu, sagði hann það ekki rétt hjá honum, að geymslur hafi ekki verið læstar. Hann kvaðst ekki vita með vissu, hvernig þessu var háttað með gáma. Þeir hafi átt að vera læstir, en honum væri kunnugt um, að gámar, sem t.d. tjörupappír var geymdur í, hafi verið ólæstir.

Þá sagði Matthías, að það hafi ekki verið nein föst regla um talningu í klefum fyrirtækja. Honum var kynntur framburður Helga K. Hjálmssonar um þetta. Kvað hann það ekki rétt, að talning hafi almennt farið fram einu sinni á ári í hverjum klefa. Hann sagði það ekki rétt, að talning hafi ekki farið fram síðan 1975 hjá ákærða. Taldi hann, að talið hefði verið eftir það og gæti hann sýnt pappíra varðandi það. Talning hafi hins vegar ekki farið fram 1978 eða síðar. Ástæða hafi m.a. verið sú, að 1979 mætti ákærði ekki, en ekki væri heimild til að fara inn í klefa, án þess að umboðsmaður fyrirtækis væri viðstaddur. Væri það yfirleitt ástæða fyrir, að talning færi ekki fram, að umboðsmenn fyrirtækja mæta ekki. Þá sagði hann, að samkvæmt sinni skoðun hafi gæslan verið alltof losaraleg og tækifæri fyrir marga t.d. að fá lykla að hinum ýmsu geymslum.

Í tilefni þessa framburðar sagði ákærði, að gámar, er hann hafi verið með, hafi aldrei verið læstir. Klefinn, sem hann var með, hafi í fyrstu verið læstur, en síðan hafi verið hlutað úr honum fyrir aðra klefa, og varð hann

eftir það að nokkurs konar almenningi, þar sem vörur frá honum lágu á lausu gagnvart þeim, sem þurftu að fara í hina klefana. Þá kvaðst ákærði ekki hafa haft heilsu til að vera viðstaddur talningu 1979.

Hinn 26. nóvember 1981 fór fram samprófun milli framangreindra vitna og ákærða sem og vitnanna innbyrðis.

Helgi Konráðs Hjálmsson kvaðst ekki hafa vitað annað en að talning hafi farið fram hjá flestum fyrirtækjum a.m.k. einu sinni á ári. Matthías Andrésson sagði, að þetta hafi yfirleitt verið reynt hjá flestum fyrirtækjum, en það hafi ekki alltaf verið hægt, m.a. vegna þess að ekki hafi alltaf verið mætt. Matthíasi var nú bent á yfirlit, sem rannsóknarlögregla ríkisins hafði gert um talningar hjá fyrirtækjum, þar sem fram kemur, að talning hefur farið fram hjá langflestum fyrirtækjum á árunum 1975-1977 samkvæmt áritunum tollvarða. Hann sagði, að þessi skrá væri ekki tæmandi, því ýmsar talningar hafi farið fram, án þess að tollvörður hafi stimplað skjöl varðandi það, þar sem talningu hafi ekki verið að fullu lokið. Helgi tók fram í þessu sambandi, að hann hafi óskað þess, þegar ekki var mætt af hálfu fyrirtækja eftir ítrekaðar kvaðningar, að klefar þeirra yrðu opnaðir með fógetavaldi. Matthíasi var kunnugt um eitt slíkt tilvik.

Matthías sýndi í dóminum vinnublað, sem liggur frammi í ljósriti varðandi talningu hjá Nitto-umboðinu í mars 1976. Hann kvað þetta vera vinnublað, sem legið hafi hjá tollgæslunni. Ekki hafi verið stimplað í birgðabókhaldið við þessa talningu, líklega vegna þess að talningu hafi ekki verið lokið. Hann taldi, að hann hafi séð sams konar blað frá árinu 1977 sl. sumar, þ.e. 1981, en þegar hann ætlaði að finna það nú virtist því hafa verið kastað. Helgi sagði, að þessi vinnublöð hafi aldrei komið í hendur Tollvörugeymslunnar, heldur hafi tollvörður einungis stimplað í birgðabókhaldið. Hann tók fram, að hann hafi séð slík vinnublöð hjá Matthíasi og talið, að hann stæði vel að talningu.

Helgi Hjálmsson sagði, af tilefni framburðar Matthíasar um geymslu á lyklum, að Tollvörugeymslan hafi geymt lykla fyrir suma viðskiptamenn fyrirtækisins og komi vart til greina, að öðrum en réttum aðiljum hafi verið afhentir lyklar. Honum var ekki kunnugt um, hvort lyklar voru geymdir í læstri hirslu. Ákærði hélt því fram í þessu sambandi, að a.m.k. fyrstu árin hafi lyklar, er Tollvörugeymslan geymdi, verið á töflu í opnum skáp í kaffistofu. Helgi vefengdi þetta ekki.

Helgi sagði í tilefni af framburði ákærða, að ákærði hafi fyrst haft svokallað D-hús, en er fram liðu stundir, hafi verið tregt um greiðslu leigugjalds af hans hálfu. Hafi húsið þá verið hólfað niður í fleiri klefa, og voru útidyr hússins læstar svo og hver klefi að því er vitnið taldi. Vera mætti, að eitthvað hafi verið opið þarna inni, á meðan verið var að vinna að þessum breytingum, en það hafi ekki átt að vera í langan tíma. Ákærði

taldi hins vegar, að þetta ástand hafi varað í marga mánuði. Matthías minntist þess að hafa séð, að þarna var verið að breyta og opið, en gat ekki fullyrt neitt um, hve lengi það var.

Frekara samræmi náðist ekki í framburði þessa.

Svo sem að var vikið hér að framan, gerði rannsóknarlögregla ríkisins athugun á því, hvernig árlegri talningu væri háttað hjá innflytjendum í Tollvörugeymslu. Samkvæmt skýrslu Guðmundar Guðjónssonar rannsóknarlögreglumanns tók rannsóknarlögreglan af handahófi tollpappíra og birgðabókhald 190 sendinga og fékk lánað til skoðunar á skrifstofu rannsóknarlögreglu ríkisins. Ná sendingar þessar yfir þann tíma, er ætlað misferli, er mál þetta snýst um, nær yfir. Var tilefni könnunarinnar það, að ekki varð séð, að talning hafi farið fram á vörum Hjólbarðasölunnar í Tollvörugeymslunni í áraraðir, þrátt fyrir að talning ætti að fara fram einu sinni á ári. Var úrtak þetta tekið til að sjá, hvernig talningu hafi verið háttað hjá öðrum innflytjendum en Hjólbarðasölunni, en sendingar þessar eru í eigu fjölmargra innflutningsaðilja.

Í ljós kom samkvæmt skýrslu rannsóknarlögreglumannsins, að lögboðin talning hefði farið fram á öllum þessum sendingum, sbr. birgðabókhald, nema einni sendingu eins fyrirtækisins, þar sem talning hafði ekki verið gerð á árabilinu 1973-1977. Engin þessara 190 sendinga var í Tollvörugeymslu á vegum Hjólbarðasölunnar.

Helgi Konráðs Hjálmsson sagði við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, er honum var bent á, að ekki hefði farið fram talning hjá fyrrgreindu fyrirtæki á árunum 1973-1977, að skýring væri sú að hans áliti, að umrætt fyrirtæki hafi orðið gjaldþrota og engin úttekt farið fram, nema fyrst eftir að varan kom í Tollvörugeymslu. Eins gæti skýring verið sú, að ekki náðist í innflytjandann.

IV.

Verjandi ákærða hefur krafist þess við munnlegan flutning varnar í málinu, að því verði vísað frá dómi, þar sem ákæru sé svo áfátt, að ekki verði á málið lagður efnislegur dómur. Vísaði verjandinn í því sambandi einkum til þess, að í ljós hefði verið leitt undir meðferð málsins, að birgðabókhald Tollvörugeymslunnar væri svo óáreiðanlegt og birgðahald hennar svo losaralegt, að ekki væri unnt að leggja gögn málsins til grundvallar.

Það er skoðun dómara, að gögn þau, sem lögð eru til grundvallar ákæru, séu nægilega skýr og ljós, til að málið verði tekið til efnislegrar úrlausnar, enda hafi verjandi og haft öll skilyrði til að koma að eðlilegum vörnum í því. Verður frávísunarkröfu hans því hafnað.

V.

Niðurstaða.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu 7. október 1980 viðurkenndi ákærði almennt að hafa stundað atferli það, sem hann er hér ákærður fyrir, í allstórum mæli. Næst dag kom hann fyrir dóm og staðfesti þar skýrslu sína um þetta og endurtók efnislega umrædda játningu. Rengdi hann ekki, að hér gæti verið um u.þ.b. 1800 hjólbarða að ræða, en kvaðst ekki geta gert sér grein fyrir tölu.

Hinn 1. desember 1980 var ákærði yfirheyrður um 19 einstakar sendingar, þar sem talinn var möguleiki á, að hann hafi náð út vörum án heimildar. Voru honum í upphafi yfirheyrslu þessarar sýnd öll þau gögn, sem frammi lágu varðandi umræddar sendingar. Viðurkenndi ákærði í yfirheyrslunni fyrirvaralaust heimildarlausar úttektir í sambandi við 16 sendingar. Er ákært í málinu í samræmi við þennan framburð ákærða.

Þegar ákærða var birt ákæra í máli þessu hinn 21. september 1981, viðurkenndi hann almennt, að það væri rétt, sem honum væri gefið að sök. Við nánari yfirheyrslu 7. október 1981 um einstaka ákæruliði bar ákærði á sama veg og hann hafði áður gert í yfirheyrslu um einstaka liði hjá rannsóknarlögreglu 1. desember 1980. Í framhaldi þessa framburðar koma síðan fyrirvarar hans um, að honum finnist tölur þær, sem hér um ræðir, vera allháar og hærri en hann hafi gert sér í hugarlund, áður en rannsókn málsins hófst, svo og um losaralega gæslu í Tollvörugeymslu. Ákærði hefur ekki lagt fram gögn eða bent á einstök dæmi, er gefa tilefni til vefengingar á fyrri framburði hans og öðrum gögnum málsins. Með hliðsjón af framburðum ákærða bæði hjá rannsóknarlögreglu og fyrir dómi sem og öðrum gögnum málsins verður að telja í ljós leitt í málinu, að ákærði hafi gerst sekur um atferli það, sem lýst er í ákæru, að öðru leyti en því, að þar er í lið 7 ranglega sagt, að verðmæti úttekinna hjólbarða hafi numið H.fl. 4.114,00, en á að vera H.fl. 3.114,00. Einnig er í lið 15 ranglega lýst gjaldeyri, en þar á að standa £ 280,34, en ekki dollarar að sömu fjárhæð.

Atferli ákærða varðar við 1. mgr. 60. gr., sbr. 61. gr. laga um tollheimtu og tolleftirlit nr. 59, 1969, sbr. lög nr. 71, 1976 um breytingu á þeim lögum.

Að því er varðar liði 1-8, 10, 12, 14 og 16 er og ákært fyrir brot á 1. mgr. 247. gr. alm. hgl., en til vara fyrir brot á 2. tl. 1. mgr. 250. gr. sömu laga. Telja verður í ljós leitt, að ákærði hafi, er hann tók úr umræddum sendingum, svo sem að framan er lýst, átt eftir að greiða til seljenda fyrir varninginn. Enda þótt þessi varningur hafi ekki beinlínis verið í vörslum ákærða, þar sem hann var geymdur í Tollvörugeymslunni, var hann þó hingað kominn á hans vegum og geymdur í klefa hans í Tollvörugeymslunni. Verður því að líta hér svo á, að hann hafi verið nokkurs konar vörslu-

maður og að framangreindar ráðstafanir hans á varningnum falli undir 1. mgr. 247. gr. alm. hgl.

C. Ákvörðun refsingar.

Ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson er sem fyrr segir fæddur 4. apríl 1938 í Reykjavík. Á árunum 1955-1965 hlaut hann 6 sinnum sektir fyrir ýmis brot á umferðarlögum, en að öðru leyti hefur hann ekki hlotið refsingar.

Ákærði hefur við meðferð málsins sagt, að aðstæður sínar hafi verið mjög erfiðar á tímabili því, sem hér um ræðir. Hann hafi lent í því óhappi á árinu 1975, að lítill drengur varð fyrir bifreið hans og beið bana af. Ákærði var ákærður fyrir manndráp af gáleysi, en var sýknaður með dómi 6.4. 1977. Hins vegar kvað hann allt sitt líf hafa tekið gjörbreytingu til hins verra við þetta og svo hafi komið, að hjónaband hans hafi leyst upp og hann lagst í sinnuleysi. Einnig hafði hann áður átt við heilsuleysi að stríða, m.a. vegna krabbameins í ristli. Á þessu tímabili hafi hann hitt meðákærðu Þorvald og Halldór, sem átt hafi auðvelt með að telja hann á að taka þátt í misferli því, sem hér er m.a. um fjallað.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður haft í huga, hversu stórfelld og langvarandi brot hans voru og að tjón vegna þeirra var yfirgripsmikið.

Á hinn bóginn má hér líta á, að ákærði var ekki upphafsmaður að atferli því, er ákæran frá 11. janúar 1980 tekur til, heldur var hann talinn á þátttöku í því af meðákærðu Þorvaldi og Halldóri. Ákærði hefur við rannsókn málsins og meðferð mjög reynt að upplýsta það sem best og sýnt í alla staði góða framkomu.

Með allt þetta í huga og með hliðsjón af 77. gr. alm. hgl. þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 14 mánuði.

Ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson er sem fyrr segir fæddur í Reykjavík 19. janúar 1936. Á árinu 1966 hlaut hann dóm fyrir fiskveiðilagabrot og á árinu 1970 hlaut hann sekt og 4 mánaða ökuleyfissviptingu fyrir ölvun við akstur. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt kærum eða refsingum áður.

Hér er á að líta við ákvörðun refsingar, hversu stórfelld og langvarandi brot ákærða voru og hve mikið tjón hefur af þeim hlotist. Einnig hlýtur að verða haft í huga, að ákærði er annar upphafsmanna að misferlinu og sá, er aðallega taldi þá Gísla, Geir og Hrafnkel á þátttöku í því. Hann skipulagði það einnig og sá að langmestu leyti um framkvæmdina. Misnotaði hann hér gróflega stöðu sína sem yfirmaður hjá varnarliðinu. Einnig verður ekki fram hjá því litið í þessu sambandi, að framkoma ákærða við rannsókn og meðferð málsins hefur síst verið til þess fallin að upplýsa málið.

Á hinn bóginn má hafa í huga, að ákærði hefur ekki áður sætt refsingum

fyrir brot á almennum hegningarlögum. Með allt þetta í huga verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í 14 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald hans 10.-17. desember 1978.

Ákærði Halldór Örn Magnússon er fæddur 11. mars 1932 í Hafnarfirði. Hann hefur tvívegis áður hlotið refsingu vegna brota á almennum hegningarlögum. Með dómi 14. janúar 1964 hlaut hann fangelsi í 3 ár fyrir brot gegn 1. mgr. 155. gr., 1. mgr. 247. gr., sbr. 138. gr. og 262. gr. hegningarlaga, og 1. mgr. 5. gr., 6. gr. og 7. gr., sbr. 18. gr. laga um bókhald nr. 62, 1938 og dæmdur til greiðslu á kr. 289.829,68 til bæjarsjóðs Vestmannaeyja og kr. 231.597,30 til Kaupfélags Vestmannaeyja. Einnig hlaut hann hinn 23.9 1975 6.000 kr. sekt fyrir brot gegn 248. og 256. gr. hegningarlaganna. Þá hefur hann nokkrum sinnum hlotið sektir fyrir brot á tollalögum, áfengislögum og umferðarlögum. Hinn 9. nóvember 1976 hlaut hann sekt og ökuleyfissviptingu í 12 mánuði vegna ölvunar við akstur, og hinn 16. nóvember 1979 hlaut hann sekt, kr. 60.000,00, fyrir brot á 37. og 41. gr. umferðarlaga.

Við ákvörðun refsingar ákærða verður haft í huga, að hér var um stórfelld brot að ræða, sem ollu miklu tjóni. Ákærði misnotaði hér gróflega stöðu sína sem háttsettur starfsmaður þess, sem misferlið beindist að. Hann var og annar upphafsmanna að misferlinu. Þegar á framanritað er litið og með hliðsjón af 78. gr. hgl., þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 10 mánuði. Til frádráttar refsingunni skal koma gæsluvarðhaldsvist ákærða með fullri dagatölu frá 12.-17. desember 1978.

Ákærði Geir Guðmundsson er fæddur 15. mars 1948 á Ísafirði. Hann hefur einu sinni hlotið sekt fyrir ölvun á almannafæri og tvívegis fyrir umferðarlagabrot. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt kærum og refsingum.

Þegar refsing ákærða er metin, verður annars vegar höfð hliðsjón af því, að hann átti þátt í að svíkja verulegar fjárhæðir út úr vinnuveitanda sínum og misnotaði þar stöðu sína sem yfirmaður. Hins vegar má líta til þess, að yfirmaður ákærða hafði frumkvæði að því, að ákærði tók þátt í þessu, og ekki er með öllu unnt að líta fram hjá þeim framburði ákærða, að hann hafi jafnvel óttast um stöðu sína, ef hann yrði ekki með. Við rannsókn og meðferð málsins hefur ákærði sýnt góða framkomu og reynt að stuðla að því, að það upplýstist sem best.

Með allt ofanritað í huga þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 5 mánuði. Eftir atvikum og með hliðsjón af sakavottorði ákærða þykir mega fresta fullnustu á hluta refsingarinnar, þ.e. 3 mánuðum, og falli sá hluti hennar niður, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga í 3 ár. Til frádráttar fangelsisrefsingu ákærða komi gæsluvarðhaldstími hans frá 10.-11. desember 1978.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson er fæddur 8. september 1942. Hann hefur

einu sinni hlotið sekt fyrir umferðarlagabrot, einu sinni fyrir ölvun á almannafæri og einu sinni fyrir tollalagabrot. Að öðru leyti hefur hann ekki sætt kærum og refsingum.

Við mat á refsingu ákærða verður haft í huga, að brot hans varðaði stórar fjárhæðir og tjón vinnuveitanda hans var mikið, en ákærði gegndi trúnaðarstöðu. Á hinn bóginn hafði ákærði ekki frumkvæði í þessu máli, heldur var hann talinn á þátttöku af meðákærða Þorvaldi. Ákærði hefur við rannsókn og meðferð málsins sýnt góða framkomu.

Þegar allt framanritað er virt, þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 6 mánuði. Eftir atvikum og með hliðsjón af sakavottorði ákærða þykir mega fresta fullnustu á hluta refsingarinnar, eða 3 mánuðum, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl.

D. Bótakröfur.

I. Bótakröfur vegna ákæru, dags. 11. janúar 1980.

Með bréfi til dómsins, dagsettu 10. september 1980, gerði Örn Höskuldsson hdl. bótakröfu á hendur ákærðu f.h. dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Krafan er sett fram sem hér segir:

„Að ákærðu verði dæmdir til þess að greiða Dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna (United States Department of Justice) f.h. Bandaríkjanna, in solidum $ 153.753.81 með vöxtum sem hér segir:

með 13% ársvöxtum af	$ 244.40	frá 27.9	1976
til 1.10. 1976 af	$ 1.167.40	frá þeim	degi
til 19.11. 1976 af	$ 15.127.25	" "	"
til 16.12. 1976 af	$ 25.289.45	" "	"
til 14.2. 1977 af	$ 42.554.19	" "	"
til 24.3. 1977 af	$ 43.058.19	" "	"
til 4.4. 1977 af	$ 45.099.63	" "	"
til 19.4. 1977 af	$ 58.523.59	" "	"
til 17.4. 1977 af	$ 62.482.59	" "	"
til 3.6. 1977 af	$ 63.192.59	" "	"
til 9.6. 1977 af	$ 79.559.39	" "	"
til 23.6. 1977 af	$ 79.985.39	" "	"
til 28.7. 1977 af	$ 81.512.89	" "	"
til 8.8. 1977 af	$ 84.030.81	" "	"
til 21.9. 1977 af	$ 84.804.31	" "	"
til 30.9. 1977 af	$ 105.118.18	" "	"

til 20.10. 1977 með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi

til 5.1. 1978 af $ 108.421.98 frá þeim degi
til 13.1. 1978 af $ 109.623.98 " " "
til 2.2. 1978 af $ 122.061.13 " " "
til 21.2. 1978 með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi
til 16.3. 1978 af $ 131.973.65 frá þeim degi
til 20.6. 1978 af $ 136.765.55 " " "
til 30.8. 1978 af $ 143.499.29 " " "
til 12.10. 1978 af $ 143.623.21 " " "
til 24.10. 1978 af $ 148.631.01 " " "
til 15.11. 1978 af $ 153.753.81 " " "
til 1.6. 1979 með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi
til 1.9. 1979 með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi
til 1.12. 1979 með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi
til 1.6. 1980 með 35% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Krafist er skaðabóta í bandaríkjadölum. Tjónþoli er erlendur aðili sem greiddi í bandaríkjadölum og myndi þurfa að greiða í þeirri mynt ef hann ætlaði að kaupa sömu vöru í stað þeirrar sem hann fékk ekki.

Vaxtakrafa er gerð í samræmi við nýgenginn hæstaréttardóm um vexti á kröfu í erlendri mynt.

Krafist er vaxta af fjárhæð hvers tékka frá útgáfudegi hans.

Vegna greiðslu á pöntun KS30, 26.4. 1978 er krafist vaxta frá útgáfudegi næsta tékka á eftir þar sem ekki kemur fram í skjölum málsins hvenær tékkinn var gefinn út.

Vegna greiðslu á pöntun KS06 27.10. 1978, er krafist vaxta frá 15.11. 1978 þar sem ekki kemur fram í skjölum málsins hvenær tékkinn var gefinn út.

Krafist er að ákærðu verði dæmdir in solidum til greiðslu skaðabóta. Það á ekki að koma tjónþola við hvernig ákærðu skiptu með sér ávinningi af brotinu eða hvort þeir deila um skiptingu ávinningsins.

Vegna pöntunar 0014 24.3. 1977 er krafist greiðslu á $ 2.041.44 en ekki $ 2.832,00 svo sem ákært er fyrir.

Vegna pöntunar 0015 29.3. 1977 er krafist greiðslu á $ 504.00 en ekki $ 604.80 svo sem ákært er fyrir.

Vegna pöntunar KS06 26.6. 1977 er krafist greiðslu á $ 773.50 en ekki 1.638.70 svo sem ákært er fyrir.

Vegna pöntunar KS10 28.9. 1977 er krafist greiðslu á $ 167.47 en ekki $ 892.80 svo sem ákært er fyrir.

Að öðru leyti er krafist skaðabóta fyrir hverja pöntun eins og fjárhæðir koma fram í ákæru."

Lögmaðurinn skrifaði dóminum að nýju með bréfi, dagsettu 4. nóvember 1981, þar sem segir svo m.a.:

„Reynt hefur verið að ná samningum við ákærðu um greiðslu bóta án árangurs. Frá því fyrrgreint bréf mitt var sent yður hefi ég athugað málskjöl vegna annars sakamáls á hendur ákærða Gísla Grétari Sigurjónssyni. Mér sýnist gögnin geta gefið tilefni til þess að ætla að Gísli Grétar verði sýknaður af þremur síðustu pöntunum í ákæru þ.e. KS 04-05 og 06.

Þá virðist sem lagarök hnigi til þess að staðhæfa megi að umbj. minn sé eigandi þess varnings sem fyrrgreindar pantanir varðar og að varningurinn sé fyrir hendi í tollvörugeymslu.

Með vísan til framanritaðs óska ég eftir að falla frá bótakröfu vegna hinna þriggja síðustu pantana og verður þá höfuðstóll bótakröfu $ 143.499,29.

Þá óska ég eftir að gera eftirfarandi breytingar á kröfu minni:

Ákærðu Gísli Grétar Sigurjónsson, Þorvaldur Bergmann Björnsson og Halldór Örn Magnússon verði dæmdir til þess að greiða umbj. mínum in solidum þá fjárhæð sem þeir einir hirtu ávinning af, in solidum ásamt Hrafnkeli Óskarssyni þá fjárhæð sem þeir fjórir hirtu ávinning af, þeir fjórir in solidum með Geir Guðmundssyni þá fjárhæð sem þeir hirtu ávinning af.

Ég verð að leggja það í mat dómarans hvaða fjárhæðir þarna er um að ræða þar sem sumir ákærðu halda því t.d. fram að ákærði Hrafnkell hafi tekið þátt í svikunum frá og með pöntun 0014 2. febrúar 1977 en ákærði Hrafnkell sjálfur heldur því fram að hans þátttaka hafi byrjað frá og með pöntun 0016 4. apríl 1977.

Vaxtakrafa helst óbreytt og er í samræmi við Hrd. L-1142.

Fari svo að dómarinn komist að þeirri niðurstöðu að dæma beri skaðabætur í íslenskum krónum á gengi sem í gildi var er tékkar voru innleystir er gerð sú varakrafa að dæmdir verði almennir sparisjóðsvextir á fjárhæðina þ.e. sömu vextir og krafist er í aðalkröfu til birtingardags ákæru en dómvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Ég leyfi mér að ítreka þá kröfu mína að bætur verði dæmdar í bandaríkjadölum."

Ákærðu hafa mótmælt bótakröfum sem vanreifuðum og of háum svo og á grundvelli þess, að þær geri ráð fyrir solidariskri bótaábyrgð og einnig að þær miðist við greiðslu í erlendum gjaldeyri. Komið hefur fram, að viðræður hafa átt sér stað af hálfu ákærðu við Örn Höskuldsson hdl. um hugsanlegar bótagreiðslur. Þannig hafa ákærðu Halldór og Þorvaldur boðið fram greiðslu á sem svarar gkr. 5.630.159,00 hvor.

Ákærði Hrafnkell sagði fyrir dómi, að hann hefði rætt þessi mál við Örn Höskuldsson hdl. og gengið þar út frá, að sinn hlutur hefði numið

gkr. 4,2 milljónum. Örn hafi ekki viljað falla frá solidariskri kröfu á ákærðu né frá kröfu um greiðslu miðað við erlendan gjaldeyri.

Ákærði Geir skýrði á sama hátt frá því, að hann hefði rætt við lögmanninn og hefði þar verið gengið út frá, að greiðsluskylda hans næmi allt að gkr. 2,5 milljónum, sem í raun sé hærri fjárhæð en hann hafi viðurkennt að hafa tekið við.

Ekkert hefur komið fram í málinu um ákveðið greiðsluboð af hálfu ákærða Gísla. Hann hefur mótmælt kröfunni, í fyrsta lagi þar sem hún sé gerð í erlendum gjaldeyri, en einnig almennt tölulega svo og þar sem hann hafi boðið fram dekk til að fullnægja síðustu pöntununum, en því hafi verið hafnað.

Fram hefur komið, að framangreindum greiðsluboðum ákærðu hefur verið hafnað. Þó hefur verið fallið frá bótakröfum vegna þriggja síðustu pantananna, eins og fram kemur í síðara bréfi lögmanns bótakrefjanda til dómsins, sem áður er rakið.

Verjendur ákærðu kröfðust þess í vörnum sínum, að framangreindum bótakröfum yrði vísað frá dómi vegna vanreifunar, þar sem þeim hafi verið beint gegn öllum ákærðu vegna alls þess athæfis, sem ákæran nær til, enda þótt ljóst sé, að þeir geti ekki allir talist þar ábyrgir. Einnig sé ekki ljóst með aðild bótakrefjanda. Í löghaldsmáli, á meðan á rannsókn málsins stóð, hafi kröfur verið hafðar uppi vegna varnarliðsins, en nú sé þeim haldið uppi í nafni dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna.

Af þessu tilefni óskaði dómarinn þess við lögmann bótakrefjanda, að hann gerði grein fyrir aðild hans, þ.e. dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna. Lagði hann fram bréf sendiráðs Bandaríkjanna hér á landi, dags. 10. desember sl., þar sem fram kemur, að dómsmálaráðuneytið fari yfirleitt með öll mál varðandi bætur fyrir bandaríska ríkið og stofnanir þess. Verjendur hafa ekki mótmælt þessari skýringu, en bent er á af hálfu verjanda Þorvalds Bergmanns Björnssonar, að skv. þessu megi ljóst vera, að löghaldsgerð sú, sem fram fór í eignum Þorvalds til tryggingar ætluðum skaðabótum, hafi verið gerð skv. beiðni frá röngum aðilja.

Ekki verður á það fallist, að bótakröfur í málinu séu þannig fram settar, að ekki verði á þær lagður efnislegur dómur. Að vísu voru upphaflegar bótakröfur í bréfi, dags. 10.9. 1980, þeim annmörkum háðar, að gerðar voru kröfur á hendur öllum ákærðu um greiðslu in solidum á heildarfjárhæð ákærunnar, án þess að tillit væri tekið til þess, að þeir eru ekki allir ákærðir fyrir svik yfir tímabilið í heild. Úr þessu var bætt með bréfi, dagsettu 4.11. 1981, á þann hátt, að fullnægjandi verður að teljast.

Þá verður heldur ekki með hliðsjón af því, sem áður var rakið, talinn leika vafi á heimild dómsmálaráðuneytis Bandaríkjanna til að hafa uppi kröfugerð í málinu.

Frávísunarkröfum verjenda er því hafnað.

Svo sem fyrr segir, hafa ákærðu mótmælt solidariskri bótaábyrgð í málinu, enda liggi ljóst fyrir um þátt hvers og eins í atferli því, er málið snýst um, svo og sé ljóst, hvernig ágóði af því skiptist milli ákærðu.

Það verður að telja meginreglu í íslenskum rétti, staðfesta af langri dómvenju, að hafi fleiri menn en einn bakað öðrum tjón með refsiverðum verknaði, beri þeir ábyrgð á greiðslu tjónsins einn fyrir alla og allir fyrir einn. Breytir þar engu, þótt þeir hafi samið um skiptingu hins ólöglega ávinnings sín á milli. Verða mótmæli ákærðu gegn kröfugerð að þessu leyti því ekki tekin til greina.

Svo sem fram hefur komið, er hér gerð krafa um greiðslu í bandarískum dollurum. Þessu hefur verið mótmælt af hálfu ákærðu og á það bent, að þeir hafi fengið greiðslur í íslenskum peningum. Að vísu hafi umræddir greiðslutékkar hljóðað upp á dollara, en tékkarnir hafi verið innleystir í íslenskum banka og greiddir út í íslenskum peningum.

Tjónþoli, varnarliðið á Keflavíkurflugvelli, varð hér fyrir fjárútlátum í bandarískum dollurum vegna svika af hálfu ákærðu. Samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar ber ákærðu að bæta tjónþola allt það tjón, sem hann sannanlega varð fyrir vegna hinnar refsiverðu háttsemi. Ljóst er, að með greiðslu nú í íslenskum krónum miðað við gengi dollara á söludögum umræddra greiðslutékka myndi tjónþoli engan veginn fá tjón sitt bætt að fullu. Verður að telja, að hér skipti það sköpum, að greiðslur þær, er sviknar voru út úr tjónþola, voru inntar af hendi í erlendum gjaldeyri, sem var eðlilegur greiðslueyrir greiðanda. Skiptir hér ekki máli, hvernig ákærðu hagnýttu sér greiðslur. Samkvæmt þessu verða bótagreiðslur ákærðu ákveðnar í bandarískum dollurum.

Af hálfu ákærðu hefur vaxtakröfum bótakrefjanda ekki verið mótmælt út af fyrir sig. Þó hefur verið bent á, að hækkun vaxta í 16% eigi að miðast við 21.11. 1977, en ekki 20.10. 1977, eins og gert er í bótakröfu. Rétt þykir því, að greiðsla vaxta verði ákveðin í samræmi við kröfu bótakrefjanda með ofangreindri breytingu þó fram til 1. júní 1980. Rétt er hins vegar að miða vexti frá þeim degi við vexti af innlendum gjaldeyrisreikningum í bandarískum dollurum samkvæmt reglugerð nr. 519, 1979, eins og þeir hafa verið á hverjum tíma, að viðbættum 6% ársvöxtum til 21. apríl 1982, en að viðbættum 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, sbr. 2. mgr., c-liðar III. kafla í auglýsingum Seðlabanka Íslands um vexti við innlánsstofnanir o.fl., sem útgefnar voru 29. maí 1980, 9. febrúar 1981 og 9. maí 1981, svo og 2. mgr., c-liðar, 2. tl. IV. kafla auglýsinga um sama efni frá 5. apríl 1982 og 29. október 1982, sem allar eru gefnar út skv. heimild í 5. gr. laga nr. 58, 1960, sbr. 1. gr. laga nr. 71, 1965, sbr. og 13. gr. laga nr. 10, 1961.

Samkvæmt framansögðu og í samræmi við áðurgreind úrslit refsiþáttar málsins verða ákærðu taldir skaðabótaskyldir gagnvart dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna sem hér segir:

Ákærðu allir vegna pantana KS 11, KS 20 og KS 25 á 2. samningstímabili, samtals að fjárhæð $ 42.496,07. Skulu þeir greiða þá fjárhæð in solidum með vöxtum sem hér segir: Með 13% ársvöxtum af $ 20.146,40 frá 30.9. 1977 til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 2.2. 1978, af $ 32.583,55 frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16.3. 1978, af $ 42.496,07 frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell vegna pantana 0016 og 0023 á 1. samningstímabili að fjárhæð samtals $ 29.790,76. Skulu þessir ákærðu greiða þá fjárhæð in solidum með vöxtum sem hér segir: Með 13% ársvöxtum af $ 13.423,96 frá 19.4. 1977 til 9.6. 1977, af $ 29.790,76 frá þeim degi til 21.11. 1977, síðan af sömu fjárhæð með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1978, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór vegna pantana 0002, 0003, 0008, 0010, 0011 og 0014 (dags. 2.2 1977) á 1. samningstímabili, samtals að fjárhæð $ 40.535,59. Skulu þessi ákærðu greiða þá fjárhæð in solidum með vöxtum sem hér segir: Með 13% ársvöxtum af $ 244,40 frá 27.9. 1976 til 1.10. 1976, af $ 1.167,40 frá þeim degi til 19.11. 1976, af $ 14.760,75 frá þeim degi til 16.12. 1976, af $ 24.922,95 frá þeim degi til 14.2. 1977, af $ 40.535,59 frá þeim degi til 21.11. 1977, síðan af sömu fjárhæð með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell vegna pöntunar KS 02 á 3. samningstímabili að fjárhæð samtals $ 6.733,74. Skulu þessir ákærðu greiða þá fjárhæð in solidum með 19% ársvöxtum frá 30.8. 1978 til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli og Þorvaldur vegna pantana 0013 og 0020 á 1. samningstímabili, KS 01, KS 16 og KS 30 á 2. samningstímabili, samtals að fjárhæð $ 15.420,02. Skulu þessir ákærðu greiða þá fjárhæð in solidum með vöxtum sem hér segir: Með 13% ársvöxtum af $ 1.652,10 frá 14.2. 1977 til 27.4.

1977, af $ 5.611,10 frá þeim degi til 8.8. 1977, af $ 8.129,02 frá þeim degi til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 5.1. 1978, af $ 11.432,82 frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20.6. 1978, síðan af $ 15.420,02 frá þeim degi til 1.6. 1979,með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærði Gísli einn vegna pöntunar 0026 á 1. samningstímabili, að fjárhæð $ 1.527,50. Svo sem fyrr hefur komið fram, hefur verið fallið frá bótakröfum vegna þriggja síðustu pantananna á 3. samningstímabili. Samkvæmt þessu verður þessi ákærði dæmdur til að greiða ofangreinda fjárhæð, $ 1.527,50, með 13% ársvöxtum frá 28.7. 1977 til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Af öllum ofangreindum fjárhæðum skulu greiddir vextir frá 1.6. 1980, eins og þeir hafa verið á innlendum gjaldeyrisreikningum í bandarískum dollurum á hverjum tíma, að viðbættum 6% ársvöxtum til 21.4. 1982, en að viðbættum 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Að öðru leyti er bótakröfum vegna þessa máls vísað frá dómi.

Engin afstaða verður tekin í máli þessu til löghaldsgerðar, sem fram fór hinn 1.3. 1979 í eignum ákærða Þorvalds Bergmanns Björnssonar til tryggingar væntanlegum skaðabótum.

II. Bótakröfur vegna ákæru, dags. 11.6. 1981.

Tveir aðiljar hafa lagt fram bótakröfur vegna máls þessa. Othar Örn Petersen hrl. hefur með bréfi til dómsins, dagsettu 3. september 1981, gert kröfu á hendur ákærða f.h. Continental Rubber B.V. að fjárhæð H.fl. 30.911,66, „auk vaxta og kostnaðar", eins og segir í bréfi hans. Er hér um að ræða kröfu vegnar ákæruliða 1-2 og 4-8.

Guðmundur Jónsson hdl. hefur f.h. TBA Trading Kolding Aps. í Danmörku gert kröfu á hendur ákærða um greiðslu á dönskum kr. 14.388,00 vegna ákæruliðar 10.

Verða nú teknir fyrir einstakir liðir bótakrafna og afstaða tekin til þeirra:

1. Samkvæmt fylgiskjali með bótakröfu Othars A. Petersen hrl. er gerð krafa á hendur ákærða um greiðslu á H.fl. 4.853,16 vegna sendingar TM 1024 (ákæruliður 1). Ákærði hefur samþykkt greiðslu á H.fl. 837,88 vegna þessarar sendingar.

Bótakrafan mun á því reist, að alls hafi verið ógreidd af umræddri send-

ingu framangreind fjárhæð, H.fl. 4.853,16, þar á meðal af þeim varningi, sem enn var í Tollvörugeymslu, þegar rannsókn málsins hófst, þ.e. 190 hjólbörðum. Hins vegar liggur fyrir, að ákærði hafði greitt til umrædds fyrirtækis verð þeirra hjólbarða, er hann tók út í heimildarleysi, að undanskildum H.fl. 837,88. Í þessu máli verður ekki dæmt um aðrar fjárhæðir en þær, sem rekja má til hins refsiverða atferlis ákærða og hér að framan hefur verið lýst. Samkvæmt því verður hann hér einungis dæmdur til greiðslu á H.fl. 837,88, en kröfunni að öðru leyti vísað frá dómi.

2. Gerð er hér krafa um greiðslu á H.fl. 397,80 vegna sendingar TM 1048 (ákæruliður 2). Ákærði hefur samþykkt kröfu þessa. Þar sem hún er í samræmi við gögn málsins, verður hún tekin til greina.

3. Gerð er hér krafa um greiðslu á H.fl. 9.608,90 vegna sendingar TM 2005 (ákæruliður 4). Ákærði hefur samþykkt greiðslu á H.fl. 4.165,20 vegna þessarar sendingar.

Einungis er hér ákært vegna töku varnings að verðmæti H.fl. 4.165,20, enda mun það, sem umfram er í kröfu bótakrefjanda, vera vegna þess varnings, sem enn var í klefa ákærða í Tollvörugeymslu. Ákærði verður hér því einungis dæmdur til greiðslu á H.fl. 4.165,20, en að öðru leyti er kröfunni vísað frá dómi.

4. Gerð er hér krafa um greiðslu á H.fl. 11.291,80 vegna sendingar TM 3024, (ákæruliður 5). Ákærði samþykkir greiðslu á H.fl. 11.135,35 vegna þessarar sendingar.

Ákært er vegna heimildarlausrar töku varnings að verðmæti H.fl. 11.135,35, og verður ákærði ekki dæmdur til að greiða hærri fjárhæð, enda er það í samræmi við gögn málsins. Er kröfunni að öðru leyti vísað frá.

5. Gerð er krafa um greiðslu á H.fl. 140,00 vegna sendingar TN 116 (ákæruliður 6). Ákærði samþykkir kröfu þessa, og þar sem hún er í samræmi við gögn málsins, verður hún tekin til greina.

6. Gerð er krafa um greiðslu á H.fl. 3.114,00 vegna sendingar TN 746 (ákæruliður 7). Ákærði samþykkir hér greiðslu á H.fl. 3.084,80. Samkvæmt fyrirliggjandi yfirliti frá Múlaútibúi Landsbanka Íslands er ógreitt af sendingu þessari H.fl. 3.084,80, og verður ákærði því dæmdur til greiðslu þeirrar fjárhæðar, en kröfunni að öðru leyti vísað frá.

7. Gerð er krafa um greiðslu á H.fl. 1.506,00 vegna sendingar TN 1452

(ákæruliður 8). Ákærði samþykkir kröfu þessa, og verður hún tekin til greina að fullu.

Samkvæmt framansögðu verður ákærði dæmdur til að greiða Othari Erni Petersen hrl. f.h. Continental Rubber B.V. H.fl. 21.267,03. Lögmaðurinn hefur ekki skýrt eða sundurliðað kröfu um vexti og verður henni því vísað frá dómi.

8. Guðmundur Jónsson hdl. gerir sem fyrr segir kröfu f.h. TBA Trading Kolding Aps. í Danmörku um greiðslu á d.kr. 14.388,00 vegna sendingar TN 2528 (ákæruliður 10). Í þinghaldi hinn 7. október 1981 samþykkti ákærði bótakröfu þessa.

Verjandi ákærða mótmælti hins vegar greiðsluskyldu ákærða í munnlegri vörn sinni, þar sem innflytjandi væri hlutafélag, Nitto-umboðið h.f., og gæti ákærði því ekki borið hér persónulega ábyrgð.

Ákærði hefur hér verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi, sem m.a. beindist gegn seljanda umræddra hjólbarða, og ber hann persónulega ábyrgð á fjárhagslegum afleiðingum þessa verknaðar. Samkvæmt því verður hann dæmdur til að greiða Guðmundi Jónssyni hdl. f.h. TBA Trading Kolding Aps. ofangreinda fjárhæð, d.kr. 14.388,00.

Í skjölum máls þessa er að finna afrit af bréfi tollstjórans í Reykjavík, dagsettu 23. janúar 1981, til Tollvörugeymslunnar h.f., þar sem krafist er greiðslu á gjöldum af vörusendingum þeim, er ákærði hafði tekið heimildarlaust út, samtals að fjárhæð kr. 201.372,00 auk vaxta. Engin krafa hefur borist til dómsins á hendur ákærða vegna þessara gjalda.

E. Sakarkostnaður.

Rétt þykir að dæma ákærðu alla in solidum til greiðslu sakarkostnaðar að því er varðar ákæruna frá 11. janúar 1980. Ákærði Gísli greiði einn sakarkostnað vegna ákærunnar frá 11. júní 1981. Auk þess greiði ákærðu verjendum sínum réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun sem hér segir:

Ákærði Gísli greiði skipuðum verjanda sínum, Sigurði Sigurjónssyni hdl., málsvarnarlaun, kr. 30.000,00.

Ákærði Þorvaldur greiði skipuðum verjanda sínum, Kjartani Reyni Ólafssyni hrl., réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun, kr. 25.000,00.

Ákærði Halldór greiði skipuðum verjanda sínum, sama lögmanni, málsvarnarlaun, kr. 20.000,00.

Ákærði Geir greiði skipuðum verjanda sínum Sigurði Sigurjónssyni hdl., málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Ákærði Hrafnkell greiði skipuðum verjanda sínum, sama lögmanni, málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Nokkur dráttur hefur orðið á meðferð máls þessa af ástæðum, sem nú skal greina:

Mál vegna ákæru dags. 11. janúar 1980 var tilbúið til varnar vorið 1981, og í þinghaldi 9. júní 1981 var ákveðinn frestur til að skila skriflegum vörnum til 15. september s.á. Dómaranum var hins vegar þá um sumarið úthlutað nýtt mál á hendur ákærða Gísla skv. ákærunni dags. 11. júní 1981, og þótti rétt að sameina það hinu fyrra máli. Var það þegar tekið til meðferðar. Í þinghaldi 26. nóvember 1981 var á ný ákveðinn frestur til að skila vörnum í málinu til 28. jan. 1982. Vegna veikinda annars verjandans um alllangan tíma var málinu frestað ótiltekið án bókunar. Dróst að ákveða nýjan frest, m.a. vegna ferðalaga og anna verjenda og einnig vegna starfa dómara að öðrum málum. Dómarinn tilkynnti verjendum síðan með bréfi, dags. 21. september sl. um nýjan frest til varnar til 27. október. Að ósk verjenda voru fluttar munnlegar varnir í málinu, og fór flutningur fram 3. nóvember sl. Málið var síðan tekið fyrir til frekari yfirheyrslu og gagnaöflunar 29. nóvember og 15. desember sl. og var þá endanlega dómtekið.

Dómsorð:

Ákærði Gísli Grétar Sigurjónsson sæti fangelsi í 14 mánuði.

Ákærði Þorvaldur Bergmann Björnsson sæti fangelsi í 14 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald hans 10.-17. desember 1978.

Ákærði Halldór Örn Magnússon sæti fangelsi í 10 mánuði, en til frádráttar refsingunni komi með fullri dagatölu gæsluvarðhald hans 12.-17. desember 1978.

Ákærði Geir Guðmundsson sæti fangelsi í 5 mánuði, en fresta skal fullnustu á 3 mánuðum af refsingunni, og skal sá hluti hennar niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940. Til frádráttar refsingu ákærða komi gæsluvarðhald hans 10.-11. desember 1978.

Ákærði Hrafnkell Óskarsson sæti fangelsi í 6 mánuði, en fresta skal fullnustu á 3 mánuðum af refsingunni, og skal sá hluti hennar niður falla að liðnum 3 árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. alm. hgl. nr. 19, 1940.

Ákærðu greiði dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna (United States Department of Justice) skaðabætur sem hér segir:

Ákærðu allir greiði in solidum bandaríska dollara 42.496,07 með 13% ársvöxtum af $ 20.146,40 frá 30.9. 1977 til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 2.2. 1978, af $ 32.583,55 frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 16.3. 1978, af $ 42.496,07 frá þeim degi til 1.6. 1979,

með 22% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur, Halldór og Hrafnkell greiði in solidum bandaríska dollara 29.790,76 með 13% ársvöxtum af $ 13.423,96 frá 19.4. 1977 til 9.6. 1977, af $ 29.790,76 frá þeim degi til 21.11. 1977, síðan af sömu fjárhæð með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Þorvaldur og Halldór greiði in solidum bandaríska dollara 40.535,59 með 13% ársvöxtum af $ 244,40 frá 27.9. 1976 til 1.10. 1976, af $ 1.167,40 frá þeim degi til 19.11. 1976, af $ 14.760,75 frá þeim degi til 16.12. 1976, af $ 24.922,95 frá þeim degi til 14.2. 1977, af $ 40.535,59 frá þeim degi til 21.11. 1977, síðan af sömu fjárhæð með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli, Geir og Hrafnkell greiði in solidum bandaríska dollara 6.733,74 með 19% ársvöxtum frá 30.8. 1978 til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærðu Gísli og Þorvaldur greiði in solidum bandaríska dollara 15.420,02 með 13% ársvöxtum af $ 1.652,10 frá 14.2. 1977 til 27.4. 1977, af $ 5.611,10 frá þeim degi til 8.8. 1977, af $ 8.129,02 frá þeim degi til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 5.1. 1978, af $ 11.432,82 frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum af sömu fjárhæð frá þeim degi til 20.6. 1978, síðan af $ 15.420,02 frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Ákærði Gísli greiði einn bandaríska dollara 1.527,50 með 13% ársvöxtum frá 28.7. 1977 til 21.11. 1977, með 16% ársvöxtum frá þeim degi til 21.2. 1978, með 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1979, með 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1.9. 1979, með 27% ársvöxtum frá þeim degi til 1.12. 1979, með 31% ársvöxtum frá þeim degi til 1.6. 1980.

Frá 1.6. 1980 skulu vextir greiðast af öllum ofangreindum bótafjárhæðum, eins og þeir hafa verið á innlendum gjaldeyrisreikningum í

bandarískum dollurum á hverjum tíma, að viðbættum 6% ársvöxtum til 21.4. 1982, en að viðbættum 5% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði Gísli greiði og Othari Erni Petersen hrl. f.h. Continental Rubber B.V. hollensk gyllini (H.fl.) 21.267,03 og Guðmundi Jónssyni hdl. f.h. TBA Trading Kolding Aps. danskar krónur 14.388,00.

Ákærðu allir greiði in solidum sakarkostnað vegna ákæru dags. 11. janúar 1980, en ákærði Gísli greiði sakarkostnað vegna ákæru dags. 11. júní 1981. Auk þess greiði ákærðu skipuðum verjendum sínum sem hér segir:

Ákærði Gísli greiði Sigurði Sigurjónssyni hdl. málsvarnarlaun, kr. 30.000,00.

Ákærði Þorvaldur greiði Kjartani Reyni Ólafssyni hrl. réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun, kr. 25.000,00.

Ákærði Halldór greiði sama lögmanni málsvarnarlaun, kr. 20.000,00.

Ákærði Geir greiði Sigurði Sigurjónssyni hdl. málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Ákærði Hrafnkell greiði sama lögmanni málsvarnarlaun, kr. 12.500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 10. júní 1985.

Nr. 131/1985. **Dánarbú Magnúsar Ólafssonar**
gegn
Ólafi Hrólfssyni og
Ragnari Halldóri Hall, skiptaráðanda
í Reykjavík

Kærumál. Kærufrestur. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Skaftason og Magnús Thoroddsen.

Sóknaraðili hefur skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 21. maí 1985, sem barst Hæstarétti 23. s.m. Hann krefst þess, að hin kærða dómsathöfn verði úr gildi felld og lagt fyrir skiptaráðanda að verða við beiðni skiptaráðandans í Hafnarfirði þess efnis, að tilteknir munir, sem tilheyra dánarbúi Magnúsar Ólafssonar, verði teknir úr fórum Ólafs Hrólfssonar, og taki skiptaráðandi ofangreinda muni, er dánarbúið telur sig eiga, úr vörslu Ólafs svo og aðra muni dánarbúsins, er finnast kunna, með eða án venjulegrar aðstoðar lögreglu og færi þá í dánarbúið eða innsigli munina. Sóknaraðili krefst kærumálskostnaðar úr hendi Ólafs Hrólfssonar.

Ragnar Halldór Hall skiptaráðandi hefur sent Hæstarétti athugasemdir sínar, sbr. 27. gr. laga nr. 75/1973.

Af hálfu varnaraðiljans Ólafs Hrólfssonar hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Málsatvik eru þau samkvæmt frásögn umboðsmanns sóknaraðilja, að hinn 28. desember 1983 andaðist Magnús Ólafsson, síðast til heimilis að Öldutúni 14 Hafnarfirði, f. 23. ágúst 1914. Dánarbú hans var tekið til opinberra skipta hjá skiptaráðanda í Hafnarfirði 12. janúar 1984. Erfingjar hans voru dóttir hans, Hulda Rósfríður, og systursonur hans, varnaraðilinn Ólafur Hrólfsson, nú talinn til heimilis að Skipasundi 6 í Reykjavík, bréferfingi samkvæmt erfðaskrá. Með bréfi 29. mars 1984 til skiptaráðandans í Reykjavik óskaði skiptaráðandinn í Hafnarfirði eftir því, að tilteknir munir, sem taldir voru tilheyra dánarbúinu, yrðu teknir úr vörslum varnaraðiljans Ólafs Hrólfssonar. Beiðni þessi var tekin fyrir í skiptarétti Reykjavíkur 6. maí 1985, og var þá m.a. bókað í þingbók:

„Af hálfu dánarbús Magnúsar Ólafssonar sækir þing Sigurður Georgsson hdl. Valgeir Kristinsson hdl. hafði símasamband við dómarann rétt í þann mund er erindi þetta skyldi tekið fyrir og tilkynnti að umbjóðandi hans, Ólafur Hrólfsson, væri utanbæjar. Kvað lögmaðurinn umbjóðanda sinn ekkert hafa á móti því, að skiptaráðandi skrifaði upp þá muni, sem erindi þetta varðar, en því væri algerlega mótmælt að umræddir munir yrðu teknir úr vörslum hans. Teldi Ólafur Hrólfsson sig eiga alla þá muni, sem dánarbúið væri að gera hér tilkall til.

Skiptaráðandi tekur fram, að samkvæmt 35. gr. skiptalaga nr.

3/1878 er skiptaréttur ekki bær að úrskurða um kröfur dánarbús á hendur öðrum, hvort heldur um er að ræða fjárkröfur eða kröfur um annað, þ.m.t. kröfur um afhendingu muna. Fyrir liggur, að þeir munir, sem beiðnin á dskj. 1 tekur til, eru í vörslum aðilja, sem ekki fellst á að láta þá af hendi. Verður ekki fjallað um afhendingarskyldu hans eða eignarhald að umræddum munum í skiptarétti.

Samkvæmt framangreindu er meðferð erindisins á dskj. nr. 1 lokið hér fyrir réttinum."

Þessi ákvörðun skiptaráðandans er dómsathöfn sú, sem kærð er til Hæstaréttar.

Af framangreindri bókun í þingbók kemur fram, að Sigurður Georgsson héraðsdómslögmaður sótti þing sem umboðsmaður sóknaraðilja, þegar hin kærða ákvörðun var tekin 6. maí 1985. Dómsathöfninni var ekki skotið til Hæstaréttar fyrr en með kæru 21. maí, eins og að framan segir, en þá var liðinn frestur sá, sem greinir í 22. gr. laga nr. 75/1973. Ber því að vísa máli þessu sjálfkrafa frá Hæstarétti. Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Þriðjudaginn 11. júní 1985.

Nr. 93/1983. **Bæjarsjóður Akureyrar og Hjalti Jósepsson**
(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)
gegn
sveitarstjórn Hrafnagilshrepps f.h. hreppsins
(Jón Finnsson hrl.)

Jarðalög. Ógilding kaupsamnings. Ómerkingar- og frávísunarkröfu hrundið. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. apríl 1983. Eru dómkröfur þeirra aðallega þær, að hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í héraði verði ómerkt og málinu vísað frá héraðsdómi. Til vara er þess krafist, að áfrýjendur verði sýknaðir af kröfum stefnda. Hvort sem málið sætir ómerkingu og frávísun samkvæmt aðalkröfu eða áfrýjendur verða sýknaðir samkvæmt varakröfu, er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Eftir uppsögu héraðsdóms voru teknar skýrslur af fimm vitnum, sem öll höfðu átt sæti í jarðanefnd Eyjafjarðarsýslu.

I.

Ómerkingar- og frávísunarkröfu sína reisa áfrýjendur einkum á því, að gagnaöflun í málinu sé mjög áfátt, að stefndi hafi andstætt 105. gr. laga nr. 85/1936 lagt fram í héraði mótmæli og athugasemdir, er geymi skriflegan málflutning, og að héraðsdómari hafi látið hjá líða að fjalla um það ex officio, hvort mál væri höfðað innan tilskilins frests samkvæmt 18. gr. jarðalaga nr. 65/1976.

Stefndi hefur mótmælt ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjenda.

Ákvæði 18. gr. jarðalaga nr. 65/1976 verða eigi skýrð svo, að þau leggi skyldu á dómstóla til að gæta þess án kröfu, hvort mál sé höfðað innan þess frests, er þar greinir. Fallast ber á það með áfrýjendum, að gagnaöflun í héraði hafi eigi verið svo ræki leg sem skyldi og að með framlagningu umræddra „mótmæla og athugasemda" í héraðsdómi hafi stefndi brotið gegn 105. gr. laga nr. 85/1936, en hins vegar er þess að gæta, að um vanrækslu á gagnaöflun er einnig við áfrýjendur sjálfa að sakast. Þykja þessi gallar á málsmeðferð eigi vera svo verulegir, að efni séu til að taka ómerkingar- og frávísunarkröfu áfrýjenda til greina.

II.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að áfrýjendur hafi í héraði eigi haft uppi þá málsástæðu, að málið væri of seint höfðað. Vitnar stefndi þar til ummæla í héraðsdómi á þá leið, að mótmæli á þeim grundvelli hafi eigi komið fram, og bókana undir rekstri vitnamáls, sem höfðað var til öflunar frekari gagna eftir uppsögu héraðsdóms. Við lok dómþings, sem háð var 27. október 1983, var bókað eftir lögmanni stefnda: „Við munnlegan málflutning fyrir héraðsdómi kvaðst lögmaður varnaraðila ekki líta svo á að málið væri of seint höfðað. Ég tel að þarna sé um bindandi yfirlýsinu að ræða f.h. umbjóðanda varnaraðila."

Í tilefni ofangreindrar bókunar bókaði héraðsdómari: „Lögmaður Akureyrarbæjar mótmælir ekki framangreindri bókun, en vísar til greinargerðar á dómskj. nr. 6, bls. 3."

Málsgrein sú, sem þarnar mun vísað til, er svohljóðandi:

„Þetta getur varla talist nýlunda fyrir nefndina, þar sem áður var búið að þinglýsa fjölda sams konar samninga og m.a. í þeim hreppi, sem einn nefndarmanna er oddviti í, Öngulstaðahreppi, svo að vitneskja hefur verið fyrir hendi í nefndinni um þessa samninga og nefndin eða einstakir nefndarmenn „ex officio" getað gert kröfur um, að þeir samningar yrðu lagðir fyrir nefndina, en það, að slíkt var ekki gert, sýnir aðeins að litið hefur verið á öflun heitavatnsréttinda Akureyrarbæjar sem leigu, þar til Hrafnagilshreppur „pantaði" bréf þetta."

Afrýjendur hafa hér fyrir dómi mótmælt því, að þeir hafi í héraði fallið frá þeirri málsástæðu, að málið væri of seint höfðað.

III.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að með samningi áfrýjenda frá 22. febrúar 1980 hafi réttur til að virkja og nýta jarðhita, sem fengist með borunum í landi jarðarinnar Hrafnagils, verið seldur Akureyrarkaupstað. Bar að afla samþykkis sveitarstjórnar Hrafnagilshrepps og jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu til sölunnar skv. 1. mgr. 6. gr. jarðalaga nr. 65/1976, enda tekur undanþáguákvæði 5. tl. 4. mgr. 6. gr. ekki til slíkrar ráðstöfunar. Samþykkis sveitarstjórnarinnar og jarðanefndarinnar var ekki aflað.

Samkvæmt 9. gr. jarðalaga er þinglýsing samnings sem þessa óheimil nema fyrir liggi samþykki viðkomandi sveitarstjórnar og jarðanefndar. Er ljóst, að ákvæði þetta er m.a. sett til að tryggja, að ráðstafanir sem þessi komist til vitundar þessara aðilja. Þetta brást, því að samningnum var þinglýst 27. febrúar 1980, án þess að fyrir lægi samþykki sveitarstjórnar Hrafnagilshrepps og jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu. Það er ósannað, að þessi aðiljar hafi vitað svo snemma, að hitaréttindum jarðarinnar var með samningum ráðstafað andstætt fyrirmælum jarðalaga, að málshöfðunarfrestur samkvæmt 18. gr. laganna hafi verið liðinn, er málið var höfðað. Verður ekki heldur talið, að stefndi hafi með öðrum hætti firrt sig rétti til að höfða mál þetta.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum verða áfrýjendur dæmdir til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, 40.000,00 krónur.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Akureyrarkaupstaður og Hjalti Jósepsson, greiði in solidum stefnda, sveitarstjórn Hrafnagilshrepps f.h. hreppsins, 40.000,00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Sératkvæði
Magnúsar Þ. Torfasonar hæstaréttardómara og
Gauks Jörundssonar prófessors.

Við erum sammála I. og II. kafla atkvæðis meiri hluta dómenda.

Í greinargerð í héraði hreyfðu áfrýjendur því, að jarðanefndarmenn hefðu vitað um samninga áfrýjenda um jarðhitaréttindi og þeim því verið í lófa lagið að krefjast þess, að þeir yrðu lagðir fyrir jarðanefnd, ef þeir hefðu talið ástæðu til. Samkvæmt því og með hliðsjón af 113. gr. laga nr. 85/1936 þykir eiga að fjalla um þá málsástæðu, að stefndi hafi glatað rétti vegna tómlætis.

Hér fyrir dómi var því lýst, án þess að andmælum sætti, að Akureyrarbær hefði hafist handa um borun eftir heitu vatni um það leyti sem samningur sá, sem í málinu greinir, var undirritaður, eða þegar í febrúarmánuði 1980. Með hliðsjón af þeim kostnaðarsömu framkvæmdum, sem hér var um að tefla, varð að ætlast til þess af stefnda, að hann gerði án tafar ráðstafanir til að kynna sér samning áfrýjenda og fá hann ógiltan með dómi, ef hann taldi rétt á sér brotinn með honum, en fyrirsvarsmönnum stefnda hlaut að hafa verið ljóst, að samningar lægju fyrir. Stefndi lét það hins vegar undir höfuð leggjast, þar til komið var fram undir mánaðamót júlí og ágúst 1981. Þykir stefndi, eins og hér stendur sérstaklega á, hafa sýnt slíkt tómlæti, að hann hafi fyrirgert rétti til að hafa uppi ógildingarkröfu þá, sem hann hefur gert í máli þessu.

Samkvæmt framansögðu teljum við, að sýkna beri áfrýjendur af kröfum stefna í máli þessu, en rétt sé, að málskostnaður í héraði og fyrir hæstarétti falli niður.

Dómur aukadómþings Eyjafjarðarsýslu 6. apríl 1983.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. f.m., var höfðað með stefnu, útgefinni 16. október 1981, birtri 20. og 22. október sama ár, á hendur bæjarsjóði Akureyrar og Hjalta Jósepssyni, eiganda Hrafnagils í Hrafnagilshreppi. Málið var þingfest 30. október 1981.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að ógiltur verði samningur á milli stefndu frá 22. febrúar 1980 um borunar-, virkjunar- og nýtingarrétt jarðhita í landi jarðarinnar Hrafnagils og til viðurkenningar á því, að stefnandi fái fyrir hönd hreppsins þau umráð og not fasteignarinnar, sem samningurinn tekur til, og með sömu skilmálum og í honum greinir, allt í samræmi við 18. gr. jarðalaga nr. 65 frá 1976.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu in solidum að skaðlausu eða eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast sýknu af kröfum stefnanda og að þeim verði dæmdur hæfilegur málskostnaður.

Með yfirlýsingu, dags. 22. f.m., á dómskjali nr. 17 lýstu lögmenn aðilja yfir því, að samkomulag væri um að skipta sakarefninu samkvæmt heimild í 4. mgr. 71. gr. laga nr. 85/1936, þannig að krafan um ógildingu samningsins frá 22. febrúar 1980 um borunar-, virkjunar- og nýtingarrétt jarðhita í landi jarðarinnar Hrafnagils verði sótt og varin sérstaklega með áskildum rétti til að ræða síðar kröfuna um, að hreppurinn fái þau umráð og not fasteignarinnar, sem samningurinn tekur til, og með sömu skilmálum og í honum greinir, allt í samræmi við 18. gr. laga nr. 65/1976. Samkvæmt beiðni féllst dómari á framangreinda málsmeðferð, og verður því í dómi þessum eingöngu fjallað um kröfuna um ógildingu á samningi milli stefndu frá 22. febrúar 1980.

Sátt hefur verið reynd í málinu, en án árangurs.

Málavextir eru þeir að þann 22. febrúar 1980 gerðu stefndu með sér samning um einkarétt til handa Akureyrarbæ til jarðborana eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Hrafnagils í Hrafnagilshreppi og til að virkja og nýta þann jarðhita, sem fæst með borunum. Fyrstu 5 greinar samningsins eru svohljóðandi:

„1. gr.

Akureyrarbær fær einkarétt til jarðborana eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Hrafnagils í Hrafnagilshreppi, og til að virkja og nýta þann jarðhita, sem fæst með borunum.

Akureyrarbæ er heimilt að bora í landi jarðarinnar, þar sem sérfræðingar Orkustofnunar álíta vænlegt, en haga ber framkvæmdum þannig, að sem minnstri röskun og spjöllum valdi.

Um hverjar þær framkvæmdir, sem Hitaveita Akureyrar gengst fyrir í landi jarðarinnar og valda kunna spjöllum eða raski af einhverju tagi á landi, eignum eða gæðum, skal hafa samráð við jarðeiganda og taka tillit til óska hans, svo haga megi verkum á sem hagkvæmastan hátt fyrir báða aðila.

2. gr.

Akureyrarbæ eru heimil nauðsynleg afnot af landi jarðarinnar til borunar eftir heitu vatni og virkjunar jarðhitans.

Heimilt er að leggja þær hitavatnsleiðslur um land jarðarinnar, sem nauðsynlegar eru til nýtingar jarðhitans, gera nauðsynlega umferðaleið meðfram leiðslum og að vinnusvæðum, gera borplön, reisa dælustöð, loftskilju, reisa dæluhús yfir borholur og annað er nauðsynlegt reynist, vegna virkjunar og nýtingar jarðhitans. Jafnframt er Akureyrarbæ heimil sú um-

ferð um land jarðarinnar, sem nauðsynleg er vegna borana, lagningar leiðslna, byggingar dælustöðvar, loftskilju, dæluhúsa og viðhalds og starfrækslu á mannvirkjum vegna virkjunar jarðhitans.

3. gr.

Vatnsmagn það sem uppi er á jörðinni í dag í heitri laug, sem nefnist Botnslaug (Syðri Hrafnagilslaug), um 4/5 sekúndulítri af 55°C heitu vatni, eða vatnsmagn að jafngildi ¼ sekúndulítri af 90°C heitu vatni, miðað við nýtingu vatnshita niður í 40°C, skal áfram vera óskert eign jarðarinnar og er eigendum hennar frjálst að ráðstafa vatni þessu að öllu leyti án íhlutunar Hitaveitu Akureyrar.

Verði röskun á sjálfrennsli heits vatns úr Botnslaug, sem í dag er nýtt til upphitunar tveggja íbúðarhúsa á jörðinni, meðan á borunar- og virkjunarframkvæmdum Hitaveitu Akureyrar stendur og beint verður rakið til framkvæmda hitaveitunnar á jörðinni, þá skal Akureyrarbær bæta jarðeiganda það tjón, sem hann kann að verða fyrir vegna hugsanlegra erfiðleika og kostnaðar við upphitun íbúðarhúsanna á jörðinni.

4.gr.

Endurgjald fyrir borunar-, virkjunar- og nýtingarrétt jarðhitans skal vera sem hér segir:

a) Við undirskrift samnings greiðir Akureyrarbær jarðeiganda í eitt skipti fyrir öll *kr. 12.000,00.-* (sic)

b) Fáist það vatnsmagn við boranir á jörðinni, að Akureyrarbær virki vatnið og nýti fyrir hitaveituna og á meðan nægjanlegt vatnsmagn fæst á jörðinni, þá fær jörðin Hrafnagil vatn til eigin nota án endurgjalds, allt að jafngildi ⅓ sekúndulítra af 90°C heitu vatni, miðað við nýtingu vatnshita niður í 40°C, til viðbótar því vatnsmagni, sem er eign jarðarinnar og getur í 3. gr. samnings þessa.

Eiganda jarðarinnar er frjálst að ráðstafa vatni þessu að öllu leyti, án íhlutunar Hitaveitu Akureyrar, nema til endursölu.

Þegar Akureyrarbær hefur virkjað það vatnsmagn, sem hann kann að hafa fengið við boranir á jörðinni, og tekur að nýta það fyrir Hitaveitu Akureyrar, þá yfirtekur hitaveitan heimæð að núverandi tveimur íbúðarhúsum á jörðinni og leggur nýja heimæð að þeim frá borholu eða virkjunarstað, þegar nauðsynlegt reynist án þess að hitaveitan krefjist heimæðargjalds, og sér um heitt vatn að íbúðarhúsunum á meðan Hitaveita Akureyrar hefur yfir heitu vatni að ráða á jarðhitasvæðinu.

Heimæðin að íbúðarhúsunum á jörðinni telst frá þessum tíma í eigu og umsjá Hitaveitu Akureyrar. En að öðru leyti skal jarðeigandi og notendur heita vatnsins hlíta ákvæðum reglugerðar fyrir Hitaveitu Akureyrar, sem

í gildi er á hverjum tíma, að svo miklu leyti sem hún brýtur ekki á bága við samning þennan.

c) Fáist það vatnsmagn við boranir á jörðinni, að Akureyrarbær virki vatnið og nýti fyrir Hitaveituna, skal Akureyrarbær auk þess sem að ofan greinir, greiða jarðeiganda í eitt skipti fyrir öll kr. 2.883.935.- fyrir jafngildi hverra 10 sekúndulítra af 90°C heitu vatni, miðað við nýtingu vatnshita niður í 40°C, upp að 100 sekúndulítrum, sem virkjaðir eru og hitaveitan nýtir. Lágmarksgreiðsla er kr. 2.883.935.- ef vatn er virkjað og hitaveitan nýtir það, og hámarksgreiðsla er kr. 28.839.350.-, enda þótt virkjað og nýtt vatnsmagn fari fram úr 100 sekúndulítrum. Greiðslur þessar breytast með verðlagi orkugjalds á heitu vatni til notenda hitaveitunnar, samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir Hitaveitu Akureyrar, frá undirskriftardegi samningsins til þess tíma að virkjun hefst. Orkugjald til notenda hitaveitunnar 15. febrúar 1980 er kr. 9.517,- fyrir hvern mínútulítra vatns á mánuði, samkvæmt magnhemli, eða kr. 476.- fyrir hvern m^3 vatns, samkvæmt vatnsmæli.

Aðilar eru sammála um, að greiðslur samkvæmt ofansögðu fyrir virkjað vatnsmagn, sem hitaveitan nýtir, skuli miðaðar við sanngjarnt mat á vatnsmagni.

Skal vatnsmagn hverrar borholu miðað við meðalnýtingu (dælingu) 2 ára og vinnslu úr fleiri borholum á svæði, sem sérfræðingar Orkustofnunar telja að leggja beri til grundvallar, með tillliti til þess, að vatnskerfi borhola kunni að vera meira eða minna samtengd, og hvað ætla megi að borholur á svæðinu kunni að gefa á lengri tíma, miðað við stöðuga vatnsvinnslu og eðlilegan niðurdrátt í borholum.

Lágmarksgreiðsla skal innt af hendi innan eins árs frá virkjun og nýtingu fyrstu borholu á jörðinni, en greiðsla fyrir hverja 10 sekúndulítra vatnsmagns samkvæmt ofansögðu, þegar þau skilyrði eru fyrir hendi, sem sett eru fyrir þeirri greiðslu hér að framan.

Enda hafi vatnsmagn, samkvæmt skilgreiningu að ofan náð 20 sekúndulítrum, þegar önnur greiðsla fer fram, 30 sekúndulítrum, þegar þriðja greiðsla fer fram o.s.frv.

5.gr.

Jarðeigandi afsalar Akureyrarbæ fullum afnotum af landi undir hitavatnsleiðslur, umferðarleið meðfram leiðslum, undir dælustöð, loftskilju og dæluhús yfir borholur og annað er nauðsynlegt reynist, vegna virkjunar og nýtingar jarðhitans, í samræmi við ákvæði 31. gr. orkulaga nr. 58 29. apríl 1967, gegn því að Akureyrarbær greiði bætur samkvæmt mati.

Aðilar eru sammála um, að þar sé um fullnaðargreiðslu að ræða fyrir

afnotarétt af landinu til frambúðar, vegna hitaveitumannvirkja, sem felur í sér skerðingu á eignar- og notagildi þess fyrir jarðeiganda.

Ennfremur skal Akureyrarbær greiða bætur fyrir önnur landsspjöll og tjón í eða á landi jarðarinnar, sem hljótast kann af umferð, framkvæmdum vegna borana, lagningu hitavatnsleiðslna, byggingu dælustöðvar, loftskilju, dæluhúsa og viðhaldi og starfrækslu mannvirkja.

Við mat á bótum skal tekið til viðmiðunar það, sem tíðkast annars staðar við hliðstæðar framkvæmdir.

Miðað skal við, að bætt sé það land, sú aðstaða og þau jarðargæði, sem rýrna að gildi við framkvæmdir Hitaveitu Akureyrar.

Verði ekki samkomulag um ofangreindar bætur, eða annað tjón og þá eignarýrnun, sem verða kann, þá eru aðilar sammála um að sætta sig við mat tveggja dómkvaddra óvilhallra manna."

Á fundi sínum 11. ágúst 1981 veitti jarðanefnd Eyjafjarðarsýslu samþykki sitt til málshöfðunar þessarar, og með bréfi, dags. 22. september 1981, samþykkti landbúnaðarráðuneytið, að mál þetta yrði höfðað.

Stefnandi byggir kröfu sína á því, að í framangreindum samningi felist ráðstöfun verðmætra hitavatnsréttinda og hagnýting á fasteigninni í sambandi við not þeirra, og telur stefnandi, að hér sé um að ræða fasteignarréttindi, sem falli undir 3. gr. jarðalaga nr. 65/1976, og hafi stefndu því borið samkvæmt 1. mgr. 6. gr. jarðalaga að afla samþykkis sveitarstjórnar Hrafnagilshrepps og jarðanefndar Eyjafjarðarsýslu fyrir sölunni. Slíkt hafi ekki verið gert og salan látin fram fara án vitundar þeirra. Telur stefnandi, að af þessu leiði að samningurinn hafi ekki gildi milli stefndu samkvæmt 18. gr. jarðalaga.

Stefndu mótmæla framangreindum skilningi stefnanda og byggja sýknukröfu sína á 5. tl. 4. mgr. 6. gr. jarðalaga, en þar segir, að ekki þurfi að tilkynna sveitarstjórn eða jarðanefnd og afla samþykkis þeirra, ef leigð eru vatnsréttindi. Telja stefndu, að í framangreindum samningi hafi verið um slíka leigu eða afnotarétt á vatnsréttindum að ræða.

Niðurstaða dómsins.

Telja verður, að þau atriði, sem um er samið í samningi á milli stefndu frá 22. febrúar 1980, falli undir gildissvið jarðalaga nr. 65/1976.

Þegar samningurinn er virtur í heild og ekki síst með hliðsjón af því, að hann er ótímabundinn, í honum eru engin uppsagnarákvæði og hvernig greiðslum fyrir réttindi samkvæmt honum er háttað, verður að telja, að þar sé um varanlega ráðstöfun á rétti til jarðborunar eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Hrafnagils í Hrafnagilshreppi að ræða og heimild til að virkja og nýta þann jarðhita, sem fæst með borunum.

Með hliðsjón af framansögðu bar stefndu samkvæmt 6. gr. jarðalaga

nr. 65/1976 að afla samþykkis sveitarstjórnar og jarðanefndar til þeirrar ráðstöfunar, sem samningurinn tekur til. Þótt um leigu- eða afnotasamning væri að ræða, væri niðurstaðan sú sama, þar sem undantekningarákvæði í 4. mgr. 6. gr. jarðalaga eiga ekki við um samninginn.

Í 18. gr. jarðalaga er sveitarstjórn veitt heimild með samþykki jarðanefndar og ráðherra til að höfða mál til ógildingar á ráðstöfun, sem gerð er andstætt fyrirmælum jarðalaga. Í 18. gr. segir, að málsókn skuli hefjast innan 3 mánaða, frá því að jarðanefnd barst vitneskja um ráðstöfunina. Í máli þessu liggur ekki fyrir, hvenær jarðanefnd fékk vitneskju um samninginn. Af hálfu stefndu hefur því ekki verið haldið fram, að málið sé of seint höfðað, og þykir því verða að miða við það, að málið sé höfðað innan tilskyldra tímamarka.

Með hliðsjón af framansögðu er fallist á kröfu sóknaraðilja um að ógilda samning á milli eiganda jarðarinnar Hrafnagils í Hrafnagilshreppi og bæjarstjórans á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar frá 22. febrúar 1980 um einkarétt Akureyrarbæjar til jarðborunar eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Hrafnagils í Hrafnagilshreppi og til að virkja og nýta þann jarðhita, sem fæst með borunum.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 25.000,00.

Með úrskurði, uppkveðnum 1. nóvember 1982, vék Ásgeir Pétur Ásgeirsson, aðalfulltrúi sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, sæti í máli þessu, og með úrskurði, uppkveðnum 1. desember 1982, vék Elías I. Elíasson sýslumaður sæti í máli þessu. Með bréfi, dags. 12. janúar 1983, var Þorsteinn A. Jónsson, deildarstjóri í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, skipaður setudómari í máli þessu. Hefur hann farið með málið frá þeim tíma og kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Samningur stefndu, eiganda jarðarinnar Hrafnagils í Hrafnagilshreppi, Hjalta Jósepssonar, og bæjarstjórans á Akureyri f.h. bæjarsjóðs Akureyrar frá 22. febrúar 1980 um einkarétt Akureyrarbæjar til jarðborunar eftir heitu vatni í landi jarðarinnar Hrafnagils í Hrafnagilshreppi og til að virkja og nýta þann jarðhita, sem fæst með borunum, er ógildur.

Stefndu greiði in solidum stefnanda kr. 25.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.